Þingsályktunartillögur.

A.
Afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

1. Leiga á strandferðaskipi.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 26. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um leigu á skipi til strandferða (A. 60).

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 27. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það hafa verið ákveðnar tvær umr. um till. þessa hjer í hv. deild, svo jeg geri ráð fyrir, að hún verði það vel og rækilega athuguð, að jeg þurfi ekki að leggja sjerstaklega mikið í framsögu mína nú að þessu sinni. Reyndar tel jeg ekki, að hjer sje um neitt stórmæli að ræða, ekki öllu meira en að leggja litla bót á gamalt fat og götótt.

Með till. þessari er stefnt að því að fá nokkru haganlegri og örari strandferðir þegar á næsta hausti en ella er kostur á. Um mikilvæga tilraun er ekki að ræða, en aðeins litla bót á strjálum og óhagstæðum strandferðum undanfarandi ára. Sjálf er ályktunin í heimildarformi og stjórninni eftir því leyfilegt, en ekki skylt, að taka skip á leigu, en jeg vil jafnframt taka það fram fyrir hönd samgöngumálanefndar, að hún ætlast til, að ríkisstjórnin noti heimildina svo fljótt sem kostur er.

Það er öllum kunnugt, að undanfarið, og yfirleitt alt frá því fyrir stríð, hafa strandferðir verið strjálar og slitróttar, sjerstaklega þó á stríðsárunum, enda tók þá fyrir siglingar til landsins um stund. Að vísu hefir verið úr þessu bætt núna síðustu árin, en þó er framförin það smá, að ekki verður hægt að bera saman strandferðir síðari ára við þær, sem landsmenn áttu við að búa

fyrir stríð eða á tímabilinu frá 1905—1912. Á þeim árum voru aldrei færri en tvö skip í strandferðum og stundum jafnvel þrjú, auk millilandaskipa þeirra, sem „Sameinaða fjelagið“ og „Thorefjelagið“ höfðu þá í millilandaferðum, og áttu leið um flestar nýtilegar hafnir í landinu. Á þessum árum, frá 1905—1912, voru á ferðaáætlun strandferðaskipanna um 70—75 hafnir, sem komið var á í hverri ferð á sumrin á 14 daga fresti, en vetrarferðir fjellu niður, alveg eins og nú á sjer stað. Þessa tilhögun mátti því aðeins hafa, að strandferðaskipin voru tvö og hvort fór hálfhring um landið með ströndum fram.

Á stríðsárunum lögðust strandferðir að mestu niður, og var þá reynt á afmörkuðum svæðum að notast við lítilfjörlega flóabáta, sem bæði reyndust dýrir og óvissir í ferðum og komu því að litlu liði. Fór þessu svo fram til 1917, að „Sterling“ var keypt og hóf strandferðir að nýju. En ferðir þær reyndust ófullnægjandi, enda var skipið látið fara milli landa ýmist, og þótti þar að auki óhentugt til strandferða.

Með komu „Esju“ hingað 1923 er því fyrst veruleg bót ráðin á samgönguleysi með ströndum fram, og að nokkru líkt eftir strandferðum þeim, er tíðkast höfðu fyrir stríð. En þó að „Esja“ sje að mörgu leyti hentugt skip til slíkra ferða, þá hefir reyndin orðið sú, að strandferðir eru nú mun lakari en fyrir stríð, enda ofætlun einu skipi að annast allar strandferðir, vegna póstflutninga, farþega og farms. Viðkomuhafnir hafa undanfarið verið á „Esju“-áætlun um 50, á móts við 70—75, sem voru á áætlun gömlu strandferðabátanna. Auk þess eru nú í hverri ferð feldar niður ýmsar smáhafnir, svo að viðkomur í hringferð verða oftast á 17—25 höfnum, og ofan í kaupið strjálli ferðir.

Það er því óneitanlegt, að á þessu sviði hefir hjer í landi verið afturför, en ekki framför, síðari árin. Strandferðir og samgöngur milli afskektra hjeraða hafa rjenað, og hefir þetta komið harðast niður á þeim, sem erfiðast eiga um aðrar samgöngur og afskektastir búa.

Fyrir samgmn. hefir nú legið álit milliþinganefndar þeirrar, er skipuð var eftir þál. 13. maí s. l., og má af greinargerð till. sjá, hvernig milliþinganefndin hyggur tiltækilegast að bæta strandferðir. Samgmn. viðurkennir að vísu, að mjög æskilegt væri að geta haft tvö skip til strandferða, og þá helst annað að stærð og útbúnaði líkt og önnur till. milliþingan. ræðir um, þ. e. a. s. lítið vöruflutningaskip með nokkru farþegarúmi, sem farið gæti á hinar vangæfari og tafsamari hafnir, jafnframt og það annaðist vöruflutninga og umhleðsluvarning. En samgmn. hefir þó ekki að svo stöddu sjeð sjer fært að flytja tillögu um kaup á slíku skipi nú þegar, en horfið að því að flytja 5. till. milliþingan., um leigu á 500 smálesta skipi til strandferða á næsta hausti. Ef það verður framkvæmt, er með því stigið fyrsta hænufetið og komið nokkru nær takmarkinu en ella, og nokkur von til, að aðalpóstskipið, „Esja“, geti þá jafnframt hraðað meir flutningi pósts og farþega.

Það má vera, að einhverjum virðist of mikið í sölur lagt fyrir þessar auknu strandferðir, ef kostnaður við leiguskipið verður svo sem milliþingan. ætlar, 45 þús. kr. En reyndar er sú upp-

hæð smáræði eitt, þegar þess er gætt, að um það $^{9}/_{10}$. allra landsmanna komast í nánara samband hver við annan og hafa meiri eða minni, bein eða óbein not af ferðunum, enda hverfur slík upphæð fljótt, ef hana á að nota í vegabætur og samgöngur á landi. Landshættir allir og bygðir með ströndum fram einskorða gersamlega hjá oss samgöngur og samgöngutæki á sjónum um langan tíma, og jeg hygg, að vort strjálbygða land eigi meira undir góðum strandferðum en alment er álitið.

Mjer kemur í þessu sambandi í hug gömul sögn frá 1874 um samtal milli þáverandi landlæknis, Hjaltalíns, og eins af ensku gestunum, sem hingað kom. Hún getur verið tilbúningur, en hún er þá skuggsjármynd af hugmyndum höfundarins. Hjaltalín spurði Englendinginn, sem var stjórnmálamaður, að því, hvað hann áliti að við ættum fyrst og fremst að leggja fje til, þegar fjárstjórn og lagasetning væri fengin til handa þjóðinni með stjórnarskránni nýju. Englendingurinn svaraði: Að efla samgöngur og leggja vegi. Hjaltalín spurði þá, hvað hann teldi vera annað atriðið í röð framkvæmdanna. Englendingurinn svaraði aftur: Að efla samgöngur og vegagerð. Þá vildi Hjaltalín vita, hvað Englendingurinn teldi þriðja framkvæmdaratriðið, og Englendingurinn svaraði enn sem fyr: Að efla samgöngur og vegagerð.

Jeg held, að í þessari sögu felist skýr og rjettur skilningur á þörfum og högum þjóðar vorrar. Jeg held, að þeir, sem sárast kvarta um burtstreymi fólksins úr sveitunum, gæti þess ekki ætíð, að einangrun hjá þeim, sem utan við samgöngur eru eða lítil not hafa samgangna, knýr fólkið fremur flestu eða jafnvel öllu öðru til að leita á brott. Um þetta gæti jeg bent á mörg áþreifanleg dæmi, ef tími væri til.

Það er alls ekki óbjörgulegra eða miður arðvænlegt að stunda sjó eða landbúnað í sumum afskektu sjávarsveitunum eystra heldur en t. d. á Norðfirði eða Seyðisfirði, og hvorki liggja þessir fjölmennari staðir betur við fiskimiðum nje hafa meiri landkosti að bjóða en hinir, en þeir njóta betur samgangna og öðlast við það óviðjafnanleg aðstöðuþægindi.

Eitthvert álitlegasta hjerað austanlands virðist mjer vera Hornafjörður, hvort heldur sem litið er til landkosta eða sjávargagns, en þar dvelja aðeins fáar sálir, álíka margir í allri sýslunni, frá Lónsheiði að Skeiðarársandi, eins og í Nesþorpinu einu á Norðfirði. Hvað mundi því valda annað en samgönguleysið, einangrunin? Líkt er þessu farið um marga aðra staði, og þetta hefir aldrei eins ljóslega sýnt sig og á síðustu 12 árum, sem strandferðir hafa verið lakastar, að fólkið dregur sig saman á þá staði, sem greiðastar eru samgöngurnar, og varpar þannig af sjer fásinni einangrunarinnar. Það er ekkert vafamál fyrir mjer, að eitt þarfasta verkið, sem vjer getum unnið nú, er að tengja sem traustast saman með tíðum strandferðum allar sveitir landsins, sem strandferðir geta náð til, og koma á tíðum póstgöngum upp um sveitir, frá höfnum, sem uppland hafa að baki.

Jeg veit, að margir þeirra manna, sem í fjölmenni búa og við sæmilegar samgöngur, gera sjer eigi fyllilega ljósa þörf þeirra í þessu efni, sem við einangr-

unina búa. Það á við hjer, sem svo oft ella, gamla máltækið: sá veit gerst, sem reynir.

Með þessari tillögu er engin framtíðarskipun gerð um strandferðir, aðeins lítil aukning þeirra á þessu ári. En ef hún verður framkvæmd, fæst gagnleg reynsla um það, hvernig slíkar ferðir bera sig og að hve miklu gagni þær koma, einnig um fyrirkomulag þeirra.

Mjer þykir rjett að geta þess að lokum, að sá maður, sem hefir best skilyrði til að meta þessa hluti, Nielsen framkvæmdarstjóri, álítur, og hefir leyft að hafa eftir sjer, að hann teldi nauðsyn að því að fá, að lokinni þessari tilraun, nýtt skip, hæfilega stórt, með „Esju", til að halda uppi ferðum milli tafsamari og vangæfari hafna, skip, sem fremur annaðist vöruflutning en farþega. Fyrir mjer vakir það, að næsta skrefið eigi að vera að útvega slíkt skip.

Eins og jeg sagði áðan, þá er þetta fyrsta hænufetið, að leigja skip til haustferðanna næsta haust. Stærra fótmál er eftir, og það á eftir minni skoðun að stíga næsta ár, sem sje: að útvega nýtt og hentugt skip til fastra ferða með „Esju".

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er samþykkur till. hv. samgmn. og get tekið undir margt hjá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg vil þó geta þess, að mín hugsun hefir ekki verið sú, að skip það, sem leigt yrði í haust, færi hringinn í kringum landið, heldur starfaði á einhverju ákveðnu svæði, t. d. Vestfjörðum, eða annarsstaðar sem þurfa þykir. **(SvÓ:** Það er fyrirkomulagsatriði). Mjer skildist hv. þm. ætlast til, að það tæki allar tafsömustu hafnirnar á landinu. Það var margt rjett athugað hjá hv. þm. í því, sem hann sagði um strandferðirnar. Þær hafa ekki verið svo góðar sem skyldi, en þó hefir „Goðafoss" bætt mikið úr þeim á Norður- og Austurlandi, og „Gullfoss" á Vesturlandi. Það er því ekki allskostar rjett, að strandferðaskip hafi ekki verið nema eitt. Þau hafa eiginlega verið þrjú, auk flóabátanna. Jeg efast um, að strandferðirnar hafi verið verri nú á síðari tímum en þær voru á síðasta tímabilinu fyrir stríð. Það er rjett, að Nielsen framkvæmdarstjóri álítur gott að fá tvö skip til strandferða, en þó leggur hann meiri áherslu á sumt annað. Það er vitanlegt, að strandferðirnar verða ekki nægilega góðar fyr en skipin eru orðin tvö, en það kostar mikið fje. Aðalspurningin er hjer, hversu mikið fje Alþingi sjer sjer fært að leggja fram til þessara hluta. En jeg er þess fullviss, að Nielsen er því ekki samþykkur, að skip það, er starfaði við hlið „Esju", tæki að sjer smáhafnirnar á öllu landinu, heldur mundi hann vilja, að skipin skiftu landinu á milli sín og önnuðust bæði vöru- og farþegaflutning, eins og „Austri" og „Vestri" gerðu hjer fyrir stríð. Mjer skildist á hv. 1. þm. S.-M., að hann legði mesta áhersluna á það, að þetta skip tæki að sjer minstu og erfiðustu hafnirnar, en til þess yrði það of dýrt, og kæmi auk þess ekki að fullum notum á þann hátt, því að aðalatriðið fyrir litlu hafnirnar er að hafa góð og greið sambönd við hinar stærri hafnir.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Aðeins örfá orð. Jeg get verið hæstv. atvrh. (MG) þakklátur fyrir undirtektir hans í þessu máli, og gefa þær von um, að

tillagan fái byr. Út af því, sem hann sagði um strandferðaviðaukann, „Gullfoss“ og „Goðafoss“, skal jeg geta þess, að fyrir stríð, á árabilinu 1905—1912 voru fleiri skip um strandferðirnar en nú. Þá voru fyrir utan strandferðaskipin bæði Thore-fjelagsskipin og skip þess „Sameinaða“, og voru viðkomustaðir fleiri. Nú er um miklu færri skip að ræða. Það er rjett hjá hæstv. ráðh. (MG), að þegar um strandferðir er að ræða, þá er það fyrst og fremst peningaspursmál. Góðar samgöngur og tíðari strandferðir fást ekki nema með auknu fjárframlagi. En í þessu sambandi rís líka önnur spurning: Hvað á að gera til þess að hamla á móti flóttanum úr sveitunum? Ef bættar samgöngur geta orðið til þess að hamla á móti þeim flótta, þá á ekki að sjá eftir auknu fjárframlagi til þeirra.

Um álit Nielsens framkvæmdarstjóra á því, hvernig skip það ætti að vera, sem leigt yrði eða keypt, skal jeg ekki ræða mikið hjer. Jeg hefi skilið hann svo, að hann teldi best, að skipið væri lítið, svo nota mætti það á hinar vangæfari hafnir, svo sem Hornafjörð og Raufarhöfn, þar sem „Esjan“ kemst trauðla inn. Annars skiftir það ekki svo miklu máli. Reynslan mun sýna, hvaða tillögur helst ber að taka til greina, áður en þær verða framkvæmdar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hjelt, að það mætti láta leiguskipið fara inn á Hornafjörð í haust, og mjer skildist, að hann bygði það á því, að í nál. segir, að draga megi úr kostnaði við Hornafjarðarbátinn. En þetta er misskilningur. Nielsen framkvæmdarstjóri segir, að það sje ekki hægt að fá skip, þó ekki sje stærra en þetta, vátrygt til Hornafjarðar að haustinu til, nema gegn svo háu aukagjaldi, að það muni ekki borga sig. Það er því ekki rjett, sem segir í nál., að það muni vera hægt að spara fje til Hornafjarðarbátsins. Það er ekki hægt.

Hv. þm. (SvÓ) sagði, að fyrir stríðið hefðu skip Sameinaða fjelagsins meira haldið uppi strandferðum en nú. Því ber ekki að neita. En þess er að gæta, að þær ferðir voru aldrei hentugar fyrir hinar smærri hafnir. Skipin komu við á stóru höfnunum, en voru oft ófáanleg til þess að koma við á smáhöfnunum. Í þessu efni er stjórn Eimskipafjelagsins miklu liprari. Stjórn Thorefjelagsins var líka betri en Sameinaða fjelagið, en þó er víst, að það hefir aldrei gert betur nje eins vel og „Goðafoss“ gerir nú, a. m. k. að því er snertir Norðurland.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 19 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 5. mars, var till. tekin til síðari umr. (A. 60).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., sama dag, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 60).

Á 21. fundi í Ed., laugardaginn 6. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. mars, var till. tekin til síðari umr. (A. 60, n. 132).

Frsm. (Ágúst Helgason): Jeg sje ekki ástæðu til þess að tala fyrir þessu máli. Það liggur ljóst fyrir, og jeg býst ekki við, að um það verði neinn ágreiningur.

Jónas Jónsson: Jeg stend ekki upp af því að jeg sje ekki samdóma hv. sessunaut mínum um, að enginn ágreiningur muni vera um þetta mál. En af því að jeg hefi haft nokkur afskifti af þessu máli, og af því að þessi tillaga er byrjun að stærra verki, vildi jeg segja nokkur orð.

Eins og sjá má af þskj. 60, höfum við, sem skipaðir vorum á síðasta þingi í milliþinganefnd þá, sem gera skyldi tillögur um skipun strandferða, lagt fyrir Alþingi nokkrar tillögur um þetta efni. Við greindum þessar tillögur sundur í aðaltillögur og aukatillögur. Nú hefir hv. samgmn. tekið síðasta lið till. og borið fram, um að leigja skip til strandferða 4 mánuði að haustinu. En því fer fjarri, að hjer sje nokkur veruleg bót ráðin á strandferðafyrirkomulaginu til frambúðar. Þær hafnir, sem verst eru settar, njóta hjer lítils af. Það er staðreynd, að útlend skip fást ekki til að koma á lökustu hafnirnar, eins og t. d. Hornafjörð og hafnirnar við innanverðan Breiðafjörð, Búðardal o. fl., nema fyrir mun hærra vátryggingargjald en borgað er fyrir strandferðaskip landssjóðs.

Jeg vildi, að hv. deild gerði sjer ljóst þegar í byrjun, að hjer er aðeins að ræða um bót á gamalt fat. Mjög bráðlega hlýtur að koma fram hörð krafa um, að bygt verði nýtt strandferðaskip, þó að slík tillaga hafi nýlega fallið í Nd. með örlitlum meiri hluta.

Það má skifta höfnum umhverfis landið í þrjá flokka. Fyrst má nefna hafnir eins og Akureyri, Seyðisfjörð, Ísafjörð og Reykjavík, sem hafa góðar samgöngur með útl. skipum og skipum Eimskipafjelagsins. Næst má t. d. nefna hafnir í Suður-Múlasýslu, Strandasýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem eru svo, að þangað getur hvert skip komið. En millilandaskipin sinna ekki þessum höfnum, nema nægar vörur sje að flytja. Þau nægja því ekki til fólksflutninga. Þó eru þessar sýslur þeim mun betur settar en þær hafnir, sem má telja til 3. flokks, að Esja kemur þar nokkuð oft. Í þriðja flokki má telja þær hafnir, sem svo eru þröngar eða grunnar, að millilandaskip koma þar aldrei og „Esja“ sjaldan. Þangað má heita að engar samgöngur nái. Í Döl-

um var mjer sagt í vor, að 4—5 hreppar þar myndu hafa tapað alt að 20 þús. kr. í tvöföldum farmgjöldum á því að hafa ekki betri samgöngur. Þetta leiguskip bætir alls ekki úr þörf erfiðustu hafnanna, enda er ekki gert ráð fyrir, að það verði hjer nema nokkra mánuði að haustinu. En það mun bæta dálítið úr fyrir Eimskipafjelaginu, sem á erfitt með flutninga á haustin. Í raun og veru er hjer frekar um að ræða uppbót á millilandaferðum en strandferðum, því að sennilega verður lítið farþegarúm í þessu skipi, og vegna vátryggingargjaldsins kemur það ekki á þær hafnir, sem verst eru settar.

Jeg vildi aðeins benda hv. deild á, hve skamt þetta úrræði nær. Meðan ekki er bygt nýtt skip, er helming þjóðarinnar gert rangt til.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 167).

2. Ríkisborgararjettur.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um ríkisborgararjett, hvernig menn öðlast hann og missa. (A. 82).

Á 19. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22. og 23. fundi í Ed., dagana 8. og 9. mars, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. mars, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 82).

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þáltill. á þskj. 82, sem lögð hefir verið fram hjer í hv. deild. Hún er um ríkisborgararjett, hvernig menn öðlast hann og missa.

Eins og segir í greinargerð, till. borin fram í því skyni að fá lögum um ríkisborgararjett breytt í samræmi við lög annara þjóða um sama efni, þannig, að konur njóti fullkomins jafnrjettis við karlmenn á þessu sviði sem öðrum.

Lögin kveða svo á, að skilgetið barn fái ríkisborgararjett föður síns, en óskilgetið móður sinnar. Bæði konur og karlar geta öðlast ríkisborgararjett með sjerstökum lögum. Það er líkt um þennan rjett og framfærslurjettinn, að sami maður getur hvorugan átt á fleiri stöðum en einum samtímis. Í nokkrum tilfellum er mismunur á rjetti karla og kvenna. Kvonfang karlmanns hefir engin áhrif á rjettindi hans. En íslensk kona, sem giftist útlendum manni, missir ríkisborgararjett sinn hjer, en fær rjett bónda síns. Af þessu leiðir, að íslenskri konu, sem hjer væri búsett og gift væri útlendum manni, mætti vísa úr landi vegna bjargarskorts eða lagabrots. Hinsvegar fær útlend kona íslenskan ríkisborgararjett, ef hún giftist íslenskum manni, þó að hún eigi heimili erlendis. Þessum mismun vilja konur láta breyta sjer í vil. Þetta hefir tekist

sumstaðar. Norðmenn og Svíar hafa tekið tillit til þessa í lögum sínum um ríkisborgararjett frá 1924. Hjá Dönum voru samþ. lög um þetta efni 18. apríl 1925. Íslenskar konur óska eftir líkum lögum hjer, og virðist því sjálfsagt, að það sje látið eftir þeim. Jeg skal geta þess, að hæstv. forsrh. (JM) hefir tekið þessu máli vel, og þar sem lík lagasetning um þetta efni er komin á hjá nágrannaþjóðunum, virðist ástæða til, að svipuð ákvæði sjeu lögleidd hjer. Jeg býst ekki við, að þetta hafi víðtæk áhrif, þar sem við erum svo afskekt þjóð, en það hefir a. m. k. „pricipiella" þýðingu. Breytingin yrði talsverð rjettarbót íslenskum konum, er ættu útlenda menn. Þær fengju að halda rjetti sínum, og væri ekki hægt að vísa þeim úr landi vegna lagabrots eða bjargarskorts.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en fel till. riddaralegum undirtektum hv. deildar.

Forsætisráðherra (JM): Jeg verð að viðurkenna, að hjer er farið fram á mjög sanngjarnt mál og rjettmætt, og jeg þykist viss um, að tillagan verði samþ. Jeg get lýst því yfir, að jeg mun bráðlega koma fram með frv., sem fer í líka átt og lög þau, er sett hafa verið um ríkisborgararjett í þeim þremur löndum, sem hv. 4. landsk. (IHB) mintist á.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins taka það fram, að jeg tel alveg víst, að allir verði sammála um að taka þessar sjálfsögðu kröfur til greina. Hjer er aðeins um að ræða gamlar leifar af misrjetti, sem sjálfsagt er að falli burtu. Jeg tel alveg víst, að engin rödd heyrist á móti þessum væntanlegu breytingum.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg þakka hæstv. forsrh. (JM) góðar undirtektir, og sömuleiðis þakka jeg hv. 1. landsk. (SE) skilning hans á málinu, sem jeg vænti að greiði götu þeirra breytinga, sem hjer eru fram bornar.

Forseti (HSteins): Þótt mál þetta sje talið einfalt, veit jeg ekki, hvort hv. deild hefir kynt sjer það svo, að hún telji óþarft að vísa því til nefndar. Mun jeg því bera undir atkv., hvort málinu skuli vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til allshn. og fresta umr. feld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÁH, BK, EÁ, GuðmÓ, HSteins.

nei: EP, GunnÓ, IHB, IP, JóhJóh, SE.

Tveir þm. (JJós, JJ) fjarstaddir. JM greiddi ekki atkv.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 168).

3. Sæsimasambandið við útlönd.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um sæsímasambandið við útlönd o. fl. (A. 18).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 11. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 5. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 13. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 18).

Atvinnumálaráðherra (MG): Landsstjórninni var á síðasta þingi falið að gera samninga um skeytasamband við útlönd frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins væri á enda, eða frá 1. september 1926, þó þannig, að samningar þessir skyldu lagðir fyrir Alþingi til samþyktar á eftir.

Þessir samningar hafa nú verið gerðir, og er farið fram á, að Alþingi veiti samþykki til þess, að gera megi endanlega samninga.

Saga þessa samningamáls er sú, að á árinu 1924 vissi stjórnin um, að danska stjórnin og Mikla norræna ritsímafjel. áttu í samningum um endurnýjun á leyfi fjelagsins um rekstur sæsímanna í Norðursjónum, en rekstur þessara sæsíma, eða rjettara sagt gjaldið fyrir notkun þeirra, kemur oss mjög við, vegna þess, að öll símskeyti vor til Norðurlanda og víðar verða að fara um þessa sæsíma. Af þessu var það ráð tekið haustið 1924 að senda landssímastjóra utan, til þess að vjer gætum haft hönd í bagga um samninga þessa og jafnframt til þess að grenslast eftir, hvort Mikla norræna ritsímafjelagið mundi vilja ganga að þeim kröfum, sem vjer yrðum að gera til þess að endurnýja sjerleyfi fjelagsins.

Árangurinn af þessari ferð varð sá, að vjer fengum bindandi loforð um, að svo framarlega sem samningar tækjust við fjelagið um Íslandssímann, skyldi ekki hærra gjald tekið fyrir hvert orð í skeytum til og frá Íslandi, er færu um Norðursjávarsímana, en tekið væri á hverjum tíma fyrir hvert orð í skeytum milli Danmerkur og Englands, en hingað til hafði hærra gjald verið tekið fyrir okkar skeyti en dansk-ensk skeyti. Ennfremur var það ákveðið, að ef það yrði ofan á að færa niður símgjöldin milli Danm. og Íslands, svo að þau yrðu ekki hærri en milli Englands og Íslands, skyldi hlutfallsleg lækkun koma á gjaldið fyrir notkun Norðursjávarsímans.

Að öðru leyti strönduðu samningarnir alveg um Íslandssímann, og Mikla norræna ritsímafjel. ljet í veðri vaka, að það mundi alls ekki geta gengið að kröfum vorum, og í samræmi við það ljet fjelagið þess getið í skýrslu sinni fyrir árið 1924 til aðalfundar, að hlutahafar mættu búast við, að einkaleyfið um Íslandssímann yrði ekki framlengt.

Eftir þetta strand samninganna 1924 voru svo samningaumleitanir teknar upp aftur síðastliðið haust, og fór þá enn svo, að fjelagið kvaðst ekki geta gengið að kröfunum, en eftir mikið þóf fór þó svo, að fjelagið slakaði til, og komust á samningar, sem samningamenn vorir töldu oss hagkvæma, og liggja þeir nú fyrir hjer til samþyktar eða synjunar.

Þegar um er að ræða skeytasamband

við umheiminn, er, eftir því sem nú er komið, um þessar leiðir að velja:

1. Sæsímasamband eingöngu.
2. Sæsímasamband og loftskeytasamband til vara.
3. Sæsímasamband og loftskeytasamband jöfnum höndum.
4. Loftskeytasamband eingöngu.
5. Loftskeytasamband og sæsímasamband til vara.

Öllum, sem við samninga fengust af okkar hálfu, kom saman um, að hvorki símasamband eingöngu nje loftskeytasamband eingöngu væri nægilega trygt, en símasambandið þó tryggara. Einnig voru þeir allir sammála um það, eftir nákvæma athugun, að það væri alt of dýrt að halda uppi bæði símasambandi og loftskeytasambandi sem aðalsambandi jöfnum höndum, eða eftir vali sendenda, því að þá þyrfti miklu fleira starfsfólk, og skeytin hlytu að verða dýrari. Aðalsamband loftleiðina og símĩ til vara mundi einnig verða mjög dýrt vegna mannahalds og viðhalds símans, sem er jafnmikið, hvort sem hann er notaður mikið eða lítið. Langtiltækilegast þótti því símasamband og loftskeytasamband til vara, svo framarlega sem símskeytagjöldin yrðu ekki hærri um símann en loftleiðina. Símasambandið er enn sem komið er tryggara en loftsambandið, og ef hið fyrnefnda yrði ekki dýrara fyrir almenning, væri það hentugra.

Viðleitnin gekk því mjög í þá átt að fá símskeytagjöldin svo langt niður, að loftskeytasambandið gæti ekki orðið ódýrara, og þetta hepnaðist eftir þeim upplýsingum að dæma, sem um þessi efni fengust, enda hafa símagjöldin lækkað um 8½ ctm. pr. orð, eða um 34%, og munar þetta ca. 170000 gullfrönkum á ári eða um 150000 kr. Nokkuð af þessu, eða 4 ctm. fyrir orðið, hverfur þó aftur, vegna þeirrar hækkunar á sendi- og móttökugjöldum, sem alþjóðasímafundurinn í París síðastliðið haust samþykti, en sú hækkun er vitaskuld þessum samningum algerlega óviðkomandi, enda kemur hún til framkvæmda 1. apríl í vetur, en samningarnir ganga í gildi 1. sept. í haust. Með hinum nýju samningum græðist því 8½ ctm., eða sem næst 7½ eyrir á hverju símuðu orði, og þessi sparnaður rennur vitanlega til þeirra, sem símskeytin senda.

Þá kem jeg að hinni hlið málsins, þeirri, sem veit að ríkissjóði eða landssímanum. Þar liggur málið þannig fyrir, að vjer fyrst og fremst losnum við 35000 (danskra) kr. ársgreiðsluna. Í öðru lagi fáum vjer 30000 gullfranka á ári, eða sem næst 30000 kr., sem nokkurskonar sjerleyfisgjald frá fjelaginu. Í þriðja lagi tökum vjer að oss rekstur símastöðvarinnar á Seyðisfirði gegn 65000 gullfranka greiðslu á ári, og telur landssímastjóri, að vjer munum græða á því um 25000 kr. á ári, með því að vjer getum rekið stöðina ódýrar en Mikla norræna. Í fjórða lagi fáum vjer nú umráð yfir veðurskeytum vorum, og getum sennilega haft upp úr þeim um 20000 kr. á ári. Í fimta lagi fáum vjer helming brúttó-tekjuauka sæsímans, miðað við orðafjölda 1924, og áætlaði landssímastjóri það 37000 kr. á ári að jafnaði, en vitaskuld er þetta aðeins líkindareikningur, en hann styðst við þá aukningu símaviðskiftanna, sem hingað til hefir verið, og hefir verið frá 1924 til þessa tíma. Alls ætti því ríkissjóður að bera úr býtum að jafnaði á ári á hinum umsamda leyfistíma hjer um bil

150000 kr. umfram það, sem verið hefir hingað til, og er það þá sem næst jafnhá upphæð og skeytasendendur fá í lækkuðum símgjöldum. Fyrir ríkissjóð og símanotendur ætti því munurinn að verða um 300000 kr. á ári. Hagnaður ríkissjóðs er þó, eins og jeg tók fram, að sumu leyti ágiskun og verður að meðaltali minni, ef samningunum verður sagt upp við fyrsta tækifæri, og veldur því væntanleg aukning símaviðskiftanna.

Því, sem á hefir unnist við samninga þessa, hefir því verið skift nokkurnveginn jafnt milli ríkissjóðs og símanotenda.

Jeg tók það fram áður, að vjer fengjum 50% eða helming af gjaldi fyrir aukin símaviðskifti frá því sem þau voru 1924. Þetta er þó ekki sagt beinlínis í fylgiskjali 3, sem hjer liggur fyrir prentað, en það leiðir af orðalagi þess, eins og allir munu sjá, því að eins og þetta er orðað í fskj., kemur aukning þessi fram, sumpart sem hærri borgun fyrir rekstur símastöðvarinnar á Seyðisfirði og sumpart sem greiðsla til ríkissjóðsins umfram 30000 gullfranka á ári. En í raun og veru þýðir þetta ekki annað en 50% af tekjuauka af símaviðskiftum, ef gengið er út frá 65000 gullfranka greiðslu til stöðvarinnar á Seyðisfirði og fastri 30000 gullfranka greiðslu til ríkissjóðsins. Hinsvegar leiðir og af þessu, að ef símaviðskiftin minka frá því, sem þau voru 1924, fer líka greiðslan til símastöðvarinnar á Seyðisfirði niður úr 65000 gullfrönkum og greiðslan til ríkissjóðs niður úr 30000 gullfrönkum, en þessi möguleiki er svo fjarliggjandi, að naumast er þörf á að reikna með honum, því að símaviðskiftin hafa stöðugt farið vaxandi, og jeg er ekki í neinum efa um, að þau aukast einmitt talsvert við þá lækkun símagjaldanna, sem verður, ef hinn nýi samningur gengur í gildi.

Í sambandi við, að landssíminn tekur að sjer rekstur stöðvarinnar, standa kaupin á eignum Mikla norræna ritsímafjel. á Seyðisfirði. Verði kaup þessi samþykt, á fjelagið ekki lengur neinar eignir hjer á landi. Verðið á eignunum tel jeg vel aðgengilegt og borgunarskilmála sæmilega góða. Við samningagerðina var gengið út frá, að húsin kostuðu 70000 kr., en símatæki og annað 30000 kr.

Ef samningar þessir verða samþyktir, erum vjer bundnir við þá í $3^1/_3$ árs eða til 1. jan. 1930, og síðan má segja þeim upp annaðhvert ár, og verði þeim ekki sagt upp, falla þeir úr gildi í árslok 1934, enda eru þá á enda samningar þeir, sem Mikla norræna hefir gert bæði við Englendinga og Dani, um sæsíma þá, sem liggja til þeirra landa.

Með því að ákveðið hefir verið að hafa 2 umræður um þetta mál, og þessi fyrri umræða á að fara fram eftir sömu reglum og 2. umr. lagafrumvarpa, þá þykir mjer rjett, til þess að hv. deildarmönnum gefist nægilegt tækifæri til þess að ræða einstök atriði, að leggja það til, að þessari umr. verði nú frestað og málinu vísað til hv. samgöngumálanefndar.

Áður en jeg lýk máli mínu, þykir mjer skylt að votta umboðsmanni vorum í Kaupmannahöfn, Jóni Krabbe, og Forberg landssímastjóra bestu þakkir fyrir hlutdeild þeirra í samningunum. Er því meiri ástæða til þess að þakka hinum síðarnefnda, þar sem öllum er vitanlegt, að hann vann að samning-

unum, þótt hann væri mikið veikur, svo veikur, að flestir mundu hafa talið ófært að fást við mál sem þetta.

ATKVGR.

Till. vísað til samgöngumálanefndar með 20 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. mars, var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 18, n. 59).

Frsm. (Klemens Jónsson): Samningarnir, sem gerðir voru við Mikla norræna 1905, eru á enda hinn 1. sept. þ. á. Hæstv. stjórn hefir litið svo á, eftir því sem hæstv. atvrh. fórust orð í þinginu í fyrra, einkum í Ed., að hún hefði fulla heimild til þess að taka upp nýja samninga, eða endurnýja þá eldri við fjelagið. Nokkuð er það, að snemma vetrar 1924 var landssímastjóri í Kaupmannahöfn í þeim erindum, en þá mun það fljótt hafa komið í ljós, að erfitt mundi verða að endurnýja samningana.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir 1926 var ekkert minst á þetta mál, sennilega af því, að þegar frv. var samið, hefir ekki verið fengin full vitneskja um, hvernig málinu reiddi af. En svo kom fjvn. með svohljóðandi viðaukatillögu við fjárlögin á liðnum um hraðskeytasambönd:

„Landsstjórninni er heimilt, ef hún telur þörf á, að stækka og fullkomna svo loftskeytastöðina í Reykjavík, að hún geti annast skeytasamband við umheiminn“ o. s. frv., og þessi tillaga var auðvitað bygð á því, að slíkt samband væri nauðsynlegt, ef samningar við Mikla norræna skyldu ekki komast á.

Þessi heimildartillaga var samþykt í einu hljóði, og var hún þó harla víðtæk, því ekki lágu fyrir neinar tryggilegar áætlanir um það, hvað slík loftskeytastöð mundi kosta.

Í Ed. var, eftir ósk hæstv. atvrh., borin fram og samþykt, í sambandi við fyrnefnda till., svohljóðandi viðbótartill.: „Ennfremur er henni“ — þ. e. landsstjórninni — „falið að gera samning um skeytasamband við umheiminn frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins er á enda —“. Hæstv. atvrh. (MG) hjelt því að vísu fram, að stjórnin þyrfti enga heimild frá þinginu til þess að gera þessa samninga, því hún væri beinlínis skyldug til þess, en þetta væri aðeins gert fyrir kurteisis sakir við hinn málsaðiljann. En svo kom fram viðbótartill. í hv. Ed. þess efnis, að stjórnin skyldi leggja samninginn fyrir Alþingi til fullnaðarályktunar um málið, og var hún samþykt.

Jeg skal nú ekki eyða tíma með því að fara út í það, hvort það hafi verið rjett hjá hæstv. atvrh. (MG), að stjórnin hafi haft sjálfstæðan rjett og skyldu til þess að endurnýja samningana eða ekki. Slíkt er óþarft, því það er víst, að eftir heimildinni í fjárlögunum 1926 hefir hún haft fullan rjett til þess að endurnýja samningana, sem hún hefir nú líka gert og lagt fram fyrir þingið til samþyktar. Jeg skal geta þess, að hæstv. atvrh. (MG) var óánægður yfir þessu í fyrra í Ed., en jeg hygg, að hann muni nú við samningana hafa komist að raun um, að þetta ákvæði var þarft og gott, og að það mátti nota sem keyri á Mikla norræna, og sama tekur landssímastjóri fram í niðurlagi greinargerðar sinnar.

Það var næsta eðlilegt, að um leið og leitað var eftir um endurnýjun á ritsímasamningnum, kæmi fram sú spurn-

ing yfirleitt, hvort rjett væri yfirleitt að gera slíka samninga, jafnvel þótt góðir fengjust; hvort ekki mundi rjettara að snúa sjer að loftsambandi eingöngu. Jeg fyrir mitt leyti er ekki á þeirri skoðun, og jeg held, að jeg tali þar fyrir munn allrar fjárhagsnefndar. Jeg gat þess við umr. í fyrra um heimild til þess að stækka loftskeytastöðina, að jeg vænti þess, að til hennar þyrfti ekki að grípa, heldur tækist að komast að góðum samningum við Stóra norræna. Þeirri skoðun hefi jeg ekki breytt síðan.

Jeg tel það því vel farið, að samningar hafa tekist við Stóra norræna, og það því fremur sem þeir verða að teljast í alla staði aðgengilegir. Um hagnaðinn af samningunum skal jeg leyfa mjer að vísa til greinargerðar landssímastjóra, sem prentuð er aftan við nál. fjhn. Skal jeg þar aðeins leyfa mjer að benda á fá atriði: að árstillagið, 38 þús. kr., fellur alveg niður; að fjelagið borgar okkur sjerleyfisgjald, 30 þús. kr.; að allar tekjur af veðurskeytunum verða okkar eign, sem nemur 20 þús. kr. Þessir tveir síðustu liðir nema 50 þús. kr., og þessar tekjur verða að skoðast sem alveg vissar. Auk þess telur landssímastjóri vissan hagnað á tveimur öðrum liðum, á rekstri Seyðisfjarðarstöðvarinnar og 50% af sæsímagjöldunum af viðskiftum fram yfir það sem var 1924, alls tekjur að upphæð 25000 kr. + 37000 kr. eða 62000 kr. Þessir tveir síðustu liðir eru að vísu áætlunarliðir, og því ekki vissa um, að þeir nemi nákvæmlega þessari upphæð. En þó skal jeg geta þess, að samkvæmt minni reynslu er landssímastjóri einn hinn allra nákvæmasti og varkárasti verkfræðingur um áætlanir allar, sem jeg hefi haft kynni af. Það var venja hans að áætla gjaldaliði svo gætilega, að þeir fóru sjaldan nokkuð fram úr áætlun. En það vill nú einmitt brenna við hjá verkfræðingum að áætla gjaldliði í lægra lagi. Jeg tel það því mjög líklegt, að þessir áætluðu liðir reynist nærri lagi, og verður þá hagnaðurinn eða sparnaðurinn við samninginn um 150 þús. kr. á ári. Við þetta bætist það einnig, að sæsímagjöldin hafa fengist talsvert lækkuð, svo að þau verða nú 30 aurar fyrir hvert orð til Englands og Danmerkur, miðað við gullgengi ísl. krónu.

Þá tel jeg það til mikilla bóta, að eftir hinu nýja sjerleyfi hefir Ísland rjett til þess að afgreiða öll sín viðskifti við útlönd þráðlaust á stríðstímum, eða þegar svo stendur á, að sæsíminn telur sjer ekki fært að annast sendingu skeyta hindrunarlaust, þ. e. án skeytaskoðunar.

Alt þetta, sem jeg hefi nú upp talið og felst í hinu nýja sjerleyfi og samningum við Stóra norræna, vona jeg að rjettlæti þau ummæli, sem eru í greinargerð nefndarinnar: „að samningarnir sjeu í alla staði viðunanlegir“. Og í rauninni get jeg bætt því við frá eigin brjósti, að þeir hafa náðst miklu betri en jeg hafði gert mjer vonir um, því mjer er persónulega kunnugt um það, að byrjun samninganna var alt annað en glæsileg. Jeg var staddur í Kaupmannahöfn í nóv. og des. 1924 og vissi nokkurnveginn, hvernig samningatilraununum leið. Jeg hafði líka frá fornu fari nokkra reynslu fyrir því, að Stóra norræna var ekkert lamb að leika við, og segi jeg það ekki fjelaginu til lasts. Það er hlutafjelag og þarf auðvitað fyrst og fremst að taka tillit til sinna

hluthafa, og hefir rjett til þess að fara eins langt í samningum sínum og það sjer sjer fært.

Jeg hefi nú verið nokkuð margorður um málið almennt, en hefi þó drepið á helstu atriði samningsins, af því að jeg tel rjett, að þetta mál liggi sem allra ljósast fyrir þinginu.

Um þáltill. sjálfa er ekki annað að segja en það, að nefndinni þótti rjettast, úr því samningarnir lágu fyrir fullgerðir og undirskrifaðir af öllum aðiljum, að taka þá beint upp í hana tilvitnun í þá sjálfa, og ber hún því fram brtt. í þá átt. Vona jeg, að hæstv. atvrh. (MG) hafi ekki neitt við þá breytingu að athuga.

Nefndin rak augun í það, að samningarnir, sem eru gerðir af atvrh. (MG) sjálfum við stjórn Stóra norræna, og undirskrifaður af þessum aðiljum, auk danska ráðherrans fyrir opinberum verkum, eru gerðir og undirritaðir eingöngu á dönsku. Nefndinni hefði þótt rjettara, að þeir hefðu verið samþyktir og undirskrifaðir bæði á íslensku og dönsku. En það hefir flogið fyrir nefndina, að stjórn Stóra norræna hafi lagst mjög á móti því, af þeirri ástæðu, að hún hefði engan mann íslenskufróðan, er hún gæti treyst til að bera ábyrgð á því, að þýðingin væri rjett. Þetta er nú vitanlega engin ástæða, því jeg veit ekki betur en að til sje íslenskur maður í Khöfn, sem er löggiltur skjalaþýðari á íslensku. En auk þess eru þar tveir Íslendingar háskólakennarar, og hefði fjelagið vel getað treyst þeim til þess að bera ábyrgð á þýðingunni. En þó jeg telji það miður farið, að samningarnir voru ekki jafnhliða undirritaðir á íslensku, þá sætti jeg mig við það, úr því sem komið er, því það væri hið mesta óráð að stofna samningunum í hættu af þeim sökum. En eftirleiðis verð jeg þó að telja það rjettast, að þegar ráðherra sjálfur eða umboðsmaður landsins í útlöndum gerir samninga við útlönd um einhver málefni, þá sje samningurinn jafnframt skráður og undirritaður á íslensku.

Hæstv. atvrh. (MG) hefir látið þýða samningana ásamt fylgiskjölum á íslensku. Býst jeg við því, að sú þýðing verði prentuð í Stjórnartíðindunum, og vildi jeg því mælast til, að hann láti yfirfara þýðinguna á ný, áður en hún verður birt þar. Jeg skal ekki fara að eltast við þýðinguna orði til orðs, en benda aðeins á fá atriði, sem jeg tel að betur mætti fara. Þar er t. d. talað um ráðherra opinberra „verka“. Betra væri: ráðherra opinberra framkvæmda eða athafna. Það vill svo einkennilega til, að sami ráðherra gerði þessa samninga fyrir hönd Danastjórnar 1905, og er hann þá kallaður á íslensku: samgöngumálaráðherra. Hann hefir þá líka haft samgöngurnar. Auðvitað er það ekki nákvæm þýðing. En þetta orð „verka“ kann jeg ekki við.

Í leyfisbrjefinu er á tveim stöðum talað um neðansjávarritsíma. Þetta er auðvitað orðrjett þýðing á „undersöisk Telegrafkabel“. En annars er alstaðar annarsstaðar notað orðið sæsími, og er það gott og gilt orð, sem jeg hefði kosið að fengið hefði að halda sjer. Þá er talað um danska „ríkisdaginn“. Hjer væri laglegra að segja: ríkisþing.

Í 2. gr. er talað um: „ef fjelagið brýtur leyfið af sjer“. Á dönskunni er þetta: „saafremt Koncessionen erklæres forbrudt“, nefnilega, ef stjórnir Íslands

og Danmerkur lýsa því yfir, að leyfisbrjefið sje brotið. Þessi þýðing er tæplega nákvæm.

Í 5. gr. er víða notað orðið „Fejl" á dönsku. Er það þýtt með fjórum orðum: „skemmist", „er aflaga fer", „er áfátt" og loks „bilun". Það væri æskilegt að fá eitt orð yfir þetta. Einkum vil jeg skjóta því til hæstv. atvrh., hvort orðið sje á síðasta stað rjett þýtt með „bilun". „Afbrydelser" er í sömu grein þýtt: „slit", og má vera, að það sje rjett, en þetta orð hefir tvíræða meiningu í íslenskunni. Fleira mætti til tína, en jeg treysti því, að þetta nægi til þess, að hæstv. atvrh. (MG) láti endurskoða þýðingu samningsins og gæta þess, að hún verði í fullkomnu samræmi við danska textann.

Að svo mæltu legg jeg það til, að þáltill. verði samþ. með þeirri einu breytingu, sem nefndin hefir lagt til að gerð yrði.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg finn mjer skylt að þakka hv. samgmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Jeg skal taka það fram, að jeg hefi alls ekkert að athuga við brtt. hv. nefndar. Jeg tel frekar til bóta, þó að forminu til sje alveg sama, hvort hún er samþ. eða ekki.

Það, sem hv. frsm. (KlJ) sagði um sögu þessa máls, var alveg rjett frá skýrt, og sú skýrsla, sem hann gaf um innihald samningsins, var sömuleiðis alveg rjett. Jeg vil þakka honum þau ummæli um samningana, er hann mælti frá eigin brjósti. En hvað það snertir, að það hafi haft heppileg áhrif á samningagerðina, að Alþingi átti að greiða atkvæði um þá á eftir, þá er jeg þar á öðru máli. Landssímastjóri hefir að vísu talið þetta hafa haft þýðingu til bóta. En þó jeg geti ekki fallist á þetta, þá skal jeg ekki fara neitt nánar út í það. Það er liðið og skiftir ekki máli framar. En þegar stjórnin fór fram á það að fá fulla heimild til samninganna, þá var það gert eftir beinni beiðni landssímastjóra og Jóns Krabbe.

Hvort stjórnin hafi haft heimild eða jafnvel skyldu til þess að endurnýja samningana við Stóra norræna umboðslaust af þinginu, skal jeg heldur ekki ræða um. En benda vil jeg á það, að hafi stjórnin ekki haft þessa heimild, þá hefir hún 1924 farið út fyrir umboð sitt, er hún leitaði samninga áður en heimild lá fyrir frá þinginu. En því vil jeg ekki halda fram. Og þó samningunum væri siglt í strand þá, þá vanst það þó á, að vjer fengum rjett til þess að senda skeyti með Norðursjávarsímanum fyrir sama gjald og Danir. Það fjekst ennfremur, að Stóra norræna tæki á sig niðurfærslu á gjöldum fyrir skeyti með Norðursjávarsímunum. En talsvert af hinum mikla gróða Stóra norræna hefir legið í því, hve gífurlegt gjald það hefir tekið af þessum skeytum. Nú hefir gjaldið fyrir þennan kafla verið fært ofan í 7 ctm. í stað 16½ ctm.

Út af því, að frumrit samningsins sje einungis á dönsku, þá er því að svara, eins og hv. frsm. (KlJ) tók fram, að stjórn Stóra norræna sagði, að íslenskan væri hrein hebreska fyrir sig og þeir gætu ekkert á því máli samið. Aftur kom til mála að semja á frönsku, en jeg taldi mig ekki svo góðan í því máli, að jeg vildi hleypa mjer út í það. En

jeg get vel búist við því, að stjórn Stóra norræna fengist til þess að undirskrifa íslenska þýðingu samningsins sem frumrit, þegar búið væri að koma sjer saman um textann. En þar sem jeg lagði af stað hingað heim frá Kaupmannahöfn daginn eftir að samkomulag hafði náðst um danska textann, var enginn tími til að búa til ísl. þýðingu, en enn þá er tími til að athuga þetta í raun og veru þýðingarlitla atriði. Á sama hátt var samið 1905, og jeg get líka nefnt það, að steinolíusamningurinn 1923 var saminn eingöngu á enskri tungu. En annars er þetta formsatriði eingöngu og snertir lítið málið. Hjer er ekki að ræða um samning tveggja ríkja, heldur tvö ríki, sem gera samning við fjelag einstakra manna. En annars sanna aths. frsm. (KlJ), að ekki er auðvelt að þýða slíkan samning svo, að ekki verði ágreiningur um einstök atriði. Jeg get sagt það, að jeg hefi sjálfur gert þýðing þá, sem hann gerði að umtalsefni, og þóttist leggja mig þar fram um að þýða eins rjett og nákvæmt og þekking mín á danskri tungu leyfði. Og sannast að segja held jeg það, að þó finna megi kanske að einstökum atriðum, þá sje þýðing mín nærri rjettu lagi.

Jeg skal nú minnast ögn á aths. hv. frsm. (KlJ) við þýðinguna. Hann tók t. d. „undersöisk Telegrafkabel"; það hefi jeg þýtt: neðansjávarritsími, en „Kabel" eingöngu: sæsími. Þetta held jeg að sje alveg rjett. A. m. k. fæ jeg ekki betur sjeð en „undersöisk Telegrafkabel" sje nákvæmlega þýtt: neðansjávarritsími. Þá hefi jeg útlagt orðin: „Minister for offentlige Arbejder" með: ráðherra opinberra verka. Hjer mætti ef til vill finna eitthvert annað heiti, en nákvæm þýðing er þetta samt. Það er rjett, að í þýðingunni á símasamningnum 1905 var þessi ráðherra nefndur „samgöngumálaráðherra", enda munu samgöngur þá hafa heyrt undir það embætti. En það sjá allir, að ekki er það nákvæm þýðing.

Annars dettur mjer ekki í hug annað en taka vel upp þessi tilmæli hv. frsm. (KlJ), að athuga betur þýðinguna áður en hún er birt í Stjórnartíðindum.

Svo mintist hann á 5. gr. Þar er „Afbrydelser eller Fejl" þýtt með „slit eða bilun". Þetta finst mjer nákvæmlega þýtt, eftir því sem jeg skil orðið „slit". „Kablet er afbrudt" þýðir: síminn er slitinn. En „Fejl" þýðir hjer „bilun", sem veldur því, að erfitt er að síma. Slit er kallað, þegar algerlega er ómögulegt að síma og sæsíminn alveg í sundur.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg vildi einungis taka það fram, að það var eðlilegt, að samningurinn frá 1905 væri á dönsku, eins og þá stóð á um sambandið milli Íslands og Danmerkur. Hvað steinolíusamninginn snertir, þá er það rjett, að hann var skrifaður eingöngu á ensku. En þar var sá munur, að það voru umboðsmenn frá báðum aðiljum, sem sömdu, en ekki ráðherra sjálfur og stjórn British Petroleum Co. Annars er ekki þar með sagt, að ekki hafi verið rjett að hafa steinolíusamninginn frá 1923 á íslensku. Jeg sje ekki, að neitt hefði verið unnið við að hafa ritsímasamninginn á frönsku, eins og hæstv. atvrh. (MG) upplýsti, að komið hefði til tals.

Jeg er sammála hæstv. ráðh. (MG) um það, að oft sje álitamál, hvernig eigi að þýða þetta og þetta, og þýðing getur

verið alveg orðrjett, þótt hún sje ekki í alla staði sem heppilegust. „Undersöisk Telegrafkabel“ er „neðansjávarritsími“. En orðið „Kabel“ felur ekkert sækent í sjer. Það þýðir ekkert annað en sími, og getur verið á landi líka. Úr því orðið „Kabel“ er þýtt með „sæsími“, sem er gott orð, þá hefði jeg kunnað betur við að halda því alveg í gegn, samræmis vegna. Annars man jeg ekki betur en að þegar ritsímalögin voru á ferðinni, hafi komið upp nafn fyrir „Kabel“. Það var „kafsími“, og er gott nafn.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara út í sennu út af þessu, því fremur sem jeg vona, að hæstv. atvrh. (MG) taki þýðinguna til gagngerðrar yfirvegunar. Efa jeg ekki, að hæstv. ráðh. taki það til greina, ef hann finnur rjettmæti í mínum athugasemdum, og lagfæri, eftir því sem betur má fara.

ATKVGR.

Brtt. 59 samþ. með 22 shlj. atkv.

Tillgr. svo breytt samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 23 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var till. tekin til síðari umr. (A. 84).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., næsta dag, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 84).

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 5. mars, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 21. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr. (A. 84).

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg finn ekki ástæðu til að segja eiginlega neitt um þessa þingsályktunartillögu í þetta skifti. Hún hefir gengið gegnum hv. Nd. án þess að sæta nokkrum mótmælum, og mjer leiðist að vera að endurtaka það, sem jeg hefi sagt í Nd., bæði af því, að hv. þdm. munu þessir samningar kunnir, og sjerstaklega eftir að brjef það er komið frá landssímastjóra, sem prentað er sem fylgirit við nál. samgmn. Nd. Jeg vil því leyfa mjer að mælast til, að till. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til síðari umr. og til samgmn. þessarar hv. deidar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed. fimtudaginn 25. mars, var till. tekin til síðari umr. (A. 84, n. 202).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Svo sem hv. deild er kunnugt, hefir þetta mál þegar farið gegnum hv. Nd., og var það samþ. þar nær athugasemdalaust. Sam-

gmn. þessarar deildar hefir athugað tillöguna og vill leyfa sjer að leggja til, að hún verði samþ. óbreytt. Það hefir komið skýrt fram í nefndinni, að henni líkaði vel, hvernig tekist hefir til með samninga um hið nýja einkaleyfi Mikla norræna ritsímafjelagsins, og að hún vill alveg fallast á till. hæstv. stjórnar um þetta.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 222).

4. Ellitrygging.

Á 7. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um aldurstryggingu (A. 32).

Á 8. fundi í Ed., fimtudaginn 18. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Ed., mánudaginn 22. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Eins og tekið er fram í aths. við þessa till., þá er þetta ekki nýtt mál hjer í þinginu, heldur hefir því verið hreyft fyrir nokkrum árum. Ljet stjórnin gera talsverðan undirbúning og rannsókn í þessu efni. Var það vel og ítarlega gert, eftir því sem jeg best veit, og má því vafalaust byggja talsvert á þeirri rannsókn og reikningi nú.

Það, sem till. þessi fer fram á, er það, að stjórnin taki málið upp á ný. Að öllum líkindum yrði að gera einhverjar nýjar rannsóknir, af ástæðum, sem jeg kem að seinna. En það mun vera rjett álitið hjá hæstv. forseta að hafa ekki nema eina umr. um till., af því að kostnaðurinn við framkvæmd þessarar rannsóknar getur ekki orðið meiri en við venjuleg stjórnarfrv.

Þá vil jeg skýra með fáeinum orðum þá meginhugsun, sem liggur bak við þessa till. og eldri till. um þetta mál. Það, sem hjer er gert ráð fyrir að framkvæma, er það, að samin verði lög, er skyldi alla heilbrigða menn — þó væntanlega ekki alla í byrjun—á vinnualdri að leggja í tryggingarsjóð til elliáranna. Jeg get búist við, að þetta yrði ef til vill ekki vinsælt, að margur myndi heldur vilja eyða um leið þeim 20—30 kr., sem væntanlega verða að ganga árlega í tryggingarsjóð hvers manns, og líklega verður barátta nokkur um það, hvort kjósendur vildu leggja á sig þessa kvöð, til þess að vera öruggari um sinn fjárhag, þegar líður á æfina og vinnuþrótturinn dvínar. En það liggur ekki fyrir að svo vöxnu máli. Og reyndist ellitryggingarskatturinn svo óvinsæll, að ekki yrði hægt að koma honum á, þá yrði þar við að sitja.

Jeg vil nota tækifærið til að minna á það eftirsóknarverða í þessu fyrirkomulagi. Það er í raun og veru tvent: Annarsvegar tryggingin, sem veitt er, en hinsvegar sá mikli óbeini hagur af þeim peningum, sem safnast á þennan hátt.

Nýlega var jeg að blaða í þingtíðindum frá 1913. Út af máli, sem þá lá fyrir í þinginu, sagði Jón heitinn Ólafsson, sem þá var þingmaður, að hall-

æri fyr á öldum hefði fyrst og fremst stafað af því, að þjóðfjelagið hefði ekki trygt sína fátæklinga og veikluðu menn. Þegar eitthvað gekk illa, var ekki annað fyrir hina veikburða að gera en betla eða deyja úr hungri. Síðan hefir ástandið að vísu breyst mikið, svo nú hefir þjóðfjelagið tekið á sig að sjá fyrir þeim gömlu mönnum eða fátæku, er ekki geta það sjálfir. Þetta er vitaskuld mikil umbót frá því sem var, en altaf fylgja þó þessu fyrirkomulagi margsk. óþægindi fyrir þá, sem þiggja þurfa slíkan styrk. Það er ákaflega sárt fyrir gamalt fólk, sem hefir verið vel sjálfbjarga, að verða á efri árum að þiggja þann styrk, sem álitinn er gustukahjálp og oft er látinn úti með eftirtölum. Jeg tel þess vegna engan vafa á því, að í þessari till. felist stór umbót frá því sem nú er. Og eftir mannsaldur —en ekki fyr — myndi undir ellitryggarlögunum ekki verða nein þörf að grípa til sveitarstyrks vegna gamalmenna. Þau lifðu þá á sinni aldurstryggingu, sem þau hefðu sjálf unnið fyrir. Þá ljettir af hverri vinnandi kynslóð að sjá fyrir aldurhnignum þurfalingum. En hinsvegar álít jeg það sjerstaklega eftirsóknarvert fyrir aldraða fólkið að vita, að það hefir sjálft unnið fyrir því gjaldi, sem gengur því til lífsframfærslu.

Um leið vil jeg minnast á annað, sem kemur þessu máli a. m. k. óbeinlínis við. Það er ekki nærri altaf, að gamla fólkið fer á sveitina, þótt það geti ekki unnið fyrir sjer. Það styðst við vinnu barna sinna og er „í horninu", eins og það er kallað hjer. Þetta er vitaskuld eðlilegt í sjálfu sjer, en þó ekki allskostar heppilegt. Í Danmörku t. d. er þessu öðruvísu farið, þar sem gamla fólkið — nema hjá hinum allra fátækustu — heldur áfram sjálfstæðu heimilislífi, þó að börnin sjeu uppkomin. Það er alkunnugt hjer á landi, hversu sambúð gamla fólksins og unga fólksins er oft ábótavant, og eru það ekki síst gamalmennin, sem líða við það. Náttúrlega er veran í „horninu" eðlileg afleiðing af fátækt okkar. Sumpart hefir gamla fólkið ekki átt neitt til að styðjast við, eftir að vinnumátturinn var þrotinn, en sumpart hefir það látið börnum sínum í tje það sem það átti og gert um leið ráð fyrir að lifa á framfæri barna sinna síðustu árin. En nú er það gamall sannleikur, að ungt og gamalt á ekki saman. Og eitt af því, sem myndi leiða af efnalegu sjálfstæði gamla fólksins, er það, að það hjeldi á elliárunum sínum persónulegu venjum og lifði eftir sínu eigin skaplyndi og lífsskoðunum. En það er hvergi nærri ætíð, að gamalmennin geti lifað óháð, þegar í hornið er komið.

Það má ef til vill segja um ellitryggingu, að óþarft sje, að hún nái til þeirra, sem hafa aðra tryggingu, t. d. lífeyri. Náttúrlega er það líka óþarft fyrir þá, sem eru vel efnaðir. En það myndi þó sennilega að mörgu leyti heppilegra, að trygging þessi nái til allra, sem ekki kaupa sjer öðruvísi sjerstaka ellitryggingu. Það myndi verða vinsælla, ef ellitryggingin nær til allra, heldur en ef hún á eingöngu að vera til að ljetta af sveitarsjóðunum fátækraframfærslu.

Þá er síðari liðurinn í þessu máli.

Jeg geri ráð fyrir í till., að tekið verði fram í væntanlegu frv., að sjóð aldurstryggingarinnar skuli ávaxta í vaxtabrjefum ræktunarsjóðs og veðdeildar. Þetta síðara atriði er eiginlega ástæðan fyrir því, að jeg hreyfði þessu

máli nú. Þegar við í meiri hluta milliþinganefndarinnar í bankamálinu vorum að fást við veðdeildarlögin, þá var okkur það ljóst, að fasteignalánskjörin eru ákaflega slæm, eins og sjest þegar lánskjör íslensku veðdeildarinnar eru borin saman við þau kjör, sem fasteignaeigendur í Danmörku hafa átt við að búa um langan aldur.

Dr. Ólafur Daníelsson reiknaði út, að þvílík ellitrygging myndi skapa geysilega mikinn sjóð, tugi miljóna á einum mannsaldri. Slíkur sjóður myndi geta bætt úr lánsþörf bæði þeirra, sem þurfa að byggja í kaupstöðum, og þeirra, sem byggja eða rækta í sveit. Jeg hygg, að dr. Ólafur hafi sagt, að slíkur sjóður mundi nema í fullri hæð 70 milj. kr. En nú mundi hann verða hærri, með þeim breytingum, sem nú á að gera, því að vafalaust yrði árgjaldið hærra nú en þá var áætlað. Aðalatriðið er að tryggja það, að sjóðurinn sje eingöngu notaður til að skapa markað fyrir fasteignaverðbrjef. Geri jeg ráð fyrir, að þannig verði um búið, að jafnrjetti sje milli sveita og kaupstaða.

Jeg býst við, að komið geti til mála að vísa máli þessu til nefndar, sem væri þá helst fjhn., og vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta. Vilji hæstv. stjórn ekki sinna málinu, eða vilji hún sinna því án frekari athugasemda, þarf málið vitanlega ekki að fara til nefndar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hlustaði með athygli á það, sem hv. flm. (JJ) hafði fram að færa í þessu máli. Greinargerðin fanst mjer hinsvegar furðu stuttaraleg fyrir svo stóru máli.

Jeg þykist skilja af orðum hv. flm. (JJ), að hann ætlist til, að hjer sje um árlegt gjald að ræða af hverjum einstökum manni til þessarar tryggingar. Og jeg hafði satt að segja naumast búist við, að hann kæmi með slíka till., því að hann var á síðasta þingi, út af öðru tryggingarmáli, mjög á móti hinum svokallaða nefskatti. En fyrir mitt leyti virðist mjer þetta rjett, sem hv. flm. sagði, að það sje eina tiltækilega leiðin að láta hvern borga árlega einhvern ákveðinn skerf.

Út af því, sem hv. flm. sagði um ávöxtun fjárins, þá hefi jeg ekkert að athuga við það, að ákveðið verði, hvar fjeð skuli ávaxtast. En það leiðir af sjálfu sjer, að allur sjóðurinn má ekki ávaxtast í brjefum, sem eru föst um lengri tíma. Það verður að vera einhver sjóður, sem hægt er á hverjum tíma að grípa til. Ef sjóðurinn gæti orðið 70 milj., þá yrði auðvitað að borga mikið úr honum árs árlega. Annars þykir mjer ólíklegt, að sjóðurinn geti orðið 70 miljónir kr., ef ekki er gengið út frá, að hvert gamalmenni fái ekki nema 200 kr. á ári. Þó skal jeg ekki neita þessu, því að jeg hefi ekki reiknað það út, en að lítt hugsuðu máli tel jeg það skýjaborgir. En upplýsingar um þetta býst jeg við að megi fá í athugunum dr. Ólafs Daníelssonar.

Jeg vil skjóta því til hv. flm., hvort ekki sje ósamræmi milli fyrirsagnar till. og þess, sem seinna stendur; aldurstrygging er sem sje miklu óákveðnara en ellitrygging.

Það er eitt atriði, sem verður að taka til athugunar í þessu sambandi, og það eru þeir ellitryggingarsjóðir, sem til eru í landinu. Þeir þróast töluvert, og þeirra þróun fer tiltölulega ört vaxandi, eins og gefur að skilja. En jeg skal

játa, að gjaldið, sem greitt er þar, er svo lágt, að þeir verða seint að fullum notum, en eru þó þegar farnir að gera mikið gagn.

Þar sem hv. flm. (JJ) gerði það ekki að beinni till. sinni að vísa málinu í nefnd, þá leyfi jeg mjer að gera að till. minni, að því verði vísað til hv. fjhn.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ekki nema fáum orðum við að bæta. — Hvort tryggingin ætti heldur að heita ellitrygging eða aldurstrygging, er aukaatriði. En það leiðir af sjálfu sjer, að það getur engin aldurstrygging verið nema sú, sem nær til gamalmenna.

Jeg fór ekki mikið út í tölur í sambandi við þetta mál, því mjer er ekki nógu kunnugt um útreikninga dr. Ólafs Daníelssonar til þess. Nýlega hefi jeg spurt hann um álit sitt um það, hvað yrði að hækka mikið það, sem hvert gamalmenni fengi á ári. Taldi hann, að með núverandi peningagildi væri varla hugsanlegt annað en að breyta 200 kr. útborgun í 500 kr. Við það hækkaði árgjaldið náttúrlega.

Jeg ætla ekki að fara að deila við hæstv. ráðh. (MG) um það hjer, hvort gjaldið ætti að vera nefskattur eða ekki. Það er í sjálfu sjer öðru máli að gegna um þetta en berklalögin, þó jeg ætli ekki að fara út í það hjer. Því að líkurnar fyrir því, að menn verði gamlir, eru svo langsamlega miklu meiri en fyrir því, að menn fái berklaveiki. Það er um tvent að ræða viðvíkjandi árgjaldinu, hvort það ætti eingöngu að borgast af einstaklingunum sjálfum eða að ríkið styrkti trygginguna. Þetta er rannsóknaratriði og bíður úrskurðar í framtíðinni.

ATKVGR.

Till. vísað til fjárhagsnefndar með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 27. fundi í Ed., fimtudaginn 25. mars, var fram haldið einni umr. um till. (A. 32, n. 201).

Frsm. (Jónas Jónsson): Það er líklega meira en mánuður síðan jeg bar fram till. til þál., mjög svipaða að efni þeirri, sem hjer liggur fyrir; munurinn var aðeins sá, að jeg lagði þar til að skora á hæstv. stjórn að koma með frv. um þetta efni fyrir næsta þing, en í nefndinni varð það að samkomulagi að láta þetta atriði falla niður, og þó að jeg álíti þetta mál svo mikilsvert, eins og jeg tók fram við fyrri meðferð þess, þá viðurkenni jeg, að það skiftir ekki mjög miklu máli, hvort stjórnin kemur með frv. eða ekki, ef sú rannsókn aðeins verður gerð, sem frv. þarf að byggjast á. Þess vegna er jeg eins ánægður með það fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, vegna þess, að framkvæmd þessa máls hlýtur altaf að taka langan tíma, ekki síst til þess að verða að fullu skilið af þjóðinni, og þess vegna sýnist mjer þessi aðferð nálega eins góð og sú, er fyrst var um talað. Jeg vil aðeins skjóta því til hæstv. stjórnar, að það væri æskilegt að láta reikna út iðgjöld með nokkuð mismunandi fyrirkomulagi. Það gæti vel komið til mála, að ungir menn gætu borgað iðgjöld sín á 2—3 árum, og það segir sá hinn reikningsfróði maður, sem fengist hefir við útreikningana fyrir slíkan sjóð, að gæti að mörgu leyti verið heppilegt fyrir sjóðinn. Í öðru lagi vildi jeg mælast til þess, að hin árlega,

útborgaða ellitrygging yrði ekki minni en 600 krónur á ári. Jeg vil svo mæla með því fyrir nefndarinnar hönd, að till. verði samþykt eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 201,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 201,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 223).

5. Veðrjettur ríkissjóðs í togurum h.f. „Kára".

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum h.f. „Kára" (A. 89).

Á. 20. fundi í Nd., sama dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 21. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr. (A. 89).

Frsm. (Björn Líndal): Jeg þóttist verða þess var í gær, þá er þáltill. þessari var útbýtt hjer í hv. deild, að ýmsum brygði í brún. Og það var ekki svo undarlegt, því að hjer er um allmikla fjárhæð að ræða, er snertir ríkissjóð, og sýnt, að hann mun tapa fje.

Jeg skal nú minnast á sögu máls þessa, eftir því sem mjer er hún kunn.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) skýrði frá því snemma á þinginu 1921, að þinginu hefði borist brjef frá stjórn „Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda" um ríkisábyrgð á skipakaupalánum. Erindi þessu var vísað til peningamálanefndar. Síðan var skipuð þriggja manna undirnefnd, og bar hún fram svolátandi till., sem er að finna á þskj. 610:

„Ennfremur er stjórninni heimilt að taka, fyrir hönd ríkissjóðs, ábyrgð á skuldum, er eigendur íslenskra botnvörpuskipa hafa komist í á Englandi, vegna skipakaupanna, alt að 200000 krónum fyrir hvert skip, er stjórnin telur fært að taka ábygð á, með þeim skilmálum og þeim tryggingum, er hún tekur gildar".

En er fram í umræður kemur, bólar þegar á misskilningi út af orðalagi till. Varð ágreiningur um, hvort þessar 200000 krónur ættu að vera trygðar með 1. veðrjetti í skipunum eða á eftir einhverri annari upphæð. Það virðist vera nokkurnveginn ljóst, að þannig hafi verið í pottinn búið, að skuldheimtumennirnir á Englandi hafi gefið samþykki sitt til þess, að 7000 sterlingspund hvíldu á hverju skipi með 1. veðrjetti, og án annarar tryggingar og að ábyrgðar ríkisins væri óskað fyrir frekari lánum, alt að 200 þús. kr. fyrir hvert skip. Þáverandi atvrh. (PJ) skildi þó tillöguna á annan hátt. Hann segist skilja hana þannig:

„Ætla jeg þá að taka það fram, hvernig jeg skil till. í höfuðdráttunum;

sem sje það, að taka ábygð á skuldunum, alt upp að 200000 kr. fyrir hvert skip, og þá auðvitað að því tilskildu, að skipin sjeu veðhæf og stæðu fyrst og fremst í veði fyrir þeim 200000 krónum, hvert þeirra um sig“. (Alþt. 1921, B. 1386).

Þessi skilningur þáverandi atvrh. (PJ) er ljós og ákveðinn. Þáverandi fjrh. og núverandi hæstv. atvrh. (MG) virtist hafa skilið till. á líkan hátt, því að hann vakti athygli á mismunandi skilningi þm. á till. (**Atvrh. MG:** Og nefndarmannanna sjálfra). Alveg rjett. Samkvæmt orðalagi og tilgangi tillögunnar fæ jeg þó ekki betur sjeð en að þessar 200 þús. krónur hafi átt að koma næst á eftir þessum 7000 sterlingspundum, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók þá fram við umr. í þessari hv. deild.

En þegar til hv. Ed. kemur, þá breytist skilningurinn enn skv. nál. fjvn. á þskj. 637. Þar segir svo:

„Þó gengur nefndin því aðeins að ábyrgðarheimildinni í 22. gr. fyrir skuldum íslenskra botnvörpuskipaeigenda á Englandi, að sá skilningur sje í hana lagður, að aðeins megi ábyrgjast fyrstu 200 þús. krónurnar af veðskuldum, er hvíla á hverju því botnvörpuskipi, er þar ræðir um“.

Frsm. fjvn., þáverandi 2. þm. S.-M. (SHK), leggur sterka áherslu á þetta í sinni ræðu, og virðist málið fara þannig út úr þinginu. Mjer virðist því þingviljinn hafa verið sá, að ekki hvíldi neitt á skipunum á undan þessum 200 þús. krónum. En þetta var lítil hjálp, því að telja mátti, að togaraeigendur ættu kost á nálega sömu upphæð ábyrgðarlaust, gegn 1. veðrjetti í togurunum sjálfum, eða 7 þús. sterlingspundum, og hver togari var þá miklu meira virði.

Jeg bendi á þetta aðeins til að sýna, hvað sum mál eru flausturslega og ógreinilega afgreidd frá hv. Alþingi.

Það var gert ráð fyrir því í öllum ræðum, sem þá voru haldnar um málið, að ekki ætti að taka ábyrgð á hættulegum skuldbindingum. Um þetta voru allir þingmenn sammála.

Árið 1923 er fyrst óskað eftir þessari ábyrgð af stjórn h.f. „Kára“, og ábyrgðarskjal ríkissjóðs er dags. 23. september 1923. Tekur hann sjer á hendur ábyrgð á £ 5000, næst á eftir 20 þús. £, er á skipum þessa fjel. hvíldu. Má segja, að hjer sje óvarlega farið, þótt tillagan og þingviljinn sje skilinn þannig, að 7000 sterlingspund mættu hvíla á hverju skipi á undan veðrjetti ríkissjóðs í skipunum. En þetta er óverjandi ráðstöfun, ef þingviljinn er skilinn þannig — eins og næst virðist liggja — að ríkissjóður mætti aðeins ábyrgjast gegn 1. veðrjetti í skipunum.

Hjer er einnig annað athugavert, og vildi jeg gjarnan fá upplýsingar um það. Fjárlögin 1922 gilda ekki nema fyrir það ár, en 26. september 1923 tekst ríkissjóður þessa ábyrgð á hendur. Það getur verið, að stjórnin hafi verið búin að gefa munnlegt loforð um þetta löngu áður eða nokkru, en engar upplýsingar liggja þó fyrir um það, og verður því frekar að gera ráð fyrir, að það hafi ekki verið. Heimildin var ekki endurnýjuð í fjárlögunum 1923. — Jeg leyfi mjer að telja það mjög efasamt, að ríkisstjórnin hafi löglega getað tekist á hendur þessa ábyrgð vegna ríkissjóðs í septemberlok 1923, samkvæmt

heimild í fjárlögum 1922, sem þá voru löngu úr gildi gengin. Um þetta vildi jeg gjarnan fá upplýsingar hjá þeim, er fróðari kunna að vera í þessum efnum en jeg.

Nú má telja, að á skipum þeim, er hjer ræðir um, hvíli 22 þús. pund, eða ca. 487 þús. krónur. Það er dómur manna, sem gott vita hafa á þessum málum, að skipin bæði verði naumast talin meira en 500 þús. króna virði, og jeg get sagt, að jeg tel mjög hæpið, að hægt sje að fá svo mikið fyrir þau. Annað skipið er gamalt og hitt ekki meira en meðalskip. Um engar óveðsettar eignir er að ræða. Á Viðeyjarstöðinni hvíla 151 þús. danskar krónur með 1. veðrjetti. Íslandsbanki hefir þar 2. veðrjett. Fjhn. lítur svo á, að þegar athugaðar eru allar ástæður, sje ekki sæmilegt nje hagkvæmt fyrir ríkissjóðinn að verða til þess að velta fjelaginu, og leggur því til, að veðrjetturinn sje eftir gefinn. En þetta er, eins og sjá má af greinargerðinni fyrir tillögunni, skilyrði fyrir, að fjelagið fái lánað rekstrarfje til útgerðar á þeirri vertíð, sem nú er að byrja. En geti fjelagið ekki haldið útgerðinni áfram nú á vertíðinni, er engin von um, að það geti komist hjá gjaldþrotum.

En því miður tapast hjer meira. Fjelagið á ógreiddan 42 þús. króna tekjuskatt, sem ekki mun hægt að ná. Má benda á þetta til styrktar þeirri skoðun, sem kom hjer fram í fyrra, að ekki væri ástæðulaust að lækka dálítið skattana á togarafjelögunum.

Þó að þau hafi hingað til ekki farið eins flatt og þetta fjelag, er skiljanlegt, að þessi afarhái skattur flýti fyrir því.

Jeg óskaði í gær, fyrir hönd fjelagsins, að þessu máli yrði flýtt, og hefir hæstv. forseti hjálpað til þess með því að taka það á dagskrá strax. Jeg vil leyfa mjer að óska, að báðar umr. fari fram strax, og liggur mikið við, að enginn dráttur verði á, ef hjálpin á að koma að gagni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla ekkert að fara út í það, sem hv. frsm. (BL) sagði um aðdraganda þessa máls, þar sem það gerðist fyrir tíð núverandi stjórnar. Jeg vil aðeins gera grein fyrir því, að núverandi stjórn mælir með því, að þetta sje samþ., og að till. er borin fram af fjhn. eftir beinum tilmælum stjórnarinnar. Hag þessa fjelags var svo komið nokkru fyrir síðustu áramót, að Íslandsbanki, sem hafði útvegað því rekstrarfje, neitaði að halda því áfram, af því að fjelagið hefði ekki getað staðið í skilum. Það var fyrirsjáanlegt, að ekki var um annað að gera fyrir fjelagið en að gefast upp, ef ekki tækist að fá rekstrarfje hjá Íslandsbanka. Bankinn gaf þá fjelaginu von um fje fram yfir næstu vertíð, ef ríkissjóður vildi þoka með veðrjett sinn. Þessi krafa af bankans hálfu er bygð á því, að á síðastliðnu sumri var varið allmikilli upphæð af rekstrarfjenu til viðgerðar skipunum og þannig bætt veð ríkissjóðs. Þessi tilmæli bankans eru því ekki alveg tilefnislaus.

Nú er svo ákveðið í íslenskum lögum, að veðhafi skuli hafa forgangsrjett að vöxtum í tvö ár, og er því upphæð sú, sem hvílir á 1. veðrjetti, nú nokkru hærri en 20 þús. sterl. pund. Hún mun nú vera orðin um 487 þús. ísl. krónur, og eftir þeim horfum, sem nú eru um atvinnureksturinn, vildi jeg ekki ráða ríkissjóði til þess að gera boð í skipin

sem 2. veðhafi, ef fjelagið yrði að gefa sig upp. Jeg geri ekki ráð fyrir, að hann fengi neitt upp í sína skuld. Þó að nokkrar þúsundir kynnu að verða umfram skuldina á 1. veðrjetti skipanna, þá fer varla hjá því, þegar svona fjelag er stöðvað, að einhver sjóveð sjeu fallin á skipin, sem hafa forgangsrjett fyrir veðhöfum. Stjórnin leit svo á í vetur, að meiningarlaust væri fyrir ríkissjóð að velta þessu fyrirtæki, þar sem engin von var um, að hann fengi neitt upp í veðrjett sinn. Eina vonin fyrir skuldheimtumennina, þar á meðal fyrir ríkissjóðinn, er sú, að fjelagið geti unnið sig upp. Má vera, að sú von sje völt, en þar sem ekki er farið fram á, að ríkissjóður kosti hjer neinu til, tel jeg rjett, að samþ. verði að færa til veðrjettinn og till. gangi fram. Um tekjuskatt þessa fjelags skal jeg taka það fram, að mjer var ljóst, þegar jeg gaf yfirlitið um fjárhaginn, að hann mundi ekki nást, og gerði ráð fyrir því í skýrslu minni.

Klemens Jónsson: Mál þetta hefir verið hjá fjárhagsnefnd, eins og skýrt hefir verið frá, og var afgreitt þaðan í einu hljóði. Hv. frsm. (BL) og hæstv. fjrh. (JÞ) hafa nú skýrt málið, og er ekki ástæða til að bæta þar miklu við.

Þegar málið var til meðferðar í nefndinni, var saga þess ekkert athuguð. Það var ekkert tilefni til þess, því enginn hreyfði þar neinni aðfinslu út af því. Nú hefir hv. frsm. (BL) skýrt frá sögu þess, og efa jeg ekki, að hann hafi skýrt rjett frá. Sumt af því, sem hann sagði, er mjer ókunnugt um. En eftir því mætti álíta, að stjórn sú, er að völdum sat, þegar lán þetta var veitt, hafi farið lengra en heimild sú nær, sem í fjárlögunum felst, og ekki heimtað svo góða tryggingu sem vera bar. Af því að jeg var fjármálaráðherra, er lán þetta var veitt, ætti vel við, að jeg gæfi skýrslu um málið. En jeg er alls ekki við því búinn, átti enga von á, að nein aðfinsla kæmi fram, og hefi því ekki gert mjer neitt far um að rifja upp fyrir mjer sögu málsins, en man ekki glögt, í snöggu bragði, hvernig þessum málum var háttað. Jeg man, að stjórninni þótti þessi ábyrgðarheimild ísjárverð og var lengi treg á að nota hana. Jeg þykist og muna, að einu eða tveimur togarafjelögum hafi verið alveg neitað. Það er rjett hjá hv. frsm. (BL), að þessi heimild var í fjárlögunum 1922 og átti að notast þá. En jeg þykist mega fullyrða, að þáv. fjrh. (MJ) hafi gefið fult loforð um að veita ábyrgð, en svo hafi það dregist, og síðan verið reynt að komast hjá því í lengstu lög, vegna þess, að stjórnin var yfirleitt andvíg þessum skipalánum. Jeg treysti þó ekki minni mínu svo, að jeg þori að fullyrða um þetta, en það má athuga það síðar.

Viðvíkjandi skýringu á 22. gr. fjárlaganna tók hv. frsm. (BL) rjettilega fram, að þar gat ekki verið um að ræða tryggingu með 1. veðrjetti. Það var engin hjálp við togarana, sem það vitanlega átti að vera. Vitanlegt var, að ensku lánin gengu fyrir.

Eftir því sem hv. frsm. (BL) upplýsti, var meiningin, að veita mætti hverju skipi 200 þús. kr. Sje pundið talið eins og þá var, 30 kr., koma sem næst 28 þús. pund á bæði skipin. En hjer er ekki um að ræða nema 25 þúsund punda lán, svo að frá því sjónarmiði

get jeg ekki sjeð, að stjórnin hafi farið fram yfir heimild sína. Hvort veð má teljast tryggilegt, getur altaf verið álitamál. En þetta hefir þá þótt sæmilega trygt, því þá voru skip í afarháu verði. Annars skal jeg játa, að ekkert er leiðara neinni stjórn en það, að þurfa að beita lánsheimildum. Það er aldrei lint látum fyr en búið er að pína viðkomandi ráðherra til að veita lán. Ókunnugir vita ekki, hve erfitt er að komast hjá þessu. Mín skoðun er sú, að þingið ætti sem allra sjaldnast að veita slíkar heimildir, nema stjórnin sjálf óski, sem sjaldan kemur víst fyrir. Ef tími verður til að leita frekari upplýsinga um þetta mál áður en síðari umræða fer fram, væri mjer það ljúft. En jeg fullyrði, að ekki hafi verið hægt að komast hjá að veita þessa ábyrgð, vegna gefins loforðs, og að tryggingin hafi þá þótt nægileg.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að segja, að það kom dálítið flatt upp á mig í gær, þegar settur var sjerstakur fundur hjer í deildinni til þess að taka fyrir mál, sem útbýtt var á sama fundi. Jeg hefi athugað þetta dálítið síðan, og við þá athugun hefir komið í ljós, að mjer virðist ábyrgð þessi vera til orðin án lagaheimildar. Jeg hefi leitað í Stjórnartíðindunum og enga heimild fundið, nema fyrir árið 1922, en jeg lít svo á, að sama gildi um slíkar ábyrgðarheimildir eins og fjárframlög og lánsheimildir, að þær nái aðeins yfir sama tíma og fjárlögin.

Þessi ábyrgð hefir því enga stoð í heimildum frá Alþingi. Hún mun þó bygð á heimild frá 1922, og á því ári voru slíkar ábyrgðir veittar þremur skipum, en öllum gegn góðum tryggingum.

Þegar athugaðar eru umr. um þetta mál 1921, og sjerstaklega ummæli frsm. (JakM), kemur skýrt í ljós, að gengið hefir verið út frá því sem sjálfsögðum hlut, að stjórnin yrði mjög eftirgangssöm um tryggingar. Jeg ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa upp nokkur orð út framsöguræðu frsm. Hann segir:

„Auðvitað ætlast nefndin til þess, að skipaeigendur setji ríkissjóði allar þær tryggingar, sem þeir hafa ráð á, svo sem persónulegar ábyrgðir og veðtryggingar, auk veðsins í skipunum, alt því til tryggingar, að ríkið bíði ekki tjón af ábyrgðinni —“ o. s. frv.

Þetta óhapp, sem hjer hefir hent ríkissjóð, virðist stafa af tvennu. Það er gengið þarna í ábyrgð, án þess að heimild liggi fyrir, og í öðru lagi er þess ekki gætt að fá nógu góða tryggingu. Það er kunnugt, að þó þetta fjelag, sem hjer ræðir um, sje illa statt, þá standa að því ýmsir vel efnaðir menn, sem vel gátu veitt persónulegar tryggingar, svo að ríkissjóður hefði engu þurft að tapa.

Jeg geri ráð fyrir, að ekki þýði að sakast um orðinn hlut og ríkið verði að taka við skellinum, ef ekki rætist úr fyrir fjelaginu. En þetta er góð og athugaverð bending fyrir þær landsstjórnir, sem fara með völdin framvegis, um að fara ekki út fyrir lagaheimildir, þegar líkt stendur á, og gæta þess, að búa vel um hnútana, sjerstaklega þegar áhættusöm fyrirtæki eiga í hlut. Jeg get ekki með öllu tekið undir það, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði, að vítalaust væri, hvernig máli þessu hefir undið fram.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins

að skjóta hjer fram örfáum orðum. Jeg kem ekki að efni sjálfrar tillögunnar, því að mjer er það mál lítið kunnugt, og jeg ætla ekki heldur að tala neitt um það, hvort rjett muni vera að veita þessa heimild. En jeg get ekki látið hjá líða að benda á, hve hjer er athyglisvert mál á ferðinni. Mjer virðist það kasta ljósi yfir ástandið í landinu, eins og það er nú. Hjer er um að ræða stórt útgerðarfjelag, sem svo er orðið illa statt, að það treystist eigi til að starfa áfram hjálparlaust, og forstjórar þess verða nú að ganga þau þungu spor, að biðja Alþingi hjálpar. Jeg spyr: Hvernig stendur á því, að svona er komið? Jeg er því ekki kunnugur. Er það af því, að fjelaginu hafi verið illa stjórnað? Jeg held ekki. Sá, er lengst hefir verið forstjóri fjelagsins, er einn af trúnaðarmönnum togaraútgerðarfjelagsins hjer, og jeg held, að hann sje vel virtur og talinn duglegur maður. Síðan fjekk fjelagið annan forstjóra, sem líka er talinn duglegur. Það verður því að álykta, að fjelaginu hafi ekki verið illa stjórnað.

Er það þá harðæri að kenna, er fjelagið þarf nú að stíga þessi þungu spor, að leita á náðir þingsins? Nei, það er síður en svo sje. Árið 1924 var svo sjerstakt góðæri, að menn muna varla annað eins, a. m. k. hvað viðkemur útveginum. Og í fyrra var líka mikið góðæri, svo því var a. m. k. haldið fram í gengisnefndinni alt fram á haust 1925, að það ár væri engu lakara en hitt, jafnvel betra. Það er því óhætt að segja, að það ár hafi verið mjög hagstætt útgerðinni, alt fram undir haust, er gengissveiflan hófst.

Nei, hjer er áreiðanlega ekki harðæri um að kenna. Heldur er það svo, að þó fjelaginu hafi verið allvel stjórnað, og þó alveg sjerstakt góðæri sje á undan gengið, þá er nú samt þannig komið hag þessa fjelags, að það neyðist til þess í lok þessa tímabils að koma til ríkisins og biðja um hjálp.

Það, sem er athugaverðast við þetta mál, er það, að hjer er ekki um neitt einsdæmi að ræða. Hjer hafa komið fram upplýsingar um það, að þrátt fyrir undangengið góðæri, þá er ástand atvinnuveganna, og einkum stórútgerðarinnar, svona ákaflega alvarlegt. Og jeg er ekki í vafa um ástæðuna. Ástæðan er sú, að ekkert hefir verið gert til þess af þingi eða stjórn að tryggja einhvern fastan verðlagsgrundvöll, sem atvinnuvegirnir geti treyst á. Í stað þess eru lagðar ógurlegar byrðar á herðar atvinnuvegunum og þeim íþyngt langt fram yfir það, sem dæmi eru til. Þetta er annað atriðið, sem jeg vildi benda á.

Hitt atriðið er svo þetta: Er nokkurt vit í því að halda áfram á sömu braut? Það er nú á valdi Alþingis að skera úr þessu, og jeg vildi ekki láta hjá líða að benda hv. deild á það í sambandi við þetta mál, að enn er eftir að ráða til farsællegra lykta stærsta vandamálinu, sem liggur fyrir þessu þingi. En þessi till. sýnir okkur enn nýtt dæmi um það, hve þýðingarmikið það er.

Fjármálaráðherra (JÞ): Viðvíkjandi hugleiðingum hv. þm. Str. (TrÞ) vildi jeg aðeins segja það, að þær mundu hafa orðið heldur meira virði til upplýsingar því máli, sem hjer liggur fyrir, ef hann hefði verið ögn betur kunnugur hag þessa útgerðarfjelags og tildrögunum til þess, að svona er komið

fyrir því. Hann lýsti sjálfur yfir því, að hann væri þessu ókunnugur, svo ekki var von, að ræða hans gæfi miklar upplýsingar. Það þarf ekki lengi að rekja aðdragandann að því, að svona er komið fyrir fjelaginu. Það nægir að minna á það, sem tekið var margoft fram á síðasta þingi, að þó árið 1924 hefði verið góðæri fyrir útgerðina, þá gátu þessi fyrirtæki ekki notið þess, sökum þess, að allur hagnaðurinn fór til þess að greiða gamlar skuldir. En þó hagur þessa fjel. sje nú að ýmsu leyti örðugur, þá er hann samt töluvert betri nú en við árslok 1923. Það mundi ýmislegt horfa öðruvísi við, ef hægt hefði verið að fá ýmsa hv. þm. og þar á meðal hv. þm. Str. (TrÞ) til þess að skilja þetta á síðasta þingi. Hefðu menn þá almennt skilið ástandið eftir hina örðugu tíma, þá mundi nú standa betur á fyrir ýmsum þessum fyrirtækjum en nú er raun á. En hinsvegar tel jeg ekki ástæðu til þess að örvænta, þó hagur þessa atvinnuvegar hafi hallast um stund. Hitt er rjett og sjálfsagt fyrir Alþingi, að taka fult tillit til ástandsins, eins og það er, og gera þær ráðstafanir í því sambandi, sem við eiga. Og meðal slíkra ráðstafana tel jeg þessa till., sem hjer liggur fyrir, og er í raun og veru alveg útgjaldalaus fyrir ríkið, eins og nú er komið þessu máli.

Klemens Jónsson: Jeg get nú upplýst, að þetta mál lá fyrir fjhn. á þingi 1922, og við umræður þær um málið, sem þar urðu, voru þeir báðir viðstaddir, fyrv. fjrh. Magnús Jónsson og núv. hæstvirtur atvrh. (MG). Ennfremur var þar staddur umboðsmaður þess banka, Íslandsbanka, þar sem skuld fjelagsins stóð. Málið var rætt á tveim eða þrem fundum, og var þar loks tekin svohljóðandi ákvörðun, sem jeg skal lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir að nefndin hefir ítarlega kynt sjer alla málavexti, leggur hún til, að ríkisstjórnin, f. h. ríkissjóðs, takist á hendur ábyrgð fyrir ofangreind skip, að svo miklu leyti sem þurfa þykir, þó að því tilskildu, að viðkomandi fjelög eða eigendur skipanna setji ríkissjóði þá gagnábyggð, sem ríkisstjórnin álítur fullnægjandi í hverju einstöku tilfelli“.

Ennfremur segir svo:

„Þetta álit nefndarinnar, ásamt öllum málsskjölum, var samþykt að senda ríkisstjórninni brjeflega“.

Jeg get ekki skilið síðasta ákvæðið öðruvísi en svo, að þar með sje stjórninni heimilað að ábyrgjast þetta lán á eftir hinum öðrum lánum, sem á fyrirtækinu hvíldu, og meira að segja ýtt undir hana að gera það. Verður því að slá því föstu, að stjórnin hafi alls ekki farið út fyrir þessa heimild.

Hv. þm. Borgf. (PO) hefir endurtekið það, að stjórnin hafi farið út fyrir heimildina, af því að hún hafi eingöngu gilt fyrir árið 1922, en fallið úr gildi 1923. En því hefir verið lýst yfir, að fyrir lá sannanlegt loforð ráðherra í tæka tíð, og það er líka ætíð álitin skylda að uppfylla slík loforð. Ennfremur gilda fjárlög jafnan nokkuð fram yfir áramót, þannig, að þeim er ekki lokað að jafnaði fyr er í apríl eða maí árið eftir. En það getur auðvitað ekki verið álitamál, að það sama gildir um heimild eins og þessa og beinar fjárveitingar.

Hvað snertir hitt atriðið, sem hv. þm. Borgf. (PO) talaði um, sem sje tryggginguna, þá er það vitanlega altaf álitamál, hvort trygging sje gild eða

ekki, þegar um lán er að ræða. Það er alkunna, að bankarnir hafa þessi ár tapað stórfje á lánum, sem upphaflega hafa vafalaust verið talin allvel trygð. En svo hafa þær tryggingar reynst ónógar, eða þær hafa rýrnað að verði. Og jeg held, að bönkunum verði ekki ámælt fyrir það, þó ábyrgðir hafi ekki reynst tryggar eða tryggingar rýrnað vegna óviðráðanlegra verðbreytinga. En jeg vil benda á það, að það, að svona lengi drógst að veita ábyrgðina fyrir því láni, sem hjer er um að ræða, stafaði einmitt af því, að það var verið að reyna að ganga sem best frá tryggingunni. Jeg held sem sagt, að menn ættu að fara mjög varlega í að kasta þungum steini að þeim mönnum, sem á þeim tíma áttu að meta tryggingar. Verðgildi peninga hefir breyst, og auk þess hafa skip rýrnað mjög í verði, svo að hagur útgerðarinnar stendur mjög höllum fæti. Enda hefir maður, sem þessu er nákunnugur, sagt hjer, að ein fjögur útgerðarfjelögin hjer stæðu sæmilega að vígi, en hin væru öll meira eða minna gjaldþrota.

Frsm. (Björn Líndal): Jeg vil taka það fram, að þó að sjútvn. á þingi 1922 hafi rætt þetta mál og gert um það till., þá breytir það í raun og veru engu gagnvart því, sem jeg hefi haldið fram. Það er aðalatriði málsins að fá það upplýst, að hve miklu leyti hægt er að nota slíka heimild sem þá, er hjer ræðir um, eftir að fjárhagstímabilið er liðið. Það stendur nú í fjárlögunum, að þau gildi aðeins fyrir það ár, sem þau eru gerð fyrir. En það er rjett hjá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að óhjákvæmilegt er, að þau gildi nokkuð lengur, eitthvað fram yfir áramót, a. m. k. hvað snertir útborganir á ákveðnum fjárveitingum. En það er nokkuð öðru máli að gegna um ábyrgðarheimild eins og þessa, og það því fremur sem hún kemur ekki í framkvæmd fyr en svona seint — í september 1923. Jeg er ekki með þessu að áfellast hv. 2 þm. Rang. (KlJ), en jeg vil fá það skýrt fram, hvort þetta eigi að skoðast gilt fordæmi eða ekki. Jeg er fyrir mitt leyti alveg eindregið á móti því, að slíkt verði eftirleiðis talið leyfilegt, og vil, að þingið mótmæli slíku í framtíðinni.

Hvað tryggingunа snertir, þá get jeg ekki með mínum besta vilja sjeð, að heimildin hafi náð til nema 200 þús. kr. á hvern togara, á eftir 7000 sterl. pd. En hjer er gert ráð fyrir, að 20000 sterl.pund hvíli á þeim báðum, og er þó alkunnugt, að þetta eru einhverjir allra ljelegustu togararnir í öllum flotanum. Nú er það upplýst, að skipin hafi verið keypt fyrir hálfa miljón kr. upp og ofan, en allir viðurkenna, að skip hafi lækkað mjög mikið í verði síðan, og þegar ábyrgðin er undirrituð, stóð sterl.pundið ekki langt frá 30 kr. Hvíla þá ca. 600 þús. kr. á skipunum. Þetta virðist mjer nokkuð mikið. En nú er komið sem komið er, og verður ekki aftur tekið. En mjer virðist rjett, að í tilefni af þessu máli lýsi þingið því ákveðið og eindregið yfir, að það krefjist þess af hverri stjórn, að hún gæti nákvæmlega fyrirmæla þingsins um alt, er að fjármálum lýtur, og fari þar aldrei lengra en hún hefir fulla og ótvíræða heimild til.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf hjer raunar engu að svara, því að hv. þm. Ak. (BL) hefir tekið af mjer ómakið. En mjer dylst það ekki, að þegar maður ber sam-

an þá ábyrgðarheimild, sem þingið samþykti 1922, og þá, sem nú er um að ræða, þá er munurinn mjög mikill. Og jeg býst ekki við því, að hluthafar fjelaganna yfirleitt hefðu boðið persónulega trygging af annari ástæðu en þeirri, að stjórnin hafi ekki gert neinn kost á ábyrgð ríkisins að öðrum kosti. En þegar hvíldi jafnmikið á 1. veðrjetti í skipum þessa fjelags eins og tekið hefir verið fram, þá var tryggingin alvel ónóg og því teflt á tvær hættur að ganga inn á slíkt. Nú er það líka komið á daginn, að ríkissjóður, eða þeir, sem staðið hafa að þessu fyrir hans hönd, hafa tapað á ábyrgðinni, eins og útlitið er nú.

Jeg hverf ekki frá því að slá því föstu, að slík ábyrgðarheimild sem þessi geti aðeins gilt fyrir það ár, sem fjárlögin ná yfir. Og þó hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hjeldi því fram, að fjárlög væru jafnan látin gilda einn til tvo mánuði fram yfir áramót, þá getur það verið rjett hvað snertir greiðslur á beinum fjárveitingum. En þetta tilfelli kemst í öllu falli ekki einu sinni undir þá reglu, því heimildin fyrir ábyrgð þessari var ekki notuð fyr en 26. sept. árið eftir. Þetta vakti fyrir mjer, er jeg í upphafi talaði um þetta mál. Annars er tilgangslaust að deila um það, hvort ábyrgðarveitingin hafi verið rjettmæt eða ekki, úr því sem komið er. En mjer þætti gott, ef þessar athugasemdir mættu verða til þess, að slíkt kæmi ekki fyrir í framtíðinni.

Sigurjón Jónsson: Mjer hefir virst koma fram dálítill misskilningur hjá sumum hv. þdm. viðvíkjandi upphæð ábyrgðarinnar og nú síðast hjá hv. þm. Borgf. (PO). Jeg skal því leyfa mjer að taka upp aftur nokkur atriði, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) benti rjettilega á. Eins og hv. frsm. (BL) tók fram, þá mátti samkvæmt heimild þingsins hvíla alt að 700 £ á skipi á undan ábyrgð ríkissjóðs, sem nam 200 þús. kr. á skip. Á hverju skipi mátti þá hvíla alt að 14 þúsund £ eða samtals 28 þúsund £ á tveim skipum. — Nú er um það að ræða, að ríkið ábyrgist 5000 £ fram yfir 20 þús. £, og koma þá ekki til að hvíla á skipunum nema 25 þús. £. Það er því, eins og áður hefir verið tekið fram, ekki um það að ræða að auka ábyrgðina frá því, sem áður var heimilað, heldur þvert á móti. Þetta var alveg ljóst hjá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), og jeg er sannast að segja dálítið undrandi yfir þeim hv. þdm., sem ekki geta skilið þetta. **(PO:** Þetta er algerlega rangt!). Það segir sig sjálft, að það var engin ívilnun við fjelagið af ríkisins hálfu að heimila ábyrgð á £ 7000 gegn 1. veðrjetti í hverju skipi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil aðeins taka það fram, út af þeim orðum, sem hjer hafa fallið um það, hvort fjárlög gildi aðeins eitt ár eða eitthvað lengur, að jeg tel engan vafa á því, að fjárveitingar þeirra gildi aðeins eitt ákveðið ár, sem þau eru gefin út fyrir. Og það er í sjálfu sjer holl og góð regla að halda fast við það. En þó er jeg engan veginn viss um, að það sama gildi um slíkar ábyrgðarheimildir sem þessa, er í fjárlögum standa, því fjárlögin sjálf ákveða aðeins um fjárveitingar, að þær gildi aðeins fyrir þetta eina ár. Það mætti því ef til vill líta svo á, að ábyrgðarheimild þessi væri ekki svo einskorðuð við vissan tíma. Sem sagt,

jeg tel það hollan skilning á ákvæðum fjárlaganna, að þau sjeu ekki bindandi nema fyrir það ár, er þau gilda. Hinsvegar verður hver stjórn að standa við þau loforð, sem hún hefir sjálf gefið, eða sú stjórn, sem hún hefir tekið við af, og eins þótt þau skjöl, sem málið snerta, sjeu ekki tilbúin til undirskriftar fyr en eftir að fjárhagstímabilið er útrunnið. Það verður að skilja þetta svo, að ábyrgðin hafi verið veitt um leið og stjórnin gaf loforð um, að hún skyldi verða veitt. Þetta segi jeg ekki af því, að jeg sje á móti því, að haldið verði við strangasta skilning á ákvæðum fjárlaganna. Jeg hefi líka yfirleitt mælt á móti því að setja slíkar ábyrgðarheimildir í fjárlög. En hvað sem því líður, þá er það víst, að þessi ábyrgð er gild og bindandi fyrir ríkissjóð, eins og nú er komið.

Frsm. (Björn Líndal): Jeg vildi leiðrjetta þann misskilning, sem mjer virtist koma fram í orðum hv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Hann virtist ekki geta viðurkent það, að 2×7 eru ekki nema 14, og ef 7 þús. £ mega mest hvíla á hverju skipi á undan veðrjetti ríkissjóðs, mega ekki meira en 14 þús. £ hvíla á tveimur skipum. Þetta var það hámark, sem telja má að ákveðið hafi verið á þinginu 1921, hafi annars nokkuð mátt á skipunum hvíla á undan veðrj. ríkissjóðs. Og samkvæmt því mátti ábyrgðin nema 400 þús. kr. fyrir bæði skipin, næst á eftir 14 þús. £. En hún varð ekki nema 5 þús. £ eða 150 þús. kr. á bæði skipin, og er það auðvitað nokkur bót í máli, þar sem á undan þessum veðrjetti ríkissjóðs hvíldu 20 þús. £ á skipunum í stað 14 þús. £ mest.

Hvort þetta hafi verið rjettur skilningur hjá stjórninni, að nota heimildina þannig, skal jeg ekki um segja. En hitt er víst, að allar hinar ábyrgðirnar, sem heimilaðar voru 1921, voru trygðar með 1. veðrjetti í skipunum, en það sýnir, að varhugavert hefir þótt að víkja frá þeirri reglu. Ríkissjóður hefir heldur ekki beðið neitt fjárhagslegt tjón vegna þessara ábyrgða. Ábyrgðin fyrir „Kára"-fjelagið er hrein undantekning og eina hættulega ábyrgðin.

Út af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ) skal jeg taka það fram, að jeg drap á það í framsöguræðu minni, að hvergi sæist, að loforð hefði verið gefið af stjórninni um ábyrgð samkv. ábyrgðarheimildinni 1922. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að ef slíkt loforð hefði verið gefið, þá hefði verið rjett að efna það, enda þótt komið væri fram á árið 1923, og ef stjórnarskifti yrðu undir slíkum kringumstæðum, þá væri viðtakandi stjórn bundin við loforð fráfarandi stjórnar. Þessu skal jeg ekki andmæla, en jeg hefi hvergi getað sjeð, að stjórnin hafi verið bundin slíku loforði, og meðan jeg fæ ekki slíka sönnun, þá vil jeg halda því fram, að stjórnin hafi alls ekki verið bundin.

Hákon Kristófersson: Síðustu ummæli hv. frsm. gefa mjer tilefni til að mótmæla þeim skilningi algerlega, að það hljóti að vera undir hverjum kringumstæðum bindandi fyrir komandi ráðherra, sem fráfarandi ráðherra kynni að hafa lofað. (**BL:** Samkvæmt lögum). Ef þessi skilningur á að vera „praktiseraður", þá erum við komnir inn á dálítið hættulega braut. Jeg hjelt, að mörg endemi gætu komið fyrir, en jeg

bjóst ekki við að heyra slíkum skilningi haldið fram hjer. (BL: Jeg held fast við hann). Það er nú altaf hægt að segja, en það er ekki þar með sagt, að sú fastheldni sje bygð á rjettum rökum. Og ef nokkuð er bygt á rökum heimskunnar, þá er það þetta. Hitt er annað mál, hvort stjórn er skylt að halda þau gefnu loforð, sem kanske er ekki hægt að koma í framkvæmd á þeim tíma, sem fráfarandi stjórn hefir gefið þau.

Jeg skal ekki fara mikið inn á þær deilur, sem hafa átt sjer stað um þetta mál, enda þótt jeg álíti, að dálítill misgáningur hafi átt sjer stað í því að heimta nauðsynlega tryggingu gagnvart ríkissjóði frá þessu fjelagi. Hv. frsm. hefir bent á það í síðustu ræðu, hversu tryggilega hefir verið um hnútana búið gagnvart þremur öðrum fjelögum. Nú er mjer spurn: Hvers vegna hefir þetta fjelag komist að betri kjörum en önnur? Því að vitanlega var loforð eða heimild Alþingis bundin þeim föstu skilyrðum, að stjórnin áliti trygginguna, sem fjelögin hefðu að bjóða, fullkomlega frambærilega.

Bæði hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og fleiri hafa sagt, að það væri lítil hjálp gagnvart fjelaginu, ef við ætluðum að setja upp nægilega tryggingu. Það er dálítið einkennilegt að heyra þetta, því vitanlega gæti þannig á staðið, að það geti verið næg trygging fyrir ríkissjóðinn, sem hlutaðeigandi bankastofnun tekur ekki gilda.

Þessi mótmæli mín gilda jafnt gagnvart ummælum hæstv. fjrh. (JÞ), þar sem hann taldi ríkissjóðinn bundinn við ábyrgðina. Ef stjórnin gengur inn í tryggingar, sem ríða í bága við þær heimildir, sem fyrir liggja, þá eru slíkar ráðstafanir mjög athugaverðar og ríkissjóður tæplega bundinn við þær.

Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. fjrh. (JÞ): Hver er eiginlega hjálpin, sem í því liggur fyrir fjelagið, ef till. þessi verður samþykt? Þar segir reyndar: „Fái fjelagið þessa ósk uppfylta, þá mun rekstrarfje fást frá Íslandsbanka“. Þetta má vel vera, en er ekki þá verið aðeins að bæta einum lið við þá óhappakeðju? Og eru nokkrar líkur til, að þetta rekstrarfje borgi sig? Því er ömurlega lýst, ástandinu í þessu fjelagi, og það er sjálfsagt svo. En það liggja ekki mjer vitanlega fyrir neinar upplýsingar um það, hvernig eignum fjelagsins og skuldum er varið. Heyrt hefi jeg lauslega, að það ætti fyrirliggjandi mjög mikið af fiski frá síðasta sumri. Mjer hefir einnig verið sagt, en ekki veit jeg, hvort það er alveg rjett með farið, að salan hafi fyrirfarist af óheppilegum ráðstöfunum fjelagsstjórnarinnar.

Það var borið á mig og það af jafnmiklum manni og hv. þm. Str. (TrÞ), að því leyti sem jeg á hlut að máli, sem einn verandi í Íhaldsflokknum, að hann hefði viljað gefa stórgróðamönnum í Reykjavík 613 þús. kr. í fyrra. Þetta var prentað feitu letri í því víðlesna blaði, sem vinur minn er ritstjóri að. Nú lýsir hv. þm. því yfir, að hag þessa fjelags, sem um er að ræða, sje þannig háttað, að það sje alls ekki borgunarfært fyrir þessum 42 þús. kr. Ætli mætti þá ekki að rjettu lagi draga þessar 42 þús. kr. frá þessari gjöf Íhaldsflokksins? Gjöf, sem auðvitað aldrei átti sjer stað nema í huga þeirra manna, sem ekki er vel sýnt um það að segja sannleikann.

Þá sagði hv. þm., að það væri af því,

hvað peningar væru illa verðfastir, að fjelagið væri í vandræði komið. Það má vera, að gengissveiflan hafi haft mikil áhrif. En þetta fjelag hefir altaf verið á heljarþröminni frá fyrstu byrjun. Mjer er nú spurn, hvort það eigi ekki að láta fara sem fara vill um það, sem ekkert vit er í að vera að hanga lengur með. Ef aflaleysi er fyrir dyrum, eins og sýnist líta út fyrir, þá er það aðeins stundarfrestur, sem við gefum fjelaginu, en það hlýtur hvort sem er að kollvarpast.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. þm. Barð. (HK) spurði, hvaða hjálp fjelaginu væri að þessu. Jeg verð að segja, að jeg get ekki svarað þeirri spurningu. Það stóð svo fyrir áramótin, að ef stjórnin hefði viljað gera það upp á sitt eindæmi að gefa eftir þennan rjett, þá má jeg segja, að fjelagið hafði loforð um rekstrarlán, sem fleytti því fram yfir næstu vertíð, ef engin sjerstök óhöpp hefðu komið fyrir. Jeg veit ekki, hvernig þetta stendur nú, hvort fjelagið getur fengið rekstrarlán, þótt till. verði samþ.

En till. er þannig orðuð, að þá verður ekkert af neinni eftirgjöf um þennan veðrjett af ríkissjóðs hálfu, ef fjelagið fær ekki rekstrarlán til loka næstu vertíðar. En það hefir ekki komið fram í umræðunum, sem þó er rjett að geta um, að forráðamenn þessa fjelags, og raunar ýmsir aðrir, sem vit hafa á, telja allar líkur á því, að hagur fjelagsins verði betri eftir vertíðina en nú, þannig að fyrir skuldheimtumenn fjelagsins í heild sje það hagstæðara að lofa fjelaginu að halda áfram til vertíðarloka og láta það heldur hætta þá, ef svo illa á að fara, að fjelagið líði undir lok á þessu ári.

Fyrir mitt leyti held jeg, að frá hvaða sjónarmiði sem litið er á málið, verði það að teljast æskilegra, ef kostur er, að fjelagið gæti fengið að halda áfram fram yfir vertíð, og að það væri varla rjett, úr því að ríkisvaldið einu sinni fór út í það að styðja þennan atvinnurekstur með ábyrgðarheimildinni, sem veitt var 1921, að kippa nú að sjer hendinni, án þess þó að hafa nokkuð í aðra hönd, og fyrirtækið þurfi þess vegna að hætta og stöðva skipin rjett undir vertíðarbyrjun.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð, því jeg vil ekki nota málfrelsi hjer í hv. deild til þess að blanda mörgu öðru í umræður. Aðeins vildi jeg kvitta fyrir vinsamlega kveðju frá vini mínum, hv. þm. Barð. (HK), þar sem hann í þessu sambandi mintist á þá breytingu á tekjuskattslögunum, sem stjórnin vildi koma á í fyrra og samþ. var hjer í deildinni.

Hv. þm. vjek að orðum, sem jeg ljet falla út af þessu, og virtist líta svo á, að við Framsóknarmenn hefðum gert rangt, þegar við vildum hindra þessa lagabreytingu. Jeg vil minna hv. þm. Barð. (HK) á það, að ef hann vill bera fram þungar ávítur, þá á hann að „skjóta geiri sínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er“. Við Framsóknarm. erum í minni hl. í báðum deildum. En voru það bara Framsóknarmenn í Ed., sem neituðu þessari breytingu? Nei. Allir flokksmenn hv. þm. Barð. (HK) neituðu, því að þeir álitu rangt að samþ. þessa skattabreytingu. Og jeg hefi meira álit á Íhaldsm. fyrir þetta. Þeir

sáu, að við höfðum á rjettu að standa, og stóðu með okkur. Vilji hv. þm. bera ásakanir á einhverja fyrir þetta, þá eru það líka flokksmenn hv. þm. í hv. Ed.

Sá grundvöllur, sem við stöndum á, er sá, að útgerðarfjelögin eigi að borga sína skatta, en að við eigum hinsvegar að skapa öllum atvinnurekstri öruggan grundvöll til þess að stunda sína atvinnu, og þá fyrst og fremst verðfesta peninga.

Hákon Kristófersson: Jeg var alls ekki að bera fram þungar ásakanir. En það er dálítið undarlegt, að hv. þm. er stundum að kvarta yfir því, að Framsóknarmönnum væri ekki hægt að koma fram góðum málum, af því að þeir væru í minni hluta. En þó hefir hv. þm. skýrt frá því áður, að alt, sem betur mætti fara í því, sem kemur frá þinginu, væri frá Framsóknarmönnum, sem einmitt eru í minni hl. Hitt, sem miður færi, væri alt Íhaldsm. að kenna. Þetta hefir hv. þm. (TrÞ) tekið greinilega fram í blaði sínu, en nú fullyrðir hann þveröfugt um Íhaldsmenn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 4. mars, var till. tekin til síðari umr. (A.89).

Og skamt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 : 3 atkv.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætlaði að láta þetta líða hjá mjer án þess að taka til máls. En það er aðeins ein spurning, sem jeg vildi leyfa mjer að bera upp fyrir hæstv. stjórn og hv. nefnd.

Því er haldið fram, að frá ríkissjóðsins hálfu skifti það engu að gera þessa tilfærslu. Má jeg þá spyrja: Skiftir það bankann nokkru? Hvers vegna gerir hann þetta að skilyrði? Mjer kemur það þannig fyrir, að úr því að bankinn setur þetta skilyrði, þá álíti hann sjer einhvern hag í því. Og ef draga má ályktun af því, þá spilar ríkissjóðurinn þessari tryggingu úr höndum sjer, sem hann annars kynni að hafa eitthvert gagn af.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það hefir verið gerð grein fyrir því í áliti stjórnarinnar og nefndarinnar, að ef fjelagið verður að stöðvast nú og veðhafar ganga að veðum sínum, og þar á meðal ríkissjóður, þá muni veðskuldin vera að öllu leyti töpuð. En hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) spurði: Skiftir það bankann nokkru máli að fá þennan veðrjett? Það getur vel gert það, ef bankinn þá lætur fjelagið hafa rekstrarlán til þess starfa yfir vertíðina. Og verði hagnaður af því, þannig að fjelagið geti skilað meiru en sjálfu rekstrarfjenu, þá er það raunverulega svo, að bankinn tryggir sjer þennan afgang með því að fá veðrjettinn. Hann tryggir sjer það, sem hann álítur að græðast muni fyrst um sinn á því að halda fjel. við. Þetta gæti ríkissjóður útvegað sjer, ef hann vildi leggja fjelaginu til rekstrarfje. En fram á það hefir enginn farið, og fáir myndu mæla með því.

Því er þess vegna ekki svo varið, að við sjeum að gefa bankanum eftir neitt það, sem ríkissjóður á að fá.

Þórarinn Jónsson: Jeg bjóst við þessu svari, að líkur væru fyrir því, að fjelagið rjetti sig við á vertíðinni. En hvernig á jeg að koma þessu heim við horfurnar, sem nú eru fyrir sjávarútveginum? Jeg hefi aldrei heyrt annað en það, að gengið og fallandi verðlag hafi orsakað það, að tap varð undantekningarlaust alstaðar. Hvernig á jeg að koma þessu heim og saman? Ef hægt væri að sýna fram á það með einhverjum líkum, að fjelagið hagnaðist á þessu ári, þá er ekkert við þessu að segja. En eftir því sem útlitinu er lýst, þá virðist mjer engin hugsanleg leið til þess. Og þá finst mjer þetta umstang í raun og veru hafa ekkert að þýða.

Fjármálaráðherra (JÞ): Till. leggur það undir mat Íslandsbanka, hvort hann álíti von um vinning við það að láta fjelagið halda áfram fyrst um sinn. Það á ekki að gefa veðrjettinn eftir, nema því aðeins, að fjelagið fái rekstrarlán. Fáist það ekki, kemur eftirgjöfin ekki til greina. Ríkissjóður hefir enga von um að fá neitt upp úr þessum veðrjetti. En hinsvegar býst jeg naumast við, að bankinn muni sjá fjelaginu fyrir rekstrarfje áfram, nema hann telji einhverja von um, að tap sitt verði minna en ella. Og jeg verð að halda fast við það, sem jeg hefi áður sagt, að jeg tel það tæplega rjett af löggjafarvaldinu að taka á sig sjerstaka ábyrgð á því, hvað bankinn gerir, þar sem ekki er til neins að vinna fyrir ríkissjóðinn.

ATKVGR.

Till. samþ. með 19 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SvÓ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, JakM, JAJ, JS, JK, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, PÞ, SigurjJ.

nei: ÞórJ, BSt, HK, IngB, PO.

TrÞ og BSv greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (BJ og JBald) fjarstaddir.

Till. afgr.til Ed.

Á 20. fundi í Ed., næsta dag, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 89).

Á 21. fundi í Ed., laugardaginn 6. mars, var till. tekin til meðferðar h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var till. tekin til f y r r i u m r.

Fjármálaráðherra (JÞ): Tildrög þessa máls eru þau, að árið 1921 veitti þingið stjórninni heimild til þess að taka ábyrgð á skuldum ýmsra togarafjelaga, er þau höfðu komist í vegna skipakaupa. Heimild þessi er í fjárlögunum 1922.

Í september 1923 tók svo stjórnin ábyrgð á 5000 sterl.pundum fyrir h.f. „Kára", gegn 2. veðrjetti í skipum fjelagsins, næst á eftir 20000 sterl.punda skuld. Ábyrgð þessi var í þeirri mynd, að öll skuldin, 25000 sterl.pund, var við banka í Englandi, en Íslandsbanki tók að sjer ábyrgð á greiðslu 5000 sterl.punda og ríkissjóður gagnvart honum aftur.

Fyrir þessu fjelagi hefir nú gengið erfiðlega, og undir árslok 1924 varð Íslandsbanki að greiða þessi 5000 sterl.

pund til enska bankans, en ábyrgð ríkissjóðs til Íslandsbanka var þá breytt í íslenskar krónur, með því gengi, sem var á sterl.pundum, er greiðsla fór fram. Síðan hafa bæst við vextir, og stendur nú svo, að ábyrgð ríkissjóðs nemur rúmlega 172 þús. kr.

Um síðastliðin áramót var hagur „Kára“-fjelagsins svo, að það gat ekki fengið lán í Íslandsbanka, vegna þess, að það hafði eigi getað skilað aftur því rekstrarfje, er bankinn hafði lánað því í fyrra. Þess vegna vildi bankinn eigi veita fjelaginu rekstrarlán á þessu ári. Þó fjelst hann á það að lokum að lána fje fram yfir vertíð, ef ríkissjóður vildi sleppa við sig 2. veðrjetti og færa sinn veðrjett aftur. Fyrir þessu er fram borin sú sanngirnisástæða, að sú upphæð, er fjelagið gat eigi skilað bankanum á s. l. ári, hafi farið til viðgerðar á skipum fjelagsins, eða með öðrum orðum farið til þess að bæta það veð, sem ríkissjóður hefir.

Um sama leyti og farið var fram á það, að ríkissjóður færði aftur veðrjett sinn, hafði skuld fjelagsins við útlenda bankann aukist að mun frá því sem hún var, þá er Íslandsbanki greiddi þessi 5000 sterl.pund. Og sú aukning stafaði af því, að fjelagið hafði eigi getað greitt vexti af þeirri skuld. Má nú telja, að á skipunum hvíli með 1. veðrjetti 487 þús. ísl. kr., en þau eru bæði metin af trúnaðarmönnum stjórnarinnar á 500 þús. kr. Sýndist stjórninni því, að veðrjettur ríkissjóðs væri einskis virði, enda þótt skipin væru virt 13 þús. kr. hærra en á þeim hvílir á 1. veðrjetti, því að ef gengið væri að fjelaginu nú, þá mun falla á margvíslegur kostnaður, og hætt er við, að ýms sjóveð muni vera á undan 2. veðrjetti.

Stjórnin lítur svo á, að fyrst ríkissjóður tók á sig ábyrgð þessa til þess að bjarga fjelaginu, þá væri lítið samræmi í því, ef nú væri farið að stöðva rekstur fjelagsins, án þess að ríkissjóður fengi neitt í aðra hönd.

Jeg skal ekkert fullyrða um það, hvort þessi eftirgjöf ríkissjóðs nægir til þess að tryggja fjelaginu nægilegt rekstrarlán, en ef tilfærslan verður ekki til þess, að lánið fáist, þá verður hún ekki veitt.

Eftir fyrri ára reynslu um útgerðina hjer má búast við því, að fjelagið hafi einhvern tekjuafgang að vertíð lokinni. Og því er það betra, ef fjelagið á að fara yfir um á annað borð, að það verði ekki fyr en eftir vertíð.

Stjórninni virtist því rjett að verða við þessum tilmælum og mælir með því, að Alþingi veiti hina umtöluðu heimild.

Jónas Jónsson: Jeg hefi ekki sannfærst um nauðsyn þessa máls af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), þótt vera kunni, að jeg sannfærist, ef frekari rök koma. En jeg óska þess, að málinu verði ekki hraðað svo hjer í þessari hv. deild eins og gert var í hv. Nd., þar sem það var afgreitt með tvennum afbrigðum. Slíkur flýtir og undanþágur eru venjulega viðhöfð, þegar vafamál er á ferðinni.

Það er annars ýmisl., sem ástæða væri að taka til athugunar, viðvíkjandi þessari eftirgjafarbeiðni. Það er beðið um, að ríkissjóður gefi eftir 2. veðrjett fyrir veðskuld, sem fyrirsjáanlegt er að ríkissjóður verður að borga, og þessi beiðni er rökstudd með því, að tiltekin lánsstofnun vilji lána fjelaginu fje, ef þessi veðrjettur fáist eftirgefinn, og því er bætt við til árjettingar, að þessi veðrjettur ríkissjóðs, sem verið er að

biðja um eftirgjöf á, sje, eins og nú standi, alveg einskis virði. Þetta verður maður að taka sem trúaratriði aðeins, — að Íslandsbanki vilji lána stórfje út á veð, sem sje einskis virði. Þá er sagt, að fjelagið muni jafnvel leysast upp í lok þessarar vertíðar. Hvað er þá unnið við, að ríkissjóður gefi Íslandsbanka eftir þennan 2. veðrjett sinn eða rjettara sagt vonina í þessum veðrjetti? Öll málafærslan í þessu eftirgjafarmáli gerir málið veikara og ótrúlegra. Hæstv. fjrh. (JÞ) segir, að veðið fari mikið eftir gildi íslenskrar krónu. Eftir því mætti ætla, að ef gengið hefði ekki breyst, mundi veð ríkissjóðs í togurunum hafa verið talið allgott. Nú veit enginn, hvernig gengi peninganna verður varið í vertíðarlokin, eða eftir 1—2 ár að minsta kosti, en margir eru þeirrar skoðunar, að íslenska krónan muni hrapa í verði á næstunni, því útlitið með vertíðina sje alls ekki gott. Ef það er rjett, að gengið breyti gildi veðsins, verður að álíta veðið óútreiknanlegt; en hitt er víst, að það er verið að fara fram á, að ríkið gefi eftir alla von um, að nokkuð hafist upp úr þessum veðrjetti, ef möguleikarnir til að hafa eitthvað upp úr því, eru undir genginu komnir.

Það er ilt, að hæstv. ráðh. (JÞ) hefir enga aðra skilagrein gefið um rekstur fjelagsins en þá, að hann hefir sagt frá því, að nokkur hluti tekjuskatts fjelagsins frá síðasta ári sje enn ógreiddur og að vonlaust sje um, að hann fáist nokkurntíma. En það hefir flogið fyrir, að fjelagið hafi greitt hluthöfunum stórkostlegan arð. Sje það satt, og svo hitt, að fjelagið hafi varið 150 þús. kr. í viðgerð á togurunum, en engan tekjuskatt þóst geta greitt, þykir mjer skörin vera farin að færast upp í bekkinn, er fjelagið kemur og biður um þessa eftirgjöf. Þá er heldur varla von til, að fjelagið geti rjett hag sinn, ef það hefir greitt hluthöfunum alt of háan arð. Þetta finst mjer vera athugunarefni fyrir væntanlega nefnd, sem fengi mál þetta til meðferðar. Jeg veit ekki, hvort það fer til nefndar, sem jeg á sæti í, en jeg vildi gera það að tillögu minni, að væntanleg nefnd athugaði þessi atriði, sem jeg nefndi. Mjer þætti og rjett, að nefndin athugaði, hvort ekki væri hægt að koma því til leiðar, að einstakir efnamenn innan fjelagsins tækju að sjer ábyrgð á veðinu gagnvart ríkissjóði, að einhverju eða öllu leyti. Jeg vil rökstyðja þetta með því, að það verður að teljast óeðlilegt að fara fram á tilfærslu á veðrjetti, sem er einskisverður, en það væri hann ekki, ef þessar ábyrgðir fást. En neiti fjelagsmenn að veita þessar bakábyrgðir, verður það að skoðast sem vottur þess, að þeir hafa sjálfir enga trú á framtíðarmöguleikum fjelagsins, eða þá að þeir vilja ekki hætta fje sínu til þessa og hirða ekkert um að láta fjelagið standa í skilum við ríkissjóð. Ef þeir neita að leggja þetta í hættu, eiga þeir ekki skilið að fá þessi hlunnindi hjá ríkissjóði, sem þeir biðja um.

Jeg spyr hæstv. ráðh. (JÞ): Er það siðferðilega rjett að veita þeim þessa eftirgjöf, ef þeir vilja ekki láta ríkissjóði í tje umrædda bakábyrgð? Hafi þeir þá trú á fjelaginu, að þeir geri þetta, ætti það að vera kaups kaups, að ríkissjóður veitti þeim umbeðna ívilnun. Vilji fjelagsmenn aftur á móti engu hætta til, sje jeg ekki ástæðu til að veita nokkra ívilnun eða yfir höfuð að hjálpa fjelaginu á annan hátt. Það

má þá leysast upp þegar í stað. Jeg tel það alls ekki drengilega eða heiðarlega framkomu af hendi fjelagsmanna, sem eru sumir efnaðir og eiga miklar sjereignir, ef þeir hirða ekkert um að láta fjelagið standa í skilum í viðskiftum þess við ríkissjóð. Þótt þeir sjeu máske ekki lagalega til þess skyldir að fórna fje sínu til að rjetta hlut fjelagsins, eru þeir þó siðferðilega skyldir til þess.

En annars trúi jeg ekki mikið á allar þessar líkur, sem tilfærðar eru um allsleysi fjelagsins. Jeg hygg, að það sje verið að umskapa fjelagið eða að endurreisa það á öðrum og nýjum grundvelli, og að þessi tilfærslubeiðni sje aðeins tilraun til þess að komast einu skrefinu lengra í þá átt.

Jeg veit til þess, að nýlega hefir einn duglegur maður úr stjórn fjelagsins safnað um 100 þús. kr. í hlutafje meðal bænda og búaliðs í einni af sveitum landsins, og fari fjelagið á höfuðið, verða vitanlega margir þessara smáhluthafa illa úti. En gróðavonin er fyrir þá, sem kaupa eignirnar og byrja á nýjan leik.

Hæstv. fjrh. (JÞ) þykist vera reyndur fjármálamaður og getur því vel skýrt þetta fyrir deildinni. Hann hlýtur að játa, að líkur eru til þess, eins og nú er ástatt fyrir fjelaginu, að einhver fjelagsmaður eða stjórnandi geti haft fyrirætlanir um að kaupa upp eignir fjelagsins og byrja þannig með það á nýjan leik, eða stofna nýtt fjelag. Jeg vil því, að fjelagsmenn verði látnir taka á sig ábyrgð á veðinu gagnvart ríkissjóði. Þeir mundu með því ávinna sjer álit, og þeir gætu ef til vill rjett við hag fjelagsins. Jeg veit líka, að eins og nú er ástatt um mörg þessi atvinnufyrirtæki, geta þau fleiri orðið þannig stödd, að tvísýnt verði um framtíð þeirra, ef þessi gengishækkun heldur áfram, eins og margir vilja láta hana gera, og verður þá erfitt fyrir ríkið að neita um svipaðar ívilnanir eða hjálp, ef þessu fjelagi verður veitt margumrædd tilfærsla á veðrjettinum.

Það var ein setning í ræðu hæstv fjrh. (JÞ), sem jeg hjó eftir. Hann sagði, að það ætti fremur að gefa veðrjettinn eftir, vegna þess, að veðið hefði batnað vegna viðgerðarinnar á togurunum. Það væri fróðlegt, ef hann vildi skýra þetta nánar. Hann er sjálfur stjórnandi í stóru einkafyrirtæki. Mundi hann vilja láta sitt fyrirtæki gera slíkt, ef það væri nú statt í sporum ríkissjóðs?

Ef það er svo, að veðrjettur þessi sje ríkissjóði einskis nýtur, en Íslandsbanki geti aftur á móti haft hans einhver not, vil jeg benda á, að með þessari ívilnun, sem beðið er um að Alþingi veiti, er verið að hjálpa til þess að ummynda fjelagið handa einhverjum núverandi stjórnanda þess. En landssjóður á, að sögn stjórnarinnar, að græða á því, að veðið hefir batnað fyrir viðgerð skipanna, einmitt um leið og hann gefur veðið eftir og lokar öllum möguleikum til að fá nokkurn eyri upp í skuld sína.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það var yfirsjón í ræðu minni áðan, að jeg tók ekkert fram um það í lok máls míns, að jeg óskaði eftir, að málinu yrði vísað til nefndar. Jeg geri það því að tillögu minni, að þessu máli, að þessari umræðu lokinni, verði vísað til fjárhagsnefndar. Það var í fjhn. í Nd. og var ítarlega athugað þar, og það var ekki

fyr en það kom aftur þaðan og fyrir einróma tilmæli nefndarinnar, að veitt voru afbrigði frá þingsköpum við afgreiðslu málsins í þeirri deild. Þess vegna tel jeg sjálfsagt, að málið fari einnig í fjhn. hjer. Þá getur sú háttv. nefnd einnig talað við stjórn fjelagsins og gengið úr skugga um það, hvort það hafi nokkra þýðingu, að málinu verði hraðað, því um það segi jeg ekki neitt.

Háttv. 3. landsk. þm. (JJ) talaði um það, hvers vegna Íslandsbanki vildi ná í veðrjett, sem ríkissjóði væri gagnslaus. Mjer finst þetta vera mjög auðskilið mál. Veðrjetturinn er ónýtur nú sem stendur, ef fjelagið verður leyst upp og gengið að eignum þess, en ef Íslandsbanki lánar fjelaginu nú, gerir hann það auðvitað í von um að fá eitthvað meira borgað frá fjelaginu en sem svarar því fje, er hann nú lánar fjelaginu, og að ef tekjuafgangur verður af rekstri fjelagsins þessa vertíð, þá lendi sá afgangur hjá bankanum. Íslandsbanki er að tryggja sjer, að hann geti fengið eitthvað fyrir að leggja fje sitt í hættu.

Jeg ætla ekki að ræða um efnahag fjelagsins hjer, því það á ekki við, en nefndin fær alt að vita, sem hún vill, um þau atriði, en jeg tek aðeins fram, að fjelagið skuldar Íslandsbanka mikið meira fje en það, sem veð er fyrir.

Ríkissjóður fær ekkert, ef fjelagið verður leyst upp nú þegar, og jeg get ekki einu sinni búist við, að ríkissjóður geri boð í skipin og leysi af þeim þau veðbönd, sem á þeim eru á undan veðrjetti ríkissjóðs. Ríkissjóður hefir ekki von um að hafa neitt upp úr því að fara að bjóða í skipin. Menn eru nú sem stendur ekki fíknir í togarakaup, og því ekki nein von til, að ríkissjóður geti selt þau aftur að skaðlausu. Hitt væri alt annað, ef Alþingi vildi veita fjelaginu lán, leggja því til rekstrarfje. Þá mundi enginn fara fram á að veita þessa eftirgjöf á veðrjettinum. Þá væri sjálfsagt, að ríkið eignaðist afganginn af tekjum fjelagsins, ef nokkur yrði. En þetta dettur hvorki mjer nje öðrum í hug að fara fram á. Að veðið batni við gengisbreytingu, — því má hver trúa fyrir mjer sem vill! Ábyrgðin var fyrir skuld, sem stofnuð var í sterl.pundum, og getur gengisbreytingin því í raun og veru ekki haft þar nein veruleg áhrif að öðru leyti en því, sem hagur er að því, að ísl. króna hefir hækkað í verði gagnvart gulli

Þar næst talaði háttv. 3. landsk. þm. (JJ) um ábyrgð hluthafa. Úr því að þetta var nefnt, verð jeg að segja frá eins og er. Þegar ábyrgð þessi var veitt, urðu þau mistök á, að engar „persónulegar“ tryggingar voru teknar til handa ríkissjóði. Áður en þetta varð, hafði þó fyrverandi stjórn veitt 3 togarafjelögum ábyrgðir, og þá var svo gengið frá þeim, að engin áhætta var fyrir ríkissjóð. Bæði voru veðin betri, og auk þess voru teknar „persónulegar“ tryggingar. En þessi ábyrgð Kára var, því miður, svo mikið ver trygð, að ekki er sambærilegt við þær, sem jeg nefndi áðan. Það hefði verið rjettast að krefjast „persónulegra“ ábyrgða að auki, þar sem ýmsir vel stæðir menn stóðu að fjelaginu, enda þótt einnig væru þar og margir smáhluthafar.

En að koma nú eftir á, þegar alt er sýnilega tapað, og krefjast þá „persónulegra“ trygginga, er orðið fullseint, þykir mjer, en það má háttv. 3.

landsk. þm. (JJ) gjarnan reyna sjálfur, ef hann vill; hann skal fá fult leyfi og umboð frá mjer til að gera þetta, ef hann treystir sjer til. En jeg leiði minn hest frá því. Íslandsbanki krefst og frekari trygginga fyrir því fje, sem hann kann að lána í viðbót. Að það sje verið að stofna nýtt fjelag, er hugarburður. Það er aðeins verið að leitast við, að þetta fjelag, sem nú er, geti haldið starfsemi sinni áfram. Jeg veit ekki, hvort það, sem farið er fram á, nægir til að fleyta fjelaginu áfram, en jeg verð að telja það mjög æskilegt, að fjelagið geti starfað áfram. Fjelagið á t. d. stöðina í Viðey og er hinn eini atvinnurekandi, sem þar er, en þar er nú allmargt verkafólk búsett, og yrðu þar því mjög erfiðar kringumstæður hjá þessu fólki, ef sú atvinna, sem það hefir haft, hætti, af því að fjelagið yrði leyst upp. Þetta verður Alþingi að líta á, ef tekið skal tillit til þess, hvort fjelagið á að fara á höfuðið aðallega vegna viljaskorts „þess opinbera" til að gefa eftir veðrjett, sem orðinn er einskis virði.

Háttv. 3. landsk. þm. skildi ekki, þegar jeg skýrði frá því, að Íslandsbanki teldi það sanngirnismál af hálfu ríkissjóðs, að tilfærslan yrði veitt, vegna þess, að teknir höfðu verið peningar, sem ella hefðu átt að renna til bankans, til að gera við skipin og bæta þannig veðið, og hann skaut því til mín, hvaða vit jeg teldi vera í þessu, eða hvernig jeg liti á það sem stjórnandi í stóru einkafyrirtæki? Jeg get sagt honum það, að jeg stýri engu einkafyrirtæki sem stendur, hvorki stóru nje smáu.

Fjelagið hefði átt að fá leyfi bankans til að verja fje hans til að bæta skipin, svo veðrjettur ríkissjóðs yrði betri. Þetta skeður oft um samsk. veð og er jafnan hagur þeirra, sem hafa lakari veðrjettina. Þetta var ekki gert, og ríkissjóður átti ekki kost á að líta eftir því, hvort þetta væri meira en venjulegt samningsbundið viðhald á veðinu.

Að lokum ætla jeg að minnast á það, sem hv. 3. landsk. (JJ) sagði um ástand útvegsins, enda þótt það komi þessu máli lítið við, þar sem ríkissjóður ætlar ekki að setja fje í hættu fyrir þessa útgerð, heldur Íslandsbanki.

Horfurnar fyrir útgerðinni eru mjög slæmar nú, af því að afurðaverðið er svo lágt. Verð á fiski hefir fallið um 25% niður fyrir hið eðlilega verð, í gulli reiknað. Nú má fá 120 kr. fyrir skippundið, sem eftir venjulegu verði ætti að vera 160 kr. Þetta er mjög erfitt útlit, en nú hefir það altaf verið svo um sjávarútveginn, að verð á afurðum hans hefir verið lágt stundum, en svo hefir batnað í ári, og verðið hefir hækkað, svo að ekki mun ástæða til að örvænta um það, að fyrirtæki, sem fær að lifa og halda áfram að starfa, geti ekki lifað svo lengi, að fiskverðið verði aftur eðlilegt.

Jeg mundi þó ekki hafa farið fram á þessa tilslökum, ef um nokkur útlát hefði verið að ræða fyrir ríkissjóð. En það er víst, að fjelagið er gjaldþrota á sömu stundu og neitað er um þessa tilslökun, en annars er von um, að það geti haldið áfram að starfa og ef til vill unnið sig svo upp, að ríkissjóður geti losnað úr sinni áhættu. Jeg álít rjett að nota þennan möguleika, þó að vonin sje veik um, að fjelagið geti greitt skuld þá, er ríkissjóður ábyrgist. En jeg held, að málið verði rætt með betri árangri, þegar það er búið

að vera í nefnd, og sje því ekki ástæða til að lengja umræðurnar að sinni.

Jónas Jónsson: Það hefir komið í ljós af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), að afbrigði hafa verið í hv. Nd., og hann bar ekki á móti því, að þau hefðu verið veitt tvisvar. Þetta er dálítið óvenjulegt, og get jeg ekki sjeð annað en að mín orð í sambandi við þetta standi föst. Næst viðurkennir hæstv. ráðh. (JÞ), að þessi veðrjettur sje einskis virði fyrir landið nú, en samhliða því kemur í ljós, að Íslandsbanki vill meta veðrjettinn að nokkru. Þá fanst hæstv. ráðh. (JÞ) fjarstæða að gera ráð fyrir því, að hluthafar vildu á sig leggja að taka á sig persónulega ábyrgð.

Af því að bankinn hefir farið fram á persónulega tryggingu, er sjálfsagt fyrir Alþingi að gera sömu kröfur, og ef hluthafar vilja ekki sinna því, hafa þeir engan rjett til að ætlast til hjálpar.

Hæstv. ráðh. (JÞ) hjelt því fram, að það hefðu verið mistök að heimta ekki ábyrgð af þessum mönnum fyr, og er jeg honum samdóma í því. En jeg vil bæta úr því nú, með því að heimta af þeim, að þeir sýni einhvern lit á að vilja þakka hjálp ríkissjóðs. Hæstv. ráðh. (JÞ) tók fram, að margir af þessum mönnum væru vel stæðir. Þá ætti ekki einu sinni að gera þá kröfu, að þeir taki á sig persónulega ábyrgð, heldur skoða það sem sjálfsagt atriði, að þeir standi skil á sínum skuldum. Mjer finst bera á tortrygni hjá hæstv. ráðh. (JÞ) á „karakter“ þessara manna. Hann segir, að ekki sje við það komandi, að hluthafarnir gangi í ábyrgð. Þetta er mótsögn við það, sem hann sagði um, að þeir hafi gengið í ábyrgð gagnvart Íslandsbanka. Þetta minnir á orð hins fræga konungs um þingmennina, sem átti að reka út, en þeir sátu sem fastast: „Látum þá sitja, fyrst þeir vilja ekki fara“. En jeg trúi því ekki, að hæstv. ráðh. (JÞ) vilji feta í fótspor þessa konungs.

Þá hefir hæstv. ráðh. (JÞ) haldið því fram, að veðið verði bætt með viðgerð skipanna, en ekki hefir fyrir því lagast skýringin á, hvernig það á að koma ríkissjóði til góða, þegar búið er að sleppa því.

Að síðustu tók hæstv. ráðh. (JÞ) fram, að ástand útvegsins kæmi ekki málinu við, en gaf um leið þá góðu skýringu, að verð á fiski væri 25% fyrir neðan eðlilegt verð. Þá fer manni að lítast illa á fyrir Kárafjelaginu, þegar horfurnar eru svona, og formaður togaraeigendafjelagsins er nýbúinn að lýsa því yfir, að vegna kaupgjaldsins sje líklega rjettasta ráðið að leggja skipunum upp. Það má segja um þá, sem halda, að Kárafjelagið græði á vertíðinni: „Mikil er trú þín, kona!“

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla bara að segja það, að ef peningastofnun eins og Íslandsbanki hefir svona mikla trú, því erum við þá að setja okkur upp á móti þessu, án þess að hafa nokkuð upp úr því?

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 25. mars, var till. tekin til síðari umr. (A. 89, n. 176 og 203).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Þessi till. um tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum h/f. „Kára" var borin fram af fjárhagsnefnd Nd. Það þarf eiginlega ekki að tala langt mál fyrir því, hvers vegna meiri hluti fjhn. hallast að því að leggja til, að till. þessi verði samþykt. Ástæðurnar fyrir því eru teknar fram í nál. á þskj. 176, og munu hv. deildarmenn hafa kynt sjer það. Er því óþarfi að endurtaka það hjer, nema eitthvað annað komi fram í málinu, sem gefur tilefni til andsvara. Jeg hefi tekið eftir því, að í nál. á þskj. 203, frá minni hl. fjhn., kemur fram rökstudd dagskrá um það að vísa málinu á bug vegna þess, að veðrjetturinn sje þegar færður aftur af hæstv. fjrh. (JÞ). En þó svo sje, þá hefir það aðeins verið gert um stundarsakir, til þess að fjelagið gæti starfað frá 1. janúar og til þess tíma, að þingið gæti tekið ákvörðun um málið. Ef till. er vísað á bug með rökstuddu dagskránni, þá er það sama og neita um heimildina. En þetta finst meiri hl. fjhn. ekki rjett, af ástæðum þeim, sem greindar eru í nál., og þótt fleiri ástæður mætti telja til, þá gerist þess ekki þörf, því þessar nægja. Það er þrent, sem bent er á í nál., sem leiða mundi af neituninni. Það getur verið, að aðstaðan hafi breyst eitthvað síðan nál. var samið, en þá leit svo út, að leiða mundi af neituninni, að fjelagið yrði að stöðva rekstur sinn, og þeir, sem vinna hjá því, verða atvinnulausir. Þetta virðist mjer vera alveg næg ástæða til þess að vera með því, að ríkissjóður slakaði til með þennan veðrjett, sem frá byrjun var svo að segja einskis virði, þegar svo mikið er í húfi, að 2 skip stöðvist um hávertíðina, þá er hart að gengið að neita um heimildina. Að minsta kosti liti það einkennilega út, ef Alþingi, að tilefnislausu, gerði sjer leik að því að bregða fæti fyrir útgerðina og þá, sem við hana vinna, bæði til lands og sjávar.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Eins og hv. þdm. mun kunnugt, hefir fjhn. ekki orðið á eitt sátt um þetta mál. Þó virðist ekki hafa verið svo mikið deilt um, hve mikils virði þessi veðrjettur sje. Jeg skal þó taka það fram, að jeg er ekki alveg viss um, að hann sje einskis virði. Að minsta kosti virðist svo sem stjórn Íslandsbanka hafi álitið hann einhvers virði um nýár, því að þá lánaði hún út á hann. Nú er það upplýst, að veðrjetturinn hefir verið færður aftur og veitt hefir verið nýtt rekstrarlán út á hann. Nefndin leitaði upplýsinga hjá bankastjórn Íslandsbanka um það, hvernig útgerð fjelagsins hefði borið sig á þessu tímabili, frá nýári til þessa, og það er óhætt að segja, að bankastjórnin taldi ekki efa á því, að rekstrarhalli hefði orðið, en hún taldi óvíst, að hve miklu leyti veðrjetturinn væri uppjetinn. En það virðist ljóst, að veðrjetturinn er nú minna virði en hann var um nýár. Ef það er nú svo, að veðrjetturinn sje að engu orðinn, getur minni hlutinn ekki sjeð, hvaða þýðingu það geti haft fyrir afkomu fjelagsins, að hann verði færður aftur. Og jeg hefi ekki trú á því, að Íslandsbanki vilji lána nokkuð út á veðrjett, sem er einskis virði. En ef veðrjetturinn er einhvers virði, þá er rjett að athuga það, hvort málið er svo vaxið

frá byrjun, að rjett sje að halda lengra út á þessa glapræðisbraut. Ábyrgðin var upphaflega veitt fyrir 5000 sterlingspunda láni, sem eftir núverandi gengi ætti að vera sem næst 111 þús. íslenskar krónur. Nú skyldi maður ætla, að ríkissjóður tapaði ekki meiru en því sem nemur þessari upphæð. En þessum pundum var breytt í íslenskar krónur meðan gengið á pundinu var um 30 krónur, og varð því upphæðin 150 þúsund íslenskar krónur, sem ríkissjóður bar ábyrgð á. En ekki er alt enn talið. Þetta lán hefir hlýtt sama lögmáli sem gildir um öll lán, sem ekki er staðið í skilum með: Það hefir hlaðið utan um sig og er nú komið upp í 172 þús. kr. með áföllnum vöxtum. Maður getur því vel búist við, að eftir 1—2 ár verði það orðið nokkuð á þriðja hundrað þúsund kr., ef haldið verður áfram þeirri stefnu að auka fjárupphæðina, sem ríkissjóður ber ábyrgð á og verður að greiða á endanum, því að um það held jeg að ekki sjeu skiftar skoðanir, að sá einn endir verði á þessari ábyrgð. Eina vonin, sem meiri hl. fjhn. hefir um, að eitthvað fáist upp í ábyrgðina, er að fjelagið starfi áfram. En þá er þess að gæta, að 1923 er fullyrt af meiri hl. fjhn., að svo miklar skuldir hafi hvílt á 1. veðrjetti, að 2. veðrjettur hafi verið lítils virði. Þegar ástandið er nú þannig eftir tvö ár, og annað árið var uppgripa-aflaár og hitt vel sæmilegt, að ábyrgðarupphæðin hefir vaxið, þá býst jeg ekki við því, að vegur sje til þess, að fjelagið fái þau veltiár á næstunni, að það geti greitt 1. veðrjett, sem er 22000 sterlingspund, síðan rekstrarhalla frá 1. janúar og þar á ofan þær 150 þús., sem færa á veðrjettinn aftur fyrir. En alt þetta verður að greiðast áður en kemur að ríkissjóði. Jeg held því, að haldið verði lengra út á þessa óheillabraut, ef till. verður samþykt. Mjer finst því rjettara að vísa þessu máli á bug, svo það sjáist, að Alþingi vilji ekki styðja slíkar ráðstafanir.

Það er ekki tilgangur minn að deila lengi um þetta. Á milli ber það, að minni hl. telur tilgangslaust fyrir afkomu fjelagsins að samþykkja þessa till., en um leið og hún er samþykt kemur það í ljós, að Alþingi hefir ekki á móti því, þó þessi fjárupphæð haldi áfram að hlaða utan um sig, en jeg tel slíka ráðstöfun ekki heillavænlega og vil, að það komi skýrt í ljós.

Jeg skal svo ekki fara ítarlegar út í málið að svo stöddu, eða kýta um það, enda tel jeg það svo vaxið, að jeg tel best að tala sem fæst um það.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Mjer virtist hv. frsm. minni hl. (IP) fara nokkuð utan við það efni málsins, sem meiri hl. leggur mesta áherslu á. Hann talaði mest um, hvaða áhrif þessi ályktun þingsins hefði á afkomu fjelagsins. Við leggjum áherslu á alt annað. Við höfum tekið mest tillit til þessa árstíma, sem nú er, og að það var ekki fært fyrir fjelagið að halda áfram rekstrinum, nema þessi tilslökun væri gerð. Hvaða áhrif tilslökunin hefir á afkomu fjelagsins framvegis, höfum við látið hlutlaust. Jeg býst ekki við því, að hagur þess batni stórum við eina vertíð, en hitt vita allir, að vetrarvertíðin er sá tími ársins, sem helst er von til, að togararnir geti rjett hlut sinn. Þetta gerði það að verkum, að meiri hl. vildi samþykkja tillöguna. Málið kom fyrir þingið í byrjun vertíð-

ar, og bankinn vildi ekki lána fje til rekstrar, nema veðrjetturinn væri færður til, án þess þó að gefa skýlaust loforð um lán, þó það yrði gert.

Hv. þm. talaði um óheillabraut, sem hjer væri komið inn á. Það getur verið nokkuð til í því. Það er slæmt að gæta þess ekki, þegar lán eru veitt, að hafa næga tryggingu. Jeg býst nú heldur við, að ríkissjóður tapi á ábyrgð þessari, en þó er ekki hægt að fullyrða neitt um það, ef fjelagið fær að starfa áfram. En það er alveg víst, ef fjelagið verður skorið niður við trogið núna. Ef fjelagið verður neytt til að stöðva reksturinn og eignir þess verða seldar eins og stendur, þá tapar ríkissjóður áreiðanlega. Í þessari atvinnugrein er fljótt að syrta að og líka fljótt að rakna úr, ef vel gengur. Jeg skal engu spá um, hvernig fara mun, ef vel gengur, en það er til einskis barist fyrir ríkissjóð, ef hendinni er slept af fjelaginu. Þess ber að gæta, að ríkissjóður hefir fengið beint og óbeint laglegan skilding frá Kárafjelaginu, og mikið fje frá því runnið í vasa landsmanna. Fjhn. fjekk á fund sinn framkvæmdarstjóra fjelagsins og bankastjórn Íslandsbanka, og þær upplýsingar, sem bankastjórnin gaf, voru ekki til þess að hnekkja áliti mínu á fjelaginu. Árið 1924 borgaði fjelagið upp allar skuldir í bankanum, er á höfðu hlaðist á undanförnum árum út af rekstrinum, og borgaði þá í rauninni meira en það var fært um. Það hefði ef til vill verið hyggilegra fyrir það að draga undan og skulda meira. Með þessu virðist mjer fjelagið hafa sýnt, að það vill standa í skilum, þó ástæður þess sjeu örðugar nú. Framkvæmdarstjóri fjelagsins gaf þær upplýsingar, að á vegum fjelagsins væru nú 80 manns. Í Viðey, þar sem fjelagið hefir aðalbækistöð sína, hefir verkafólkið bygt hús yfir sig, í von um örugga atvinnu. Fjelagið hefir borgað í dagkaup og tímakaup um 200 þús. krónur árlega, og í laun skipverja hefir verið greitt á báðum skipunum um 300 þús. krónur árlega. Þegar þar við bætist það, sem ríkissjóður hefir fengið í útflutningsgjald af fiski og í skatta frá verkafólki því, sem unnið hefir hjá fjelaginu, þá finst mjer líka mega líta á þetta atriði. Þó ríkissjóður tapi á ábyrgðinni, þá hefir líka komið mikið fje í sjóðinn að tilhlutun fjelagsins, og er það ekki einskis vert. Þetta leggur meiri hl. meðal annars áherslu á.

Það hefir verið talað um það af mönnum, sem eru á móti þessari heimild, að það væri skrítið, að Íslandsbanki vildi fá þessa heimild, sem meðmælendur till. telja einskis virði. Það, að Íslandsbanki vill fá þessa tilfærslu, þarf ekki að þýða nákvæmlega það, að hann telji hana þess virði, sem ábyrgðin hefir kostað ríkissjóðinn, ef hann þarf að borga hana, heldur er það svo, að það er ekki þægileg aðstaða fyrir banka að hafa veðhafa á undan sjer, sem getur gengið að veðinu hvenær sem honum þóknast. Þetta hefir verið túlkað svo af sumum, að það sje stór fengur fyrir bankann, ef ríkissjóður sleppi veðrjettinum, hann sje eins mikils virði og ábyrgðin kostar ríkissjóðinn. En eins og jeg sagði áðan, er það ekki svo, og frá mínu sjónarmiði er það ekki óeðlilegt, þó bankinn vilji fá þennan veðrjett til að koma á eftir lánum, sem hann veitir eða kann að veita til rekstrarins, sem vitanlega eru miklu stærri upphæðir.

Jeg man svo ekki eftir, að það sje

fleira, sem jeg þarf að svara hv. frsm. minni hl. (IP). En jeg get ekki fallist á, að ástæður hans sjeu svo ríkar, að fært sje þeirra vegna að neita um heimildina.

Forseti (HSteins): Mál þetta er þannig vaxið, að mjer finst óviðkunnanlegt að ræða það hjer í deildinni, þegar enginn úr stjórninni er viðstaddur, og tek jeg það því af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 26. mars, var fram haldið síðari umr. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., næsta dag, var enn fram haldið síðari umr. um till. (A. 89, n. 176 og 203).

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi ekki átt kost á því að vera hjer við það sem af er þessari síðari umræðu málsins, vegna þess að jeg hefi verið bundinn við þingstörf í hv. Nd.

En jeg sje, að hjer er fram komin, á þskj. 203, till. til rökstuddrar dagskrár frá hv. minni hluta nefndarinnar, sem jeg geri ráð fyrir að sje búið að ræða hjer eitthvað við fyrri hluta þessarar umræðu.

Vegna þeirrar till. og þeirra forsendna fyrir henni, sem er að finna í nál. hv. minni hl., finn jeg ástæðu til að fara nokkrum orðum um málið.

Í nál. er það gefið í skyn, að jeg hafi haldið einhverjum upplýsingum fyrir þinginu, þar sem það er orðað svo, að nefndin hafi haft fundi með framkvæmdarstjóra h.f. „Kára“ og bankastjórum Íslandsbanka, og við rannsókn málsins hafi það komið í ljós, að jeg hafi í desember s. l. samþ. að færa veðrjett ríkissjóðs aftur fyrir rekstrarlán, sem bankinn veitti fjelaginu frá þeim tíma og þangað til þingið tæki afstöðu til málsins. Jeg hefi svo heyrt það utan að mjer síðustu daga, að þessi frásögn minni hl. eigi að þýða það, að nefndin hafi fengið þessar upplýsingar, ekki frá mjer, heldur frá þessum aðiljum, stjórn h.f. „Kára“ og stjórn Íslandsbanka, en jeg hafi haldið þessum upplýsingum leyndum.

Út af þessu verð jeg fyrst að minnast ofurlítið á, hvernig þetta mál kom fyrir þingið. Það kom þannig fyrir þingið, að jeg sneri mjer til fjhn. Nd. með skjöl málsins og gaf á nefndarfundi mjög ítarlega skýrslu um það, sem gerst hefir. En alt það, sem gerst hefir í málinu, er að finna í þeim skjölum, sem jeg þá jafnframt afhenti nefndinni. Jeg gerði samt á nefndarfundi grein fyrir öllum höfuðatriðum úr málinu og þar á meðal fyrir því, að stjórnin var frá upphafi tilleiðanleg til þess að færa þennan veðrjett í skipum fjelagsins aftur fyrir rekstrarlán handa fjelaginu til loka yfirstandandi vertíðar, og bauð það. En það var ekki þegið, því það nægði ekki til þess að tryggja fjelaginu þetta rekstrarlán. Þetta varð ríkisstjórnin, eins og þá stóð, að telja alveg sjálfsagt að gera, ef það gæti orðið til þess, að fjelagið gæti haldið áfram, af því að í fyrsta lagi var veðrjettur ríkissjóðs alls enginn, svo framarlega að þá ætti að ganga að fjelaginu og gera gjaldþrota, í öðru lagi af því, að öll reynsla í togaraútgerð undanfarinna ára hefir sýnt, að á þessu tímabili, frá áramótum til vertíðarloka, hefir það ekki brugðist, að einhver ávinningur yrði umfram rekstrarkostnað. En að færa veðrjettinn aftur fyrir rekstrarlán þýddi það, að tekjurn-

ar af rekstri tímabilsins áttu fyrst og fremst að ganga til endurgreiðslu á því láni, og óheimilt að verja rekstrartekjunum til nokkurs annars, fyr en rekstrarlánið væri að fullu upp borgað. Með þessu móti hefði veðrjettur ríkissjóðs komist aftur í sitt fyrra horf, þegar rekstrarlánið var upp borgað.

Og þetta áleit stjórnin frá upphafi rjett að gera, eins og sjá má í skjölum þeim, er afhent voru hv. fjhn. Nd. og legið hafa nú um stund hjá fjhn. þessarar hv. deildar.

Eins og bent er á í brjefi fjármálaráðuneytisins 19. des. 1925, sem liggur fyrir í skjölum þessum í handriti, eins og önnur skjöl stjórnarráðsins, þá náðist ekki endanlegt samkomulag um þetta atriði, en ráðuneytið fjelst á fyrir sitt leyti að gefa eftir veðrjettinn fyrir rekstrarláni, þangað til Alþingi kæmi saman. Síðasta málsskjalið er þá veðleyfið, og athugaði fjhn. Nd. öll plöggin og veðleyfið, og hafði fyrir sitt leyti ekkert á móti því að veita þá viðtækari tilfærslu á veðrjettinum, sem fram á var farið. En stjórninni þótti það ekki nægja að fá yfirlýsingu fjhn. um þetta, heldur fór jeg fram á það, að nefndin flytti þáltill. um tilfærsluna. Hún gerði það og tók þannig málið að sjer, og var stjórnin þar með laus við það.

Þegar málið kom svo hingað, fylgdi jeg því úr hlaði með nokkrum orðum, en vísaði að öðru leyti í málsskjölin, þar sem allar upplýsingar væru að finna.

Vona jeg því, að það sje ekki tilætlun minni hl. fjhn. að gefa í skyn í nál. sínu á þskj. 203, að jeg hafi leynt einhverju eða haldið fyrir þinginu upplýsingum í þessu máli. Að vísu segir nál. þetta ekki berum orðum, en mjer er kunnugt um, að ýmsir hafa þó lesið það á milli línanna og einmitt skilið nál. í þessa átt. Minni hl. segir í áliti sínu, að veðrjettur, sem var ríkissjóði 13 þús. kr. virði um áramót, sje nú upp jetinn, og veit jeg ekki, hvaðan honum kemur sú staðhæfing. Rekstrarafkoma fjelagsins þennan tíma er óuppgerð enn, eða var ekki fyrir 1—2 dögum, þegar jeg spurðist fyrir um það.

Hins vegar finst mjer síst að furða, þó einhver halli væri á rekstrinum nú, þegar á það er litið, að aðalvertíðin er eftir. Allar þær vonir, sem menn gera sjer um afkomu fyrirtækisins, velta á því einu, að fjelaginu sje gert fært að halda skipum sínum úti á þeim kafla vertíðarinnar, sem er bestur talinn, en það er að minsta kosti út aprílmánuð.

Jeg vil aðeins minna á það, sem jeg hefi margtekið fram áður og gert þá grein fyrir, að veðrjettur ríkissjóðs var við áramót einskis virði. Á fyrsta veðrjetti hvíldi þá 487 þús. kr., og þó að skipin væru talin 500 þús. kr. virði, var öllum ljóst, að svo mikið verð mundi aldrei fást fyrir þau, ættu þau að fara undir hamarinn. Með þessu er því sýnt, að ríkissjóður gat ekki talið sjer neina tryggingu í veði því, sem á skipunum hvíldi.

Og ef stöðva á svona fyrirtæki, má búast við, að ýms gjöld sjeu ógreidd, sem ganga fyrir öllum öðrum skuldum, t. d. ekki ósennilegt, að hálft mánaðarkaup skipshafnarinnar sje ógreitt, áður en fjelagið neyðist til þess að gefa sig upp. Sömuleiðis tekur það tíma að gefa sig upp; skipin mega ekki vera mannlaus þann tíma, sem líður frá því að fjelagið gaf sig upp og þangað til salan kemst í kring; en allur sá kostnaður,

sem af sölunni leiðir, hefir forgangsrjett fyrir veðhöfunum. Svo hlaðast vextir á vexti ofan, og má þá gera ráð fyrir, að alt þetta fari langt fram úr 13 þús. kr., og ríkissjóði því engin trygging í þessum veðrjetti.

Eins og málið horfði við, þegar fjelagið fór fram á tilfærslu veðrjettarins, var mjer ljóst, að yrði þá gengið að fjelaginu, fengist ekki einn einasti eyrir upp í þá skuld, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir.

Nei, veðrjetturinn var þá þegar upp jetinn, í bili að minsta kosti; en þar með er ekki sagt, að hann þurfi að vera upp jetinn um alla framtíð, ef fjelagið getur haldið áfram og náð sjer upp. 2. veðrjettur á eftir hárri skuld þarf ekki að vera tapaður með öllu, þó að hann sje einskis virði um stund. Alt getur breyst til hins betra, ef fyrirtækið lifir áfram og nær sjer upp, með því að skuldin, sem hvílir á fyrsta veðrjetti, borgast niður. Fyrir þann, sem nýtur 2. veðrjettar, getur það orðið mikils virði með tímanum, eftir því sem borgast niður á 1. veðrjetti.

En þetta skilur hv. minni hl. ekki og byggir dagskrártill. sína á því, að veðrjettur ríkissjóðs hafi verið upp jetinn um áramót með því að færa hann aftur fyrir rekstrarlán það, er bankinn veitti þá fjelaginu, svo það þyrfti ekki að stöðva. En þetta er misskilningur. Veðrjetturinn er ekki upp jetinn. Hann getur orðið nokkurs virði í framtíðinni, ef svo er um hnútana búið, að fjelagið fái að lifa og starfa áfram. Það, sem gert hefir verið í málinu, var gert til þess, að Alþingi gæti tekið afstöðu til þess. Jeg vil láta í ljós, að mjer finst óviðeigandi, ef Alþingi fer nú að velta slíku framleiðslufyrirtæki sem þessu, en það er nú á valdi Alþingis, hvort það vill vera banamaður þess. Um hitt verður ekkert sagt, hvort fjelagið lifir lengur eða skemur, þótt þessi tilfærsla fáist. (**JJ**: Jeg vil leyfa mjer að benda á, að sumt af þessu er ósannindi).

Það er nú komið að 2. umr. fjárl. í hv. Nd., og verð jeg að fara þangað og býst ekki við að geta verið við frekari umr. um þetta mál í þessari hv. deild. En jeg skil eftir öll skjölin í höndum meiri hl. nefndarinnar, og þau munu sanna mitt mál.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg geri nú ráð fyrir því, eins og hv. frsm. meiri hl. (JJós) tók fram, að mál þetta sje það upplýst orðið, að jafnkýtingur um það hafi ekki mikinn árangur í för með sjer. En hitt finst mjer ástæða að leiðrjetta, sem hv. frsm. (JJós) afbakaði orð mín, því hann hafði alt annað eftir mjer en jeg sagði. Hann sagði, að jeg legði áherslu á, hvers virði þessi eftirgjöf veðrjettarins væri fyrir hlutafjelagið, fanst það aðalatriðið, og gat þess svo, að jeg mundi hafa haft fyrir augum, að hluthafarnir hefðu sem mestan hag af tilfærslunni.

En þetta er hreinasti misskilningur, að jeg ekki kveði frekar að, því jeg mintist víst alls ekki á hag hluthafanna einu einasta orði, en hitt sagði jeg, og á það lagði jeg áherslu, að jeg gæti ekki sjeð og ætti bágt með að trúa því, að tilfærsla veðrjettarins hefði nokkur minstu fjárhagsleg áhrif á afkomu fjelagsins.

Annars verð jeg að segja, að mjer þóttu ærið sundurleitar og einkennileg-

ar skoðanir hans á þessu máli. Í öðru veifinu hjelt hann því fram, að ekki yrði nema um tap að ræða hjá fjelaginu, en á hinn bóginn misti ríkissjóður spón úr askinum sínum, ef fjelagið legðist niður, því það hefði goldið honum skatt o. fl., auk mikillar atvinnu, sem fjöldi manna hefði haft á sínum tíma.

Jeg verð að segja eins og er, að mjer virðist kenning þessi nálgast það, að hv. frsm. meiri hl. (JJós.) mundi ekki telja óheillavænlegt að gera þetta fjelag að ríkisfyrirtæki, og þó að halli yrði á rekstrinum, mundi honum reiknast svo til, að nokkuð græddist samt í framtíðinni.

Að vísu skal það játað, að jeg er ekki fráleitur ríkisrekstri ýmsra fyrirtækja, en það liggur ekki fyrir að ræða það mál nú. En því er jeg á móti, að ríkissjóður taki að sjer rekstur togarafjelaganna, og allra síst finst mjer, að komið geti til mála, að hann taki að sjer rekstur þeirra fjeaga, sem að allra dómi, er til þekkja, eru á heljarþröminni.

Eins og tekið er fram í nál. okkar minni hl., þá vildi bankastjórn Íslandsbanka engu um það lofa, hvort fjelagið fengi rekstrarlán áfram, þótt leyfð yrði tilfærsla á veðrjetti ríkissjóðs. Hinsvegar taldi bankastjórnin, að fjelaginu gæti verið nokkur hjálp að tilfærslunni. Get jeg þó ekki sjeð, að svo sje, en bankanum er auðvitað hagur að henni.

Þá sagði sami hv. þm. (JJós), að það gæti verið vinningur fyrir Íslandsbanka, sem landinu sje einskis virði. Þetta finst mjer undarlegt. Eina skýringin, hans máli til sönnunar, er sú, að bankinn geti þá frekar en áður, hvenær sem er, gengið að veðinu. En hjer er um annan veðrjett að ræða, og kemur hann því varla til greina fyr en fyrsti veðrjettur er að fullu greiddur, og til þess að veðhafi að öðrum veðrjetti geti látið selja veðið, verður hann að leysa út fyrsta veðrjett eða það, sem ógreitt er af því, er á honum hvílir. Og þá kemur spurningin: Svarar það kostnaði að leysa út fyrsta veðrjett? Eins og nú standa sakir, hvílir svo mikið á fyrsta veðrjetti (487 þús.), að litlar líkur eru til, að svo sje.

Hitt fæ jeg sjeð, að tilfærsla á veðrjetti um 150 þús. kr. sje góð fyrir Íslandsbanka, svo fremi að fjelagið haldi áfram, og það er enginn efi á því, að hjer er verið að vinna fyrir hann, því að jeg sje ekki, að fjelagið sjálft sje nokkru nær en áður.

Nú held jeg, að jeg hafi gert hv. frsm. meiri hl. (JJós) full skil, og hafi ekki meira við ræðu hans að athuga.

En út af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ) vil jeg taka það fram, eins og hann raunar játar — og þar hefir hann misskilið nál. okkar — að hæstv. ráðh. (JÞ) hefir haldið upplýsingum leyndum fyrir nefndinni. En jeg tel ekki, að um neina afsökun eigi að vera að ræða í þessu efni. Því að það er rjett, að það var fyrst hjá fjhn. Ed., sem upplýst var um þetta mál, því að enginn hafði vitað, hvernig í því lá, og ekkert kom fram í umr. í hv. Nd. um það, og þegar málið kom til fjhn. Ed., voru allir jafnnær í nefndinni, hvernig málið horfði við. (JJ: Og sömuleiðis allir þm). Já, það er satt, nema ef hv. 1. landsk. (SE) hefir eitthvað vitað um það. Að öllu þessu sögðu fæ jeg ekki skilið, að neitt sje ofmælt í nál. minni hlutans.

Hæstv. fjrh. (JÞ) segist hafa gefið hv. Nd. skýrslu um málið, eins og það liggur fyrir. Þetta getur verið rjett á sinn hátt. En þessi skýrsla hefir aldrei komið til þessarar hv. deildar, og jeg býst við því, að það sjeu býsna margir hv. þm. í Nd., sem ekki vissu, hvað til stóð. Málinu var hraðað í gegnum þá hv. deild með afbrigðum frá þingsköpum og, að því er jeg held, með lítilli rannsókn.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir lýst yfir því, hvernig fjárhagur fjelagsins stóð við síðastliðin áramót. En jeg fæ ekki betur sjeð en að Íslandsbanki hafi þá lánað 13 þús. kr. út á veðrjett, sem einskis virði var talinn þá, eftir því sem hv. fjrh. segist frá. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að enda þótt veðrjetturinn hefði verið einskis virði um áramót, þá þyrfti hann ekki að vera það um alla eilífð. Þetta má vel vera, en um framtíð fjelagsins er auðvitað rjettast að spá sem minstu. Fram að 1923 voru kreppuár fyrir íslenska skipaflotann, en þann storm reið fjelagið af. Árið 1924 var eitthvert hið mesta veltiár, sem hjer hefir komið. Og ekki var árið 1925 miklu lakara. Þá græddu útgerðarfjelögin of fjár, en hvað er orðið af öllum þeim gróða? Jeg fæ ekki sjeð, að hann hafi komið ríkissjóði til góða, því að sú skuld, er ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir fjelagsins vegna, hefir hækkað síðan, svo að nú er hún um 173 þús. kr., og þess vegna hlýtur maður að ætla, að fjelaginu hafi hrakað, þrátt fyrir góðærin. Fjelagið þarf því að græða mikið á næstu árum, til þess að geta ljett af sjer öllum þeim skyldum, sem á því hvíla, áður en að veði ríkissjóðs kemur. En satt að segja geri jeg mjer litlar vonir um það, að annar veðrjettur í skipum fjelagsins sje nokkurs virði fyrir ríkissjóð, og tel það vonleysisstefnu, því lengur sem hangið er í því hálmstrái, og þó ver er lengur líður, því skuldin getur haldið áfram að hlaða vöxtum utan á sig, eins og hún hefir gert s. l. ár.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að með þessari þáltill. ætti Alþingi að skera úr því, hvort fjelagið ætti að deyja eða ekki. Þetta slagorð hræðist jeg ekki. Ef hjer hefði verið um það að ræða, að ríkið ætti að leggja til rekstrarfje til vertíðarloka, þá gæti jeg gengið inn á það, að það væri þingið, sem ætti að skera úr því, hvort fjelagið ætti að lifa eða ekki. Það er að mínu áliti ekki annað en slagorð að segja það, að fjelagið sje drepið með því að synja um þessa tilfærslu. Fari svo, að Íslandsbanki neiti um rekstrarfje, ef þingið synjar um þetta, þá má vera, að hann færi það fram sem vörn, að hann hafi verið neyddur til þess, vegna þess að tilfærslan hafi ekki fengist. En því mundu fæstir trúa, þar sem því er haldið fram, að veðið sje einskis virði, að til sje sjerstök tegund af einskisverðum veðum, sem Íslandsbanki láni út á. Ef veðið er einskisvert, þá held jeg, að Íslandsbanki láni ekki út á það. Það kom líka ljóslega fram á fundi, sem fjhn. hjelt með stjórn Íslandsbanka. Þar skýrði einn bankastjórinn sem sje frá því, að rekstrarfjeð hefði ekki verið lánað í haust út á þetta veð, heldur hefði bankinn líka krafist 10 þús. kr. sjálfskuldarábyrgðar af stjórnendum fjelagsins. Þetta sýnir ljóslega, að Íslandsbanki metur veðið lítils. Jeg get ekki annað sagt en að mjer finst þetta

mál mesta skollaleiksmál. Jeg ætla svo ekki að lengja umr. meira um þetta, jeg hefi gert afsökun mína með því að leggja til, að þetta mál verði afgreitt á þennan hátt, að þáltill. verði feld. Ef svo verður ekki, þá verð jeg að segja það, að jeg á ekki sök á því.

Jónas Jónsson: Jeg verð að láta í ljós óánægju mína yfir því, að þar sem þessu máli hefir nú verið frestað tvisvar til þess að hæstv. fjrh. gæti verið viðtaddur þessar umr., þá er hann hjer ekki að heldur. Það getur ekki skilist nema á einn veg, sem sje þann, að hann óski ekki að vera það. Það er líka hægt að leiða líkur að því, að það er mjög skiljanlegt, að hæstv. ráðh. óski ekki að vera mjög nærstaddur þessu máli. Jeg verð þá fyrst að segja sögu þessa máls í nokkrum atriðum. Snemma á þinginu kom hæstv. fjrh. á fund háttv. fjhn. Nd. og bað hana að gangast fyrir því, að Alþingi heimilaði þessa tilfærslu. Öðruvísi verður þetta ekki skilið. Hann hefir litið svo á þá, að sig hafi skort heimild til að gefa eftir þennan veðrjett upp á sitt eindæmi. Jeg ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa upp kafla úr brjefi frá fjármálaráðuneytinu til stjórnar „Kára“-fjelagsins. Það er ljóst af þessum kafla brjefsins, að hæstv. fjrh. hefir tekið það til athugunar, að hann hafði ekki heimild til að gefa veðrjettinn eftir án samþykkis Alþingis:

„Í brjefi dags. 24. þ. m. hefir hin háttv. fjelagsstjórn farið fram á, að ráðuneytið fjelli frá því skilyrði fyrir veðleyfi með 2. veðrjetti í skipum fjelagsins, fyrir alt að 150 þús. kr. rekstrarláni, sem greint var undir staflið 6 í brjefi hjeðan 19. þ. m., svohljóðandi: „að rekstrarlán þetta endurgreiðist af rekstrartekjum svo fljótt sem þær hrökkva til þess og gangi endurgreiðslan fyrir öllum afborgunum annarra skulda, að frátöldum samningsbundnum afborgunum fyrsta veðrjettar lánanna í Viðeyjarstöð og skipum fjelagsins, eftir núgildandi samningum þar um“. Ráðuneytið telur sig enn sem fyr algerlega bresta heimild til að hverfa frá þessu skilyrði, sem felur það í sjer, að veðleyfið er gefið fyrir venjulegu rekstrarláni, en ekki fyrir neinum nú áhvílandi skuldum fjelagsins. Hinsvegar vill ráðuneytið, eftir að hafa borið sig saman við stjórn Íslandsbanka um þetta, lofa að mæla með því við Alþingi, er saman kemur 6. febrúar næsta ár, að það veiti stjórninni heimild til að falla frá umræddu skilyrði, og mun stjórnin þá vilja nota slíka heimild, ef það má verða til þess að tryggja rekstur fjelagsins yfir næstu vertíð og engin sjerstök óhöpp koma fyrir. Þetta loforð er þó því skilyrði bundið, að rekstri fjelagsins verði haldið áfram þar til Alþingi hefir átt kost á að taka afstöðu til málsins“.

Eins og jeg sagði áðan, er það ljóst af þessum kafla brjefsins, að hæstv. fjrh. hefir ekki talið sig hafa leyfi til að gefa veðrjettinn eftir. En það verður annað upp á teningnum. Jeg man eftir því, að þegar þetta mál var afgreitt í hv. Nd., var því flýtt svo mikið, að það var afgreitt með afbrigðum frá þingsköpum. Og það kom því flatt upp á marga, þegar það kom í ljós, að stjórnin hafði þegar afhent veðrjettinn. En þegar málið kom fyrir þessa hv. deild, þá er vert að geta þess, að nokkuð var þar gert til að kynna sjer málið.

Fjhn. fjekk stjórn Íslandsbanka og forstjóra „Kára“-fjelagsins á fund með sjer, og á þessum fundi viðurkendi einn bankastjórinn það hreinskilnislega, að bankinn hefði nú þegar þennan veðrjett og væri búinn að lána út á hann. Það er hætt við, að ef þessar upplýsingar hefðu verið gefnar fyr, hefði farið svo, að það hefði haft áhrif á gang málsins í Nd. Það hafa nú líka komið fram almennar upplýsingar um ástand fjelagsins, og það hefir komið í ljós, að af hálfrar milj. króna höfuðstól er um einn fimti huti eða 100 þús. kr. í forgangshlutum.

Hlutafje þessu hefir verið safnað víðsvegar að. T. d. safnaði duglegur maður miklum hluta þessa fjár austur í Múlasýslum, og var þar svo langt gengið, að vinnumenn seldu kindur sínar, og sumir ungir menn tóku lán til að leggja í þetta fyrirtæki. Þetta fjelag hefir altaf verið mjög óheppið og rekstrinn gengið illa. Það var t. d. alveg að drepast, þegar þingið miskunnaði sig yfir það árið 1923, og þá mun fjelagið hafa skuldað Íslandsbanka ca. ½ milj. króna. Af því, sem síðan hefir fram komið, er það mjög vafasamt, hvort nokkurt gagn er í því og hvort það er rjett að hjálpa þessu fjelagi nú aftur.

Jeg vil einnig leyfa mjer að „kritisera“ þann hugsunarhátt, sem kemur fram í því, að bankinn og hæstv. stjórn vilja reyna að halda lífinu í þessu fjelagi, hvað illa sem það er statt; því að það hefir ekki sýnt í hinu undanfarna góðæri, að slík hjálp hafi getað orðið til þess að bæta hag fjelagsins. Hinsvegar notar fjelagið þessa miklu hjálpsemi til að skrúfa upp vinnulaun og soga til sín vinnukraftinn frá öðrum og heilbrigðari atvinnuvegi. Jeg vil nota tækifærið til þess að lýsa þeirri óheilbrigði, sem er hjá okkur í þessum efnum. Það er deilt um það, hvort það sje rjett að bjarga þessu fjelagi undan öxinni. Jeg álít, að það sje rangt, og hafi verið rangt 1923, því að það er betra, að eitt fyrirtæki fari á höfuðið, en að landið tapi stórfje fyrir það. En sú ráðstöfun 1923 hefir verið rjettlætt með því, að næsta ár á eftir hafi fjelagið grætt allan höfuðstól sinn, 500 þús. kr. En þessu fje var svo öllu kastað inn í eina skuldahít, Íslandsbanka; hann fær allar sínar skuldir greiddar, en ríkissjóður ekki neitt. Jeg vildi spyrja hæstv. fjrh., hvort hann hafi verið þar vel á verði fyrir ríkissjóðinn; mjer skilst, að Íslandsbanki hafi gætt sín betur, þar sem hann fær alt sitt. Og það er ekki nóg með það, að fjelagið hundsar landið þannig, heldur svíkst það einnig um að greiða skatt í ríkissjóð, sem nemur 40 þús. kr. Á síðastliðnu ári græddi fjelagið aftur mikið fje. En þá borgaði það ekki einu sinni sínum banka neitt, hvað þá heldur opinbera skatta, en fór með 200 þús. kr. í viðgerð á skipunum og stöðinni í Viðey. Væntanlega hefir fjelagið treyst því, að Íslandsbanki mundi hjálpa sjer áfram; en af þeim skjölum, sem nú liggja fyrir, er það ljóst, að hann treystir nú ekki fjelaginu lengur. Fjelagið hefir grætt hálfa milj. króna annað árið og að minsta kosti 200 þús. kr. hitt árið. Það er þess vegna undarlegt, að stjórnin skyldi ekki höggva eitthvað í fjelagið, að minsta kosti með skatt eða afborgun, eins og Íslandsbanki gerði, þegar það óð í peningum. Í sumar setur fjelagið sinn síðasta eyri fastan í viðgerðir, og því er haldið fram, að með því hafi veð ríkissjóðs verið bætt; en það sýnir sig nú,

þegar búið er að afhenda veðið, hversu ágætt það er, þar sem Íslandsbanki neitar að lána út á það eingöngu, heldur heimtar frekari tryggingu. Í stuttu máli, því er haldið fram, að veðið sje einskis virði, og þess vegna sje sjálfsagt að gefa það eftir; en um það þýðir eiginlega ekkert að vera að ræða hjer, því að veðrjetturinn hefir nú þegar verið afhentur og lánað út á hann. Eggert Claessen bankastjóri játaði því, er hann var spurður, hvernig fara mundi, ef fjelagið tapaði á ný, hvort bankinn gæti þá ekki hagnýtt sjer veðið gagnvart ríkissjóði, þó að þingið neitaði nú, að bankinn hefði nú veðið upp á afsal hæstv. stjórnar, hvað sem við segðum. Sem sagt, Íslandsbanki hefir nú veðrjettinn framseldan af hæstv. fjrh., og að fara nú fram á það við þingið, að það gefi hann eftir, er sama sem að biðja um það, sem þegar hefir verið gefið.

Þegar fjhn. hafði fengið þessar upplýsingar, sá hún, að þetta var eintómur skollaleikur, og fór þá að athuga, hvort ekki væri unt að tryggja rjett landssjóðs á einhvern annan hátt. Stjórn Íslandsbanka hefir skýrt frá því, að hún hafi ekki getað lánað út á þetta veð, heldur hafi hún auk þess krafist persónulegrar tryggingar fjelagsstjórnarinnar fyrir rekstrarláni til 3 mánaða í haust. Þessa ábyrgð hluthafanna er nú búið að leysa út; til þess var fyrsti fiskurinn notaður. Þetta sýnir, hve lítils fjelagið metur hina drengilegu hjálp hæstv. fjrh., og virðist þó svo sem það hefði átt að vera kurteisisskylda að leysa hann úr hengingarólinni, áður en til þess kæmi, að hann yrði að sæta ábyrgð fyrir þetta tiltæki sitt, gagnvart þinginu.

Það hefir komið fram við umr. um þetta mál, að það hefði líklega verið rjettast að leggja upp skipunum, að minsta kosti yfir hausttímann, enda hafa sum ríkustu útgerðarfjelögin ekki sjeð sjer hag í því að láta skipin ganga þennan tíma; en „Kári“ er nógu ríkur til að halda skipunum úti með tapi.

Það virðist þess vegna næstum, að fjelagið geri leik að því að fara óvarlega, og verður það síst til að auka traust manna á því.

Það virðist þess vegna næstum, að fjrh., að hann hefir hliðrað sjer hjá því að gefa þinginu rjetta skýrslu í þessu máli. Það er heldur engin vissa fyrir því, eins og stjórn Íslandsbanka hefir viðurkent, að þessi hjálp verði fjelaginu nokkur stoð til viðreisnar á hag þess; hitt er líklegra, að hún verði að eins ríkinu til útgjalda og einskis annars.

Allir vita, að þetta fjelag hefir fengið mikla hjálp hjá ríkissjóði 1923. Við vitum ennfremur, að það hefir svikist um að greiða tekjuskatt sinn. Og loks vitum við, að það hefir varið tveggja ára gróða til alls annars en borga skuldir sínar. Þá loks fara hluthafarnir að kría sjer út lán hjá Íslandsbanka, gegn persónulegri ábyrgð. En gagnvart ríkissjóði, sem reynst hefir þeim betur en nokkur annar, neita þeir um persónulega ábyrgð. Þó hann hafi ábyrgst fyrir þá yfir 150 þúsund kr., og þó þeir hafi svikið hann um sjálfsagða skattgreiðslu, þá neita þeir um lítilsháttar ábyrgð í sömu andrá og þeir koma til hans og biðja að gefa sjer eftir síðustu leifarnar af þeirri tryggingu, sem ríkið hefir haft fyrir ábyrgð sinni.

Jeg tek það fram, að þetta hlutafjelag, sem ekki hefir sýnt þá drenglund

að borga neitt til ríkisins af skuldum sínum, og neitar svo í þokkabót um persónulega ábyrgð, um leið og það biður um enn meiri hjálp — það á ekki skilið neina samúð og á engan rjett til þess að fara fram á meiri hjálp frá ríkinu en þegar er orðið. Nú hefir það einnig komið í ljós við athugun fjhn., að það er alveg óvíst, hvort þessi nýja tilslökun gagnar nokkuð. Á fundi í nefndinni, þar sem bankastjórnin var viðstödd, var hún spurð, hvort hún mundi vilja lána fjelaginu rekstrarfje. Þá kemur það í ljós, að annað skip fjelagsins, og það betra skipið, liggur inni í Viðey aðgerðalaust, vegna þess að það vantar nauðsynlegustu hluti til þess að geta farið út á veiðar; og ástandið er svo bágt, að aðalvörnin er sú, að hitt skipið kunni að koma með afla, sem hægt sje að veðsetja, svo unt verði að láta þau ganga bæði. Fjelagið liggur þannig á gjaldþrotabarmi, að það verður að láta annað skip sitt liggja inni um hávertíðina, vegna þess að útgerðina vantar 5 þús. kr. Alt er veðsett, kolin auk heldur.

Hæstv. fjrh. talaði um það, að það væri ábyrgðarhluti að stöðva fjelagið, þegar vertíðin væri að byrja. En það er ljóst, að fjelagið var stöðvað, þegar stjórnin var að hjálpa því á flot á dauða tímanum.Hefði stjórnin gert ráðstafanir til þess, að einhver dugandi maður eða fjelag hefði tekið að sjer þetta farlama fyrirtæki, þá hefði fengist trygging fyrir því, að skipin hefðu ekki þurft að liggja inni á vertíð vegna þess, að það skorti nokkrar þús. kr. til nauðsynlegustu þarfa.

Jeg hygg, að það hafi nú verið sannað ljóslega, að þetta fjelag var upphaflega stofnað með því að narra menn, einkum í sveitum, sem aldrei höfðu nærri slíkum málum komið, til þess að leggja fram fje. Því næst hefir landið gengið í ábyrgð fyrir það, og sú ábyrgð hefir verið þökkuð með því að svíkjast um að greiða ríkissjóði lögmæt gjöld, og loks tekur stjórnin sig til og afhendir í algerðu heimildarleysi nokkurn hlut af þeim veðrjetti, sem ríkið átti í eignum fjelagsins. Fyrir því var ekki snefill af heimild. Og það er í raun og veru hæstv. fjrh., sem á að borga landinu það tjón, sem hann hefir bakað þjóðinni með þeirri ráðstöfun. Í raun og veru ætti þingið að samþykkja till. um það, að stjórnin borgi þetta sjálf. Það bætir heldur ekki málstað hæstv. fjrh. (JÞ), að hann skuli ekki þora að vera viðstaddur í deildinni, þegar hann er í raun og veru að biðja að gefa sjer sjálfum peninga. Jeg hefði talið hann meiri mann og betri dreng, ef hann hefði verið hjer og játað það hreinskilnislega, að hann hefði ekki haft heimild til þess að gefa eftir veðrjettinn og væri nú að biðja um fje handa sjálfum sjer.

Gunnar Ólafsson: Það er ekki mikið, sem jeg þarf að segja um þetta mál. Það voru aðallega fáein orð í ræðu hv. frsm. minni hl. (IP), sem jeg vildi athuga lítilsháttar. Jeg þykist vita það, að hv. þm. (IP) vilji það besta í þessu máli. En það kom þó ljóslega fram í ræðu hans og öllum afskiftum af málinu, að honum hefir hjer allmjög missýnst. Hann veit vel, að veðið var einskis virði og er einskis virði. Hann veit ennfremur, að ef fjelagið hættir nú, þá er öll von úti um, að það verði nokkurntíma nokkurs virði, en haldi fjelagið hinsvegar áfram, þá er alls ekki von-

laust um, að því gangi nú betur heldur en á síðasta ári. T. d. bendir útkoman af rekstri þess 1924 á það, að það sje alls ekki dauðadæmt, þótt eitthvað hafi borið út af í svip. Þá hlýtur þessi hv. þm. (IP) að vita, að hlutafje var safnað í fjelag þetta, sem mun hafa numið um 600 þús. kr., og það fje veit hann að hlýtur nú að vera tapað. Og sömuleiðis veðrjettur ríkissjóðs. Alt þetta er tapað til fulls, ef fjelagið hættir. En þrátt fyrir það gerir þessi hv. þm. (IP) alt sem hann getur til þess að stöðva fjelagið og þar með svifta hluthafa voninni, síðustu voninni um að bjarga fje sínu, og um leið til að losna úr þeim ábyrgðum, sem á þeim hvíla. Þegar þessa alls er gætt, þá verður manni að segja, að hann sje a. m. k. misvitur, hv. þm. (IP). Nú veit hann einnig, að hans eigin kjósendur, sem hann vildi jafnvel deyja fyrir, hafa lagt mikið fje í þetta fjelag. Og ef fjelagið hættir nú, þá verða þessir hv. kjósendur að tapa öllu sínu, sem þeir hafa lagt í fjelagið. Jeg held nú, að þótt kjósendur virði mikils hv. þm., muni þeir frekar gjalda honum óþökk fyrir þessa vanhyggju, því eins og eðlilegt er, þá þykir þeim sárt að tapa fjenu. Raunar býst jeg við því, að þeir sjái, að fjeð sje nú tapað eins og stendur, en hætti fjelagið, þá tapa þeir líka voninni, eins og áður er sagt.

Það hefir nú verið talað svo margt um þetta mál, og hæstv. fjrh. færði svo sterk rök fyrir því, hvers vegna hann legði til að gefa veðrjettinn eftir, að það verður ekki betur gert, a. m. k. ekki af mjer, og skal jeg því ekki fara út í það. Aðaltilgangur minn með þessum orðum var sá, að benda hv. þm. (IP) á það, hve hrapallega villur hann fari vegarins í þessu máli, — vitanlega þá með það fyrir augum, úr því atkvgr. hefir enn ekki farið fram, að hann sjái að sjer og greiði nú atkv. á móti dagskrá sinni.

Jeg skal ekki fara langt út í ræðu hv. 3. landsk. (JJ). Sú ræða var löng, eins og þeim hv. þm. er lagið, og benti mest á það, að hjer væri kominn ljóslifandi hv. fyrv. 5. landsk., sem jeg ætla að sje nokkuð þektur hjer í þessari hv. deild. Mjer fanst ræða hans ekki eiga hjer við, heldur væri hún frekar eldhúsdagsræðu, þar sem matreiða ætti eða sjóða upp það, sem hv. Nd. var að bjástra við í gær. Hv. þm. (JJ) sagði, að fjelagið hefði verið komið að því að drepast 1923. Þetta er alveg rjett. En þá hljóp stjórnin undir bagga, og vil jeg ekki ámæla henni fyrir það. Það var gert í því skyni að hjálpa fjelaginu til þess að halda áfram. En fjárhagslega skoðað frá hálfu ríkissjóðs var það þó ekki rjett, því veðið, sem stjórnin tók, var einskis virði. Og af því stafar alt þetta. En annars hefði fjelagið fallið, sem jeg tel að hefði verið illa ráðið, en þá hefði ríkið að vísu engu tapað. Jeg held nú, að þegar á alt er litið, þá sje jafnvel enginn raunverulegur skaði skeður, þegar þess er gætt, hve miklar tekjur ríkissjóður hefir haft af þessu fyrirtæki síðustu 2 árin. Fjelagið hefir borgað mikið fje í ríkissjóð og hefir veitt mikla atvinnu, sem mörgum hefir komið að góðu haldi.

Eitt atriðið í ræðu hv. 3. landsk. var það, að fjrh. hefði svikist um það að innheimta skatta hjá fjelaginu. Það er leitt, ef hv. þm. (JJ) veit ekki það, að stjórnin heimtar ekki inn þessa skatta, og jeg geri ráð fyrir því, að stjórnin sje ekki látin vita, hvað líður

innheimtu fyr en komið er að árslokum eða öllu heldur fram yfir árslok. Lögreglustjóri mun eiga von á því, að gjaldendur komi og greiði skuldir sínar alt fram að árslokum og lengur. Og sje hjer nokkurn að saka, þá er það lögreglustjóra eða sýslumann þann, er gjaldið átti að heimta. En jeg saka hann ekki heldur.

Þetta, að fjrh. (JÞ) hafi gefið eftir af veðrjetti ríkissjóðs og þannig stutt að því, að fjelagið gæti haldið áfram að starfa frá nýári til vertíðar, það held jeg, að hafi verið rjett ráðið. Það var gert í þeim tilgangi, að fjelaginu gæfist kostur á að freista gæfunnar á næstu vertíð. Ef það hefði enga hjálp fengið eftir nýár, þá hefði það orðið að gefa sig upp, og þá um leið verið svift þeim möguleika að reyna gæfuna á vetrarvertíðinni. Hitt er líka vitanlegt, að það er ekki rjett, sem hv. 3. landsk. sagði, að stjórnin hefði leynt þessari eftirgjöf, því það sanna er, að þetta er tekið fram í skjölum, sem legið hafa fyrir nefndinni. Hafi nefndin ekki lesið þau skjöl nógu rækilega, þá er það hennar eigin sök, en ekki stjórnarinnar.

Jeg hjet því að vera ekki langorður, enda er mál þetta orðið svo upplýst sem það getur orðið, og afstaða hv. þdm. mun ekki breytast úr þessu að neinu leyti, hvað sem hjer kann að verða sagt.

Halldór Steinsson: Sökum þess, að jeg hefi sjerstöðu í þessu máli, þykir mjer hlýða að gera örstutta grein fyrir atkvæði mínu, áður en gengið verður til atkvæða. En fyrst vildi jeg víkja stuttlega að síðustu orðum hv. 3. landsk. (JJ). Mjer þótti hann taka nokkuð djúpt í árinni gagnvart hæstv. fjrh. (JÞ), þar sem hann gaf í skyn, að hann þyrði ekki að vera viðstaddur þessa umr. hjer í hv. deild. Jeg vona, að öllum sje það ljóst, að þegar stendur á umr. fjárlaganna í Nd., þá er það skylda fjrh. að vera þar viðstaddur og láta það sitja fyrir öllum umræðum öðrum. Enda mun öllum hv. þdm. ljóst af viðskiftum þeirra hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. 3. landsk. (JJ) hjer í þessari hv. deild, við fjöldamörg tækifæri, að það hefir ekki borið á neinu hugleysi hjá hæstv. fjrh. (JÞ).

Þegar litið er á sögu þessa máls frá byrjun, þá virðist það undarlegt, að það skuli vera borið fram nú á þessu þingi, eftir alt, sem á undan er gengið. Frá fyrstu var það skýrt tekið fram af öllum, í ræðum um málið í þinginu, að það gæti ekki komið til mála, að ríkið veitti neina ábyrgð, nema hún yrði fyllilega trygð með veði í eignum fjelagsins. Kom þessi skoðun eins fram hjá þeim, sem allra lengst vildu ganga. Þáverandi stjórn framkvæmdi líka vilja þingsins þannig, að allar fyrstu ábyrgðirnar verða að teljast sæmilega trygðar. En þegar kemur til ársins 1923, þá er þessi umrædda ábyrgð veitt, og hún er sú fyrsta, sem stjórnin veitir veðlaust eða a. m. k. gegn gagnslausu veði. Þetta er í sjálfu sjer ákaflega ámælisvert, en það þýðir ekki að sakast um orðinn hlut. Jeg verð líka að segja það, að jeg tel, að núverandi stjórn hafi ekki gert fyllilega skyldu sína, að hún eftir góðærið 1924 skyldi ekki grenslast eftir því, hvort ekki væri hægt að tryggja þetta gagnslausa veð. Það væri því undarlegt, ef þingið

færi nú að lýsa blessun sinni yfir því, að vilja þingsins 1921 hafi verið traðkað.

Þetta mál hefir aðallega tvær hliðar. Snýr önnur að ríkinu, en hin að atvinnulífi landsins. Þegar sú hlið er athuguð, sem snýr að ríkinu, þá vita hv. þm., að það er skylda þeirra að stofna ekki hag ríkissjóðs í hættu nema brýna nauðsyn beri til. Hvað snertir atvinnulífið, þá getur verið, að mjög brýnar ástæður sjeu til þess, að ríkið komi þar til hjálpar. Og jeg verð að segja það, að ef það kæmi fram í þessu máli, að fjelaginu væri trygt lán yfir vertíðina, gegn tilslökun ríkisins á veðrjettinum, þá horfði það dálítið öðruvísi við, því með því að leggja fjelagið niður í byrjun þessarar vertíðar, þá tapa margir atvinnu, sem annars gæti orðið þeim að góðu liði. En nú er engin trygging fyrir því, að fjelagið geti haldið áfram, þó þingið slaki til.

Mín afstaða er því sú, að jeg er á móti dagskránni, vegna þess, að mjer virðist hún fela í sjer hálfgert vantraust á stjórnina, sem mjer virðist hún ekki eiga skilið. Því eins og ástandið er, þá sýnist mjer stjórnin ekki ámælisverð fyrir það, þó hún veitti þessa tilslökun, því það er alt annað að færa veðrjett aftur fyrir rekstrarlán, sem ætla má að verði greitt bráðlega, heldur en færa hann aftur fyrir fast lán. Jeg get því ekki verið með neinni tillögu, sem felur í sjer vantraust á hæstv. stjórn fyrir þessa sök. En jeg get heldur ekki verið með aðaltill., sökum þess, sem jeg hefi nú tekið fram, að það er ekki víst, hvort lán muni þá að heldur fást til þess að gera skipin út á vertíðinni. Þá fyrst, þegar vissa er um það fengin, get jeg sagt um það, hvort jeg get verið með tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs eða ekki.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af síðustu orðum hv. þm. Snæf. (HSteins) vil jeg benda á það, að till. er þannig orðuð, að ekki er ætlast til þess, að heimildin verði notuð, nema fjelagið fái rekstrarfje áfram.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi talað áður í þessu máli og ætlaði ekki að tala meira, en háttv. 5. landsk. (GunnÓ) hefir gert það að verkum, að jeg sje mjer ekki annað fært en nota þann rjett, sem jeg hefi til þess að taka til máls einu sinni enn.

Þessi hv. þm. taldi upp margt, sem hann sagði að jeg vissi, eða að minsta kosti ætti að vita, og var altaf að stagast á orðunum: „Hann veit", „hann veit". Það er nú svo um mig, eins og marga fleiri, að jeg veit vitanlega töluvert, en ekki alt, því miður. Meðal annars sagði hann, að jeg vissi, að svo framarlega sem fjelagið hætti nú, þá væri alls engin von um, að ríkissjóður fengi endurgreidda þá upphæð, sem hann stendur í ábyrgð fyrir. Þetta mun vera rjett. En hann sagði ennfremur, að ef fjelagið fengi að halda áfram, þá myndi það ef til vill geta greitt skuld þessa. Þetta er meðal annars eitt af því, sem jeg ekki veit eða fæ ekki skilið. Jeg hefi nefnilega enga von um, að skuld þessi verði greidd hjeðan af, úr því að engin greiðsla fjekst á árinu 1924, því að jeg er í efa um, að nokkurntíma komi betra ár yfir sjávarútveg þessa lands. Og hvað stendur fjelagið kanske betur að vígi nú, eftir góðærin 1924 og '25, en það stóð 1923? Jeg sje það ekki. (**GunnÓ:** Það stendur

að sumu leyti betur að vígi.). Ekki að öðru leyti en því, ef það skyldi eiga eitthvað meira af fiskreitum í Viðey. Að minsta kosti hefir því verið haldið fram, að veð ríkissjóðs í skipunum hafi þá verið einskis virði, og sje það enn. Og ef litið er á hitt, að 1923 er ríkissjóður í ábyrgð fyrir 5000 £, sem eftir þáverandi gengi var um 150 þús. kr., en er eftir núverandi 111 þús. Þessum 5000 £ hefir verið breytt í íslenskar krónur á þeim tíma, er gengið var 30 kr., og ætti því upphæð sú, er ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir, að vera 150 þús. En nú hafa bæst við ógreiddir vextir, svo upphæðin er orðin alls 173 þús.

Er þetta nú betra ástand en var 1923? Mjer finst það ekki vera.

Jeg lít því svo á þetta mál, að úr því að hagur fjelagsins er ekki betri en þetta, eftir þessi 2 góðu ár, þá sje engin von til, að það rjetti við aftur. Annars álít jeg, að það sjeu viss takmörk fyrir því, hversu miklar skuldir sjávarútvegurinn geti borið, til þess að atvinnureksturinn geti borið sig. Að minsta kosti er það þannig um smábátaútveginn. Og jeg er viss um, að hv. 5. landsk. (GunnÓ) veit það vel, að þegar skuldirnar á Eyjabátunum eru orðnar 60—70 þús. kr. á bát, þá er vonlaust um, að þeir beri sig. Það er einmitt á þessu, sem jeg byggi það, að jeg tel vonlaust um, að fjelag þetta reisi sig við aftur, þar sem það er margsannað, að skuldir þess eru orðnar svo miklar, að þær eru komnar upp fyrir öll slík takmörk.

Þá sagði þessi hv. þm., að jeg hefði verið slysinn í þessu máli. Veit jeg ekkert, við hvað hann á með þessu. Að minsta kosti hefi jeg ekki orðið fyrir neinum meiðslum og vona, að jeg verði ekki. Get jeg því ímyndað mjer, að þetta standi í sambandi við þau ummæli síðar í ræðu hans, að hlutafje í fjelag þetta hefði verið smalað sauðlaust í kjördæmi mínu. **(GunnÓ:** Í þeim skilningi.). Já, jeg bjóst nú ekki við, að hann ætti við ferfætt sauðfje. Býst jeg því við, að þessi slysni mín, sem hann talar um, sje sú, að jeg hafi sloppið hjá í smölun þessari. En jeg verð að telja mig hafa sloppið vel.

Þá sagði hann, að jeg skyldi hugsa mig um tvisvar, áður en jeg greiddi atkvæði á móti till. þessari, því að kjósendur mínir myndu gjalda mjer rauðan belg fyrir gráan, ef jeg samþykti hana ekki. **(GunnÓ:** Þetta voru ekki mín orð.). Það er satt, en meiningin var þessi. Jeg get fullvissað þennan hv. þm. um, að þessar og þvílíkar áminningar hafa engin áhrif á mig. Jeg mun í þessu máli sem öðrum fylgja sannfæringu minni.

Það mun nú fara svo um þetta mál, eins og svo mörg önnur, að það þarf töluverður tími að líða, þangað til kveðinn verður upp um það óhlutdrægur dómur. En þegar sá dómur verður kveðinn upp, er jeg ekkert hræddur um, að hann verði mjer ekki í vil. Sje jeg svo ekki ástæðu til, að talað sje frekara um þetta mál. Það mun lítið upplýsast, þó að um það verði rætt lengur.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það er margt búið að segja um þetta mál frá því jeg talaði síðast, en þó hefir ekkert nýtt komið fram.

Jeg ætla þá fyrst að snúa mjer að vini mínum, hv. 2. þm. S.-M. (IP).

Hann hefir haldið áfram uppteknum hætti, að vera með órökstudda dóma um afkomu fjelagsins. En það er einmitt sú hlið málsins, sem meiri hl. fjhn. hefir leitt hjá sjer, af því að hann telur það enga þýðingu hafa fyrir þessa tillögu, þó verið sje með slíka dóma og aðfinslur. Enda hafa skoðanir manna verið allmjög skiftar um gerðir fjelagsins á liðnum árum, öðrum hefir fundist þetta, en hinum hitt.

Veðrjettur sá, sem ríkissjóður fjekk hjá fjelagi þessu, hefir meiri hl. fjhn. og fleiri talið að hafi verið einskis virði frá byrjun, sakir þess, hve mikið hafi verið lánað út á 1. veðrjett. Á þetta hefir rjettilega verið bent bæði af hv. þm. Snæf. (HSteins) og fleirum. Af þessum ástæðum vill meiri hl. fjhn. leyfa tilfærslu þá, sem um er beðið á veðrjetti þessum, þar sem sýnilegt er, að engu getur verið að tapa. Má hv. 2. þm. S.-M. (IP) því vera viss um, að hefði hjer verið um veðhæfa eign að ræða fyrir ríkissjóð, þá hefði meiri hl. ekki lagt áherslu á, að tilfærsla þessi væri leyfð. En þar sem sýnilegt er, að ekkert er eftir að gefa, ef fjelagið ætti nú að gefast upp, en miklu frekar líkur til, að fjelagið geti rjett sig við og starfað, ef það fær þetta, þá horfir málið alt öðruvísi við.

Háttv. 3. landsk. (JJ) virtist vilja gera hvell út úr því, að fjármálaráðherra hafði gefið eftir til bráðabirgða, að rekstrarlán það, sem fjelagið þurfti frá nýári til vertíðar, væri fært fram fyrir þennan veðrjett, og til sönnunar því, að ráðherrann hefði ekki haft heimild til þess að leyfa þessa tilfærslu, las hann upp kafla úr brjefi frá honum. En ef hann hefði lesið dálítið lengra, þá hefði hann getað sannfærst um, að ráðherrann hefir ekkert gefið eftir af því, sem nú er farið fram á að fá eftir gefið.

Sannleikurinn er sá, að um áramót, þegar fjelagið er í vandræðum með að fá rekstrarlán, þá leyfir stjórnin, að það fje, sem fjelagið þarf til útgerðarinnar frá nýári til þess tíma, að þingið geti tekið ákvörðun um málið, verði látið ganga á undan þessum veðrjetti, þó aðeins með því skilyrði, að greiðsla á þeirri upphæð verði látin ganga á undan öllum öðrum greiðslum, sem á fjelaginu hvíla.

Þegar nú þess er gætt, að þetta er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, gerð á þeim tíma, sem ómögulegt er að ná til þingsins, þá er ekki hægt að ásaka stjórnina fyrir hana. Það hefði þvert á móti verið ástæða til að ásaka hana, ef hún hefði ekki gert þetta.

Ásakanir þessar í garð núverandi stjórnar detta því með öllu niður, þegar málið er athugað til hlítar, og lenda á þeirri stjórn, sem gekk frá veðinu á sínum tíma.

Að stjórnin hafi leynt fjhn. einhverju í þessu máli, er hin mesta fjarstæða, því að öll gögn málsins var að finna í þeim skjölum, sem lágu fyrir.

Hv. 2. þm. S.-M. (IP) spurði meðal annars, hvað hefði orðið af gróða fjelagsins 1924. Að þessu hefði hann alls ekki þurft að spyrja, því að það var upplýst fyrir fjhn., að hann gekk til að borga skuldir fjelagsins.

Þá var hv. 3. landsk. (JJ) að harma það, að yfirleitt væri verið að styðja stórútgerðina, því að hún drægi svo mjög fólk úr sveitunum. Jeg skal fúslega játa, að það er mjög bagalegt, ef fólk dregst um of úr sveitunum. En hjer ber þess að gæta, að hjer er um

að ræða þann atvinnuveg, sem gefur ríkissjóði langmestar tekjur, og á því illa við að vera að telja eftir, þó að eitthvað sje fyrir hann gert.

Ásakanir þessa hv. þm. í garð stjórnarinnar fyrir það, að hún hafi ekki náð tekjuskatti af fjelagi þessu, eru bara út í bláinn, því að það er vitanlegt, að allur sá afli, sem fjelagið fær, er fyrst og fremst veðsettur þeim banka, sem lánar fjelaginu rekstrarfje til útgerðarinnar. Sje svo ekkert afgangs fyrir skattinum, er vitanlega ekki hægt að ná honum.

Þegar slept er öllum spádómum um væntanlega afkomu útvegarins yfir höfuð og menn fást til að tala um ástandið eins og það er, þá finst mjer það mjög einfalt mál, að ríkissjóður eigi að gefa eftir veðrjett, sem sannanlegt er að er einskis virði, ef það gæti meðal annars orðið til þess, að fjelagið gæti starfað og veitt því fólki atvinnu, sem unnið hefir hjá því, að minsta kosti nú um hábjargræðistímann. Þetta finst mjer háttv. minni hl. ekki hafa athugað sem skyldi. Og það ætti honum að vera ljóst, að yrði fjelagið gjaldþrota nú, þá mundi það taka mjög langan tíma þangað til rekstur þessara skipa væri kominn í gang aftur. Mundi því fjöldi manna, sem hefir atvinnu við fjelagið nú, tapa stórfje.

Það hefir rjettilega verið tekið fram, að ekki er fullvíst, að fjelagið fái rekstrarlán, þó að þessi tilfærsla verði leyfð. En það eru mjög miklar líkur til þess, því að bæði bankastjórnin og framkvæmdarstjóri fjelagsins gáfu fyllilega í skyn, að lánið myndi fást, ef tilaga þessi yrði samþykt. En eins og marglýst hefir verið yfir, verður heimildin ekki notuð, ef fjelagið fær ekki lánið.

Það er ekki, eins og háttv. þm. Snæf. (HSteins) komst að orði, til þess að lýsa blessun sinni yfir því, að vilja þingsins hefir verið traðkað í þessu máli, að meiri hl. er með tillögunni, og ekki heldur af því, að hann sje ánægður með, hvernig gengið var frá þessu veði í byrjun. Heldur fylgir hann henni til þess að reyna að bjarga atvinnu þeirra manna, sem vinna hjá fjelaginu nú, og því verðmæti, sem skipin afla yfir þennan tíma, vertíðina.

Jónas Jónsson: Mjer þykir leiðinlegt, að það sæti meðal hinna landsk. þm., sem jeg hafði áður, skuli ekki vera betur skipað en nú virðist vera, því öllu þynnri ræðu en hv. 5. landsk. (GunnÓ) hjelt í dag hefi jeg aldrei heyrt áður. Þessi hv. þm. reyndi að koma inn á málið, en gat ekki með einu orði hrundið öllum þeim ásökunum, sem jeg bar á hendur hæstv. stjórnar. Hann gat ekki hrundið því, sem hv. þm. Snæf. (HSteins) viðurkendi, að núverandi stjórn hefði látið tvö tækifæri líða hjá til þess að krefja fjelagið um peninga upp í skuld þessa.

Þar sem hv. þm. er töluverður gróðamaður fyrir sjálfan sig, þá efast jeg um, að hann hefði verið jafnhirðulaus um útistandandi skuldir sjálfs sín og um þessa skuld fyrir landið, og segi jeg það ekki til ámælis honum. Hefði hann átt slíkt lán útistandandi og vitað skuldunautinn vaða í peningum, þá væri hann ekki fjármálamaður, ef hann reyndi ekkert að aðhafast til að ná í peninga sína. En þögn þessara manna, sem hjer hafa talað, bæði hv. frsm.,

þm. Vestm. (JJós), og hv. 5. landsk. (GunnÓ) um þetta atriði, er sönnun fyrir því, að þeir sjá, að þegar fjelagið hefir haft 700000 kr. gróða á 2 árum, en notað hann til annars en að borga landinu, þá er ómögulegt að koma fram með nokkur rök fyrir því, að stjórnin hafi haft nokkurn neista af vilja til þess að fá skuldaþrjót sinn til þess að borga.

Það hefir heldur ekki komið neitt fram hjá þessum hv. þm., hv. frsm. (JJós) og hv. 5. landsk. (GunnÓ), til þess að sanna, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi haft heimild til þess að færa aftur veðrjettinn. Það var deilt um það í hv. Nd., hvort fyrv. stjórn hefði haft heimild til að veita lánið. Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að hún hefði ekki haft heimild til þess. Hvað sem því líður, þá var þessi heimild veitt af þinginu, þó vafasamt væri, hvort það var rjett að gera það, en aftur á móti er enginn stafur fyrir því, að það mætti afhenda þennan rjett, sem hjer er um að ræða, til þess að fjelagið gæti fengið daglegt rekstrarfje. Tel jeg það litla búmensku, þegar aðrir láta skipin liggja. En þó er það skiljanlegt, að gripið var til þessa úrræðis, þegar von var um gróða úr þessari átt. Hefir enginn enn reynt að verja þessa ljettúð, og tek jeg það sem merki þess, að fylgismenn stjórnarinnar finni, að málstaður hennar er slæmur. (**JJós:** Hv. þm. heyrir illa!).

Viðvíkjandi sköttunum var það eina, sem hv. þm. reyndi að verja. Hann sagði, að stjórnin ætti ekki að vera að innheimta skatta frá fjelögum, sem væru svona illa stödd.

Hún er nú kunn sagan um það, þegar stjórnin vildi dreifa sköttum togaranna á 3 ár. Ætli „Kára“-sagan sýni ekki, hver meiningin var með þessu. Getur hugsast meiri snoppungur fyrir stjórnina en saga „Kára“-fjelagsins. Jeg get ekki hugsað mjer meira blygðunarleysi en ef forsvarsmenn stjórnarinnar ætla að fara að verja það, að fjelag, sem er handbendi Íslandsbanka, skuli ekki hafa verið krafið fjárins, sem landið átti hjá því, um leið og bankinn innheimti hjá fjelaginu, og að innheimtumanni landsins skuli ekki hafa verið gefið neitt til kynna um það. Og þótt skuldunauturinn hefði nú ekki komið sjálfkrafa, þá var þó ekki til of mikils mælst, þótt stjórnin hefði ýtt við fjelaginu. Það er upplýst, að fjelagið átti að borga af 800,000 kr., að það hafi síðan leikið sjer með 200,000 kr. , sem átt hefðu að borgast landinu, og Íslandsbanki segir, að ekki hafi verið nauðsynlegar til rekstrar fjelaginu. Þannig er algert ráðaleysi hjá þeim vesalings þm., sem eru að reyna að verja stjórnina, og þeir hafa beinlínis spilt fyrir henni með því að blanda 3 ára reglunni inn í þetta mál.

Hæstv. forseti (HSteins) er sammála að sumu leyti, þótt jeg sje honum ekki samferða alstaðar, því að ef dagskráin verður ekki samþ., þá greiði jeg atkvæði móti heimildinni. En þar sem hæstv. forseti (HSteins) vildi verja stjórnina, þá get jeg sagt honum, að hann hefir ekki verið heppinn, því að þegar þetta mál, sem í hv. Nd. var fyrir tilstilli hæstv. fjrh. (JÞ) flýtt með afbrigðum, af því að stjórnin var hrædd við rannsókn, ef málið drægist, hafði fengið nýjar upplýsingar, þá kemur ráðherrann ekki inn í þessa hv. deild dag eftir dag, þegar málið er til umræðu. Jeg held, að rjettast sje að orða þetta svo, að hann sje hræddur við mál-

stað sinn. Jeg hefi fært rök að því, að hann hefir ástæðu til þess að vera það.

Hæstv. forseti (HSteins) hjelt því fram, að meining þingsins hefði verið að fá góð veð, en jeg bið hann að athuga, að þótt menn hafi talað svo þá, þá var þessi heimild því að eins gefin, að menn vildu ekki, að skipin færu burt úr landinu. Hefði jeg verið á þingi 1921, mundi jeg hafa verið mótfallinn þessari lánsheimild, en nú má segja, að stjórnin hafi gert sjer að góðu þessa yfirsjón, með því að veita ný lán og innheimta ekki hjá skuldadólginum, og loks með því að ganga á undan í því að kasta burtu þessu vesala veði landsins. Gagnið af meðferð þessa máls sýnir, að stjórnin hefir verið of ljettúðug. Hún hefir litið á þetta fjelag sem heilagan hlut, sem ríkinu væri skylt að styðja hvenær sem þörf krefði. Mjer þykir leitt, að hæstv. fjrh. (JÞ) er ekki við. Það er altalað meðal háttstandandi manna hjer í bænum, að hann hafi gengið í ábyrgð fyrir „kolakrana" hjer við höfnina fyrir gróðafjelag. Sje þetta rjett, hefir ráðh. alls enga heimild haft til þess. Hann svarar væntanlega til saka fyrir þetta hjer í deildinni. En eftir því, sem hann hefir áður gert í því að ganga í ábyrgðir í leyfisleysi, þá trúi jeg honum vel til þess að hafa gengið í þessa ábyrgð. Og ef stjórnin ætlar að fara að gera sjer leik að því að ganga í ábyrgðir bak við þingið, þá vil jeg segja það, að ekki er orðið langt til Mussolinis. (JJós: Gengur Mussolini í ábyrgðir?). Hann fótumtreður þingviljann. Hann stjórnar landinu með ofbeldi. Hann drepur menn, og það hefir verið stungið upp á því af mönnum, nákomnum stjórninni, að vega að mönnum, svo að Mussolini er ekki að verða langt frá.

Þá kem jeg að hv. þm. Vestm. (JJós). Hann áleit óviðkunnanlegt að vera með spádóma um „Kára"-fjelagið. Það kann nú að vera nóg að tala um fortíð þess. Það upplýstist í nefndinni, að bankinn vill engin loforð gefa um stuðning við fjelagið. Ennfremur játa bankastjórarnir, að fjelagið sje peningalaust, skipin veðsett, aflinn veðsettur og að annað skipið hafi stundum þurft að liggja, uns hitt kæmi inn með eitthvað til að veðsetja, svo að það kæmist út aftur,

Sjá nú ekki allir lifandi menn, að fjelagið er marggjaldþrota, landssjóðshlutinn í skipunum farinn, tekjuskatturinn ógreiddur, en bara farið til landsstjórnarinnar til þess að fá eftirgjöf á veði, til þess að fjelagið geti lifað?

Hv. þm. Vestm. (JJós) áleit vera gerðan hvell úr þessu máli og sagði, að stjórnin hefði neitað um föstu lánin, en ekki rekstrarlán. Nú veit hv. þm., að hann hefir heyrt Eggert Claessen segja, að Íslandsbanki hafi veðrjettinn, svo að bráðabirgðalánið verður þá varanlegt, og ef fjelagið fer á hausinn, þá er sama, þótt neitað hafi verið um heimildina. Þetta veit hv. þm. frá þeim mönnum, sem veittu lánið. Hann er alt of skýr maður til þess að vita ekki, að ef jeg er á 6 mánaða víxli, sem hann hefir gefið út fyrir mig, og ef jeg get ekki borgað, þá verður hann að greiða fyrir mig, og þýðir ekkert að segja bankanum, að hann sje aðeins til bráðabirgða á víxlinum sem ábyrgðarmaður.

Annaðhvort er það fádæma fáviska eða gert á móti betri vitund að vera að afsaka þetta, þar sem nú er líka sann-

að í meðferð málsins, að þetta vesala skilyrði, að láta ganga fyrir öllu að borga bráðabirgðalánið, sem hæstv. fjrh. (JÞ) stendur í ábyrgð fyrir, ef þingið gefur þá ekki þessa upphæð eftir, hefir alveg verið virt að vettugi. Nú hefir Íslandsbanki játað, að sjerstakt veð hafi verið sett fyrir allhárri upphæð, og þetta veð frá fjelaginu, ásamt veði ríkissjóðs, hefir verið undirstaðan undir rekstri fjelagsins upp á síðkastið. En nú skal enginn halda, að borgað hafi verið af þessum lánum með fiskinum, eins og einmitt var sett sem skilyrði, heldur var hitt lánið notað til að borga hluthöfunum. Það er sama venjan og áður: Ekkert borgað til ríkissjóðs, ráðherrann hundsaður um hans eigin skuld, tvisvar vanrækt að borga landinu, af 200 þús. og 500 þús. kr., þó allir aðrir fengju sína peninga hjá fjelaginu.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að skjal nokkurt væri sönnun fyrir sakleysi stjórnarinnar. Í ákaflega ómerkilegu afriti af stjórnarráðsbrjefi er ástæðan fyrir því, að stjórnin geti ekki gengið í ábyrgð fyrir „Kára“-fjelagið. Hvort hjer er um að ræða skjalafals, veit jeg ekki. Svo er skrifað með blýanti, með annari hendi, neðar á sama afrit, alt annað, að stjórnin sje til með að lána til bráðabirgða. Væri þetta glæpamál fyrir rjetti, þá yrði rannsakað, hvaða munur væri á frumskjalinu og blýantskrotinu, þar sem stendur í öðru, að stjórnin veiti enga heimild, en í hinu er gengið þvert á móti þessu. Hvaðan þetta skjal er komið, veit nefndin ekki. Enn er eftir eitt atriði, að þótt fjármálastjórnin líti svo á, að hún mætti skrifa upp á þennan víxil, þá er það ekki sannað af neinum, að hún hafi haft heimild til þess. Þess vegna er það óhrakið enn, að víxillinn er á ábyrgð hæstv. fjrh. (JÞ). Hjer er því um það að ræða, að farið er fram á, að gefin verði eftir ábyrgð, sem ráðherrann sjálfur stendur persónulega í, og mun hann við nánari athugun sjá, að honum er meiri heiður í að standa við hana og sæmra að borga hana heldur en að vera að „bóndafanga“ stuðningsmenn sína, til þess að skella henni á landið. Þessi ábyrgð hefir ekki meiri rjett á sjer en hver önnur persónuleg ábyrgð, sem ráðherrann gengur í fyrir góðkunningja sinn.

Hv. þm. Vestm. (JJós) sagði, að jeg harmaði það, að útgerðin væri studd, vegna þess, að hún skaðaði sveitirnar. Jeg gerði ekki annað en að benda á það ósamræmi, sem kemur fram í því, að annarsvegar er útgerðin talin stórkostlegur gróðavegur, en hinsvegar talar reynslan um sorglega útkomu hjá fjelögunum. Jeg hefi hjer sagt sögu eins fjelags, sem hefir haft duglegum mönnum á að skipa. Þegar maður svo athugar þá niðurstöðu, sem maður kemst að með það, að fjelagið er altaf að falla dýpra og dýpra, getur ekki staðið í skilum, hvorki við innlenda nje erlenda lánardrotna, getur ekki staðið í skilum við landið, ekki borgað lögboðna skatta, og hluthafarnir ekki þeir drengir, að þeir gangi í persónulegar ábyrgðir fyrir fjelag sitt, þótt landið borgi fyrir þá, þá bið jeg hv. þm. að athuga, hvort þessi útvegur sje glæsilegur og hvort rjett sje að halda við svona fyrirtækjum, sem ekki standa í skilum, en bjóða hátt kaup á kostnað bankanna og draga fólkið úr sveitunum með tálvonum. Nei, þetta rekur áreiðanlega upp á sker. Við höfum dæmi um það, að jafnvel eftir

góðæri er aðstaðan sú, að mikill hluti flotans getur ekki staðist, nema landið setji sig í hættu vegna hans, og engin fyrirtæki hafa þurft eins mikillar hjálpar frá landinu, eins og togarafjelögin.

Hv. þm. segir, að stórútgerðin hafi borið hag ríkissjóðs á herðum sjer. Hún hafi borið þyngstu baggana. Það eru þá helst baggar! Við vitum nú, hvað þau hafa borgað, ríku fjelögin. Loks þegar góðu árin komu, borguðu togarafjelögin í tekju- og eignarskatt í Rvík eitthvað 30 þús., annað árið 40 þús., og svo 3. árið, í fyrra, þegar verulega gekk vel og útlit var fyrir, að fjelögin borguðu mikið, var allur stjórnarflokkurinn „mobiliseraður" á móti því, að þau borguðu það, sem þeim bar. Þá lá það fyrir skjallegt, að þau hefðu sett gróðann í alt annað. Enda hafði það komið fram á fundi einum hjer í bænum, að játað hafði verið af einum stuðningsmanni ráðh., að hann hefði sagst vera óánægður yfir því, hve frv. um skattaívilnunina gengi skamt til rjettlætis. (**Fjrh. JÞ:** Alveg rjett.). Hæstv. fjrh. (JÞ) er alveg viss á því, að ekki megi leggja á þessar stofnanir, og hann er einkar lukkulegur yfir því, ef „Kári" sleppur við að borga 42 þúsundirnar, þótt það verði til þess, að reglan komi ekki fram, því að „Kári" hefir fundið upp reglu til þess að forða ríkissj. frá of miklum peningum, og er sú regla miklu betri en 3 ára reglan. Það gleður mig, að hæstv. fjrh. (JÞ) er kominn inn í deildina, og held jeg því, að jeg verði að fórna ofurlitlum tíma til að láta hann heyra þær ásakanir, sem jeg hefi flutt á hendur honum í þessu máli, svo að honum gefist kostur á að svara þeim, og geti hann ekki gert skil fyrir máli sínu, þá vil jeg, til þess að hlutur hans verði ekki óglæsilegur í þingtíðindunum, rifja upp nokkur atriði, sem jeg óska eftir að hann svari:

1. Hvaða rjett hann hafði til þess að ganga í ábyrgð fyrir „Kára"-fjelagið nú í vetur?
2. Hvort hann vilji þá ekki borga sjálfur þessa upphæð?
3. Hvers vegna hann reyndi ekki að krefja fjelagið um greiðslu upp í veðið?
4. Hvernig stóð á því, að hann flýtti málinu með afbrigðum í Nd.?
5. Hvers vegna hann tók ekki fram, að hann hefði afhent veðrjettinn?
6. Hvernig stendur á blýantskrotinu í stjórnarráðsbrjefinu?
7. Hvernig stendur á því, að hann reyndi ekki, þegar hann vissi um hinar illu ástæður fjelagsins, að ýta undir tollheimtumann sinn með að krækja í eitthvað af 200 þúsundunum upp í skattinn fyrir árið 1924?
8. Hvernig getur hann afsakað það gagnvart þinginu að hafa ekki sagt það skýrt og skorinort, eins og E. Claessen, að það væri búið að festa þennan veðrjett?

Það væri gott, ef hæstv. fjrh. (JÞ) hefði tíma, að hann skýrði frá, hvers vegna Íslandsbanki fjekk alla fiskframleiðslu „Kára" 1924? Hann játar nú, að stjórnin hafi enga vitneskju fengið um, hvernig bráðabirgðaláninu hafi reitt af, og segist ekki vita, hvernig sakir standi nú. Jeg óska, að hann skýri þá frá því sem „business"-maður, hvers vegna hann ljet skipin ganga þessa mögru tíma, jan.—febr., og hvort ekki hefði þá verið betra að hjálpa fje-

laginu á sjálfri vertíðinni. Það er kunnugt, að sum önnur fjelög ljetu skip sín liggja nokkuð af þessum magra tíma. Það er auðsjeð, að frammistaða hæstv. fjrh. er slæm, hvort sem litið er á almenna framsýni eða heimildir.

Nú er fullyrt af háttsettum mönnum, að hæstv. fjrh. hafi gengið í ábyrgð fyrir „kolakrana“ hjer við höfnina. **(Atvrh. MG:** Hverjir eru þessir háttsettu menn?). **(Fjrh. JÞ:** Það eru víst heimilismenn Gróu á Leiti.). Það eru háttsettir íhaldsmenn, þó það sje ekki sjálfur formaður Íhaldsflokksins, sem borið hefir hviksögur á fundi í Hafnarfirði nú í vetur um kennara fyrir norðan. En af því að jeg vil hæstv. fjrh. vel, mun það gleðja mig, ef hann getur hreinsað sig af þessu, og hafi hann komist í freisting með „kolakranann“ eins og áður gagnvart „Kára“-fjelaginu, þá er gott fyrir hann, ef hann getur nú snúið við. Jeg hefði kosið, að hæstv. fjrh. (JÞ) hefði verið hjer viðstaddur áðan, en jeg vona, að hæstv. forseti, sem gert hefir alt, sem í hans valdi hefir staðið, til þess, að stjórnin tæki þátt í þessum umræðum, þó ekki hafi það tekist, leyfi mjer að gera stutta athugasemd eftir að stjórnin hefir reynt að þvo af sjer þá mörgu kolabletti, sem hún hefir fengið á sig af þessu máli.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer finst þessi forustufugl Framsóknarflokksins, sem fór vængbrotinn af fundum sínum í sumar fyrir ámæli, sem hann hlaut vegna mælgi sinnar á síðasta þingi, vera nú farinn að gróa sára sinna og sýna það fjaðraflug, sem við áttum að venjast hjer áður. Það gleður mig, að þessi hv. þm. sýnir enn á ný sitt sanna eðli, og jeg vona, að hann haldi áfram bæði innan deildar og utan því myndarlega starfi, sem hann hefir haft á hendi síðustu ár: Að vera besti stuðningsmaður þess flokks, sem jeg heyri til. Þeir, sem fælast hann, koma yfir til okkar. **(SE:** Ekki allir!). Jeg mundi unna hv. 1. landsk. (SE) þess vel, þótt eitthvað kynni að reka á hans fjörur af þessum landburði handan að.

Jeg hefi ekki haft tækifæri til að hlýða á umræðurnar hjer, en hv. 3. landsk. hefir gert mjer þann greiða að endurtaka helstu höfuðatriðin, sem hann hefir haft hjer á prjónunum, og er mjer ánægja að fá tækifæri til þess að svara honum. Þegar jeg kom inn, var hv. 3. landsk. (JJ) að tala um skjalafals í sambandi við skjal eitt úr stjórnarráðinu, sem ekki er alt skrifað með sömu hendi. Ef fyrir hv. 3. landskjörna liggur sá frami, sem hann sækist nú mjög eftir, að komast í ráðherrastól, þá mun hann finna mörg dæmin upp á þetta í handritum stjórnarráðsins, að einn breytir eða bætir við það, sem annar hefir ritað. Það getur ekki verið neitt merkilegt í augum þeirra, sem til þekkja, þó að svona skjal berist í þingið. En það má hv. þm. vita, að fullar sannanir eru fyrir því, hvernig hvert skjal er afgreitt úr stjórnarráðinu, því jafnan er tekið hreinrit af því, sem sent er. En þau hreinrit eru ekki lánuð út, heldur eru notuð til þess handrit, sem vel geta verið með fleiri en einni hendi.

Þá spurði hv. þm., hvaða rjett jeg hefði haft til þess að ganga í ábyrgð fyrir „Kára“-fjelagið. Jeg hafði engan rjett til þess, og jeg hefi heldur ekki gert það. Það var gert í tíð fyrverandi stjórnar. Alt málæði hv. þm. og vafstur út af þessu máli er aðeins tilraun til

að breiða yfir það, að fyrv. stjórn varð það á að ganga í þessa ábyrgð, án þess full trygging væri fyrir hendi. Hann reynir að láta líta svo út, að jeg eða núverandi stjórn hafi eitthvað aðhafst, sem svift hafi ríkið þeirri von að þurfa ekki að greiða þessa ábyrgð upp í topp. Því fer fjarri, að jeg hafi ástæðu til að borga nokkuð sjálfur. Jeg get aftur á móti vikið því til hv. 3. landskjörins, hvort hann vill fara til fyrv. fjrh. og spyrja hann, hvort **hann** vilji borga það, sem ábyrgst var.

Þá spurði hv. þm., því jeg hefði ekki krafið inn þessa skuld. Því er þar til að svara, að til þess hafði jeg enga heimild, því að engin ákvæði höfðu verið sett um afborgun skuldarinnar, þegar ábyrgðin var gefin. Jeg varð að fara eftir því, sem enski bankinn vildi vera láta. Í árslok 1924 tilkynti Íslandsbanki, að enski bankinn gengi eftir þessu 5000 punda láni. Íslandsbanki, sem var til neyddur að borga, fór fram á, að ábyrgð ríkissjóðs yrði færð í þá upphæð í ísl. krónum, sem þurfti til að borga skuldina. Þetta var krafa, sem Íslandsbanki átti fulla heimtingu á. Jeg samþykti þetta, en setti það skilyrði, sem mátt hefði setja þegar í upphafi, að skuldin yrði ekki framlengd nema greiddur væri í afborgun einn fimti hl. á ári. Samkvæmt þessu átti skuldin að færast niður um einn fimta við síðustu áramót. En þá fór fjarri því, að fjelagið gæti borgað, heldur þurfti það ný lán, til þess að geta haldið áfram rekstrinum.

Það er ekki jeg, sem hefi vanrækt að ganga eftir greiðslu. Ef einhver er sekur í því efni, þá er það fyrv. fjrh., sem setti enga greiðsluskilmála í upphafi.

Þá kem jeg að afbrigðunum í Nd. Jeg heimtaði þau ekki. Þau voru boðin. En jeg áleit alls vegna æskilegt, að málið yrði afgreitt sem fyrst.

Jeg hefi svarað þessu um blýantskrotið. Hafi hv. 3. landsk. haft grun um, að eitthvað væri rangt í handritinu, þá var honum innanhandar að bera það saman við hreinritið í stjórnarráðinu.

Þá talaði hv. þm. um, hvers vegna jeg hefði ekki ýtt undir tollheimtumennina með að innheimta gjöld frá þessu fjelagi. Jeg get sagt hv. þm., að það hefir orðið mitt hlutskifti að ýta undir innheimtu slíkra gjalda, en það er þessu máli óviðkomandi. Að því er snertir tekjuskatt þessa fjelags er rjett að geta þess, að jeg bar það undir fjhn. Nd. hvað hún teldi rjett að langt væri gengið, þegar svona stæði á, með innheimtu á tekjuskatti. Það er venja gagnvart einstaklingum í svona tilfellum að framkvæma lögtak. En þegar lögtak reynist árangurslaust, er ekki krafist skiftameðferðar og gjaldþrots. Jeg bar undir fjhn., hvort fylgja skyldi sömu reglu gagnvart hlutafjelögum. Hún hefir gefið skriflegt svar, þar sem hún telur rjett að láta sitja við lögtak, einnig hjá hlutafjelögum.

Þá endurtók hv. þm. það, sem líka má finna út úr nál., að um einhverja áviðing sje að ræða, þar sem jeg hafi ekki sagt frá því þegar í byrjun, að búið væri að festa veðrjettinn.

Jeg held nú, að þetta hafi komið fram í umræðunum í Nd., að minsta kosti hafði jeg enga ástæðu til þess að draga dul á þetta. Jeg held, að stjórnin hafi aðeins gert það, sem sjálfsagt var í þessu máli. Hjer var ekki um það að ræða að gefa eftir neitt fje, sem rík-

ið átti annars kost á að fá, eins og jeg hefi gert grein fyrir, og þegar hv. 3. landsk. talar um, að jeg sje ábyrgur fyrir þessu fje, þá er jeg alveg rólegur. Ed. má gjarnan fella tillöguna mín vegna. Þá einmitt kæmi það skýrast fram, að ríkissjóður hefir ekki beðið neinn halla af mínum völdum. Þá verða skipin sett undir hamarinn, og þá sjest, hver afgangur verður handa ríkissjóði.

Jeg veit með vissu, að þau fullnægja ekki meira en 1. veðrjetti, og að ekkert verður eftir handa hinum. Ef þessi leið verður farin, þá fæst lögfull sönnun þess, að jeg hefi ekki bakað ríkissjóði tjón. — Jeg hefi áður tekið fram, að jeg hefi ekki gefið þinginu neina falska hugmynd um þetta mál. Öll skjöl hafa legið fyrir. Hv. 3. landsk. getur gjarna notað sjer að hlaupa á hundavaði yfir skjöl og segjast svo hafa fengið vitneskju um eitthvað, sem jeg hafi viljað leyna. Það er aðeins vitnisburður um þann lausalopahátt, sem hvílir yfir gerðum og ferli þessa hv. þm., að hann hefir skjöl undir höndum í nefnd án þess að vita. hvað í þeim stendur.

Þá talaði hv. þm. um fisk frá 1924, en það var svo óljóst, að jeg skildi ekki fyllilega, hvað hann fór. Eftir samningunum hafði jeg enga aðstöðu til að heimta neina greiðslu upp í þessa skuld.

Þá spurði hv. þm., hvers vegna stjórnin hefði hjálpað skipunum til að ganga þennan magra tíma. Jeg hefi margsagt, að tilgangurinn hafi verið sá, að láta koma til Alþingis kasta að kveða formlega á um, hvort þessi veðrjettur ríkissjóðs skyldi látinn verða til þess að enda lífdaga fjelagsins.

Hv. þm. sagði, að fjártap mundi orðið á þessum rekstri. Um það skal jeg ekkert segja, en það liggur í hlutarins eðli, að þeim rekstri er ekki lokið, þar sem þingið er ekki enn búið að útkljá málið. Ef um fjártap er að ræða, var það næg ástæða til að flýta málinu, til þess að tapið yrði sem minst, þó að það komi raunar ekki niður á ríkissjóði, heldur Íslandsbanka, hafi hann ekki getað útvegað sjer tryggingar í annari átt, því veðrjetturinn í skipunum er Íslandsb. einskis virði, ef fjelagið fer yfir um nú.

Þá kom hv. þm. í ræðulokin með Gróusögu um það, að stjórnin hafi gengið í ábyrgð fyrir kolakrana hjer við höfnina. Sannast að segja veit jeg ekki, við hvað þm. á. En jeg get sagt honum það, að öll kolakranakaup hjer á landi eru stjórninni óviðkomandi. (**JJ**: Það er gleðilegt). Já, það er gleðilegt, að sögumenn hv. þingmanns skuli hafa reynst svona. (**JJ**: Það voru íhaldsbroddar).

Að síðustu skal jeg minnast á þau ummæli hv. þm., þar sem hann spurði, hvort jeg áliti vit í að halda við svona fyrirtæki eins og „Kára“-fjelaginu. Það er rjett, að það getur verið álitamál. En það var ekki það, sem vakti fyrir þingmanninum. Í þessari spurningu kom fram allur hugur hans til stórútgerðarinnar. Hún hefir altaf verið honum þyrnir í augum. Þegar fyrsti togarinn var keyptur hingað, löngu áður en hv. 3 landsk. varð þingmaður, hljóp hann upp til þess að benda á, að hjer væri auðvaldshætta á ferðum.

Hann var hræddur um, að þarna kynni að vaxa upp máttugur atvinnuvegur og meiri fjársöfnun en áður gæti hjer orðið, en til þess mátti hann ekki hugsa. Þarna skilur okkur allmikið á. Það er ekki hægt að neita því, nema með því að loka augunum fyrir stað-

reyndum, að sjávarútvegurinn, þ.e. stór-útgerðin svokallaða, ber uppi að mestu leyti fjárhag ríkissjóðs, og það, að hægt hefir verið að leggja allmikið fje af hálfu þess opinbera til ýmsra þjóð-þrifafyrirtækja og styrkja með mynd-arlegum fjárframlögum framkvæmdir ýmsar í sveitum, stafar m. a. af því, að fjár til þessa hefir útgerðin aflað. Þessi atvinnuvegur hefir borið þunga skatta og stór útgjöld til opinberra þarfa og verið allhörðu beittur, þegar um hefir verið að ræða að ná þaðan auknum tekjum í ríkissjóð. En jeg verð að segja það, að þegar einhverjum slík-um fyrirtækjum gengur erfitt og þau eiga í vök að verjast að geta starfað áfram, eiga þau skilið fullkomna samúð og skilning á ástæðum þeirra af hálfu þess opinbera. Jeg lít svo á, að það, sem í þessari till. felst, sje ekki annað en samúðartilkynning — að þing og stjórn vill ekki fyrir sitt leyti og án á-vinnings fyrir ríkissjóð hamla því, að fjelagið geti haldið áfram að starfa og þannig ef til vill átt kost á að rjetta við fjárhag sinn. Jeg veit vel, að í þessu efni greinir mig mikið á við hv. 3. landsk. (JJ). Jeg veit, að hann hefir ávalt óskað, að alt, sem ofar ber frá fjárhagslegu sjónarmiði, yrði jafnað við jörðu, og svo gæti hann þá sjálfur stað-ið einn uppi á öskuhaugum og rústum þessa atvinnuvegar og horft yfir ein-tóma efnahagslega, ósjálfbjarga auðn. (JJ: Er „Kára“-fjelagið eitt af þessum stóru efnahagslega sterku fjelögum?).

Háttv. spyrjandi, 3. landsk. þm. (JJ), hefir gefið mjer ástæðu til að koma fram með þessa raunverulegu lýsingu á stjórnmálastefnu hans.

Jeg hafði ekki ætlað mjer að draga fram ávirðingar fyrirrennara míns í þessu embætti, en jeg komst ekki hjá því að minnast á sögu þessa máls, úr því að það var notað sem árásarefni á mig og núv. stjórn, sem ekkert tilefni hefir gefið til þess. Jeg vil því segja hjer frá því, sem jeg tók fram í hv. Nd., að þetta er hin eina af öllum togaraábyrgð-um ríkissjóðs, sem sýnilegt er að rík-issjóður þurfi að greiða. Samkvæmt heimildum í fjárlögum fyrir árið 1922 voru veittar ábyrgðir 3 togarafjelögum í tíð þeirrar stjórnar, sem fjet af völdum í mars 1922, og var svo frá þeim öllum gengið og svo góðar tryggingar teknar fyrir ábyrgðunum, að engin hætta er á, að ríkissjóður hafi nokkurn tíma óhag af því. Þar tók ríkissjóður 1. veðrjett í skipunum, og auk þess voru honum veittar persónulegar ábyrgðir eða aðr-ar góðar tryggingar að auki.

Sum af þessum lánum eru nú þegar að fullu greidd og eru því úr sögunni; eitt er að vísu ekki alveg búið að borga upp enn þá, en það er svo lítið eftir af því, og auk þess er fyrir því 1. veðrjett-ur í skipum o. fl., að engin hætta getur af því stafað. En lán það, sem hjer ræð-ir um („Kára“-fjel.), sker sig úr þegar frá upphafi. Tryggingarnar voru allar mjög ljelegar eða ónýtar, engar aðrar en 2. veðrjettur í skipunum. Engar trygg-ingar fyrir endurgreiðslu lánanna til ríkissjóðs. Af hverjum orsökum þetta er, eða hverjum þetta er að kenna, fer jeg ekki út í, en þetta er eina lánið enn, sem ríkissjóður hefir fengið skell af að ábyrgjast eða útlit er fyrir að sje tap-að. Eina vonin til þess, að ríkissjóður losni við að greiða þetta, er að allir hlutaðeigendur — þing og stjórn, geri sitt til, að fjelagið geti haldið áfram að starfa, því þá er ekki vonlaust um, að fjelagið geti rjett svo við, að ríkissjóð-

ur sleppi skaðlaus og fjelagið geti sjálft greitt lánið.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var enn framhaldið síðari umr. um till. (A. 89, n. 176 og 203).

Sigurður Eggerz: Þetta mál hefir nú verið nokkuð lengi á leiðinni í þessari hv. deild, og yfirleitt ganga málin seinlega í þessu háa Alþingi. Við heyrum aðeins óminn frá stóru málunum í hv. Nd., en yfir höfuð ríkir hjer hið mesta úrræðaleysi.

Utan þings fer landráðapjesinn sigurför um landið, umgeislaður af lofi stjórnarblaðanna. Hjer hafa staðið harðar umræður um þetta lítilfjörlega mál, og með því hefir það verið gert að stórmáli. En þetta mál er ofur einfalt og óbrotið. Ef maður tekur umbúðirnar utan af því, er hjer ekki um annað að ræða en það, að stjórnin hefir eftir beiðni h.f. „Kára“ gefið eftir til bráðabirgða veð, sem metið var 13 þús. kr., en líklegt er, að mundi verða metið enn minna nú. Hjer er um það að ræða, hvort betra hefði verið að stöðva fjelagið eða gera tilraun til að hjálpa því til að vinna sig upp, og gæti þá verið, að það gæti greitt ríkissjóði skuldir sínar. Þetta er í raun og veru alt málið, sem hjer er um að ræða, og jeg lít svo á, að það hafi verið sjálfsögð skylda ríkisstjórnarinnar að gera það, sem hún gerði. Eiginlega finst mjer þetta mál ákaflega einfalt, og mjer þykir það furðu sæta, að svo miklar umræður hafa átt sjer stað um það. Jeg get ekki með mínum góða vilja áfelst hæstv. fjármálaráðherra fyrir það, sem hann hefir gert. Það má auðvitað segja, að hann hafi skort heimild til þess að gera þessa ráðstöfun, og það er satt. En jeg álít ekki, að hægt sje að gefa neinum fjármálaráðherra að sök, þó að hann geri skynsamlega ráðstöfun, eins og þessa, í trausti til samþykkis þingsins.

Hvað sjálfa þáltill. snertir, þá hefir það komið fram hjá andmælendunum, að það væri engin meining að gefa eftir veðrjettinn nema því að eins, að Íslandsbanki trygði fjelaginu nóg rekstrarfje, a. m. k. til vertíðarloka. Nú verður veðrjetturinn ekki færður til ella, og er mjer því ómögulegt að skilja, hvað það er, sem getur komið hugum manna svo mjög í hræringu í þessu máli.

Jeg ætlaði ekki að taka til máls í þessu máli, en jeg finn ástæðu til að gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg lít svo á, að ef tillagan verður feld, þá sje ómögulegt að líta öðruvísi á það en sem vantraust á hæstv. fjrh. Ekki svo að skilja, að jeg sje að mæla hann undan vantrausti, en jeg get ómögulega gefið honum vantraust í þessu máli. Jeg verð að segja það, að mjer þykir það broslegt, ef stuðningsmenn stjórnarinnar yfirgefa hana í þessu máli og greiða atkv. á móti. Slíkt væri ómögulegt að líta öðruvísi á en sem beint vantraust, og gæti þá verið spurning, hvort hæstv. fjrh. (JÞ) neyddist ekki til að draga sig til baka. Þetta er svo stórpólitískt atriði, að jeg mátti til að gera lítilsháttar grein fyrir mínu atkv.

Jónas Jónsson: Það hlýtur að vera gleðilegt fyrir hæstv. stjórn að fá þarna eitt nýtt stuðningsatkvæði, ef

önnur falla frá henni, og það í einhverju allra aumasta máli, sem fyrir þingið hefir komið. Hæstv. fjrh. byrjaði á því síðast að gera útúrdúr um fundi okkar úti um land, þar sem við leiddum saman hesta okkar. Á hvorugum fundinum, á Sveinsstöðum eða í Borgarnesi, leit út fyrir, að hann færi burt með neitt sigurbros á vör. Eftir 14 tíma umræður á Sveinsstaðafundinum voru Framsóknarmenn eftir á vígvellinum, syngjandi ættjarðarsöngva, þegar hann laumaðist burtu með sinn eina stuðningsmann (hv. þm. V.-Húnv.). Í Borgarnesi var það áberandi, að aðeins 4 menn klöppuðu fyrir honum, enda játaði hann, að æskan hefði verið sjer mótsnúin, en það er of lítið sagt, því að meiri hluti fundarmanna var með Framsókn, en móti honum. — Jeg vildi aðeins leiðrjetta þetta. Hvað skjalið snertir, er það játað, að það er engin sönnun um það, hvaðan uppástungan er komin. Það er krotað á það með blýanti með annari hendi, og gæti vel verið skrifað af einhverjum hjer í þinginu. —

Hæstv. fjrh. kemst og í mótsögn við skjalið, þar sem hann neitar að hafa gengið í nokkra ábyrgð á tapi gagnvart landssjóði.

Það er ámælisvert, að fjelagið gerir út á versta tíma, þegar búast má við tekjuhalla. Hvers vegna þurfti endilega að halda skipunum úti í haust, þegar aðrir, sem betur stóð á fyrir, ljetu skip sín liggja? Það er rjett hjá hv. 1. landsk., að jeg álít, að hæstv. fjrh. beri ábyrgðina, ef tap verður á rekstrinum. — Það er líka ámælisvert, að fjelagið borgaði aðrar skuldir, en ekki ríkissjóði. Það er rjett til getið hjá hv. 1. landsk., að hjer er um það að ræða að ljetta af hæstv. fjrh. skuld, sem hann er í. Það er og vítavert hjá hæstv. fjrh., að hann krafði fjelagið ekki um þessa skuld, þegar hann hafði aðstöðu til þess. Þegar fjelagið komst í greiðsluvandræði í haust, fjekk hann rjett til að blanda sjer í málefni þess. Í árslok 1924 hafði fjelagið grætt hálfa miljón, og hefði þá mátt ganga að fjelaginu, ef það borgaði ekki, en það greiddi ekki einu sinni skatta til ríkissjóðs. En Íslandsb. fjekk alt sitt, og var þar ver gengið eftir hjá hæstv. fjrh. en hjá háttv. 1. landsk., sem náði inn fyrir bankann.

Þá hjelt hæstv. fjrh. því fram, að veðið hefði verið bætt, með þeim 200 þús. kr., sem varið var til viðgerðar á skipum fjelagsins, þetta veð, sem búið er að afhenda og þingið á nú að afhenda í annað sinn. Það hefir komið ljóst fram, að veðið hefir þegar verið afhent, og það fyrir 3 mánuðum. Aðalatriðið í þessu máli er það, að hæstv. fjrh. hafði enga heimild til þess, og svo sú tregða, sem hann hefir sýnt til að leggja málið ljóst fyrir þingið, er vítaverð. Jeg vil skjóta því til hæstv. ráðherra, að sá, sem hefir afhent veðrjett í leyfisleysi, hann getur tekið upp á fleiru.

Þá skáldaði hæstv. ráðh. heila sögu um andstöðu mína gegn útgerðinni, sem átti að hafa gerst, þegar fyrsti togarinn kom hingað. En nú stóð svo á, að þá var jeg erlendis, svo hjer er um að ræða sögulega villu hjá hæstv. ráðh. (**Fjrh. JÞ:** Háttv. þm. var þá nýkominn heim og fyrsti togarinn líka). Það er gott, að hæstv. ráðh. reynir að skinna upp söguna. Annars vildi jeg, þó að þetta sje rakalaus Gróusaga, skora á hann að nefna sögumanninn, og gætum við þá talast við um þetta síðar í öðru sambandi.

Hann sagði, að stórútgerðin hefði haldið uppi hag ríkissjóðs á undanförnum árum, og þar með þá auðvitað h.f. „Kári". Nú veit hæstv. fjrh. þó, að stórútgerðin borgaði enga skatta að kalla á mögru árunum. Þá greiddu útgerðarfjelögin hjer í Reykjavík í tekjuskatt 40 þús. kr. annað árið og 30 þús. kr. hitt árið, og það var almenningur, sem með neyslu- og nefsköttum varð þá að sjá ríkinu fyrir sínum fullu tekjum. Og þegar svo góðærið kom, þá veit hæstv. fjrh. best, hvernig reynt var að koma stórútgerðinni undan því að greiða tekjuskatt sinn. Það var hæstv. fjrh. (JÞ) sjálfur, sem var hindraður á síðustu stundu, þegar hann ætlaði að fara að skríða inn um efsta stigagatið, er hann var að reyna að bjarga ríkissjóði frá þessum peningum. Með öðrum orðum, hæstv. fjrh. (JÞ) veit, að þetta er alt ósannindi, sem hann sagði um stórútgerðina. Hann veit, að þjóðin hefir lifað í þúsund ár í þessu landi án stórútgerðar, og á þeim tíma hefir hún skapað alt það besta og verðmætasta, sem hún hefir að hrósa sjer af sem þjóð. En síðan stórútgerðin kom hefir hvert „krakkið" rekið annað, til stórtjóns fyrir land og lýð. Fyrst var það miljónafjelagið; og nú er hæstv. fjrh. að reyna að koma þessu síðasta „krakki" á ríkissjóð. Það lítur út fyrir, að fyrir honum vaki hreint og beint að þjóðnýta gjaldþrotin. Fyrst slakar hann á um trygging ríkissjóðs, í fullu heimildarleysi, og svo reynir hann að smeygja hjer inn þessu plaggi, til þess að koma sjálfum sjer úr klípunni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af orðum hv. 3. landsk. (JJ) vil jeg segja það, að því fer fjarri, að jeg vilji gera það að neinu kappsmáli, hvort sú þáltill., sem hjer liggur fyrir, verður samþ. eða ekki. En hitt get jeg ekki látið mjer vel líka, ef dagskráin á þskj. 203 yrði samþ. Þessu máli hefir frá upphafi verið stýrt þannig, að þingið gæti haft alveg óbundnar hendur um það, hvort það vildi veita þessa tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs eða ekki. Og það, sem í þessu máli gerðist milli þinga, var fyrst og fremst gert af þeirri ástæðu, að jeg, og raunar öll stjórnin, vildum koma málinu í það horf, að þinginu gæti gefist kostur á því að taka afstöðu til þess. Þess vegna er þessi till. fram komin, og jeg lofaði fyrir mitt leyti að gera mitt til þess, að hún yrði samþykt í þinginu, og það hef jeg gert og geri hjer með. En jeg geri það ekki að neinu stóratriði, hvort hv. þdm. vilja ganga inn á till. En hitt er annað mál, að jeg tek ekki með neinum þökkum við ofanígjöf fyrir mín afskifti af málinu. (**JJ:** En ef hún er verðskulduð?). Ef hún er verðskulduð og ofanígjöf gefin, þá þarf hvorki hv. 3. landsk. (JJ) nje aðrir að halda, að fjrh. verði sorgmæddur yfir því, þó honum verði gefin lögmæt ástæða til þess að hverfa frá fjármálastjórninni og taka sjer eitthvert annað skemtilegra starf fyrir hendur.

Jeg mun ekki gera fundarhöld hv. 3. landsk. (JJ) að frekara umræðuefni. — Hann getur spurt sína flokksmenn um það, hve mikils fylgis hann hafi aflað sjer með framkomu sinni á þeim fundum.

En það, sem jeg átti við, er jeg sagði, að hv. 3. landsk. hefði verið eins og vængbrotinn fugl framan af þessum þingtíma, var það, að hann byggi enn

að afleiðingunum af margmælgi sinni á síðasta þingi, en væri nú heldur að ná sjer.

Jeg kannast við það, að það gæti verið ástæða til þess að spyrja, hvers vegna og með hverri heimild stjórnin hefði á ný gengið í ábyrgð fyrir „Kára“-fjelagið — ef hún hefði gert það. En þessu hefir hv. 3. landsk. vikið við, til þess að geta sannað, að jeg hafi gengið í ábyrgð fyrir „Kára“-fjelagið, með því að gefa eftir um ábyrgðina. Jeg skal nú taka þessa spurningu eins og hún er meint: Með hvaða rjetti eða heimild hefir stjórnin gefið eftir af veðrjetti ríkissjóðs, svo fjelagið gæti fengið rekstrarlán fram að þingtíma? Það hefir hún gert með því valdi og þeirri skyldu, sem hver stjórn hefir til þess að ráða fram úr hverju vandamáli, sem að höndum ber milli þinga. Það verður hún að gera og taka svo afleiðingunum á eftir af því, hvort hún hafi ráðið skynsamlega eða óskynsamlega. Jeg hefi áður gert grein fyrir því, hverjar ástæður hafi valdið því, að stjórnin rjeð eins og hún rjeð.

Eftir mínum dómi var hjer ekkert fje að leggja í hættu, sem ríkið átti eða átti kost á að fá. En jeg skal þó setja dæmið upp eins og háttv. minni hl. fjhn. vill og segja, að ríkissjóður hafi hjer lagt í hættu 13 þús. kr. til þess að gera tilraun til þess að bjarga 173 þús. kr. Jeg held, að þetta verði ekki átalið. Hjer var um úrræði að gera, sem að minsta kosti var hugsanlegt að kynni að geta bjargað allri upphæðinni. En til þess þurfti ráðstöfun, sem stjórnina skorti heimild til, en þingið gat gert. En þá var það úrræði að setja 13 þús. kr. í hættu, til þess að þinginu gæti gefist kostur á að taka ákvörðun á sínum tíma um málið í heild sinni. Og jeg held, að þingið hafi enga ástæðu til þess að finna að þessu, jafnvel þótt þessar 13 þús. kr. tapist, sem ekki er víst að sje til fulls tapaðar, þótt svo sje í bili. Og þeirrar trúar er stjórn Íslandsbanka, sem hefir að styðjast við mikla reynslu úr okkar atvinnulífi. En hún sýnir það, að sá, sem hefir þolinmæði til þess að bíða, fær að lokum sína peninga. Það leiðir af þeim miklu sveiflum, sem í atvinnulífinu verða; það koma einlægt góð ár, sem skila því fje, er slæmu árin hafa sett fast. En þetta kemur því aðeins að gagni, að tök sjeu á að bíða þangað til góðu árin koma. Það má benda á mjög mörg dæmi frá þeim fjárkrepputímum, sem hjer hafa gengið yfir á okkar tíð, t. d. frá 1909 og 1921 og 1922. Það voru mörg fyrirtæki, sem skiluðu skuldum sínum, er álitnar voru tapaðar, þegar rannsókn var gerð í Landsbankanum 1909. Og margir hafa skilað fje, sem talið var tapað 1921—22.

Hv. 3. landsk. (JJ) spurði að því, hver nauðsyn hefði verið á því að drífa skipin út á dauða tímanum, strax eftir nýár. Það var sú nauðsyn, að ef skipin hefðu ekki farið út á þeim tíma, sem allir aðrir gerðu út, þá hefði hvorki verið hægt að halda í skipshöfn nje skipstjóra nje aðra starfsmenn, og þar með var fyrirtækið komið um koll. Það var auðvitað æskilegt að geta haldið skipunum í höfn, en það var ekki hægt. Það var sama og að gefa fyrirtækið alveg upp.

Hv. þm. (JJ) sagði, að fjelagið hefði borgað aðrar skuldir síðan um nýár, en bara ekki þessa. Það er rjett, að fje-

lagið hefir ekkert borgað af þeim skuldum, sem trygðar eru með 2. veðrjetti; og það er líka rjett, að það hefir borgað skuldir við Íslandsbanka, sem hafði handveð í þurfiski frá fyrra ári, og er eðlilegt, að þær greiddust jafnóðum og þetta handveð seldist. (JJ: Það hefir greitt skuldir frá þessu ári). Jeg geri ekki ráð fyrir, að Íslandsbanki hafi veitt fjelaginu annað lán á þessu ári en hið umrædda rekstrarlán, og hafi fjelagið haft arð af rekstri sínum síðan um áramót, þá hefir þeim arði ekki verið til annars varið en þess að greiða rekstrarlánið; og hafi fjelagið getað greitt það, þá þarf ekki að óttast halla af þessari margnefndu eftirgjöf. Hún er þá burtu fallin. Þetta getur hv. þm. (JJ) sjeð sjálfur í hinu margumrædda brjefi, sem nefndin hefir haft í höndum, viðvíkjandi veðrjettinum.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að jeg hefði átt að heimta meiri greiðslu á skuld fjelagsins af gróðanum 1924, en á því hafði jeg engin tök. Afrit af hinu upphaflega ábyrgðarskjali er í málsskjölunum, og það gefur ríkinu engan rjett til þess að krefjast ákveðinna afborgana. En það skuldbindur ríkið gagnvart Íslandsbanka að ábyrgjast vissa upphæð af skuld fjelagsins í sterlingspundum með því gengi, sem verði, þegar skuldin sje færð yfir. Og þá kom það augnablik, að sá, sem gengið hafði í ábyrgðina, varð að standa við hana að fullu. (JJ: Ríkið hafði veð í skipunum). Jú, en hjer var ekkert tilefni til að ganga að veðinu. Ábyrgðin gilti gagnvart Íslandsbanka, og það þýddi ekki annað en halda áfram með hana úr því sem komið var. En úr því verið er að tala um þetta, þá vil jeg minna á það, að þegar stjórnin fær slíkar ábyrgðarheimildir, þá kemur það oft fyrir, að þegar stjórnin heimtar tryggingar, þá eru þeir, sem eiga að fá þessi fríðindi, ekkert fjarskyld fúsir til þess að láta tryggingarnar.

Það var einn slíkur maður í stjórnarráðinu í fyrradag og fór þaðan í mesta fússi, vegna þess, að af honum var heimtuð alveg sjálfsögð trygging. Jeg býst jafnvel við því, að hv. þm. (JJ) kannist eitthvað við þetta, því mjer virtist anda eitthvað úr þeirri átt. En það er að mínu áliti skylda stjórnarinnar að ganga vel frá slíku þegar í upphafi, því eftir á er það ekki hægt. Þetta var ekki gert, þegar sú ábyrgð var veitt, sem hjer hefir verið mest rætt um, og af því stafa öll vandræðin. Það var hvorki samið um hæfilega afborgun nje nægilega tryggingu fyrir því, að í skilum yrði staðið yfirleitt.

Jeg finn svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um orð hv. þm.; því er flestu fullsvarað áður, svo sem skrafi hans um tregðu stjórnarinnar í því, að leggja málið ljóst fyrir þingið, og eins um heimildarleysi stjórnarinnar til þess að slaka á veðrjettinum um nýár í vetur. Þessu hefir öllu verið svarað til fullnustu. En það gladdi mig að lokum að fá ótvíræða staðfestingu á óvildarhug hans til stórútgerðarinnar. Hann sagði, þessi hv. þm., í lok ræðu sinnar, að við hefðum komist af án stórútgerðar í 1000 ár, og síðan stórútgerðin kom hefðum við ekki haft af öðru að segja frá hennar hálfu en fjárþrotum, sem nú væri það helsta, sem við hefðum af að státa. Jeg ætla nú ekki að deila um þetta. En mjer virðist hjer vera fengin ótvíræð staðfesting á því, að hv. þm. beri kaldan hug til þessa atvinnuvegar yfirleitt, þó

hann vilji kanske í öðru orðinu klóra eitthvað yfir það.

Sigurður Eggerz: Út af umr. vil jeg geta þess, að Íslandsbanki hefir krafið stjórn fjelagsins „Kára“ um nákvæma skýrslu yfir reksturinn frá síðasta nýári. Þegar nú skýrsla kemur, þá fyrst er hægt að sjá, hvort ríkið þarf nokkuð að skaðast á tilslökun sinni um trygginguna. En ef hallinn verður enginn, sem jeg vona, þá kemur náttúrlega ekki til slíks.

Hv. 3. landsk. (JJ) sagði, að jeg styddi hjer hæstv. fjrh. og stjórnina í hennar aumasta máli. En jeg vildi bara óska þess, að engin stjórn þyrfti nokkurn tíma að verja verra mál en þetta, og væri þá vel farið. En hitt álít jeg alveg undravert, hvernig hv. 3. landsk. (JJ) hefir getað farið að því að flytja þetta mál þannig að gera úr því stórmál, svo jafnvel nánustu stuðningsmenn hæstv. stjórnar þora ekki að greiða því atkvæði. Þetta er því undarlegra, þar sem málið er svo sjálfsagt, að jeg verð að segja það, að ef stjórnin hefði ekki hreyft því, þá hefði jeg risið upp og vítt hana fyrir það.

Það er vitanlegt um fjelag eins og þetta, að ef það er stöðvað, þá sviftir sú ráðstöfun fjölda manns atvinnu. Ennfremur má benda á það, að þetta fjelag græddi svo mikið 1924, að það gat greitt Íslandsbanka mörg hundruð þús. kr. skuld. Úr því það græddi nú svona mikið á því ári, þá er ekki loku fyrir það skotið, að það gæti enn grætt, ef það fengi að halda áfram. 1925 varði það 150 þús. kr. til viðgerða á skipum sínum, og þó það hafi ef til vill ekki verið nauðsyn að gera svo mikið við skipin, þá hefir þetta þó bætt veð ríkissjóðs. Jeg segi það enn, að jeg hefi reynt að gera mjer grein fyrir því, hvernig hægt væri að veita hæstv. stjórn ákúrur fyrir þetta, og jeg játa, að jeg skil það ekki.

Jeg er ekki stuðningsmaður þessarar stjórnar, en jeg mun heldur ekki greiða atkvæði á móti nokkurri stjórn í máli, þar sem jeg álít, að hún hafi á rjettu að standa.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg hefi ekki lengt umræðurnar um þetta mál, sem nú er búið að standa hjer yfir í hv. deild í 4 daga. Og jeg hefði alls ekki staðið upp, ef það væri ekki til þess að koma í veg fyrir misskilning.

Hv. 1. landsk. (SE) sagði, að þetta mál hefði verið flutt þannig, að jafnvel stuðningsmenn hæstv. stjórnar þyrðu ekki að greiða því atkvæði. Þetta er rangt hjá hv. þm. (SE). Jeg mun ekki greiða atkvæði með till., en jeg álít það, eins og hæstv. fjrh (JÞ) hefir tekið fram, heldur ekki neitt frávararatriði fyrir stjórnina, þó till. falli. Hinsvegar verð jeg, þrátt fyrir allar umr., að telja málið svo illa upplýst, að jeg hefi ekki getað fundið nægá ástæðu til þess að greiða því atkvæði. En aftur á móti skilst mjer, að ef till. verður samþ., þá skapi hún afleiðingaríkt fordæmi, og þess vegna er jeg á móti till.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Af öllu því, sem hv. 3. landsk. (JJ) beindi til mín í síðustu ræðu sinni, skal jeg aðeins víkja að einu atriði, því hinu hefir flestu verið þegar svarað af öðrum. Hann fór þeim orðum um

þær 150 þús. kr., sem upplýst er að fjelagið „Kári" varði til viðgerða á skipum sínum 1925, að fjelagið hefði verið að leika sjer að því að braska með 150 þús. kr., auk þess sem það greiddi til Íslandsbanka, í stað þess að greiða með þeim skuldir sínar og þar með ljetta ábyrgð ríkissjóðs. Jeg tel mjer skylt að gefa skýrslu um það, hvaða verk það var, sem var unnið fyrir þessa peninga. Annað skip fjelagsins, Austri, var „boltað" upp. Það er að segja: settir voru í hann nýir hnoðnaglar og skipið að öðru leyti mikið treyst.

Á fjárhagsnefndarfundi var það upplýst af einum bankastjóranna, að óumflýjanlegt hefði verið að gera við þetta skip, þar sem það hefði verið svo mjög úr sjer gengið eftir „Halafiskirí". Jeg verð því að mótmæla því, að fjelagið hafi verið að leika sjer með fjeð, þegar það var að láta gera nauðsynlegar umbætur á skipum sínum. Og mjer finst ekki sitja á hv. 3. landsk. (JJ) að vera að knjesetja hæstv. fjrh. (JÞ), þó að hann vilji styðja fjelag þetta, þegar hann, hv. 3. landsk., brestur svo mjög þekkingu á þessum málum, að hann telur fjelagið vera að leika sjer með fjeð, þegar það er að gera skip sín haffær.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Jeg er búinn að sýna fram á, að alt það, sem hv. 3. landsk. kallar hneykslismál, er langt frá að vera það, og að öll aðferð hans gagnvart hæstv. stjórn er ekkert annað en tilraun til að gera úlfalda úr mýflugu. Annars hefir hv. 1. landsk. (SE) dregið best saman aðalatriði þessa máls og sýnt glöggvast fram á, hver nauðsyn hafi verið fyrir stjórnina að hlaupa undir bagga með fjelaginu.

Jóhannes Jóhannesson: Hv. 4. landsk. (IHB) sagðist ekki mundu greiða atkvæði með þessari tillögu, af því að hún mundi skapa fordæmi. En jeg held, að engin hætta sje á slíku, því að sú stjórn, sem nú situr við völd, mun alls ekki fara að taka á sig ábyrgð, sem ekki er betur um búið en hjer hefir átt sjer stað. Og í öðru lagi er jeg viss um, að þó að andstöðuflokkur núverandi stjórnar verði í meiri hluta og myndi stjórn, þá hafi hann þegar lært svo mikið af þessu máli, að hann gangi ekki aftur í slíka ábyrgð sem þessa.

Jeg held því, að þetta geti ekki skapað fordæmi.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal játa það, að jeg er ekki lögfróð, en eins og jeg tók fram áðan, þá sje jeg ekki betur en að þetta geti skapað fordæmi, því það, sem einu sinni hefir komið fyrir, getur auðveldlega komið fyrir aftur.

Annars hafa umræðurnar um málið ekkert skýrt það fyrir mjer. Jeg stend því við það, sem jeg hefi þegar sagt, og greiði tillögunni ekki atkvæði.

Sigurður Eggers: Það hefir nú sýnt sig, hve flokksmenn hæstv. stjórnar elska hana heitt, þegar þeir þora ekki að greiða atkvæði um tillögu þessa. Jeg kalla það sama og yfirgefa stjórnina, því að hjer er ekki verið að ræða um neitt fordæmi, heldur um aðstöðu hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) til þessa máls. Það hefir verið kastað hnútum til fyrv. stjórnar, og þá aðallega til

fyrv. fjrh., Klemensar Jónssonar, út af afskiftum hennar af þessu máli. En slíkar aðfinslur eru alls ekki rjettmætar. Að fyrv. fjrh. tók þessa ábyrgð á sig, var í og með af velvild hans til útgerðarinnar, og jafnframt fyrir þá sök, að ekki var hægt þá að meta tryggingguna sem skyldi. En honum fanst hinsvegar leitt að láta fjelagið falla. Annars þarf jeg ekki að verja sjálfan mig í málinu, því jeg lagði á sínum tíma alls ekki til, að ábyrgðin væri veitt.

Mjer finst nú, að hv. 4. landsk. (IHB) ætti eftir þessa ástaryfirlýsingu að snúa hlutleysi sínu við og greiða atkvæði með stjórninni í þessu máli, því að þessi aðstaða hennar sannar ekkert annað en það, að hún álítur eitthvað gruggugt hjá stjórninni. En jeg get fullvissað hana um, að í þessu máli hefir stjórnin hagað sjer sæmilega.

Forsætisráðherra (JM): Jeg verð að segja, að mjer finst skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar farið er að ásaka núverandi stjórn og flokk hennar fyrir þetta mál. Og mjer finst það æði hart, að fyrverandi stjórn skuli ekki miklu frekar þakka stjórnarflokknum fyrir, hvernig hann hefir tekið í málið nú.

Ef málið er eins lítilfjörlegt eins og hv. 1. landsk. (SE) sagði, þá skil jeg ekki í, hvers vegna spinnast um það svo langar umræður nú.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg verð að segja, að í mínum augum er þetta mál ekkert lítilfjörlegt, svo fremi sem það veltur á synjun eða samþykt tillögunnar, hvort fjelagið getur haldið áfram eða ekki. Jeg tel það töluvert mikilsvert atriði. En væri engin von til, að fjelagið gæti haldið áfram, þó að tillagan væri samþykt, þá gæti jeg talið það lítilfjörlegt mál. En svo er ekki, því þrátt fyrir mikla örðugleika um fjárframlög til sjávarútvegsins er ekki vonlaust um, að úr geti ræst fyrir fjelaginu, og út frá því sjónarmiði mæli jeg með því, að tillaga þessi verði samþykt.

En í dagskránni felst títuprjónsstingur til stjórnarinnar, sem hún á ekki skilið.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 203, frá minni hl. fjárhagsnefndar, feld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EÁ, GuðmÓ, IP, JJ.

nei: SE, ÁH, BK, EP, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

Till. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GunnÓ, JJós, JóhJóh, JM, SE, ÁH, BK, EP.

nei: GuðmÓ, IP, JJ, EÁ, HSteins.

IHB greiddi ekki atkv.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 255).

6. Rannsókn á veg- og brúarstæðum.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 26. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á veg- og brúarstæðum á Norður- og Austurlandi (A. 225).

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 27. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 30. mars, var till. tekin til fyrri umr. (A. 225).

Flm. (Jónas Jónsson): Í fyrravetur bar jeg fram tillögu til þingsályktunar, þar sem jeg fór þess á leit við hæstv. stjórn, að hún skýrði þinginu frá, hvernig hún ætlaði að ráða bót á samgöngunum við Suðurlandsundirlendið.

Í það skifti fjekk jeg ekki miklar upplýsingar. En nú hefir komið fram frv. í Nd., sem vera á lausn á því máli. Hvernig því máli reiðir af að lokum, get jeg ekki um sagt, en eftir þeim undirtektum, sem það þegar hefir fengið, er ljóst, að nokkur mótstaða er gegn framgangi þess nú, sjerstaklega frá þingmönnum úr þeim kjördæmum, sem litlar samgöngubætur hafa fengið.

Jeg vík að þessu hjer, af því að jeg óttast, að erfitt kunni að verða að koma þeim samgöngubótum á hjer á Suðurlandi, sem fyrirhugaðar eru, ef það er látið undir höfuð leggjast að gera skynsamlegar umbætur fyrir þau hjeruð, sem orðið hafa út undan að þessu leyti. Því að það er ekki nema eðlilegt, að fulltrúar þeirra telji sig ekki með góðri samvisku geta verið því fylgjandi, að einstök hjeruð fái stórfje í þessu skyni, en þeirra hjeruð sjeu með öllu sett hjá.

Þessi till., sem hjer er til umræðu, fer fram á að bæta úr töluverðu misrjetti, sem átt hefir sjer stað að þessu leyti í þeim hjeruðum, sem hjer eru nefnd. Það stendur nefnilega þannig á, að í þeim hefir að undanförnu lítið verið gert af hálfu hins opinbera til þess að bæta úr samgönguþörf fólksins.

Skal jeg þá víkja nokkrum orðum að því, hvernig jeg hugsa mjer þessa rannsókn, sem einn lið til þess að bæta úr samgöngum landsmanna í heild og greiða fyrir lausn á samgönguvandkvæðum Sunnlendinga.

Það mun nú vera ákveðið hjá flestum þeim, sem hugsa um samgöngumál, að hjeðan og austur yfir Hellisheiði verði annaðhvort lögð járnbraut eða mjög dýr og vandaður vegur, því að milli þeirra hjeraða er samgönguþörfin svo mikil, að önnur samgöngubót en sú, sem tryggir það, að Rvík og Suðurlandsundirlendið nái saman daglega alt árið, er alls ekki fullnægjandi.

Jeg hygg, að fáir geri ráð fyrir, að í tíð núlifandi manna verði lagðir malbikaðir vegir eða járnbrautir nema yfir Hellisheiði, því að það eru litlar líkur til, að þjóðin ráði við slíka vegagerð nema á stuttum köflum.

Næst þessari samgöngubót hafa menn talað um, að tengja þurfi saman Norður- og Suðurland, Reykjavík og Akureyri. Get jeg gert ráð fyrir, að kröfurnar um að flýta þeirri vegagerð verði háværari með hverju ári.

Þó að vegur komist nú á milli Borgarness og Akureyrar, sem fær verður aðeins að sumrinu til, með aukalínum til Stykkishólms og vestur í Dali, þá er þó eftir að tengja saman Norðurland og Austurland, Akureyri og Reyðarfjörð. Tillaga mín miðar að því, að farið verði að byrja á veginum milli

Norður- og Austurlands. En ekki um Möðrudalsöræfi, heldur um bygð, yfir Öxarfjörð, Þistilfjörð og Vopnafjörð.

Það er fljótsagt, að af hálfu hins opinbera hefir lítið verið gert í þessum hjeruðum til þess að bæta samgöngurnar. Þannig er t. d. í Vopnafirði aðeins ómerkilegur vegur, sem liggur frá kauptúninu inn í bygðina, og sitt hvoru megin kauptúnsins eru allstórar ár, Selá og Hofsá, báðar óbrúaðar, og ekki einu sinni farið að rannsaka brúarstæði á Hofsá. Þannig er þessi fallegi dalur. Engir vegir liggja um hann, nema troðnar reiðgötur. Alveg eins er í Þistilfirðinum. Þar eru margar ár óbrúaðar. Að vísu hefir ein þeirra verið brúuð áður, en steinboginn, sem settur var á hana, eyðilagðist í vatnavöxtum fyrir nokkru síðan. Og þó að gert verði við þetta að sumri, eins og heyrst hefir, þá er þó ekki annað hægt að segja en að hjerað þetta hafi mjög verið vanrækt hvað samgöngubætur snertir.

Sama er að segja um Öxarfjarðarundirlendið. Þar er mikið óunnið. Og hefir ekkert verið gert þar af hálfu hins opinbera síðan Jökulsárbrúin var bygð 1904—'05.

Vegstæðið frá Breiðamýri að Fnjóskárbrú hefir verið rannsakað dálítið, og mun að líkindum verða auðvelt að leggja þann veg, en þó er ein stórbrú á þeirri leið, brúin á Skjálfandafljóti, sem þarf að endurbyggja. Hún er ein elsta brú landsins og orðin mjög ljeleg. Í sambandi við síðasta liðinn skal það tekið fram, að í sumar verður byrjað á vönduðum akvegi frá Akureyri yfir Vaðlaheiði, sem gert er ráð fyrir, að fullgerður verði eftir 4—5 ár. Þá vantar veg um Ljósavatnsskarð og yfir í Reykjadal og jafnframt brúna á Skjálfandafljót, til þess að fá samband við veginn að Húsavík. Er því nauðsynlegt, að samhliða Akureyrarveginum verði lokið við þá samgöngubót. Það mundi lengja veginn frá Borgarnesi alla leið til Húsavíkur.

Jeg hefi nú hugsað mjer, ef deildin getur fallist á þessa rannsókn, að þá verði niðurstaðan lögð fyrir næsta þing, svo þinginu gefist kostur á að vita, hvað þessi mannvirki mundu kosta.

Síðasti liðurinn af þessu verki er að leggja akveg yfir fjallvegina milli áðurnefndra hjeraða, veg yfir Reykjaheiði, Öxarfjarðarheiði, Strandir og Hellisheiði, að Jökulsárhlíð.

Mun ekki ofmælt, að Hellisheiði sje langversti kaflinn á allri leiðinni frá Borgarnesi til Reyðarfjarðar, en þar verður endastöð þessa vegar. Og þó að Norðmenn víli ekki fyrir sjer að höggva vegi utan í fjallshlíðar, þar sem ekki verður öðruvísi áfram komist, þá býst jeg nú við, að þetta verði sá hlekkurinn, sem við höggvum síðast sundur. Hugmynd mín er því aðeins, að munað verði eftir þessum liðum í langbrautinni milli Suður- og Austurlands, sem hlýtur að liggja um Norðurland. Bygðirnar verða teknar með á þann hátt, að þær falli inn í þetta sama vegakerfi í framtíðinni.

Jeg hefi ekki gert ráð fyrir, að tillagan gengi gegnum báðar deildir, sakir þess, að jeg álít, að stjórnin geti gert það, sem hjer um ræðir, án tilfinnanlegs kostnaðarauka, með því að hún hefir þá menn í þjónustu sinni hvort sem er, sem gætu framkvæmt þetta.

Nú liggur fyrir þinginu till. um að byggja nýtt strandferðaskip. Með tveim skipum má gera samgöngur á sjó þol-

anlegar um stund. Hjeruð, sem nú eru afarilla sett, eins og Barðastrandarsýsla, Dalir, Strandir, Norður-Þingeyjarsýsla, Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla, gætu unað við þær samgöngur. En samhliða þessu kemur svo hin dýra samgöngubót, járnbrautin eða malbikaði vegurinn austur, og höfuðvegurinn norður um Holtavörðuheiði til Reyðarfjarðar, með hliðarálmum til Stykkishólms og Búðardals. Tillaga þessi miðar að því að taka málið alt á nógu breiðum og rjettlátum grundvelli. Norðausturhluta landsins hefir verið gleymt meir en skyldi um samgöngubætur. Sú vanræksla er með öllu óverjandi. Samgönguvandræði þjóðarinnar verða aldrei leyst, nema ef aðgerðir manna, er að umbótunum starfa, eru bygðar á rjettlæti og víðsýni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal strax taka það fram, að stjórnin hefir ekkert við það að athuga, að rannsókn þessi fari fram, ef unt verður. En jeg ræð það af líkum, að talsvert verður að gera fyrir vegamálastjóra og þann mann, sem hann hefir sjer til aðstoðar á næsta sumri. Í fyrrasumar varð að taka 3. manninn þeim til aðstoðar, en jeg veit ekki enn, hvort svo verður að þessu sinni. Treysti vegamálastjóri sjer til að framkvæma þetta, hefir stjórnin ekkert við það að athuga og leggur fyrir hann að gera það. En þar sem þetta fer ekki gegnum nema aðeins aðra deildina, verður ekki ætlast til, að stofnað verði til sjerstakra útgjalda sakir þess.

Annars skal jeg, út af því, sem hv. flm. (JJ) sagði, geta þess, að tilætlunin hefir verið að tengja saman með bílfærum akvegi Borgarnes og Akureyri. En ef teknir verða fleiri spottar í einu á mörgum stöðum, líður ef til vill lengri tími uns fult gagn verður að brautinni. Að vísu hefir þetta eigi verið svo fastákveðið enn þá, að því verði eigi haggað, en þegar alt er athugað, hygg jeg, að það komi að betri notum að taka nokkuð stóra spotta í einu.

En það verður ef til vill örðugt að fá þær sveitir, sem röðin kæmi síðast að, til að sætta sig við þá tilhögun. Nú hefir það verið ákveðið að ráðast á ný í miklar verklegar framkvæmdir, ef sæmilega árar, og verður þá væntanlega hægt að herða á þessum vegum.

Hv. flm. (JJ) vjek ögn að járnbrautinni og ljet á sjer skilja, að þetta greiddi fyrir henni, með því að gera önnur hjeruð ánægðari, er þau sæju, að einnig væri hugsað um þau. En það hlýtur að fara eftir fjármagni ríkissjóðs, hvort hægt verður að ráðast í þetta hvorttveggja samtímis. Um járnbrautina get jeg sagt það, að með þeirri miklu umferð, sem nú er austur, og sá vegur, sem nú er, þolir engan veginn, er ekki nema um tvent að gera: Að leggja járnbraut eða dýran og öflugan veg. Og það verð jeg að segja, að eftir áætlununum er bitamunur en ekki fjár um kostnaðinn.

Auk þess vil jeg telja það járnbrautinni til gildis, að þeir, sem með lestinni fara, borga ætíð fyrir sig, en þeir, sem fara um veginn, borga ekkert. Með alt þetta fyrir augum er jeg hlyntur járnbraut, en það eru satt að segja heldur litlar líkur fyrir því, að hún nái fram að ganga á þessu þingi.

Vona jeg, að hv. flm. (JJ) geti verið ánægður með þessi svör mín.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er rjett til getið hjá hæstv. atvrh. (MG), að jeg

má vel við una svör hans. Eftir þeim hætti, sem málið var flutt, gat jeg ekki búist við, að teknir væru sjerstakir menn til að rannsaka þetta; en mjer skilst, að undirtektir um till. sjeu góðar. Annars býst jeg við því, með þeirri vega- og brúagerð, sem áætluð er á næsta sumri, að vegamálastjóri þurfi að fá sjer sjerfróða aðstoð.

Jeg hefi ekki hugsað mjer, að þessi tillaga kæmi til að tefja fyrir brautinni norður á Akureyri, enda fólst það ekki í orðum hæstv. ráðh. (MG). Eina ráðið í þessum efnum er það, að leggja talsvert á sig á næstu árum, ef koma á vegamálunum í gott horf. Jeg get t. d. tekið það fram um Snæfellsnessýslu, þó jeg sje raunar ekki þm. þess kjördæmis, að það munar ekki nema hársbreidd, að hægt sje að komast á bifreið frá Borgarnesi til Stykkishólms. Munar ekki nema hársbreidd, segi jeg, því að fjallvegurinn, sem yfir þarf að fara, er þannig lagaður, að hann þarf mjög lítilla umbóta til að verða fær bifreiðum. Það helsta er, að brúa þarf tvær eða þrjár smáár. — Jeg held, að það sje gott fyrir Alþingi að hafa altaf sem glegst yfirlit yfir þessi mál og leggja áherslu á að byrja á því, sem verður tiltölulega kostnaðarlítið, en þó að miklu gagni. — Þannig ætti að byrja á akveginum til Stykkishólms, sem yrði allmikill og góður þáttur í vegakerfinu; en síðast ætti að taka Hellisheiði, sem verður einn dýrasti kaflinn, svo sem jeg gat um áður, en hefir tiltölulega litla augnabliksþýðingu. En ef menn hugsa til að tengja saman hjeruð landsins, er ekki nóg að hugsa um samband milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, heldur þarf einnig veg yfir Norðurland.

Forseti (HSteins): Þar sem þetta er merkilegt mál, vil jeg leggja til, að umr. verði frestað og málið fari til samgmn.

ATKVGR.

Till. vísað til samgöngumálanefndar með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 19. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 225, n. 337).

Frsm. (Ágúst Helgason): Samgöngumálanefnd lítur svo á og hefir orðið sammála um, að þörf sje á vegum á þeim svæðum, sem hjer um ræðir, og því sje full þörf, að rannsókn fari fram. Nefndin hefir átt tal um þetta við vegamálastjóra, og hefir hann talið, að þörf væri á að fá þessa vegi lagða, og hann hefir látið það uppi við nefndina, að hægt mundi vera að láta þessa rannsókn fara fram í júlí í sumar. Nefndin leggur því til við þessa háttv. deild, að tillaga þessi til þál. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 225).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 393).

---

7. Björgunar- og eftirlitsskipið Þór.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 26. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um björgunar- og eftirlitsskipið Þór. (A. 229).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

A tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 30. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir björgunar- og eftirlitsskipið Þór verið notað til strandvarna, bæði á vertíðinni við Vestmannaeyjar og nú hin síðari árin annarsstaðar við land utan vertíðar.

Vestmannaeyingar rjeðust í að kaupa skipið fyrir sex árum og hafa síðan haldið því úti á hverri vertíð við Eyjarnar, til björgunar og eftirlits, og varið til þess miklu fje. Upphaflega var það ætlunin að kaupa vandað mótorskip, en við nánari athugun var látið af þeirri ætlun. Var um það farið eftir ráðum sjerfróðra manna, svo sem framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins og Sveinbjarnar Egilssonar. Það var altaf vitanlegt, að gufuskip yrði miklu dýrara í rekstri, en reynslan sannaði, að þau væru traustari en mótorskipin, sem oft hættir til að bila. En eftir örygginu var sókst framar öllu öðru, því að tilætlunin var að hafa þennan farkost á floti til að hjálpa vjelbátunum, þegar í nauðirnar ræki.

Þetta hafði auðvitað mikil fjárútlát í för með sjer, og vil jeg geta þess hjer, þeim til maklegs hróss, sem hlut eiga að máli, að ýmsir, sem heima áttu utan Vestmannaeyja, lögðu ríflegan skerf til fjelagsins. Má þar fremsta nefna ýmsa borgara Reykjavíkur. Hið háa Alþingi sýndi málinu einnig velvild þegar í upphafi, því að það studdi kaupin á skipinu með fjárframlögum.

Þegar málið var komið í það horf, að hætt var við kaup á mótorskipi, var það ljóst, að vel gat farið saman landhelgisgæsla, eftirlit með veiðarfærum og björgun mannslífa. Enda hefir reynslan sannað þetta, og nefnd, sem kosin var af fiskiþinginu í fyrra til að athuga björgunarmálin, hefir nú komist að sömu niðurstöðu og Vestmannaeyingar þegar fyrir 6 árum síðan.

Hepnin hefir þegar frá upphafi fylgt þessu fyrirtæki. Fjelagið keypti í upphafi gamalt skip, en traust og vandað. Það er að vísu nokkuð dýrt í rekstri, en hefir í stað þess ýmsa góða kosti, sem jeg vildi ekki láta fyrir ódýrara skip. Og þegar miðað er við aldur skipsins, getur það alls ekki talist dýrt, hvorki að verði nje í rekstri. En þar fyrir hefir það oft verið erfitt að gera það út, því að af litlum efnum hefir oft verið að taka.

Fjelagið bar giftu til þess að fá þegar í stað góða menn til að stjórna skipinu. Er það okkur Vestmannaeyingum gleðiefni nú, þegar ríkið ætlar að fara að hefja strandvarnir, að geta bent á góða menn til að stjórna skipinu, menn, sem eru starfinu vaxnir og hafa góða reynslu að baki.

Starf skipsins hefir gefist svo vel, að telja má, að það eða annað, sem starfar á sama hátt, sje öldungis ómissandi fyrir útveg Vestmannaeyinga, enda

hefir hann stórum aukist á síðari árum. Þó að skipið sje hægfara, hefir það reynst drjúgt við strandvarnirnar. T. d. hefir það nú frá byrjun þessa árs tekið 7 togara í landhelgi.

Á síðasta þingi, er hæstv. stjórn lýsti því yfir, að hún hefði í hyggju að láta lögin um landhelgissjóð koma til framkvæmda og byggja strandvarnarskip, fór jeg þess á leit, hvort ríkið vildi taka að sjer að reka Þór. Hv. sjútvn. beggja deilda og hæstv. stjórn fjellust á, að þetta væri rjett tilhögun. Sjávarútvegsnefndir sendu síðan hæstv. stjórn erindi um þetta og lögðu til, að hún leitaði samkomulags við Vestmannaeyinga um kaup á Þór til handa ríkinu, á þeim grundvelli, er í till. greinir. Um þetta kom síðan brjef frá hæstv. forsrh. (JM), dags. 3. des. f. á., til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, að hann væri þess albúinn að festa kaup á skipinu á þessum grundvelli. Þetta brjef lá fyrir síðasta aðalfundi fjelagsins, 26. janúar þ. á., og var þar samþ. till., sem jeg vildi, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp:

„Í fullu trausti þess, að ríkisstjórnin haldi áfram í framtíðinni björgunar- og eftirlitsstarfsemi þeirri hjer við Vestmannaeyjar, sem Björgunarfjelagið hefir gengist fyrir til þessa, samþykkir aðalfundur Björgunarfjelagsins að gefa fjelagsstjórninni fult umboð til þess að selja ríkisstjórninni björgunarskipið Þór, við því verði og með þeim skilmálum, sem teknir eru fram í brjefi forsætisráðherra til fjelagsins, dags. 3. des. 1925".

Nú hefir málið á ný verið lagt fyrir sjútvn. beggja hv. deilda og lögð fram þessi gögn, er jeg gat um, og er till. á þskj. 229 fram komin með fullu samþykki sjútvn. Nd.

Það er vitanlegt, að Vestmannaeyingar leggja áherslu á það, að þeir geta alls ekki slept skipinu úr sinni eigu, án þess að þeim sje um leið sæmilega trygt, að það haldi áfram uppi við eyjarnar allri hinni sömu starfsemi á vertíðinni, sem það hefir haft að undanförnu. Jeg er þess líka fullviss, að hið háa Alþ. skilur hið beina og óbeina gagn af strandvörnunum og hina miklu þörf Vestmannaeyja og þess mikla flota, sem þar er gerður út, til að hafa slíkt skip til að gæta bæði landhelginnar og veiðarfæranna og ekki síst mannslífanna.

Að endingu vil jeg votta hinu háa Alþingi þakkir fyrir afskifti sín af þessu máli að undanförnu. Það hefir ætíð stutt Björgunarfjelagið, og er það því í fullu trausti, að við viljum afhenda skipið á vald ríkisstjórnarinnar og hins háa Alþingis.

Forsætisráðherra (JM): Þessi till. er borin fram af sjávarútvegsnefndum beggja deilda og í samráði við stjórnina. Það hefir þótt rjettara og tryggara að öllu leyti, að Alþingi legði samþykki sitt á þennan samning. Að vísu hafði stjórnin heimild til að kaupa skipið samkv. lögum, sem samþ. hafa verið fyrir löngu, og í þeim felst og heimild til þess að ráðstafa rekstri skipsins og notkun um sinn, en vegna þess, að samningurinn við Björgunarfjelag Vestmannaeyja lítur nokkuð fram á leið, þá þótti rjettara að bera málið undir þingið.

Sjálfsagt er að krefja Vestmannaeyjar framlags vegna hinnar sjerstöku

gæslu í þarfir þeirra, þótt raunar megi segja, að skipið vinni mikið gagn hinni almennu landhelgisgæslu með veru sinni þar á vetrarvertíð. Það hefir líka sýnt sig síðastliðin 2 ár, að mikið gagn hefir verið að skipinu til strandvarna.

Eðlilega er ekki hægt að fara lengra hjer en að binda samningana við þetta skip, en jeg býst við, að þó annað skip yrði sett í stað Þórs, yrði fylgt svipaðri reglu.

Jeg tel sjálfsagt, að hv. deild samþ. þessa till.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Jeg þakka hæstv. forsrh. (JM) undirtektir hans, og sjerstaklega fyrir þau ummæli, að starfi þessu muni haldið áfram, þó að Þór líði undir lok. Það er raunverulega satt, að það starf, sem hafið var með Þór, er svo mikilsvert og nauðsynlegt, að það má með engu móti niður falla. Jeg skal geta þess, að skipið var upphaflega gott, og það hefir verið reynt að halda því vel við, svo að það ætti að geta enst lengi enn. Það er sjálfsagt, að Vestmannaeyingar greiði gjald fyrir sjerstakt eftirlit. Jeg skal játa, að mjer þykir það ákveðið fullhátt í till., en jeg mun þó ekki þess vegna halda aftur af því, að fjelagið afsali sjer skipinu í hendur ríkissjóðs. Það getur altaf verið háð endurskoðun, hve mikils sje rjett að krefjast, einkum þar sem eins stendur á og nú, að ýmsir aðrir en Vestmannaeyingar gera skip sín þaðan út þann tímann, sem mest er þörf eftirlits.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hl.

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 229).

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 8. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Jakob Möller: Jeg hefi því miður ekki tilbúna brtt., sem jeg ætlaði að koma með í þessu máli, en jeg vona, að hv. deild geti leyft henni að koma undir atkvæði, þótt hún sje skrifleg, því að hún er mjög ljós og auðvelt að átta sig á henni. Hún er um það, að orðin: „enda leggi bæjarsjóður Vestmannaeyja 25 þús. kr. fram árlega til útgerðar skipsins" falli burt. Það er nú ráðið að kaupa „Þór" til þess að hafa til strandvarna, og það er sýnt, að þetta skip gerir mikið gagn sem slíkt skip; seinast í gær kom hann með 3 togara. **(TrÞ:** 4). Já, 4 voru þeir, en það er líklega af því, að einn þeirra slapp úr haldi í nótt, að jeg taldi aðeins þá 3, sem eftir voru. En „Þór"

handsamaði þessa togara alveg slyndrulaust, og það hefir ekkert borið á því, sem menn óttuðust í fyrstu, að hann hefði ekki nauðsynleg skilyrði til þess að annast strandvarnir.

Úr því að ríkissjóður tekur nú skipið og gerir það fyrst og fremst út sem strandvarnaskip, má ekki ætlast til, að Vestmannaeyingar fari líka að gera það út, enda þótt tilætlunin sje, að það annist einnig björgunarstarfsemi um vertíðina við Eyjarnar og eftirlit veiðarfæra. En þetta getur skipið annast jafnhliða strandvörnunum, því að sem strandvarnaskip getur það verið á sömu slóðum og sem björgunarskip. Þess vegna er það alveg ástæðulaust að gera þá kröfu til Vestmannaeyinga, að þeir leggi fje til útgerðar skipsins. Alþingi ætti miklu fremur að vera Vestmannaeyingum þakklátt fyrir að hafa hrundið áleiðis þessari starfsemi, með öllum þeim mikla kostnaði, sem af henni hefir leitt fyrir þá. Þeir keyptu skipið fyrir mikið verð, á 3. hundrað þús. kr. Þeir fengu að vísu styrk úr ríkissjóði, en lögðu samt fram mikið fje, sem safnað var í Eyjunum, og þeir hafa alveg gert skipið út og varið til þess samt. kr. 444,970,75, sem er gífurlegur kostnaður. Eins og gefur að skilja, hafa Vestmannaeyingar ekki getað lagt þetta fram án þess að stofna til stórskulda. Og 2 árin sjerstaklega varð útgerðarkostnaðurinn mikill, eða 265 þús. kr., árin 1920 og '21, og þá urðu þeir að taka lán til þess að standast hann, og er árleg greiðsla af því ca. 13 þús. kr. Hjer við bætist, að björgunarstarf og veiðarfæraeftirlit Þórs er ekki unnið eingöngu fyrir Vestmannaeyjar, heldur eru þar gerðir út mótorbátar frá öllum landshlutum, og á bátum Vestmannaeyinga sjálfra stunda ekki aðeins Vestmannaeyingar veiðar, heldur menn úr öllum landsfjórðungum. Er því starfsemi Þórs ekki eingöngu í þágu eyjaskeggja, heldur líka annara. Hjer við bætist svo enn það, að það varðar alt landið að bjarga mannslífunum, því að þótt einstök hjeruð bíði mest tjón við það í svipinn, er menn farast, þá lama mannskaðarnir samt alla þjóðina í heild sinni. Enn má líta á það, að verðið, sem ákveðið er fyrir skipið, er hvergi nærri fult verð, því að hvergi væri nú hægt að fá jafngott skip fyrir þetta verð. Og ef Vestmannaeyingar ættu að leggja fram fje til útgerðar þess, fær ríkissjóður skipið í raun og veru fyrir ekki neitt. Og Vestmannaeyingar leggja með því, þar sem þeim er ætlað að leggja fram allháa upphæð árlega.

Jeg held, að björgunarstarfsemin komist ekki í viðunanlegt horf fyr en ríkissjóður tekur hana að sjer og þann bagga, sem af henni leiðir. Það þarf að annast þessa starfsemi víðar en í Vestmannaeyjum, og það hefir fyllilega vakað fyrir mönnum að hafa strandvarnaskipin til þeirrar starfsemi, því að slíks skips er einmitt mest þörf þar, sem mest útgerð er rekin, og liggur því í hlutarins eðli, að samrýma má þessa tvennskonar starfsemi. En að útgerðar-„plássin", t. d. Hornafjörður, geti sjálf annast björgunarstarfsemina, nær vitanlega engri átt. Þau geta ekki komið upp svona skipi og því síður borið útgerð þess, og það því síst eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið nú fyrir skemstu á útsvarslöggjöfinni, þar sem ekki er lengur heimilt að

leggja neitt verulega á þá menn, sem þar stunda útgerð, en eiga þar ekki heima.

Jeg sje enga ástæðu til þess, að hjer geti verið um hættulegt fordæmi að ræða, því það er alveg óhjákvæmilegt að fara svo að, sem hjer hefir verið gert. Hinsvegar hafa Vestmannaeyingar þegar lagt svo mikið í sölurnar, að þótt einhver líti svo á, sem hjer sje farið fram á einhverja ívilnun þeim til handa, þá eiga þeir það fyllilega skilið, að þessi baggi sje ekki lagður á þá. Legg jeg því þessa till. fram og vænti þess, að hæstv. forseti beri hana undir atkvæði.

Forseti (BSv): Hjer er fram komin skrifleg brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um það, að orðin: „enda leggi bæjarsjóður Vestmannaeyja fram 25 þús. kr. árlega til útgerðar skipsins“ falli burt. Þarf afbrigði frá þingsköpum til þess, að þessi till. megi koma undir atkvæði, og verður það borið upp síðar.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg get tekið undir það með hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að ekki verði ætlast til þess, að hjeruðin sjálf taki þátt í kostnaði við strandvarnir. Ríkissjóður á að bera allan þann kostnað, því strandvarnir eru löggæsla á sjónum, en landhelgin er almenningur, sem öll þjóðin verður jafnt að taka þátt í að verja. Þykir mjer líka sýnt, að svo verði háttað um þessi útgjöld yfirleitt, og því er ekki hægt að ætlast til þess af Vestmannaeyingum, að þeir beri að nokkru leyti útgerðarkostnað strandvarnaskips.

En hjer er og um að ræða veiðarfæragæslu og björgunarstarfsemi. Það má deila um, hvar niður skuli koma kostnaðurinn af björgunarstarfsemi og í hvaða hlutföllum, en það er ekkert álitamál, að mestar kröfur má gera um framlag frá viðkomandi hjeruðum til veiðarfæragæslunnar. En þetta hvorttveggja ber að meta Vestmannaeyingum til verðs. Jeg álít, að 10 þús. kr. myndu vera nægiegt framlag frá þeim og að þeir þyrftu ekki að kvarta undan því. Er það ekki úr leið að veita þeim góð kjör í þessu efni, þar sem þeir hafa nú um langan tíma tekið á sig ærinn strandvarnakostnað, sem annars staðar hefir verið greiddur af ríkinu. Get jeg vel unt Vestmannaeyingum að njóta þess, hve afladrjúgur Þór hefir verið fyrir ríkissjóðinn, og ber því fram brtt., sem jeg mun afhenda forseta. Er hún á þá leið, að í stað „25 þús. kr.“ í lok till. komi: 10 þús. kr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla að byrja með að gera það að till. minni, þar sem nú hafa komið fram tvær skriflegar brtt., að þessari þáltill. verði vísað til sjútvn. Þetta er hvort sem er fyrri umr., og mun málið þurfa athugunar við.

Jeg er nú ekki alveg viss um, að með brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) sje um svo mikinn greiða eða gagn fyrir Vestmannaeyinga að ræða og í fljótu bragði virðist. Það er ekki svo, að samrýmanleg sje með öllu landhelgisgæslan og gæsla sú á bátum og veiðarfærum, sem Vestmannaeyingar þurfa að fá haldið uppi. Þess er líka skemst að minnast, að meðan Þór brá sjer nú síðast austur með landi til landhelgisvarna, og það með góðum árangri, biðu Vestmannaeyingar mikið tjón á veiðarfærum sínum. Þetta tvent er því ekki

eins samrýmanlegt og menn hyggja. Jeg held, að ef Vestmannaeyingar greiða hæfilegt gjald fyrir gæslu veiðarfæranna, eigi þeir fullan rjett á, að það verkefni verði ekki vanrækt. En jeg er hræddur um, að það verkefni mundi brátt fyrnast úr meðvitund manna, ef þeir borguðu ekkert. Eins og nú er, er hægt að koma fram með tilmæli um, að Þór fari við og við austur með söndum, en það er alls ekki hægt að krefjast þess. En þetta mundi auðvitað breytast, ef vikið væri frá þessum grundvelli. Jeg býst við, að það yrði enginn hagnaður fyrir sjávarútveg Vestmannaeyinga, þó að till. hv. 3. þm. Reykv. (JakM) yrði samþ. En þetta ber sjútvn. að athuga.

Hvað fjárhagshliðina snertir, álít jeg það holla meginreglu, þar sem ríkissjóður verður að leggja fram fje til þess að gæta hagsmuna manna á tilteknum stöðum, að hæfileg fjárframlög komi á móti, til þess að tryggja það, að kröfur þeirra staða verði teknar til greina. Það er einmitt besta tryggingin fyrir þá, sem kröfur gera, að þeir leggi nokkuð á sig. Og þetta er í mínum augum höfuðástæðan til þess, að farið er fram á, að Vestmannaeyingar leggi nokkuð af mörkum. Jeg vildi aðeins gera þessar athugasemdir, til þess að sjútvn., sem væntanlega fær þetta mál, geti tekið tillit til þeirra, ef hún vill.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg get tekið undir það með hæstv. fjrh. (JÞ), að það sje enginn gróði fyrir Vestmannaeyinga að undanþiggja þá öllu gjaldi. Ef þeir borga ekki neitt, verður starf þetta aðeins skoðað sem aukastarf, er eigi þarf að rækja, þar sem aðalstarfið sje landhelgisgæsla, og verður það þeim því einskis nýtt. En það er Vestmannaeyingum mikilsvert starf, að gætt sje veiðarfæra þeirra og fiskimiða. En það er ekki hægt að samrýma þetta, landhelgisgæslu við suðausturströndina og eftirlit með veiðarfærum í Vestmannaeyjum, vegna þess, að mest af afla þeim, sem eyjaskeggjar veiða, er utan landhelgi. Landhelgisgæsla Þórs verður því aukastarf, sem ekki má byggja of háar kröfur á.

Jeg ætla ekki að koma hjer fram með neinar brtt., en býst við, að till. hæstv. fjrh. (JÞ) um að vísa málinu til sjútvn. verði samþ., enda tel jeg sjálfsagt, að nefndin fái þáltill. til athugunar.

Vegna þess, hve margir aðrir en Vestmannaeyingar njóta góðs af gæslu Þórs, get jeg gengið inn á lægri upphæð en farið er fram á í till., jafnvel alt niður í 15 þús. kr. En jeg vil minna á það, að gæslan við Vestmannaeyjar má alls ekki skoðast sem aukastarf.

Jón Baldvinsson: Eiginlega er mál þetta komið frá sjútvn. beggja deilda, og ætti þess vegna að vera óþarfi að vísa því til sjútvn. Nd.

Jeg vildi aðeins gera nokkrar athugasemdir við till. og kem þá kanske inn á sum af þeim atriðum, er fram hafa komið við umr.

Í fyrra á þinginu var skýrt svo frá af hæstv. forsrh., að stjórnin hefði í hyggju að kaupa Þór. Var einnig skýrt frá tilhögun allri, sem var og sviþuð því, sem hjer er farið fram á. Samþ. meiri hl. sjútvn. beggja deilda þetta fyrir sitt leyti. En hvernig fór svo. Þó að stjórnin væri í fyrra búin að samþ. kaupin, vill hún nú láta þingið samþ. þau líka eftir á. En þetta var alveg óþarfi, því að stjórnin hafði lagaheim-

ild til þessa. Mjer þykir leitt, að hæstv. forsrh. (JM) er ekki við. En jeg get ekki varist þeirri hugsun, þar sem hæstv. forsrh. var búinn að fá samþykki sjútvn. Alþ. í fyrra, en vill nú enn láta þingið samþ. þetta, að hann vilji láta líta svo út, sem hann hafi ekki skift um skoðun í þessu máli. En það er öllum kunnugt, að hann var lengi vel þeirrar skoðunnar, að ekki væri vert að styrkja þessa starfsemi Þórs. En úr því að hann hefir nú samþ. kaupin og þau eru ákveðin, virðist algerlega óþarft að láta málið ganga aftur til þeirrar nefndar, sem stendur að till. Ætti till. heldur þegar að geta komið til atkv.

Jeg get fyrir mitt leyti mjög vel fallist á, að gjaldið verði lægra en nú er í till. Hygg jeg líka, að athugasemdir hæstv. fjrh. (JÞ) mæli mjög með því.

Því er haldið fram, að ekki sje samrýmanleg landhelgisgæslan og gæsla veiðarfæranna. En ef Vestmannaeyingar skaðast á því, að Þór skreppi frá við og við til þess að gæta landhelginnar, sje jeg ekki betur en að þeim beri minna að gjalda.

Mjer virðist rjett að samþ. niðurfærslutill. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Aftur á móti nær það engri átt að vera að vísa málinu aftur til sjútvn. Það væri miklu nær, að það færi t. d. til fjhn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil aðeins taka það fram, að það er ekkert í máli þessu, sem ber það með sjer, að sjútvn. Nd. hafi haft það til meðferðar. En till. ber það aftur á móti með sjer, að hún er borin fram af sjútvn. Ed., og er því ekkert á móti því, að sjútvn. þessarar deildar athugi það. En það eitt, að brtt. eru fram komnar, ætti að vera næg ástæða til þess að vísa málinu til nefndar.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar út af ummælum háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), þar sem hæstv. forsrh. (JM) er ekki á fundi. Á fundi sjútvn. tók hæstv. forsrh. (JM) einmitt fram ástæðuna fyrir því, hvers vegna hann vildi, að till. þessi kæmi fyrir þingið. Og hún var sú, að kaupunum fylgdu nú þær kvaðir, sem hann vildi, að kæmu hjer fram, annaðhvort til samþ. eða synjunar. Hann lýsti því og yfir, að hann hefði fulla lagaheimild frá í fyrra til þess að gera út um kaupin. En honum fanst rjettara, að þingið fengi að segja álit sitt um kvaðir þær, er nú fylgdu.

Jeg sje ekkert á móti því, að sjútvn. fái málið til athugunar, enda þótt sjútvn. beggja deilda í fyrra hafi komið sjer saman um tillögugrundvöll þann, er hjer er borinn fram. En því var nú þá svo háttað, að nokkrum þingmönnum úr Nd. þótti gjaldið of hátt, og sumir vildu jafnvel, að ekkert gjald yrði greitt af Vestmannaeyingum fyrir gæslu Þórs þar, þar á meðal 3. þm. Reykv. (JakM), og var jeg einnig mjög nærri því. Sje jeg því ekkert á móti því, að málið komi til nefndarinnar aftur. Eru líkindi til, að við getum orðið á eitt sáttir um till. í því.

Jakob Möller: Jeg skal ekki lengja umr. Jeg sje ekkert á móti því, að málið komi fyrir sjútvn. En þar sem komið hafa fram brtt., gæti verið álitamál, hvort ekki ætti að fresta umr.

Jeg vil vekja athygli manna á því, að hjer er ekki að ræða um það, hvort Vestmannaeyingar eigi að borga fyrir

unnið verk eða ekki. Því að áreiðanlegt er það, að þeir gætu fengið svo miklar tekjur af Þór, ef alt sektafje rynni til þeirra, að þeir gætu gert hann út að kostnaðarlausu. Í gær t. d. vann Þór inn fyrir ríkissjóðinn um 60—70 þús. kr., þar sem hann tók 4 skip, og var hvert þeirra sektað um 12250 kr. og afli og veiðarfæri gerð upptæk. Og áður hefir hann tekið mörg skip á þessu ári, sem sektuð hafa verið. Hann er því áreiðanlega búinn að vinna fyrir útgerðarkostnaði sínum þetta tímabil og meira. En auk þess hefir hann litið eftir bátum og veiðarfærum Vestmannaeyinga. Það er því með þessu verið að skattleggja eyjaskeggja. Þeir verða að borga fyrir það, að ríkissjóður taki að sjer rekstur skipsins, og honum þannig trygður gróði. Því er haldið fram, að þeir hafi ekkert gagn af því, ef tillagi þessu er slept. En það er alveg órjettmætt. Ákvæði till. eru nægilega skýr. Ríkið kaupir skipið með því skilyrði, að það annist björgunar- og eftirlitsstarf við Vestmannaeyjar 3—4 mánuði árlega. Og þeir eiga fulla heimtingu á, að þessi krafa verði uppfylt, án þess að þeir þurfi að leggja fram meira fje.

Jeg vil skjóta því til sjútvn., ef málinu verður vísað til hennar, að athuga, hve mikið fje Þór hefir unnið inn í sektum fyrir landhelgisbrot, og bera það saman við rekstrarkostnað skipsins. Hjer er ekki aðeins um nauðsynjamál fyrir Vestmannaeyinga að ræða, heldur fyrir almenning í heild sinni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 22 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 24. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 229, 392).

Fjármálaráðherra (JÞ): Við fyrri umr. þessa máls gerði jeg að till. minni, að máli þessu væri vísað til sjávarútvegsnefndar, og þar sem framsögumaður hennar er ekki við nú, vildi jeg óska, að málið væri tekið út af dagskrá.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins geta þess, að mál þetta hefir verið athugað í sjávarútvegsnefnd, og þar hefir það orðið ofan á að mæla með till. háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ).

Fjármálaráðherra (JÞ): Með því að komið hafa fram upplýsingar frá sjávarútvegsnefnd, þá tek jeg aftur till. mína um að taka málið af dagskrá.

ATKVGR.
Brtt. 392, I. feld með 9 : 4 atkv.
— 392, II. feld með 8 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, MT, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, IngB, JakM, JBald.
nei: JÞ, KIJ, MG, PÞ, SvÓ, HK, JAJ, BSv.
Brtt. 392, III. samþ. með 15 shlj. atkv.
Tólf þm. (MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BJ, BL, HStef, JK, JS) fjarstaddir.
Till., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreidd til **Sþ.**

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 26. apríl, og á 62. fundi í Nd., sama dag,

var till. útbýtt frá Sþ. eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 416).

Á 5. fundi í Sþ., laugardaginn 8. maí, var till. tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 416).

8. Fyrirhleðsla fyrir Þverá.

Á 10. fundi í Ed., laugardaginn 20. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um fyrirhleðslu fyrir Þverá eða brú á hana (A. 43).

Á 11. fundi í Ed., mánudaginn 22. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðna[illegible] umr.

Á 12. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. febrúar, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Eggert Pálsson): Í greinargerðinni eru, eins og lög gera ráð fyrir, teknar fram ástæðurnar fyrir því, hvers vegna þessi till. er fram komin, en jeg hygg þó, að ekki geti talist öðruvísi en viðeigandi, að jeg fylgi henni úr hlaði með nokkrum orðum.

Þessi tillaga er í tveimur liðum, og báðir liðir byggjast á hinu sama, en þó með nokkrum mismun.

Að því er snertir fyrri liðinn, þá byggist hann á þeirri hugsun, að vinna megi tvent í einu, sem sje koma í veg fyrir landbrot af völdum Þverár, og í öðru lagi gera hægra fyrir með að komast yfir ána, sem má teljast mjög erfitt og einatt ómögulegt, eins og nú er ástatt.

Þeir, sem búa við Þverá og verða fyrir mestum skemdum af hennar völdum, sem sje Fljótshlíðingar, þeim blöskrar að horfa á það ár frá ári, að áin brýtur niður land af þessari gæðasveit, og það sjerstaklega þar sem þetta land, sem áin brýtur niður, er engir óræktarmóar, heldur gróðursæl tún eða áveituengjar með svo að segja síbreiðugrasi. Áin hefir þegar brotið niður mikið af Hlíðinni; t. d. er sagt, að í tíð hins merka manns Vigfúsar Thorarensens, sem bjó að Hlíðarenda, hafi fengist 500 hestar af áveituengi, sem nú sjest sama sem ekkert af. Einnig í Hlíðarendakoti, æskustöðvum Þorsteins Erlingssonar, má segja, að á 50—100 árum sje farinn fullur helmingur af túninu. Víða annarsstaðar er mikið brotið, en þó hvergi eins og á þessum tveim stöðum. En þó að mikið sje farið af Hlíðinni, er þó talsvert enn eftir handa ánni að brjóta. Og er skamt þess að minnast — það eru tvö ár síðan í vor — að áin tók gersamlega í einu hálfrar til heillar dagsláttu spildu af engjum. Þá stóð svo á, að bóndi nokkur var þar á ferð, þegar landið sprakk frá; hestarnir ærðust við skellinn, sem varð, og maðurinn myndi ekki hafa komið þeim til lands, ef ekki hefði viljað svo vel til, að honum barst hjálp einmitt í þeim svifum. Að áin hefir altaf eitthvað til þess að brjóta niður, stafar af því, hvernig hún rennur; hún hefir sem sje ekki fastan farveg, heldur rennur í sífeldum krókum og hlykkjum; þegar hún hittir laust

jarðlag, þá er sveiflan, sem hún tekur suður á bóginn, tiltölulega lítil; en þegar hún hefir brotið niður þetta lausara jarðlag og svo er komið, að fyrir henni verður fastara jarðlag, sendist hún lengra suður og kemur svo aftur að Hlíðinni nokkru neðar en áður og tekur að mölva þar. Og með þessu lagi er það sýnt, að henni tekst með tímanum að mölva niður alt undirlendið, þar til komið er upp í fjallsrætur, og svo þegar Hlíðin er farin, þá fer hún að mölva af Hvolhreppnum að neðan.

Þegar á þetta er litið, þá er síst að undra, þótt mörgum manninum, sem þarna á heima, sje áhugamál að fá eitthvað við þessu gert, enda var svo í vetur, að nær allir, sem hjer áttu hlut að máli, undirskrifuðu erindi til sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, svo sem annars og næsta málsaðila, samkvæmt lögum 14. nóv. 1917, um að hefjast handa í þessu máli. Efast jeg ekki um, að hún taki þetta mál til athugunar og beini því síðan til stjórnarinnar. Hinsvegar er því svo háttað, að þeir, sem búa neðar með ánni, svo sem Vestur-Landeyingar og Þykkbæingar, hafa ekki nú sem stendur jafnsterkan hug á því, að hlaðið verði fyrir framrensli Markarfljóts í Þverá, og stafar það af því, að þeir þykjast hafa fengið nokkra bót í bili með fyrirhleðslu í Fróðholtsós og Valalæk Landeyjamegin, og Djúpós Þykkvabæjarmegin, sem, eins og hv. þm. er kunnugt, styrkur var veittur til fyrir nokkrum árum. Þó er það auðsætt, að vatnið verður þar aldrei trygt í farvegi sínum á meðan allur vatnsþunginn hvílir á. Því þótt sjálfar fyrirhleðslurnar standist, af því að þær eru úr góðu efni, föstum og seigum hnausum og viði, þá er það víst, að vatnið hlýtur altaf að sprengja nýja og nýja ósa. Þegar svo ber til, að vötnin leggur, en vöxtur kemur svo í Markarfljót, leitar vatnið sem það getur undir ísskorpuna. En sje hún orðin svo sterk, að vatnið geti ekki sprengt hana, hljóta bakkarnir að bila, þar eð þeir eru úr fínum sandi, og vatnið á þar hægra um uppgöngu. Enda hefir reynslan orðið þessi, því að t. d. í vetur hefir vatnið brotið nýjan ós hjá Fróðholti, nokkru vestar en áður var, og svona mun það ganga á meðan vatnsþunginn er svona mikill í ánni.

Frá sjónarmiði þeirra manna, sem þarna búa, er það ekki neitt vafamál, að það er brýn nauðsyn á því að fá Markarfljótsvatnið leitt af, til þess að þessi lönd lendi ekki aftur í sama voðanum og áður var. En að þetta sje hægt, að veita vatninu af, held jeg fyrir mitt leyti, að sje ekki vafamál, með þeirri þekkingu, þeim áhöldum og útbúnaði, sem nú er til. Og því frekar ætti nú að vera hægt að gera það, sem það er vitanlegt, að áður fyr, þegar Vigfús Thorarensen bjó á Hlíðarenda, tókst með ófullkomnum áhöldum að varna því, að Markarfljót færi vestur eftir. Hafði hann það fyrir reglu að boða menn hópum saman til sín, til þess að stoppa fyrir vatnið, og með þessu tókst honum að verja jörð sína og annara fyrir ágangi vatnsins, á meðan hans naut við. En þegar hann fjell frá, var ekki meira um það fengist. Má vera, að frá þeim tíma stafi vísa Bjarna sonar hans: „Bágt er að heyra, ef brýtur meira bannsett á“ o. s. frv.

Að þetta sje hægt, efast jeg ekki um, en hitt er víst, að ef það er gert með

krafti og á eins fullkominn hátt og verkfræðingar telja, að best færi, þá mun það kosta mikið fje. Árið 1917, þegar lögin urðu til, var áætlaður kostnaður við fyrirhleðsluna alla leið frá Þórólfsfelli og báðumegin við Dímon og viðgerð við Seljalandsgarðinn um 167000 krónur, fyrir utan kostnað af brúargerð yfir Markarfljót.

Nú má gera ráð fyrir því, að þessi áætlun muni ekki með neinu móti geta staðist og ekki veita af upphæðinni tvöfaldri eða þrefaldri. En hitt sýnist geta komið til álita, hvort ekki mætti gera eitthvað kostnaðarminna og með minni fyrirhöfn, að minsta kosti til bráðabirgða. Jeg er auðvitað enginn verkfræðingur, en mjer dettur í hug, að hægt mundi vera að koma vatninu af sjer, að minsta kosti í bili, með miklu minni fyrirhöfn en ráðgert hefir verið. Jeg hygg, að það væri ekki frágangssök að hlaða aðeins í farveginn, þar sem vatnið kemur úr Markarfljóti, og jeg veit, að margir kunnugir menn þar eystra eru á sama máli, og slík fyrirhleðsla í sjálfan farveginn eða farvegina myndi ekki þurfa að kosta mikið fje. Þar er alt við höndina, nógur viður inni á Þórsmörk og næg möl, sem nota má til að fylla upp með, er vírnet eru strengd fyrir, svo að þetta þyrfti í sjálfu sjer ekki að kosta svo sjerlega mikið. En það er vitanlegt, að á þetta er að líta eingöngu sem bráðabirgðaráðstöfun og að í framtíðinni yrði að hugsa um að ganga betur frá öllu.

Það er vitanlega svo, eins og allir geta skilið, að þeir, sem að austan búa, bæði Landeyingar og Fjallamenn, vilja ekki láta hlaða fyrir vatnið og veita því þar með í austurfarveginn. En vatnið verður vitanlega einhversstaðar að renna fram, og þá sýnist eðlilegast að velja því þá leiðina, sem það liggur beinast fyrir og skemdir af því verða minstar, en það er frekar að austanverðu en vestan. Og hvað Fjallamenn sjálfa snertir, sem búa austur með Fjöllunum, þá verður að ætla, að þeim sje ekki hætta búin, þó að vatnið fari í eystri farvegina; þá er það þó víst, að það skapar aldrei eins vonda samgönguteppu þar eins og ef það heldur áfram að fara í Þverá. En fyrir þá, sem að austanverðu búa, er náttúrlega aðalatriðið nú að losna við þau samgönguhöft, sem Þverá leggur á þá. Þeim stendur vitanlega á sama, þó að vatnið sje að vestanverðu, en þeim stendur ekki á sama um samgönguteppuna. Og þess vegna fara þeir fram á það, að Þverá verði brúuð.

Hvað þá hlið málsins snertir, hve mikla samgönguteppu Þverá leggur á þá, held jeg að megi fullyrða, að á Íslandi sje ekkert vatnsfall, sem jafnmikið teppir alla umferð, þegar tillit er tekið til þess, hve mikið þarf yfir ána að fara; það kemur fyrir svo að segja daglega, að það er ómögulegt að komast yfir Þverá, fyr en þá langt inn frá, og þá skilja menn, hve mikil fyrirhöfn það er fyrir Út-Landeyjamenn að þurfa að fara lengst inn í Hlíð til þess að komast t. d. upp að Hvoli, til þess að sækja lækni, að jeg ekki tali um, hvílíkum örðugleikum það er undirorpið að koma nokkrum flutningi yfir Þverá án þess að hann vökni. Svo kemur það líka einatt fyrir, að áin er algerlega ófær frá fjöru til fjalls; t. d. kom það fyrir í sumar, að það átti að halda unglingamót í Landeyjum. Var fenginn snjall ræðumaður hjeðan úr Reykjavík til að halda þar ræðu. Hann kom austur að

Garðsauka í tæka tíð, en svo varð hann að sitja þar fastur sjálfan mótsdaginn, því að áin var alófær. Þetta haft, sem Þverá leggur á samgöngurnar, er nú þeim mun verra en áður, því að þá var þó hægt að koma við ferju hjá Hemlu, en nú fellur áin þar í tveim kvíslum og breið eyri á milli þeirra, svo að ómögulegt er að nota ferjuna. Og reynist það nú svo, að ófært sje að fara þá leið að veita vatninu úr Þverárfarveginum, þá er sýnt, að ekki er um aðra leið að tala en að brúa ána, og þá yrði jafnframt að gera ráð fyrir því, að vatnið hjeldist áfram í henni.

Um það, hvaða leið skuli fara í þessu efni, skal jeg ekkert segja frekar, en einhverja breytingu verður að fá á þessu máli, og jeg vænti þess, að hæstv. stjórn og vegamálastjóri eða verkfræðingur landsins sjái best, hvaða leið skuli fara. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þessa till., en legg hana öruggur á vald háttv. deildar og Alþingis yfir höfuð og vænti þess, að hún verði samþ. og að hæstv. stjórn og verkfræðingur geri í þessu máli það, sem skynsamlegast telst. En að eitthvað verði að gera til þess að leysa úr þessum annmörkum, það hygg jeg að engum dyljist.

Jeg hefði nú fyrir mitt leyti haldið, að ekki hefði þurft að fara með þessa till. þannig, að hafa tvær umr. um hana, því að því er snertir framkvæmdir samkvæmt fyrri hluta hennar, þá er þar þegar til heimild í lögum nr. 69, 14. nóv. 1917. En til þess að fullnægja seinni lið hennar, virðist eigi þurfa neitt fjárframlag úr ríkissjóði.

En hæstv. forseti hefir litið svo á, að vissara væri að hafa tvær umræður, og er jeg því alls ekki mótfallinn. Jeg treysti því, að það verði ekki málinu til skaða, þar sem enn er skamt liðið á þingið og því nægur tími fyrir höndum. Ef tillagan verður sett í nefnd, kýs jeg helst, að henni verði vísað til samgöngumálanefndar. Að vísu var mál þetta hjer á árunum hjá landbúnaðarnefnd. En þess ber að gæta, að tillagan er fram komin einkum vegna farartálma þess, sem áin veldur, og hjer í lestrarsalnum liggja frammi áskoranir frá 250 mönnum sunnan Þverár, sem fara fram á, að áin verði brúuð. Þó að jeg eigi ekki sæti í samgöngumálanefnd, treysti jeg henni til að greiða fyrir þessu máli. Í Nd. á háttv. samþingismaður minn sæti í samgöngumálanefndinni, og þykir mjer vel við eiga, að honum gefist þar kostur á að vinna fyrir málið.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla ekki að halda langa ræðu. Jeg vildi aðeins mæla með því, að þessu máli yrði veitt hin mesta athygli af hinu háa Alþingi. Jeg tók svo eftir hjá hv. flm. (EP), að ekki væri hægt að koma við ferju á Þverá, og mun því vera hið mesta nauðsynjamál að brúa hana. Mjer er kunnugt um, að þessi á er mikill og illur farartálmi, og jeg verð að telja það hálfgert hneyksli, að ekki skuli búið fyrir löngu að bæta úr því á einhvern hátt. Jeg vil endurtaka þá ósk mína, að þessu máli verði veitt hin mesta athygli hjer á hinu háa Alþingi, því að jeg er sannfærður um, að þetta er gott mál.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist á hv. flm. þessarar till. (EP), að hann færi í raun og veru ekki fram á, að byrjað væri á þessu ári á framkvæmdum þeim, sem ráðgerðar eru í lögunum um fyrirhleðslu fyrir Þverá og

Markarfljót frá 1917, heldur að málið yrði rannsakað og reynt, ef unt væri, að veita nokkru af vatninu úr núverandi farvegi Þverár í Markarfljót. Jeg get lýst því yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að hún er fús á rannsóknir og framkvæmd í þessu máli, ef ráðunautar hennar álíta verkið framkvæmanlegt og kleift þykir kostnaðar vegna. En á það verður að líta, að ekki er víst, að viðgerð sú, er fram færi, dygði nema stuttan tíma, og því væri ófært að leggja í mikinn kostnað. Jeg hefi átt tal um þetta við vegamálastjóra, og álítur hann ekki útilokað, að hægt sje að gera þarna gagn með litlu fje, og held jeg, að hann hafi nefnt 2—5 þúsund krónur. Hann sagði, að afstaðan breyttist árlega, þar sem þessi vötn koma saman. Tjáði hann sig fúsan á að rannsaka þetta og sjá um framkvæmdir, ef kleift þætti kostnaðar vegna. Hann hugsar sjer framkvæmd verksins á líkan veg og hv. flm. (EP), að fengið yrði hrís eða skógviður frá Þórsmörk og haft í einskonar bandvef í fyrirhleðsluna. — Mjer skilst á hv. flm. (EP), að ekki sje meiningin að leggja mikið í kostnað við rannsókn brúarstæðis á Þverá, ef hægt yrði að stemma stigu fyrir hana þarna inn frá, enda segir vegamálastjóri, að mjög örðugt myndi að brúa ána og ekki kosta innan við 200 þús. krónur, og auk þess gæti komið fyrir, að áin breytti farveg sínum og að brúin yrði á þurru landi. Hyggur hann því ráðlegra, að reynt sje að breyta farveginum við vatnaskil og veita sem mestu af Þverá í burtu. Sú ráðagerð er í lögunum frá 1917. En þá þarf að gæta þess vandlega, að Markarfljót nái ekki að renna austur með Eyjafjöllum.

Eins og jeg hefi tekið fram, mun stjórnin fús á að lofa til þessa fyrirtækis 2—5 þús. krónum, ef álitið er, að verulegt gagn verði að verkinu, en annars mun hún í þessu efni haga sjer mjög eftir tillögum vegamálastjóra.

Flm. (Eggert Pálsson): Jeg finn ástæðu til að þakka hæstv. stjórn góðar undirtektir í þessu máli, og sömuleiðis hv. 1. landsk. (SE).

Viðvíkjandi því, hvort láta skuli framkvæmdir bíða þar til ítarlegar rannsóknir hafi verið gerðar, t. d. til næsta árs, þá verður auðvitað svo að vera, ef ekki þykir hægt að ljúka rannsókn á skemri tíma. Annars held jeg, að verkfræðingur gæti fljótt komist að niðurstöðu um það, hvort tiltækilegt væri að setja brú á ána eða ekki. Ef ekki þykir í það leggjandi, virðist þýðingarlaust að draga lengur en til næsta sumars að gera tilraun með fyrirhleðslu. Eftir því sem landsverkfræðingurinn hefir látið í ljós við mig, og einnig kom fram í ræðu hæstv. atvrh. (MG), telur hann slíka fyrirhleðslu ekki frágangssök. Það eina, sem á móti mælir, er andstaðan að austan.

En eins og jeg sagði áðan, verður vatnið einhversstaðar að renna, og þá helst þar, sem það gerir minst tjón, og það er óneitanlega frekar að austan en vestan. En vitanlega verður þess að gæta, að það falli ekki þar heldur í einn einasta ál, meðan engin er brúin.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla aðeins að taka það fram, til að fyrirbyggja misskilning, að mín meining var, að tilraun með fyrirhleðslu yrði gerð á

yfirstandandi ári, ef vegamálastjóri áliti það ekki tilgangslaust.

ATKVGR.

1. liður samþ. með 10 shlj. atkv.

2. liður samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 8 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 5. mars, var till. tekin til síðari umr. (A. 43, n. 81).

Frsm. (Ágúst Helgason): Hv. flm. þessarar tillögu hefir fært skýr rök fyrir því, að mikla nauðsyn beri til að afstýra því tjóni, sem Þverá veldur, bæði landbrotinu og samgönguteppunni. Sje jeg því ekki ástæðu til að auka við þá röksemdaleiðslu hans.

En þar sem jeg veit ekki, hvort öllum háttv. þm. er kunnugt um, hvernig landslagi er háttað þar eystra, vil jeg með nokkrum orðum leitast við að gera þeim það ljóst.

Þar sem Markarfljót kemur niður úr fjallaþrönginni, inst með Fljótshlíðinni, tekur við flatlendi, sem smábreikkar eftir því sem neðar dregur. Liggur Fljótshlíðin á aðra hlið, en Eyjafjöllin á hina.

Markarfljót hefir borið kynstrin öll af auri niður á þetta flatlendi og hlaðið undir sig, svo að það í vatnavöxtum flæðir yfir stór svæði og myndar nýja farvegi. Einn slíkan farveg hefir það fyrir löngu brotið sjer til vesturs, inst með Fljótshlíðinni, og lent þar í smáá, sem hjet Þverá og heitir því nafni enn. Við þetta framrensli úr Markarfljóti varð hún að þeim skaðræðisgrip, sem búið er að lýsa. Áraskifti eru að því, hve mikið vatn fellur úr Markarfljóti í Þverá. En nú um langt skeið hefir það verið líkt.

Það hefir mikið verið um það hugsað, hvernig koma mætti í veg fyrir það tjón, sem Þverá veldur.

Meðal annars voru sett lög 1917 um það, að byggja fyrir þetta framrensli Markarfljóts í Þverá og vernda þar með þær jarðir, sem að henni liggja, en það verk hefir ekki komist í framkvæmd enn, og lítur út fyrir, að bændur þar eystra sjeu farnir að verða vonlitlir um, að það muni nokkurn tíma komast í framkvæmd, því að nú kemur frá þeim ósk um það til Alþingis að fá brú á Þverá.

Eins og getið er um í nál., leitaði samgöngumálanefndin álits vegamálastjóra um þetta mál. Var hann eindregið á þeirri skoðun, að eina mögulega leiðin til þess að koma í veg fyrir tjónið, sem Þverá veldur, væri sú, að hlaða utan að Markarfljóti, þannig að það haldist sem mest í einum ál til sjávar, og þarf þá jafnframt að brúa það vestanvert við Eyjafjöll hjá svonefndum Litla Dímon. Með slíkri fyrirhleðslu og brú á Markarfljóti væri mikið unnið.

Í fyrsta lagi væri komið í veg fyrir landspjöll þau, sem Þverá veldur. Jafnframt væri gert fært að leggja akfæran veg austur undir Eyjafjöll og jafnvel austur í Mýrdal. Og ennfremur væri friðað fyrir vatnagangi stórt landflæmi, sem fljótlega mundi gróa upp og með tímanum verða að frjósömu landi.

Að brúa Þverá í þeim farvegi, sem hún er nú, hygg jeg tæplega að gæti

komið til mála, þar sem framrensli Markarfljóts er svo breytilegt, að það getur fyr en varir verið lagst í annan farveg, svo að aðalvatnsmegnið úr Þverá væri komið í annan ál, sem væri þá jafnófær yfirferðar og Þverá er nú, en brúin þá jafnvel á þurru landi. Það var því eindregið álit vegamálastjóra, að ótækt væri að brúa Þverá, eins og nú standa sakir. Hafði hann jafnvel þau orð um það, að það væri hreinasta óvit.

Nefndin er því á einu máli um það, að stefna beri að því að hlaða utan að Markarfljóti, svo að það haldist í einum ál, og brúa þar öll þessi vatnsföll í einu. En þar sem undirbúningur þess hlýtur að taka nokkurn tíma, telur nefndin rjett, að gerð sje bráðabirgðafyrirhleðsla fyrir Þverá þegar á þessu ári, sem tilraun til þess að bægja vatninu austur á bóginn frá Fljótshlíðinni. Hefir vegamálastjóri áætlað, að sú fyrirhleðsla muni kosta alt að 5000 krónum.

Jeg leyfi mjer svo að leggja til, að till. verði samþykt eins og nefndin hefir orðað hana.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. En jeg er sammála samgmn. um það, að æskilegasta lausnin á þessu máli er sú, að hægt væri að fara þá leið, sem hv. frsm. (ÁH) leggur til. Með því er ráðið fram úr tvennu í einu, samgönguvandræðunum og jörðunum bjargað undan búsifjum frá ánni. Þá mætti segja, að komið væri beint samband milli Reykjavíkur og Víkur. Jeg álít, að hjer sje á ferðinni mjög stórt mál fyrir Rangárvalla- og Skaftafellssýslur, sem æskilegt væri að ýta sem fyrst fram. Fyrirvari minn snertir það, að ef svo færi, að ekki þætti fært að fara þá leið, sem hv. frsm. leggur til, þá er jeg ekki viss um, að það sje rjett, sem verkfræðingurinn segir, að ógerningur sje að brúa Þverá. Jeg vil ekki kveða svo skarpt að orði. Jeg er nokkuð kunnugur staðháttum þar eystra og veit, að áin hefir mjög lengi runnið í þeim farveg, sem hún rennur nú í. Jeg er ekki vel trúaður á allar athugasemdir verkfræðinganna um það, að ár breyti um farveg. Jeg man eftir því, að þegar jeg var fyrst að berjast fyrir brú á Jökulsá á Sólheimasandi, þá sögðu verkfræðingarnir, að hún mundi hlaupa úr farvegi sínum, og tafði þetta málið lengi. Jeg vildi því óska, að það væri tekið vel til athugunar, hvort ekki væri hægt að brúa Þverá, ef ekki þætti fært að fara þá leið, sem hjer er lögð til.

Jónas Jónsson: Jeg var að hugsa um að taka til máls við 1. umr. þessa máls og taka þá í svipaðan streng og hv. 1. landsk. (SE) og styðja hv. 1. þm. Rang. (EP) í þessu máli. Jeg ætla því nú að nota tækifærið og gera nokkrar athugasemdir.

Jeg vil þá fyrst benda á það, því að jeg held, að það hafi ekki komið alveg ljóst fram hjá hv. frsm., að það má ekki byggja um of á áætluninni frá 1917. Jeg álít, að það verði mörgum sinnum dýrara að stöðva Markarfljót og stífla Þverá en þar er gert ráð fyrir. Jeg álít rjett, að þetta verk sje unnið, og mun auðvitað greiða tillögunni atkvæði mitt, en jeg vil ekki, að þeir, sem beita sjer fyrir málið, sjeu að telja ókunnugum mönnum trú um, að þetta sje einskonar barnaleikur. Jeg vil benda á það, að þó svo færi, sem vakir

fyrir flm., að hægt væri að komast af með ódýra stíflu við Þverá, þá er vandinn mikill fyrir því. Þá er Markarfljót eftir, sem er mikið vatnsfall, svo og Álarnir og Affallið. Sje Þverá brúuð hjá Hemlu, verður að brúa allar kvíslarnar. En það er vafasöm framkvæmd, því að á þessum slóðum breyta jökulvötnin sífelt farvegi. Ef Þverá er veitt í Markarfljót, verður það voðavatnsfall, að líkindum oft ófært yfirferðar og bændum undir Eyjafjöllum voði búinn af ágangi þess. Þetta er ekki sagt í mótmælaskyni, heldur almennar athugasemdir til þess að sýna fram á, hversu stórt og víðtækt mál þetta er. Jeg vildi beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (MG), hvort hann geti ekki hugsað sjer að láta fram fara ítarlegar rannsóknir í fyrirhleðslumálinu og undirbúningi þess á næsta ári. Einnig ætti að rannsaka í sambandi við þetta áveitu á Landeyjarnar; ef vatni, sem nú myndar þar áveitu, er veitt burtu, þá er það afturför fyrir landbúnaðinn.

Sigurður Eggerz: Aðeins örstutt athugasemd. Jeg lagði áherslu á það í minni fyrri ræðu, að farin yrði sú leið, sem nefndin leggur til. En ef það þætti ekki fært og tormerki reyndust á því, eins og hv. 3. landsk. (JJ) virtist gera ráð fyrir, þá má ekki gera lítið úr því, að Þverá sje brúuð. Að vísu eru þá Álarnir eftir og Affallið, en Þverá er langversti farartálminn, og mundi þykja hið mesta hagræði að fá brú á hana.

Eggert Pálsson: Jeg hefi í rauninni litlu að bæta við það, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls. Skýring mín, sem jeg gaf þá, stendur enn óhögguð. Hjer í þessu máli er um tvent að ræða, landbrot og samgönguteppu. Það hefir verið gengið út frá því, að hægt væri að yfirstíga þetta hvorttveggja í einu.

Jeg get þakkað hv. 3. landsk. (JJ) fyrir það, hvernig hann tók í þetta mál, og er honum samþykkur um margt, sem hann sagði. En þar sem hann sagði, að gamlir menn eystra teldu margir hverjir, að ógerningur væri að ráðast í þetta, þá er ekki vel að marka slíkt. Gamlir menn geta oft og einatt ekki sett sig inn í nýjustu framkvæmdir. Það var rjett, sem hann tók fram, að oft verða stórflóð þarna; til dæmis má nefna stóra flóðið 1896. Þá kom jökulhlaup, líklega úr Merkurjökli, og var álitið, að flóðið stafaði af því. Upp frá því lagðist Markarfljót í Þverá, en áður um langt skeið — því sem næst 25 ár — var hún rjett eins og smálækur saman borið við það, sem hún er nú.

Það er eitt, sem jeg álít athugavert við till. nefndarinnar, en það er að einskorða fjárhæðina, sem veitt er, við þessar 5 þús. krónur. Það álít jeg ekki heppilegt. Það getur altaf komið fyrir, að vatnið leggist í einn farveg, annaðhvort í Affallið eða Álana, og þá má vera, að verja þurfi einhverju talsverðu fje til þess að deila vatninu. Það er nauðsynlegt að geta deilt því, því að ef það legst alt í einn farveg, hver sem hann er, þá getur það orðið mesta skaðræðisvatnsfall, þó síst, ef það legst alt í Markarfljót. En ef það legst í Affallið, verður það mjög vont. Sama er að segja, ef það fer í einhvern Álanna. Þeir eru margir og þröngir, og verða því djúpir og ófærir yfirferðar. Af þessu leiðir, að það er nauðsynlegt að hafa

fje til vara til þess að verja til þess að dreifa vatninu, ef þess gerist þörf. Jeg vænti þess, að þingið geri ekki veður út af því, þótt meira fje yrði notað en hjer er farið fram á.

Nefndin hefir algerlega gengið fram hjá því að hugsa um brú á Þverá, og er það nú varla láandi, er verkfræðingurinn telur það frágangssök. Það mundi þó ekki kosta mikið, hygg jeg, að gera áætlun um brúna, en ánægjulegra er, að sú áætlun væri til. Ef áætlun hefði verið gerð og það hefði sýnt sig, að brúin mundi kosta mikið fje, þá hefði það getað dregið úr óánægju manna með fyrirhleðsluna. Jeg veit ekki, hvað brúin mundi kosta, en þykir verra, að fallið skyldi vera frá henni að lítt athuguðu máli. Ef það hefði sýnt sig, að hún kostaði ekki afarmikið fje, þá hefði átt að leggja út í að brúa, ef sýnilegt yrði, að fyrirhleðslan mishepnaðist.

Það er rjett hjá hv. 3. landsk. (JJ), að það er ekki mikið að byggja á áætluninni frá 1917. En jeg hafði ekki annað fyrir mjer, sem jeg gæti nefnt. En jeg veit það vel, að þær tölur fá ekki staðist nú; það mætti sjálfsagt tvöfalda þær eða þrefalda. Mjer finst ekki óeðlilegt, að nefndin hefir snúist svona í þessu máli og farið eftir tillögum vegamálastjóra, og jeg lái honum ekki hans aðstöðu. En jeg vildi aðeins leggja áherslu á þessi tvö atriði, að mjer finst ekki rjett að einskorða upphæðina við þessar fáu þúsundir, svo og hitt, að mjer finst ekki eiga að taka af skarið með brúarbyggingu, meðan ekki er búið að gera ítarlega áætlun þar að lútandi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skilst, að hjer geti verið um tvær leiðir að ræða í þessu máli. Önnur er sú að brúa öll vatnsföllin, Þverá, Markarfljót, Affallið og Álana. Annars er það ekki trygt. Hin leiðin er að veita vötnunum saman og brúa í einu lagi. Jeg skal ekki dæma um, hvor leiðin sje betri, en mjer finst skylda að rannsaka, hvort ekki sje hægt að komast af með fyrirhleðslu, því að brýr allar kosta stórfje og með þeim ekki fyrirbygðar skemdir af ánum. Með tilliti til þessa get jeg fallist á tillögu hv. samgöngumálanefndar, en jeg tek það fram, að ef það verður ljóst, að fyrirhleðslan fyrir Markarfljót hafi hepnast vel, en það aftur orðið þess valdandi, að varnargarðurinn austan þess, undir Eyjafjöllum, reynist þá ónógur eða skemmist, verður ríkið að koma til skjalanna og láta bæta þær skemdir, því að það má ekki eiga sjer stað, að vatni sje veitt af einum stað á annan og valdi þar skemdum.

Jeg tek undir það með hv. 1. þm. Rang. (EP), að þó verkið sje nú aðeins áætlað að kosta 5 þús. kr., getur vel svo farið, að kostnaðurinn verði miklu meiri. Ályktun þessi er aðeins um heimild handa ríkisstjórninni til að hefjast handa, en álíti t. d. vegamálastjórinn alls ekki fært að gera brýr eða annað, er stjórninni ekki skylt að gera það.

Um áveitur í Landeyjum hafa enn engar ályktanir verið teknar, en jeg segi hv. 3. landsk. (JJ) það, að það er leiðinlegt, að allar þessar ár, Markarfljót, Þverá, Þjórsá o. fl., bera alt sitt mikla frjómagn til sjávar, án þess það komi landbúnaðinum að neinum notum. En ef það á að fara að breyta farvegi Markarfljóts, má athuga þessa hlið málsins um leið, því enn þá hefir

engin ákvörðun verið tekin um það, hvernig farið verður að því. En fyrst af öllu verður að ljúka við þær stóráveitur, sem nú eru í undirbúningi eða framkvæmd, áður en ráðist verður í aðrar stærri. Mál þetta er ekki tímabært enn þá. En mjer er ánægja að taka undir það með hv. 3. landsk. (JJ), að þetta atriði á skilið að verða rannsakað betur síðar, en ekki síst ef vel gengur með Flóaáveituna.

Garðurinn undir Eyjafjöllum vestanverðum verður áreiðanlega of veikur, ef Markarfljóti verður veitt í einn farveg; hann var aðeins bygður með það fyrir augum að standast það vatn, sem venjulega er í Markarfljóti, meðan Þverá fellur þar fram, sem hún hefir gert undanfarið. Verði Þverá veitt yfir í Markarfljót, verður garðurinn alt of veikur.

Frsm. (Ágúst Helgason): Jeg vona, að það verði ekki hart tekið á nefndinni, þó að hún feldi niður tillöguna um að rannsaka brúarstæði á Þverá, þar sem vegamálastjóri fór svo hörðum orðum um þá brúargerð, að hann taldi það hreinasta óvit. Nefndinni fanst ekki ástæða til að mæla með því, að fje yrði kostað til framkvæmda, sem vegamálastjóri stæði fast á móti. Jeg hygg, að hæstv. Alþingi mundi ófúst á að veita fje til brúar, sem vegamálastjórinn teldi óvit í að láta byggja. Þó að Þverá yrði brúuð og hún hjeldist í sínum farvegi, væri samt ekki að fullu bætt úr samgönguteppunni, því að þá er samt eftir óbrúað Affallið, Álar og Markarfljót, sem alt eru allmikil vötn hvert um sig og erfið yfirferðar, og geta oft verið alófær. Að sameina öll þessi vötn í einn farveg og brúa þau öll í einu, virðist mjer að sje eina rjetta leiðin til að bæta úr þessum vandkvæðum.

ATKVGR.

Brtt. 81,1. (ný tillgr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 81,2. (ný fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Till. til þál. um fyrirhleðslu fyrir Þverá.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 6. mars, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 96).

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 8. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 13. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Klemens Jónsson): Háttv. samþingismaður minn (EP) bar fram í Ed. till. til þál. í tveim liðum; fyrri liðurinn fól í sjer áskorun til stjórnarinnar að byrja þegar á þessu ári á framkvæmdum samkvæmt lögum frá 1917 um fyrirhleðslu fyrir Markarfljót, en síðari liðurinn var til vara og hljóðaði um að fá brú á Þverá að öðrum kosti.

Ástæður fyrir þessari till. til þál.

eru þær, að síðan Markarfljót braust yfir í farveg Þverár, hefir hún brotið til stórskemda jarðlendi í Fljótshlíð, og er ekki annað sýnna, ef þessu fær að halda áfram, en að áin gerspilli fjölda jarða þar í Hlíðinni. Við þessu verður að sporna, ef hægt er, enda hefir og Alþingi viðurkent það, er það samþykti lögin frá 1917 um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót, og átti landssjóður að kosta fyrirhleðsluna að $^3/_4$ hlutum og Rangárvallasýsla að $^1/_4$ hluta. Þess vegna hefir og dálítið verið unnið að fyrirhleðslu vatna þar eystra síðan þessi lög voru samþykt. En það hafa víðar orðið skemdir af vatnagangi en í Fljótshlíð. Þegar lengra dregur niður eftir hjeraðinu og Þverá hefir sameinast Rangánum, hefir alt þetta vatn lagt land undir í Þykkvabænum og legið við eyðileggingu hinnar frjósömu Safamýrar. Þess vegna var 1923 gerð öflug fyrirhleðsla við Djúpós, svo áin ruddi sjer djúpan farveg til sjávar, og er þess vegna þess að vænta, fyrst um sinn að minsta kosti, að Þykkvibærinn sje ekki í neinni hættu vegna vatnagangs.

En þó að Markarfljóti verði veitt úr Þverá, er það ekki nóg til varnar skemdum af þess völdum. Það verður líka að varna því, að það leggist nokkursstaðar í einn farveg. Það er mjög dutlungafult vatnsfall. Það myndarýmsar aðrar stórár, Affallið og Álana, og ef það skyldi leggjast með öllum sínum þunga í annaðhvort þessara vatnsfalla, eða jafnvel þó það skiftist í þau bæði, þá er Landeyjunum hætta búin. Það hefir þó verið ætlun manna, að tiltækilegast væri að veita Markarfljóti í sinn forna farveg, jafnframt því sem fyrirhleðsla væri bygð til þess að varna því, að Markarfljót rynni í Þverá, og um leið varna frekari skemdum í Fljótshlíð. En þessi forni farvegur er vestan við Eyjafjöll, alt til sjávar. Þetta var álit efri deildar, og studdist hún við álit og tillögur vegamálastjóra um þetta mál, og vegamálastj. hefir sýnt það í verkinu, að hann vill framfylgja þessari skoðun sinni, því að á síðari árum hefir samkv. till. hans verið hlaðinn varnargarður undan Seljalandsmúla, til varnar Eyjafjallasveit, en áður hafði Markarfljót oft, er vötnin leituðu í hinn forna farveg, brotist austur með múlanum og gert þar víða stórskaða á mörgum jörðum. Enda þótt þessi garður, sem þar hefir verið hlaðinn, sje til einhvers gagns, verður hann alls ekki nógu öflugur til varnar sveitinni, þegar alt vatnið er komið í einn farveg, og eins og vötnunum er nú háttað, er hann ekki heldur einhlítur. T. d. 1920 kom það fyrir, að vatnið, sem þó var ekki meira en venja var til, hækkaði svo við áfreða, að það fór yfir garðinn og gerði skarð í hann. Það þarf þess vegna að hækka garðinn talsvert og treysta hann svo, að örugt sje, að vötnin falli ekki austur yfir, þó að vatnsmegnið aukist. Menn eru litlu bættari, þó að hlaðið sje fyrir Þverá og Fljótshlíðinni forðað frá frekari spjöllum, ef vötnin brjóta þá land undir Eyjafjöllum eða annarsstaðar. Enda óttast Eyfellingar mjög, að svo geti farið, að stór hluti sveitarinnar, sem er engu síður blómleg en Fljótshlíðin, verði fyrir stóráföllum, ef vötnunum verður veitt austur á við. Jeg held því, að jeg megi fullyrða, að það sje nokkuð almenn ósk þar eystra, að fyrirhleðslu sje hagað þannig, að sje Markarfljótsvatninu veitt í sinn gamla farveg undir Eyjafjöllun-

um, þá sje jafnframt hlaðinn öruggur garður frá Seljalandsmúla og um leið sett brú á fljótið hjá Litla Dímon. Verkfræðingar hafa annars athugað þetta mál og kemur saman um það, að því að eins sje framkvæmanlegt að stokkleggja fljótið með þessum hætti, að bygður verði öflugur garður, annaðhvort úr Þórólfsfelli eða Háamúlanum, sem er milli Barkarstaða og Árkvarnar. Jeg hefi hjer til leiðbeiningar fyrir væntanlega nefnd kort herforingjaráðsins af þessu svæði.

Annar liðurinn í þessari þál. er sá, að ef ekki sje mögulegt í náinni framtíð að girða fyrir framrensli Markarfljóts í Þverá, verði látið rannsaka brúarstæði á Þverá og gerð áætlun um brúarkostnað. Þessi varatillaga er á fullum rökum bygð, því að Þverá er skaðræðisá, svo vatnsmikil dögum og vikum saman, að hún er ófær á aðalvaðinu, síkisvaðinu, sem liggur beint við fyrir ferðamenn, sem ætla austur eftir þjóðveginum. Ferðamenn verða því oft að leggja krók á hala sinn alla leið inn að Teigi í Fljótshlíð. En svo gæti komið fyrir, að framrensli Markarfljóts breyttist svo, að brúin yrði ónýt og öllu fjenu beint kastað í sjóinn. Þetta mál er því ekki einungis vandamál, heldur líka vandræðamál, því það er varla hægt að hreyfa svo við því í eina átt, að það þá ekki horfi til vandræða í aðra átt. En eitthvað verður að gera, og hjer dugir ekkert kák. Það er þegar búið að gera miklar mælingar til undirbúnings þessu máli, en annars hefir ekkert verulegt verið gert. Þegar við þm. Rangæinga berum fram þetta nauðsynjamál, hefir það fengið þá afgreiðslu hjá hv. Ed., að hún vill aðeins veita til þess örlitla upphæð til bráðabirgða. Hæstv. atvrh. (MG) hefir lýst því yfir, að hann teldi sig ekki bundinn við þessa upphæð, og er það góðra gjalda vert.

Jeg sagði, að þetta væri nauðsynjamál fyrir Rangæinga, en það er meira. Það er nauðsynjamál fyrir alt landið, því það varðar sannarlega alt landið, að stórar og blómlegar sveitir eyðileggist ekki. Háttv. Ed. fann engin betri ráð en að leggja til, að veittar yrðu einar 5000 kr. til bráðabirgðafyrirhleðslu, þ. e. fyrirhleðslu, sem ekki þarf að vera liður í síðari framkvæmdum, þegar alvarlega verður tekið til framkvæmda, m. ö. o., hagurinn af þessari bráðabirgðafyrirhleðslu er tvísýnn mjög. En þó svo færi, að með þessari upphæð mætti fyrirbyggja frekari skemdir af Þverá einni, þá er um leið engin trygging fyrir því, að vatnið, sem þá hefir fengið annan farveg, valdi ekki skemdum í Landeyjunum eða undir Eyjafjöllum. Það er lítið unnið við það að veita af einum á annan. Jeg álít því, að þessi niðurstaða í hv. Ed. sje ekki fullnægjandi, og er það von mín, að þetta mál fái betri undirbúning hjer í þessari hv. deild. Þó að jeg eigi sæti í þeirri nefnd, sem málinu verður væntanlega vísað til, hefi jeg talið rjett að skýra afstöðu mína til málsins þegar í stað.

Þá finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni, en mín skoðun er sú, að rjettara sje að bíða 1 eða 2 ár enn heldur en að kasta, þó ekki sje nema 5 þús. kr., út í tvísýnu. Málið þarf að athuga og undirbúa nákvæmlega af verkfræðingum og leggja það síðan undir álit sýslubúa og

Alþingis. Vænti jeg svo þess, að málinu verði, að umræðum loknum, vísað til samgmn.

Jón Kjartansson: Þó að jeg eigi sæti í samgmn., þykir mjer hlýða að segja nokkur orð. Það er alveg rjett hjá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að þetta mál leit öðruvísi út, þegar það kom inn á þing en það gerir núna á þskj. 96. Samgmn. Ed. hefir breytt málinu í þetta horf, og þó að sú breyting sje ekki stórvægileg, tel jeg hana mjög til bóta.

Jeg ætla ekki að fara að lýsa landspjöllum þar eystra af völdum þessara vatna. Þau munu vera öllum hv. þdm. kunnug, enda mintist hv. 2. þm. Rang. (KlJ) nokkuð á þau. Jeg hugsa því, að flestir hv. þdm. viti, hvernig þarna er umhorfs nú. En á hitt vil jeg minnast með fáum orðum, hve mikil samgönguteppa er þarna á láglendinu af völdum vatnanna. Sú hlið málsins er svo veigamikil, að fram hjá henni má ekki ganga, ef horfið væri að hinum öðrum lið tillögunnar, eins og hún var í upphafi. Þó að gengið hefði verið að 2. lið upphaflegrar till., væri þar með engin fullkomin úrlausn fengin, því að þó að brú fengist yfir Þverá í þeim farvegi, sem hún nú er í, þá er engin bót fengin fyrir Affallið, Álana og Markarfljót, en þau vatnsföll eru oft og tíðum eins ill yfirferðar og Þverá, enda hygg jeg, að austurhluti Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýsla væru jafneinangraðar eftir sem áður, þó að brú kæmi yfir Þverá í þessum farvegi.

Það hefir mikið verið um það hugsað að undanförnu, á hvern hátt yrði bætt úr landspjöllum eystra af völdum vatnanna, og lengst komst Alþingi 1917, þegar það afgreiddi lög um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót, en þau lög hafa aldrei komið til framkvæmda, og hygg jeg, að bændur eystra sjeu orðnir vondaufir um, að svo muni verða í bráðina, og því sje það, að nú hefir þinginu borist áskorun frá þeim um að fá brú yfir Þverá eins og hún rennur nú. En jeg vil leggja mikla áherslu á það, að hvað sem framkvæmt kann að verða í þessu máli, verði það gert í anda laganna frá 1917. Við það vinst tvent. Í fyrsta lagi verður spornað við landspjöllum af völdum Þverár og sömuleiðis af völdum Markarfljóts undir Eyjafjöllum, og í öðru lagi er þetta ágæt samgöngubót eystra. Um leið og vötnin verða brúuð öll í einum stokki, er kominn akvegur alla leið austur í Mýrdal. Hins vegar er jeg sammála hv. 2. þm. Rang. (KlJ) í því, að jeg tel mjög vafasamt, hvort gagn er að tillögu þeirri, sem hjer liggur fyrir, því að það sjá allir menn, að 5 þús. krónur hrökkva ekki langt til slíkra framkvæmda. Ef nokkuð er aðhafst, sem ekki er bygt á rækilegum undirbúningi og fullkominni rannsókn, má eins búast við, að alt sje unnið fyrir gíg.

Jeg tel sjálfsagt, að mál þetta fari til samgmn., og fari svo, að hún mæli með tillögunni eins og hún er nú, vil jeg taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti geri það með því móti einu, að upphæðin sje aðeins skoðuð sem áætlunarupphæð.

Vil jeg svo mæla með því, að málið gangi til nefndar, og vona jeg, að því verði vel tekið af hv. deild, enda þótt nefndin hjer vilji líta stærri augum á þetta mál en hv. samgmn. Ed.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) mintist á, að jeg hefði

sagt í Ed., að jeg teldi mig ekki bundinn við þessa 5 þús. kr. upphæð. Þetta er alveg rjett. Jeg álít ekki, að mögulegt sje að komast af með þessa upphæð, ef fyrirhleðsla hepnaðist inn frá, en svo kæmi í ljós, að Markarfljót vildi leggjast austur með Eyjafjöllum, því að garðurinn hjá Seljalandsmúla yrði ekki nógu öflugur til þess að standast svo mikið vatnsmegn, en ef hann bilar, verður að gera við hann strax, hvort sem fjárveiting er til þess eða ekki. Vegamálastjóri þorir ekki að svo stöddu að staðhæfa neitt um það, hvort hægt muni að veita nokkru af vatnsmegni Þverár í Markarfljót fyrir 5000 kr., og ef það kemur fram við rannsókn, að það sje tilgangslaust, verður auðvitað við það hætt. Því hafði jeg í Ed. þann fyrirvara, að ekkert yrði af þessu, ef svo reyndist.

Að öðru leyti er jeg samdóma hv. 2. þm. Rang. (KlJ) um, að hjer þarf vandaðan og nákvæman undirbúning, og eins þarf að komast að því hjá sýslubúum, hvort þeir vilja leggja á sig þessa byrði. Það er svo um þessi vötn, að annaðhvort þarf, áður en langt um líður, að veita þeim saman í einn farveg og brúa þau, eða láta þau renna eins og þau gera nú og brúa þau öll, hvert fyrir sig, en það verður ákaflega dýrt. Vötnin eru stór og mörg, og það, sem verst er, er að þau renna sitt á hvað. Álarnir eru 7—8 og afaróstöðugir í rásinni. Það verður því að láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvort ekki sje hægt að fara eftir lögunum frá 1917.

Jeg hefi ekkert við það að athuga, þó að þetta mál fari til samgmn. En þar sem um er að ræða að verjast ágangi á Fljótshlíðina, þá er þetta ekki beinlínis samgöngumál. En það, sem vakti fyrir nefndinni í Ed., var að reyna að grynna svo á Þverá, að hún gerði lítinn usla í Fljótshlíðinni og væri hægari yfirferðar en nú, án þess þó að gera skaða undir Eyjafjöllum. Hvort þetta er samrýmanlegt, er ekki hægt að segja um að svo stöddu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 19 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 20 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 96, n. 390).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., fimtudaginn 29. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg gæti í rauninni látið mjer nægja að vísa til ræðu minnar við fyrri umræðu þessa máls og nál. á þskj. 390, en jeg býst við, að það þyki hlýða, að jeg geri nánari grein fyrir málinu og þá einkum viðaukatilllögunni. Hv. Ed. lagði til, að veittar yrðu 5 þús. krónur til bráðabirgðaráðstafana til varnar framrensli úr Þverá. Og hæstv. atvrh. (MG) mun hafa haft góð orð um að fara eitthvað fram úr þeirri upphæð, ef á þyrfti að halda. Hvort hann hefir tilnefnt nokkra ákveðna upphæð, hefi jeg ekki heyrt, en vafalaust mun hann hafa heimild til þess samkvæmt lögunum frá 1917.

Mjer þykir líklegt, að tillaga þessi fái

því betri byr hjer í þinginu, sem það hefir komið í ljós, að meðan á þinginu hefir staðið og meðan þetta mál var til meðferðar í nefnd hjer í deildinni, hefir Þverá brotið allmikið af jörðum í Fljótshlíðinni, einkum Múlakoti, sem nú er orðin nafnfræg fyrir trjárækt. Það er húsfreyjan þar, sem gert hefir garðinn frægan, og það svo mjög, að menn sækja þangað unnvörpum hjeðan úr höfuðstaðnum, til að dást að því, hvað gera má hjer á landi til þess að prýða landið, ef vilji, vit og smekkvísi fylgjast að, og mun í hv. Ed. í gær hafa verið samþykt tillaga um að veita henni heiðurslaun fyrir. Það er aðallega þessi jörð, sem Þverá hefir nú skemt að mun, og aðrar jarðir nokkuð. Ástæðan til þess, að svo snemma hefir hlaupið vöxtur í Þverá, er hin mikla árgæska, og má búast við, að þetta sama komi fyrir á hverju vori eða snemma sumars. Hjer þarf því b r á ð r a og gagng. aðgerða við, en ekki bráðabirgðaaðgerða. Samgmn. Nd. hefir ekki lagt á móti ályktun Ed. um þessa bráðabirgðaveitingu, en álítur hana hinsvegar, eins og til hagar þar eystra og eins og jeg lýsti við fyrri umr. málsins, mjög ófullnægjandi til frambúðar, og hefir vegamálastjóri staðfest það álit nefndarinnar. Er hann henni sammála um, að það, sem hægt er að gera fyrir þessa peninga, yrði kák eitt, og mætti telja þeim sama sem kastað í ána, án þess að þeir kæmu að nokkru verulegu gagni.

Þó að eitthvað megi gera til þess að hindra skemdir af Þverá, án þess um leið að veita vatninu á aðra — því það er auðvitað aðalskilyrði fyrir því, að fjárveitingin verði notuð — telur nefndin ekki rjett að nota fje til þess á þessu ári, nema vegamálastj. beinlínis leggi það til. Rangæingar hafa í svo mörg ár orðið að bíða eftir framkvæmdum í þessu efni, að þeir geta vel beðið eitt árið enn, ef þeir geta þá búist við v e r u l e g u m árangri. Það er því sameiginlegt álit nefndarinnar, að hjer dugi ekkert kák, og vill hún nú þegar á þessu ári láta framkvæma nákvæmar rannsóknir á því, hvernig megi sameina vötnin, sem helst er ráðgert við Stóra Dímon og brúa þau þar og að öðru leyti búa svo um, að ekki hljótist skemdir af völdum Álanna, Affallsins eða Þverár. Þetta þarf að gerast í sumar og áætla nákvæmlega kostnaðarhlið málsins. Þar sem sýslubúar eiga að leggja fram $^1/_4$ hluta kostnaðarins, samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóvember 1917, finst mjer eðlilegt, að sýslunefnd Rangárvallasýslu fái tækifæri til þess að segja álit sitt þar um, að minsta kosti hvað ráðstafanir við varnir snertir og kostnaðinn við þær, því um hitt aðalatriðið, sem sje hvað brúunina snertir, skiftir ekki sýslufjelagið neinu, því að þann kostnað ber það að engu leyti.

Nefndin hefir spurt vegamálastjóra, hvort rannsókn mundi geta orðið lokið fyrir næsta þing, og hann taldi svo vera. Það má því telja víst, að þetta verði hægt. Ef til vill þarf vegamálastjóri einhverja aukaaðstoð, og er þá sjálfsagt að láta honum hana í tje, og má taka kostnaðinn af þeirri aðstoð af því fje, sem veitt er í tillögunni.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir nýlega setið á fundi, og átti jeg tal við oddvita nefndarinnar um málið. Sýslunefndin hafði málið til meðferðar í annari og víðari mynd en þingið hefir haft, en jeg bað oddvitann að taka álit samgmn. til sjerstaklegrar athugunar. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að

lesa upp þá ályktun, sem sýslunefndin hefir gert að því er þetta atriði snertir. Hún hljóðar svo:

„Að öðru leyti er nefndin ekki á móti því, að einhver smátilraun verði gerð í ár, ef vegamálastjóri teldi, að í bili mætti með henni afstýra frekari skemdum en orðnar eru á jörðum í Fljótshlíð, og hann áliti ennfremur, að af henni geti ekki hlotist auknar skemdir fyrir aðrar jarðir, og loks ætlast nefndin til, að ríkissj. kosti að sjálfsögðu þessa tilraun að $^3/_4$ og beiðendurnir eða jarðir í Fljótshlíð beri $^1/_4$ kostnaðarins, sem afborgun á þeirra hluta af endanlegum fyrirhleðslukostnaði allra mannvirkjanna. — Samþykt með 7 samhljóða atkvæðum. 3 greiddu ekki atkvæði".

Eins og álitið ber með sjer, er auðsjeð, að sýslunefndin er á sama máli og hv. samgmn., að leggja alt kapp á ítarlega rannsókn, áður en miklu er farið að kosta til, svo að hið háa Alþingi geti tekið endanlega ákvörðun um, að hve miklu leyti skuli ráðist í framkvæmdir þar eystra.

Vona jeg, að till. verði samþ. með þeim viðauka, er nefndin leggur til.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er ekki nema sjálfsagt að bregðast vel við þessu máli og láta þessa rannsókn fara fram svo fljótt sem unt er. Hv. frsm. (KlJ) sagði, að vegamálastjóri hefði sagt, að hann gæti lokið öllum undirbúningi og rannsóknum fyrir næsta þing, en jeg sje mjer ekki fært fyrir mitt leyti að lofa þessu. En hann skal beðinn að ljúka því verki svo fljótt sem unt er.

Það er ekki á valdi stjórnarinnar að fá umsögn sýslunefndar fyrir næsta þing. Til þess þarf að kalla saman aukasýslufund. En jeg hefi ekkert á móti því, að áætlunin sje send til sýslumanns, og getur hann þá ráðið því, hvort hann vill kalla saman aukafund.

Mjer skildist á hv. nefnd, að hún legði ekki mikla áherslu á bráðabirgðaaðgerð í sumar, nema því aðeins, að hægt væri með því að koma í veg fyrir skemdir til langframa. En um þetta verður stjórnin að fara eftir till. vegamálastjóra.

Fjármálaráðherra (JÞ): Sem kunnugur maður þarna eystra frá fyrri tíð held jeg, að rjettast væri í byrjun að reyna með lítilli upphæð að breyta rensli vatnanna. Jeg held, að affarasælast muni verða að taka tillit til reynslunnar, áður en tekin er föst ákvörðun um að gera þarna þau mannvirki, sem eiga að verða til frambúðar. Og jeg álít viðurlitamikið að krefjast þess nú, að málið verði að öllu undirbúið fyrir næsta þing.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg get verið ánægður með undirtektir hæstv. atvrh. Hann sagðist þó eigi geta lofað neinu ákveðnu, en vegamálastjóri sagði það skýrt við samgmn., að hann gæti lokið rannsókn og undirbúningi í sumar, og jeg vona, að hæstv. atvrh. (MG) ýti undir það.

Það er rjett, að álit sýslunefndar getur ekki verið komið fyrir næsta þing, nema hún haldi aukafund. Og jeg tel það ekki eftir henni, þar sem um slíkt stórmál er að ræða.

Samgmn. leggur þó ekki mikla

áherslu á neinar framkvæmdir í sumar, nema trygging sje fyrir því, að þær komi að gagni.

Það er sjálfsagt rjett, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, því að hann ber betri kensl á þessi mál en jeg. En það er einmitt rannsóknin, sem á að fara fram fyrir næsta þing, sem ætti að geta leitt í ljós, hvaða leið skuli valin.

Vona jeg svo, að till. verði samþ. með viðaukanum.

ATKVGR.

Brtt. 390 samþ. með 17:1 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 30. apríl, og á 66. fundi í Nd., s. d., var till. útbýtt frá Sþ. eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 453).

Á 5. fundi í Sþ., laugardaginn 8. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Klemens Jónsson: Jeg get látið mjer nægja stutta framsögu. Um fyrri liðinn þarf ekki að fjölyrða. Hann var samþyktur með miklum atkvæðamun í báðum deildum. Það er þá aðallega seinni liðurinn, sem jeg þarf að gera stuttlega grein fyrir.

Í till. þeirri, sem samþ. var í Ed., var ríkisstjórninni heimilað að verja á þessu ári 5000 kr. til þess að fyrirbyggja með fyrirhleðslu framrensli Markarfljóts í Þverá. Samgmn. Nd. taldi, að það mundi vera gagnslaust kák að verja svona lítilli upphæð til þessa, það væri sama og kasta peningunum í sjóinn. Nefndin hefir líka talað við landsverkfræðinginn um þetta mál, og hann telur svona litla upphæð ekki munu koma að notum, en hann er sammála nefndinni um það, að gera beri nákvæma rannsókn þar eystra. Samkv. lögum nr. 69 1917 er heimilt að gera rannsóknir austur þar, en lítið hefir verið gert í því máli enn. Fyrst sýslan hefir nú orðið að bíða svona lengi, þá virðist sem hún gæti þolað bið eitt ár enn, ef nákvæm rannsókn gæti farið fram á þeim tíma. En það dugir hins vegar ekki að fresta henni lengur. Þverá hefir nú þegar gert mikinn skaða í Fljótshlíðinni, einkum í Múlakoti. Landsverkfræðingurinn hefir lýst yfir því, að hann treysti sjer, með einhverri aðstoð, að annast þetta fyrir næsta þing. Jeg samdi nál. og sendi honum það til yfirlestrar áður en það var prentað, og hann gerði á því smávægilegar breytingar, sem teknar voru til greina, svo honum er fullkomlega kunnugt um, hvað hjer hefir verið sagt, og hefir gert það að sínum orðum. Ef rannsóknin á að vera búin fyrir næsta þing, þá kostar það aukasýslufund, því að þar sem sýslan á að bera $^1/_4$ hluta kostnaðar, þá er ekki nema eðlilegt, að sýslunefndin fái að segja álit sitt um þetta mál áður en það er lagt fyrir þingið. En jeg tel það ekki eftir, þótt kveðja þyrfti til aukasýslufundar, þar sem hjer er að ræða um mjög mikilsvarðandi mál fyrir sýsluna.

Jeg skal að endingu geta þess, að hæstv. fjrh. (JÞ) lýsti yfir því, að hann þekti þetta mál frá fornu fari, og hann áleit, að framkvæma bæri þetta verk smátt og smátt. Við verðum yfirleitt að treysta því, að verkfræðingarnir

framkvæmi þetta verk svo vel sem unt er, og jeg hefi ekki ástæðu til að efast um, að núverandi landsverkfræðingur ráði því til lykta á hinn haganlegasta hátt.

Eggert Pálsson: Þegar till. um þetta mál var borin upp í Ed., var hún í tveimur liðum. Með öðrum liðnum var gert ráð fyrir því að gera gangskör að því að teppa framrensli Markarfljóts í Þverá, en hinn liðurinn beindist að því að athuga, hvort ekki væri fært að brúa Þverá, ef hið fyrra teldist ekki fært. Þverá er, eins og kunnugt er, hinn mesti farartálmi, og lýsti jeg því, er jeg bar tillöguna fram, og þarf ekki að endurtaka slíkt mál hjer, því að hv. þm. mun það fullkunnugt. Í fyrra lið till. var þá ekki tekið til, hve mikið fje þyrfti til þess að hefta framrenslið, en jeg gat þess í framsöguræðu minni, að það þyrfti ef til vill ekki sjerlega mikið fje til þess í bili eða til bráðabirgða, af því að það hafði áður tekist með ófullkomnum tækjum og litlu fje.

Samgmn. Ed. tók svo við málinu; kom hún að máli við landsverkfræðinginn, og niðurstaðan varð að lokum sú, að hún lagði til, að veittar yrðu 5000 kr. til þessa, og hjelt verkfræðingurinn, að það mundi láta nærri til þess að gerð yrði bráðabirgðaíhleðsla. Jeg tók það fram þá, að ekki væri víst, að 5000 kr. mundu nægja, síst þar sem gjalda yrði varhuga við því, að vatnið legðist ekki alt í einn farveg að austanverðu, og ljet í ljós þá von mína, að framkvæmdir yrðu ekki látnar stranda, þótt kostnaðurinn yrði eitthvað meiri. Hæstv. atvrh. (MG) tók vel í þetta mál og taldi sjálfsagt að verja meiru fje, ef með þyrfti, til þess að afstýra skemdum af vatninu, bæði í Þverá og annarsstaðar. Þessar undirtektir ljet jeg mjer nægja. En þótt mjer hafi ekki þótt rjett að hafna till. Ed., þá leiðir af sjálfu sjer, að jeg muni frekar kjósa þessa till. og greiða henni atkvæði, verði ekki um annað að ræða. Vitanlega hefði jeg helst kosið, að brúarstæði á Þverá hefði verið athugað samhliða. Því jeg veit, að það eru mjög margir óánægðir með framrensli vatnsins í Þverá, aðallega vegna þess, að hún leggur svo miklar hömlur á samgöngurnar. Eru það sjerstaklega þeir, sem austan hennar búa. Að vísu brýtur hún stöðugt land í Fljótshlíðinni, en það eru tiltölulega færri, sem finna til þeirra meina en til samgönguteppunnar. En sú getur stundin komið, að vatnið leggist af sjálfu sjer austur á bóginn. Og ef enginn hemill er á því hafður, er „túrinn" kominn til þeirra að barma sjer yfir vatnaskemdunum, eins og Fljótshlíðingar hljóta að gera nú.

Benedikt Sveinsson: Það er nú næsta erfitt fyrir þm. utan hjeraðs að taka ákvarðanir í þessu máli, þegar þingmenn kjördæmisins greinir á um, hverjar leiðir fara skuli. Mjer skilst þó, að þessi till. sje sambland af óskum þeirra beggja. Fyrri hluti hennar heimilar fje til bráðabirgðafyrirhleðslu, en í síðari hlutanum er skorað á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera áætlun um fullkomna fyrirhleðslu til varnar skemdum af Markarfjóti og öðrum nálægum vatnsföllum. Jeg þykist nú vita, að allir menn sjeu sammála um það, að rjett sje að verja fje til þess að aftra eyðileggingu af völdum Þverár eða Markar-

fljóts austur þar. En hitt vildi jeg benda á, að þar sem svo er um mælt í niðurlagi till., að rannsókn skuli gerð og áætlun lögð fyrir næsta Alþingi, þá hygg jeg, að með því sje fullmikið í fang færst. Verkfræðingur landsins hlýtur að hafa mörg og mikil störf í sumar, svo að jeg hygg, að honum muni verða ofætlun að inna þetta verk af hendi á svo skömmum tíma, sem hjer er ætlast til. En það er mikils um vert, að gengið sje úr skugga um það, hvað slíkt stórvirki sem þetta muni kosta.

Líka ber á það að líta, hvort það er ekki sýslunni um megn að kosta verkið að sínum hluta. Kunnugir menn vita, að hjer er ekki um neitt smásmíði að ræða. Jeg vildi aðeins vekja máls á því, að ekki væri svo mjög hrapað að rannsókn þessa máls. — Þá vildi jeg og beina því til hv. flm. og hæstv. stjórnar, hvort ekki mundi nauðsynlegt að fá erlenda sjerfræðinga til þess að rannsaka rensli stórvatna þessara og gera sem nákvæmastar áætlanir um framkvæmd og kostnað verksins. Það er mjög áríðandi, að menn renni ekki blint í sjóinn með slíka hluti.

Annars er það síður en svo, að jeg vilji leggja á móti þessu máli. En jeg álít, að alt verði að rannsaka sem gerst, áður en lagt er hjer í mikinn kostnað.

En nú hafa þeir háttv. þm., sem kunnugir eru þar eystra, og þá einkum hv. 1. þm. Rang. (EP), látið í ljós, að nokkurt fje, þó ekki væri nema fá þúsund, mundi gera gagn í svip og varna tjóni á vissum stöðum, og til þess smáræðis þarf að vísu lítinn undirbúning.

Sigurður Eggerz: Mjer er ljóst, að hjer er um mjög merka till. að ræða. Ef það tækist að koma henni í framkvæmd, þá væru tvær flugur slegnar í einu höggi. Fyrst og fremst yrði þá góðum bílvegi komið á alla leið austur í Skaftafellssýslu, er búið væri að brúa Þverá og Markarfljót, því þær ár, sem þá væru eftir óbrúaðar, eru flestar mjög lítilfjörlegar. Og um hitt atriðið er ekki minna vert, ef hægt yrði að bjarga öllu þessu frjóa landi, sem þarna liggur undir áföllum og eyðingu.

Jeg verð að líta svo á, að þetta mál hafi unnið mikið við það að koma fyrir hv. Nd., og á sú hv. þd. miklar þakkir skilið fyrir till. sínar í málinu, enda í sjálfu sjer meiningarlaust að samþykkja fyrri lið till., nema verkinu sje haldið áfram, svo sem hv. Nd. leggur til í viðaukatill. sinni.

Jeg tek undir með hv. þm. N.-Þ. (BSv), að það sje mjög nauðsynlegt, að gerð sje sem rækilegust rannsókn um framkvæmd málsins, svo þingið geti síðar vitað, að hverju það gengur. Það má ekki horfa í fje til undirbúnings slíku máli, svo full vissa geti fengist um það, hversu framkvæmdunum skuli haga. Og jeg vil leggja áherslu á það, að slíkri rannsókn verði hraðað sem mest.

Jeg mun greiða till. eindregið atkvæði mitt.

Klemens Jónsson: Hv. samþingismaður minn (EP) sagði, að það hefði ekki verið rjett af hv. Nd. að hafna till. hv. Ed. En það hefir hún einmitt ekki gert. Hún hefir samþ. till. eins og hún kom frá hv. Ed., en bætt við grein um rannsókn á framkvæmd frekari aðgerða í þessu sambandi. En það er satt, að hjer komu fram raddir um það að verja sem minstu fje til bráðabirgðaaðgerða, nema það væri álit landsverk-

fræðings, að slíkt gæti komið að verulegum notum, og í raun og veru er hjer enginn ágreiningur milli deildanna, því það er auðvitað, að landsverkfræðingur ræður ekki til framkvæmda og kostnaðar, nema það sje nokkurn veginn trygt, að það verði að gagni. Mjer heyrðist líka hv. samþingismaður minn (EP) vera ánægður með þessi úrslit hv. Nd., nema hvað hann sagði, að það, sem vekti mesta óánægju eystra, væri það, að Þverá hindraði mjög alla flutninga, og því hefði hann lagt mikla áherslu á það í hv. Ed., að hún yrði brúuð. Um þetta eru allir sammála, en það er bara ekki aðeins Þverá, sem þarf að brúa, heldur árnar allar. En þegar um þetta var rætt við landsverkfræðing, þá gat hann þess, að hugsanlegt væri að sameina allar árnar í eitt við Stóru Dímon og brúa þær þar í einu. Og þetta er eitt atriði, sem þarf rannsóknar. En jafnframt sagði hann, að ef brúa ætti Þverá eina, þá gæti vel farið svo, að hún breytti sjer þannig, að brúin stæði innan skamms á þurru landi.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði, að þessi rannsókn væri svo mikið verk, að það væri ofætlun fyrir landsverkfræðing að framkvæma hana fyrir næsta þing, svo mikið sem hann hefði nú að gera. Það er auðvitað, að landsverkfræðingur þarf víða að fara og í mörg horn að líta; t. d. þarf hann að fara norður í Þingeyjarsýslu og athuga þar um brúargerð fyrir kjósendur hv. þm. (BSv) og margt fleira. En ef hann treystist til að gera þetta, þá er ekki ástæða fyrir þingið að segja: Nei, þetta er þjer ofætlun! — Annars legg jeg ekki aðaláhersluna á, að þessu verði lokið fyrir næsta þing, heldur hitt, að niðurstaðan verði áreiðanleg, þegar hún kemur. Og verði hún ekki tilbúin á þingi 1927, þá ætti hún þó að geta komið fyrir þingið 1928.

Loks vil jeg geta þess, að þegar nefndin fjallaði um þetta mál hjer í Nd., þá var haldinn sýslunefndarfundur eystra, og átti jeg tal við sýslunefndaroddvita, að hann legði málið fyrir sýslunefnd. Og sýslunefnd samþykti svo till. um málið, sem er nákvæmlega í samhljóðan við till. hv. Nd. Þessi till. var samþ. með sjö samhljóða atkv., en þrír sýslunefndarmenn greiddu ekki atkv.

Jeg mun svo ekki fara um till. fleiri orðum, en vænti þess, að hún verði nú samþ. í sameinuðu þingi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer finst engin sjerstök ástæða til þess að ræða þetta mál lengi. Það hefir verið rætt í báðum deildum og verið gott samkomulag um till. yfirleitt. Jeg tel líka sjálfsagt, að till. verði samþ. í því formi, sem hv. Nd. hefir fallist á. Það er sjálfsagt, að landsverkfræðingur verði beðinn að gera þessar rannsóknir eins fljótt og honum er unt, samhliða öðrum störfum, sem á honum hvíla.

Jeg verð að líta svo á, að ekki sje þörf á því að fá útlendan verkfræðing til þess að rannsaka þetta, eins og hv. þm. N.-Þ. (BSv) drap á. Þetta er þegar nokkuð rannsakað, og auk þess munu innlendir menn alt eins vel til slíks færir. Þeir þekkja betur, hversu jökulvötn haga sjer hjer á landi, t. d. á vetrum, hvernig þau frjósa o. s. frv. En hitt þykir mjer vænt um, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði, að þessari rannsókn þyrfti ekki endilega að vera lokið fyrir næsta þing, og ef svo er lit-

ið á, þá sje jeg ekki, að það sje neinn ágreiningur milli þingmanna hjeraðsins (EP og KlJ), þó þessi breyting, sem hv. Nd. gerði á till. hv. 1. þm. Rang. (EP), verði samþykt. Mjer skilst þessi hv. þm. (EP) ekki heldur hafa neitt við þetta að athuga. Á það bendir hin upphaflega till. hans.

Um framkvæmdir á þessu ári, þá er tilgangurinn sá að reyna að ná einhverju af vatnsmegni Þverár í Markarfljót, en þó svo, að austursveitunum sje við engu hætt.

Pjetur Þórðarson: Þegar þessi till. var til meðferðar í Nd. og samgöngumálanefnd þeirrar deildar kom með till. um að bæta við hina upphaflegu till. nýjum lið, þá tók jeg ekki til máls. En jeg sá strax, að það mundi valda miklum örðugleikum og auk heldur reynast ómögulegt að rannsaka þetta mál, svo rannsókn gæti heitið, fyrir næsta þing. Jeg var líka sá eini þdm., sem greiddi atkv. á móti till. þá. Jeg er því á sömu skoðun og hv. þm. N.-Þ. (BSv) um það, að hjer sje stofnað til mikils, en þó í óvissu stýrt. Ekki svo að skilja, að jeg sje á móti fullkominni rannsókn og framkvæmd málsins og auk heldur fullkomnari framkvæmd heldur en jeg hefi trú á, að hjer verði, þrátt fyrir fögur orð hæstv. atvrh. (MG) um framkvæmd þessa máls. Enda er nú svo komið, að aðalatriðið, að málið skuli rannsakað og lagt fyrir næsta þing, á það leggur nú enginn áherslu, og er það bót í máli.

En svo er annað. Eins og hv. þm. N.-Þ. (BSv) tók fram, þá hefir landsverkfræðingur jafnan miklum störfum að sinna, og þó hann hafi eitthvað af mönnum sjer til hjálpar, þá er þess að gæta, að margar og miklar samgöngubætur eru nú í undirbúningi, og því mjög vafasamt, að það sje rjett ráðið að ætla landsverkfræðingi rannsókn þessa, á þessum tíma. Jeg tel því mjög efasamt, að jeg treystist til þess að greiða atkvæði með síðari lið till. Og jeg býst ekki við að gera það, ef till. verður borin upp í einu lagi. En úr þeim vanda er jeg leystur, ef liðir till. eru bornir upp sinn í hvoru lagi, og mun jeg þá fylgja þeim fyrri, en greiða atkvæði á móti síðari liðnum.

Benedikt Sveinsson: Jeg vildi segja fáein orð út af því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði viðvíkjandi því að leita til erlendrar reynslu og þekkingar um það að beina jökulvötnum til sjávar. Jeg verð að halda því fram, að það sje engin fjarstæða að þiggja ráð af þeim erlendum vatnsvirkjafræðingum, sem hafa sjerþekkingu í því að beina rensli fljóta og setja þeim skorður. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að slíkt kæmi ekki til mála, af því þeir þektu ekki til um rensli fljóta hjer á landi, nje heldur hvernig þau höguðu sjer og frysu á vetrum. Það þektu verkfræðingar vorir miklu betur. Jeg veit líka, að til eru hjer á landi menn, sem eru miklu kunnugri rensli jökulvatna en nokkur af verkfræðingum landsins, svo að það er ekki það, sem hjer varðar mestu. En jeg held sannast að segja, að vötn renni hjer til sjávar eftir sama lögmáli og hvar annarsstaðar. Og víðar frýs vatn en hjer á landi. Þetta er því tómur fyrirsláttur. Eins og menn vita, þá er víða um lönd mikið gert að stórkostlegum vatnsveitingum og mikil þekking og reynsla fengin í þeim efnum, t. d. í Þýskalandi, Hollandi, á Balkan-

skaga, Egyptalandi, Mesopotamíu o. s. frv. Og þó ekki væri seilst suður í Blálönd eftir manni til þessara rannsókna, sem vjer þurfum að láta gera, þá mun auðvelt að fá mann af germönsku kyni til þess að leysa þetta af hendi. Hjer mun ekki stoða að hlaða saman hrísi og torfi, svo sem að fornu hefir gert verið, heldur reisa aðrar rammari skorður, er standist hvað sem á dynur. Auk þess mun landsverkfræðingur hafa ærið að starfa sjálfur, og þótt hann hafi eitthvað af ungum mönnum sjer til aðstoðar, þá mun varla vera rjett að vænta þess, að þeir hafi þá þekkingu, sem hjer verður að heimta og brýn nauðsyn er á.

Jeg tel skyldu mína að benda á þetta, því að þetta mál mun seint of vandlega hugað. Enda ber raun vitni, að hjer er sjaldan of vel frá slíkum rannsóknum gengið. Nægir í því efni að minna hv. þm. á ýmsa brimbrjóta, rafmagnsveitur og fleiri verkleg fyrirtæki, sem mjög hafa farið á annan veg en til var stofnað í upphafi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins geta þess, að jeg vænti, að ekki reynist nauðsynlegt að seilast suður í Mesopotamíu eftir manni til þess að undirbúa þetta verk, enda skoða jeg þau ummæli hv. þm. N.-Þ. (BSv) sem gamanyrði, og sannast að segja, þá held jeg, að hv. þm. finni sjer þetta til, til þess að segja eitthvað, ekki vegna þessa máls, sem fyrir liggur, heldur annars, sem bráðum verður farið að tala um á ný.

Benedikt Sveinsson: Jeg mótmæli algerlega þeirri staðlausu ásökun, að jeg sje hjer að tala út af öðru máli en þessu, sem fyrir liggur. Jeg vil skora á hæstv. forseta að víta hæstv. atvrh. (MG) fyrir það að varpa slíkum slettum fram, þótt jeg hafi gerst til þess hjer í hv. Nd. að benda þessum skammsýnu stjórnarvöldum á leið í verklegum framkvæmdum þessa lands, sem þau hafa ekki viljað líta við í blindni sinni. En þó jeg hafi í öðru máli haldið fram röksemdum, sem hæstv. atvrh. (MG) og fleirum hefir virst ofvaxið að skilja, þá á hvorki honum nje öðrum að leyfast að koma með slíkar slettur sem þessar.

ATKVGR.

Fyrri málsgr. till. samþ. með 31 shlj. atkv.

Síðari málsgr. till. samþ. með 25:5 atkv.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 547).

---

9. Rýmkun landhelginnar.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 25. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um rýmkun landhelginnar (A. 217).

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 27. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 68. fundi í Nd., mánudaginn 3. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg fór fram

á það við hæstv. forseta, að hann tæki þetta mál á dagskrá nú. Það er að vísu langt síðan tillagan kom fram, en það hafa mörg frv. orðið að ganga fyrir, og þar sem nú eru mörg mál á dagskránni, sem búast má við að allmiklar umræður verði um, þá ætla jeg að geyma til síðari umr. að gera frekari grein fyrir tillögunni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 22 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 217).

Flm. (Pjetur Ottesen): Það er öllum kunnugt, að öryggi atvinnuveganna er sá hyrningarsteinn, sem afkoma og velferð hverrar þjóðar byggist á. Við Íslendingar erum framleiðsluþjóð. Líf og afkoma þjóðarinnar byggist á framleiðslu til lands og sjávar. Framtíð landbúnaðarins byggist á aukinni ræktun landsins, og framtíð sjávarútvegsins á því, að fiskiveiðarnar við strendur landsins gangi ekki til þurðar.

Það er ekki að ófyrirsynju eða ástæðulausu, þótt nokkur uggur sje í mönnum um framtíð fiskiveiðanna hjer við land, eftir þeirri reynslu, sem fengin er um áhrif botnvörpuveiðanna á þær. Það er almenn reynsla, bæði hjer og annarsstaðar í heiminum, að botnvörpuveiðar hafa mjög spillandi og jafnvel eyðileggjandi áhrif á fiskigöngur á þeim miðum, þar sem þær eru stundaðar. Þó að við strendur Íslands sjeu einhver auðugustu fiskimið í heimi, þá segja áhrifin til sín engu að síður ljóst og greinilega, og er ekki um að villast, hvert stefnir með sama áframhaldi. Örtröðin á fiskimiðunum vex með ári hverju. Þegar botnvörpungarnir komu hingað fyrst, var sama, hvert leitað var, alstaðar var krökt af fiski. En hvernig er þetta nú?

Það mun nú vera komið svo, að botnvörpungarnir sjeu búnir að finna hvert einasta fiskigrunn, sem til er í hafinu kringum Ísland, hvern einasta blett, sem fiskurinn staðnæmist nokkuð á, hvern einasta hrygningarstað. Og jafnóðum og fiskimiðin, sem næst liggja ströndinni, gengu úr sjer, leituðu botnvörpungarnir nýrra miða fjær landi, langt á haf út.

Fyrir nokkuð mörgum árum síðan fundu þeir auðugt fiskigrunn út af Austfjörðum, Hvalbaksgrunnið. Þar var uppgripaafli um tíma, bæði smáfiskur og þorskur, einkum smáfiskur, en brátt dró úr þessum miklu uppgripum, og er nú svo komið, að þetta mikla fiskigrunn er nú að mestu leyti uppurið. Það kemur aðeins fyrir, að þarna fást glepsur — eitt og eitt skip fær þar nokkurn afla, en aflabrögð að staðaldri er þar ekki um að ræða lengur. Jeg hefi talað við mann af togara, sem nú er nýkominn þaðan austan að og aflaði sáralítið, og er þetta þó einmitt sá tími, sem þar aflaðist mest áður.

Á árinu 1924 var uppgripaafli á íslenskum botnvörpungum, og það á þeim tíma árs, sem eins og komið var, lítið aflaðist á togara. Þetta stafaði af því, að fundist hafði nýtt fiskigrunn, langt út af Vestfjörðum, hið svokallaða Halamið. En það hefir reynst þarna sem annarsstaðar, að veiðin hefir

reynst harla endaslepp. Á síðastliðnu ári voru veiðar þarna orðnar mjög tregar og urðu því tregari sem lengra leið, og var ekki annað hægt að sjá en að þessi mið væru orðin gersamlega uppurin við síðustu áramót. Mestur aflinn fjekst þarna á 80 faðma dýpi, en þær seinustu fiskleifar, sem þarna fengust, voru á 120 faðma dýpi. Eina fiskigrunnið, sem ekki hefir brugðist afli á enn þá, er Selvogsbankinn. En það er ekki nema örstuttur tími á árinu, sem þar er fiskur, aðeins tveir mánuðir af vetrarvertíðinni, sem nú er talin frá 1. jan. til 11. maí. Og mjer er sagt af þeim, sem kunnugir eru botnvörpungaútgerðinni hjer, að á aflabrögðunum á þessum stað, fiskiveiðunum á Selvogsbanka á vetrarvertíðinni, byggist tilvera botnvörpungaútgerðarinnar hjer á landi, og hafi gert það í mörg ár, þegar frá er tekið þetta eina ár, sem fiskaðist á Halamiðunum. Svona er þetta nú með botnvörpuveiðarnar. Um smábátaútgerðina, inni á flóum og fjörðum, þarf ekki að tala. Hún hefir víða að miklu leyti lagst niður, og sumstaðar, þar sem aðalfiskimið smábátanna liggja fyrir utan landhelgislínuna, eins og hjer við innanverðan Faxaflóa, þar hefir hún að mestu leyti lagst niður. Það koma að vísu einstöku sinnum fiskihlaup, einu sinni og tvisvar á ári. Þó hafa komið fleiri ár í röð, sem ekkert hefir aflast á opna báta, enda liggja togararnir við lóðarhálsinn, tilbúnir til að sópa öllu upp jafnóðum, ef eitthvert skrið kemur. Smábátaútvegurinn, er reis upp á ófriðarárunum — en þá fyltust öll grunnmið af fiski, eins og var áður en botnvörpuveiðarnar komu til sögunnar — fúnar í naustum. Svona er nú þetta, og það er heldur ekkert undarlegt, því að botnvörpungaveiðarnar eru áreiðanlega stórfeldasta rányrkjan, sem enn þá er þekt í veröldinni. Það er ekki nóg með það, að þær taka nytjafiskinn, heldur drepa þær líka jöfnum höndum ungviðið og umturna botninum og eyðileggja allan botngróður, sem vitanlega hefir mikla þýðingu fyrir fiskinn. Að öllu þessu athuguðu þarf engan að undra, þó að að því reki, að einhverjar ráðstafanir þurfi að gera til verndar fiskveiðunum.

Hingað sækja botnvörpungar frá öllum fiskveiðaþjóðum Norðurálfunnar, og sú aðsókn vex eftir því sem fiskimið þeirra heima fyrir ganga úr sjer og svo við aukningu á fiskiflotanum. En það er nú víða svo komið, e ns og t. d. í Norðursjónum, að þar fæst svo sem enginn afli lengur. Það er því ekkert undarlegt, þótt að því reki hjer, að gera þurfi sjerstakar ráðstafanir til verndar fiskveiðunum, þar sem súóskapa örtröð er á miðunum, og það því fremur sem þær landhelgistakmarkanir, er gilda nú, eru settar meðan áhrifa botnvörpuveiðanna gætti lítið eða alls ekki. Nú verður að aðgæta það, hvaða ráð sje til þess að sporna á móti þessari fyrirsjáanlegu eyðileggingu. Jeg hygg, að hjer sje um tvö úrræði að gera. Fyrst og fremst að vernda rækilega þá landhelgi, sem nú er viðurkend. Og til þess hafa nú verið gerðar ráðstafanir, svo við því má búast, þegar nýja varðskipið bætist við, að landhelgisgæslan komist í sæmilegt horf. En þótt það tækist að reka af höndum sjer þá ránsmenn, sem sækja í landhelgina, þá verður ekki annað sjeð en að sú landhelgi, sem vjer nú höfum, sje öldungis ónóg til þess að

tryggja afkomu fiskjarins. Og þá kem jeg að hinu atriði málsins, að auka við landhelgina, en það er nauðsynlegt, þar sem með því einu móti er hægt að forða ungviðinu frá vargakjöftum. Það er kunnugt, að ungviði fiskjarins berst upp á grunnsævið við strendur landsins, þar sem það finnur hæfilegt hitastig til að lifa og þroskast. Það hefir því mjög mikla þýðingu fyrir fiskveiðar landsmanna að stækka landhelgina, eða m. ö. o. friða sem mest af uppeldisstöðvum fiskjarins. En þar sem við í þessu atriði erum bundnir samningum við eina stóra þjóð, þá er þetta líka vitanlega allmjög undir henni komið.

Jeg ætla nú, áður en jeg kemst að efni till., að fara nokkrum orðum um það, hvernig landhelginni var háttað áður og hver ákvæði hafa um það gilt frá upphafi. Fer jeg um þetta efni að mestu eftir ritgerð próf. Einars Arnórssonar í Andvara 1924. Að fornu voru bannaðar fiskveiðar við Ísland innan 4 sjómílna landhelgi öllum öðrum en landsmönnum og kaupmönnum erlendum, er hjer höfðu leyfi til að versla. Fyrsta reglan um þetta var sett 1631, og var síðan endurnýjuð 1763. Í tilskipun 1787 er bannað að koma inn í firði landsins eða flóa og veiða við landið. Regla þessi var skilin svo, að engir nema þegnar konungs mættu fiska við landið nje á fjörðum þess eða flóum, hversu víðáttumiklir sem þeir væru.

Með konungsúrskurði 1863 var ákveðið að banna þegnum annara ríkja fiskveiðar í einnar danskrar mílu fjarlægð frá landi, talið frá ystu eyjum og hólmum, sem upp úr standa um stórstraumsfjöru, eins og nú er alment gert, og auk þess á fjörðum og flóum.

Í tilskipun 1872 er þegnum annara ríkja bönnuð fiskveiði í landhelgi, eins og hún sje ákveðin í þjóðarrjetti eða verði ákveðin í samningum.

Loks er landhelgin, hvað snertir fiskveiðar hjer við land, ákveðin í samningi við Breta 1901, þar sem fiskiveiðar eru heimilaðar þegnum konungs einum 3 sjómílur undan landi og í fjörðum innan við beina línu, sem dregin er þvert yfir fjörð næst mynni hans, þar sem breiddin fer ekki fram úr 10 mílum, og 3 sjómílur til hafs frá þeirri línu. Þetta gildir nú fyrir aðrar þjóðir, þó samningurinn sje gerður við Breta eina.

Þetta er sú landhelgi, sem við eigum nú að búa við, og jeg geri ráð fyrir því, að þó farið verði langt aftur í forna tíma, þá muni ekki finnast neinn samningur, sem reynst hafi okkur jafnskaðlegur og þessi. Nú mætti ef til vill líta svo á, að hin gömlu landhelgisákvæði giltu gagnvart öllum þjóðum öðrum en Bretum, en þó má vera, að þessi 25 ára gamla venja sje búin að löghelga þessa hefð. En við getum sett allar þær takmarkanir í þessu efni, sem við viljum, gagnvart öllum öðrum þjóðum en Englendingum.

Nú hafa, sem eðlilegt er, um nokkurt skeið heyrst háværar raddir um nauðsynina á því að fá landhelgina rýmkaða með breytingu á samningnum við Englendinga. Hingað kom fyrir allmörgum árum ensk flotadeild, og barst þá í orð, hvort ekki mundi unt að þoka eitthvað til um þetta, og taldi foringi flotadeildarinnar, að líklegt væri, að komið gæti til mála, að Faxaflói yrði friðaður, gegn því að enskir togarar mættu veiða í landhelgi austur með söndum, en lengra komst þetta ekki.

1919 var samþ. þáltill. um að skora

á stjórnina að komast að samningum við Englendinga um rýmkun á landhelginni, og 1924 var samþ. önnur till. í sömu átt. Mjer er kunnugt um, að stjórnin hefir hafið málaleitun í þessa átt á þann hátt, sem venja er til, þegar um samninga milli ríkja er að ræða. Hún hefir snúið sjer til danska utanríkisráðuneytisins, sem fer með utanríkismálin fyrir okkar hönd, og það hefir aftur snúið sjer til utanríkisráðuneytisins enska í London, og hefir málið komið til umræðu í parlamentinu, en ekki borið neinn árangur. Það er vitanlegt, að Englendingar hafa hjer mikilla hagsmuna að gæta og eru auk þess mjög fastheldnir við gamlar venjur og samninga, og er því hætt við, að málið verði torsótt á þennan hátt. En þá gæti verið spurning um það, hvort ekki sje til önnur greiðari leið og líklegri til góðrar úrlausnar á málinu, og hún er sú, að gerðir sjeu út menn hjeðan að heiman, sem sjeu gagnkunnugir málinu og geti sýnt með rökum, hvað í húfi er, ekki aðeins fyrir landsmenn sjálfa, heldur alla þá, sem fiskveiðar stunda hjer við land. Auk þeirrar reynslu, sem þegar er fengin, hafa þær rannsóknir, sem hjer hafa verið gerðar, leitt það í ljós, að svo ófullkomin sem landhelgisvörnin er og hefir verið, þá er þó dýralífið afarmiklu fjölskrúðugra innan landhelgislínunnar en utan. Þessi leið, sem hjer er stungið upp á, er þá sú, að þessir kunnugu menn, sem sendir yrðu af okkar hálfu, sneru sjer til útgerðarmanna á Englandi, sem láta stunda fiskveiðar hjer við land, og reyndu, hvað þeir gætu komist í því að opna augu þeirra fyrir þessari sameiginlegu nauðsyn, og þeir reyndu svo aftur að hafa áhrif á enska stjórnmálamenn til þess að taka málið upp og leiða það til farsælla lykta. Þessi uppástunga er upphaflega komin frá hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), og jeg get fallist á það, að þetta sje líklegasta leiðin. Loks ef þetta skyldi ekki takast, að fá Englendinga til þess að verða til óskum okkar um þessar breytingar, þá vil jeg benda á það, að ekki verður hjá því komist að taka til athugunar, hvort ekki muni fært að grípa til þess ráðs að segja upp samningnum við Breta frá 1901, auðvitað með þeim fyrirvara, sem þar um getur.

Jeg vænti nú, að hæstv. stjórn bregðist vel við till., ef hún nær samþykki, þannig að þessar samningaumleitanir verði þegar hafnar á þessu sumri. Læt jeg svo útrætt um till. að sinni, en vænti sem sagt góðra undirtekta þingsins og ötullar framgöngu hæstv. stjórnar í þessu mikilvæga máli.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend upp til þess að ljá liðsyrði í þessu máli og jafnframt til þess að þakka hv. þm. Borgf. (PO) fyrir þrautseigju hans og áhuga í þessu efni. Jeg hygg, að hann hafi hreyft þessu máli á einhvern veg á hverju þingi síðan 1919, er fyrst var samþ. ákveðin till. til þál. um tilraun til útfærslu landhelgissvæðisins.

Mjer fanst hv. flm. (PO) leita eftir áliti þeirra manna, sem langvinna reynslu hafa um grunnmiðaveiði, hvort henni hefði hnignað mjög eða ekki og hver áhrif hin útlenda togaraveiði mundi hafa haft á grunnmiðum. Hvort sem þetta var rjett skilið hjá mjer eða ekki, þá þykir mjer rjett að geta þess, að jeg hefi sjálfur haft tækifæri til

þess að átta mig á breytingu grunnmiðaveiðinnar síðustu 50 ár, því að jeg hefi altaf á sjávarbakka búið og alla tíð átt einhvern þátt í fiskveiðum á grunnmiðum. Jeg veit það, að smábátaveiðin hefir gengið alveg ótrúlega úr sjer, og það er alviðurkent, að þetta stafi af því, hvernig farið hefir verið með grunnmiðin, eða uppvaxtarstöðvar ungviðisins, af veiðivörgunum útlendu. Enda hafa á ýmsum stöðum við strendur landsins engar landhelgisvarnir verið, svo sem fyrir Austfjörðum. Mjer er það því ljóst, að á engan hátt er hægt að gera smábátaútveginum, og fiskveiðunum raunar yfirleitt, meiri greiða heldur en ef hægt væri að fá friðuð þessi klaksvæði, firði og flóa, og færð utar á landgrynnið, þar sem ungviðið vex upp.

Frá því byrjað var að leita samninga um útfærslu landhelginnar, eftir þál. frá 1919, hefir að vísu ekkert þokast um takmörk hennar og engin áheyrn fengist hjá þeim, sem hjer veltur mest á. En á síðari árum hefir samt hilt undir hjá Bretum nokkuð annan skilning á málinu en áður. Þeim virðist nú — fremur en áður — vera að skiljast, að hjer er um að ræða hagsmunamál fyrir þeirra eigin fiskiflota. Þeir sjá, að miðin utan landhelgi ganga úr sjer, vegna þess að klakstöðvar fá ekki að vera í friði. Og þessi skilningur gefur aukna von um það, að málið muni hafast fram um síðir. Jeg verð því að leggja mikla áherslu á það, að sá verði upp tekinn, sem þessi till. bendir til, að sendir verði hæfir menn til Englands til að leita samninga og upplýsa málið, en ekki bygt eingöngu á þessari skriffinskuleið milli utanríkisstjórnanna, sem farin hefir verið til þessa.

Jeg veit að vísu, að Norðmenn hafa, enn sem komið er árangurslaust, gert miklar og ítrekaðar tilraunir til þess að fá landhelgina færða út og viðurkenda þá gömlu fjarlægð frá landi, 4 sjómílur, en Bretar hafa ekki viljað ganga inn á það. Þó hefir það komið í ljós við þær málaleitanir, að Bretar eru ekki eins einbeittir í að neita nauðsyn þess eins og þeir voru áður.

Það vottar einmitt nú fyrir þeirri viðurkenningu hjá Bretum og fleiri þjóðum, að hagsmunir allra, sem veiða utan landhelgi, heimti aukna friðun, á hrygnistöðvum nytjafiskanna, og jeg lít svo á, að þessi till. sje vænleg til góðs árangurs, ef henni verður framfylgt með forsjá og festu, einmitt á þann hátt, sem hjer er farið fram á.

Ólafur Thórs: Hv. flm. (PO) skoraði á mig að láta í ljós skoðun mína á þessu máli, og er mjer ánægja að verða við þeirri áskorun.

Mjer þótti gæta nokkurs misskilnings hjá hv. flm. (PO) um botnvörpuveiðarnar; en þar sem það er ekki aðalkjarni málsins, ætla jeg að leiða það hjá mjer að sinni.

Mjer er það ljóst, að það er mjög mörgum annmörkum bundið að uppfylla ósk hv. flm. (PO), þó ekki þá ósk, að slík áskorun verði samþykt hjer, sem hann fer fram á, heldur þá ósk, sem liggur til grundvallar fyrir sjálfri tillögunni, að fá samning við Breta um rýmkun landhelginnar.

Eins og hv. flm. (PO) gat um, hafa verið gerðar allmiklar tilraunir til þess. Eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefi jeg kynt mjer nokkuð málaleitanir af hendi dönsku utanríkisstjórnarinnar í tilefni af þessari ósk Íslendinga, en jeg hefi

hvergi sjeð hilla undir, að Stóra-Bretland áliti sínum hagsmunum stefnt í voða með veiðum í Faxaflóa. En þó að enn hafi ekki tekist fyrir Íslendinga að opna augu Breta hjer, er þó engin ástæða til þess að láta hugfallast, því að það er nú svo, að hjer er ekki sjerstaklega um að ræða hagsmuni þeirra, sem fiska á grunnmiðum, heldur engu síður þeirra, sem fiska á djúpmiðum. Og jeg lít svo á, að það sje kjarni málsins að sanna Bretum þetta. Jeg álít, að þetta sjeu sannindi, en jeg hefi ekki gögn til að sanna öðrum það. Á djúpmiðum eru áraskifti að aflafeng, og afli síðustu ára sannar ekki, að aflafengur sje að minka.

Hitt veit jeg líka, að reynslan hefir sýnt, að þó að aflaskortur hafi verið á grunnmiðum, þá hafa á eftir komið öðruvísi ár, svo að þótt grunnmið í raun og veru sjeu að eyðast, tel jeg skort á almennri sönnun. En mín sannfæring er sú, að ef áfram heldur eins og nú stendur, muni einnig djúpmiðin eyðast eða spillast. Fyrir mjer er höfuðkjarni málsins sá, að sanna Bretum, að þetta sje rjett, og jeg hefi hugsað mjer, að það væri heppileg leið, að íslensku togaraútgerðarmennirnir tækju málið í sínar hendur, og jeg ætla mjer að þingi loknu að snúa mjer til Bjarna Sæmundssonar, sem er okkar eini sjerfræðingur á þessu sviði, og biðja hann um að leggja mjer í hendur gögn fyrir því, að hætta sje á ferðum, ef firðir og flóar eru ekki friðaðir. Að þeim gögnum fengnum ætla jeg, að íslenskir útgerðarmenn samþyktu að beita sjer fyrir þessu, og sneru sjer síðan til hinna erlendu stjettarbræðra sinna og sýndu þeim fram á, að hjer sje um sameiginlega hagsmuni að ræða. Ef það tekst, eru líkindi til, að ekki sjeu vandkvæði á að fá hlutaðeigandi stjórnarvöld til að gera samning. Jeg tel ekki líklegt, að við getum farið lagaleiðina og án samþykkis Breta ákveðið, að landhelgin skuli rýmkuð. Það er ekki heldur fær leið að segja upp samningnum frá 1901, og alt byggist því á, að samkomulag fáist við Breta. Jeg skal taka það fram, að jeg tel engan veginn líklegt, að þessi leið, sem jeg talaði um, sje auðfarin, en jeg tel þó sjálfsagt að reyna hana, og jeg vil staðfesta hjer þau orð mín við hv. flm (PO), að jeg er fús til að vinna að þessu eftir bestu getu.

Jón Baldvinsson: Þetta er mikið og merkilegt mál; en jeg hygg, að öllum sjeu ljósir annmarkar á því. Hjer er talað um rýmkun landhelginnar alment, en jeg hygg, að mikill vandi verði að fá því framgengt. Hitt gæti frekar komið til mála, þegar búið er að sanna vísindalega, að hætta sje á eyðileggingu fiskimiðanna, að þá fengist rýmkun. Jeg held, að það sje einhver misskilningur, að ekki þurfi annað en samkomulag við Breta. Við höfum að vísu ekki beina samninga við aðra, en ætli Þjóðverjar og Frakkar litu ekki svo á, að þetta hlyti að ná til allra þjóða, sem hjer fiska. Það gæti verið spurning, hvort Íslendingar ættu ekki að fara svipað að og Bretar hafa gert. Það gæti vel verið, að þeir bentu okkur á, að rjett væri, að við sýndum þetta í verkinu með því að banna okkar eigin skipum að fiska á vissum svæðum. Jeg er ekki viss um, að það verði auðgert að sanna útgerðarmönnum í Englandi, hvað hjer er í hættu. Jeg held því, að þetta mál sje hreint og beint eitt af þeim málum, sem eiga heima í þjóðabandalaginu. Það væri ein leiðin, að Íslendingar þreifuðu

fyrir sjer hjá þjóðunum, hvernig því yrði tekið, að Íslendingar, vegna þeirra sjerstaka atvinnuvegar, teldu nauðsynlegt að færa út landhelgina.

Jeg er hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) alveg sammála um, að það er óhjákvæmileg nauðsyn að sanna vísindalega, hvernig hættunni er varið og hvar hún er mest. Það vill einmitt svo vel til, að við eigum mann, sem getur helgað sig þessum rannsóknum. Stjórnin hefir þennan mann í þjónustu sinni og getur lagt fyrir hann að vinna úr þeim athugunum, sem gerðar hafa verið, og framkvæma nýjar rannsóknir.

Mín skoðun er sú, að það sje ekki nægilegt, sem till. fer fram á, nefnilega að leita einungis samkomulags við Breta, heldur á að fara lengra, og líklegasta leiðin er sú, að fara til þjóðabandalagsins. Jeg veit, að það er miklu erfiðara að fá þessu framgengt nú en fyrir stríð, af því að sjávarútvegurinn á svo miklu erfiðara uppdráttar nú. Jeg held, að þó að England sje stærsti aðilinn, þurfi einnig að fara til annara þjóða. En sennilega tekur það langan tíma, og er rjett af stjórninni að halda málinu vakandi, og það verða sjálfsagt margir, sem fylgja því með athygli, hvað gerist í þessu máli.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að skjóta fram örfáum orðum. Jeg er óvanur því að taka til máls, þegar rætt er um sjávarútvegsmálin, af því að jeg hefi helgað mína krafta öðrum málum. En jeg vil, sem einn úr þeirra hóp, sem ekki láta til sín taka á þessu sviði, mega lýsa yfir mínu fylsta fylgi og samúð með till. hv. þm. Borgf. (PO) og taka undir rökstuðning hans. Jeg hygg, að hv. flm. (PO) hafi ekki ofmælt um þá hættu fyrir framtíð okkar lands, sem hann talaði um, og nauðsynina á að bæta úr þessu. Jeg vildi grípa tækifærið til þess að láta það koma fram, að þessi till. á alhliða fylgi, og jeg vil láta hæstv. stjórn vita, að jeg er sannfærður um, að á bak við hana stendur mikill hópur manna.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg vil leyfa mjer að þakka þeim hv. þm., sem nú hafa talað, fyrir góðar undirtektir þeirra í þessu máli. Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem mjer er kunnugt um að hefir áhuga fyrir þessu máli, bar kvíðboga fyrir því, að okkur mundi bresta nóg rök gagnvart Bretum. Hv. þm. (ÓTh) benti á, að þrátt fyrir þetta hefðu aflabrögð botnvörpunga ekki gengið úr sjer. Jeg vil benda honum á þá staðreynd, af hverju þetta stafar. Það hafa sífelt verið að finnast ný og ný mið fyrir botnvörpuveiðarnar. Hugsum okkur, hvaða áhrif það hefði haft á botnvörpuveiðarnar hjer, ef Hvalbaksmiðin hefðu ekki fundist, en þó öllu heldur, hvernig hefði verið háttað aflabrögðum botnvörpunganna hjer á árinu 1924, hefðu Halamiðin ekki fundist þá. Hvernig hefði þá farið? En að því hlýtur að reka, að það hætta að finnast ný og ný mið, og jeg býst við, að nú sje svo komið, að ekki sje þess að vænta, að fleiri fiskigrunn finnist hjer við land en þau, sem þegar eru þekt.

Ennfremur má benda á, hvernig fiskveiðunum á grunnmiðunum er nú komið. Eins og kunnugt er, er öll veiði á grunnmiðum að mestu leyti úr sögunni hjer við land. Á þetta ekki einasta við um þau miðin, sem liggja utanvert við landhelgislínuna og botnvörpungar mega því leika lausum hala á, eða þau

miðin innan línunnar, sem mest hafa orðið fyrir ágangi botnvörpunganna, heldur einnig þau mið, sem botnvörpungar geta ekki neytt sín á. Þetta er ljós vottur þess, að fiskveiðarnar eru að ganga úr sjer, nýja fiskinum að fækka, og að þetta sje af völdum botnvörpuveiðanna, þarf ekki um að deila. Það sýndi sig best á stríðsárunum, þegar botnvörpuveiðarnar lögðust að mestu niður. Þá fyltist alt af fiski brátt aftur, og fiskurinn gekk til grunnmiða, eins og áður fyr. En þegar stríðinu lauk og örtröðin óx á miðunum, og nú er hún orðin meiri en hún hefir nokkurn tíma áður verið, sótti brátt í sama horfið. Eyðileggingarmerkin verða æ greinilegri og greinilegri með hverju árinu sem líður. Af þessu er auðsætt, að hægt er að færa skýr og góð rök fyrir þessari málaleitun við Englendinga, skýr og góð rök fyrir því, að þetta er einasta ráðið til þess að vernda fiskveiðarnar í hafinu við Ísland í framtíðinni. Og svo þegar þar við bætast rannsóknir þær, sem fram hafa farið hjer við land á hafrannsóknarskipinu Dana, sem einnig sýna ljóslega hin skaðlegu áhrif botnvörpuveiðanna á uppvöxt og þróun fiskjarins, þá ætti það og ekki síður að vera nokkuð þungt lóð á þeim metaskálum.

Afleiðingar þær af botnvörpuveiðunum hjer við land, sem jeg hefi nú lýst, koma á ýmsan hátt hart niður á landsmönnum. Auk þess sem þær valda beinni aflarýrnun, þá hafa þær valdið mikilli og hættulegri byltingu í þjóðlífinu. Áður var það nefnilega svo, að jafnhliða sjávarútgerðinni, smábátaveiðunum, stunduðu þessir sömu menn garðyrkju og jarðrækt og notuðu úrgang fiskjarins til áburðar. Nú sogast fólkið til þeirra tveggja staða, sem botnvörpungaútgerðin er rekin frá, þangað á mölina, og hefir ekkert upp á að hlaupa, ef út af ber. Þetta fólk á því alt sitt undir því, að þessi stórútgerð beri sig, er algerlega öðrum háð um alla sína afkomu, í stað þess sem það lifði áður sjálfstæðu atvinnulífi; en að sem flestir menn geti lifað sjálfstæðu atvinnulífi, er hin mesta trygging og öryggi hvers þjóðfjelags.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) var einna linastur í þessu máli. En ekki er það raunar svo að skilja, að honum hafi ekki verið ljós nauðsyn þess; en hann heldur, að við höfum í þessu efni ekki eins mikinn rjett eins og við höfum í raun og veru. Jeg vil enn benda honum á, að við erum ekki bundnir samningum um landhelgissvæðið við neina aðra en Breta. Þótt aðrar þjóðir hafi að þessu leyti notið sömu aðstöðu og Bretar, þá verður það ekki skilið öðruvísi en sem algengt er, að hver þjóð njóti bestu kjara hjá hinni, en þetta breytir samt engu. Fáum við samningnum breytt við Englendinga, þannig að landhelgin verði færð út, þá njóta aðrar þjóðir og áfram bestu kjara. En ef samningar hinsvegar strönduðu og reynt yrði að fara aðra leið, þá yrði þeim gert jafnhátt undir höfði og öðrum. Það er mikilsvert atriði, að hver þjóð standi fast á sínum rjetti í svona samningum og láti engan bilbug á sjer finna; og því meiri nauðsyn er þetta fyrir okkur, sem við erum fátæk smáþjóð og eigum ekki önnur vopn.

Hv. þm. (JBald) talaði í þessu sambandi um þjóðabandalagið. Mjer virðist þjóðabandalaginu hafa gengið erfðlega að ráða fram úr deilumálum enn sem komið er, svo að við getum ekki bygt

miklar vonir á því; en vel getur verið, að þegar sú stofnun þroskast, þá geti hún einnig orðið okkur að einhverju liði, en enn sem komið er er ekki mikið á því að byggja.

Ólafur Thórs: Æfinlega þegar jeg hefi einhver áhugamál, reyni jeg að gera mjer ljósa þá örðugleika, sem við er að stríða.

Hið sama hefi jeg gert hjer, bent á örðugleika þá, sem þessu máli eru samfara, en vil þó á engan hátt telja hug úr forvígismönnum málsins, enda hefir hv. flm. (PO), sem víðfrægur er fyrir áhuga sinn á þessu máli, lýst því rjettilega hjer í deildinni í dag, að jeg fylgi honum af fullum hug að málum.

En mjer er það ljóst, að þau björg, sem við er að glíma, eru ekki við íslensku útgerðarmennirnir, því að okkur er það ljóst, að rýmkun landhelginnar horfir til þjóðþrifa, þótt við ef til vill missum spón úr aski í bili. Vandinn er að fá Englendinga í lið með sjer. Jeg tel hættu á, að þeir skilji ekki og viðurkenni ekki sem gögn í málinu, að smábátaútvegurinn íslenski leggist niður, ef ekkert er að gert. Þeir spyrja um aflann á djúpmiðunum. En eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni, er enn ekki sannanlegt, að hann sje að minka. Mjer fanst ekki gæta fullrar þekkingar hjá hv. flm. á þessu atriði, og lái jeg honum það ekki, enda er eðlilegt, að þar sem jeg hefi fengist við stórútgerð, þá þekki jeg betur til um hana en hann.

Jeg vil benda á það, að þegar togaraútgerðin byrjaði hjer eftir aldamótin, þótti mikið að fá 1200 skp. á skip yfir vertíðina. En nú eru þess dæmi, að skip hafa aflað 8000 skp. á nokkru lengri tíma. Og sama skipið, sem 1909 fjekk 1200 skp., fjekk 1924 4000 skp.

Hv. flm. (PO) spurði, hvernig farið hefði 1924, ef Halinn hefði ekki fundist. Jeg skal upplýsa, að þótt veiðar hefðu ekki verið stundaðar á Halanum það ár, mundi aflafengur ársins samt hafa orðið meiri en dæmi voru til áður.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta, aðeins ítreka það, að jeg tel mest um vert að sannfæra breska útgerðarmenn, því ef þeir eru orðnir þeirrar skoðunar, að þetta sje þeirra hagsmunamál, þá lætur breska stjórnin ekki á sjer standa að gefa samþykki sitt. Jeg lít svo á, að eyðing grunnmiðanna sje bending um það, hvernig fara muni á djúpinu. En jeg veit ekki nema Bretar heimti naglafarið, veit ekki nema þeir heimti sannanir fyrir því, að djúpmið sjeu að eyðast, þótt jeg til lengstu laga voni, að hægt verði að sannfæra þá áður en ógæfan er skollin yfir.

Jón Baldvinsson: Jeg vænti þess ekki, að hv. þm. Borgf. (PO) hafi dregið það í efa, að jeg fylgdi þessu máli. En hitt er ekki nema eðlilegt, að menn í svona máli hugleiði erfiðleikana, sem við er að etja, og hvaða leið eigi að fara til að ná markinu, um rýmkun landhelginnar, sem er sameiginlegt mál allra Íslendinga.

Jeg get hugsað, að auðveldara yrði að vinna stjórnmálamennina bresku en þá menn, sem hafa hag af því að láta landhelgina vera eins og hún nú er. Jeg get hugsað mjer, að frjálslyndir stjórnmálamenn líti frekar fram í tímann en stundarhagsmunamennirnir. Og þess vegna er jeg ekki trúaður á aðferð þá, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) stakk upp

á, því að ef hinir ráðandi menn í Englandi fást til að sinna þessu máli og gera út um það með okkur, þá eru útgerðarmenn í Bretlandi bundnir við það.

En það, sem jeg óttast mest, er það, hvað þessi atvinnurekstur, botnvörpungaveiðarnar, ganga erfiðlegar nú en áður í Englandi, að því er sagt er, og að þess vegna verði tekið þinglega í þetta mál. Er því þessi leið, sem hv. þm. stakk upp á, ekki líkleg til úrlausnar málinu í mínum augum.

Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að við værum ekki samningsbundnir öðrum en Bretum um landhelgina. Jeg veit ekki, hvort svo er. Stjórnin hefir ekkert látið til sín heyra um þetta mál. En jeg tel líklegt, að fleiri þjóðir telji sig hafa samninga í einhverju formi um þetta, þótt það sjeu ekki beinir samningar við okkur. En ef Englendingar fallast á þetta, þá er stærsti aðilinn unninn, það er satt.

Við verðum að leita lags með þetta eins og annað, sem snertir alþjóðareglur, sem þetta heyrir til. Vil jeg svo ekki fara meira út í þetta, en teldi æskilegt, að þetta kæmist í framkvæmd, þótt ekki væru friðuð nema helstu miðin, þar sem smábátaveiði helst er stunduð.

Flm. (Þjetur Ottesen): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði nú síðast, að hann teldi líklegra og að heppilegra mundi vera að leita beint til stjórnmálamannanna á Englandi um þetta mál, heldur en að reyna að undirbúa jarðveginn með því að snúa sjer til útgerðarmannanna og reyna að opna augu þeirra fyrir nauðsyn málsins. Út af þessum ummælum vil jeg benda hv. þm. á, að það er hvorttveggja, að það hefir verið reynt að fara stjórnarleiðina með þetta mál, en ekki borið árangur, eins og kunnugt er, og svo hitt, að einasta vonin til þess að fá Englendinga til að ganga að þessum breytingum, er að geta sannfært þá um, að hjer sje um alþjóðanauðsyn að ræða, að með þessu sje jafnframt verið að tryggja þeirra hag. Því er það nokkurn veginn víst, að sje hægt að opna augu útgerðarmannanna á Englendi fyrir þessari nauðsyn, vekja hjá þeim áhuga fyrir málinu, þá má telja víst, að björninn sje unninn. Þess vegna er áreiðanlega heppilegt að fara þessa leið, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) stakk upp á, og búa þannig í haginn fyrir okkur, áður en málið svo endanlega verður lagt fyrir bresk stjórnarvöld.

Þá hjelt hv. þm. (JBald) því enn fram, að við mundum vera samningsbundnir við aðrar þjóðir um landhelgina. Þetta er hinn háskalegasti misskilningur, og blátt áfram óforsvaranlegt að halda þessu fram og það opinberlega. Við erum ekki samningsbundnir við neina þjóð um landhelgina nema Englendinga, og það eingöngu um þá landhelgi, sem snertir fiskiveiðarnar.

Þannig var það í lög tekið á síðasta Alþingi, að á tollmálasviðinu skyldi gilda 4 sjómílna landhelgi. Innan þeirrar landhelgi má til dæmis að taka gera upptæk öll vín, sem óleyfilegt er að flytja til landsins. Þetta sýnir sjálfsákvörðunarrjett okkar um landhelgistakmörkin, að því leyti sem samningar standa þar ekki í vegi, en viðvíkjandi

landhelginni er ekki um neina samninga að ræða, eins og jeg hefi oft tekið fram, nema samninginn við Englendinga.

ATKVGR.

Till. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 217).

Á 68. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 7. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forsætisráðherra (JM): Enda þótt þær frjettir, sem hingað hafa borist nú, bendi ekki á, að blása muni byrlega fyrir tilraunum í þá átt, sem þessi þáltill. fer, þá þykir mjer sjálfsagt, ef hv. deild samþ. hana, að það verði fult tillit til hennar tekið. Það er svo mjög áríðandi að stækka landhelgissvæðið og friða suma firðina, að það má ekki láta neins ófreistað í því efni. Þess vegna sýnist mjer rjett að samþykkja þessa till., og mun þá stjórnin taka þetta mál til alvarlegrar meðferðar.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi leyfa mjer að taka í sama streng og hæstv. forsrh. (JM) og mæla með því, að till. þessi verði samþ. Jeg veit, að það er rjett, sem hæstv. forsrh. sagði, að miklir örðugleikar eru að koma þessu máli fram. Og það er ómögulegt að búast við, að því verði komið fram í bili. En hinsvegar er sjálfsagt að halda málinu vakandi og reyna með þrautseigju að komast sem lengst.

Jónas Jónsson: Þar sem hæstv. forsrh. (JM) hefir nú mælt með því, að þessi till. verði samþ., þá vildi jeg fá að vita dálítið nánara hjá honum en kom fram í ræðunni, á hverju það byggist, að nokkuð þýði að samþ. þessa till. Flestum öðrum en kanske hæstv. ráðh. og hv. flm. mun vera það ljóst, að alt skraf í þessa átt er ekki annað en fróm fjarstæða, til þess að hafa milt orð. Það þarf ákaflega mikla vanþekkingu á hinni pólitísku aðstöðu í heiminum til þess að hafa trú á því, að okkur takist að færa út landhelgina. Þetta er máske skylt því, er stuðningsmenn hæstv. stjórnar lofuðu því í vetur að friða allan Faxaflóa. Þá stakk fyndinn náungi upp á því, að þeir ættu að lofa að friða alt Atlantshafið.

Það er dómadags vanþekking að halda það, að Englendingar samþykki þetta. Við gætum t. d. alveg eins samþykt það að taka England og leggja það undir okkur. En jeg vil mælast til þess við hæstv. forsrh. (JM), að hann sjái um, ef úr þessari sendiför verður, að sendimaðurinn komist þó til ákvörðunarlandsins.

Forsætisráðherra (JM): Jeg sagði þegar í byrjun, að ekki væri mikil von til þess að vinna á í þessu máli að svo stöddu, en að það sje mikil fjarstæða að fara fram á þetta, nær engri átt. Þetta mál hefir komið til tals við Englendinga áður, og svörin hafa ekki verið þannig, að óhugsandi sje, að eitthvað geti miðað áleiðis. Einu sinni kom

hingað ensk flotadeild. Það var í tíð landshöfðingja. Og var þá friðun Faxaflóa rædd við hana, og var þá ekki talið óhugsandi, að mál þetta næði fram að ganga, ef einhver fríðindi kæmu í staðinn. (JJ: Ófriðun suðurstrandarinnar?). Um eitthvað svipað hefir verið rætt milli Englendinga og Norðmanna nýlega, eins og kunnugt er.

Annars verður hv. deild að skera úr um það, hvort hún samþ. þáltill. eða ekki. Jeg tel, að hana beri að samþykkja.

Jónas Jónsson: Það hefir nú skýrst hjá hæstv. forsrh. (JM), að Englendingar hafa aldrei krafist þess af okkur, að við ljetum þá fá lausar hendur um veiði fyrir suðurströndinni, enda þótt við færum fram á að fá Faxaflóa friðaðan. Jeg óttast, að Englendingar sjeu ekki eins leiðitamir við hv. þm. Borgf. og hæstv. forsrh. (JM) virðist halda. Nýlega kom fram krafa um það í Englandi, að stjórnin þar beitti sjer á móti okkur í landhelgismálinu. Að vísu vildi stjórnin fara að lögum, en þetta sýnir, að ekki horfir glæsilega um það að færa út landhelgina frá því sem nú er. Og þar sem nú er þar að auki farið fram á útgjöld úr ríkissjóði með þessari till., og sýnilegt, að hún verður til einskis, þá greiði jeg atkvæði á móti henni.

Jeg vil minna hæstv. forsrh. (JM) á það, sem hann sagði í Sþ. um daginn, að altaf hefði verið vandað óaðfinnanlega til sendimanna Íslands. Það vita þó allir, að sendimaðurinn, sem átti að fara til Bandaríkjanna, komst aldrei þangað, og með þessu vil jeg minna hæstv. forsrh á það, hve ósannsögull hann er. Og eigi nú að senda hv. þm. Borgf. (PO) til útlanda, til þess að fríska sig upp, þá gef jeg ekki mikið fyrir það.

Sigurður Eggerz: Mjer er það ljóst, að hjer er um stórt mál að ræða, og að einhvern tíma verður að byrja á því.

Jeg þykist vita, hvernig sendiförinni skuli háttað og hver maðurinn er, sem senda á. Jeg býst við, að það sje sami maðurinn og áður hefir verið sendur, og jeg beini því til hæstv. stjórnar, að hún velji einmitt þennan mann.

Jóhann Jósefsson: Það er óþarfi að taka það fram, að jeg álít málið stórt, en það hafa aðrir minst á áður. Hitt er líka ljóst, að viðfangsefnið er örðugt, en jeg fæ ekki sjeð, að það sje óhugsandi að koma þessari hugmynd í framkvæmd.

Vísindalegar rannsóknir síðari ára hafa sýnt svo glögt, að allur almenningur hefir sannfærst, að fiskmergðin í sjónum er undir því komin, að vissir blettir sjeu alfriðaðir. Þessar rannsóknir eru að vísu ekki gamlar, en þó er nú svo komið, að margir útgerðarmenn óska þess eindregið, að viss hrygningarsvæði verði friðuð, því að þeir eru farnir að sjá, hve skaðlegar afleiðingar rányrkjan hefir fyrir þá sjálfa og horfur útgerðarinnar í framtíðinni.

Englendingar hafa ekki gefið miklar vonir um skjót úrslit þessa máls. En það bið jeg hv. þdm. að athuga, að varðveisla hrygningarsvæðanna og niðurlagning rányrkjunnar er ekki mál neinnar einstakrar þjóðar, heldur allra þjóða mál. Og sameiginlegt hafrannsóknarstarf margra þjóða bendir ótvírætt á það, að rányrkjan, að því er

snertir veiðiskap úr sjónum, verði að hverfa úr sögunni, ef ekki á illa að fara fyr eða síðar.

Jeg staðhæfi það, að margir útgerðarmenn hjer á landi eru á þeirri skoðun, sem jeg hefi nú lýst. Og jeg tel ekki vonlaust, að útlendir útgerðarmenn hallist að því í framtíðinni, vegna sinna eigin hagsmuna, að það sje þeim fyrir bestu, að flóar og firðir sjeu friðaðir.

Jeg veit ekki betur en að Bretar hafi gert þá ráðstöfun hjá sjer að friða Morayflóa. Og það hafa þeir gert einmitt af þessum ástæðum. Þess vegna ætti þeim ekki að vera það óskiljanlegt, þótt við förum fram á það að alfriða einhvern þann fjörð, er líklegastur er.

Mál þetta er í mínum augum afar mikils virði, og jeg sje enga hættu því samfara að halda því vakandi. Minna má og á það, að hugmyndin er ekki heimskulegri en svo, að utanríkisstjórn Dana leyfði sjer að bera hana á borð fyrir Breta nú nýverið, að gefnu tilefni af Breta hálfu, og að þeir menn, sem vilja okkur best, stappa í okkur stálinu um það að fylgja henni sem fastast fram.

Það er í fullu samræmi við þáltill., að stjórnin beiti sjer fyrir þessu máli með þeirri festu og gætni, sem sæmir. Það vinst ekkert á með ofsa og ákefð, heldur verður að reyna að koma mönnum í skilning um, að nauðsynlegt sje, að friðun vissra svæða sjávarins komist á.

Það var talað mikið um það s. l. ár meðal þeirra þjóða, er hafrannsóknir stunda, að friða bæri nokkur svæði í Norðursjó, til hagsmuna fyrir þær þjóðir, er þar stunda fiskiveiðar. Og þegar bestu sjerfræðingar erlendis eru farnir að tala um þetta í fullri alvöru, þá fæ jeg ekki skilið, að það sje neinn vanþekkingarvottur, þótt Alþingi samþykki slíka þáltill. til stjórnarinnar.

Jónas Jónsson: Jeg vil skýra tvent fyrir hv. þm. Vestm. (JJós).

Umvending hans í þessu máli hlýtur að vera ný. Árið 1924 lýsti hv. þm. Barð. (HK) því átakanlega, að verstu landhelgisbrjótarnir væru Íslendingar. Og því hefir ekki verið mótmælt, að þessum lögbrotum er stjórnað úr landi með loftskeytum.

Í öðru lagi er hv. þm. (JJós) ekki ljóst, hvernig friðuninni á Morayfirði er háttað. Hann hjelt, að fjörðurinn væri friðaður fyrir öllum þjóðum. Ónei, hann er aðeins friðaður fyrir Englendingum sjálfum. Á þennan hátt mætti auðvitað friða Faxaflóa fyrir Íslendingum, og þarf engan að spyrja leyfis til þess.

Þegar hv. þm. (JJós) hefir athugað þetta, þætti mjer gaman að fá skýringu hans á því, hver nauðsyn sje að gera út þennan legáta til Englands.

Jóhann Jósefsson: Hv. 3. landsk. (JJ) hefir ekki gefið mjer upplýsingar um neitt það, er jeg vissi ekki áður.

Jeg talaði ekki mikið um friðun Morayfjarðar. Jeg vissi betur og fyr en hv. þm. (JJ), hvernig henni er háttað. Það er öllum vitanlegt, að Englendingar geta ekki bannað útlendingum veiðar í þeim firði utan landhelgi. En af hverju sem það er, þá er nú svo komið, að það er fátítt, að skip sjáist að veiðum í þeim firði.

Jeg tek þetta fram meðfram til þess að sýna fram á, að hv. 3. landsk. (JJ) er ekki svo kunnugur þessum málum sem hann lætur, og er kynlegt, að hann

skuli vera með aðdróttanir til annara um fáfræði í máli, sem hann veit sjálfur minst um allra hv. deildarmanna.

Forsætisráðherra (JM): Jeg finn ekki ástæðu til þess að svara hv. 3. landsk. (JJ), því að það hefir hv. þm. Vestm. (JJós) gert. Ef svo er, að fiskveiðar sjeu hjer meiri en annarsstaðar, þá ætti öllum þeim, er hingað sækja veiðar, að vera mikið í mun að vernda viðkomuna. Þetta er ljóst mál og öllum skiljanlegt.

Rannsóknir á fiskigöngum eru hjer skamt á veg komnar, en þær virðast þó sýna það, að nauðsynlegt er að verja vel landhelgina.

Hv. 3. landsk. (JJ) fanst það víst undarlegt, að við skyldum hugsa okkur að friða Faxaflóa, þegar Englendingar gætu ekki friðað Morayfjörðinn. Hv. þm. (JJ) ætti að vita það, að við getum ekki friðað Faxaflóa nema með samningum við Englendinga.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11:1 atkv.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 217).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 563).

10. Kaup á snjódreka og bifreiðum.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 5. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um kaup á snjóbíl (A. 92).

Á 21. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg get verið stuttorður um þessa tillögu, því að jeg hefi látið dreifa út með þskj. sjerprentaðri grein, þar sem tekið er fram flest af því, sem segja þarf um þetta mál.

Jeg vil taka það fram, að þessi bíll hefir aldrei verið reyndur hjer, en bílafirma það í Frakklandi, sem býr hann til, hefir sent hingað einn eða tvo venjulega bíla. Þetta firma er mjög stórt og þekt, svo að ekki mun þurfa að óttast, að hjer sje um neina blekkingu að ræða.

Sú er saga þessarar bifreiðar, að frá 1906 og fram á miðjan styrjaldartímann hafði rússneskur hugvitsmaður verið að gera tilraunir með bíla. Hann var forstöðumaður bílstöðva rússneska hersins. Honum þótti mikið við liggja að geta gert bíla, sem hægt væri að fara á allan veturinn yfir snjóbreiðurnar rússnesku. Hann var kominn nokkuð á leið með þessar tilraunir, þegar hann varð að flýja land. Fór hann þá til Parísar og komst þar í samband við þetta bílafirma. Síðan hefir tilraunum þess-

um miðað áfram, svo að nú síðustu árin hafa menn farið alveg ótrúlegar ferðir á þessum bíl, t. d. yfir þvera Sahara og nú í vetur frá Kaspíhafi til Indlands. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með hann í Alpafjöllum. Enginn vafi er á því, að slíkur bíll á erindi til okkar.

Ein uppgötvun úr stríðinu hjálpaði til að fullkomna þennan snjóbíl, en það voru „tankarnir". Það voru nokkurskonar bílar. Þeir, sem þekkja heysleðana, sem notaðir eru hjer á landi, geta skilið, hvernig snjóbíllinn gengur. Þar, sem eru afturhjól á venjulegum bílum, eru 6 hjól á snjóbílnum, og spannarbreið reim utan um þau úr gúmmí að utan, en einhverju sterkara efni að innan. Á þessu flýtur bíllinn. Jeg hefi og sjeð á myndum, að skíði eru sett undir framhjólin.

Jeg býst við, að ef þessu máli verður vísað til samgmn., sem eflaust verður gert, muni vegamálastjóri segja þar um álit sitt. Hann hefir fengið heimildir um bílinn frá sama stað og jeg. Áreiðanlega yrðu einhver not af þessum bíl, og finst mjer, að gjarnan mætti kosta 10 þús. kr. til þess að gera hjer tilraunir með hann. Sjálfur bíllinn mundi kosta um 7 þús. kr., en auk þess má búast við ýmsum smákostnaði í sambandi við þetta. Jeg hefi ekki sjeð slíka bíla sjálfur, en sonur eins af prófessorunum við háskólann hefir sjeð þá í Kaupmannahöfn og sagt, að auðvelt mundi vera að fara á þeim t. d. frá Borgarnesi til Blönduóss, eins og vegurinn er nú.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer þótti vænt um að heyra, að mál þetta verður athugað í nefnd, því að það mun þurfa athugunar við. Jeg hefi átt tal um þetta mál við vegamálastjóra. Hann hefir sjálfur skoðað bílategund þá, sem hjer er um að ræða, og verið farþegi á honum, og hann álítur, að þessi tegund sje tæpast sú rjetta til að bæta úr samgöngunum hjá okkur, t. d. austur yfir fjall, þar sem hann muni ekki vel til þess fallinn að fara yfir lausan snjó, nema þá mjög grunnan.

Hv. flm. (JJ) talaði um, að farið hefði verið á þessari tegund bíla yfir Sahara. En Sahara er að mestu leyti öldótt sandland, og mætti því kanske fara hjer yfir Sprengisand, en til þess þarf þá að brúa árnar. Helstu torfærurnar hjer eru hraun og keldur, fyrir utan árnar, og býst jeg ekki við, að bíllinn fari það. En þó að hann færi frá Borgarnesi til Blönduóss, finst mjer það ekki svo mikið; sá vegur er að mestu leyti akfær.

Bíll þessi er lítill, aðeins fyrir 4 menn, og vjelin fremur afllítil, en það, sem um er að gera, er að fá verulega vjelsterkan bíl, sem gæti rutt burtu fönn, en til þess er þessi bíll of kraftlítill. Þá ættum við heldur að fá bíl, sem stjórnin hefir verið að hugsa um og kostar um 25 þús. kr. Vegamálastjóri vildi fá fjárveitingu í fjárlögin 1927, en stjórninni þótti rjettara, ef af kaupum yrði, að kaupa þessa bifreið á yfirstandandi ári og tók því ekki þessa till. vegamálastjóra upp í fjárlagafrv.

Bifreiðartegund sú, sem hv. flm. (JJ) hefir mælt með, hefir ekki reynst vel í Noregi í snjó, og hefi jeg hjer í höndum brjef frá firma einu þar, sem hefir reynt hana. Segir firmað, að það noti hana sem venjulega bifreið og að það hafi tekið af henni þann útbúnað, sem átti sjerstaklega að gera hana hæfa til notkunar í snjó, en með snjó á

jeg við lausa fönn, því að á hjarni geta allar bifreiðar farið.

Flm. (Jónas Jónsson: Það er rjett skilið hjá hæstv. atvrh. (MG), að jeg geri ekki ráð fyrir, að þessi bíll, sem till. fer fram á að keyptur sje, verði notaður til flutninga á þungavöru, t. d. austur yfir Hellisheiði, svo að því leyti erum við sammála.

En þar skilur okkur líka, mig og hæstv. atvrh. (MG). Fyrir mjer vakir, að gerð sje hjer á landi tilraun með þennan bíl, sem reynst hefir ágætlega nothæfur á margskonar vegleysum víðsvegar úti í löndum og það á lítt bygðum svæðum. En af slíkri tilraun vill hæstv. atvrh. (MG) ekkert vita, og ef dæma má eftir orðum hans eins og þau fjellu, þá er ástæðan sú, að vegamálastjóri landsins hefir einhverja ofurtrú á því, að þessi bíll, sem jeg vil láta reyna, sje með öllu ónothæfur á vegleysum þeim, er Íslendingar hafa við að búa.

Jeg vil þá benda á, og því verður ekki neitað, að við, sem greitt höfum atkv. með hæstv. atvrh. (MG) um 5 þús. kr. styrk til þess að gera tilraun um að stífla Þverá, sem mjög ólíklegt er að komi að notum, þó að vegamálastjórinn hafi ráðlagt það, við, sem greiddum atkv. með því, höfum verið of auðtrúa í fjárveitingum okkar, ef það verður ofan á, að ófýsilegt sje að reyna það samgöngutæki, sem hæstv. atvrh. (MG) og vegamálastjóri bera ekki á móti að farið hafi verið á um víðari vegleysur en við þekkjum á okkar hálfruddu vegum, bæði í sveitum og sveita milli.

Vegamálastjóri hefir ekki fengið hæstv. atvrh. (MG) þau plögg í hendur, er sanna, að bíll þessi geti ekki komist yfir margskonar lendi á Íslandi. En svo er einmitt mörgum vegum okkar farið, að þó að þeir sjeu ófærir þeim bílum, sem við þekkjum enn, þá er sennilegt, að sá bíll, sem hjer er um að ræða, komist klaklaust eftir mörgum þeirra.

Jeg skal t. d. í því sambandi minnast á Landsveit. Síðastliðið sumar komst ekki bíll þangað upp eftir vegna lausasands og annars farartálma á veginum. Sama er að segja um fleiri sveitir í Rangárvallasýslu, að þó þar sje ófært venjulegum bílum, virðist margt benda á, að bíll, sem farið hefir yfir eyðimerkurnar í Afríku þverar og endilangar, geti komið að góðum notum víða hjer á landi.

Hæstv. atvrh. bygði andmæli sín gegn því að reyna þennan bíl á því, að honum væri ekki ætlað að flytja þungavöru. En við höfum fleiri þarfir í samgönguumbótastarfsemi okkar en þær, sem eingöngu miðast við þungavöruflutning. Og þótt vegamálastjóri leggi til að kaupa 17 þús. króna bíl til snjóruðnings á Hellisheiði, þá getur hann ekki gengið yfir Holtavörðuheiði á vetrum nje orðið notaður þar.

Hæstv. atvrh. (MG) þótti sá bíll of lítill, er jeg legg til að verði keyptur, af því að hann tæki aðeins 4 menn. En jeg vil þá bæta því við, að hingað til höfum við mikið notast við fjögra manna bíla, enda er það öllum kunnugt, að sá bíll, sem rutt hefir sjer mest til rúms um allan heim, er einmitt af þeirri stærð.

Mjer skilst, að þessi óvilji hæstv. atvrh. (MG) og ótrú hans á málinu sje komin frá vegamálastjóra, og þess vegna eigi að koma því fyrir kattarnef. En jeg geri nú samt ráð fyrir, að till. fái að komast til nefndar, og mun mjer

þá gefast tækifæri að ræða við þá hæstv. atvrh. (MG) og vegamálastjóra, þó jeg hinsvegar geri ekki ráð fyrir, að mikið verði að græða á því, sem þeir hafa fram að færa móti málinu, ef dæma á eftir þeim rökum, sem hæstv. atvrh. hefir hreyft hjer í dag.

Hæstv. atvrh. taldi það ekki mikið kraftaverk að komast í bíl norður á Blönduós, af því að margir vegarkaflar væru þegar akfærir á þeirri leið. Þetta þykir mjer samt því undarlegra, sem hann hlýtur að vita, að á þeirri leið þarf samkvæmt áætlun vegamálastjóra að kosta til of fjár að gera við vegleysurnar og bæta þá vegi, sem komnir eru, svo að fært geti talist öllum venjulegum bílum eða þeim, sem við höfum notast við hingað til.

Annars finst mjer, að setja megi athugasemd við, hvað sá maður hafi til þess að bera að vera vegamálastjóri landsins, sem legst á móti því, að reyndur sje hjer á landi bíll, sem óhrekjandi sannanir eru fyrir, að gefist hefir ágætlega í víðlendum eyðimörkum suður í Afríku. Og jeg leyfi mjer að bæta því við, að það þarf brjóstheilindi til og meiri vantrú en alment þekkist, að leyfa sjer að segja, að ekki megi veita 10 þús. kr. til þessa fyrirtækis, þegar áreiðanleg skilríki liggja fyrir, sem sanna, að í bíl þessum hefir verið farið um margfalt meiri og erfiðari vegleysur en við þekkjum. Sá vegamálastjóri, sem legst á móti jafnmiklu nauðsynjamáli, hann hlýtur að verða sjer til ævarandi minkunar, ef rjett er haft eftir honum af yfirmanni hans, hæstv. atvrh.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer finst ekkert athugavert við það, þó jeg játi, að jeg hafi upplýsingar mínar í þessu máli frá vegamálastjóra. En hitt veit jeg ekkert um, hvort hv. flm. (JJ) getur staðið við það, að vegamálastjóri verði sjer til minkunar fyrir það, sem jeg hafði eftir honum. En eftir því að dæma, sem hv. flm. fórust orð í framsöguræðu sinni, þá hefir hann aldrei sjeð þennan bíl og veit ekkert um hann annað en það, sem hann hefir lesið og sjeð um hann í auglýsingaritum frönskum, sem honum hafa borist, og eftir frásögn einhvers prófessorssonar hjer í Reykjavík, að mjer skildist. En móti þessu er skýrsla vegamálastjóra, sem þekkir bílinn bæði af sjón og reynd, því hann hefir að líkindum einn hjerlendra manna ferðast með honum. Jeg verð nú að segja það eins og það er, að mjer virðast gögn þessara tveggja manna ærið ólík. Hv. flm. (JJ) hefir aðeins sjeð myndir af bílnum og lofar hann, samkvæmt auglýsingameðmælum, á hvert reipi. Vegamálastjóri hefir ferðast í bílnum og komist að þeirri reynslu, meðal annars, að hann sje ónothæfur í lausasnjó.

Jeg skal játa það, að jeg skoðaði þetta sem snjóbíl, og studdist þar við orðalag tillgr. En nú vill hv. flm. leggja meiri áherslu á torfærur eða vegleysur á auðri jörð. Jeg get ekki talið Holtavörðuheiði vegleysu, eins og hv. flm. (JJ) vildi halda fram til stuðnings máli sínu, að þar mundi bíllinn gefast vel. Eins og jeg tók fram, þá skil jeg till. þann veg, að bíllinn, eftir frásögn hv. flm., sje jafnvígur í snjó og á vegleysum. Nú hefi jeg upplýst, samkv. skýrslu vegamálastjóra, að bíllinn komist ekkert áfram í lausasnjó. Hann

kemst þá því aðeins yfir Holtavörðuheiði að vetrarlagi, að harðfenni sje, en það geta allir bílar.

Jeg viðurkenni ekki, að frá mjer hafi andað neinum kulda gegn þessu máli, þó jeg hafi skýrt hjer frá upplýsingum, sem opinber starfsmaður landsins ljet mjer í tje um málið, og það einmitt sá maðurinn, sem stjórninni er skylt að leita til, þegar um samgöngur innanlands er að ræða. Enginn getur ætlast til, að stjórnin segi já og amen við hverju nýmæli, áður en hún hefir leitað sjerfræðinga þeirra, sem hún hefir sjer til aðstoðar.

Þess vegna kemur mjer dálítið á óvart, að hv. flm. (JJ) firtist við mig, þótt jeg segi frá upplýsingum þeim, sem ráðunautur stjórnarinnar í þessu máli hefir gefið mjer. Sjálfur hefi jeg ekki, fremur en hv. flm. (JJ), sjeð þennan bíl, öðruvísi en í auglýsingaritum, sem enginn hörgull er víst á.

Annars finst mjer óforsvaranlega hart að kveðið hjá hv. flm. (JJ) að telja vegamálastjóra ekki færan um að gegna starfi sínu framvegis, fyrir það eitt, að vilja ekki gleypa við þessari flugu flm. að órannsökuðu máli. Og sjerstaklega hart tel jeg þetta af því, að jeg ber hið besta traust til þessa embættismanns og tel, að hann standi mjög vel í sinni stöðu.

Einar Árnason: Mjer þykir vænt um, að till. þessi er fram komin. Hún er þó tilraun í þá átt að leysa úr þeim samgönguvandræðum, sem menn eiga við að búa í snjóasveitum landsins.

Það kann vel að vera, að sumir geri sjer ef til vill fullháar hugmyndir um það, að með tilraunum þessum verði leyst úr vandræðum snjóasveitanna, en það virðist mjer þungamiðja málsins, að hjer sje stefnt í rjetta átt, hvað svo sem reynslan kann um það að segja á sínum tíma.

Mjer skildist á hæstv. atvrh. (MG), að hann hefði enga trú á þessum bíl. Hinsvegar skýrði hann frá, að samkv. bendingu vegamálastjóra mundi verða keyptur stærri og þá um leið margfalt dýrari bíll, til þess að sópa snjó af vegum og greiða með því fyrir öðrum bílum, að mjer skildist, sem á eftir koma.

Jeg geri nú ráð fyrir, að þetta geti að einhverju gagni komið, og þá að líkindum í snjóleysinu hjer sunnanlands, en hitt þykist jeg vita fyrirfram, að þessi bíll verður ekki til að bjarga snjóasveitunum á Norður- og Austurlandi. Þau hjeruð verða jafnilla stödd eftir sem áður.

Þess vegna vona jeg nú, að hv. deild mæli með því, að lagt sje út í það að eyða 10 þús. kr. til þess að ganga úr skugga um atriði, sem deilt er um og orkar mjög tvímælis, það atriði, hvort þessi bíll muni koma snjóasveitunum að liði eða ekki

Trúleysið kann að sigra í bili, en kröfurnar verða ekki þagðar í hel. Þær koma áreiðanlega aftur, rísa þá upp öflugri og ákveðnari og heimta, að þetta verði reynt.

Við eyðum árlega hundruðum þúsunda í vegi og erum þó skamt komnir með þá enn. Og þrátt fyrir alla vegagerðina er þó helmingur landsins vegalaus fast að því 6—7 mánuði á ári. Þá liggja þeir undir snjó og koma engum að haldi. Þess vegna væri mikið fengið, ef okkur auðnaðist að finna það samgöngutæki, er við gætum bæði notað í

snjóasveitunum á vetrum og í öðrum vegleysum, sem við höfum áreiðanlega nóg af.

Annars ætla jeg ekki að lengja umr. frekar. Jeg býst fastlega við, að málið fái að ganga til nefndar, og gefst þá betra tóm til nánari athugana.

Flm. (Jónas Jónsson): Hæstv. atvrh. (MG) hefir tekið svo í málið, að mjer getur ekki blandast hugur um, að hann sje á móti því. Og álit sitt segist hann byggja á sjerfræðingi. Jeg skal játa, að það sje nauðsynlegt að byggja stundum á áliti sjerfræðinga, en vitanlega fer það eftir því, hvað áreiðanlegur hann hefir reynst í áætlunum sínum, sjerfræðingurinn, hvort álit hans hefir staðist rök reynslunnar. Sje það ekki, er ástæðulaust að fylgja honum í blindni. Og nú vil jeg nefna dæmi, þar sem þingið beinlínis gekk á móti áliti þessa sjerfræðings, sem hæstv. atvrh. (MG) vill nú byggja á alla sína visku, og samþykti að haga stóru verki á alt annan hátt en vegamálastjóri hafði lagt til að það skyldi gera. Þetta dæmi er fárra ára, og þó að hæstv. atvrh. væri þá ekki ráðherra, geri jeg ráð fyrir, að honum sje þó kunnugt um, að vegamálastjóri hafði lagt til að viðhafa aðra aðferð til þess að halda Þykkvabæjarvötnunum í skefjum en þingið samþykti. Vegamálastjóri ætlaði að þrengja að vatninu í Djúpós með þeim hætti að hlaða kampa beggja vegna og halda svo opnum ál í miðjunni. Á þessu hafði ekki einn einasti bóndi í Þykkvabæ nokkra trú. Þó að þeir væru ekki sjerfræðingar, vissu þeir þó betur og skildu en vegamálastjóri, að állinn myndi dýpkva, grafa undan görðunum og stíflurnar hrynja. Þeir sáu, þessir leikmenn, að hjer var um svo stórkostlega vitleysu að ræða hjá vegamálastjóra, að hann mætti ekki komast upp með hana. Þeir sneru sjer til þingsins og fengu sínu framkvæmt. Heilbrigð skynsemi leikmanna sigraði, en sjerfræðingur stjórnarinnar varð að láta í minni pokann. Ósinn var teptur, eins og bændur höfðu talið einu leiðina, og nú hefir komið á daginn, að með þessu verki hefir tekist að gera það gagn, sem ætlast var til í upphafi.

Vitanlega er jeg ekki þar með að segja, að alt sje vitlaust, sem sjerfræðingar gera, þó að hjer sje um óhrekjandi dæmi að ræða, að fjöldinn vissi betur en sá eini, sem ráða átti fyrir fjöldann. En jeg nefndi þetta sem sönnun þess, að jafnvel lærðum sjerfræðingum getur yfirsjest, og að heilbrigð skynsemi leikmanna á þá heldur að ráða. Og það mætti eflaust nefna fleiri dæmi þess, að sumar áætlanir þessa sjerfræðings stjórnarinnar og álit hans hafa ekki haft við rök að styðjast, þegar reynslan fór að dæma verk hans. En því ætla jeg að sleppa að þessu sinni.

Hæstv. atvrh. (MG) fer villur vegar, ef hann heldur, að jeg hafi aðeins við „reclame"-rit að styðjast hvað upplýsingar mínar snertir á þessum bíl. Hann veit ekkert um, hvaðan jeg hefi heimildir mínar, eða hverjar þær eru. Allir sæmilega mentaðir menn vita, að í þessum bílum er búið að fara mörg þúsund km. yfir eyðimerkur og vegleysur. Það er þeim, sem skjátlast, en ekki mjer, og á meðan þeir geta ekki ósannað skýrslu mína, verða þeir að þola, að jeg segi, að þeir hafi á röngu að standa.

Hvað Holtavörðuheiði snertir, þá held jeg mjer við það, sem jeg sagði fyr, að hún er vegleysa fyrir þá bíla, sem við höfum hingað til vanist. Að

minsta kosti fullyrði jeg, að enginn af þeim bílum, sem nú eru í landinu, geti komist yfir hana.

Það, sem mjer finst að vaki fyrir þeim báðum, hæstv. atvrh. (MG) og vegamálastjóra, er það, að þeir álíti, að allar samgöngur eigi að miðast við það eitt, að svo og svo mikið af smjöri og heyi geti flust hingað til Reykjavíkur austan yfir heiði. Þess vegna sjá þeir ekki nema Hellisheiði og miða allar samgöngubætur við þann veg. Þar á hann líka að notast, þessi 17 þús. kr. snjóplógur, sem þeir vilja nú láta kaupa.

Ef hæstv. atvrh. (MG) les sæmilega vel þetta mál, þá ætti honum að vera ljóst, að sjálfsagt sje að gera tilraun með þennan bíl hjer á landi, sem gefist hefir jafn-vel á margskonar vegleysum erlendis og jeg hefi bent á. Jeg hefi nefnt þennan bíl snjóbíl, af því að hann er notaður í snjó, en það má vel vera, að kalla mætti hann eitthvað annað og miða það við vegleysurnar.

Það var rjettilega tekið fram hjá hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að við höfum ekki ráð á öðru en að reyna öll þau samgöngutæki, sem nokkur von er um, að geti komið hjer að gagni. Þess vegna endurtek jeg þá ósk mína, að till. fái að ganga til samgmn. og athugast þar áður en síðari umr. verður.

Eggert Pálsson: Jeg skal fúslega viðurkenna, að hjer er ekki um þá upphæð að ræða, að ástæða sje til að telja hana eftir, ef nefndin felst á að mæla með henni, svo um það ætla jeg ekki að tala.

En það var viðvíkjandi því, sem hv. flm. (JJ) sagði um Djúpós-fyrirhleðsluna, að jeg fann ástæðu til þess að standa upp. Jeg hefi altaf heyrt því haldið fram af kunnugum mönnum, að það hafi verið meining vegamálastjóra frá upphafi að hlaða í ósinn eða teppa hann á líkan hátt og gert var. En hann vildi ekki láta það álit sitt uppi opinberlega, vegna þess, að hann gat átt á hættu, að verkið strandaði. Því hefði hann látið uppi, að teppa ætti í ósinn, þá mátti búast við, að Vestur-Landeyingar yrðu á móti því, og færðu sem ástæðu fyrir því, að vatnið mundi flæða inn í Valalæk og spilla til stórra muna víðáttumiklu engjaflæmi. Þetta hefi jeg eftir mönnum, sem töluðu einslega við vegamálastjóra og töldu einmitt, að honum hefði farist viturlega, að láta ekkert uppi um hinar endanlegu fyrirætlanir sínar. Mjer fanst ástæða til að skýra frá þessu, en sel það vitanlega ekki dýrara en jeg keypti.

Annars geri jeg ráð fyrir, að málið fari til nefndar, og verður nefndin þá, eftir þeim gögnum, sem fram koma, að skera úr, hvort bíll þessi muni okkur hentugur eða ekki.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer fanst hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) tala eins og þegar væri sannað, að þessi ákveðna bifreiðategund væri til þess fallin að leysa samgönguvandræði okkar. Það, sem jeg sagði um hana í byrjun, fanst mjer þó ekki á þá lund, að sjálfsagt væri að sannfærast um ágæti hennar. Hins vegar skal jeg taka það fram, að ef það reynist ekki á rökum bygt, sem jeg sagði, og bíllinn dæmist vel fallinn til þess að leysa úr vandræðum okkar, þá skal ekki standa á mjer að hverfa að því ráði, að hann verði keyptur.

En hitt taldi jeg mjer skylt, að skýra

frá því, sem ráðamaður stjórnarinnar sagði um þetta mál. Vegamálastjóri hefir að líkindum einn hjerlendra manna farið í þessum bíl. Það var í hitteðfyrra við Holmenkollen í Noregi, að öllum vegamálastjórum á Norðurlöndum var boðið að taka þátt í reynsluför, sem farin var á þessum bíl. Frá dómi þessara sjerfræðinga hefi jeg skýrt og tel óþarft að endurtaka það. Nú má það undarlegt vera, ef allir þessir menn hefðu verið jafnófærir að dæma um farartæki þetta, eða t. d. Svíar hafi verið svo blindir að dæma þann bíl óhæfan, sem nú er fullyrt að geti bjargað okkur út úr öllum vandræðum. **(JJ:** Jeg sagði ekki öllum). Nei, það kann nú ef til vill að vera fullmikið sagt, en jeg átti við vandræði af flutningum í snjó.

Þegar jeg sagði, að hv. flm. (JJ) þekti ekki mikið til þessa farartækis, þá fór jeg eftir hans eigin orðum, því hann margtók það fram, að hann hefði aldrei sjeð bílinn öðruvísi en á mynd. Hitt veit jeg, að útbýtt hefir verið hjer í bænum ógrynnum af frönskum auglýsingum um þennan bíl, og finst mjer síst ósennilegt, að hv. flm. hafi borist eitthvað af þeim.

Þá er það vegleysan á Holtavörðuheiði. Jeg held mjer við það sama og áður, að kalla þar veg, en ekki vegleysu. Hitt er líka rangt hjá honum, að jeg miði alt við Hellisheiði og þá flutningaþörf, sem þar er um að ræða. En hinsvegar vil jeg benda honum á það, að sá bíll, sem fer yfir Hellisheiði í snjóavetrum, hann hlýtur að reynast líka nothæfur á Holtavörðuheiði.

Annars verð jeg að endurtaka það, sem jeg sagði fyr, að eigi gagn þessa bíls að reiknast eftir því, hvað nothæfur hann reynist á auðri jörð og vegleysum, þá er rangt að nefna hann snjóbíl. Hv. flm. hefir því sjálfur horfið frá snjóbílshugmyndinni, og mun það betur farið; en hann ætti ekki að stökkva upp á nef sjer yfir því, þótt jeg leiði hann á rjettar brautir.

Um Djúpós-fyrirhleðsluna veit jeg ekkert, hvað hv. flm. (JJ) hefir fyrir sjer. Þetta, sem hann var að dylgja um, er mjer algerlega ókunnugt, á hvaða rökum sje bygt, en jeg get spurt vegamálastjóra um það. **(JJ:** Jeg veit miklu fleira um Djúpósmálið). Hv. flm. getur varla haldið því fram í alvöru, að hann viti betur um fyrirætlanir vegamálastjóra en vegamálastjóri sjálfur.

Annars skal jeg segja það, að ef hv. flm. getur sannfært mig um, að hjer sje um verulega nothæft farartæki að ræða, sem telja megi víst að komi að gagni hjer í landi, þá skal jeg verða fyrstur til þess að taka höndum saman við hann og samþ. kaup ríkissjóðs á þessum bíl. En á meðan jeg sannfærist ekki og hv. flm. hefir ekki merkari rök fram að færa máli sínu til stuðnings, þá finst mjer enginn geta láð mjer, þótt jeg hallist fremur að því, sem vegamálastjóri segir mjer, auk þess sem jeg tel mjer skylt að gera hv. deild kunna skýrslu þessa trúnaðarmanns stjórnarinnar.

Flm. (Jónas Jónsson): Að jeg nefndi Djúpós, var af því, að jeg vildi með dæmi sýna, að það er ekki altaf tryggilegt að treysta sjerfræðingunum. Nú hefir hv. 1. þm. Rang. (EP) játað, að vegamálastjóri hafi í fyrstu ætlað að hlaða fyrir ósinn, en ekki þorað að láta það uppi.

En hann bætti því við, að verkfræðingurinn hefði leynt menn því, hvað

hann ætlaði að gera. En það sjá allir, að enginn getur um það vitað, nema sá alvísi, þegar annað er sagt en það, sem hugsað er. En flesta mun gruna, að þessi frásögn um leynifyrirætlanir í sambandi við Djúpós sje tómur skáldskapur. Það var nefnilega engin ástæða til að leyna þessu, einmitt því, sem kunnugu mennirnir á staðnum heimtuðu.

Jeg vil nú leyfa mjer, alveg án þess að ætla mjer að erta nokkurn mann, að benda hv. 1. þm. Rang. (EP) á, hvað kyrstöðumönnunum getur yfirsjest. Hann lýsti því með sterkum orðum á þinginu 1913 eða 1914, að óhugsandi væri, að bændur í Rangárvallasýslu gætu nokkurn tíma haft gagn af bílum. Hvern gat grunað það þá, hve geysimikla þýðingu vöruflutningabílar mundu koma til með að hafa fyrir bændur þar eystra? (**EP**: Jeg veit ekki betur en að jeg hafi altaf verið með því að styrkja bílana). Jeg skal sýna hv. þm. það einhvern tíma seinna, hvað hann hefir sagt um þetta. Annars get jeg þessa ekki hjer til þess að erta hann, heldur til þess að sýna yfirboðara hans, hæstv. atvrh. (MG), hve hættulegt og varasamt það getur verið að vera vantrúaður á nýjungar. Hæstv. ráðh. sagðist vera til með að fylgja þessari till., ef það væri sannað, að gagn yrði að. En það situr illa á hæstv. ráðh. að segja þetta, þar sem hann hefir „bóndafangað" deildina til þess að greiða atkvæði með 5 þús. kr. fjárveitingu til nets yfir Þverá, sem mjög litlar líkur eru til að komi að nokkru gagni. Jeg greiddi atkvæði með því sem tilraun, af því að mál þetta er stórt, og móti ágangi Þverár má ekki láta nokkurt ódýrt úrræði ónotað.

En jeg fæ ekki betur sjeð en að þeir, sem greiddu atkvæði með því að veita 5 þús. kr. til nets yfir Þverá, geti einnig staðið sig við að veita 10 þús. kr. til þess að kaupa þennan snjóbíl, því að áreiðanlega eru meiri líkur til, að hann komi að gagni, heldur en vírnetið í Þverá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer finst, að Þverárnetið komi þessu máli lítið við, en jeg skal þó taka það fram, að ef vegamálastjóri segir, að það sje tilgangslaust að fylgja fram þeirri styrkveitingu, þá mun það ekki gert, þótt heimildin sje fengin. Það, sem hræðir mig mest viðvíkjandi þessum snjóbíl, sem reyndar samkvæmt umræðunum á helst að nota á auðri jörð, er það, að búið er að reyna hann í hjeruðum, sem ekki eru ósvipuð og hjer, og þar hafa þeir ekki reynst vel. Norska fjelagið er hætt við þá. Og þar við bætist, að vegamálastjóri, sem líka hefir reynt þá, hefir enga trú á þeim. Jeg fæ ekki betur sjeð en að taka verði mikið tillit til þessa.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv og til samgöngumálanefndar með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 19. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 92, n. 366).

Frsm. (Einar Árnason): Af nál. á þskj. 366 sjest, hvaða afstöðu nefndin

hefir tekið til þessarar till., og jafnframt eru í nál. færð rök fyrir því atriði, sem nefndin vill bæta við tillöguna.

Við fyrri umr. varð dálítið karp á milli háttv. flm. (JJ) og hæstv. atvrh. (MG) um gagnsemi þeirrar bifreiðar, sem tillagan ræðir um, og aðallega er sú tegund bifreiða, sem fjelagið Citroën býr til. Nú verður því ekki neitað, að þessi gerð bifreiða hefir verið notuð til margra merkilegra hluta. Það hefir verið farið í henni yfir vegleysur og eyðimerkur, bæði í Asíu og Afríku, auk þess sem hún hefir mikið verið notuð í fjalllendi Suður-Evrópu. Jeg hefi nýlega talað við tvo menn, sem fyrir skömmu komu hingað heim aftur úr ferð um Frakkland. Þeir höfðu gert sjer far um að kynna sjer þessar bifreiðar, til þess að geta gert sjer hugmynd um, að hvaða gagni þær mættu koma hjer á landi, og þess vegna höfðu þeir talsvert ferðast í þessum bifreiðum. Álit þessara tveggja manna er á þá leið, að þessar bifreiðategundir mundu víða geta komið að notum hjer á landi, jafnvel þótt yfir vegleysur væri að fara. Þannig töldu þeir t. d., að auðvelt mundi verða að komast í þeim frá Akureyri til Húsavíkur, eins og vegurinn þar á milli er nú, en báðir eru mennirnir kunnugir á þessum slóðum.

Eins og flestum mun vera kunnugt, er Vaðlaheiði bæði há og brött, og vegurinn yfir hana er nær ófær vögnum og alófær venjulegum bifreiðum. Þessir menn töldu, að engin vandkvæði mundu verða á því að fara í Citroën-bifreiðum yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð og Bárðardal, ef aðeins brúin yfir Skjálfandafljót væri fær yfirferðar.

Þá kem jeg að þeirri spurningu, að hvaða gagni þessar bifreiðar mundu koma í snjóþyngslum. Um þetta atriði er enn þá miklu minni reynsla fengin en á snjólausu landi. En þessar bifreiðar hafa líka verið ætlaðar til ferðalaga í snjó, og því er eigi nema eðlilegt, að við hjer á landi veitum því athygli, ef þetta kynni að takast. Slíkra farartækja mundi verða mikil þörf víða hjer á landi á vetrum, þar sem snjóþungt er.

Af þeim upplýsingum, sem hingað til hafa fengist, hafa menn ályktað það, að þessi farartæki gætu ekki komið að tilætluðum notum nema í mjög grunnum eða þá hörðum snjó. En nú er þess að gæta, að víða er verið að gera tilraunir með bifreiðar af annari gerð en Citroën-bifreiðarnar, og er þeim bifreiðum ætlað að ganga í snjó; og vegamálastjóri getur þess í skýrslu, sem nefndin fjekk í hendur, að í Noregi sje verið að gera tilraunir með beltaumbúnað, sem megi setja á miklu kraftmeiri bifreiðar en Citroën-bílana. Nefndin taldi því rjett, að máli þessu væri haldið vakandi með því að heimila stjórninni að verja fje úr ríkissjóði til að kaupa bifreiðar, sem ætla mætti að hjer gætu komið að notum, bæði á snjó og snjólausu. Vitanlega verður þetta alt að vera undirorpið áliti sjerfræðinga, ef til eru, en vegamálastjóri ríkisins mun þegar hafa fengið nokkra þekkingu á þessum málum, enda er hann því hlyntur, að keypt verði eitthvað af farartækjum þessum, ef álitið verði, að þau geti komið hjer að einhverjum notum.

Þá vill nefndin bæta við tillöguna ákvæðum um kaup á tækjum til að ryðja snjó af vegum, svonefndum snjódrekum eða snjóplógum. Af þeim eru tvær tegundir til, önnur þung og fyrirferðarmikil, hin minni og ljettari. Enda þótt jeg viti það ekki með vissu, hygg jeg þó,

að þegar hafi verið keyptur hingað til landsins einhversháttar ljettur snjóplógur, en lítil reynsla mun vera fengin með hann enn þá. En hafi það gengið illa, liggur nærri að ætla, að annaðhvort hafi snjóplógur þessi verið of veigalítill, eða að bifreiðin, sem átti að knýja hann áfram, hefir ekki verið nógu aflmikil. Snjódrekunum ætla jeg ekki að lýsa neitt nánar, en í nál. eru dálitlar upplýsingar frá vegamálastjóra um snjódrekana, sem nú eru farnir að ryðja sjer til rúms í Noregi og Svíþjóð. Þar hafa þeir gefist vel, en til þeirra þarf miklu sterkari aflvjelar en hjer hafa þekst í venjulegum bifreiðum.

Í þessu sambandi má geta þess, að bifreiðar þessar, sem eru nokkuð dýrar, má nota til fleiri hluta en knýja áfram snjódrekana. Vegamálastjóri hefir bent á, að mjög heppilegt mundi vera að nota þær við vegagerð víða á Suðurlandi. Þær væru hentugar mjög til þess að flytja möl til ofaníburðar í vegi, þar sem flutningur er langur á mölinni. Bæði má flytja á bifreiðunum sjálfum og láta þær draga malarvagna. Það má gera ráð fyrir, að bifreiðar þessar geti komið að ýmsum notum hjer, þar sem aflmikilla dráttartækja er þörf. Þessu til frekari árjettingar vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa hjer nokkur orð upp úr skýrslu vegamálastjórans:

„Bifreiðin, sem hjer er farið fram á að fá fje til að kaupa, mundi aðra tíma árs verða notuð aðallega til malarflutninga í vegi hjer sunnanlands, sjerstaklega þar sem langt er að flytja mölina. Mun hún geta haft annan vagn í eftirdragi, en sjálf flytja nær þrefalt hlass á móts við þær malarbifreiðar, sem nú eru notaðar. Er því sýnt, að hún mundi koma að fullum notum og fást með henni ódýrari flutningur, sjerstaklega þar sem langt þarf að sækja mölina".

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Tillagan er aðeins heimild, sem stjórnin notar, ef hún telur þess vert og að hjer sje um framfarir eða samgöngubætur að ræða. Nefndin vildi ekki draga úr því, að alt væri reynt, sem hægt er, til að greiða fyrir bættum samgöngum hjer á landi að vetrinum, og leggur því til, að tillaga þessi verði samþ. með þeim breytingum, sem nefndin hefir gert á henni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg held, að jeg hafi tekið það fram við fyrri umræðu þessa máls, að það hefði komið til orða að kaupa sterka bifreið með snjóplógi á þessu ári, ef tiltækilegt virðist að nota þá hjer á landi, og hafði jeg löngu áður en till. þessi kom fram átt tal um það við vegamálastjóra. En í vetur hefir svo að segja altaf verið fært venjulegum bílum austur yfir Hellisheiði, svo að ekki hefir orðið úr þessu, þar sem tilætlunin var að reyna þetta farartæki á þeim kafla. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að ræða um þessa till., en vísa til þess, sem jeg sagði um hana við fyrri umr. Verði það upplýst, að snjóplógar geti komið hjer að gagni, er sjálfsagt, að þeir verði keyptir, og sömuleiðis er ekkert á móti því að reyna hinar bifreiðarnar, ef þær þykja einnig tiltækilegar, úr því að ekki þarf að verja til þess meiru en 10 þús. krónum.

Jónas Jónsson: Jeg get lýst ánægju minni yfir meðferð háttv. nefndar á þessari þáltill. minni, og um viðbótina,

um snjódrekana, get jeg sagt það, að það væri mjög æskilegt að fá slíkt áhald hingað, til að halda opnum veginum til Hafnarfjarðar hjeðan úr Reykjavík og austur yfir fjall að vetrinum. Jeg vil aðeins láta stjórnina vita um, að ræðismaður Frakka hjer á landi hefir sýnt mjer brjef og leyft mjer að segja hjer frá því, að verksmiðja sú í Frakklandi, sem býr til snjóbíla og beltabifreiðar, væri fús til að senda hingað eina bifreið til reynslu og mann með henni, til að kenna mönnum að fara með. Mjer þykir líklegt, að ræðismaðurinn hafi skrifað henni og sagt frá því, að hjer væri þörf á að fá slíkar bifreiðar, og þess vegna mundi verksmiðjunni hagur í því að senda hingað vjelfróðan mann til að kenna mönnum hjer rjetta meðferð á þeim bifreiðum, sem fyrstar yrðu keyptar hingað. Jeg dreg ekki í efa, að það er rjett, sem hæstv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði, að hjer mundi víða hægt að nota beltabifreiðar með góðum árangri, eins og nú hagar til t. d. á Norðurlandi.

Það mundi verða mikið hagræði í því að geta ferðast á þennan hátt frá Húsavík til Akureyrar, eða frá Akureyri til Sauðárkróks, þó að menn yrðu lengur á leiðinni en í venjulegum bílum á góðum vegum.

ATKVGR.

Brtt. 366,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 366,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Till. til þál. um kaup á snjódreka og bifreiðum.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 385).

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 23. apríl, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., fimtudaginn 29. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 385, n. 544).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg þarf ekki að tala mörg orð fyrir áliti nefndarinnar. Vegamálastjóri telur rjett að samþ. till., því verða megi, að í náinni framtíð fáist reynsla fyrir því, að svona fartæki geti orðið hjer að notum, þótt enn sem komið er sje engin slík reynsla fengin. Nefndinni fanst ekki ástæða til þess að vera á móti till., þar sem hún treystir stjórninni til að verja ekki fje í þessu skyni, nema líkur sjeu til, að það komi að gagni.

Leggur hún því til, að þessi þáltill. verði samþ.

ATKVGR.

Till. samþ. með 17 : 2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 575).

11. Slysatryggingariðgjald.

Á 67. fundi í Nd., laugardaginn 1. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um greiðslu á slysatryggingariðgjaldi skipverja, er taka hlut af afla eða hundraðsgjald (A. 465).

Á 68. fundi í Nd., mánudaginn 3. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. og 74 fundi í Nd., dagana 6. og 8. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þessi þáltill. er flutt vegna þess, að deildin feldi það frv., sem jeg bar fram til breytingar á slysatryggingarlögunum. Hinsvegar er það svo, að stjórn slysatryggingarsjóðsins telur, að þessi eigi að vera framkvæmd laganna, þar sem hásetar taka hlut eða hundraðsgjald af afla.

Jeg veit, að hv. þm. er málið kunnugt, og ætla því ekki að tefja deildina með lengri framsögu.

Jón Baldvinsson: Mjer skilst, að þetta sje það sama og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) flutti hjer á dögunum í frumvarpsformi. Og jeg tel sennilega nokkurn vafa á, að till. þessi megi koma til atkv. nú, þar sem efni hennar er falið í frumvarpsformi áður. Þar að auki fer þessi till. fram á annað og meira en hægt er að gera sjer í hugarlund, að stjórnin geti framkvæmt, ef hún ætlar sjer jafnframt að láta ákvæði slysatryggingarlaganna í gildi vera.

Orðalag till. er að vísu dálítið óákveðið. Þetta virðist geta átt við þá, sem taka kaup að nokkru, en hlut að nokkru. Þannig er ástatt um háseta botnvörpuskipanna, sem hafa ákveðið mánaðarkaup, en að auki lifrarhlut. Jafnframt mundi þetta ná til skipstjóra og stýrimanna, þar sem þeir hafa hundraðsgjald af afla. Svo þetta skilst mjer vera alt saman þvert á móti því, sem ákveðið er í lögunum. Það eina, sem ágreiningur er um í slysatryggingarlögunum, er það, hvort ákvæði þar megi skilja þannig, að menn, sem einungis eru upp á hlut, en ekki er goldið kaup öðruvísi, eigi ekki eða megi ekki greiða iðgjald fyrir sig til slysatryggingar.

Þess vegna sýnist mjer, að þessi hv. deild, sem hefir áður felt frv., sem fór fram á alveg það sama, geti ekki heldur samþ. þessa till., nema að komast í ósamræmi við sínar eigin ályktanir. Á því byggi jeg, að slík tillaga sem þessi ætti ekki að koma til atkv.

Mjer þykir leitt, að hæstv. atvrh. (M-G) getur ekki verið viðstaddur umræðurnar, því þegar við ræddum um sam-

hljóða frv. á dögunum, vildi hann láta líta svo út, að jeg hefði talað fyrir því í fyrra, að breyta mætti lögum um slysatryggingar með einfaldri þál. Þetta er alveg rjett hjá hæstv. ráðh. En það bygðist á því, að allshn. flutti þá brtt. við 21. gr. frv., er var til meðferðar á þinginu í fyrra, að hægt væri að taka upp nýja flokka tryggingarskylda, þegar stjórn slysatrygginga og ríkisstjórnin sæi sjer fært. Þá mun jeg hafa getið þess, að ekki væri annað en flytja þáltill. um að bæta við nýjum tryggingarflokkum og auka þannig starfssvið laganna, ef landsstjórnin ekki fengist til slíkra breytinga. Þessi till. allshn. var samþ. í Nd., en feld í Ed., sem áleit ekki rjett að rýmka um þetta. Svo að alt þetta tal hæstv. ráðherra (MG) fellur niður sem ástæða gegn mjer um það, að þessi till. megi nú komast að. Því nú er heldur engin heimild til þess í lögunum, að neinu verði breytt með reglugerð, svo sem tillaga allsherjarnefndar í fyrra gerði ráð fyrir. Jeg vil því skora á hv. þingmenn að samþ. ekki þessa till., fyrst og fremst af því, að hún fer beint í bága við það, sem hæstv. stjórn getur gert eftir lögunum, ef þau eiga að standa óbreytt, en ekki síst vegna þeirra skýringa, sem jeg fjekk á frv. á dögunum hjá flm. þess (JAJ), þar sem gert var ráð fyrir, að þetta næði til togaraháseta, af því að þeir fengju lífrarhlut og teldust því til þeirra, er fengju hlut af afla, og bæri því skylda til að greiða tryggingariðgjöld sín sjálfir.

Þessi till. stríðir á móti því, sem búið er að fella nýlega í hv. deild. Í öðru lagi stríðir hún á móti því, sem gildir um það, sem stjórnin hefir heimild til að breyta í lögunum með reglugerð. Þessar ástæður gera það að verkum, að jeg álít, að ekki eigi að samþ. þessa till., ef henni annars verður ekki vísað frá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg þarf ekki mikið að segja um þessa till., því að jeg hefi lýst afstöðu minni til hennar í öðru tilefni og get vísað til þess. Jeg skal aðeins geta þess, að jeg tel vel geta samrýmst lögunum að gera þessa breytingu, sem farið er fram á, eins og jeg tók áður fram, þegar samskonar atriði var til umræðu. En þá mun ekki þetta atriði hafa getað komið til atkvæða, af því að málinu var vísað til stjórnarinnar, ef jeg man rjett. **(JBald:** Það er að fella frv.). Það er að vísa því til stjórnarinnar. Þar af leiðir, að jeg get ekki betur sjeð en að þessi till. geti komið til atkv.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Það lítur út fyrir, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vilji halda fram, að hans skilningur skuli vera skoðaður sem einhver yfirþingsköp eða sem lög. En það tel jeg vera ofmetnað einn, að láta svo um mælt hjer í hv. heild.

Þetta, sem liggur fyrir, hefir ekki verið felt af deildinni. Jeg bar fram frv. um það að undanskilja einn flokk, sem nú er tryggingarskyldur; í öðru lagi um það að breyta iðgjaldagreiðslu sjómanna, einnig þeirra, sem hjer um ræðir, þannig, að ríkissjóður greiddi ákveðinn hluta af iðgjaldinu, útgerðarmenn og hásetar sömuleiðis vissan hluta. Það er dálítið annað en það, sem hjer er farið fram á. Þó að í hv. deild hafi verið felt, að ríkissjóður skyldi taka þátt í iðgjaldagreiðslu vissra tryggingarskyldra flokka innan sjómannastjettarinnar, þá veit jeg, að hv. deild ætlar sjer ekki að fella það, að

smáútgerðarmenn, sem ekki eru færir um að borga þetta iðgjald, skuli ekki skyldaðir til þess. Stjórn slysatryggingarsjóðsins lítur svo á, að þetta sje hægt að gera og eigi að gera án nokkurra lagabreytinga. Hjer er því aðeins verið að tala um að skora á stjórnina að fylgja þeim skilningi á slysatryggingarlögunum, sem stjórn sjóðsins álítur rjettan vera.

Hártoganir hv. þm. (JBald) duga ekki. Það verður aldrei álitið, að sá maður vinni fyrir hlut eða hundraðsgjaldi, sem er kaupamaður. Jeg hefi aldrei heyrt það nefnt, þó að einhver hafi fengið stúf eða eitthvað svoleiðis, eða lifrarhlut af togara. Lifrarhlutur er ekki hundraðshlutur af afla, það læt jeg hv. þm. vita, hafi hann ekki vitað það áður. (**JBald:** Það er hlutur af afla.) Það er allur lifraraflinn. (**JBald:** En lifrin er hlutur af afla). Já, jeg held, að málvenjan sje ekki sú, að sá, sem fær t. d. svokallaðan stúf, á Vestfjörðum, geti bæði verið kaupamaður og líka róið upp á hlut. Hann verður alls ekki talinn hlutarmaður, ef hann er ráðinn upp á vikukaup eða mánaðarkaup. Það er að minsta kosti ekki íslenskt mál.

Jeg veit, að þessi tilraun hv. þm. til þess að eyðileggja þessa tilhögun er af sömu rót runnin og áður. Hann heldur, að sjómönnunum sje þægð í því. En það er misskilningur. Þeir menn, sem um er að ræða, eru mest á Vestfjörðum. Þeir vilja ekki hafa þá breytingu, sem gerð var á slysatryggingarlögunum í fyrra. Bæði í Hnífsdal og Bolungarvík báðu þeir um breytingu. Einn háseti í Hnífsdal talaði fyrir þessari brtt., og allir aðrir greiddu henni atkv. Þetta gæti hv. þm. fengið að vita hjá hverjum sem var á þessum þingmálafundum í jan. s. l.

En hv. þm. (JBald) hefir lagt svo mikið kapp á að koma þessari till. fyrir kattarnef, þótt hann sjái það, að það verði sjómannastjettinni til skaða.

Magnús Torfason: Jeg verð nú að segja, að jeg sje ekki, hversu ákaflega mikill munur er á því, hvort hásetum er borgað vist kaup eða hvort þeim er borgað með hlut af afla. Ef borga á hásetum með kaupi, þá á útgerðarmaðurinn að greiða iðgjaldið fyrir þá, en ef borga á háseta með afla, þá er sagt, að hann sje þátttakandi í útgerð. Það er hægt að segja það að vissu leyti, ef hann á nokkurn hlut í skipinu. En nú er það einmitt ekki. Þessi útgerð er þannig, að það eru útgerðarmenn, sem eiga skipin og lána þau gegn vissum hlut. Hásetarnir fá ekki hlut af öllum aflanum. Þvert á móti. Það er hugsað sem svo, að það sje sæmilegt kaup fyrir þá að lifa á; öðruvísi er það ekki hugsað. (**JAJ:** Þetta eru mestu firrur!). Nei, þetta eru ekki firrur. En hvort þetta er greitt með kaupi eða ekki, fer yfirleitt algerlega eftir því, hvort útgerðarmenn og eigendur skipanna telja heppilegra. Við vitum upp á víst, að togarar vildu aldrei ganga inn á þetta, að hásetar fengju hlut af öllum afla útgerðarinnar. Eins vitum við aftur, að formenn hafa ekki viljað ganga inn á annað en að þeim væri borgað með hlut. Hafi svo útgerðarmenn sjeð sjer annað hagkvæmara, hafa þeir hagað sjer þar eftir, hvað sem hinum leið. Það er sjerstaklega kunnugt, að skipseigendur hafa tekið svokallaða útgerð-

armenn upp á kaup, í staðinn fyrir að greiða þeim eftir hlut, vitanlega af því að þeir álíta sjer það hagkvæmara. Það verður enginn „princip"-munur hjer á, hvort eigi að greiða með hlut eða föstu kaupi, fyr en hásetar fá hlut af öllum brúttó-aflanum.

Svo er eitt, sem jeg hefi tekið eftir í þessu sambandi; það er, að gera mætti mikinn mun á því, hvort útgerðarmaður fer með bátinn eða ekki. Það er mikill munur, hvort hann tekur þátt í allri stjórn og allri hættu eða brúkar menn sína eins og leigudýr. (JAJ: Þetta eru ósæmileg orð). Úr því að hv. þm. N.-Ísf. ætlar nú sem oftar að fara að setja ofan í við þingmenn hjer í hv. deild og gera sig að háyfirforseta deildarinnar, þá skal jeg leyfa mjer að benda honum á eitt atriði í þessu sambandi, sem jeg ætlaði þó að þegja um. Það eru ekki mörg ár síðan einn formaður hafði setið í landi, þegar aðrir reru, því honum hafði ekki litist á veður. Útgerðarmaðurinn situr í Reykjavík, hringir formanninn upp og spyr, hvers vegna hann hafi ekki róið. Honum leist illa á veðrið. Útgerðarmaðurinn segir þá: Jeg ætla að vonast til þess, að jeg frjetti ekki oftar, að þú liggir í landi, þegar aðrir róa. Það var ákafur veðrahamur um þetta leyti. Rjett einum eða tveimur dögum síðar fer þessi formaður á sjó í ófæru veðri — og kom ekki aftur. Geta menn nú sjeð, hvort nokkuð var ofsagt hjá mjer áðan. (JAJ: Jeg ætti að fá þingmanninn til að standa við þessa slúðursögu.). Hann hefir einskis að krefja mig reikningsskapar um; þessi saga er sönn. (JAJ: Hún er ósönn!). Nei, hún er sönn. (JAJ: Vill þingmaðurinn dirfast að standa við hana?). Jeg mun gera það.

En hvað málið snertir, sem hjer um ræðir, þá er ekki nokkur meining að vera nú að breyta lögum þessum með einfaldri þál. Þó skal jeg játa, að fyrir smábát, er formenn sjálfir taka þátt í allri vinnu, gæti verið ástæða til að athuga lögin og breyta þeim að þessu leyti. En það er ekki rjett, að það felist í lögunum, að láta megi þá menn, sem fá hlut af afla, borga iðgjald.

Jón Baldvinsson: Jeg fæ ekki sjeð, þrátt fyrir ræðu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að þetta, sem þál. fer fram á, hafi stoð í lögum. Jeg fæ heldur ekki skilið, hvernig hæstv. stjórn getur tekið við þessari till., eins og hún er orðuð. Jeg vík að því sjerstaklega, af því að hæstv. ráðh. (MG) hefir ekki annað um þetta sagt en að hann áliti, að till. geti komið til atkv. Jeg álít hann alls ekki geta framkvæmt hana, svo framarlega sem hún er skilin eins og orðalagið bendir til. Jeg sje ekki betur en að það nái til hjer um bil allra sjómanna, að þeir hafi hlut af afla, þótt þeir líka vinni fyrir föstu kaupi. Þetta er það, sem fólst í frv. Þetta er það, sem felst í orðalagi þessarar till.

Hv. þm. N.-Ísf. setti sig nú á háan hest um það, að jeg liti svo á, að minn skilningur eigi að vera yfirþingsköp. Jeg hefi ekki gert annað en vísa til hæstv. forseta um skilning á þessu máli. Hann hefir ekkert sagt um það enn. Jeg bíð eftir hans úrskurði og býst við, að jeg verði að sætta mig við hann.

Rjett er það, að það eru ekki öll sömu ákvæði í till. og voru í frv. Það var talað um að breyta tillaginu. Það, sem stjórn slysatryggingarsjóðsins sagði í brjefi sínu til sjútvn., ber engan veginn

að skoða sem úrskurð hennar. Hún taldi, að komið gæti til mála, að menn, sem eingöngu væru ráðnir upp á hlut, væru taldir sem útgerðarmenn og greiddu því gjald. Jeg ætla, að hún hafi notað orðin: „við hyggjum".

Jeg skal ekki um það segja, hvort til muni vera einhverjir hásetar, sem geta fallist á það, sem hv. þm. N.-Ísf. benti á. En það er ákaflega lítil sönnun um almennan vilja sjómanna, þótt einhver einstakur maður hafi staðið upp og mælt fyrir þessu og slík till. hafi verið samþ. á einum þingmálafundi. Enda skilst mjer svo, að ef maður lítur á mannlegt eðli, þá vilji flestallir heldur losna við gjöld. Þar að auki er það skylda hjá öllum slysatryggingum víðast hvar, að það sje atvinnuveguriinn sjálfur, sem á að greiða iðgjaldið.

Það væri fróðlegt að heyra, að hve miklu leyti hæstv. ráðh. (MG) treystir sjer til að framkvæma þessa þál., ef samþ. verður, samkv. orðalagi hennar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Það var gott, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) ætlar að sætta sig við úrskurð hæstv. forseta. Það er kanske meira en sumir hafa búist við, eftir ræðu hans næst á undan, að hann mundi beygja sig undir forsetavaldið.

Annars skal jeg lesa það, sem stjórn slysatryggingarsjóðsins segir um þetta atriði. En fyrst ætla jeg að lýsa því yfir — eins og jeg er búinn að gera — að það er meiningin með þessari þáltill. að skora á stjórnina að láta það fram fara, að iðgjald verði greitt af óskiftum afla, þar sem svo er, að háseti tekur hlut af þeim sama afla, aðeins ráðinn upp á hlut eða hundraðsgjald, en ekki kaup. **(JBald:** Hv. þm. hefir ekki tekist að koma því inn í till.). Jeg er ekki vanur, að haft sje tvennskonar hugtak yfir menn, sem eru hásetar á róðrarskipum. Annaðhvort eru þeir hlutarmenn eða kaupamenn. Ef þeir eru hlutarmenn, þá eru þeir „samiinteressantar" með útgerðarmönnum, hafa alveg sömu ástæðu til að reyna að afla sem best. Þeir fá því meira, sem meira aflast.

Á 12 manna skipum fá menn venjulega $^1/_{20}$ af aflanum, á smærri skipum $^1/_{12}$ til $^1/_9$. Ýmist er olía dregin frá óskiftu eða ekki.

Stjórn slysatryggingarsjóðsins segir svo:

„En v i ð h y g g j u m, að ef hásetar fá ekki kaup, heldur aðeins hlut af afla, þá muni verða litið svo á eftir núgildandi lögum, sem um samlagsútgerð sje að ræða, svo að þótt útgerðarmaður bátsins eða formaður eigi að standa skil á iðgjöldum fyrir alla hásetana samkv. 7. gr., þá verði þeir samt ekki taldir í þjónustu hans, heldur sjálfir atvinnurekendur, og falli því ekki undir ákvæðin í 1. málsgr. 6. gr., heldur beri sjálfir iðgjaldið, hver fyrir sitt leyti".

Og það er ekki farið fram á annað hjer en að slá föstum þessum skilningi.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) virtist vera búinn að gleyma því, hvernig útgerðin er rekin fyrir vestan. Þekkingin á henni hefir þá ekki staðið dýpra hjá hv. þm. (MT) en svo, að hann hefir gleymt öllu eftir að hafa verið 2—3 ár fyrir austan.

Hann segir, að það sje enginn „princip"-munur, nema menn fái hlut af öllum afla. Jeg þekki ekki annað, en jeg sje ekki, að það geti munað miklu, hvort formaður, útgerðarmaður eða eigandi stundar sjálfur veiðiskap með

hásetum, því að það er eftir sem áður greitt af óskiftum afla. Útgerðarmaður og hásetar greiða sinn helminginn hvor.

Að tryggja hlutarmönnum, að þeir fái þann hlut, er sæmilegur sje til framfærslu þeim, nær vitanlega engri átt. Stundum aflast vel og stundum illa, og hlutaskifti breytast. En hitt er víst, að hásetar fá því meira sem meira aflast, eins og allir ættu að skilja.

Jeg hefi áður mótmælt því nafni, er hv. þm. (MT) gaf hásetum fyrir vestan, og skal ekki endurtaka það nú. En svo kom hv. þm. (MT) með sögu, er átti að sanna það, að útgerðarmenn rjeðu yfir formönnum, og að einn útgerðarmaður hefði orðið valdur að því, að bátur hefði farist. Þessi lubbalega saga kom upp við bæjarstjórnarkosningar á Ísafirði. Það var sagt, að Magnús Thorberg útgerðarmaður hefði átt að hafa hringt til formanns á bát, sem hann átti, og gefið honum áminningu fyrir það að hafa ekki farið á sjó. Sannleikann í þessu efni vita allir á Ísafirði, og sagan var aðeins til þess upp spunnin að kasta auri á Magnús Thorberg. Og nú lætur fyrverandi bæjarfógeti Ísafjarðar sjer sæma að bera þessa óhróðurssögu fram hjer á Alþingi. Jeg skora á hv. þm. (MT) að finna einn einasta mann, sem unnið hefir hjá Magnúsi Thorberg og getur borið honum annað en alt gott. En að segja, að útgerðarmaðurinn hafi orðið þess valdandi, að formaður fór á bátnum út í ófært veður, er svo lúalegt og lubbalegt, að það er engum manni sæmandi, síst þingmanni, enda þótt hann hafi heyrt slíka lygasögu.

Magnús Torfason: Hv. flm. (JAJ) vísaði í þskj. 364 og álitsskjal slysatryggingarinnar. En það er nú svo, að þessi orð, sem hann tilfærir úr álitsskjalinu, sýna það, að þeir góðu menn hafa ekki skilið, við hvað er átt. Þeir eru að tala um samlagsútgerð. En þegar menn eru ráðnir upp á hlut, þá er það engin samlagsútgerð. Þeir eiga ekkert í skipinu, og svo er ýmislegt tekið frá, svo sem olía, beita o. fl., eftir samningi, sem er breytilegur. Meðan jeg var vestra var ýmist verið að breyta þeim samningum fyrir útgerðarmenn eða háseta.

Jeg kannast við, að það gæti verið mikill munur á að gera undantekningu, ef eigendur fylgdu sjálfir með á bátunum. Þá er nokkurskonar fjelagsskapur milli hans og háseta, og ef eigandi er með, finnur hann til þeirrar ábyrgðar, er á honum hvílir, og getur fylgt henni á hverjum tíma.

Jeg nefndi engan mann í minni ræðu og ekkert kauptún. Um Magnús Thorberg er mjer óhætt að segja það, að jeg hefi aldrei sagt skakt orð í hans garð, en oft lýst yfir því, að hann væri þekkilegastur útgerðarmaður á Ísafirði, og jeg hefi aldrei viljað meiða hann í einu nje neinu. Jeg tók aðeins þessa sögu sem dæmi um það, að alt öðruvísi horfir við, ef eigandi báts er sjálfur á honum, og um það, að lítið orð, sagt í óaðgætni, getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar og bakað þeim, er segir, mikla ábyrgð. En jeg get sagt hv. flm. (JAJ), að þetta er ekki einsdæmi. Jeg þekki tvö og þó þrjú dæmi, sem gerðust í minni tíð vestra, þó ekki á Ísafirði, sem lík eru því, er jeg nefndi.

Hv. flm. (JAJ sagði, að jeg væri búinn að gleyma útgerðinni vestra. Honum er ekki of gott að koma með getsakir í minn garð, en það get jeg sagt hv. þm. (JAJ), að það er líka útgerð fyrir austan, og að jeg er henni vel kunnugur, þar sem jeg bý á sjávarbakkanum. Þess vegna eru augu mín betur opin fyrir hættunni. Og það er smáhætta að róa á Ísafirði á móts við það að róa á Eyrarbakka og Stokkseyri. Það er enginn barnaleikur. Og eins og menn muna, hefir tvisvar sinnum í vetur orðið að beiðast hjálpar strandvarnarskipa og botnvörpunga til þess að bjarga bátunum þaðan úr bráðasta háska.

Jeg fæ ekki skilið, að það komi við útgerð eða ekki, þótt jeg hafi lýst skilningi mínum á lögum, sem jeg hefi verið sjálfur með að semja. Það vorum við hv. 2. þm. Reykv., sem sjerstaklega unnum að því í fyrra að koma slysatryggingarlögunum á. Og þetta frv., sem hjer liggur fyrir, á enga stoð í þeim lögum nje öðrum lögum.

Sigurjón Jónsson: Jeg mótmæli því, er hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að útgerðarmenn vestra, sem ekki fylgja bátum sínum, skifti sjer af því, hvernig formenn þeirra sækja sjó. Það kemur ekki fyrir. Formenn vestra vita ósköp vel, hvaða ábyrgð fylgir starfi þeirra. Og jeg vildi ekki hafa þann formann þar, er ekki væri fær um að stunda sjósókn eftir sínu höfði. Það er meira að segja svo, að formennirnir ráða því algerlega, hvar þeir stunda veiðar, ráða því jafnvel að fara hingað suður til veiða. Það var því óheppileg sagan, sem hv. þm. (MT) sagði, enda er hún algerlega ósönn.

Jeg þarf ekki að deila um þáltill. á þskj. 465, þar sem hæstv. atvrh. (MG) hefir lýst yfir því, að það sje rjett að framkvæma lögin eins og hún fer fram á.

Forseti (BSv): Svohljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár hefir mjer borist frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald):

Þar sem deildin hefir áður vísað máli um sama efni til stjórnarinnar, þykir henni ekki ástæða til að gera ályktun um tillöguna — og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) skaut því til forseta að fella úrskurð um, hvort till. mætti koma til atkvæða, og mun hann í því efni eiga við 32. gr. þingskapa.

Hjer er ekki um brtt. við lagafrumvarp að ræða, heldur þáltill, og koma því ákvæði þessi ekki hjer til greina. — Athuga mætti ákvæði 28. gr. um lagafrv., en þeim er ekki heldur til að dreifa í þessu sambandi.

Þótt svo yrði litið á, að þetta sje brtt. um samskonar efni og stóð í frv. því, er vísað var til stjórnarinnar, þá er þess að gæta, að í heilu frumvarpi eru mörg ákvæði, og er ekkert þeirra sjerstaklega felt, þótt frumvarpi sje vísað til stjórnarinnar. — Þótt hjer komi fyrir eitt atriði, er einnig átti heima í umræddu frv., þá verður ekki litið svo á, sem þetta atriði hafi felt verið, vegna þess að deildin hafi kveðið ákveðinn dóm yfir því.

Fyrir allar þessar ástæður tel jeg, að ekki beri að taka frávísunarkröfu hv.

2. þm. Reykv. (JBald) til greina, og kemur því þáltill. til atkv.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Reykv. (JBald) feld með 13:6 atkv.

Tillgr. samþ. með 13:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 579).

12. Strandferðir Esju.

Á 72. fundi í Nd., fimtudaginn 6. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um strandferðir Esju (A. 507).

Á 73. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 74. fundi í Nd., laugardaginn 8. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Jeg hefi leyft mjer, ásamt 3 öðrum hv. þm., að bera fram till. um strandferðir Esju. Ætla jeg að fylgja henni fáum orðum úr hlaði.

Svo sem kunnugt er, hætti Esja strandferðum á þessum vetri í desember og hóf ekki ferðir aftur fyr en laust fyrir miðjan mars. Það eru því nær 3 mánuðir á þessum vetri, sem við höfum verið án strandferða. En er það heppilegt fyrir landið? Hvaða skip eru til flutninga, þegar Esju er lagt upp? Goðafoss að vísu, þegar hann kemur frá útlöndum. En þessi ferð hans er ekki heppileg til fólksflutninga. Hann kemur upp til Austfjarða um miðjan jan., fer norður og vestur um land og tínir upp hverja höfn. Jeg hefi nú mörg undanfarin ár orðið að sæta þessari ferð á leið til þings. En jeg verð að segja, að það er neyðarúrræði að flækjast með skipinu kanske 3 vikur. Farþegar eru skattlagðir með háu fargjaldi, og fæðiskostnaður gífurlegur svo langan tíma, og svo síðast en ekki síst er tímatöfin.

Við þetta er ekki unandi. Sumir telja að vísu, að ekki sje þörf á skipi til fólksflutninga um þetta leyti. En reynslan sýnir annað. Í vetur fór Goðafoss fullur af fólki frá Akureyri, og var þó Ísland á ferðinni stuttu síðar, einnig fult. Þótt Esja byrjaði ferðir sínar t. d. 1. febr., mundi hún hafa nóg að gera.

Eins og ástandið er nú, þá er afarilla sjeð fyrir samgöngum milli Austfjarða og Reykjavíkur. Aldrei beinar ferðir nema þegar Esja fer. Venjan sú, að menn verði að fara norður um land, bæði lengri ferð og dýrari. Og Goðafossferðirnar eru svo strjálar, sem von er, að margar vikur og jafnvel mánuðir líða svo, að e n g a f e r ð e r h æ g t að fá frá Suðurlandinu til Austurlandsins.

En nú höfum við skip, og það er því óforsvaranlegt að láta það liggja aðgerðalaust. Jeg hefi nú heyrt hop á því, að Esja verði að loknum strand-

ferðum látin fara út til aðgerða og skoðunar. Kæmi hún þá t. d. upp með vörur í febrúarbyrjun til Austfjarða og tæki þá fólk til Reykjavíkur og færi sunnan um land, væri það hentugt fyrir þingmenn af Austurlandi. Er engin þörf, að þing byrji fyr en um miðjan febrúar, svo sem lög standa til. Finst mjer æði óhentugt að þurfa að leggja af stað til þings strax upp úr nýárinu, áður en öðrum nauðsynlegum störfum er lokið.

Vænti jeg að heyra undirtektir hæstv. atvrh og vona, að hann verði fylgjandi þessari tilhögun.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þegar ákveðið var í fyrstu, að Esja byrjaði ekki strandferðir fyr en í mars eða apríl, var það fyrst og fremst sparnaðarráðstöfun. Samkvæmt sögu framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins munar það 40—50 þús. kr. á ári. Það fanst mjer ástæða til að taka til greina, meðan reynt var að spara á öllum sviðum. Nú minni ástæða, en þó er þetta fjárupphæð, sem vert er að taka til greina. Er það leiðara, að till. var ekki komin fram áður en fjárlagafrv. var samþykt. Því að verði hún tekin til greina, reynist vitanlega of lágur áætlaður styrkur til Esjuferða.

Vil jeg leyfa mjer að spyrja hv. flm. (ÞorlJ), hvort ekki stæði á sama, þó annað skip væri en Esja, ef hentara þætti, Gullfoss, Lagarfoss eða kanske nýja kæliskipið. Það er rjett, að gert er ráð fyrir, að Esja verði send utan til skoðunar á þessu ári. Ef hún á að koma til landsins um svipað leyti og till. ráðgerir, er jeg fús til að sjá til, að hún fari þessa ferð, ef ekki er hægt að fá aðra ódýrari.

Út af því, sem hv. flm. sagði um þingbyrjun, þá vildi jeg aðeins segja það, að því seinna sem þing kemur saman, því lengur stendur það fram eftir vorinu. Er mjer til efs, að þingbændum þætti það betra.

Jeg er sem sagt fús til að vinna að því, að ferð komi frá Austfjörðum sunnan um land um þetta leyti, en vil síður skuldbinda mig til, að það verði Esjan.

Út af 2. lið till. vil jeg taka það fram, að svo framarlega sem strandferðir hefjast úr Rvík, verður erfitt að koma því svo fyrir, að 2 ferðir, hvor á eftir annari, verði sunnan um land frá Austfjörðum. Þori jeg því ekki að lofa neinu um það, nema ráðgast við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, sem nú er erlendis.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefði kunnað betur við, að umr. væri frestað og till. vísað til samgmn. Er óþægilegt að taka þetta skip út úr sambandi við annað, er nefndin hefir með höndum.

Jeg verð að segja, að mjer finst til mikils ætlast, að Esja fari 2 aukaferðir milli Austfjarða og Reykjavíkur. Jeg er samþykkur því, sem hv. flm. stakk upp á, að Esja komi til Austfjarða og fari suður um land til Reykjavíkur, er hún kemur úr utanlandsförinni, einkanlega ef ferð yrði norður um land um líkt leyti.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Jeg get þakkað hæstv. atvrh. (MG) góðar undirtektir hans. Virtist hann vilja taka

til greina till. Býst jeg við, að menn mundu sætta sig við, þótt annað farþegaskip yrði en Esjan. En hitt efast jeg um, að aukinn kostnað mundi af því leiða, að hún hæfi strandferðir svo sem mánuði fyr. Þótt í till. standi 1—2 ferðir, er meiningin, að svo verði til hagað, að hægt sje að fá einu sinni beina ferð austur og öðru sinni beina ferð suður um miðsvetrarleytið.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) þótti viðsjárvert að samþykkja till. nema vísa henni til samgmn. En till. er svo ljós og auðskilin, að ekki þarf heilabrota við. Enda tíminn orðinn naumur. Og auk þess er jeg viss um, að hv. nefnd mundi mæla með till. Yrði það því aðeins til að tefja tímann, og hætt við, að hún yrði aftur úr. Jeg óska því, að gengið verði til atkv. um till. þegar í stað.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að sparnaðarráðstafanir yllu því, að Esja væri látin standa í naustum þennan tíma. En jeg hefi ekki getað gert mjer ljóst, í hverju sá sparnaður ætti að vera fólginn.

Í skýrslu frá Eimskipafjel. 1925 er tilgreint tap á strandferðum kr. 77,400,26, en tap þegar skipinu var lagt upp 71,949,17.

Eftir þessari skýrslu að dæma virðist það ekki kosta lítið að láta skipið liggja. Mundu tekjur af flutningi jafna sig nokkuð á móti tapinu, en ótvírætt hagræði landsmönnum, að skipið sigli.

Jeg mæli á móti, að till. fari í nefnd, af því að tíminn er orðinn svo naumur. (**JAJ**: Sem form. samgmn. lofa jeg, að nefndin skuli hafa lokið athugun sinni fyrir hádegi á morgun).

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skilst, að hv. þm. (ÞorlJ) geri ekki að kappsmáli, hvert skipið sje. Getur vel verið, að svo hittist á, að nýja skipið komi einmitt um þetta leyti. En jeg slæ engu föstu enn sem komið er. Út af því, sem hv. þm. sagði, að lítið mundi vera ódýrara að láta skipið liggja en fara strandferðir, vil jeg benda á það, að þegar framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins var að gera áætlun um útgjöld til Esju 1927, miðaði hann við, að skipið væri ekki í ferðum lengur en það var 1925. Annars taldi hann þurfa hærri upphæð. Í þessari skýrslu, sem hv. flm. (ÞorlJ) vitnaði í, hlýtur að vera tilfærður viðgerðarkostnaður, en viðgerðin fór fram meðan skipið lá.

Nú er árlegur halli af rekstri skipsins um 150 þús. kr. En tapið hlýtur að sjálfsögðu að verða mest vetrarmánuðina. Styður margt að því: Tafir sakir myrkurs og óveðra, minni póstflutningur, færri farþegar.

Tæpast virðist ástæða til að vísa till. til nefndar; fengi hún þar sama og enga meðferð, sökum naums tíma.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg tel fulla þörf á að athuga málið í nefnd. Jeg lýsti því yfir, að hægt væri að afgr. till. á morgun. Vona jeg, að hv. þingdeildarmenn ákveði ekki þessar 2 ferðir, án þess að eitthvað sje athugað, hvernig skipið megi koma að sem fylstum notum.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal ekki gera það að kappsmáli, hvort tillagan fer til nefndar eða ekki, fyrst hv. form. samgmn. (JAJ) lofar afgreiðslu fyrir hádegi á morgun. Að vísu sje jeg þess enga þörf, en vilji hv. deild svo vera láta, þá vænti jeg, að till. fái góða meðferð í nefndinni.

ATKVGR.

Till. vísað til samgöngumálanefndar með 12:10 atkv. og umr. frestað.

Á 76 fundi í Nd., þriðjudaginn 11. maí, var fram haldið einni umr. um till.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Eins og um var talað á síðasta fundi, hefir samgmn. athugað þessa till., sem hjer liggur fyrir, og getur eftir atvikum lagt til, að hún verði samþ., með því fororði, að það geti ekki verið ákveðinn neinn viss dagur, þegar Esja á að byrja strandferðirnar, vegna þess, að það þarf að senda hana til útlanda til aðgerðar að loknum strandferðum í desember, og er alls ekki víst, að hún yrði komin úr þeirri ferð 1. febr.

Leggur nefndin því til, að síðari liður till. sje skilinn svo, að Esja skuli koma frá útlöndum upp til Austfjarða og koma svo til Reykjavíkur sunnan um land. Verði hún þá ekki notuð til ferðar norður og vestur um land, skuli hún, þegar hún byrjar ferðir eftir heimkomuna til Reykjavíkur, fara suður um land og austur, til þess að Austfirðingar þeir, sem komu með henni þegar hún kom úr utanlandsferðinni, fái betri og fljótari ferð heim til sín aftur.

Þó er þetta bundið því skilyrði, að stjórnin geti ekki sjeð fyrir þessum ferðum á annan hátt, t. d. með Gullfossi, er ríkissjóði yrði ódýrari. Jeg býst við því, að þegar Esja kemur sunnanlands frá útlöndum og Austfjörðum, þá vilji þeir, sem með henni hafa komið, ekki fara strax aftur austur, og geri jeg þá ráð fyrir því, að þar sem litlar samgöngur eru við Vesturland um þetta leyti árs, þá fari Esja vestur um land til Ísafjarðar, áður en hún byrjar hinar reglulegu strandferðir.

Eins og hæstv. atvrh. (MG) tók fram, þá er ekki hægt að slá neinu föstu með þetta. En það er vilji nefndarinnar, að Esja komi upp til Vopnafjarðar, þegar hún kemur frá útlöndum, og fari suður um til Reykjavíkur. Því verður ekki neitað, að Austfirðingar eiga erfitt með samgöngur á þessum tíma árs og fá fáar beinar ferðir hingað. Og þótt þeir geti notað Goðafossferðina um líkt leyti, þá er það miklu verra fyrir þá, þar sem hann fer norður um land. Auk þess verður hann hlaðinn vörum, en Esjuferðin verður aðallega fyrir farþega, sem hafa lítið gagn af því að fara með öðru skipi.

Þorleifur Jónsson: Jeg get verið þakklátur hv. samgmn. fyrir það, að hv. frsm. hennar hefir lagt með því, að till. næði samþ. Býst jeg því við, að hún fái byr í deildinni. En þar sem hann gat um það, að ekki yrði hægt að einskorða við vissan dag, hvenær Esja byrjaði strandferðirnar, þá getur það vel verið, og verður ekki tekið hart á því. En verði till. samþ., vona jeg, að Esja verði látin hefja ferðir svo fljótt sem unt er.

Það hefir unnist við þessar umr., að hæstv. atvrh. (MG) og hv. samgmn. hafa viðurkent þörfina á auknum samgöngum milli Austurlandsins og Reykjavíkur. Vænti jeg þess, að í framtíðinni verði sjeð sem best fyrir þessum ferðum.

Hvað það snertir, að skipið, þegar

það kemur frá Austfjörðum, fari til Ísafjarðar, þá gerir það ekkert til, heldur hafa þeir, sem komu að austan, þá betra tækifæri til að dvelja hjer dálítinn tíma, meðan Esja skreppur vestur. Jeg vona, að þetta mál fái byr í hv. deild, eins og í hv. samgmn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg sje ekki, að meðferð hv. samgmn. gefi mjer tilefni til þess að segja annað en það, sem jeg sagði í gær, nema að jeg vil taka það fram, að um þetta leyti árs eru góðar samgöngur til Ísafjarðar, því að bæði Gullfoss og Goðafoss koma þar í þessari ferð, sem hjer um ræðir. En verði engin skipsferð, þá tek jeg ekkert af um það, að Esja fari þangað eina ferð, ef hægt er.

En það er altaf svo, að þegar einhver biður um eitthvað hjer í þinginu, þá biður undireins annar um eitthvað svipað.

Jeg tek sem sagt ekkert af um það að senda skipið til Ísafjarðar. En jeg vonast jafnframt eftir því, að hjeraðsbúar láti til sín heyra um það, ef þeir vilja fá þessa ferð.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 582).

13. Launauppbót símamanna.

Á 76. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um launauppbót símamanna (A. 573).

Á 77. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Forseti (BSv): Jeg legg til, að höfð sje ein umr. um málið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það verða að vera tvær umr. um málið, vegna þess að það hefir útgjöld í för með sjer fyrir ríkissjóð.

Flm. (Jakob Möller): Jeg lít svo á, að þetta sje aðeins einföld áskorun og þurfi um hana eigi meira en eina umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Samkv. þingsköpum verða að fara fram tvær umr. um öll þau mál, er hafa útgjöld í för með sjer.

Magnús Jónsson: Hæstv. stjórn tók þegjandi við rökstuddri dagskrá um daginn, og hafði hún þó útgjöld í för með sjer.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg minnist þess eigi, að í þingsköpum sjeu nein ákvæði um rökstuddar dagskrár, en þáltill., er fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, á að ræða við tvær umr. í báðum deildum.

Flm. (Jakob Möller): Jeg er alveg hissa á þessum undirtektum hæstv. atvrh. (MG). Það er beint játað með því, hvernig þáltill. er fram komin, að hún geti eigi skoðast sem útgjaldaskipun, heldur aðeins sem yfirlýstur vilji háttv. deildar. Og það er algerlega á valdi hæstv. stjórnar, hvort hún greiðir þessa uppbót, í von um samþykki þingsins síðar meir. Menn mega ekki

halda, að jeg viti ekki, hvernig á að bera fram þáltill. um útgjöld úr ríkissjóði. Þær eru stílaðar sem ályktun Alþingis. Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort nokkuð sje það í þingsköpum, er banni slíka áskorun sem þessa.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil taka í sama strenginn og hv. flm. (JakM) og vil, að hæstv. forseti leggi sinn úrskurð á málið.

Í 18. gr. fjárlaganna er gert ráð fyrir greiðslum, sem stjórnin greiðir á sína ábyrgð, upp á væntanlegt samþykki þingsins. Hjer er farið fram á nákvæmlega hið sama.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg fæ ekki betur sjeð en að um þessa þáltill. gildi það, sem stendur í 29. gr. þingskapanna. Þar segir svo:

„Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr landssjóði, skal jafnan bera upp í báðum deildum og hafa tvær umræður um þær".

Jeg hefi ekki haldið því fram, að hv. flm. (JakM) hafi ekki vit á að bera þáltill. rjett fram. En út af því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, þá er þess að gæta, að þar er eigi nema um lítið brot úr ári að ræða, og svo er það gömul venja. Jeg held því fram, að þingsköpin þekkja ekki og gera ekki ráð fyrir nema einni tegund þingsályktunartillagna, er fara fram á fjárgreiðslur úr ríkissjóði, og til tryggingar er það ákveðið, að þær skuli ræddar við tvær umr. í hvorri deild.

Magnús Torfason: Þar sem háttv. flm. (JakM) hefir lýst yfir því, að þessa þáltill. eigi aðeins að skoða sem yfirlýstan vilja Nd., ef samþ. verður, þá er engin hætta á því, að hæstv. stjórn muni fá bágt hjá deildinni síðar meir, þótt hún greiði þetta fje, allra síst þegar þess er gætt, að ekki er von á því, að miklar breytingar verði á skipun deildarinnar til næsta árs.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að fara að setja neitt út á þáltill. En jeg vil spyrja, hvernig á því stendur, að hún skuli koma fram nú, rjett eftir að búið er að samþykkja fjárlögin. Því var þessi útgjaldaauki ekki settur í fjárlögin? (**TrÞ:** Hann stendur þar fyrir næsta ár). Það, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði um fyrirframgreiðslurnar í 18. gr. fjárlaganna, þá er það óvíst, að stjórnin hafi heimild til að greiða þær. Heimildin kemur ekki fyr en á eftir, að fjárlögin eru gengin í gildi.

Flm. (Jakob Möller): Hv. þm. Barð. (HK) hefir ekki athugað það, að í fjárlögunum fyrir 1927, sem nú hafa nýskeð verið afgreidd frá þinginu, er það tekið upp að bæta laun símamanna fyrir árið 1927. Jeg er ekki að fara fram á það, heldur að þeir fái einnig samskonar uppbót fyrir árið 1926. Því var ekki hægt að koma við í fjárlögunum.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, vil jeg benda honum á það, að stjórnin hefir margsinnis greitt slíkar upphæðir sem þá, er hjer er farið fram á. Jeg skal minna hann á það, að árið 1924 greiddi hún fje til ríkisráðskostnaðar og setti svo samskonar upphæð í fjárlögin fyrir 1926. Upphæðina hafði hún þannig greitt upp á væntanlegt samþykki þingsins. Þessi upphæð var lækkuð fyrir 1926, en eftir sem áður stóð upphæðin, sem greidd var 1924. Og

stjórnin fjekk engar ávítur fyrir þetta.

Það, sem hæstv. ráðh. (MG) óttast mest, er ekki annað en grýla, því að það liggur í augum uppi, að þeir þdm., sem greiða þáltill. atkv., geta ekki atyrt stjórnina síðar meir fyrir það að hafa farið að vilja deildarinnar.

Forseti (BSv): Þar sem hjer liggur einungis fyrir yfirlýsing deildarinnar til hæstv. stjórnar, þá virðist nóg, að ein umræða fari fram um tillöguna, og er því ákveðið, að svo megi vera.

ATKVGR.

Till. um að láta fram fara eina umr. um málið samþ. með öllum greiddum atkv.

Á 78. fundi í Nd., föstudaginn 14. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jakob Möller): Jeg þarf ekki langa framsögu fyrir málinu. Það liggur alveg ljóst fyrir. Hæstv. stjórn hefir tekið upp í fjárlög fyrir 1927 fjárveitingu, 8 þús. kr., til þess að bæta kjör símamanna á því ári, en það er ekki nein heimild fyrir því að greiða þeim launauppbót fyrir árið 1926.

Nú er svo áliðið þingtímans, að það er ekki unt að fá formlega fjárveitingu til þessa fyrir 1926. Hefir því þessi leið verið farin, og er það gert til þess, að hv. deild láti í ljós afstöðu sína til málsins. Og ef meiri hl. þdm. felst á till., þá er meiningin sú, að þessi hv. deild vilji styðja hæstv. stjórn í því, að þessi uppbót sje greidd. Því það má ganga að því vísu, að hún telji þetta sanngirnismál, þar sem hún hefir viðurkent það með því að taka uppbótina inn í fjárlögin 1927.

Það er öllum kunnugt, að þetta er ekki í fyrsta skifti, að þetta mál kemur hjer fram. Á þingi 1923 bar jeg fram till. um að bæta kjör þessara manna og annara þeirra, er verst kjör hafa hjá landssímanum. Var þá samþ. að veita símastúlkum uppbót, en felt með litlum mun að bæta þessum mönnum upp, eins og nú er gert í fjárlögunum 1927. Sem stendur eru laun þessara manna um 250 kr. á mánuði með dýrtíðaruppbót, og sjá allir, að þeim hlýtur að vera ókleift að komast af með það. Þeir hafa engar aukatekjur, því að allur dagurinn fer í starfið fyrir símann. Jeg legg áherslu á það, að þörf þessara manna á launauppbót kemur skýrt fram í margendurteknum umsóknum þeirra til Alþingis, og loks að hún er viðurkend með því, að stjórnin hefir tekið þetta upp í fjárlögin 1927.

Annars bíð jeg þess, hvað hæstv. stjórn segir um málið, en endurtek það, að hjer er eigi um neina skipun að ræða, heldur aðeins yfirlýsingu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Eftir því, sem hv. flm. (JakM) segist frá, þá er hjer aðeins um yfirlýsingu hv. deildar að ræða um það, hvort hún muni fallast á, að þessi uppbót sje greidd úr ríkissjóði. Hv. flm. þarf því eigi að bíða með neinni eftirvæntingu eftir því, hvað stjórnin segir. Það er ekki ástæða til þess fyrir hana að segja neitt, nema þá það, að rjett væri, að henni væri gefinn laus taumur með að bæta fleirum upp, sem úr litlu hafa að spila. Þar má t. d. nefna starfsmenn í stjórnarráðinu, enda kvarta þeir oft, og fáir eða engir starfsmenn hins opinbera eru eins illa launaðir. Þar eru lögfræðingar, sem að-

eins hafa 2000 kr. byrjunarlaun föst og hafa varið 10—12 árum til náms.

Það er erfitt fyrir stjórnina að lofa sjerstökum flokki manna uppbót, því að oft og tíðum geta aðrir sýnt fram á, að þeir hafi sömu sanngirniskröfu fram að færa. Það er ekki altaf, að þeir, sem hæst gala, hafi mest til síns máls. Jeg segi því ekkert um, hvað stjórnin muni gera, ef meiri hl. hv. deildar samþ. till., enda er þetta hál braut að komast á, og jeg hlýt að endurtaka það, að mál þetta er óvanalega fram borið og að mínu áliti ekki í samræmi við þingsköpin.

Árni Jónsson: Jeg skal geta þess fyrir mitt leyti, að jeg mun greiða atkv. með till., eftir þeim skilningi, er felst í orðalagi hennar. Og jeg sje ekki, að stjórnin geti skorast undan að greiða þetta, ef þingið samþ. það.

Jeg hygg, að þessi flokkur manna sje einna verst haldinn af opinberum starfsmönnum. Þeir þurfa mikinn undirbúning undir starf sitt. Og þótt laun starfsmanna í stjórnarráðinu sjeu ekki mikil, þá eiga þeir hægra með að fá sjer aukabitlinga og bera því meira úr býtum.

Jeg vil mælast til þess, að hæstv. stjórn taki við till. eins og hún er orðuð.

Ólafur Thórs: Jeg hafði ætlað að greiða atkv. á móti till. og styðja skilning hæstv. atvrh. (MG) um það, að órjett sje að binda hendur ríkisstjórnarinnar til fjárframlaga á þennan hátt. En eftir að hæstv. atvrh. (MG) hefir lýst yfir því, að hann skoði atkvæðagreiðslu eigi bindandi fyrir stjórnina, heldur aðeins sem yfirlýstan vilja þessarar hv. deildar, þá mun jeg greiða till. atkv. og nota tækifærið til að láta í ljós þá skoðun, að menn þessir sjeu illa launaðir, en vinni mikið og vandasamt verk. Það fyrirtæki, sem jeg með fleirum veiti forstöðu, er stærsti viðskiftavinur landssímans, og það hefir altaf verið mjer óblandin ánægja að skifta við þessa menn, bæði á skyldutíma þeirra og eins utan hans. Og jeg veit, að starfslöngun þeirra er óvenjuleg og að þeir eru altaf boðnir og búnir til að þóknast viðskiftamönnum símans. Mín ósk er því eindregið sú, að kjör þeirra verði bætt.

Flm. (Jakob Möller): Jeg þakka hæstv. atvrh. (MG) og þeim hv. þdm., er tekið hafa til máls, fyrir undirtektir þeirra. En jeg skal aftur taka það fram, að till. mín g e t u r e k k i verið bindandi fyrir ríkisstjórnina. Það er aðeins áskorun til hennar, ef samþ. verður, enda sjest það á því, að till. er ekki bundin við það, er þingsköp heimta, um formlegar fjárveitingatill.

Jeg skil vel afstöðu hæstv. stjórnar, því að hún á í vök að verjast. Það koma víða að umkvartanir um slæm launakjör, en þó er varla vafi á því, að þessi stjett er einna lakast sett. **(TrÞ:** Viðurkenning á því liggur í fjárlögunum). Jú, það er rjett. Í öðru lagi ber að gæta þess, í samanburði á þessum mönnum og t. d. starfsmönnum stjórnarráðsins, að það er stórmunur á vinnutíma þeirra. Þessir menn verða að vinna altaf af og til frá því kl. 8 á morgnana og fram til miðnættis, og það, sem mestu skiftir, er það, að þeim verður ekkert gagn að frítímum sínum. Þeir geta ekki stundað neina aðra vinnu. En starfsmenn stjórnarráðsins hafa ákveðinn vinnutíma og geta ráðið sjálfir yfir frítíma sínum. Þar að auki hygg jeg, að

þeir hafi hærri byrjunarlaun en þessir, þótt jeg hafi ekki fyrir mjer samanburð um það efni.

Jeg vona, að hv. deild taki till. vel, eins og ræður hv. þdm. hafa bent til, og að hæstv. stjórn geri svo sitt besta.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BSt, JakM, JBald, JörB, ÓTh, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSv.

nei: JAJ, JS, PO, ÞórJ.

JK, KlJ og SvÓ greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (BJ, BL, HStef, HK, IngB, JÞ, MG, MJ, MT, SigurjJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 592).

14. Atvinnurjettur útlendinga hjer.

Á 77. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um rjett erlendra manna til þess að leita sjer atvinnu á Íslandi (A. 580).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 78. fundi í Nd., föstudaginn 14. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Till. felur ekki í sjer annað en það, sem allir sjá og skilja af orðalagi hennar, og er vart nokkru þar við að bæta. Á þingi 1924 var samþ. till. um að skora á ríkisstjórnina, að hún gæfi út reglugerð um þetta efni. En hæstv. stjórn áleit slík lög ekki nægilega heimild fyrir sig til þess að takmarka atvinnurjett erlendra manna hjer á landi. Fyrir því er till. þessi fram komin.

Á seinni árum hefir talsvert borið á því, að erlendir verkamenn hafi verið fluttir inn og þannig bægt innlendum verkamönnum frá vinnu. Það væri sök sjer og í sjálfu sjer ekkert við það að athuga, ef þeir ynnu fyrir sama kaup. En því er ekki að heilsa, heldur eru þeir ráðnir upp á lægra kaup og með því notaðir til að fella kaup verkamanna innanlands. Auk þess er auðvitað á það að líta, að fyrir hverja 100 útlendinga t. d. missa jafnmargir íslenskir menn atvinnu.

Nú síðast var það á Siglufirði, að útlendur maður, sem reisir verksmiðju, flytur inn verkamenn, sem hann kallar sjerfræðinga. En það er vitanlegt, að þeir eru um ekkert fremri en alment er um verkamenn.

En honum þóknaðist nú einu sinni að flytja þá inn fyrir lægra kaup, til þess að bægja landsmönnum frá. Enda eru starfrækjendur þýskir og sænskir. Má segja, að þeir sjeu allframir að setjast hjer að í hálfgerðu leyfisleysi og flytja inn verkamenn til óþurftar.

Till. fer fram á, að stjórnin útbúi lög um rjett erlendra manna til að leita sjer atvinnu hjer, þannig, að enginn erlendur maður geti gengið í atvinnu hjer á landi nema leyfi ríkisstjórnar komi til, en nú er litið svo á, að stjórn-

in geti ekki bannað erlendum mönnum að koma hingað í atvinnuleit eða taka að sjer vinnu hjer.

Sjerfræðingum yrði vitanlega að veita leyfi til að vinna hjer á landi að störfum, er innlendir ekki kunna.

Það hefir sýnt sig, að notkun erlends vinnukrafts er ekki til þjóðþrifa. Það var reynt nú um síðustu aldamót, en gafst ekki svo vel, að ástæða sje til að veita leyfi til slíks. Alt öðru máli er að gegna um sjerfræðinga, sem ekki er völ á í landinu sjálfu. Enda yrði löggjöfin aðeins heimild fyrir stjórnina að taka í taumana, ef ekki er þörf fyrir aðflutt vinnuafl. En skyldugt ætti að vera að sækja um leyfi til að flytja inn verkamenn eða starfsmenn.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um till. Jeg þykist vita, að hún muni ekki mæta mótspyrnu og stjórnin sje fús til að taka hana til greina.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er rjett til getið af hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald), að stjórnin hefir ekkert á móti að verða við þeirri áskorun, er í till. felst. Annað mál er það, hvort hv. þm. verður ánægður með þá niðurstöðu, sem hún kann að komast að.

Það getur verið full ástæða til að flytja inn erlenda verkamenn, ef kaupgjald í landinu er svo hátt, að það ætlar að sliga atvinnuvegina. Það þarf að taka tillit til fleiri en þeirra, er atvinnu stunda. Ef semja á lög um þetta, verður það að gerast með fullri og sanngjarnri hliðsjón af báðum aðiljum. Hv. þm. má ekki gleyma því, að ef ekki eru atvinnurekendur, er ekkert til að vinna.

Jeg endurtek, að jeg sje ekkert við það að athuga að undirbúa löggjöf um þetta.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg þakka hæstv. stjórn undirtektirnar, svo langt sem þær náðu. En jeg get ekki skilið, að sú ástæða, er hæstv. atvrh. (MG) drap á, um of hátt kaupgjald hjá verkafólki í landinu, sje fyrir hendi. Og ekki skil jeg í því, að atvinnurekendur eigi neina sanngirniskröfu á því að fá að nota erlenda verkamenn. Aðeins ljelegri hluti erlendra verkamanna fengist til að vinna hjer fyrir lægra kaup en innlendum verkamönnum er greitt. Hæfir menn og dugandi mundu ekki fást, svo vandsjeður yrði gróðinn af lágu kaupgjaldi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er alls ekki víst, að aðeins ljelegri hluti verkamanna leitaði sjer atvinnu hjer. Sá möguleiki gæti verið, að atvinnuleysi væri erlendis, og er verkamönnum þá ekki láandi, þótt þeir leiti sjer þar atvinnu, sem hana er að fá, þótt lágt kaup sje í boði og þótt í framandi landi sje, hafi þeir aðeins í sig og á.

Jeg geri líka ráð fyrir, að atvinnurekendur sjeu svo hagsýnir, að þeir taki ekki úrkast verkamanna, nema þeir fái skaðann af afkastaleysi þeirra bættan með kaupgjaldsmismun.

Flm. (Jón Baldvinsson): Erlendir verkamenn eru ekki fluttir inn fyrir þá sök eina, að atvinnuleysi sje erlendis. Það skeður svo nú, að atvinnurekendur ráða þá til sín, en þeir koma ekki af sjálfsdáðum. Annað mál er það, sem hæstv. atvrh. (MG) talar um, ef verkamenn flytjast sjálfir hingað til lands, í

því skyni að setjast hjer að og sjá fyrir sjer og fjölskyldu sinni. Við því er ekkert að segja. En nú eru þeir fluttir inn til stutts tíma, t. d. aðeins yfir sumarið. Það er því erfitt að fá góða verkamenn til að vinna fyrir lágt kaup í erlendu ríki, fjarri heimkynnum sínum.

En það gæti hugsast, að atvinnurekendur vildu flytja inn erlenda verkamenn, til þess að geta sagt við innlendu verkamennina: Nú verðið þið að slaka til um kaup, annars flytjum við inn alla verkamenn, sem við þurfum. Jeg sje ekkert vit í því, þegar við erum að berjast við atvinnuleysi í landinu sjálfu, að atvinnurekendur, innlendir eða erlendir, geti flutt inn erlendan vinnukraft, til þess að fella laun innlendra verkamanna, svo sem fullyrt er að einn norskur atvinnurekandi á Siglufirði hafi gert nú fyrir skemstu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 593).

15. Rannsókn veiðivatna.

Á 72. fundi í Nd., fimtudaginn 6. maí, var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn veiðivatna o. fl. (A. 513).

Á 73. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 74. fundi í Nd., laugardaginn 8. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg skil, að hv. þm. muni vera orðnir þreyttir á fundarsetum. Vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á, að málinu sje vísað til síðari umr. án frekari umræðna nú. Geymi jeg mjer að gera grein fyrir till. þangað til.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 17 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. maí, var till. tekin til síðari umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Þessi till. fjekk að ganga umræðulaust til 2. umr. Vil jeg því efna það, sem jeg lofaði þegar hún var til 1. umr., að gera stuttlega grein fyrir henni nú.

Það er þá upphaf þessa máls, að í fyrra rjeðst hingað austurríkskur vatnalíffræðingur, dr. Reinsch, fyrir milligöngu Búnaðarfjelags Íslands, til þess an rannsaka veiðivötn, og kostaði Búnaðarfjelagið för hans milli landa og að mestu leyti einnig um landið, nema hvað eitt hjerað — Fljótsdalshjerað — kostaði för hans innan hjeraðs. Kostnaður við förina var aðeins ferðakostnaður og fyrir verkfærasliti, en hvorki dr. Reinsch nje aðstoðar- og fylgdarmenn hans tóku nokkurt kaup. Árang-

urinn af þessari för má sjá af skýrslu, sem legið hefir fyrir þinginu, og sjest glögt á henni, að dr. Reinsch hefir unnið af miklum áhuga að þessum rannsóknum. Nú hefir hann boðist til að halda áfram þessum rannsóknum í sumar með sömu kjörum. En svo er ástæðum háttað, að Búnaðarfjelagið þykist ekki geta lagt fram það fje, sem þarf, vegna þess að það hafi ekki ráð á neinu fje, er sje óráðstafað. Kostnaðurinn í fyrra hefði verið borgaður án þess að nokkurt fje hefði í rauninni verið til þess ætlað, og því óhægra ætti það með fjárframlög nú.

Leitaði nú búnaðarmálastjóri, Sigurður Sigurðsson, til fjvn. beggja deilda um fjárframlög, en þær sáu sjer ekki fært að sinna beiðni hans. Mun þeim hafa þótt rjett, að Búnaðarfjelagið sæi fyrir fjenu, og í nál. fjvn. Ed. liggur það skjallega fyrir, að svo hefir þótt. En þegar um þetta mál hefir verið talað við Búnaðarfjel., hafa svörin verið þau sömu: Engu fje óráðstafað.

Þótt það sje í rauninni eðlilegast, að Búnaðarfjelagið legði þetta fje fram, þá kemur það fyrir eitt, ef ekkert fje fæst hjá því, að þá er ekki hægt að þiggja boð dr. Reinsch. Tækifærinu að njóta þekkingar hans væri slept og árangrinum, sem að því mætti verða, og það stappaði nærri, að erlendum vísindamanni og Íslandsvini væri óvirðing sýnd.

Ræktun veiðivatnanna er einn þátturinn í ræktun landsins. Það er mikið og margþætt verkefni, sem þar er óleyst. Takmarkið er að auka veiðina, eftir því sem skilyrði eru til. Og eftir því, sem ráða má af fornum heimildum, hefir veiðinni farið stórum aftur, svo að þar er nú víða lítil veiði, sem áður var mikil, og fer sumstaðar altaf minkandi. Ástæðan til þess er sú, að veiðin hefir alt fram að þessu verið stunduð sem rányrkja, eins og öll veiði jafnan hefir verið.

Viðvíkjandi þessu máli eru mörg rannsóknaratriði, sem taka þarf tillit til, svo sem veiðiaðferðir, fyrirdrættir, stíflur o. fl., veiðistaðir, að veiða ekki þar sem síst má, á hrygningarstöðum, veiðitími, að veiða ekki á óhentugum tíma, hrygningartímanum, og veiðiáhöld, að brúka ekki önnur en þau, sem henta, t. d. ekki önnur net en þau, sem eru hæfilega möskvavíð, eftir eðlilegri stærð fiskjarins. Um þessi atriði gætu margir gefið leiðbeiningar. Dr. Reinsch álítur, að það þurfi að hafa sjerákvæði fyrir hvert hinna stærri veiðivatna eða veiðisvæða. Það geti ekki gilt sömu almennar reglur um þau öll, heldur hljóti þær að fara eftir eðli og ásigkomulagi veiðinnar og veiðivatnanna. Enn er ótalið eitt atriði, sem ekki er hægt að fá fullar upplýsingar um, nema með nákvæmri vísindalegri rannsókn, og það eru lífsskilyrði fiskanna og önnur veiðiskilyrði í hverju veiðivatni fyrir sig, hver þau eru og hversu mikil. Um þau er ekki hægt að fá að vita nema með aðstoð sjerfræðinnar, vatnalíffræðinnar. Og hennar eigum við ekki annan kost en með því að þiggja þá aðstoð, sem dr. Reinsch býður fram. Það er þessi sjerfræði, sem dr. Reinsch býður fyrst og fremst fram, og þau áhöld, sem þarf til vísindalegra rannsókna á þessu sviði og nákvæm þurfa að vera. Af þessari ástæðu væri það beinlínis óhyggilegt að neita þeirri aðstoð, sem hann hefir boðið okkur.

Jeg ætla nú stuttlega að lýsa dr. Reinsch. Jeg geri það ekki af eigin þekkingu, heldur styðst við upplýsingar, sem Lúðvík Guðmundsson náttúrufræðikennari hefir góðfúslega gefið mjer.

Dr. Reinsch er mjög vel lærður og áhugasamur vísindamaður. Auk fræðilegrar þekkingar hefir hann mikla verklega reynslu og æfingu. Hann hefir fengist við rannsóknir veiðivatna bæði í Þýskalandi og Austurríki. Ástæðan til þess, að hann býður okkur aðstoð sína, er vísindalegur áhugi og metnaður til þess að vinna gagn sinni fræðigrein og skapa sjer verkefni til að vaxa af. Hann er hrifinn af náttúrufegurð Íslands og hefir fengið velvild til lands og þjóðar, eins og svo fjölmargir Þjóðverjar. Langar hann því til þess að vinna okkur gagn á þessu sviði.

Jeg skal geta þess, einnig eftir því, sem Lúðvík Guðmundsson hefir sagt mjer, að þetta er líklega í eina og síðasta sinn, sem kostur er á að njóta vísindaþekkingar þessa manns, því að það er í ráði, að hann fari í vísindaleiðangur til Austurálfu.

Það er stuttlega vikið að því í greinargerð till., að Lúðvík Guðmundsson mentaskólakennari hafi boðist til fylgdar með dr. Reinsch ókeypis, eins og í fyrra. Það mætti e. t. v. skilja það svo, að hann hefði aðeins verið fylgdarmaður hans og túlkur. En svo var ekki. Í fyrra hafði L. G., jafnframt því sem hann var fjelagi og túlkur, einnig nokkurt sjálfstætt verkefni, að safna jurtum, bæði vatna- og landjurtum. Hefir hann límt upp nokkuð af þeim í vetur og gefið mentaskólanum. Ef úr þessari rannsóknarferð verður í sumar, er svo um samið, að L. G. hafi sjálfstætt verkefni, sem snertir rannsókn veiðivatnanna, sem sje athugun skordýralífsins. L. G. hefir boðið, sem fyr er getið, ókeypis aðstoð sína við rannsóknirnar, og jeg verð að segja það, að það er alveg óvenjulegt af mentamönnum vorum að bjóða sig þannig í þjónustu landsins.

Fjárhæðin, sem farið er fram á, er 3000 kr. og er ætluð eingöngu til ferðakostnaðar milli landa og hjeraða og svo fyrir áhaldasliti. Það er hugsað, að hjeruðin, sem hann færi um, kosti sjálf ferðirnar innan hjeraðs, eins og gert var á Austurlandi í fyrra. Eflaust er þetta fje í minsta lagi, en jeg ætla, að Búnaðarfjel. verði ekki um megn að leggja til það, sem á kynni að vanta.

Þetta er þá um fyrra atriðið, og ætla jeg þá að víkja að síðara atriðinu, að veita 3000 kr. til þess að gera Lagarfoss laxgengan.

Eitt af þeim hjeruðum, sem dr. Reinsch fór um í fyrra, var Fljótsdalshjerað. Um það fellur Lagarfljót. Þar er jafnan lítil veiði, og veiðiskilyrðin ekki álitin þar góð, vegna ásigkomulags fljótsins, sem býður ekki góð lífsskilyrði, og svo er fossinn til hindrunar göngu veiðinnar úr sjó. Við rannsókn dr. Reinsch í fyrra staðfestist það, að ekki er um að ræða veiði eða góð veiðiskilyrði í fljótinu sjálfu, en það vitnaðist, að árnar, sem falla í fljótið, veita góð skilyrði sem veiðiár. Sem laxár er þeim líkt við hinar ágætu laxár í Borgarfirði. En ein hindrun er fyrir því að geta notað þau veiðiskilyrði, og það er að fossinn er ólaxgengur. Dr. Reinsch kom auga á mjög auðvelda leið til þess að gera hann laxgengan, og vísa jeg um það til skýrslunnar. Hefir hann boðið forsögn sína

um það, hvernig það skyldi framkvæmt, ef hann kæmi í sumar. Hefir hann borið þessa hugmynd sína undir verkfræðing, sem áleit, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að fossinn yrði gerður laxgengur á þann hátt, sem dr. Reinsch hefir hugsað sjer.

Það er mjög mikill áhugi og almennur á því þar eystra að fá notið dr. Reinsch, því það þykir öruggast, ef hans nýtur við, að engin mistök verði á verkinu og að það komi að fullu liði. Eins og gefur að skilja, er mikið í húfi fyrir þetta stóra hjerað, því opnast gætu miklir möguleikar til veiða, ef tækist að gera þennan foss laxgengan.

Jeg skal geta þess um upphæðina, sem til er tekin, að hún er meira sett eftir ágiskun en áætlun, en Lúðvík Guðmundsson, sem þessu máli er kunnugastur, telur líklegt, að kostnaðurinn verði frekar minni en meiri en hjer er tiltekið. Till. er svo orðuð, að gert er ráð fyrir $^1/_3$ framlags, og er þar miðað við það, sem greitt hefir verið til að gera aðra fossa laxgenga. Formaður Búnaðarsambands Austurlands hefir lýst því yfir við mig í símtali, að ekki muni standa á framlagi á móti. Ef kostnaðurinn verður minni en þetta, verður ekki greitt nema $^1/_3$, og ef ekki yrði við komið að nota þetta fje í sumar, þó dr. Reinsch kæmi, yrði þessi heimild ekki notuð.

Það er vaknaður mikill áhugi um alt land í þá átt að leggja meiri rækt við veiðivötnin en verið hefir. Þórður Flóventsson frá Svartárkoti, sem er allra manna áhugasamastur um þetta mál, hefir ferðast um land alt og dreift út frá sjer áhuga. Alþingi hefir viðurkent þennan mann með því að veita honum dálítinn styrk. Áhugi manna hefir mjög eflst við komu dr. Reinsch. Mönnum skildist fljótt, hve mikilsvert það væri að fá vísindalega vissu um lífsskilyrðin í veiðivötnunum. Búnaðarfjelaginu hafa borist beiðnir frá allmörgum sýslum um, að ekki yrði látið fyrir farast að fá dr. Reinsch til að koma hingað. Auk Fljótsdalshjeraðs hefir Þingeyjarsýsla óskað eftir rannsókn á Laxá og Mývatni, og Skagfirðingar óska eftir rannsókn á Hjeraðsvötnum og ám þeim, sem í þau falla. Hefir borist beiðni um það frá Jónasi Kristjánssyni, lækni á Sauðárkrók. Þá hafa borist beiðnir úr Húnavatnssýslu. Þar eru margar ár og vötn. Sömuleiðis úr Ísafjarðarsýslu, einkum frá inn-Djúpinu. Þar hefir alveg nýlega orðið vart við lax í nokkrum vötnum, og leikur mönnum hugur á að fá leiðbeiningar um, hvað gera þyrfti til þess að efla þá veiði. Ennfremur hafa borist beiðnir úr Dalasýslu og Barðastrandarsýslu. Þar er mikið um smáár og vötn, og var þar veiðisæld til forna, eins og kunnugt er. Nú er veiði þar lítil talin.

Jeg þykist ekki þurfa að lengja þetta mál. Jeg hefi stuttlega gert grein fyrir till. og reynt að draga fram helstu ástæður fyrir henni. Hjer eru mörg rannsóknarefni og mikilvæg. En til þess að rannsóknir verði framkvæmdar að gagni, þarf vísindalega þekkingu og vísindaleg áhöld, sem hjer er ekki kostur á. Jeg hefi bent á, hve það er beinlínis praktiskt, að þetta boð geti orðið þegið, enda getur það varla talist vansalaust gagnvart þessum útlenda vísindamanni, sem býður fram aðstoð sína af góðum hug, að synja þessari málaleitun.

Jeg vænti þess, að deildin samþ. till. einróma.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af síðustu orðum hv. flm. (HStef) verð jeg að segja það, að jeg tel lítil líkindi til þess, að deildin fallist einróma á þessa till.

Þetta mál mun hafa komið fyrir fjvn., og hefir hún þó ekki flutt till. Af því má ráða, að meiri hl. hennar sje á móti þessu. Jeg verð að segja, að mjer finst dálítið óviðkunnanlegt, að svona till. skuli rædd eftir að búið er að samþ. fjárlögin og búið að sleppa því færi að koma þessari fjárveitingu þar að. Till. hefir víst mætt andróðri í fjvn. og því ekki komist að. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sagt við mig, að hann gæti engu lofað um það, hvort þessi fjárhæð yrði greidd eftir þáltill.

Jeg er samdóma hv. flm. um það, að hjer sje þörf rannsóknar og mikilvægt atriði að reyna að auka veiði í ám og vötnum. En það er vafamál, hvort nauðsyn er á að fá útlendan mann til þess starfs. Jeg veit ekki betur en Pálmi Hannesson, sem lagt hefir fyrir sig þessi fræði, ljúki bráðlega prófi erlendis. Hann hefir fengið styrk úr Fiskiveiðasjóði og er talinn efnilegur maður. Mjer finst rjettara, að innlendur maður fáist við þessi störf, einkum þar sem upplýst er, að dr. Reinsch getur ekki sint starfinu nema eitt ár, en hinsvegar liggja fyrir beiðnir úr svo mörgum hjeruðum, að engin von er til þess, að þeim verði öllum sint á einu sumri. Jeg sje ekki, að þessum útl. vísindamanni sje nein óvirðing sýnd, þó að við kjósum heldur að nota innlenda krafta, ef völ er á þeim. En eins og jeg tók fram, veit jeg ekki betur en Pálmi Hannesson taki próf í vor.

Viðvíkjandi fjárveitingunni til að gera Lagarfoss laxgengan, er það að segja, að slíkar fjárveitingar er síður að taka upp í fjárlög. Þar eiga þær heima. Jeg veit ekki, hvort sú till. hefir legið fyrir fjvn. Þaðan hefði hún átt að koma í fjárlögin, og mjer þykir sennilegt, að hún hefði þá verið samþykt. Jeg veit ekki, hvort dr. Reinsch hefir sjerstaka þekkingu á að sprengja fossa. En innlendir menn hafa sjeð um verkið við þá fossa, sem búið er að gera laxgenga hjer á landi, og jeg býst við, að þeir geti eins annast um þetta verk.

Aðalatriðið er þetta, að jeg veit ekki betur en að við eigum völ á innlendum manni til þessara starfa. Það væri illa farð, ef efnilegur Íslendingur þyrfti að vera atvinnulaus af því að verkefni, sem beint lá við að fela honum, væri fengið útlendum manni. Jeg býst ekki við, að jeg geti greitt þessari till. atkvæði nema jeg fái upplýsingar um, að eitthvað komi fyrir, svo að þessi Íslendingur geti ekki tekið próf á þeim tíma, sem ætlað var. Mjer sýnist líka upphæðin, sem áætluð er til ferðakostnaðar þessum erl. vísindamanni, nokkuð lág. Gjaldkeri Búnaðarfjelagsins hefir sagt mjer, að ferðakostnaðurinn í fyrra hafi orðið á 6. þúsund krónur, og þá munu 3000 kr. hrökkva skamt.

Benedikt Sveinsson: Mjer þótti vænt um, þegar jeg sá þessa þáltill., því að það er mjög gagnlegt fyrir landsmenn, að þetta erindi sje rekið, sem hæstv. atvrh. (MG) viðurkendi. Að vísu hefði verið æskilegast, að bein fjárveiting til þessa hefði komist í fjárlög, og svo mundi sennilega hafa orðið, ef ekki hefði verið horfið að því ráði að samþ. fjárlög óbreytt eins og þau komu frá Ed.

Jeg þekki Pálma Hannesson að

áhuga og dugnaði. Hann er jarðfræðingur og dugandi landkönnuður. En jeg vil engu að síður fastlega mæla með því að ráða þennan þýska vísindamann árlangt, og býst jeg við, að deildin fallist á það, einkum þar sem hæstv. atvrh. telur skaða, að þessa manns sje ekki lengur kostur.

Einn fræðimaður getur ekki leyst af hendi það verkefni, er hjer liggur fyrir, á einu ári. Mun því áreiðanlega verða ærið starf eftir handa landa vorum, jafnvel þótt hann yrði í langlífasta lagi, sem vjer væntum.

Þessi útlendi vísindamaður hefir ferðast hjer áður og skrifað mjög skilmerkilega og skarplega um rannsóknir sínar. Hann er orðinn nokkuð kunnugur staðháttum og stendur því betur að vígi en ella, og úr því að hans er ekki kostur nema næsta sumar, þá þykir mjer slaklega ráðið að hafna honum. Mjer þykir líklegt, að frekar þurfi verkfræðing en fiskifræðing til þess að sprengja berg, þar sem fossar falla, en hitt er og víst, að fiskifræðingur hefir best vit á því, hversu til skal haga, svo að laxinn megi upp stikla.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg þarf raunar ekki margt að segja. Hv. þm. N.-Þ. (BSv) hefir tekið af mjer ómakið að nokkru með því að lýsa nauðsyn þessa máls. Jeg þykist skilja, að jeg hafi e. t. v. gert mjer of góðar vonir um undirtektir, en þó er jeg ekki enn búinn að sleppa þeirri von.

Það hefir verið bent á, að fjvn. muni ekki hafa viljað sinna þessu máli, en síðan hafa ástæður breyst. Ætlunin var í fyrstu að fara aðra leið, en nú er sú leið lokuð, og því er till. borin fram, frekar en að málið falli niður. Það má auðvitað segja, að óviðkunnanlegt sje að koma fram með þetta eftir að fjárlög eru nýsamþ. En meðan fjárlögin voru í Ed. varð ekki vitað, hvaða afdrif þau fengju, og gert var ráð fyrir, að tækifæri gæfist til að koma þessu að við eina umr. hjer. Það var ekki fyr en við flm. vissum um það samkomulag, sem varð um að samþ. fjárl. óbreytt eins og þau komu frá Ed., að við tókum það ráð að fara þessa leið.

Þá vildi hæstv. atvrh. segja, að ekki væri nauðsyn á að nota aðstoð þessa útl. manns, af því að von væri á innlendum manni, Pálma Hannessyni, sem gæti tekið að sjer þetta verk, og taldi hann, að frá þessum manni væri verkefni tekið. Það má kanske segja sem svo, en verkefnið er þá ekki eins mikið og við höfðum ætlað, ef dr. Reinsch lýkur miklu af því á einu sumri. Jeg get bent hæstv. ráðh. á, að í öðrum löndum, t. d. Noregi, eru margir starfandi fræðimenn af þessu tæi. Á það má líka líta, að þessi maður hefir bæði vísindalega og verklega þekkingu, og það má vel hugsa sjer, að störf hans hjer yrðu góð undirstaða fyrir Pálma Hannesson, sem kemur fræðilega lærður, en vantar verklega þekkingu til að byrja með. En hjer er áreiðanlega um svo mikið verkefni að ræða, að eins sumars verk getur ekki tekið mikið frá Pálma.

Jeg tók fram í fyrri ræðu minni, að upphæðin, sem farið er fram á, væri lág, en gæti þó nægt. Hún er að vísu lægri en það, sem reyndist þurfa í fyrra, en þá voru það ekki nema sum hjeruðin, sem kostuðu dvöl dr. Reinsch innanhjeraðs. Nú er ætlast til, að þau

geri það öll, og að sjálfsögðu mundi Búnaðarfjelagið ekki láta á sjer standa að greiða það, sem á kynni að vanta.

Um fjárveitinguna til að sprengja fossinn er sama máli að gegna og um hitt, að ætlað var að bera þá till. fram við eina umr. í Nd., en þessi leið tekin, þegar þau sund voru lokuð. Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja meira, en þakka góðar undirtektir yfirleitt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það, sem jeg sagði áðan, var aðallega miðað við það, að jeg taldi rjettara að láta innlendan mann sitja fyrir þessu starfi, mann, sem jeg hefi álit á og lagt hefir sig eftir þessum fræðum. Jeg mælti ekki á móti rannsóknum, heldur viðurkendi nauðsyn þeirra. Nú hefi jeg fengið að vita síðan jeg talaði áðan, að Pálmi Hannesson lýkur prófi sínu í júnímánuði, og verður hann þá atvinnulaus í sumar. Jeg viðurkenni, að þó hann taki gott próf, vantar hann praktiska þekkingu. En svo hlýtur að verða hvenær sem hann byrjar að starfa. Það eru ekki andmæli gegn manninum, þó hann vanti praktiska æfingu við þessar athuganir. Það er vitanlegt, að hann hefir lagt stund á þessi fræði og notið til þess styrks frá Fiskiveiðasjóði. Jeg hefi að vísu ekki umboð til þess að sækja um þetta starf fyrir Pálma Hannesson, en jeg vona þó, að hann fái þessar rannsóknir síðar, því jeg get ekki annað ætlað en að hann sje til þess mjög vel fær. Að einu leyti stendur dr. Reinsch að vísu betur að vígi. Hann hefir góð verkfæri til rannsóknanna, en þau mundi Íslendingurinn sennilega einnig geta fengið sjer, ef þau eru ekki því dýrari. Hann er fátækur maður og sjálfsagt skuldugur, er hann kemur frá prófborðinu, og því atvinnuþurfi.

Jeg skal að vísu ekki mæla á móti þessari till. af miklum krafti, en jeg tel þó eðlilegra, að hr. P. H. takist þetta á hendur.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg hefi ekki beint ástæðu til að andmæla hæstv. atvrh. (MG). Hann tók allvel í þetta mál. Hann upplýsti það, að hr. Pálmi Hannesson hefir í þann veginn lokið prófi þessa dagana, og mjer skildist sem hæstv. atvrh. (MG) teldi hann hafa næga þekkingu til að taka þetta starf að sjer. Jeg tel það vafasamt enn þá, en jeg teldi, að það mundi verða góður skóli fyrir hr. P. H. að vera með dr. Reinsch eitt sumar í byrjun, sjerstaklega að því leyti að kynnast verkfærum þeim, er hann notar, sem eru líklega ekki mjög algeng, og sagt er, að hann hafi sjálfur fundið upp sum þeirra. Jeg held því, að dr. R. sje best til verksins fallinn, en þó teldi jeg ekkert að því, að þeir störfuðu báðir saman. Þetta skiftir að vísu ekki miklu máli, en jeg álít þó, að úr því sem komið er verði að ráða dr. Reinsch til þessa þetta árið.

ATKVGR.

Fyrri hluti tillgr. („Alþingi . . . . veiðivötnum") samþ. með 12:5 atkv.

Síðari hluti tillgr. (frá „og ennfremur") feldur með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: HStef, JakM, JBald, JörB, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSv.

nei: HK, JAJ, JK, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, BL.

JÞ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (IngB, JS, KlJ, BSt, BJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. maí, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 581).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 76. fundi í Ed., föstudaginn 14. maí, var till. tekin til f y r r i u m r.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi aðeins það að athuga við formið, að jeg álít, að þingið geti ekki með þingsályktun heimilað stjórninni að verja fje úr ríkissjóði. Eftir stjórnarskránni þarf til þess veiting í fjárlögum eða aukafjárlögum, en jeg skil till. aðeins svo, sem Alþingi fyrir sitt leyti óski eftir, að stjórnin geri þetta, og vilji ekki átelja hana eftir á fyrir að taka þetta upp í fjáraukalög.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., sama dag, var till. tekin til s í ð a r i u m r.

Of skamt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 603).

B.
Um framkvæmdir innanþings.

Þúsund ára hátíð Alþingis.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 8. maí, og á 74. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um þúsund ára hátíð Alþingis (A. 543).

Á 6. fundi í Sþ., miðvikudaginn 12. maí, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., föstudaginn 14. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (**Ásgeir Ásgeirsson**): Við berum fram þessa till. um nefndarkosning í tilefni af þúsund ára hátíð Alþingis vegna þess, að við höfum orðið þess varir, að þjóðin er þegar farin að hugsa til undirbúnings og ræða um, hvað gera skuli 1930.

Menn hafa engan til að snúa sjer til með till. í þessu efni, nema Alþingi skipi nefnd, sem sje nokkurskonar miðstöð fyrir undirbúningsstarfsemina.

Slík hátíð sem þessi er alveg einstæð meðal þjóðhátíða. Jeg vænti þess, að allir hv. þm. sjeu sammála um það, að við eigum að halda þessa hátíð á þann hátt, að þjóðinni vaxi traust á sjálfri sjer og heiður og vegsemd meðal annara þjóða. En ef svo á að verða, má ekki hefja undirbúning öllu seinna en nú. Undirbúningur undir þjóðhátíðina 1874 hófst ekki síðar en 1869, en nú eru aðeins 4 ár til 1930, og ef undirbúningurinn á ekki að fara í handaskolum, má ekki ætla honum skemri tíma.

Okkur flm. þykir rjettast, að Alþingi skipi sjálft nefnd, sem beri ábyrgð á því, að öll ráð verði tekin í tíma. Okkur þykir heppilegra, að sú nefnd, sem á að sjá um þetta, sje fulltrúi Alþingis, heldur en stjórna, sem koma og fara. Þetta kemur ekkert við trausti eða vantrausti á núverandi stjórn, heldur er það álit okkar, að sjálft Alþingi eigi að hafa þetta mál með höndum og að allur smærri kostnaður, sem af störfum nefndarinnar kann að leiða, verði greiddur af þingkostnaði, en um allan meiri háttar kostnað verði nefndin að leita til þingsins.

Um það, hvað gera skuli á hinni miklu hátíð, er óþarft að ræða nú. En við flm. teljum, að slík hátíð sem þessi

eigi að vera eftirminnileg fyrir þjóðina og bera í skauti sjer eitthvað það, sem ekki gleymist og ekki er horfið um leið og veisluhöldum er lokið. Jeg vona, að Alþingi geti orðið sammála um þessa nefndarkosningu. Það væri þróttlítil þjóð, sem ekki gæti glaðst af slíkum viðburði sem þessum.

Forsætisráðherra (JM): Það er nú þegar langt síðan byrjað var á undirbúningi undir þessa hátíð. Fyrir nokkrum árum var skipuð nefnd til að undirbúa og rita sögu Alþingis, og af henni hefir þegar verið ritað nokkuð. Í fyrra skipaði stjórnin nefnd til að gera till. um verklegar framkvæmdir á staðnum og friðun hans, svo að þegar er nokkur undirbúningur byrjaður.

Að Alþingi hafi ekki þótt liggja á, má ráða af því, að hjer kom fram á þinginu í vetur stjórnarfrv., bygt á till. Þingvallanefndarinnar, og þessu frv. hefir alls ekki verið sint, og held jeg þó, að það atriðið, að undirbúa staðinn, hafi verið það, sem mest reið á, fyrir utan að skrifa söguna. Hvað snertir það, að Alþingi taki málið í sínar hendur, þá gerir það það auðvitað á sínum tíma. Jeg hafði hugsað mjer að hafa þá menn áfram í nefndinni, sem skipaðir voru í fyrra. Þeir eru allir embættismenn ríkisins og kunnáttumenn, hver í sinni grein. Þá hafði jeg gert ráð fyrir því, að bætt yrði við 2—4 mönnum í nefndina, sem skyldu ásamt hinum gera till. um hátíðahaldið sjálft. Þetta held jeg að hefði verið allheppilegt að gera. Það eru nú 2 nefndir fyrir, en með þessari till. er meiningin sú, að slá striki yfir þær báðar og kjósa nýja nefnd. Mjer finst ekkert unnið við það, að þingið kjósi nú nýja nefnd, í stað þess að stjórnin skipi menn til viðbótar. Hún yrði jafnóbundin við þingið, nema það sje meiningin að kjósa þm. í þessa nefnd. En það er ekki víst, að þeir verði allir hinir sömu eftir að nýjar kosningar hafa farið fram.

Árni Jónsson: Út af orðum hæstv. forsrh. (JM) um, að þingið hefði ekki sint frv. stjórnarinnar um friðun Þingvalla, vil jeg geta þess, fyrir hönd allshn., að þó að seint sje, sendum við í dag í prentsmiðjuna nál. um þetta frv., sem væntanlega kemur hingað á fundinn innan skamms.

Nefndin gat ekki lagt áherslu á, að þetta mál gengi fram nú á þessu þingi, því að aðalatriðið er það, hvort samkomulag næst við ábúandann á Þingvöllum, milli hans og stjórnarinnar, um það, sem gera þarf. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að samkomulag muni takast um afsal afnotarjettar á þessu svæði, en annars fari fram eignarnám, ef samkomulag næst ekki. En jeg skal taka það fram, að eftir samtali, sem nefndin hefir átt við staðarhaldarann á Þingvöllum, sjera Guðmund Einarsson, gerir hún ráð fyrir, að gott samkomulag náist um þetta atriði, og sjer nefndin því ekki ástæðu til að leggja áherslu á það, að þetta frv. gangi fram nú. Það er síður en svo, að allshn. hafi leitt þetta mál hjá sjer, því að hún fór til Þingvalla og athugaði staðháttu og reyndi að setja sig inn í málið.

Úr því að jeg er nú staðinn upp, álít jeg rjett að segja eitthvað um þetta mál, eins og það nú liggur fyrir. Jeg er alveg sammála hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um það, að það sje ekki rjett að draga það

öllu lengur að byrja á undirbúningi undir þjóðhátíðina 1930, en jeg er ekki ánægður með þessa till., sem hjer liggur fyrir. Jeg hefi hjer hjá mjer álit Þingvallanefndarinnar frá 14. jan., og í niðurlagsorðum álitsins getur nefndin þess, að í skipunarbrjefi hennar segi svo: „Þegar nær dregur væntanlegu hátíðahaldi, býst ráðuneytið við því, að nefndinni verði falið að gera annan nauðsynlegan undirbúning undir þau hátíðahöld, að viðbættum mönnum í nefndina". Mjer skilst, að með þessari till. sje ekki gert ráð fyrir því, að þessi nefnd, sem skipuð var á síðastliðnu ári, starfi áfram, en jeg býst við, að hún hafi verið skipuð samkv. heimild frá þinginu. Jeg hefði betur getað felt mig við þessa till., ef hún hefði gengið í þá átt, að Alþingi bætti mönnum í nefndina, í stað þess að skipa nýja. Mjer þykir rjett að geta þess, að sá maður, sem einna mest mun hafa hugsað um hin væntanlegu hátíðahöld 1930, dr. Guðmundur Finnbogason, kom á fund allshn. og skýrði málið fyrir henni, og eru það sjerstaklega 3 atriði, sem hann leggur áherslu á. Það er í fyrsta lagi útgáfa bókar. Eins og hv. flm. (ÁÁ) tók fram, virðist það auðsætt, að við ættum að nota þennan merkisatburð til þess að vekja athygli annara þjóða á okkur. Dr. Guðmundur leggur til, að rituð sje bók í þessu skyni á íslensku og henni snúið á ensku. Hann benti á, að Norðmenn og Svíar hefðu gefið út slíka bók árið 1900 og haft mikið gagn af því. Dr. G. F. lagði til, að til þessa yrði skipaður sjerstakur maður. Í öðru lagi leggur hann til, að skipaður sje einn maður til þess að sjá um undirbúning sýningar, og mun þegar vera hafinn undirbúningur í þessu skyni. Í þriðja lagi leggur hann til, að skipaður sje maður til að sjá um töku íslenskrar kvikmyndar. Eins og kunnugt er, var hjer sýnd í vetur kvikmynd frá Danmörku, sem sýndi atvinnuhætti þar og fleira, og held jeg, að mörgum hafi þótt sú mynd lærdómsrík. Dr. G. F. heldur því fram, að gera megi íslenska kvikmynd, sem standi þessari að engu leyti að baki, og leggur til, að þegar sje hafinn undirbúningur undir þetta.

Samkvæmt till. hans er ætlast til þess, að þeir, sem valdir verða af hæstv. stjórn eða hinu háa Alþingi í nefnd, starfi með Þingvallanefnd, og að lokum yrði skipuð þriggja manna nefnd, er sjerstaklega hefði með móttökuna að gera — sjá um, hverjum skuli boðið, og vera gestgjafi boðsmanna meðan á hátíðinni stendur.

Jeg áleit rjett, að þetta kæmi fram hjer, þótt það sje að vísu ekki alveg í sambandi við till., er fyrir liggur.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og jeg hefi áður sagt, sje jeg enga ástæðu til þess að ræða hjer þær till., er komið hafa fram um hátíðahöldin 1930. Það er aðeins nefndarskipunin, sem hjer er til umr.

Jeg get ekki verið hæstv. forsrh. (JM) sammála um það, að Þingvallanefndin, sem stjórnin skipaði, sje hátíðanefnd og eigi að starfa eftir sem áður, þótt þessi nefnd sje skipuð. Þingvallanefndin á að líða undir lok, því þessi nefnd, sem hjer er farið fram á að skipa, mundi koma í stað hennar, og jeg sje ekki, að með því sje að neinu leyti brotið á móti því, sem menn hafa hugsað sjer áður um undirbúning hátíðarinnar. Jeg veit ekki til þess, að hið

háa Alþingi hafi til þessa tekið neina ákvörðun um skipun nefndar, er sæti allan tímann fram yfir 1930 og hefði allan þunga þess starfs. Till. kemur því ekki í bág við nein fyrri ákvæði þingsins.

Þá hefir verið talað um, að rjett sje að hafa í nefndinni þá menn, er sjerþekkingu hafi og sjeu starfsmenn ríkisins, vegna þess, að nefndin á að starfa kauplaust.

Jeg sje nú ekki, hver þörf er á því sjerstaklega að hafa í þessari nefnd vegamálastjóra og húsameistara ríkisins. Ef sjerþekkingar þarf við, þá er hægurinn hjá fyrir nefndina að leita til þeirra starfsmanna ríkisins, er sjerþekkingu hafa, því að allir starfsmenn ríkisins eru sjálfkjörnir ráðgjafar nefndarinnar.

Jeg fyrir mitt leyti get ekki orðið við þeim tilmælum, er fram hafa komið um það, að bætt skuli mönnum við í þá Þingvallanefnd, er nú situr. Sje nauðsynlegt að hafa þá menn í nefndinni, er hana skipa, er hægurinn hjá að kjósa þá á þessum fundi í hina nýju nefnd. Jeg býst við því af þeim flokkum, er telja þessa menn ómissandi í nefndinni, að þeim sjáist ekki yfir að kjósa þá.

Jeg held fast við till. eins og hún er og vona, að hið háa Alþingi sjái sóma sinn í því að fara sjálft með málið, að hafa einlita, þingskipaða nefnd, en rugla ekki saman stjórnskipuðum og þingkjörnum mönnum.

Forsætisráðherra (JM): Jeg þarf ekki að svara hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), en hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) lítillega. Jeg get ekki viðurkent, að hv. allshn. Nd. hafi sint stjfrv. Það kom fram nógu snemma á þinginu til þess, að nefndin hefði getað tekið afstöðu til þess á þessu þingi og málið síðan sætt venjulegri meðferð. En það gagnar ekki, að nál. kemur nú fyrst, á seinasta starfsdegi þingsins, og er nú útbýtt hjer rjett í þessari andránni. Þetta kalla jeg ekki að sinna frv.

Um samkomulagið við Þingvallasveitarbúa er það að segja, að nokkuð hefir verið reynt um það af stjórnarinnar hálfu, og skal jeg ekki tala frekar um það.

Þá var talað um, að engin heimild væri til frá Alþingi um skipun Þingvallanefndar. Stjórnin þurfti enga heimild til þess að skipa þá nefnd, er engin laun tekur fyrir starf sitt. Það hafði stjórnin fulla heimild til að gera.

Jeg get ekki verið hv. allshn. Nd. samdóma um það, að ekki hafi verið ástæða til þess að sinna öðruvísi þeim till., er fram hafa komið frá Þingvallanefnd.

Árni Jónsson: Hæstv. forsrh. (JM) er ekki ánægður með gerðir allshn. í þessu máli. Það er að vísu rjett, að álit nefndarinnar kemur seint fram, en þegar gætt er ákvæða 4. gr., er ekki nema eðlilegt, að nefndin afgreiði málið á þann hátt, sem hún hefir gert. Jeg geri ráð fyrir því, að hæstv. stjórn sje ekki úrkula vonar um að ná samkomulagi við prestinn á Þingvöllum, fyrst hún bar þetta frv. fram.

Mjer skildist svo, sem hæstv. forsrh. (JM) hefði það eftir mjer, að engin heimild hafi verið fyrir því að skipa Þingvallanefndina, en það er ekki rjett.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil taka undir það, er hæstv. forsrh (JM) og

hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) hafa sagt, að það er óhentugt að fella niður þessa þriggja manna nefnd, sem unnið hefir mikið að þessu máli, hefir kynt sjer mikið og margt því viðkomandi og hugsað mikið um það, á hvern hátt hátíðin megi fara sem best úr hendi. Það er eðlilegast, að Alþingi skipi nefndina þannig, að þessir 3 menn, sem að allra dómi eru mjög hæfir til þess að sitja í henni, fái þar sæti, og bætt sje við t. d. 4 mönnum.

Jeg skal ekki færa nein frekari rök fyrir þessu, en leyfi mjer að bera fram skriflega brtt. í þessa átt (verður þskj. 600) og vona, að hv. Alþingi lofi henni að koma til atkvæða.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil vekja athygli hv. þm. á því, og legg þar á mikla áherslu, að hvorki hið háa Alþingi nje hæstv. stjórn eru að neinu leyti skuldbundin þeirri Þingvallanefnd, er nú situr. En vilji hæstv. stjórn endilega hafa þessa menn í nefndinni, þá er auðvelt að kjósa þá. Það er mjög auðvelt ráð til þess, að þeir missist ekki úr nefndinni. Hitt er óeðlilegt og fjarri öllum sanni, eins og jeg tók fram áður, að fara að skeyta saman stjórnskipaða og þingkosna nefnd. Jeg hygg, að öll meðferð málsins hafi sýnt það, að rjettast sje, að það sje í höndum þingsins og að þingmenn sjeu þeir, er nefndina skipa.

Af þessum ástæðum greiði jeg atkvæði á móti brtt. þeirri, er fram er komin frá hæstv. fjrh. (JÞ).

Það er eðlilegt, að allir flokkar þingsins óski þess að fá hlutfallslegan rjett um skipun þessarar nefndar. En með því að samþykkja brtt. eru 5 sæti í nefndinni fengin íhaldsmönnum í hendur, en aðeins tvö, sem aðrir flokkar fá. En þar sem þetta er málefni, sem Alþingi og alþjóð varðar, má ætlast til þess, að flokkarnir vilji fá hlutfallslegan rjett um nefndarskipunina og að enginn vilji beita flokkadrætti í slíku máli. Jeg vil því mælast til þess við Íhaldsflokkinn, að hann hafi um nefndarskipunina eins gott samstarf og til er ætlast í þáltill. Mjer fyrir mitt leyti finst sanngjarnt, að hlutfallið milli flokkanna á Alþingi ráði um skipun nefndarinnar. Allar aðrar kröfur eru reiptog, og það á ekki við í slíku máli, sem á að vera utan við allan flokkaríg.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 600) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 600 feld með 20 : 15 atkv.

Tillgr. samþ. með 20 : 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GuðmÓ, HStef, IngB, ÍP, JakM, JBald, JJ, JörB, KlJ, MT, PÞ, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁH, ÁÁ, BSv, BSt.

nei: GunnÓ, HSteins, HK, IHB, JJós, JAJ, JK, JM, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, BK, BL, JóhJóh.

ÓTh og ÁJ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BJ, EP, ÞórJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Forseti ákvað því næst fundarhlje í 10 mínútur, til undirbúnings nefndarkosningunni samkvæmt þál.

Nefndarkosning.

Að því loknu var gengið til kosninga í nefndina. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, er hann merkti A og B. — Á A-lista voru þessi nöfn: Ásgeir Ásgeirsson, Jónas Jónsson, Sigurður Eggerz, Jóhannes

Jóhannesson, Magnús Jónsson, Ólafur Thórs. — Á B-lista var Pjetur G. Guðmundsson bókhaldari.

A-listinn fjekk 18 atkv.

B-listinn 1 atkv.,

en 19 seðlar voru auðir og 1 seðill ógildur. Kosningu hlutu því alþingismennirnir:

Ásgeir Ásgeirsson,
Jónas Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Jóhannes Jóhannesson,
Magnús Jónsson,
Ólafur Thórs.

Forseti (JóhJóh): Jeg vil, að því er mig sjálfan snertir, lýsa yfir því, að jeg tel mjer ekki skylt að taka sæti í þessari nefnd, sem hjer hefir verið kosin, og í utanþingsmáli, þar sem sá flokkur, sem jeg tilheyri, hefir ekki tekið neinn þátt í nefndarskipuninni, og í nefndarkosningunni hefir eigi tekið þátt meiri hluti atkvæða, þeirra sem á fundi eru.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Sameinað Alþingi hefir kosið þessa nefnd. Það væri ofríki af heilum flokki að vilja ekki taka sæti í nefnd, sem kosin er af meiri hl. sameinaðs Alþingis og skipuð er til þess að gera 1000 ára hátíð Alþingis sem veglegasta. Vona jeg því, að hæstv. forseti (JóhJóh) skorist ekki undan því að taka sæti í nefndinni og taka á sig starf, sem sameinað Alþingi hefir kosið hann til og sýnt honum þar með traust, þótt þeir, sem kusu hann, sjeu úr öðrum flokki. Sömu tilmælum vildi jeg beina til þeirra, sem kosnir eru úr öðrum flokkum en þeim, sem kosið hafa.

Fjármálaráðherra (JÞ): Íhaldsflokkurinn hefir ekki skorast undan því að gera hátíðina 1930 sem veglegasta. Hann hefir þvert á móti gert nauðsynlega byrjun og hefir með till., sem hjer kom til umr., sýnt áhuga á því að taka þátt í því starfi. En það eru hv. flm. þeirrar till., er samþykt var, sem sagt hafa sundur friðnum. Þeir hafa orðað till. svo, að hún sparkar í burt hæfum mönnum, sem stjórnin hefir falið að undirbúa þetta verk, mönnum, sem að vísu eru ekki neinir stjórnmálamenn, en aftur á móti miklir kunnáttumenn á þessu sviði.

Það hefir alls ekki verið leitað samkomulags við Íhaldsflokkinn um þessa nefndarskipun, og getur því hv. þm. ekki gefið öðrum sök á þeirri sundrung, sem hjer er orðin.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Vegna ummæla hæstv. fjrh. (JÞ) vil jeg lýsa yfir því, að jeg hafði borið till. undir nokkra íhaldsmenn áður en hún var borin fram, og tóku þeir vel í málið.

Við flm. höfum ekki sagt sundur friðnum. Við höfum aðeins viljað hlutfallslegt jafnrjetti milli flokkanna í nefndinni. Og sameinað Alþingi hefir skorið úr um það, að þeir skuli njóta þessa jafnrjettis. Jeg hygg, að það gildi, sem sameinað Alþingi hefir ályktað að gera, og að varhugavert sje fyrir heila flokka að skirrast við að fara eftir ályktunum þess. Það væri ekki til að auka traust og álit þessarar gömlu og virðulegu stofnunar. Með því að skorast undan þátttöku í nefndinni gera menn uppreisn gegn ályktunum Alþingis, ef það er heill flokkur, sem tekur sig saman um undanbrögðin. Sú

leið er að vísu fær, en ekki samboðin öðrum en óvinum þingræðisins. Jeg ítreka því tilmæli mín til þeirra manna, er kosnir hafa verið í nefndina úr stjórnarflokknum, að þeir taki þar sæti. Sjerstaklega vil jeg beina þessum tilmælum til hæstv. forseta (JóhJóh), að hann láti sjer ekki á sama standa um heiður þingsins og ályktunarvald þess.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er alveg misskilningur hjá hv. þm. (ÁÁ), að hjer sje verið að skirrast við að fylgja ákvörðunum þingsins. En það er ekki venja að kjósa aðra menn í slíkar nefndir en gefið hafa loforð sitt um að taka við kosningu. Þó hefir hjer verið vikið frá þessu. En það kemur ekki til mála að kalla það uppreisn gegn samþyktum Alþingis, þó að þingflokkur skili auðum seðlum við kosningar. Það er alvanalegt. Oft hafa heilir þingflokkar skilað auðu við forsetakosningar, og það er langt frá því, að það hafi verið talið uppreisn.

Jón Baldvinsson: Það hefir nú sýnt sig, að Framsóknarflokkurinn hefir tekið nokkra íhaldsmenn nauðuga á lista og kosið þá í þessa nefnd. Hæstv. forseti (JóhJóh) hefir nú beiðst undan kosningu, vegna þess, að hann var ekki að spurður, og treystir sjer ekki til þess að starfa í svo umfangsmikilli nefnd.

Það er alveg auðsætt, að gefa á hæstv. forseta (JóhJóh) lausn og kjósa nýjan mann í hans stað. Hefði auðvitað verið best, að þingflokkarnir hefðu getað komið sjer saman um þetta. En þar sem svona er komið, liggur ekki annað fyrir en að kjósa einn mann í nefndina í stað hins, sem úr gekk. Ef það verður ekki gert, er ekki hægt að framfylgja till., því að Alþingi á að kjósa í nefndina, en ekki stjórnin.

Sigurður Eggerz: Jeg skal geta þess, að jeg hefi engan þátt átt í undirbúningi þessa máls.

A-listinn var kosinn með miklum þorra atkvæða. Enginn, sem á þeim lista stóð, hreyfði áður en kosning fór fram, mótmælum gegn því, að hann væri settur á listann, og ekki heldur hæstv. forseti. Jeg tel því, að þessi mótmæli, sem nú koma á eftir, sjeu of seint fram komin. Undir öllum kringumstæðum er nú sú kosning, sem fram er farin, fullgild, og verður ekki gert frekara í því máli.

Forseti (JóhJóh): Jeg skal geta þess, að það voru ekki nema 19 þm. af 42, sem ákváðu að kjósa í nefndina. Ef meiri hl. þeirra hefði gert það, þá mundi jeg þegar hafa beygt mig. En jeg tel mjer ekki skylt að gera það, þar sem ekki fullur helmingur þm. tóku þátt í kosningunni.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins benda hæstv. forseta (JóhJóh) á það, að kosið var á 20 seðla að 39, enda þótt ekki væri hægt að lesa á einum. Hefir því nefndin verið kosin af 20 þm., því að menn vita, að á hinum ógilda seðli hefir átt að standa A. Er þetta því meiri hl. þeirra þm., sem viðstaddir voru.

Forseti (JóhJóh): Þetta er rjett athugað hjá hv. þm. Str. (TrÞ). Skal jeg taka til athugunar, hvort jeg get orðið við tilmælum hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), og tel jeg því málið útkljáð.

C.
Feldar.

1. Þjóðaratkvæði um þinghald á Þingvöllum.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 19. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um þjóðaratkvæði um þinghald á Þingvöllum (A. 180).

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Mjer er það ljóst, að nú í þinglokin er ekki sú kyrð eða rósemi yfir hugum hv. þm., sem þetta alvarlega mál um þingflutning ætti að njóta. Og jeg finn líka vel til þess, að ekki er á valdi mínu að reifa þetta svo vel og áheyrilega, sem jafnalvarlegu og þýðingarmiklu máli er samboðið. Þessi hugmynd um þingflutning er hvorttveggja í senn, djúptækt alvörumál og viðkvæmt tilfinningamál. Það er og á að vera hafið yfir dægurþras og smámunalegan sveitadrátt. Það ætti fremur flestu öðru að vekja til alvarlegrar umhugsunar ungmennin, sem nú eru að hefja framtíðina á herðar sjer, og það hreyfir þá strengi í hugum aldraðra og ráðsettra manna, sem goluþytur hversdagsmálanna snertir aldrei. Þetta mál verður ekki vegið — það verður ekki felt eða stutt, nema í samræmi við þá skoðun eða trú, sem fyrir einstaklingum vakir um örlög niðjanna á ókomnum tímum. Ljettúðug afgreiðsla hæfir síst slíku máli sem þessu. Þetta mál hlýtur hjá hverjum hugsandi manni að leita að uppsprettu þess, sem inst er og best í eðli hans, umhyggjunni fyrir og ástinni til niðjanna og ættlandsins; það leitar inn í helgidóm hugans, þar sem friðlýstur reitur er fyrir allar einkaákvarðanir.

Flestir fulltíða menn eiga sjer líka í öðrum skilningi afmarkaðan helgireit, oftlega bundinn við æskustöðvar eða þann stað, þar sem örlagarík og ánægju-

leg atvik hafa gerst í æfi einstaklingsins. Að eðlilegum hætti er sá friðlýsti reitur líka oft heimilið, þótt langt kunni að vera frá æskustöðvunum. En þar sem átthagaræktin hefir eigi kulnað, þar getur oft helgasti reiturinn — æskustöðvarnar eða ættaróðalið — verið langt frá dvalarstaðnum, og þá oftlega enn helgari í huga landflóttamannsins en nokkurs annars.

Alkunna er átthagarækt og heimþrá Vestur-Íslendinga. Margir þeirra hafa varið ærnu fje og fyrirhöfn á gamals aldri til þess að komast „hingað heim" og dvelja um stuttan tíma á æskustöðvunum, en hverfa þá aftur til vandamanna vestra. Nær ætíð heimsækja þeir ættarstöðvarnar, ef þeir eru úr sveit, með algleymingsfögnuði, og yfirgefa þær aftur með hrygð í huga. Oftast leitast þeir við að skilja eftir einhvern sýnilegan vott heimsóknarinnar, einhverja staðarprýði eða staðarbót, og með aðdáun og fjálgleik tala þeir um þessa staði. Þessir staðir eru þeim einskonar heilög tákn, og ósjaldan má heyra þau orð af vörum vestangestanna: Hjer vildi jeg bera beinin. Slík er átthagarækt landflóttamannanna vestrænu og helgi þeirra á æskustöðvunum.

Eins og einstaklingar eiga þannig helga reiti, hver um sig, eins eiga þeir, sem uppruna rekja til sama hjeraðs, oft sameiginlegan helgireit. Tíðum er það kirkjustaður sá, er sótt var til á fermingaraldri, þar sem æskan brosti blíðast við ungmennunum og tjaldaði rósrauðu, þar sem ungmennin með bljúgum huga tóku á móti vígslunni í víngarði kirkjunnar og unnu henni og þjóðfjelaginu þegnskaparheit fyrir alla æfi. Slíkir helgireitir ýta undir einingar- og bróðurhug og skapa samhygð; átthagaræktin kemst þar í hærra veldi, ef svo mætti segja, og litast um leið lotningu fyrir kirkjunni og hennar erindi.

Þá eru enn þeir helgireitir, sem draga hugi manna saman á stórum svæðum, og byggist oftast eftirlætið á þeim á sögulegum eða glæsilegum minningum, eða þá sjerstakri náttúrufegurð, ef ekki hvorttveggja. Eins og dæmi um slíka sögulega helgireiti má nefna biskupastólana fornu, Odda, Haukadal, Reykholt o. fl., en sem dæmi hinna t. d. Hallormsstað og Ásbyrgi.

Alt þetta framantalda er hliðstætt við hugmyndalíf og háttu annara þjóða, og þó með þeim mun, að víðast annarsstaðar er meiri alvörugefni samfara ræktarsemi við slíka staði, og meira fyrir þá gert. Óðalsrjetturinn, sem skapar átthagarækt, er t. d. í meiri metum hafður í grannlöndunum en hjer. Kirkjur, sem staðið hafa í aldaraðir í sveitum og unnið sjer hefð, eru þar ekki eins gálauslega lagðar niður og hjer og fluttar í lítilmótleg fiskiver. Og frægir sögustaðir, eða staðir með afbrigðilegri náttúrufegurð, njóta þar meiri verndar og umönnunar en hjer.

Þó mun eigi rjett að eigna þetta tómlæti eða ræktarleysi við helgireitina hjá okkar þjóð. Hitt mun sanni nær, að efnaskortur valdi miklu um það, að hún getur ekki haldið til jafns við nágrannana, enda eru hjer meðal sagna- og minningafjöldans fleiri reitirnir, sem hlynna þarf að.

En einn er sá helgireitur hjer á landi, sem yfirskyggir alla aðra og ekkert á hliðstætt með grannþjóðunum, staður, sem öll þjóðin lítur til með aðdáun og hrifningu, eins þeir, sem aldrei hafa sjeð hann, staður, sem talað er um með

meiri lotningu en nokkurn annan, staður, sem skín í ljóma dýrðlegrar endurminningar og öll saga þjóðarinnar snýst um. Þessi staður er Þingvellir við Öxará, sá staður, sem Henderson sagði um, að hefði gagntekið sig svo með fegurð og tignarsvip, er hann við sólarupprás bað bænir sínar utan tjalds á völlunum við Öxará, að fölnað hefði í huga sjer alt skraut og prýði veglegustu mustera Austurlanda.

Engan slíkan stað á nokkur grannþjóðanna, engan eins þrautvígðan og vafinn frægilegum minningum, enda á engin þeirra jafngamalt löggjafarþing og Alþingi. Engin furða þess vegna, að þjóðin lítur á þennan stað eins og helgidóm. Þar hefir þing verið helgað 8—900 sinnum. Þar hafa 24—30 kynslóðir í óslitinni röð hver fram af annari kynt þann þjóðlega arineld, sem enn þá lýsir veginn fram undan og yljar huganum, og þar hafa þessar horfnu kynslóðir ýmist greitt úr vandamálunum eða reist rönd við útlendri ásælni eða aðsteðjandi hættum.

Einn óskeikulasti vottur um helgi og ágæti staðarins er það, að hann hefir verið valinn að samkomustað, þegar mest hefir þótt við liggja um hin alvarlegustu mál þjóðarinnar, og einnig til að fagna útlendum þjóðhöfðingjum, þegar að garði bar. Hví mundi þjóðfundurinn 1851 og síðari tíma Þingvallafundir hafa verið haldnir þar, nema einmitt vegna þeirrar trúar fólksins, að helgi staðarins helgaði athafnir fundanna, og þannig hefir átakanlega verið viðurkend sú trú, sem kaldhæðin efnishyggjan kannast ekki við, að hollvættir staðarins haldi vörð um hann og stýri til hamingju gerðum þeirra, sem í einlægni leita þar úrlausnar vandamálanna. Jeg veit, að slík trú er af mörgum talin forneskja og fjarstæða, en hún er enn reiðubúin til að flytja fjöll, ef á liggur og efinn er á flótta rekinn.

Meginhluti landsmanna hyllir þessa trú, svo fremi jeg veit, og óskar þess, að Alþingi flytji á Þingvelli aftur. Þrekleysi þjóðarinnar og örbyrgð sú, sem erlend kúgun hafði skapað, olli því, að Alþingi var ekki endurreist við Öxará 1845. Baldvin Einarsson og Fjölnismenn hvöttu eindregið til þess, konungurinn, Kristján 8., lagði til 1840, að Alþingi yrði valinn staður við Öxará, og sjálfur foringi endurreisnarbaráttunnar, Jón Sigurðsson, var líka snortinn af þessari hugmynd. En hann vildi aka seglum eftir vindi, þegar tómlæti landsmanna olli tvísýnu um endurreisn þingsins, og fallast á þá aðferðina, sem auðveldari var, að endurreisa þingið í Reykjavík.

Óneitanlega höfðu þeir líka mikið til síns máls, eins og þá var ástatt um vegi, samgöngur og húsakost, sem tóku Rvík fram yfir Þingvelli. Auk heldur var þá halt undir hæli, að þingið kæmist undir þak í Rvík, og hírðist það síðan í latínuskólanum nær 40 ár.

Með ákvörðuninni um þinghald í Rvík þögnuðu um sinn raddirnar um Öxarárþing, og þjóðinni var stungið svefnþorn, en þetta var aðeins í bili. Síðari árin hefir hugmyndin um Öxarárþing eftirminnilega sagt til sín og svefnþornið er týnt. Símar, vegir og bætt samgöngutæki hafa að miklu leyti kollvarpað aðalmótbárunni gömlu gegn þinghaldi við Öxará, þ. e. a. s. erfiðleikamótbárunni. Hún var þung á metunum 1845 og fram yfir aldamót, en með öruggu bifreiða-

sambandi og símasambandi milli Rvíkur og Þingvalla hverfur hún að mestu, og þá ekki síður ef járnbrautarsamband bætist við. Flutningur skjala og bóka, sem hafa þyrfti við hönd, er nú lítilvægur saman borið við það, sem var, og milliferðir sömuleiðis. En að sjálfsögðu ætti bókasafn þingsins, eins og nú, að geymast á þingstaðnum milli þinga, þótt samkomustaðurinn væri eystra. Eðlilega þarf margvíslegan og mikinn undirbúning að gera á þingstaðnum forna, til þess að þing geti farið þar vel úr hendi, og stærsti þátturinn í því verki er bygging þinghúss, sem auk þingsala, bókhlöðu, vinnuherbergja og skrifstofurúms fyrir þingið og undirdeild úr stjórnarráðinu, ætti helst að rúma heimavistarhíbýli fyrir þingmenn og starfslið þingsins, annaðhvort í aðalbyggingu eða viðbótarbyggingu.

Um kostnað við þau mannvirki þýðir ekki að gera hjer áætlun. Hann mundi fara eftir því, hve mikið yrði vandað til þeirra. Fyrir ½ miljón króna mætti að sjálfsögðu reisa mjög sæmilegt hús, og hvað frekar, ef hjeruð landsins tækju þátt í byggingu. Auðvitað mundi af hálfu þess opinbera þurfa að koma þar upp fleiri mannvirkjum, svo sem lítilli prentsmiðju, til afnota um þingtímann, byggja kirkju, brúa Öxará og girða um svæðið, en sumt af þessu er fyrirhugað án þess að sett hafi verið í samband við þingflutning.

Að sjálfsögðu yrði þá líka að færa þingið aftur til sumarsins, ef samkomustaðurinn yrði Þingvellir, enda munu flestir reyndir og glöggskygnir menn við það kannast, að vel hafi verið valinn þingtíminn til forna, sem var bjartasti og sólríkasti hluti ársins. Spurningarnar, sem um verður deilt og um hefir verið deilt, eru þær, hvort fjarlægð stjórnarsetursins í Rvík mundi torvelda of mikið störf þingsins, og þá hitt, hvort nokkur fjárhagslegur ávinningur yrði af flutningnum. Í sjálfu sjer eru þessi atriði þó ekki það þýðingarmesta, en mikilsverð samt. Að fjarlægð stjórnarráðsins frá þinginu mundi aftra störfum þess, getur enginn borið sjer í munn, sem athugar það, að um nær 60 ár, frá 1845—1904, var stjórnarráð Íslands í 300 mílna fjarlægð frá Alþingi, nefnilega suður í Kaupmannahöfn.

En augsýnilega þyrfti stjórnarráðið að hafa skrifstofu á þingstaðnum, meðan þing starfaði. Ráðunautar stjórnarinnar, svo sem landssímastjóri, vegamálastjóri o. fl., þyrftu auðvitað að gefa leiðbeiningar, líkt og nú, en oftast gætu þær orðið símleiðis, enda enginn vandi fyrir þá að mæta á þingstaðnum endrum og sinnum.

Um þann fjárhagslega ávinning af þingflutningi verður ekkert sagt að óreyndu, en hann virðist einna líklegastur sá, að þingtíminn yrði styttri og frátafir og truflanir minni, auk þess sem þinghald að sumri mundi spara eldsneyti og ljósmeti. Einnig virðist mega gera ráð fyrir lægra þingfararkaupi. En það, sem mestu skiftir, hygg jeg þó það, að við Öxará yrðu þingstörfin betur af hendi leyst og þingið nyti sín þar betur í kyrðinni. Þar væri það að miklu leyti laust við hvimleiða áleitni einstakra manna, fjelaga og stofnana, sem vefjast fyrir því hjer og ota fram einkahagsmunum og skara eld að sinni köku. Þingmenn yrðu þar frjálsari og óháðari, gætu betur neytt rólegrar athugunar við rannsókn málanna.

Fegurð og helgi staðarins mundi einnig hafa örvandi áhrif og göfgandi á starf þeirra og úrslit viðfangsefnanna.

Af eðlilegum ástæðum mundi ýmsum höfuðstaðarbúum verða eftirsjá að flutningi þingsins. Þó vil jeg vænta þess, jafnt um Reykvíkinga sem aðra, er hugsa rjett og vilja vel, að þeir meti meira þjóðarheill og öryggi en fjármunalegan hagnað bæjarins af því að hafa þingmenn að gestum um þingtímann og þingið að atvinnustofnun.

Aðalatriðin þrjú í þessu máli eru þau, að þjóðin vill flutninginn, að hann er vel framkvæmanlegur án verulegs aukakostnaðar og að allar skynsamlegar líkur benda til þess, að árangur þingstarfanna yrði betri og heillavænlegri á þingstaðnum • forna en nokkurs staðar annars.

Sjálfrátt eða ósjálfrátt finna allir til þess, að viðburðarík stund er að nálgast, og hún vekur í senn bæði vonir og áhyggjur. Vonirnar lúta að fegri framtíð, áhyggjurnar aftur að því, hvernig búast eigi við örlagastundinni eða því, hvernig haldið verði sómasamlega 1000 ára afmæli Alþingis og hins íslenska ríkis 1930, og hvernig veitt verði móttaka þeim útlendu og innlendu gestum, sem afmælisins vilja minnast. Um það eitt eru þó allir sammála, að við Öxará eigi sá mannfagnaður að verða og hvergi annarsstaðar.

Viðbúnaðurinn er allur á reiki enn þá, og margvíslegar tillögur eru ræddar. Álit Þingvallanefndarinnar gefur ýmsar bendingar, er miðast þó að svo komnu einkanlega við hátíðahaldið sjálft og hina svonefndu þjóðgarðshugmynd. — Nokkru rúmbetri og ákveðnari hugmynd kemur fram í ágætri ritgerð í Eimreiðinni 1923, eftir hæstarjettarritara Björn Þórðarson, um þjóðhátíð á Þingvöllum. Hann hefir samtímis í huga friðun þingstaðarins forna, þjóðgarðshugmyndina, undirbúning mannfagnaðarins 1930 og árlegar þjóðhátíðir á Þingvöllum þaðan af. Hjá honum, eins og líka raunar hjá Þingvallanefndinni og mörgum öðrum, sem um þetta mál ræða, hillir undir hugmyndina um flutning Alþingis á Þingvöll í bláma framtíðarinnar, þótt ekki sje það berum orðum fram tekið. Sumir vilja hugsa sjer flutninginn einhvern tíma langt fram í ókomna tímanum, aðrir þegar betri samgöngutæki eru fengin en nú eru. En þriðji, og að því er jeg hygg fjölmennasti, hópurinn hugsar sjer flutninginn samhliða 1000 ára hátíðinni.

Þeir, sem hugsa sjer flutninginn 1930, hygg jeg að gerst hafi skoðað þetta mál og alvarlegast um það hugsað. Allur viðbúnaður mannfagnaðarins á Þingvöllum 1930 og árlegrar þjóðhátíðar þar verður einfaldari og skýrari, ef þingflutningurinn fylgdi honum. Alt yrði þá unnið með hliðsjón af þörfum þingsins, miðað við þær og fastan tilgang, en ekki tjaldað til einnar nætur eða fárra, eins og hætt er við að verði með undirbúningi 1000 ára hátíðar og þjóðhátíðar án þingflutnings.

Árleg þjóðhátíð á Þingvöllum í einhverri mynd mundi fyllilega trygð, ef Alþingi kæmi þar saman, hvort hún svo yrði við þingsetningu eða þinglausnir. Og það er ekki ósennilegt, að þangað sækti fólk, líkt og til forna, úr fjarlægum hjeruðum, til fróðleiks sjer og skemtunar, þótt til skiftis væri, og dveldi þar nokkurn hluta þingtímans, ætti sjer þar búðir, eins og Björn Þórðarson gerir ráð fyrir, og fengi þannig betra færi en nú gefst til að kynnast

daglegum störfum þingsins, þýðing þess og verkefnum. Kæmi Alþingi saman svo sem í öndverðu var, um sólstöður, má ætla, að því gæti lokið fyrri hluta ágústmánaðar, eða að hálfnuðum heyönnum. Mundi með þeim hætti mörgum gefast kostur á að sækja þjóðhátíð og þing heim, sem ella og annarsstaðar ætti þess minni kost og hefði þess minni not. Sumardýrðin, sólskinið og sveitavistin á þingstaðnum mundi veita heilbrigði, þrótt og ánægju um bygðir landsins og bæi með hátíðargestunum, og þinginu sjálfu yrði þar veitt þau ákjósanlegustu skilyrði frá hendi náttúrunnar til að neyta sinna bestu krafta.

Vetrarþingin hafa aldrei verið annað en ömurlegt millispor í sögu þingsins, því sjálfu og þjóðinni meinlegt. Myrkur skammdegisins hefir aldrei verið talið tími lífgjafar, fjörs eða heilbrigði, og verður aldrei, hvorki í andlegum eða líkamlegum skilningi. Því óheppilegra er það, að Alþingi skuli valinn samkomutími svo nærri vetrarsólhvörfum sem nú er. Því er þó ætlað að vinna ljóssins verk fremur en myrkranna, og enn sem fyr gildir það, sem Jónas sagði:

Myrkrið er manna fjandi,
meiðir það líf og sál.

Þótt áhuginn á þingflutningi sje enn á reiki, þá er málinu hvarvetna veitt mikil eftirtekt. Mjög ákveðnar raddir í þá átt að flytja þingið, og þá helst sem fyrst, hafa birst í blöðum og tímaritum, svo sem áður var nefnt.

Tilþrifamikil ritgerð um þetta efni birtist í Eimreiðinni 1923, eftir núverandi 4. þm. Reykv. (MJ), með fyrirsögn: Þingvallahreyfingin, og standa þar meðal annars þessi orð — (með leyfi forseta): „Það er eins og hver vakningartími beini sjónum manna að Þingvöllum og láti menn sjá og finna, að þar ættu hinar bestu og þjóðlegustu hugsjónir að rætast", og enn segir sami höf.: „Hjer er þá ein tillaga um alþingishald á Þingvöllum. Og sú till. nær fram að ganga fyr eða síðar. Það er nokkurskonar prófsteinn á þjóðina, hvenær hún er orðin fullvaxin og veit, hver hún er, að þá flytur hún þingið á Þingvöll við Öxará. Annarsstaðar getur það ekki átt heima". — Þessi tilvitnuðu orð sýna andlegan skyldleika höf. við Fjölnismenn, og þeir voru ekki myrkir í máli. Spurningin eftir orðum hv. þm. (MJ) ætti þá að vera sú, hvort þjóðin væri nú ekki orðin svo þroskuð og vitandi köllunar sinnar, að hún á næstu árum gæti látið hugsjónina rætast og flutt þingið. En við því er einmitt leitað svars með till.

Ákveðnust, snjöllust og best þeirra ritgerða, sem jeg man um þetta efni, stendur í Eimreiðinni 1924, með fyrirsögninni: Að Lögbergi, og er hún eftir núverandi ritstj. tímaritsins, Svein Sigurðsson. Hann sjer í allri Þingvallahreyfingunni og undirbúningi hátíðahaldsins viðbúnað við flutningi þingsins. Annmarkana við flutninginn metur hann lítils, en kostina mikils. Hann talar að vísu tilfinninganna máli, líkt og Fjölnismenn gerðu, en þess vegna njóta líka rökin sín betur, og þau eru hjá honum ljós og skýr. Ekki virðist hann hafa trú á því, að þjóðinni birti betur fyrir augum við að fresta þingflutningnum, eða að hún þurfi lengri umhugsunartíma. Hann setur flutninginn beint í samband við 1000 ára hátíðina og segir: „Með engu móti yrði þúsund ára afmælis Alþingis betur minst en með því að endurreisa Alþingi á Þingvöllum við Öxará. Ef Alþingi

yrði háð á Þingvöllum 1930 og svo þar áfram úr því, þá yrði þúsund ára afmælið haldið hátíðlegt í verkinu á hinn fegursta hátt".

Á öðrum stað hjá sama höf. standa þessi eftirtektarverðu orð: „Það hefir stundum verið minst á það undánfarið, bæði í ræðu og riti, að virðingin fyrir Alþingi sje að þverra með þjóðinni. En virðingin fyrir þeirri stofnun má aldrei þverra og á aldrei að þverra. Einn þáttur í því starfi að auka veg þingsins er að flytja það til Þingvalla. Í kyrðinni þar mundu aflgjafar íslenskrar sumardýrðar veita nýju gróðurmagni inn í störf þess og stýra málum þess inn á nýjar og betri brautir. Þjóðin hefir altaf varðveitt lotningu fyrir Alþingi við Öxará. . . . Og fari nú fram atkvæðagreiðsla um þetta mál, mundu þau verða fá atkvæðin á móti því, að þingið fengi að flytja aftur h e i m á Þingvelli".

Og enn á þriðja stað segir hann: „Það kemur líka hvort sem er að því fyr eða síðar, að Alþingi verði flutt til Þingvalla. Og mistök ein valda, verði það dregið lengur en til þúsund ára afmælisins. Það er fegursta afmælisgjöfin, sem unt er að gefa Alþingi á afmæli þess, að færa það þá aftur heim á hinn fornhelga stað".

Með rjettu hefir verið á það bent af ýmsum, að háskóla vorn vantaði húsrúm, sem sæmilegt væri. Úr þessu mætti auðveldlega bæta, ef Alþingi rýmdi núverandi þinghús. Með lítilli breytingu gæti það um langt árabil bætt úr þeirri háskólaþörf og fullnægt hóflegum kröfum í því efni. Kæmi því bygging þinghúss eystra í stað háskólabyggingar hjer, sem ella mundi innan tíðar verða ráðist í.

Jeg hefi talið rjett að hafa þennan formála fyrir till. á þskj. 180, sem borin er fram af hæstv. forseta (BSv) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) ásamt mjer. Vjer höfum, af ástæðum, sem taldar eru í greinargerð till., ekki álitið rjett að draga það lengur að leita þjóðaratkvæðis um þetta mál, og vjer teljum ekki hlýða að afgreiða slíkt mál öðruvísi en eftir þjóðaratkvæði. Fornt latneskt spakmæli segir: Rödd fólksins er rödd guðs. Og það á fremur við um þetta en margt annað. Vilji fólksins á að ráða í þessu efni, og mjer virðist blátt áfram óhugsanlegt, að nokkur ljettúð eða kæruleysi geti komist að í atkvæðagreiðslu um þetta mál. Hinsvegar er hugsanlegt, að misskilningur og fordómur komist að, og sannist þá það, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) virðist óra fyrir í áðurnefndri grein í Eimreiðinni, að þjóðin sje enn ekki fullvaxta og þekki ekki enn sína köllun. Jeg vænti nú þess, hvort sem þingheimur er trúaður á, að þingflutningurinn takist um 1930 eða ekki, að hv. deild vilji þó ekki amast við því, að þjóðin fái að greiða atkvæði um málið og lýsa áliti sínu. Jeg get ekki öðru trúað en að henni sje það hugljúft viðfangsefni, og ekki þarf að efa, að áhuginn á 1000 ára hátíðinni fær við hana nýja vængi.

Nokkurn veginn ákveðin mynd af vilja þjóðarinnar ætti að fást með því að haga atkvgr. svo sem till. á þskj. 180 gerir ráð fyrir, að atkvæði fari eftir síðustu kjörskrá fyrir óhlutbundnar kosningar til Alþingis. Um sókn að kjörstöðum má ætla, þótt aðeins eldri menn tækju þátt í landskjöri, að hún mundi þó betri en við óhlutbundna kosningu að hausti, af því að árstími er hentugri en við venjulega kjördæma-

kosningu að hausti, þegar ferðalög eru erfiðari.

En með öllu finst mjer ógerlegt að taka ákvörðun um hátíðarviðbúnað á Þingvöllum fyr en vitað er, hvort þingflutningur þangað muni verða um líkt leyti.

Jeg ætla svo að ljúka hjer máli mínu. En af því að ýmsum mun þykja slík nýbreytni og þingflutningur frá höfuðstaðnum nokkuð viðurhlutamikill, þá er rjett að geta þess, að hjer er þó ekki um einsdæmi að ræða. En einsdæmi var hinsvegar stofnun Alþingis 930, þótt leitað væri þá víða um lönd, er allir landsmenn, goðorðin fornu, þingin fornu, fjórðungarnir, sem myndað höfðu sjerstakar heildir — alt rann saman í allsherjarrjetti, með miðstöð á Þingvöllum. Dæmin eru 3, sem jeg man um það, að löggjafarþing sjeu háð annarsstaðar en í höfuðborgum, og mun þó mega finna fleiri. Eitt þeirra, sem allir þekkja, er frá Bandaríkjunum. Þar er sambandsþingið háð í Washington, en ekki í höfuðborginni, New York. Annað dæmið er frá Ástralíu. Jeg hefi fyrir satt, að búið sje að flytja löggjafarþingið frá Melbourne í fjallahjerað fjarri borginni. Það var fyrir nokkru lögtekið þar, og mun þó ekki hafa verið gert vegna sögulegra ástæðna, eins og hjer á landi gætir. Þriðja dæmið er frá Mön. Manarbúar, sem mynda sjálfstætt ríki í skjóli Englendinga, halda enn trygð við sinn forna þingstað á þingvelli Manar (Tynwald hill), og fer þar að nokkru fram lagasetningin árlega í viðurvist almennings, þótt nokkur hluti þingstarfanna gerist í höfuðborginni, sem er aðeins fáa kílómetra frá þessum þingvelli. Þess vegna verða það ekki talin firn eða fádæmi, þótt Alþingi flyttist á sínar fornhelgu stöðvar.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 180).

Forsætisráðherra (JM): Jeg skal fyrst láta þess getið, að mjer finst, að þessi till. ætti að berast upp á þann hátt, að alt Alþingi fengi hana til meðferðar og tæki þátt í jafnalvarlegri ákvörðun og þeirri, er till. fer fram á. Jeg geri líka ráð fyrir því, að flm. mundu telja alt þingið bundið við það, ef þjóðaratkv. fjelli svo, að þjóðin vildi fá þingið á Þingvelli. Með öðrum orðum, það er ætlast til þess, að þingið taki fult tillit til þess, sem yrði ofan á. Hjer er aðeins ætlast til þess, að Nd. geri ályktun um þetta, en ekki Alþingi alt, og er það það fyrsta, sem jeg hefi út á till. þessa að setja.

Í öðru lagi finst mjer ekki fært að bera þetta mál undir þjóðina, nema um leið væri skýrt fyrir henni, hvaða kostnað þetta mundi hafa í för með sjer. Þó að kostnaðurinn sje ef til vill lítið atriði í augum hv. frsm. (SvÓ), þá býst jeg ekki við, að allir sjeu honum samdóma um það.

Það, sem hv. flm. sagði um kostnaðinn, nær engri átt. Hann nefndi 500 þús. En jeg hugsa, að einungis það að byggja hús eins og þetta Alþingishús, sem nú erum vjer í, sem þó mundi verða of lítið fyrir framtíðina, mundi kosta um 500 þús. kr., ef það væri bygt hjer. En það er víst, að það er miklu dýrara að byggja á Þingvöllum en hjer. Að-

eins slíkt hús mundi þá kosta þessa fjárhæð, sem hv. flm. (SvÓ) nefndi. Auk þess kæmi bústaður eða nokkurskonar heimavistir fyrir þingmenn. Jeg geri ráð fyrir, að þær mundu ekki kosta minna en hinar fyrirhuguðu heimavistir við mentaskólann, og get jeg ekki skilið, að hægt yrði að byggja slíkt hús á Þingvöllum fyrir minna en 200—300 þús. kr. Þetta er nú það sjálfsagða, og auk þess kemur prentsmiðja og fleiri byggingar. Læt jeg mjer nægja að nefna þetta, til þess að sýna, hve alt er í lausu lofti hjá hv. flm.

Hv. flm. (SvÓ) nefndi það, að Jón Sigurðsson hefði verið snortinn af þeirri hugmynd að flytja þingið til Þingvalla. Um það þarf ekki að tala. Hann skrifaði þegar í upphafi svo ákveðið á móti því að flytja þingið til Þingvalla, að ákveðnara þurfti það ekki að vera. Hann viðurkendi, að Þingvellir hefðu nokkra kosti fram yfir Reykjavík sem þingstaður, en þá kosti, sem Rvík hefði fram yfir, taldi hann alveg fullnægjandi.

En það er ekkert aðalatriði í þessu máli, hvað hann hefir sagt, því að nú eru breyttar ástæður frá því, sem þá var. Það gæti verið ástæða til þess nú að flytja þingið, þótt ekki væri þá.

Í upphafi hafði þingið ekki neitt flókin mál til meðferðar og brúkaði lítið bókasöfn og þesshættar. Hv. flm. nefndi eitt atriði, sem ekki kom svo mjög til greina áður fyr, að það yrði að vera einhver undirdeild frá stjórnarráðinu á Þingvöllum. Jeg sje nú ekki, hvernig því verður komið fyrir. Jeg veit ekki, hvernig hann hefir hugsað sjer þetta, því að alt þetta mál er mjög óundirbúið. En jeg get ekki skilið, að unt sje að hafa neina undirdeild á Þingvöllum. Jeg get að vísu hugsað mjer, að hver ráðherra hefði sinn ritara með sjer, en það væri þó ekki nóg. Jeg held, að það sje nauðsynlegt að hafa stjórnardeildirnar á sama stað og þingið, og það eru býsna miklir örðugleikar á því, að ráðherrarnir sjeu allir um lengri tíma í burtu frá aðsetursstað stjórnarinnar. En þó gæti það verið hugsanlegt, ef hv. þm. væru hlyntir því að leggja járnbraut til Þingvalla. Nú lofar hv. þm. járnbrautina í sambandi við þetta mál. (**SvÓ:** Hefi ekki nefnt hana.). Víst mintist hv. þm. á járnbraut í þessu sambandi. Annars mundi jafnvel járnbraut til Þingvalla ekki gera þá að vel föllnu alþingissetri.

Jeg ætlaði ekki að halda langa ræðu, þar sem lítið er eftir af þingtímanum og mörg mál eftir að afgreiða. Þó vildi jeg enn benda á eitt af því, sem flm. færði fram máli sínu til stuðnings, að þingið hefði betra næði, yrði ekki fyrir eins mikill ásókn á Þingv. En annað veifið var hann þó að tala um, að fólk mundi safnast saman á Þingvöllum um þingtímann, að mikill hluti manna víðseins mikilli ásókn á Þingv. En annað Veit jeg þá ekki, hvað yrði um næðið. Þeir, sem eitthvað þekkja til heimsókna á Þingvöllum á sumrin, vita best um næðið þar. Og það er engin hindrun fyrir þá menn að skreppa til Þingvalla, sem eitthvað vilja fá hjá þinginu. Hvernig svo sem menn líta á þetta, þá er ómögulegt að ráða þessu máli til lykta í flýti, án frekari athugunar. Jeg skil ekki, að deildin geti samþ. till. Jeg tel sjálfsagt, að hana verði að athuga í nefnd. Slíka ákvörðun má ekki taka athugunarlaust, með því að hjer er um

mál að ræða, sem er mjög fallið til að snerta tilfinningar almennings.

Eitt atriði, sem var þess eðlis, að mönnum þótti ástæða til að flytja þingið til Þingvalla, hefir alveg horfið í seinni tíð. Ef menn lesa það, sem skrifað var um þetta mál kringum 1840, sjá menn því haldið fram, að Reykjavík hafi verið óþjóðlegur bær. Nú er sú ástæða fyrir flutningnum horfin. Rvík er ekki lengur óþjóðlegur bær.

Hv. flm. (SvÓ) er að tala um vilja unga fólksins. Því þá að binda atkvgr. við landskjör, þar sem unga fólkið ekki kemst að að segja vilja sinn? Því ekki að bíða eftir hinum almennu alþingiskosningum 1927?

Loks finst mjer, að þegar verið er að tala um að skipa nefnd til að athuga allan undirbúning undir þinghald á Þingvöllum í sambandi við hátíðahöldin þar 1930, þá ætti þetta atriði einmitt að athugast af þeirri nefnd.

Það verður ekki lítið, sem í verður ráðist næstu árin, ef auk landsspítalans, heilsuhælis Norðlendinga og viðbótar við geðveikrahælið á Kleppi eiga að koma byggingar í sambandi við þing á Þingvöllum. Mjer skilst, að þetta verði að athuga í sambandi við hátíðahöldin 1930 og í samráði við Þingvallanefndina. Jeg vil því enn ráða hv. deild til þess að hrapa ekki að því að samþ. þessa till., heldur vísa henni til nefndar eða koma henni á einhvern hátt til athugunar hjá þeirri nefnd, sem undirbýr hátíðahöldin fyrir 1930, eða láta hana bíða til næsta þings. Og ef það yrði ofan á, mætti koma með hana aftur í byrjun næsta þings og leggja til, að hún yrði lögð fyrir þjóðina í næstu almennum kosningum.

Ætti Alþingi að koma saman á Þingvöllum og eiga þar aðsetur sitt, þá yrðu þingin auðvitað að vera haldin á sumrum.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara frekara út í umtal um till. að sinni. Aðeins bæta því við, að jeg tel það með öllu óráðlegt, eins og stendur, að flytja Alþingi hjeðan úr bænum.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Það eru aðeins nokkur orð, sem jeg vildi segja út af ræðu hæstv. forsrh. (JM). Jeg get fyllilega viðurkent það, að þetta mál hefir ekki fengið mikinn undirbúning, sem eðlilegt er, þegar því nú er hreyft opinberlega í fyrsta sinn, og að sjálfsögðu er nauðsynlegt, að málið fái hann, áður en endanleg ákvörðun er tekin og til framkvæmda kemur. En í till. liggur ekki nein ákvörðun um framkvæmdir, heldur lýtur hún að eftirgrenslun um óskir þjóðarinnar um þingflutninginn. Vitaskuld getur margt aftrað honum í svip, enda þótt meiri hl. þjóðarinnar óski eftir honum. Hinsvegar er ljóst, að ef úr þingflutningi ætti að verða, þá er ekki gerlegt að draga viðbúnað lengur, því að ekki er langur tími fyrir hendi með undirbúninginn undir 1000 ára hátíð Alþingis, og búið reyndar að fastákveða hann. Og sá undirbúningur verður altaf af handahófi, meðan ekki er úr því skorið, hvort hann skuli gerður vegna hátíðahaldsins eins eða þingflutnings jafnframt.

Hæstv. forsrh. (JM) taldi það meðal annars mikilvægan galla, að hjer er gert ráð fyrir atkvgr. í sambandi við landskjörið, þar sem aðeins kjósa 35 ára kjósendur, og áleit hann, að með því yrði ekki náð til yngri kynslóðarinnar. En í till. er gert ráð fyrir, að atkvgr. fari fram eftir nýjustu kjör-

skrám, sem notaðar eru við óhlutbundnar kosningar. Geri jeg því ráð fyrir, að ná megi til allra kjósenda með því móti. Og af því að landskjör fer fram á þeim tíma árs, sem veðurblíðastur er, og vænta má, að áhugi verði mikill fyrir atkvæðagreiðslunni, þá verður ekkert tækifæri betra en landskjörsdagur til að safna kjósendum saman, og síst verður það betra við venjulegar kjördæmakosningar að hausti, þegar veður eru orðin stopul. Hæstv. forsrh. (JM) hjelt því fram, að sú hugmynd, að hafa stjórnardeild starfandi um þingtímann á Þingvöllum, væri ekki framkvæmanleg og að ráðherrarnir gætu ekki horfið burt úr Rvík meðan þingið stæði yfir. Jeg get nú ekki gert mikið úr þessari viðbáru, því að ráðherrarnir væru þó harla nærri bænum, þótt á þingi sætu, og gætu komið við og við til Reykjavíkur, jafnvel daglega, ef þörf krefði. Hinsvegar mundu skrifstofustjórar oftast geta annast störf þeirra, eins og líka hefir tíðkast í fjarveru ráðherra oftsinnis.

Jeg vil minna aftur á það, sem jeg tók fram í framsöguræðu minni, að um langt árabil var stjórnarráð Íslands í öðru landi, og mætti þá fulltrúi ráðh. á þingi. Sama eða lík tilhögun gæti gilt enn, ef ráðh. forfallaðist. Dæmi eru líka til þess, að undanfarin ár hefir stjórnarráðið stundum verið ráðherralaust, meðan þeir hafa verið á ferðalögum. Get jeg því ekki gert mikið úr þessari mótbáru hæstv. forsrh.

Hitt er aftur á móti veigameiri mótbára hjá hæstv. forsrh., að hjer er ekki gert ráð fyrir því, að till. verði samþ. nema í annari deild þingsins. Úr þessu hefði mátt bæta, hefði ekki verið liðið svo langt á þingtímann, með því að vísa till. til nefndar og síðan með brtt. um Alþingi í stað neðri deild vísa henni áfram, eftir að hún hefði verið búin að ganga gegnum þessa deild. En þar sem ekki voru miklar líkur fyrir framkvæmdum í þessu máli í bili, virtist mjer, að rjettilega mætti leita álits annarar deildarinnar um þetta mál, hvort hún væri því hlynt eða ekki, og önnurhvor deildin hlaut að hefja málið. En þótt svo færi, að till. yrði samþ. og kæmist ekki lengra, sem tímaskorts vegna líka er bersýnilegt, þá er stjórnin sjálfráð um það, hvort hún sinnir till. eða ekki. Væri hún því mótfallin, yrði vitanlega ekkert úr framkvæmdunum. Með þessu hefi jeg í raun inni líka svarað þeirri mótbáru hæstv. ráðh., að stjórnin og þingið væri of freklega bundin, ef till. yrði samþ. við þessa umr. og Ed. fengi ekki tækifæri til þess að taka hana til meðferðar.

Um þá mótbáru hæstv. forsrh., að allar kostnaðaráætlanir vantaði um framkvæmdir þingflutnings, er það að segja, að svo hlýtur altaf að vera í upphafi, þegar vakið er máls á einhverju nýju fjárþurfafyrirtæki. En að því er snertir ágiskanir hans um kostnaðinn við þingflutning og byggingar eystra, vil jeg taka það fram, að augsýnilega er hægt að halda þing á Þingvöllum að sumri til, þótt þar væru ekki aðrar byggingar en sæmilegt, einfalt, en rúmgott timburhús. Gæti það nægt til bráðabirgða. Og auk heldur ætti að vera kleift að halda þar sumarþing með þeim útbúnaði, sem þar var til forna. En vitanlega leggur enginn slíkt til nú á tímum. Hitt er óþarft, að gera grýlu úr þessum erfiðleikum.

Hæstv. forsrh. (JM) ætlaði, að þinghús eins og það, sem nú er notað, myndi kosta ½ miljón kr. Jeg hafði einmitt áætlað þinghúsbygginguna ½ milj. í framsöguræðu minni, og benti um leið á það, að núverandi þinghús mætti þá nægja fyrir háskólabyggingu. En jeg vil minna á það, að í nál. Þingvallanefndarinnar er gert ráð fyrir því, að um ½ milj. kr. fari í minni háttar mannvirki á Þingvöllum vegna hátíðahaldsins 1930, en þau gætu sum fallið niður með öllu að sinni, ef þinghús yrði þar reist. Það verður aldrei siglt fram hjá því, að mikið fje verði notað til undirbúnings hátíðahöldunum á Þingvöllum 1930. En þess ber að gæta, að notabest verður það — og kostnaðarminst — ef slegið er saman hvorutveggja, undirbúningi þinghaldsins og hátíðarinnar. Með því móti verður fjenu varið til þess, sem varanlegt verður og lengi notast, en ef hátíðin ein er höfð fyrir augum, þá verður um stundarprýði og augabragðseyðslu fjárins að ræða.

Jeg vil svo ekki tefja tímann frekar við að svara þessum hóglegu og ljettvægu mótbárum hæstv. ráðh. Jeg býst við, að fleiri óski að taka til máls.

Jakob Möller: Að gömlum og góðum sið ætla jeg að gera grein fyrir atkvæði mínu. Mjer finst hv. flm. (SvÓ) fara rangt að. Fyrst hefði þurft að fara fram 1. þáttur þessa máls, áður en þessi till. kom fram, að rannsaka, hvað kostaði að flytja þingið.

Eins og málið nú liggur fyrir og yrði lagt undir atkvæði þjóðarinnar, gæti farið svo, að þjóðin vildi flytja þingið. Gæti þá farið svo, að þingið neyddist til þess að ganga þvert á móti yfirlýstum vilja þjóðarinnar, sem það má alls ekki eiga á hættu að láta sig henda. Jeg vil því láta rannsaka, hvort fært sje að ráðast í þetta, áður en til mála geti komið, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Verð jeg því að greiða atkv. móti till.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vil fyrst þakka hv. flm. (SvÓ) forgöngu þessa máls. Mjer er það mikil ánægja, að einn af elstu mönnum þingsins skuli hafa hjer forgönguna.

Um kostnaðaratriðið er það að segja, að ef bygt verður þinghús á Þingvöllum, fær háskólinn það hús, sem nú er notast við. Að öðrum kosti yrði að reisa háskóla hjer í Reykjavík, og yrði það aldrei miklu ódýrara en að reisa þinginu hús á Þingvöllum. En þegar um slíkt er að ræða sem þetta, þá má ekki líta á kostnaðinn einan. Það eru til þeir hlutir, þar sem kostnaðurinn er ekki aðalatriðið. Gildi þessarar till. er ekki fólgið í bættum húsakynnum fyrir þingið. Verðmæti þessarar tillögu verður ekki mælt í fjárlögunum eða skráð í kauphöllum. Gildi þess er fólgið í öðru og skilst ekki öðrum en þeim, sem skilja, hvað þjóðerni, tunga og saga hafa að segja. Gildi þess máls er þannig, að best fer á því að halda öllum kostnaði fyrir utan umræðurnar, en það er, að elsta þing heimsins sje háð á sínum forna stað.

Eins og hv. flm. (SvÓ) tók fram, er þetta mál eitt af hugsjónamálum fyrri hluta 19. aldarinnar. Hv. flm. nefndi Jón Sigurðsson. En hæstv. forsrh. (JM) vildi bera brigður á það, að Jón Sigurðsson hefði getað fylgt till. sem þessari. Það er að vísu rjett, að Jón Sigurðsson barðist fyrir því, að þingið

væri háð í Reykjavík. En þó eru til kaflar í ritum hans, sem sýna, að hann hefði glaðst yfir því, ef þjóðin hefði haft þrek til að heimta þing á Þingvöllum. Það er þetta sama, sem við flm. trúum á, að ef þjóðarþrek og þjóðarandi heimtar þinghald á Þingvöllum, þá muni það verða að gagni að flytja þingið. Því berum við fram till. um þjóðaratkvæði. Jeg ætla að leyfa mjer að lesa kafla um þetta efni úr ritgerð eftir Jón Sigurðsson:

„Það er meining mín enn . . . . að jeg vildi ekki segja neinn verra mann, þó hann fjellist ekki á minn skoðunarmáta, og það skyldi hafa glatt mig, ef alþýða hefði orðið við þeirri ósk minni og skorist í málið með nokkru fjöri, hvort það hefði verið með eða móti minni meiningu í þeirri grein, en þegar það varð ekki, þá finst mjer allir þeir, sem óska, að öðru hefði orðið framgengt en varð, megi kenna sjálfum sjer og deyfð sinni, að svo fór, og það því heldur, sem fleiri menn hafa verið á þeirra máli, og þeim þess vegna orðið ljettara að framfylgja því. . . . . Jeg hefði tekið það sem merki til þjóðaranda og þjóðkjarks, ef alþýða hefði almennt tekið sig fram um að beiðast þess, að Alþing væri sett á Þingvelli, og ekki horft í kostnað þann og ómak, sem þar við hefði aukist, svo framarlega sem það hefir verið meining flestra, að svo fari betur, og þeir hefðu ekki mælt fram með því af hugþótta einum, heldur með anda og krafti".

Það er þetta, sem við viljum að þjóðin sjálf gefi skýrslu um, hvort þjóðarandinn og þjóðkjarkurinn er svo mikill, að óskað verði eftir þingflutningnum.

Án efa verður eytt talsverðu fje í hátíðahöldin miklu 1930. Við höfum þá trú, að betur færi á, að eitthvað af því, sem þá verður gert, yrði varanlegt og sýndi eftirkomendum okkar, að hátíðahöldin hefðu ekki verið eintómur leikur og samát. Við óskum, að þjóðin geri eitthvað, sem stendur um aldir. Á þúsund ára hátíðinni 1874 var löggjafarvaldið flutt inn í landið. Okkur þætti vel fallið, að á þúsund ára afmæli Alþingis væri það flutt til Þingvalla. Þetta mál skýrist ekki við langar umræður. En það eru margir þeirrar skoðunar, að eins sjálfsagt sje að hafa Alþingi á Þingvöllum eins og páfann í Róm. Þingvellir eru einstakur staður, og jeg skil ekki þá þjóð, sem ekki vill notfæra sjer þá fágætu eign til þess að halda erfikenningunum í þingmálum og stjórnmálum betur vakandi en nú. Þessi krafa skapaðist á fyrri hluta 19. aldar, og í sambandi við hana varð til sumt af því besta í bókmentum okkar frá þeim tíma, og nægir að minna á kvæðið „Ísland, farsælda frón". Nú virðist aftur skáldgyðjan hafa yfirgefið stjórnmálin, og þarf ekki að vænta hennar þangað aftur meðan því er haldið fram, að ekki megi flytja Alþingi til Þingvalla vegna þess, að því fylgi enginn sparnaður. Það er sagan, sem heimtar, að Alþ. verði háð á Þingvöllum, og þúsund ára minningin er til þess best fallin að hrinda flutningnum í framkvæmd.

Magnús Jónsson: Jeg finn þörf hjá mjer, líkt og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu. Hv. flm. (SvÓ) vitnaði til þess,

sem jeg hefi eitt sinn skrifað um þetta efni. Jeg játa, að jeg er alveg sömu skoðunar eins og þegar jeg skrifaði þetta. Margt dregur til þess, að mjer finst Alþingi eiga að vera á Þingvöllum, og jeg er hjer um bil viss um, að það verður einhvern tíma flutt þangað. En það er dálítið annað að samþykkja þessa þáltill. Þó að það sje rjett, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að til sjeu þeir hlutir, sem ekki má nefna kostnað í sambandi við, þá á það ekki við um þetta mál.

Ef þetta mál væri borið undir þjóðina án þess að hún vissi, hvað í sölurnar yrði að leggja, gætu orðið leiðinleg vonbrigði úr öllu saman. Jeg er hræddur um, að málið sje ekki tímabært. Það hefir lítilsháttar verið minst á, hvað kosta mundi að gera þinghald fært á Þingvöllum. Jeg get ímyndað mjer, að kostnaður við byggingar, sem gera þyrfti, mundi nema miljónum. Það dygði ekki að sýna neinn pokaskap í þessu efni. Það yrði að byggja þinghús með heimavistum handa þingmönnum og starfsmönnum. Það yrði að setja þar niður prentsmiðju. Það yrði að byggja yfir allan þann sæg af gestum, sem þingið mundu sækja. Alt þetta mundi kosta geysimikið fje. Alt, sem gera á fyrir 1930, yrði að gera engu síður, og miklu meira. Þeir yrðu ekki færri, sumargestirnir, sem kæmu til Þingvalla 1930, þó Alþingi yrði flutt þangað.

Jeg held, að það sje rjett leið í þessu máli, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti á, að fela stjórninni að rannsaka kostnaðarhlið málsins. Það má ekki flana að neinu í svona tilfinningamáli, sem svo kynni að valda óánægju á eftir. Það er í þágu málsins sjálfs að fara varlega.

Það hefir verið minst á, að gera mætti Alþingishúsið hjer að háskóla. Mín skoðun er sú, að þetta hús sje alveg óhæfilegt til þeirra hluta. Jeg gæti hugsað mjer, að það yrði gert að nokkurskonar dómhúsi, og hæstirjettur hefði hjer aðsetur sitt, ef hætta ætti þinghaldi í því. En sem háskóli er húsið alveg óviðunandi. Þessi Nd.-salur til dæmis væri alveg óhæfur hátíðasalur fyrir háskóla. Hann þyrfti að vera miklu stærri. Það hefir sýnt sig hjer við venjulega háskólasetningu, að hjer hefir verið alskipað og salurinn alt of lítill, ef um nokkuð meira hefir verið að gera. Krafan um háskólabyggingu mundi verða alveg jafnhávær eftir þingflutning eins og áður.

Það má ganga út frá því sem sjálfsögðu, ef Alþingi yrði flutt til Þingvalla, að þá yrði að flytja stjórnarráðið þangað líka. Helst yrði það að sitja þar alveg. Það hefir verið bent á þjóðir, sem ekki hefðu þing sín í stærstu borginni, en þær hafa þá stjórnarsetrið alt á sama stað. Annars er nokkuð öðru máli að gegna um þjóðir, sem hafa svo margfalt betri samgöngur en við.

Við verðum að gera okkur ljóst strax í byrjun, hve þetta er miklum örðugleikum bundið. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, þó jeg sjái mörg ljón á veginum nú, að þjóðin flytur þing sitt til Þingvalla einhvern tíma, þegar hún hefir náð nægilegum þroska til þess. Menn mega vara sig á að fara öfuga leið í þessu máli. Enginn verður gerður að skáldi með því einu, að fá honum blek og penna. En skáldið aflar sjer bleks og penna þegar það hefir eitthvað að segja. Þjóðin verður ekki gerð hæf til þess að eiga þing sitt á Þingvelli með því einu, að flytja það

þangað. En hún mun flytja það þangað þegar hún er fær til. Eins og hugur minna virðist nú gagnvart þinginu býst jeg við, að fljótlega yrði sagt, ef það væri flutt til Þingvalla, að það væri ekki þeim stað samboðið.

Hæstv. forsrh. mintist á, að ekki væru líkur til, að betra næði fengist þar austur frá til þinghaldsins. Þetta er alveg rjett. Fegurð staðarins og söguleg helgi hefði vafalaust áhrif á suma, og suma ekki, eins og gengur og gerist.

Það er beinlínis vegna málefnisins sjálfs, að jeg get ekki samþykt þessa till. Jeg hygg, að hún gæti auðveldlega spilt fyrir því. Ef málið væri borið undir þjóðina eins órætt og órannsakað og það er nú, gæti vel farið svo, að komið yrði af stað öflugri „agitation" vegna kostnaðargrýlunnar, og það yrði málinu að falli. Fyrsta sporið og sjálfsagðasta er að rannsaka þetta vel. Búist er við, að Alþingi verði ef til vill sett á Þingvelli árið 1930. Það væri þá hægt að sjá, hve mikilli hrifningu það kæmi af stað, og yrði kanske betra að átta sig á, hvað gera skyldi í þessu efni.

Jeg er raunar ófús á að greiða atkvæði móti svona till., en þar sem málið vantar tilfinnanlega allan undirbúning, leyfi jeg mjer að gera það að till. minni, að því sje vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. 4. þm. Reykv. (MJ) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, MJ, HK, JakM, JAJ.

nei: JK, JÞ, JörB, KlJ, MG, MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, IngB, JBald, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Tillgr. f e l d með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, BSv.

nei: ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, MG, ÓTh, PO, SigurjJ.

MJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

2. Launakjör bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 6. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um að breyta launakjörum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík (A. 516).

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 8. maí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. maí, var till. aftur tekið til e i n n a r u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er ekki hægt að segja, að á þessu þingi, sem nú á að fara að slíta, hafi verið eins mikill sparnaðartónn eins og stundum endranær. Man jeg ekki til, að fram hafi komið neinar kröfur um að leggja

niður embætti, nema brtt. mín um 40—50 þús. kr. sparnað í Khöfn, og stendur það eflaust í sambandi við það, að fjárhagurinn er nú betri en flest undanfarin ár. Hjer er ekki heldur farið fram á að leggja neitt embætti niður, en menn ættu að vera sammála um það, þótt fjárhagurinn sje nokkru betri en stundum hefir verið, að hann er þó ekki svo góður, að ástæða sje til að hafa tvö embætti í landinu mun betur launuð en öll önnur sambærileg.

En það hefir vakið nokkra eftirtekt í landinu, hve háttað er um launakjör þeirra tveggja starfsmanna ríkisins, er um ræðir í þáltill. minni. Hefir til skamms tíma verið álitið, að þeir hefðu manna hæst laun. — Aftur á móti vita menn það af vissum atvikum, að stundum eru laun annars þessa starfsmanns mjög lág. Er það leitt af upphæð þeirri, sem hann á sum árin að greiða í tekjuskatt. Þar sem einmitt þessi maður á sæti hjer á þingi, geri jeg ráð fyrir, að hann geti útskýrt þetta, ásamt hæstv. forsrh. (JM), sem hefir átt þátt í að smíða þessi embætti og veitt þau.

Það, sem hjer er farið fram á, er að hæstv. landsstjórn leggi fyrir næsta þing frv. til laga um að samræma launakjör þessara tveggja embættismanna launum annara hliðstæðra starfsmanna, og eru tilnefndir þeir menn, sem ekki eru af lakari endanum, þar sem eru dómarar í hæstarjetti. Ætti undirdómara og lögreglustjóra að vera boðleg þau laun, sem þeir menn verða að sætta sig við. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að ekki óverulegar aukatekjur, sem þessir menn hafa, falli til ríkissjóðs. — Jeg minnist þess, að stundum hefir verið rætt um, hvort húsameistari mætti hafa aukatekjur af störfum sínum í almenningsþágu. Jeg man ekki, hvort lagt hefir verið blátt bann við því, en það er víst, að þær eru mjög litlar.

Jeg held, að menn hafi af því útsvari og þeim tekjuskatti, sem þessir menn hafa stundum haft, dregið þá ályktun, að annar þeirra, bæjarfógetinn, mundi hafa nálægt 25 þús. kr. árslaunum, en lögreglustjóri nálægt 40 þús. Þessi laun eru í algerðu ósamræmi við kjör allra annara opinberra sýslunarmanna. Jeg áliti sýnu nær, að hæstv. forsrh. (JM) hefði 25 eða 40 þús. kr. árslaun, ef einhver á að hafa þau. Fæ jeg ekki sjeð neitt, sem bendir á það, að þessir tveir embættismenn eigi kröfur til hærri launa en allir aðrir. Vil jeg í þessu sambandi minna hv. þd. á, að hjer hefir verið deilt um það fyrir skömmu, hvort rjettmætt væri að veita tveim af helstu vísindamönnum vorum, sem annar er prófessor, en hinn hefir nú tekið við annari stöðu, 2000 kr. uppbót á 7000 kr. laun. Held jeg, að það sje rjett munað hjá mjer, að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) greiddi atkv. á móti þessum hækkunum. Hefir hann eflaust gert það með þeirri sannfæringu, að þektustu vísindamenn vorir þyrftu ekki á að halda 9—10 þús. kr. árslaunum. Geri jeg því ráð fyrir, að honum þyki það ofraun af þjóðinni að launa hans starf svo hátt, þar sem það krefur engan veginn meiri undirbúnings nje meiri þekkingar heldur en prófessorsembættin, nema síður sje. — Geri jeg því ráð fyrir, að engin deila verði um það í hv. deild, að laun þessara manna sjeu í engu samræmi við það, sem hjer tíðkast.

Þá er það, hvaða form eigi að nota til þess að spara þetta. Um það er ekki talað til till., en jeg geri ráð fyrir, að

jafnúrræðagóður maður og hæstv. forsrh. (JM) sjái fram úr því.

Jeg vil geta þess, að í greinarg. till. er einskonar prentvilla, þar sem sagt er, að útsvar bæjarfóg. hafi verið 150 kr., en á að vera tekjuskattur. Hann var mjög nálægt þeirri upphæð í fyrra, og bendir það á mjög lágar tekjur, mun minni en þær, sem t. d. hæstarjettardómarar hafa. En það er einkennilegt, að útsvar á sama manni er þá 2300 kr. Þetta er í sjálfu sjer hreinasta ráðgáta. Ef tekjuskatturinn er rjett á lagður, hlýtur útsvarið að vera stórkostlega ranglátt. En ef útsvarið er rjett á lagt, hefir bæjarfógeti álíka tekjur og þeir bankastjórar Íslandsbanka, sem fá 25 þús. kr. á ári. Í þessu liggur áreiðanlega einhver mótsögn, sem hefir vakið nokkra eftirtekt í bænum. Það er nú mitt álit, að lági tekjuskatturinn stafi af því, að bæjarfógeti hafi sum ár óvenjulega lágar tekjur, því að fyrirfram er ekki hægt að gera ráð fyrir, að svo hátt settur embættismaður gefi rangt eða villandi tekjuframtal. En þá virðist svo, sem honum hafi verið gert rangt til með útsvarinu, enda þótt ekki hafi heyrst, að hann hafi kært yfir því.

Jeg álít, að það sje töluverð þörf að koma nýju skipulagi á þessi störf, og vona jeg, að þessar umræður í þinglokin megi verða til þess að vekja eftirtekt manna og umhugsun um þetta. Nú langar mig til að spyrja hæstv. forsrh. (JM), sem með svo miklum sparnaði skamtaði hæstarjettardómurunum, hvernig standi á því, að þessum tveim mönnum hafa verið fengin svo afarhá laun. Býst jeg við, að fram komi ýmsar upplýsingar, bæði frá hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) og hæstv. forsrh. (JM).

Jóhannes Jóhannesson: Hv. flm. (JJ) fór hjer á hundavaði, svo sem eðlilegt er og hans er vandi. Í greinargerð till. sinnar þykist hann eiga við útsvar mitt árið 1925, er hann talar um, að tekjur bæjarfógetaembættisins líti út fyrir að vera litlar sum árin, en nú hefir hann upplýst, að hann átti við tekjuskattinn það ár. Hefi jeg því eðlilega ekki haft ástæðu eða tækifæri til að rannsaka, hvort hann væri þá rjett tilfærður, en býst þó við, að hann sje nærri sanni. — En það er ákaflega eðlilegt, að jeg greiddi lágan tekjuskatt 1925. Því að árið 1924 keypti jeg, svo sem flestum hv. þdm. mun kunnugt, allgamalt timburhús — bygt 1907 — og kostaði miklu fje til viðgerðar á því; var viðgerðarkostnaðurinn að sjálfsögðu dreginn frá skattskyldum tekjum mínum það ár, sem tekjuskatturinn 1925 er talinn af, samkvæmt 11. gr. tekjuskattslaganna. Aftur á móti sýnir útsvarið, 2300 kr., að jeg hefi alls ekki gefið upp svo ýkjalágar tekjur, og fellur þar með sú aðdróttun, sem kann að eiga að felast í orðum hv. flm. (JJ), um að jeg hafi talið rangt fram. Jeg skal geta þess, að ekki eru allar tekjur mínar embættistekjur. Bæði hefi jeg þingfararkaup mitt, og auk þess sit jeg í dansk-íslensku ráðgjafarnefndinni og fæ fyrir það nokkurt fje. Þá hefi jeg og síðasta ár haft töluverðar tekjur af húsi því, er jeg gat um áðan. Það eru því engar sönnur þess, að bæjarfógetaembættið í Reykjavík sje of hátt launað, þótt jeg hafi alt í alt sæmilegar tekjur. — Að endingu vil jeg endurtaka það, sem jeg sagði fyrst, að hv. flm. (JJ) er hjer á hundavaði, eins og fyrri daginn, og furðar þá síst á því,

sem þekkja hann og mannskemdarfýsn hans.

Forsætisráðherra (JM): Hv. flm. (JJ) virtist byggja allmikið á því, að jeg hefði átt þátt í því að semja lögin, sem nú gilda um bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættin í Reykjavík. En jeg skal láta þess getið, að þessi lög eru samin algerlega án minnar tilhlutunar. Þegar er jeg var orðinn ráðherra, hlupu þingmenn til að skifta embættinu. Jeg skifti mjer ekki af því, heldur ljet það hlutlaust. En hvað snertir þessa till., að breyta launakjörum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík, þá er hún tilgangslaus. Svo stendur sem sje á, að þessi sjerstöku kjör þessara tveggja embættismanna byggjast á lögum frá 1917 og gilda fyrir þá menn, er nú sitja í þessum embættum. Þegar nýir menn koma, gilda almenn launalög fyrir þá. Það er þess vegna ekkert hægt að gera. Þó að samin sjeu ný lög, er ekki hægt að taka frá þessum mönnum þann rjett, er þeir þegar hafa hlotið. Það verður þá að breyta launalögunum alment. Jeg hefi ekki hugsað mjer, að hv. flm. (JJ) finni að því, þótt þessir embættismenn sitji við sömu kjör og aðrir í hliðstæðum embættum, t. d. á Akureyri og í öðrum kaupstöðum.

Sem sagt, það verður að fara lengra, ef breyta á þessu, taka til athugunar launalögin alment. Jeg býst við, að hv. flm. hafi ekki athugað þetta, og sje því till. úr sögunni, er jeg bendi honum á það.

Samanburðurinn við húsameistara og prófessora á ekki við á nokkurn hátt.

Jeg hefi þegar svarað orðum hv. flm. um það, að jeg hafi verið sparsamari í launanefndinni en er verið var að skamta þessi kjör 1917. En það er nú svo, að hv. flm. hefir stundum áður sagt annað um launalögin frá 1919 en að þau væru af sparsemi sett, sem sje það, að þau hafi reynst nokkuð þung byrði. En þau voru bygð á grundvelli þeim, er launanefndin lagði; hún var skömmuð, er tillögur hennar komu fram, en þó var bygt á þeim, eða allnærri að minsta kosti. Breytingar voru aðallega vegna breytts peningagildis. Ef hv. flm. vildi athuga till. okkar, mundi hann sjá, að þær fara hærra sumstaðar en nú gera lögin í framkvæmd, miðað við gullgildi krónunnar þá og nú.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg skil ekki, að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) þyrfti að komast í geðshræringu út af þessu máli. En mjer fanst það snerta hann óþægilega, er jeg gaf í skyn, að bæta þyrfti kjör hans frá því sem nú er. Hann talaði um með talsv. þjósti, að jeg væri ekki kunnugur þessu, enda verð jeg að játa, að svo er. **(JóhJóh:** Jeg sagði ekkert um það). Hv. þm. var að tala um hundavað. — Þeir, sem að skattamálunum standa, halda upplýsingum leyndum fyrir almenningi. Tekjuskrá er ekki prentuð.

Það, sem vakti eftirtekt, var það, að í öðru tilfellinu leit svo út, sem hv. þm. hefði orðið fyrir rangindum og verið látinn gjalda útsvar óhæfilega hátt. Hv. þm. sýndi ókunnugleika sinn á sínum eigin útgjöldum, er hann þóttist ekki muna um tekjuskattinn, hversu hár hann var; en hann var um 150 kr., en útsvar yfir 2000 kr. Kom þá í ljós, að hv. þm. hefir gefið upp til skatts svo, að mikið af tekjum hans er dregið frá skattálagningu. Þetta hefir vakið eftir-

tekt meðal embættismanna hjer í Rvík, þessi óvenjul. útskýring á lögunum, að draga frá viðgerðir á húsi, sem eytt er í mörgum þúsundum. Og þeir hafa kvartað yfir því að verða ekki fyrir samskonar náð hjá skattstjóra. Jeg talaði við einn hátt settan embættismann, sem sagði: Jeg vildi, að jeg yrði eins heppinn og bæjarfógetinn; þá skyldi jeg byggja mjer hús fyrir t.d. 45 þús. kr. og láta svo draga þá upphæð frá. Bæjarfóg. hefir bundið ca. 15 þús. kr. af tekjum sínum í viðgerð á húsi og fær það talið frá. Það er næsta óvenjuleg skýring á lögunum í þessu tilfelli, enda orðið hneykslunarhella stjettarbræðra hv. þm. Hann sem dómari ætti að láta sjer umhugað um, að ekki sje álitið, að hann vilji nota sjer hæpnar lögskýringar, sem brjóta í bág við það, sem alment er talið boðlegt.

Jeg fullyrði, að það sje óvenjulegt, að menn geti dregið frá viðgerð, hátt upp í húsverð. Viðgerð er þó eign, sem heldur áfram að vera til og glatast ekki, og þetta er því hvað form snertir móti anda laganna. En útskýringunni er rutt burt, ef hjer er um of lág laun að ræða. En það er ekki vafi á, að embættið er hærra en önnur hliðstæð og veitir miklu hærri tekjur en embætti hæstarjettardómara. Þingfararkaup og laun fyrir störf í milliþinganefnd geta ekki hleypt upp tekjunum neitt að ráði.

Viðvíkjandi tekjum af húsi, þá býst jeg ekki við, að þær sjeu miklar, eða ekki hafði jeg hugsað mjer það eftir atvikum. Þegar um það var rætt á þingi fyrir nokkrum árum að flytja allar opinberar skrifstofur í hús, sem ríkissjóður átti, neitaði hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) að hafa sínar skrifstofur þar á 3. hæð, vegna þess, að hann væri kominn á þann aldur, að hann ætti erfitt með að ganga upp stiga. Jeg þykist því vita, að hann sakir aldurs síns og embættis leigi ekki landinu svo, að hann hafi ágóða nema lítilfjörlegan. Það er á móti þeim kröfum, sem verður að gera til slíkra manna. Sjerstaklega þegar hann nú hefir fengið þennan heppilega frádrátt, á 15. þús., sem hann lagði í húsið, get jeg ekki hugsað mjer annað en að það hafi verið sjerstök hvöt til þess að leigja landssjóði ódýrt, þar sem hann gerði svo vel til hans um tekjuskattinn.

Óhögguð stendur sú skýring, að tekjur af embættinu sjeu hærri en af öðrum hliðstæðum, og þó eru til munahærri tekjur af lögreglustjóraembættinu.

Jeg vildi nú láta athuga, hvort engin eru ráð til sparnaðar með fyrirkomulagsbreytingu.

Jeg vil spyrja hv.þm. Seyðf. (JóhJóh), hvernig hann fer að, þar sem landið leggur honum til mikla starfskrafta, hvort hann notar sömu starfskrafta við uppboð, hvernig hann fer þá að því að endurborga þá vinnu, er landið leggur til við þau. Getur verið, að þetta sje ekki svo, að landssjóður geri ekkert að innheimtu, og kostnaður við skrifstofuhald og lausavinnu sje reiknað hvort í sínu lagi. En ef svo er ekki, spyr jeg, hvernig hann fer að gera báðum rjett.

Það er ekki hægt að taka illa upp, þótt athugað sje um þessi geysidýru embætti, þar sem skrifstofukostnaður er greiddur, hvort ekki mætti gera formsbreytingar til sparnaðar, án þess að ganga á hlut starfsmanna.

Jeg vildi miða laun þessara embættismanna við hæstu laun lögfræðinga í

þjónustu landsins, hæstarjettardómara, og reyni því að sigla með fullri sanngirni í þeirra garð. En í raun og veru eru hjer nefndir til samanburðar embættismenn, sem ættu að vera launahærri en bæjarfógeti og lögreglustjóri.

Þá kem jeg að ræðu hæstv. forsrh. (JM). Hann tjáði sig ekki hafa átt þátt í að búa til þessi tvö embætti. Kveðst hann ekki hafa skift sjer af nje verið til kvaddur. En mjer þykir þessi yfirlýsing ekki bera vott um, að alt hafi verið sem skyldi. Hæstv. ráðh. (JM) var þá þm. og forsrh., og hjer var um að ræða emb., sem hann hafði sjálfur gegnt áður, og hann mátti því best vita, hver tilhögun á því væri best. Hæstv. forsrh. hafði 1917 mikinn flokk við að styðjast, sem auk þess var í náinni samvinnu við tvo aðra flokka, sem studdu stjórnina. Hann var því mjög vel settur til þess að hafa áhrif á gang þingmála.

Jeg get ekki skilið, hvernig honum gat dottið í hug að hugsa ekki um sitt gamla embætti, og því síður að flokknum hafi orðið sú skyssa á að spyrja hann ekki ráða, eða fara þvert um vilja hans. Ef svo er, þá hefir hæstv. ráðh. ekki viljð ráða fyrir málinu. En fyrir hæstv. ráðh. var því meiri ástæða til að fylgjast með gangi málsins, sem hann var í launanefndinni og því metnaðarmál að halda kerfi því, er hún setti upp. (**Forsrh. JM:** Það var gert). Nei, það var ekki gert.

Þegar hæstv. forsrh. sat í bæjarfógetaembættinu, fylgdu því að vísu mikil laun og ýmsar aukatekjur, en jafnframt sú kvöð, að reka skrifstofu á kostnað bæjarfógeta. En breytingin, sem gerð er, þegar hann kemur úr embættinu og til valda í þinginu, er sú, að skrifstofukostnaður er settur á landið, en aukatekjur látnar halda sjer. Var sök sjer um aukatekjurnar meðan skrifstofukostnaðurinn hvíldi á embættismanni. En nú eru í stað þess stofnuð 2 embætti með 60—70 þús. kr. tekjum á ári.

Jeg vona, að hæstv. forsrh. sannfærist um, að leitt var, að þetta skyldi fara fram hjá honum. Mjer finst jeg hljóta að vinna honum þægt verk með því að gefa honum tækifæri til þess að taka upp málið að nýju og athuga, hvernig úr verði bætt, til þess að svipað rjettlæti verði og þegar hann gegndi því sjálfur.

Hæstv. ráðh. (JM) segir, að óhugsandi sje að breyta þessu, vegna laga frá 1917. Jeg vil þá bara spyrja, hvort hann muni ekki til, að slíkum lögum hafi verið breytt. Hæstv. forsrh. (JM) hlýtur að vita, að svo hefir verið gert áður og það margoft. Amtmannaembættin voru lögð niður, þegar stjórnin fluttist til landsins, og hinsvegar landritaraembættið, þegar ráðherrum var fjölgað. Þá var þessum störfum fyrir komið á annan hátt og mennirnir settir á biðlaun, fyrst full laun, en síðar lægri laun, samkvæmt lögum. Jeg geri nú ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. (JM) verði fús til þess, þegar hann sjer, hve slysalega þetta hefir farið fram hjá honum 1917, að hugsa til formsbreytingar á þessum embættum í sambandi við dómaskipunina. Það er bæði, að að því verður hagnaður fyrir ríkið að finna hjer nýtt form, og auk þess mikil ástæða til þess, þegar þess er gætt, hve óhæfileg þessi launakjör eru. Jeg held, að jeg hafi nú getað sannfært hæstv. forsrh. um það, að þetta er mjög auðvelt og nóg fordæmi til þess að breyta þessu, svo að þessi agnúi yrði sniðinn af.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að launin yrðu ekki tekin af þessum embættismönnum. En þau væru alls ekki heldur tekin, þó embættunum yrði breytt með formsbreytingu. Ef t. d. settir yrðu sex dómarar yfir alt landið, þá breyttist fógetaembættið í Reykjavík mjög mikið, og með þeirri breytingu fylgdi sá sparnaður, sem sjálfsagður er. Jeg vil biðja hæstv. forsrh. að svara því, ef tekjurnar eru 25—30 þús. kr. af öðru embættinu og 40 þús. kr. af hinu, hvort miða eigi biðlaunin líka við óvissu tekjurnar, eða hvort hallast yrði að því, sem flestum þætti sennilegra, að miða þau við hin lögmæltu laun eingöngu.

Hæstv. forsrh. sagði, að þessir embættismenn hefðu aukatekjur, eins og aðrir lögreglustjórar og bæjarfógetar á þessu landi. Jeg hygg nú, að hv. 1. landsk. (SE) mundi hafa eitthvað um þetta að segja, því hann hefir verið að berjast fyrir því á hverju þingi, að þessir embættismenn fengju aukið skrifstofufje, og það hefir komið í ljós við þær umr., að a. m. k. bæjarfógetarnir á Ísafirði og Akureyri spinna ekki silki með þeim launakjörum, sem þeir hafa. Það mun því vera misskilningur hjá hæstv. forsrh., að þar sje nokkuð svipuðu saman að jafna. Því annars er sú krafa ranglát, sem höfð hefir verið frammi hjer í hv. deild, um að hækka skrifstofufje þessara embættismanna.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að ekki væri hægt að bera launakjör bæjarfógeta og lögreglustjóra saman við launakjör prófessora við háskólann nje laun húsameistara ríkisins. Hinsvegar gerði hann enga tilraun til þess að hrekja það, sem jeg sagði, að þessir lærdómsmenn, sem tekið hafa miklu þyngra lærdómspróf heldur en krafist er af hinum launadýru embættismönnum, en af þeim er ekki heimtað nema einfalt embættispróf. Það er því að sjálfsögðu óviðurkvæmilegt, að prófessorarnir skuli ekki hafa nema 7—8 þús. kr., en hinir 30—40 þús. kr.

Viðvíkjandi uppboðum vildi jeg vekja athygli á þeim, þar sem það er ætlun manna, að þau geri ekki óverulegan hluta af tekjum bæjarfógeta. Nú vil jeg spyrja, hvernig þessu sje fyrir komið, hvort uppboðin sjeu látin bera sig sjálf, eða það er landið, sem lánar menn til þess að halda þau og innheimta.

Ennfremur verð jeg að halda því fram, að það sje ekki ósanngjarnt, þegar dómari situr á þingi, að þá kosti hann þann mann af sínum launum, sem látinn er gegna starfi hans á meðan, líkt og læknar gera. Þetta grípur inn í annað sanngirnismál. Jeg geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að þeir dómarar, sem eru mikið í burtu úr embætti sínu, en halda launum, borgi sjálfir þeim manni, sem stjórnin setur í embættið á meðan. Annað væri ranglæti.

Þá kem jeg að því, sem að vísu er útúrdúr frá þessu máli og meir til skemtunar hæstv. forsrh. (JM), en það er þessi kenning hans, að með launalögunum 1919 hafi verið fullnægt áliti launamálanefndarinnar.

Meðal annars er hjer sá stóri munur, sem sje dýrtíðaruppbótin. Annars játaði hæstv. forsrh., að laun lækna hefðu orðið nokkru hærri en til stóð, sem stafaði af því, að læknarnir höfðu sjerstakar hótanir í frammi, til þess að kúga stjórnina. Þeir ljetu sem sje í veðri vaka, að þeir mundu annars kveðja kóng og prest. En svo er hitt ótalið, að launamálanefndin gerði ráð fyrir gagngerðri breytingu á embættaskipuninni, sem

var skifting á umboðs- og dómsvaldi. Landinu var skift í umdæmi, og er til kort, sem sýnir þetta alt. Það var þessi stóra nýjung launamálanefndar, sem alveg var gengið fram hjá, þegar rætt var um launamálið 1919.

Það er eftirtektarvert, hvað launin 1919 eru ákveðin hlutfallslega mishá fyrir ýmsa flokka embættismanna, eftir því, hvað ásókn þeirra var mikil. T. d. fá yfirsetukonur mjög litla launabót. Aftur á móti læknar, sem höfðu fullkomnast skipulag, þeir komust víst fullangt með sínar kröfur; a. m. k. verða laun þeirra alt önnur en ætlað var 1914, sem kom af því, að þeir áttu duglegan forvígismann á þingi. Jeg held því, að það sje elliórar hæstv. ráðh., að tillögur launamálanefndar hafi fengið framgang 1919. Hitt væri aftur ekki óhugsandi, að þingið vildi styðja að því að taka upp eitthvað af till. hennar, fækka t. d. dómurum og fá ódýrari menn til að gegna umboðsstörfunum. Mjer þætti vænt um, ef jeg hefði gefið hæstv. ráðh. tilefni til þess að taka upp til athugunar að nýju þessar till. frá 1914 um nýtt skipulag.

Jeg hefi nú gefið hæstv. forsrh. (JM) og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) tækifæri til þess að skýra þetta mál enn betur fyrir þjóðinni. Jeg geri ráð fyrir því, að þeim sje það ljúft. Þetta er alþjóðarmál, og frá fjármálahliðinni fullkomlega þess vert, að því sje gaumur gefinn.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. flm. (JJ) hefir hælt sjer af því, að hann þekki ekki lög og væri ekki lögfræðingur, og það er auðvitað skemtilegt að vera sjálfum sjer samkvæmur, bæði í orði og verki. Það er auðsjeð, að hann hefir ekki gert sjer það ómak að líta í lögin frá 1917, því hann heldur, að þar standi alt annað en þar er.

Hann var að segja, að skrifstofukostnaður bæjarfógeta væri ákveðinn í fjárlögum ár hvert, þar sem það er þó skýrt fram tekið, að skrifstofukostnaður bæjarfógeta skuli ákveðinn af dómsmálaráðherra. Þetta er munurinn á lögunum 1917 og 1919, að það er svo fyrir mælt í l. 1917, að ákveðið skuli í fjárlögum um skrifstofukostnað bæjarfógeta og lögreglustjóra. Þessum lögum gagnar ekkert að breyta til þess að fá aðra skipun á aukatekjulögunum.

Jeg kæri mig ekki um það, að vekja hjer langar umræður, en jeg verð að segja það, að það er dálítið undarlegt, þó hv. flm. (JJ) vilji ekki vera lögfræðingur, að hann skuli vilja breyta lögum, sem hann vitanlega hefir ekki litið í. Því hv. flm. er altaf að tala um lögin frá 1917, þar sem það er einmitt sjerstakt um bæjarfógetann í Reykjavík, að skrifstofukostnaður hans er ákveðinn eftir fjárlögum í hvert sinn.

Eina ráðið til þess að breyta þessu nú er að fella embættin niður. Það er hægt. Hvað þeir þá fá, get jeg ekki sagt, en þeir fá sín biðlaun eftir gömlum reglum. Annars á hv. þm. ekki, þó hann vilji ekki þekkja lög, að spyrja, hver biðlaunin sjeu. Það ætti hann að vita, þar sem hann hefir bæði verið í fjhn. og fjvn.

Hv. flm. (JJ) talaði um setudómara í stað dómara, sem sætu á þingi. Jeg legg nú ekki svo mikla áherslu á það, að hv. þm. veit ekki muninn á setudómara og settum dómara. En hvað það snertir, að ríkið borgi slíkum mönnum, sem settir eru fyrir aðra, þá hefir það aldrei komið fyrir, nema eftir sjerstakri heimild.

Hv. flm. (JJ) talaði um það, að dýrtíðaruppbótin væri breyting frá till. launamálanefndarinnar frá 1914. Það má segja svo, því hún náði yfirleitt ekki svo langt, að launin gætu orðið eftir till. nefndarinnar, miðað við verðbreytingu. Þetta má sýna með útreikningi, en jeg býst við, að rjettur launastigi eftir till. launanefndar yrði heldur hærri en launalögin ákveða, þegar miðað er við verð og kaupgildi ísl. kr. Hv. þm. (JJ) rangfærir þetta viljandi, því hann skilur þetta auðvitað vel.

Hv. flm. talaði um yfirsetukonur og barnakennara. Það var nú ekki vel heppilegt hjá hv. þm., því jeg man ekki eftir því, að launanefndin hefði neitt með þetta að gera, og sjerstaklega ekki yfirsetukonur, sem eru sveitaembættismenn.

Hvað snertir barnakennara, þá varð að sinna beiðni frá þeim, og bar jeg hana fram og taldi hana ekki ósanngjarna. Hvað snertir samanburð á launum þeirra, þá eru þau að vísu nokkuð há, en spurning er um það, hvort þau eru svo mjög há í samanburði við önnur laun. Jeg tel þau sæmileg. En óþarfa tel jeg það að kalla þau of há, eins og hv. þm. gaf í skyn.

Jeg ber ekki á móti því, að jeg er gamall maður, eins og hv. flm. (JJ) er sífelt að brýna mig á. En sagt get jeg honum það, hvað snertir starf launanefndar, að það, sem hann vill gera höfuðatriði í þeim till., breytingu á dómaskipuninni, það er hreint aukaatriði, sem aðeins partur af launanefndinni kom með. Höfuðatriðið var breyting á launalögunum.

Jeg skal ekki mikið blanda mjer inn í deilur hv. flm. (JJ) á hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). En mjer skilst, að það sje ekkert undarlegt, þó hv. þm. (JóhJóh) tæki ekkert liðlega í málið, því það, sem hv. flm. (JJ) sagði, varð ekki skilið öðruvísi en sem áreitni. Hann tók það fram, að hann vildi ekki gera ráð fyrir því, að hv. þm. Seyðf. gæfi rangt upp tekjur sínar. Þetta var óþarfi. Og hefði það ekki átt að vera áreitni, þá hefði hv. þm. (JJ) ekki tekið þetta fram. Í orðunum lágu mjög óverðskuldaðar dylgjur. En hvað þetta snertir, þá er því nú svo varið, eftir upplýsingum, sem hv. flm. (JJ) tók ekki til greina, að það er skattstofan, sem hefir úrskurðað um þetta.

Ef hv. flm. (JJ) hefir lesið þau lög, sem gilda um launakjör þessara embættismanna, þá veit jeg ekki, hvernig hann getur ætlast til þess, að þessi till. verði samþ. Eina aðferðin væri þá að leggja þessi embætti niður, ef á að skipa þeim öðruvísi, og ef til vill vill hv. þm. það helst. Hvað það snertir, sem hv. þm. (JJ) sagði, að hv. 1. landsk. (SE) mundi ekki vera á sama máli og jeg um mismuninn á launakjörum bæjarfógetans og lögreglustjórans hjer í Reykjavík annarsvegar og sýslumanna úti um land hinsvegar, þá er jeg ekki alveg viss um, að svo sje, þó að einhver meiningamunur geti verið okkar á milli í einstökum atriðum. Jeg viðurkenni, að það geti verið betra að fá skrifstofukostnað greiddan eftir reikningi en eftir mati. Það getur verið, að með því sje fremur sparað við þessa embættismenn. Það getur komið fyrir, að þessi kostnaður sje metinn of lágt, en hver, sem vill meta þetta sannsýnilega, mun vera fús til að lagfæra slíkt eitthvað. Jeg vona, að jeg þurfi svo ekki að tala meira um

þetta. Það er líka varla rjett, svona síðustu daga þingsins, að vera að tefja hv. þm. með miklum málalengingum.

Jóhannes Jóhannesson: Það sýnir meðal annars fákunnáttu hv. flm. (JJ) á þeim málum, sem hann þó leyfir sjer að bera fram og blaðra um í það óendanlega á Alþingi, að hann skuli nú til að mynda ekki vita, að tekjuskattslögin gera greinarmun á því fje, sem varið er til viðhalds á eldri húsum, og á því fje, sem varið er til nýbygginga. Það, sem varið er til viðhalds, á eftir lögunum að draga frá skattskyldum tekjum, og gerir skattanefndin eða skattstjórinn það, en ekki gjaldþegninn sjálfur. Aftur á móti er engin heimild til þess í lögunum að draga frá skattskyldum tekjum fje það, sem varið er til nýbygginga.

Sú skoðun hv. þm., að tekjuskattslögin hafi verið skýrð sjerstaklega mjer í hag, er tekjuskattur minn árið 1925 var ákveðinn, byggist því eingöngu á fáfræði hans.

Þá virðist hv. flm. (JJ) heldur ekki hafa hugmynd um það, að draga á frá skattskyldum tekjum útsvar það og tekjuskatt, vexti af skuldum o. fl., sem gjaldþegninn hefir greitt næsta ár á undan.

Í leigu fyrir bæjarfógetaskrifstofurnar í húsi mínu er greidd nákvæmlega sú upphæð, sem tveir menn, dómkvaddir af þar til af dómsmálaráðuneytinu sjerstaklega skipuðum dómara, hafa metið húsaleiguna fyrir herbergin.

Þá skal jeg loks taka það fram, að ríkissjóður hefir aldrei greitt einn einasta eyri fyrir rekstur embættis míns, þegar jeg hefi verið fjarverandi frá því sem þingmaður eða í eigin erindum, ekki einu sinni árið 1906, er jeg heilsu minnar vegna varð að sigla og dvelja 3 mánuði í heilsuhæli erlendis.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg verð að segja það, að þær eru í magrara lagi þær upplýsingar, sem fram hafa komið, einkum hjá hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Hæstv. ráðh. (JM) má eiga það, að hann hefir svarað betur og ljósar um þau atriði, sem sjerstaklega komu honum við. — Hæstv. ráðh. byrjaði á því að tala um það, að jeg hefði hælt mjer af því að þekkja engin lög. Þetta er oflof. Jeg hefi sagt, að jeg hafi kynst allmörgum lögfræðingum hjer á þingi, og við það hafi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að þeir hefðu eigi sjerstaka yfirburði til að bera fram yfir aðra menn, og einkum virtust sumir þeirra bagalega illa að sjer í öðrum efnum. Í till. er farið fram á að breyta launakjörum tveggja slíkra manna, bæta þau, ef þau væru of lág, en lækka þau, ef þau virtust of há. Nú hefir það komið í ljós, að mikill meiri hluti af launum lögreglustjórans eru aukatekjur, og það er fjarri sanni, að ekki sje hægt að breyta því, enda hefir hæstv. ráðh. játað, að það er auðvelt. Þetta er hægt að gera með skipulagsbreytingu og með því að breyta fyrirmælunum um óvissar tekjur. Mjer finst satt að segja engin ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að vera svona viðkvæmur fyrir þessu máli. Hann dró inn seglin, þegar jeg var búinn að sýna fram á það, að hann hefði ómögulega getað verið óvitandi um þetta, t. d. tekjur lögreglustjórans, nema beinlínis hefði verið um vanrækslu að ræða af hans hendi. Þegar það er ljóst, að þetta gat ekki farið fram hjá hæstv. ráðh., er ekki hægt að taka svör

hans á annan veg en Nelsons, þegar hann vildi ekki sjá og brá sjónaukanum fyrir blinda augað. Viðvíkjandi þessu undarlega fyrirbrigði, öreigatekjuskatti eitt ár, en afarháu útsvari, sagði hæstv. ráðh., að það væri skattstjórans að útskýra það. Eitt af mörgu, sem hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) svaraði ekki, var það, hver greiddi aðstoðarmönnum hans, öðrum en fulltrúunum. Það er alment álitið, að það sje skattstjórinn í Reykjavík, sem hafi dæmt suma frægustu dómana fyrir bæjarfógetann hjer, t. d. þegar hv. 1. þm. G-K (BK) var sýknaður af skaðabótakröfu Sambands íslenskra samvinnufjelaga, en ritstjóri Tímans dæmdur í 25 þús. kr. sekt fyrir að hafa í blaðagrein spilt fyrir hrossaverslun Garðars Gíslasonar. Jeg hefði gaman af því, ef hv. þm. (JóhJóh) vildi útskýra það, hvernig þessi kostnaður kemur niður, þegar hann þarf að taka slíka aðstoðarmenn, hvort hann er greiddur af landssjóði, eða hvort hv. þm. lítur svo á, að þessi aðstoð sje sama eðlis og sú, sem hann hefir sjálfur játað að hann þurfi að fá sjer, þegar hann situr á þingi.

Þá vildi hæstv. ráðh. komast hjá að svara því, hvort ástæða væri til, að dómarar borguðu sjálfir setudómurum, ef þeir þyrftu að víkja sæti. Jeg vil taka það fram, að það er nokkuð oft, sem það kemur fyrir, eins og játað hefir verið hjer í deildinni, að bæjarfógetinn verður að víkja sæti, af því að venslamaður hans starfar við undirrjettinn. Er það nokkur sanngirni, að dómarinn hjer í Reykjavík, sem hefir 25 þús. kr. laun, borgi ekki sjálfur þeim setudómurum, sem verður að skipa, af því að sonur hans starfar við rjettinn? Það hefir verið játað af stjórninni, að það sje nokkuð oft, sem þetta kemur fyrir, og nokkuð dýrt. Hæstv. ráðh. vildi enn halda því fram, að launalögin 1919 hefðu orðið í samræmi við till. frá 1914, en hann gleymdi alveg, fyrir utan það, sem áður er nefnt, hvernig alveg nýir liðir, t. d. barnakennaralaunin, komust inn. Launahlutföllin, sem hjer ræðir um, eru óhæf, og hæstv. ráðh. hefir ekkert gert til þess að koma fram nauðsynlegum breytingum, að losa dómarana frá öðru vafstri, svo að þeir geti sint sínum störfum. En til þess gefst tilefni með því að samþ. þessa till. Jeg geri ekkert úr því, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að um áreitni væri að ræða gagnvart þessum embættismönnum. Það hefði þá mátt tala um áreitni við fyrverandi landritara, þegar hans embætti var lagt niður. Hjer er sleginn sá varnagli, að þessum mönnum sje borgað mjög vel, þegar búið sje að taka af þeim aukatekjurnar. Nei, þessi viðkvæmni hæstv. ráðh. stafar sennilega af því, að honum sje ekki um að rifja upp þessar embættaveitingar sínar frá 1917. Jeg skal geta þess, að það vakti töluverða eftirtekt, hvernig hann veitti þessi embætti. Um lögreglustjóraembættið sótti t. d. hv. 1. þm. Árn. (MT), sem var miklu eldri og reyndari embættismaður og hefði því fremur átt að fá embættið. En hæstv. ráðh. (JM) þóknaðist ekki að veita honum það, heldur tók einn starfsmann sinn úr stjórnarráðinu og setti í þetta embætti, og það varð svo aðeins fyrir „slysni", að þessi maður hefir nú um 40 þús. kr. árslaun.

Þá er komið að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), og virðist hann verjast allra

frjetta. Hann lítur líklega svo á, að fæstum orðum fylgi minst ábyrgð, þegar um launakjör hans er að ræða.

Hv. þm. segir, að í skattalögunum gildi aðrar reglur um ný hús en gömul, en hann færir engin rök fyrir hinum geipilega mun á útsvarinu og tekjuskattinum. Það virðist þó svo, sem niðurjöfnunarnefnd ætti að vera það ljóst, að maður, sem hefir aðeins 153 kr. í tekjuskatt, á ekki að borga yfir 2300 kr. útsvar. En niðurjöfnunarnefnd lítur alt öðrum augum á þetta. Hún tekur ekki tillit til frádráttar, en álítur, að eignin sje því betri, sem meiru er kostað til hennar, og fer ekki út í lögfræðilegar útskýringar. Jeg held því, að hv. þm. Seyðf. hafi játað, að í þessu tilfelli hafi almannadómstóllinn haft rjettara fyrir sjer en sá „júridiski", úr því að hann kærði ekki og fjekk útsvarið lækkað í samræmi við tekjuskattinn. Mjer þótti lakast, að hv. þm. vildi ekki svara því, hvernig skift væri liði um starfskostnaðinn, og hvort hann hefði aðra starfsmenn við innheimtu o. s. frv. og eftir hvaða reglu hann borgi þeim. En það má vera, að hv. þm. hafi óttast, að það mundi flýta fyrir formsbreytingu, ef hann gæfi upplýsingar um þetta. Hv. þm. hefir sjálfur talað um, að þessar miklu tekjur, sem útsvarið benti á, væri gróði af húsinu. Ríkið mun nú vera aðalleigjandi í þessu húsi, og þó að hv. þm. segði, að leigan væri metin af dómkvöddum manni, hefir það verið játað, að hún geti verið metin vel, svo vel, að það gæti verið nokkur tekjulind. Það er nokkurt ósamræmi í því hjá hv. þm. Seyðf., að annarsvegar talar hann um töluverðar tekjur af húsinu, en gerir svo hinsvegar ekkert úr þeim, og þykist tapa á viðgerð þess. Það sýnist vera ljóst af því, sem fram hefir komið, að á þessum 2 embættum sjeu margar matarholur og að stjórnin vilji ekki, að þeim sje fækkað.

Hæstv. ráðh. (JM) hefir alveg fallið frá að útskýra það, hvernig stóð á þeirri missmíð, sem varð á þessu, þegar hans gamla embætti var klofið í sundur í tvent og kostnaðurinn margfaldaður. Hæstv. ráðh. játaði, að hægt væri að breyta embættinu, forminu, eins og með landritarann, og með því er hægt að samræma launin við laun annara embættismanna. Aftur hefir hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) forðast allar upplýsingar um það, hve mörg vinnuhjú hann hafi, og finst mjer það benda á, að honum sje þetta atriði eitthvað viðkvæmt. Ef til vill er það af því, að komið gæti til mála, að menn af sparnaðarástæðum færu að breyta þessum embættum, t. d. að láta dómarana aðeins annast dómsstörfin, en hafa þá miklu færri. Og úr því að hægt hefir verið að fá úrvals lagamenn í hæstarjett, ætti líka að mega fá þá í yfirstjórn skattheimtu og lögreglumála með svipuðum launakjörum.

Hæstv. forsrh. vildi helst, að jeg tæki till. aftur, en jeg sje ekki ástæðu til þess. Ef stjórnin lætur vísa henni frá með rökstuddri dagskrá, þá sýnir það ekki annað en það, að hæstv. forsrh. (JM), sem hefði átt að haga þessu öðruvísi 1917, hrindir frá sjer tækifæri sem nú gefst, til að lagfæra vansmíð sína. Eins og jeg hefi bent á, virðist hæstv. ráðh. hafa horft á þennan fjáraustur úr landssjóði eins og blindur maður, af því að hann hefir ekki viljað breytingu á þessu. Og það dregur ekki úr þeirri skoðun minni, að hann gekk

fram hjá ágætum manni, þegar hann veitti lögreglustjóraembættið, en manni, sem var andstæðingur hans í stjórnmálum, en veitti það flokksmanni sínum, sem þó var miklu yngri en hinn og hafði því eðlilega minni rjett til að fá veitingu fyrir slíku embætti.

Að lokum vil jeg taka það fram, að hæstv. forsrh. (JM) hefir gefið mikilsverðar upplýsingar fyrir væntanlegar umbætur í þessu efni, en hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) minni og með lakara geði.

ATKVGR.

Tillgr. feld með 9 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IP, JJ.

nei: BK, EP, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, SE, ÁH, HSteins.

Þrír þm. (EÁ, GuðmÓ, JM) fjarstaddir.

---

3. Þingsetubann sýslumanna og bæjarfógeta.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um, að sýslumenn og bæjarfógetar megi ekki eiga sæti á þingi (A. 576).

Á 73. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 76. fundi í Ed., föstudaginn 14. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., sama dag, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Það var sagt í spaugi milli hæstv. forsrh. (JM) og mín, að þessi síðasta till. væri eftirmaturinn. Jeg býst við, að það verði lítill eftirmatur, því að þar sem nú er komið að þingslitum og þetta er aðeins lítill liður í stærra kerfi, ætla jeg að vera mjög stuttorður.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. stjórn muni leggja til breytingu á stjórnarskránni fyrir næsta þing, af því að að minsta kosti einn og jafnvel tveir þingflokkar beittu sjer fyrir því við síðustu kosningar. Vil jeg í þessu sambandi víkja að nokkrum breytingum, sem jeg býst við, að meginið af hugsandi mönnum æski eftir, en það er, að reynt verði að finna eitthvert það form á vinnu þingsins, sem geri það að verkum, að þingtíminn styttist. Ef stjórnin legði til stjórnarskrárbreytingu, væri mjög æskilegt, að hún um leið gerði ráðstafanir til að stytta þingtímann. Jeg ætla að nefna tillögu eins hv. þm. í Nd., sem er á þá leið, að stytta mætti til stórra muna vinnu við afgreiðslu fjárlaganna, með því að ræða þau aðeins í sameinuðu þingi. Það er öllum ljóst, að þriggja mánaða þingseta er ekki nauðsynleg og er aðeins vegna þingskapanna. Við vitum öll, að eftir þetta þing liggur ekki mikið af merkilegum lagabálkum og að stærstu málin eru óútrædd. Það eru aðallega fjárlögin, sem eftir þingið liggja, og þau hefði mátt afgreiða á miklu skemmri tíma en gert var. Jeg geri ráð fyrir, án þess að jeg ætli að fara að segja stjórninni fyrir, að hún

muni legga til einhverjar breytingar þessu viðvíkjandi. En jeg vil leggja til, að dómarar ættu ekki sæti á þingi. Jeg ætla ekki að rökstyðja þetta ítarlega nú, því að það leiðir af þeim rökum, sem eru fyrir því, að dómarar ættu að vera sem mest utan við landsmálabaráttuna. Hjer í fámenninu, þar sem návígi er venjulega biturt, hefir þetta marga og mikla kosti. Jeg álít ýmsar breytingar á dómaraskipuninni nauðsynlegar, en einkum vil jeg vekja eftirtekt á þessu vegna væntanlegrar breytingar á stjórnarskránni. Fáir menn mundu bíða af því nokkurt tjón. Ef til vill 2—3 sýslumenn, sem flestir hafa nægilega miklu að sinna þar að auki.

Ef einhver breyting verður gerð, væri og æskilegt, að tekið yrði til athugunar, að þingstaðurinn væri ekki með lögum bundinn við Reykjavík. 1000 ára þing á að halda á Þingvelli, en vafasamt er, hvort hægt er að halda það þar, nema með breytingu á stjórnarskránni. Jeg veit, að sumir menn, eins og t. d. hv. 1. landsk. (SE), vilja enga breytingu á stjórnarskránni, en hinir hygg jeg að sjeu miklu fleiri, sem telja nokkrar breytingar mjög æskilegar.

Forsætisráðherra (JM): Um það, hvort stjórnin muni leggja til breytingar á stjórnarskránni, ætla jeg ekki að segja nú. En hvað þau atriði snertir, sem hv. flm. till. (JJ) gat um, er það rjett, að til þess að semja ákvæði um þau þarf stjórnarskrárbreytingu.

Um tillöguna sjálfa skal jeg geta þess, að mjer þykir alveg nógu langt farið að útiloka hæstarjettardómara frá þingsetu. Og þó að jeg væri í þeirri nefnd, sem á sínum tíma hafði það mál til meðferðar, er jeg ekki viss um, að það hafi verið svo vel ráðið. Ef þær breytingar verða gerðar, að dómsvaldið er alveg skilið frá umboðsvaldinu, þá kæmu allir dómarar landsins undir ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er vafasamt, hvort nokkurt gagn er að því, að reynt sje að byrgja fyrir, að dómarar taki þátt í pólitík landsins. Dómarar munu hafa sínar ákveðnu skoðnir, hvort sem þeir eru á þingi eða ekki, svo að jeg held ekki, að þetta, sem alls ekki er alstaðar í stjórnarskrám landanna, sje svo klókt.

Jeg skal vera stuttorður, eins og hv. flm. (JJ), en jeg vil bæta því við, að sýslumenn, sem verða að skifta sjer af allskonar málum, geta oft ekki komist hjá því að lenda í pólitík. Pólitík grípur svo oft inn í sveitamálin. Jeg mundi því ekki treysta mjer til að taka slíkt ákvæði upp, en komi fram frv. um breytingar á stjórnarskránni á næsta þingi, er hægt að koma þessu að af þingmanna hálfu.

Sigurður Eggerz: Jeg skal hafa sama formála eins og hv. 3. landsk. (JJ) og hæstv. forsrh. (JM) um að lengja ekki umr., en vil aðeins geta þess, að jeg álít kjörgengi og kosningarrjett dýrmætan rjett og vara því við takmörkunum á því sviði nema brýn nauðsyn beri til. Þykist jeg þá hafa lýst afstöðu minni til þessa máls.

Flm. (Jónas Jónsson): Eins og umr. er háttað í kvöld, ætla jeg ekki að fara út í langa deilu við hæstv. ráðh. (JM) um þetta mál. Hann var sjálfur með því að útiloka hæstarjettardómara frá þingsetu, og þá er ekki nema stigmunur yfir í hitt. Jeg vil benda á, þó að slíkt komi varla fyrir í rólyndinu hjer norð-

ur frá, að sumstaðar í mentuðustu löndum heimsins hefir á síðustu árum komið til svo harðrar baráttu í þinginu, að þingmenn hafa blátt áfram barist. Þó að jeg geri ekki ráð fyrir þeirri tegund af málarekstri hjer, er ekki hægt að neita því, að pólitíkin er alt annars eðlis en dómarastarfið. Pólitíkin er barátta, þar sem styrkurinn er alt og sigurinn er alt. Barátta og rjettlæti er því ekki vel samrýmanlegt. En jeg álít, að á þessu stigi málsins eigi einungis að kanna hugi manna, og vil jeg því biðja um nafnakall við atkvgr. á eftir.

ATKVGR.

Tillgr. f e l d með 9 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EÁ, IP, JJ.

nei: GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, ÁH, BK, HSteins.

GuðmÓ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (EP) fjarstaddur.

D.
Afgreiddar með rökstuddri dagskrá.

1. Trúnaðarmenn Íslands erlendis.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 15. mars, og á 31. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, hverjar kröfur beri að gera til trúnaðarmanna Íslands erlendis (A. 148).

Á 2. fundi í Sþ., föstudaginn 19. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Sþ., fimtudaginn 8. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Sinn er siður í landi hverju. Til eru þau lönd, er lengi hafa notið fullkomins sjálfstæðis, þar sem aðvörun sú til landsstjórnar Íslands, sem felst í þessari tillögu, mundi vera algerlega óþörf. Í Rómaborg gerðu lögin ekki ráð fyrir tiltekinni hegningu fyrir móðurmorð. Það var af því, að á þeim tíma álitu Rómverjar óhugsandi, að nokkur sonur eða dóttir mundi vilja valda dauða móður sinnar.

Í landi, sem öldum saman hefir notið fullkomins sjálfstæðis, eru það óskrifuð lög, að þeir, sem þjóðin velur fyrir trúnaðarmenn í öðrum löndum, gera til sjálfra sín hörðustu kröfur um alt, er lýtur að hegðun og framkomu. Þeir vita, að sú þjóð, sem þeir eru fulltrúar fyrir, er fyrst og fremst metin eftir framkomu og hegðun þeirra í skiftum við aðrar þjóðir. Trúnaðarmaður landsins er, meðan hann gegnir því starfi, ímynd sinnar þjóðar á þeim stað, þar sem hann dvelur.

Á Íslandi getur engan furðað, þótt Alþingi geri að umtalsefni, hvaða kröfur þjóðin eigi að gera til trúnaðarmanna sinna erlendis. Sjálfstæði landsins er ungt, og á undan gengin löng kúgunaröld. Merki niðurlægingaraldanna koma, eins og eðlilegt er, margoft fram í meðferð opinberra mála. Minsta ríkið í heiminum er nú á þessum árum að feta sig áleiðis að fyrsta áfanganum, fullkomnu sjálfstæði, endurfæðingu þjóðveldistímans forna.

Engin landsstjórn getur tekið upp þykkju við borgara landsins eða Alþingi, þó að aðvarandi raddir heyrist í þessu efni, jafnvel þó að engin sjerstök tilefni hefðu gefist, sem bentu á

bráða yfirvofandi hættu. Raunin hefir líka orðið sú, að úr nokkrum kjördæmum hafa Alþingi nú í vetur borist áskoranir um að vanda valið á trúnaðarmönnum landsins erlendis. Þessar áskoranir hafa komið jöfnum höndum úr kjördæmum, sem við síðustu kosningar hafa hallast að íhaldsstefnunni, t. d. Vestur-Húnavatnssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, eins og frá kjósendum, sem þá fylgdu stefnu framsóknarmanna, svo sem Árnesingar og Mýramenn. Þetta er gleðilegur vottur þess, að borgarar landsins finna nú, a. m. k. allvíða á landinu, til þess, að heiður landsins á að vera hafinn yfir átök flokkanna um dægurmálin.

Á flestum þeim þingmálafundum, sem tóku þetta mál til meðferðar nú í vetur, voru kjósendur nálega eða alveg sammála um að gera strangar kröfur til trúnaðarmanna landsins, alveg jafnstrangar og aðrar menningarþjóðir. En í einu þorpi hjer nærlendis, í Borgarnesi, kom það sorglega atvik fyrir, að þrír langskólagengnir menn, presturinn, læknirinn og sýslumaðurinn, neituðu að gera þessa kröfu. Þeir vörðu með hugprýði, sem hefði hæft betra máli, lengi nætur þann málstað, að þjóðin ætti ekki að gera þessa sjálfsögðu kröfu um hegðun og siðferði til trúnaðarmanna landsins erlendis.

Í landi, sem lengi hefði verið frjálst, mundi ókleift að finna nokkurn sæmilega mentaðan mann, sem þyrði að láta það koma fram opinberlega, að hann virti að vettugi sæmd lands síns. En einmitt af því, að hjer hafa verið misstigin spor, og til eru borgarar, sem þola sársaukalaust sameiginlegan vanheiður allra Íslendinga, er mikil nauðsyn fyrir Alþingi að marka glögga og rjetta stefnu í málinu, til leiðbeiningar í framtíðinni.

Jeg geri hiklaust ráð fyrir, að hver einasti þingmaður á Alþingi telji skyldu sína að greiða þessari tillögu jáyrði nú í dag.

Jeg hefi gert mitt ítrasta til, að krafa þessi yrði ekki skoðuð sem sjereign nokkurs Íslendings eða nokkurs flokks, heldur að allir Íslendingar og allir flokkar geti hjer eftir staðið sameinaðir um að gæta sem best sæmdar landsins í skiftum við aðrar þjóðir. Og skyldi svo fara, mót von minni, að einhverjir af fulltrúum þjóðarinnar sjeu enn óvissir um, hvaða frumkröfur siðuð þjóð gerir um sæmd sína, þá fer þeim ekki að veita af að endurbæta þjóðmálauppeldi sitt, eða fela öðrum færari mönnum umboð sitt.

Íslenska þjóðin er ekki enn komin lengra á sjálfstjórnarbrautinni en það, að hún hefir með samningi falið annari þjóð að fara með málefni sín utanlands um nokkurt árabil. Sú skipun mála getur varla staðið til lengdar. Engin þjóð hefir nokkurn tíma frá upphafi vega haft gott af að fela annari þjóð að ráða fyrir sjer. Og slík forsjón erlendra manna á áreiðanlega ekki vel við skap dugandi manna í nokkru landi. Saga Norðurlandaþjóðanna er talandi vottur í þessu efni. Aldrei hafa tvær eða fleiri af þessum skyldu þjóðum verið spyrtar saman undir sameiginleg yfirráð, án þess að það sambýli hafi orðið harmabrauð fyrir þá aðiljana, sem veikari voru. Því meiri erlend forsjá, því meiri innlend óhamingja og niðurlæging. Engin þjóð hefir lært þetta betur af reynslu en Íslendingar. Saga landsins er óslitinn vitnisburður um hörmuleik erlendrar forsjár.

Þegar þjóðin er orðin fullkomlega sjálfstæð, verður hún að taka utanríkismálin í sínar hendur. Það má gera með tvennu móti. Annaðhvort að hafa í þjónustu landsins allmarga menn, sem gera meðferð utanríkismálanna að æfistarfi. Hin leiðin er sú, að þjóðin vandi svo uppeldi borgaranna, að jafnan sje völ á hæfum mönnum, sem geti farið erfiðar sendiferðir fyrir landið sitt, og horfið svo aftur að starfi heima fyrir, þegar erindi er lokið. Ríkar og stórar þjóðir fara aðallega fyrri leiðina. En íslenska ríkinu verður sú leið of kostnaðarsöm. Þar að auki höfum við gamla, góða reynslu frá fornöld um marga menn, sem gátu og alveg án sjerstaks undirbúnings komið fram þjóð sinni til sæmdar með erlendum tignarmönnum. En það, sem einkendi þessa menn fyrst og fremst, var það, að þeir vissu um gildi sitt og höfðu fullkomið vald yfir sjálfum sjer.

Allir, sem hafa lesið Íslendingasögur, muna eftir fjölmörgum dæmum um Íslendinga, sem umgengust erlenda stjórnmálamenn, sjer sjálfum og landinu til sæmdar. Jeg vil aðeins minnast á eitt dæmið, Halldór Snorrason og Harald harðráða. Annar er bóndi, hinn er konungur. Annar er yfirmaður, hinn er undirmaður. Konungurinn er einn hinn skarpvitrasti maður, sem lifað hefir á Norðurlöndum. En bóndasonurinn frá Snæfellsnesi heldur sínum hlut, undir margbreytilegum kringumstæðum í langri samveru. Hvað brúaði yfir mun tignar, auðs og valda? Hvað gerði Harald og Halldór að jafningjum, þrátt fyrir aðstöðumuninn? Það var persónugildið. Bóndinn kunni tök á mönnum og málefnum til jafns við konunginn. Þess vegna hjelt hann hlut sínum og heiðri jafnan er á reyndi.

Jeg vona fastlega, að sú kynslóð, sem nú lifir, muni sjá landið frjálst aftur. En eigi það að verða, og einkum ef það á að haldast, verður þjóðin að ala sig sjálfa upp, vitandi vits, hvert hún stefnir. Hún þarf að geta staðið á eigin fótum. Hún þarf að eiga marga borgara á hverjum tíma, sem geta haldið hlut sínum og landsins móti voldugum arfþegum Haralds harðráða.

Á söguöldinni virðast goðarnir, þ. e. trúnaðarmenn þjóðarinnar, hafa átt auðvelt að halda uppi lögum og rjetti í félagsmálum. Þeir gættu trúlega almennra hagsmuna í skiftum við íslenska og norska fjesýslumenn. Slíka menn þarf þjóðin aftur að eignast. Meðan þeirra naut við, var hún sterk og frjáls. Án þeirra getur hún ekki verið frjáls. Og þessi siðferðilega karlmenska þarf fyrst og fremst að koma fram í skiftunum við aðrar þjóðir.

Jeg hygg, að sá uggur um framkomu íslenskra valdamanna gagnvart útlendingum, sem kemur fram í áðurnefndum tillögum víðsvegar að af landinu, sje rjettmætur í sambandi við ýmsa þætti í skiftum íslenskra trúnaðarmanna við erlent vald. Það mun ekki dæmalaust um trúnaðarmenn landsins, sem gæta eiga áfengisvarnanna, að þeir sjeu fyrstir út í erlend skip til þess að brjóta lög landsins, þó að það sje embættisskyldan að hegna þeim, sem brjóta áfengislöggjöfina. Fyrir skömmu var erlendur skipstjóri tekinn fyrir og dæmdur í smásekt fyrir brot á sóttvarnalögunum. En skipstjórinn segir svo frá, að þegar dómarinn, alkunnur drykkju- og ólánsgarmur, var búinn að

kveða upp dóminn, þá bauð hann sökudólgi sínum, að þeir skyldu drekka saman! Síðan er þessi tegund af dómsstarfi nefnd stauparjettur. Þriðja dæmið er það, þegar útlendur atvinnurekandi liggur undir sannaðri sök um að hafa brotið lög landsins stórkostlega sjer í hag, þá kemur hver trúnaðarmaður landsins af öðrum á vettvang, drepa titlinga framan í hinn auðuga, erlenda sökudólg og slíðra sverð rjettvísinnar. Að vonum vekur sú framkoma ekki virðingu erlendra manna, jafnvel ekki afbrotamanna, heldur þvert á móti óblandaða fyrirlitningu, fyrst á trúnaðarmönnum landsins og þar næst á þjóðinni, sem trúir slíkum mönnum fyrir velferð sinni. Enda er haft eftir einum erlendum sökudólg, er hann þóttist öruggur að sleppa frá hegningu: Nú eru öll íslensk yfirvöld búin að koma til mín, nema kóngurinn!

Langoftast er það ofdrykkjan, sem gerir Íslendinga að mestum smámennum í framkomu gagnvart útlendingum, og ofdrykkjueðlið magnast oft við burtförina. Menn, sem halda sjer nokkurn veginn í skefjum hjer heima, halda, að enginn þekki þá erlendis. Fyrir nokkrum árum gerðust tvö vanvirðandi atvik í sambandi við ofdrykkju íslensks trúnaðarmanns, sem staddur var í Kaupmannahöfn, og er þó fátt eitt talið af þeim misfellum. Í annað skiftið safnaði hann saman stórum skara af þjónum gistihússins, þar sem hann bjó, og gerði þá ölóða með sjer. Þetta varð að sjálfsögðu til þess, að Íslendingurinn var rekinn burt úr gistihúsinu þegar í stað. Um sama leyti hafði hinn sami ísl. valdamaður lagt í vana sinn að koma að staðaldri til drykkju í afhrakskjallara einn. Söngflokkur kjallarans heiðraði minningu landsins með því að spila „Guð vors lands“, þegar hinn merki Íslendingur kom inn í knæpuna.

Síðan kom annar íslenskur trúnaðarmaður á veitingastað undir beru lofti í Khöfn, settist þar óboðinn hjá miðaldra hjónum, nefndi nafn sitt og trúnaðarstöðu í þágu almennings á Íslandi og byrjaði að láta undrun sína í ljós yfir smekkleysi mannsins að hafa getað gift sig svo herfilega ófríðri konu!

Jeg hygg, að þó leitað sje vandlega hjá frændþjóðum okkar, þá komi ekki slík brot á smekk og velsæmi fyrir um þekta menn í trúnaðarstöðum. Og ef þjóðin lokar augunum fyrir þessum ávirðingum, þá stækkar meinsemdin. Þá hlýtur þjóðin að glata frelsi sínu og sjálfstæði í annað sinn.

Allar ungar þjóðir, sem eru að endurvinna frelsi sitt, hafa vakandi auga á þessu vandaatriði: Trúnaðarmönnum landsins í öðrum löndum.

Jeg vil minna á tvö dæmi. Þegar Bandaríkin háðu frelsisbaráttu sína, sendu þau sinn vitrasta og frægasta mann, Benjamín Franklín, til Parísar. Bandamenn áttu við hið mesta ofurefli að etja. Þeir voru fámennir og fátækir á móts við Breta. En Frakkar voru þeim velviljaðir. Þaðan var helst hjálpar að vænta. Þegar Franklín hóf för sína til Frakklands, var hann öldungur, hvítur fyrir hærum, kominn yfir sjötugt. En frægð hans var löngu komin yfir hafið. Bestu menn Frakka dáðust að prentaranum, sem jafnframt var einhver frægasti vísindamaður, siðspekingur og stjórnmálamaður sinnar aldar. Frægð hans og mannkostir voru honum eina veganestið. Og með þeim var hann

bjargvættur lands síns, útvegaði þjóð sinni vopn, hermenn, skip, bandalag og að lokum frið og frelsi.

Meira en hundrað árum síðar var önnur lítil þjóð að endurheimta sjálfst. sitt. Það voru Norðmenn. Þrjú fyrstu árin, sem Noregur var alfrjáls síðan í fornöld, var einhver frægasti maður landsins, Friðþjófur Nansen, trúnaðarmaður Norðmanna í London. Þar var norsku þjóðinni á þeim árum mest þörf hins ágætasta fulltrúa. Hvar sem Nansen fór fylgdi honum frægðin fyrir unnin hreystiverk. Hann hafði fyrstur manna komist yfir Grænlandsjökla. Hann hafði synt á eftir bátnum sínum um ísvök norður undir heimsskauti. Tilgangur þessara tveggja smáþjóða er bersýnilegur, er þær velja sína frægustu menn til að vera fulltrúar hjá höfuðþjóðum samtíðarinnar. Frægð slíkra manna bregður ljóma yfir það land eða þá þjóð, sem á slíka sonu. Heil þjóð lánar frægð eins af sonum sínum sjer til styrktar, ekki síst meðan verið er að grundvalla nýfengið frelsi.

Þjóðirnar njóta ennfremur góðra sona erlendis, þó að þeir fari ekki með umboð hennar. Einhver þektasti hagfræðingur Finnlendinga, prófessor Hannes Gebhard, sagði við mig í haust, að finska þjóðin ætti í fjármálaefnum mikið að þakka hlaupagarpinum Nurmi, sem er einskonar Napóleon meðal sinna samherja. Finnar tóku stórt lán í Bandaríkjunum í sumar. Og að sögn prófessorsins fengu þeir mun betri kosti um vexti og afföll, af því að Nurmi var þá nýbúinn að fara um Bandaríkin og sigra alla, sem við hann þreyttu leik. Af þessu má sjá, hvernig þjóðirnar gjalda og njóta barna sinna erlendis, eftir því sem verðleikar eru til.

Jeg hefi fyr vikið að því, að þjóðin sýnist vera hrædd um, að á hærri stöðum sje ekki nógu mikill skilningur á því, hversu velja beri trúnaðarmenn þjóðinni til handa erlendis.

Átakanlegt dæmi um það eru sendifarir Gunnars Egilssonar tvívegis. Fyrst er hann sendur til Spánar til að bjarga bannlögunum — einmitt þeim lögum, sem hann hafði manna mest óvirt meðan hann var ritstjóri andbanningablaðs hjer heima. Hann, sem opinberlega hafði kallað bannlögin „þrælalög", var af stjórn landsins valinn til þess að bjarga þessum lögum. Slík tilnefning var einkar vel fallin til að vekja ótrú á sendiför og sendimanni heima fyrir, jafnvel líkast að verið væri að leika sjer með það mál, sem þó var einna viðkvæmast miklum meiri hluta þjóðarinnar. Þar var stjórnin ámælisverð, en ekki maðurinn, því að hún gaf honum samningsvaldið fyrir alþjóð manna. Síðan hefir verið haldið áfram á sömu braut. Sami maðurinn er af núverandi stjórn gerður að trúnaðarmanni suður í löndum. Kaupið alt að því helmingi hærra en hjá ræðismanni Norðmanna á næstu grösum. Samningur gerður til margra ára. Samt hefir þessi maður ekki getað staðið skil á opinberu fje, sem hann hafði handa á milli, þegar hann var fulltrúi í Ameríku. Slíkt fulltrúaval hlýtur að koma inn hjá þjóðinni megnustu ótrú á dómgreind þeirra manna, er velja svo gálauslega í vandasamar stöður. Enginn getur, svo að gagn eða sæmd sje að, verið trúnaðarmaður heillar þjóðar í öðru landi, nema hann njóti trausts og virðingar borgaranna í sínu landi.

Jeg hefi sýnt, að sjálfstæði Íslands í fornöld bygðist á borgaralegum þroska eða því, sem máske er best að nefna

siðferðilega karlmensku hinnar ráðandi stjettar, sem ekki kom síst fram í hinum virðulegu skiftum Íslendinga við aðrar þjóðir. Hið langa líf þjóðveldisins forna var bein afleiðing af yfirburðum fornmanna um siðferðilega karlmensku. Annars leggja allar frjálsar þjóðir mestu stund á að hafa úrvalsmenn til starfanna út á við, og það þykir bera vott um dýpstu stjórnmálaspillingu, ef slík störf eru gerð að bitlingum handa skjólstæðingum hvers meiri hluta. Jeg hefi lauslega vikið að hinum kunna þjóðlesti Íslendinga, ofdrykkjunni. Sá ljóður er á ráði margra Íslendinga, að ofdrykkjulöngunin æsist, er þeir koma úr landi og á staði, þar sem þeir halda, að þeir sjeu óþektir. En þá er við búið, að vansinn verði mestur. En fari svo, að fulltrúi eða sendimaður lands drekki frá sjer ráð og rænu í öðru landi, þá verður niðurstaðan þveröfug við það, sem Bandaríkin og Noregur uppskáru af sendimensku Franklins og Nansens. Þeir lánuðu þjóðum sínum ljóma af frægð sinni. Ofdrykkjumaður í sendimannastjett lánar þjóð sinni skuggann af niðurlægingu sinni.

Ástæðan til, að stjórn velur gálauslega trúnaðarmenn til útlanda, er nálega ætíð hin sama: Stjórnmálavanþroski og pólitísk spilling. Stjórn þarf að hlaða undir einn eða annan gæðing flokksins og stingur að honum bita. Slíkt ráðlag kemur aldrei fyrir menn eins og Washington og Michelsen. Þeir velja Franklin og Nansen. Jón Sigurðsson sýnist meðal Íslendinga hafa verið frábær í því að velja sjer meðstarfsmenn eftir hæfileikum.

Hafi nú stjórn, til að halda sjer við völd, eða til að launa fylgi, valið trúnaðarmann erlendis, sem með breytni sinni brýtur flestar eða allar frumreglur sinnar stjettar, þá á sú stjórn harðan dóm skilið. Myndist sú venja, að siðferðileg karlmenska sje fyrirlitin í skiftum við aðrar þjóðir, þá er frelsi landsins og sjálfstæði glatað, af því að þjóðin er gálaus, spilt og sjúk.

Nú hafa komið glöggar raddir utan af landsbygðinni til Alþingis um að vanda valið á trúnaðarmönnum erlendis. Þessar raddir eru, eins og jeg hefi sýnt, í fullu samræmi við reynslu þjóðarinnar, meðan hún var sjálfstæð, og skoðun og venju frjálsra samtíðarþjóða. Það, sem nú liggur fyrir Alþingi, er að játa eða neita, annaðhvort að lýsa yfir, að það vilji taka upp erfðina frá frelsisöld þjóðarinnar, eða frá þeim öldum, þegar þjóðin var kúguð og beygð, þegar landið var fótaskinn og fjeþúfa erlends valds.

Jeg hefi nefnt þann eiginleika, sem trúnaðarmenn þjóða þurfa að hafa, siðferðilega karlmensku. Jeg hefi sýnt með gömlum og nýjum dæmum, að hættan í þessu efni er meiri en í fornöld. — „Stauparjettur“ var ekki dæmdur af samtíðarmönnum Haralds harðráða og Halldórs Snorrasonar.

Menn mega ekki halda, að vandinn mikli, að halda uppi sæmd landsins út á við, sje eingöngu á herðum ráðherra og sendimanna. Engin stjórn leyfir sjer að senda úr landi viðurkenda annmarkamenn, nema af því að hún treystir á siðferðilega bleyðimensku hjá borgurum sinnar eigin þjóðar, að þeir loki augunum, að þeir þegi, að þeir gleymi. Að lokum er svefninn orðinn svo fastur, að hver flokkur getur, án þess að nokkur hreyfi hönd eða fót, gert störfin við ut-

anríkismálin að hentugum bitling handa þægum, atvinnulausum flokksbræðrum.

Jeg hefi heyrt suma menn halda því fram, í nafni mannúðar og kristilegs kærleika, að ekki mætti tala um afglöp trúnaðarmanna landsins erlendis, jafnvel þótt mikið hefði verið af sjer brotið, því að það særði tilfinningar þeirra sjálfra, svo og vini þeirra og vandamenn.

Sömu röksemd mætti færa fram til varnar og afsökunar öllum þeim, sem er hegnt eftir fyrirmælum borgaralegra laga. Þeir hafa líka tilfinningar. Vandamenn þeirra finna líka til. Samt er ekki hjá siðuðum mönnum aðhald laganna afnumið, nje settur „stauparjettur", þar sem dómari og brotamaður grafa aðstöðumuninn í áfengisbylgjum.

Þeir menn, sem eru fúsastir að gefa upp skuldir, þar sem heill og sæmd alþjóðar liggur við, eru venjulega tregir að gefa úr eigin sjóði, enda er hjer ruglað rökum. Hver einstaklingur getur í persónulegum skiftum sýnt föllnum manni samúð og hlýleik. En þegar einstakir menn berjast með hnúum og hnefum á móti því, að trúnaðarmenn landsins sjeu skyldir að koma sómasamlega fram fyrir landsins hönd utanlands, þá eru þessir mýldu vinir kristilegs kærleika að dreifa hinum hættulegustu sóttkveikjum pólitískrar spillingar um allan þjóðlíkamann. Þeir eru að eyðileggja þjóðfjelagið. Þessi uppgjöf saka fyrir hönd almennings er frá borgaranna hálfu ekkert annað en sama vöntunin á siðferðilegum karlmannskjarki, sem kemur fram hjá löggæslumanni, er fer út í skip í nafni laganna, til að innsigla áfengi, en gleymir því og sest í stað þess að ólöglegri drykkju.

Jeg geri, eins og jeg hefi tekið fram, hiklaust ráð fyrir, að allir þm. samþykki þessa tillögu. En ef svo ólíklega skyldi fara, að einhver þm. sæi ástæðu til að hnekkja henni, annaðhvort með mótatkvæði, dagskrá eða þögn, þá er sýnilegt, að þeir kjósendur úti um land, sem sent hafa Alþingi áskoranir, er fara í sömu átt, hafa haft ástæðu til að bera í brjósti kvíðboga fyrir framtíð Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar. Öll mótstaða gegn þessari tillögu, opinber eða í leyni, getur ekki stafað af öðru en því, að til sjeu Íslendingar, sem vilji halda opnum möguleikum til að láta siðgæði „stauparjettarins" eiga í framtíðinni örugg gróðrarskilyrði í meðferð utanríkismálanna.

Af því að jeg álít, að stefna þjóðarinnar sje sú að ná aftur fullu frelsi og að taka aftur virðulegt sæti meðal menningarþjóða heimsins, vil jeg vona, að hvert spor Alþingis, og hvers einstaks þingmanns, sje stigið í átt að þessu takmarki. Jeg vil, að þjóðin fái þá ánægju að sjá þess vott í verki, um þetta þýðingarmikla mál. Jeg vil þess vegna beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann láti að loknum umr. fara fram atkvgr. með nafnakalli.

Jakob Möller: Jeg vil aðeins gera það að tillögu minni, að þessari þáltill. verði vikið frá umr. með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

Með því að Alþingi telur óþarft að bera fram ályktun um jafnsjálfsögð atriði og tillagan ræðir um, og það beri að skoða sem óskráð lög að vanda sem best val á trúnaðarmönnum landsins, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð að viðurkenna það, að jeg átti í raun og veru von á öðruvísi ræðu frá hv. 3.

landsk. (JJ) en jeg hefi nú hlustað á. Hv. þm. hefir lesið hjer upp ræðu, svona eins og húslestur, sem var mjög um annað efni en jeg hafði búist við. Hann nefndi hjer nokkur dæmi um óheppilega sendimenn, og af því að hv. þm. (JJ) nefndi þar eitt nafn, eða mann, sem jeg hafði skipað, finn jeg ástæðu til að víkja að því. Jeg á hjer við Gunnar Egilsson, Jeg átti að sönnu ekki beinan þátt í því að senda hann til Spánar 1921 í samningaerindum, þó að jeg ætti sæti í þeirri stjórn, en jeg get þó tekið hans málstað og skírskotað til þess, að hann var ekki eini maðurinn til samninga þar, eins og kunnugt er, og jafnframt þori jeg að fullyrða það, að þó að hann sje ekki bannmaður, þá muni hann þó eindregið hafa fylgt því máli, sem hann var sendur til að veita lið sitt, því að annars væri hann ódrengur, sem sviki sitt föðurland, en þennan mann þekki jeg vel og veit, að hann er drengur góður. Í öðru lagi er þess að geta, að þessi seinni sendiför hans er algerlega óviðkomandi þessu máli. Hún er viðkomandi annari aðalframleiðslu okkar, og jeg hefi ekki heyrt annað en að gagn hafi orðið að því starfi hans, og jeg hygg, að hann geti verið jafngóður fiskiráðunautur fyrir okkur á Spáni, hvort sem hann er bannmaður eða ekki. Mjer þótti það bæði undarlegt og leiðinlegt, að hv. þm. (JJ) fór að tala hjer um nafngreinda menn og skoðanir þeirra, sem komið hefði fram á þingmálafundi á einum stað á landinu. Mjer finst það óviðeigandi og vera misbrúkun á þinghelginni að ráðast þannig á fjarstadda menn, sem ekki eiga nokkurn kost á því að bera hönd fyrir höfuð sjer. Annars fór hv. 3. landsk. (JJ) alveg út frá efninu í ræðu sinni. Mjer skildist, að kafli úr ræðu hans væri um það, hvernig íslenskir menn hjer á landi skiftu við erlenda menn, sem brytu lög vor, og nefndi hann þar ýms dæmi, en öll voru þau órökstudd og óupplýst, og verð jeg því að telja þau dylgjur, sem jeg að svo komnu ekki kæri mig um að fara að eltast við. Það er altaf hægt að rangfæra sögur, sem eitthvað örlítið kann að vera til í, og færa þær í stílinn, svo að þær líti vel út.

Jeg þykist viss um það, að í þessari ræðu sinni hefir hv. þm. (JJ) ekki farið inn á það atriði, sem hann einmitt hafði í hyggju með þessari till. Hv. þm. var eitthvað að tala um drykkjuskap ráðherra erlendis. Mjer datt í hug, hvort jeg gæti átt þar nokkurn hlut í. Jeg vil því leyfa mjer að spyrja, hvort svo sje, eða hvort það sje nokkur íslenskur ráðherra, sem hv. þm. eigi þar við, því að jeg fæ ekki skilið, hvað hv. þm. er að tala um drykkjuskap ráðherra, nema því að eins, að hann eigi við einhvern ákveðinn.

Forsætisráðherra (JM): Það var sjerstaklega eitt atriði í ræðu hv. 3. landsk. (JJ), sem jeg vildi minnast á, af því að þar gætti svo mikils misskilnings, að furðu gegnir. Hv. þm. var að tala um það, að önnur þjóð rjeði yfir málum vorum. Þetta er sá herfilegasti misskilningur, sem einn þm. getur gert sig sekan um. Það ræður engin önnur þjóð yfir neinum málum vorum, en það eru sjálfsagt utanríkismálin, sem hv. þm. (JJ) á hjer við, en þau eru auðvitað að öllu leyti á okkar valdi, þó að önnur þjóð fari með þau fyrir okkur, eftir okkar umboði. Jeg ætla ekki að fara lengra út í þetta mál, því að það er annars ekki mikil ástæða til að vera að

orðlengja um þennan undarlega misskilning, sem jeg þó hefi orðið var áður hjá hv. þm. (JJ) við undirbúning undir kosningar. Og er það algerlega rangt hjá hv. þm. (JJ), sem þykist vera maður sögufróður, að halda því fram, að það hljóti altaf að fara illa, þótt önnur stærri þjóð sje fengin til þess að fara með utanríkismál annarar minni. Þess eru dæmi enn þann dag í dag, að slíkt getur farið vel og að enginn skaði þarf að verða af því, og það er ekki til neins fyrir hv. þm. (JJ) að fara að velja dæmi frá Svíþjóð og Noregi til sönnunar þessu. Jeg ætla ekki að fara að gera svo lítið úr hv. þm. (JJ) að gera annað en að benda á það, að þessu er alt öðruvísi háttað.

Hv. þm. (JJ) var að tala um ýms dæmi þess, að íslenskir valdsmenn hefðu komið ósæmilega fram erlendis, en sagði á hinn bóginn ekkert um það, hverjir þessir menn hefðu verið. Jeg skoða þetta sem órökstuddar glósur, sem jeg veit ekkert um hvort sannar eru. Það getur verið, að einhver embættismaður hafi gert eitthvað öðruvísi en átti að vera erlendis, en jeg álít rangt að vera að sletta þessu hjer og kasta þannig skugga á embættismenn landsins. Að svo vöxnu máli, á meðan engin sönnun hefir verið færð fyrir neinu ósæmilegu að þessu leyti, verð jeg að telja slíka ásökun ranga.

Jeg hafði annars ekki hugsað mjer, að jeg þyrfti að tala neitt um þetta mál, en mjer skilst, að hv. þm. (JJ), sem annars hefir haft allmikið á móti því, að við hefðum sendimenn erlendis, væri nú að færa rök fyrir hinu gagnstæða. Jeg skal heldur ekki fara neitt út í sögu þjóðar vorrar fram að þeim tíma, sem þjóðveldið leið undir lok, en jeg er ekki alveg viss um, að skýrsla hv. þm. (JJ) um það efni hafi verið svo sjerlega heppileg. Jeg vil þó ekki lengja umræðurnar um málið með því að fara út í þetta atriði frekara. En tillagan sýnist mjer mjög óþörf. Jeg held, að yfir höfuð sje óhætt að segja það, að þeir menn, sem sendir hafa verið til annara landa fyrir þjóðarinnar hönd, hafi komið sómasamlega fram og landinu ekki til neinnar minkunar. Vjer höfum sent menn í ýmsum erindum, og þar á meðal einn reglulegan sendiherra, og held jeg, að við getum talið okkur hafa haft sóma af.

Það hefir margoft áður verið talað um sendiför Gunnars Egilssonar til Madrid, við spönsku samningana, og það hefir líka margoft verið sýnt fram á það, að þótt þessi maður hefði máske aðrar skoðanir á máli, sem þar kom til samninga, þá hefir hann sjálfsagt gefið rjettar upplýsingar um það, hve örðugt það væri að kalla saman þing með svo stuttum fyrirvara. Samningana hafði danski sendiherrann í París fyrir okkar hönd, en Gunnar Egilsson fór tvisvar frá Ítalíu til Spánar til þess að vera til aðstoðar sendiherranum, vegna kunnugleika á landsháttum. Gunnar Egilsson er svo heiðarlegur maður, að hann hefir ekki látið sína skoðun um bannmálið ráða neinu. Í seinna skiftið fór hann ásamt tveim bannmönnum, og mætti þá ætla, að sú sending hefði ekki orðið til skaða.

Flm. (Jónas Jónsson): Áður en jeg vík að þeirri rökstuddu dagskrá, sem fyrst var borin fram, vil jeg segja fáein orð út af ræðum hinna tveggja hæstv. ráðherra (MG og JM). Jeg hafði margtekið það fram, að jeg gerði

ráð fyrir því, að þessi þjóðarvilji, sem komið hefir fram í áskorunum þeim, sem borist hafa víða af landinu, myndi ekki verða brotinn á bak aftur, og að það myndi naumast verða gerð tilraun til þess að hindra atkvgr. um málið sjálft. Ræður þessara tveggja ráðherra bera það með sjer, að þeim er, eins og flm. dagskráarinnar (JakM), ekki um þessa till., og gerði jeg þó ráð fyrir, að þeir hefðu ástæðu til að óska sjer þess stuðnings, sem í henni felst.

Hæstv. atvrh. (MG) byrjaði á því, sem þó vitaskuld var aukaatriði, að tala um sendiför Gunnars Egilssonar. Jeg hafði aðeins drepið á sendiför hans í sambandi við þau tvö dæmi, sem jeg nefndi um það, hvað ráðherrar geta verið gálausir í sendimannavali. Annað dæmið er það, að þessi maður, sem er svæsinn andbanningur, er sendur til að semja við þjóð, sem vill láta afnema þau lög á Íslandi. Slíkt kæmi ekki fyrir í Bandaríkjunum, að maður, sem er andvígur slíku stórmáli, væri sendur til þjóðar, sem sömuleiðis er á móti því, til þess að semja um það við hana. Það er algerlega ómögulegt að verja þetta með öðru en því, að hjá okkur eigi að gilda aðrar reglur um það, hvernig eigi að velja trúnaðarmenn. Hitt dæmið var það, sem kom í ljós í hv. Ed., að þessi maður stóð í óbættri sök við ríkissjóð. Hann stóð í skuld við ríkissjóð, meira en 20 þús. kr., sem hann hafði notað fram yfir það, sem hann mátti, í Ameríku. Mjer er kunnugt um það, að þessi skuld var ekki borguð þeirri stofnun, sem átti hana, og að seinast varð að semja um hana upp á sem næst mannsaldurslanga afborgun. Þetta er gott, þegar um almenn viðskifti er að ræða, en jeg vil benda á, að það er nokkuð alment um banka erlendis, að þeir segja tafarlaust upp viðskiftum við mann, sem ekki stendur í skilum, þó ekki sje nema með einn einasta víxil, og jeg skil ekki, að stjórn nokkurrar þjóðar, nema okkar, myndi voga sjer að velja mann til sendiferða, sem allir vita að stendur í vanskilum við ríkið. Þetta mál er tekið hjer til umræðu, til að sýna það, meðal annars, hve undarlega gálauslega núverandi ráðherrar hafa farið í þessu máli.

Hæstv. atvrh. (MG) áleit það hart, að hjer skyldi vera sagt frá þingmálafundinum í Borgarnesi. En getur það verið, að hæstv. atvrh. (MG) sje svo illa að sjer, að hann viti ekki, að skjöl frá þeim fundi liggja hjer frammi í lestrarsal Alþingis, og að þar er glögg skýrsla um, að þar börðust 18 menn undir forustu þriggja embættismanna gegn till.? (**Atvrh. MG:** Stendur það í skjölunum?). Atkvæðagreiðslan stendur þar, svo að það er aðeins, ef hæstv. ráðh. (MG) vill gera sig fáfróðan, að látast ekki vita það, en það er sá eini vottur um sómatilfinningu þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, að þeim skuli vera illa við, að minst er á frammistöðu þeirra. Þessir tveir ráðherrar vildu halda því fram, að það kæmi þeim ekki við, þó að sendimaður erlendis sje þar ölvaður langdvölum og geri landinu skömm. Að skoðun ráðherra eiga Íslendingar að gera lágar kröfur til sendimanna sinna.

Jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að sækja þetta mál með öðru en almennum rökum, sem eru þekt, og láta hæstv. ráðherra og aðra hv. þm., sem vilja, halda því fram, að aldrei hafi verið látið undan lögbrotum og frekju útlendinga hjer, því að það er of þekt til þess.

Þá sagði hæstv. forsrh. (JM) það alveg rangt, að önnur þjóð rjeði yfir okkar málum. Jeg býst við, að það eigi að taka þessa skýringu hæstv. forsrh. (JM) sem sönnun fyrir því, sem einn maður hefir talið vera landráðalöggjöf landsins. Sá maður hefir haldið því fram, að okkur væri best að vera undir umsjón annarar þjóðar, en ef hæstv. ráðh. (JM) er ekki vikinn burtu af fundi, vil jeg minna hann á, að það kom fyrir á milli Norðmanna og Svía dæmi, sem alveg kollvarpar því, sem vakir fyrir hæstv. ráðh. (JM). Það var enginn vafi á því, að Norðmenn voru fullvalda á árunum 1814—1905, en það er heldur enginn vafi á því, að það voru sænskir menn, sem fóru með völdin, og að Norðmönnum líkaði það illa, og þetta var ástæðan til þess, að þjóðirnar skildu, og það var tilviljun ein, að ekki varð blóðugt stríð á milli þessara tveggja frændþjóða. En það á, eftir skilningi hæstv. ráðh. (JM), að vera gott, að önnur þjóð fari með valdið fyrir okkur; svo að jeg ætla þá að ráðleggja hæstv. ráðh. að lesa svolítið betur um „konsúlamálið" í Noregi og Svíþjóð, áður en hann fer að halda næsta fyrirlestur yfir okkur um það, að við höfum fullkomið sjálfstæði. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri dæmi þess, að það færi vel á því, að ein þjóð bæði aðra að fara með utanríkismál fyrir sig. Þá vjek hæstv. ráðh. að því, að jeg myndi hafa verið á móti því að hafa sendiherra erlendis, og býst jeg við, að hæstv. ráðh. muni vera kunn skoðun mín í því efni. Úr því að hæstv. ráðh. telur sig hafa verið pott og pönnu í því að gera samninga við aðra þjóð um það að fara með utanríkismál Íslendinga í 25 ár, þá verður þjóðin að taka afleiðingunum af þeim samningi.

Jeg kem þá að hinni rökstuddu dagskrá hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Ef jeg hefi heyrt hana rjett, þá er hún bygð á því, að þessu máli megi vísa frá, af því að það hafi ekki gefið neitt tilefni til að bera kvíða í brjósti um það, og hæstv. ráðh. (JM) sagði, að þessi till. hefði alls ekki átt að geta komið fram. Hann er sem sagt alveg samdóma mjer um, að sendimenn landsins eigi að koma virðulega fram erlendis. En nú vil jeg biðja hæstv. ráðh. (JM) og þennan hv. þm. (JakM) að athuga meðal annars þingmálafundargerð úr Vestur-Húnavatnssýslu. Það er úr frómu íhaldskjördæmi, og vona jeg, að hvorugur þessara hv. þm. muni vilja bera það á þá kjósendur, að þeir vantreysti stjórninni, eða að minsta kosti hefir það ekki enn þá komið í ljós í framferði þess þm., sem er fulltrúi þeirra hjer. Í þessari fundargerð er beinlínis talað um það, að landið hafi haft óheppilegan sendimann, og ef jeg má biðja hv. þm. þeirra (ÞórJ) að svara því, þá vil jeg spyrja, hvort hann hafi ekki einmitt fengið því framgengt, að hjer var breytt einu orði í upphaflegu tillögunni, að í staðinn fyrir „óhæfan sendimann" var sett það, sem nú stendur í tillögunni, því að þessum ágæta stuðningsmanni stjórnarinnar þótti þetta of frekt og fjekk því þess vegna breytt. Og hvernig á nú að samræma þetta við skoðun stjórnarinnar, að við höfum altaf haft ágæta sendimenn, alla óaðfinnanlega. Eins og jeg tók fram áðan, gerði jeg ráð fyrir, að öllum hv. þm. væri þetta kunnugt. En hæstv. atvrh. (MG) kom fram eins og óþekk börn, sem hafa hegðað sjer illa og eiga von á hirtingu. Hann undraðist yfir því að hafa ekki fengið meiri ákúrur hjá mjer en hann fjekk. Að

jeg hlífði honum, var ekki fyrir þá sök, að hann hefði ekki unnið til að fá meiri ofanígjöf, heldur hjelt jeg, að hann skildi fyr en skellur í tönnunum, og hann myndi því telja þann kost vænstan að samþykkja tillöguna með þeim almenna rökstuðningi, sem jeg færði fyrir henni, og láta það gleymda vera gleymt.

En eftir það, sem nú er fram komið, er ekki hægt að skilja við málið svona.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að ekkert það hefði komið fram, sem gæfi ástæðu til, að slík tillaga sem þessi væri borin fram, og vildi með því ekkert gera úr þeim röddum, sem meðal annars hafa komið úr Vestur-Húnavatnssýslu, Árnessýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Mýrasýslu. En jeg vil nú biðja hæstv. atvrh. (MG) að gefa glögga og rjetta skýrslu um það mál, sem einna mest hefir verið talað um meðal þjóðarinnar síðan í haust, sem sje val sendimanns stjórnarinnar til Bandaríkjaferðar, til þess að semja við stjórnina þar um ullartollinn, því að hingað til hefir hæstv. stjórn verið mjög sagnafá um það mál. Er því gott, að hún fái nú tækifæri til þess að segja sína skoðun um hvatir þær, sem rjeðu því, að maður þessi var sendur.

Hinn 11. október s. l. haust var jeg ásamt hæstv. forsrh. (JM) og hæstv. fjrh. (JÞ) o. fl. staddur á fundi í Borgarnesi. Skýrði þá hæstv. fjrh. (JÞ) frá því, að stjórnin hefði þá fyrir skömmu sent hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) til Bandaríkjanna til þess að semja um ullartollinn. Gaf hann bændum í Borgarfirðinum góðar vonir um, að þetta yrði til þess að bæta ullarmarkaðinn. En hann notaði tækifærið til þess að gefa fyrirrennara sínum, Kl. J., olnbogaskot um leið fyrir, að lítið hefði verið gert í þessu máli í hans stjórnartíð. Litlu síðar kom svo grein í málgagni stjórnarinnar á Seyðisfirði, sem fór mjög í sömu átt. Lofaði blaðið mjög, hve valið á manninum hefði tekist vel, og mættu bændur því vænta mikils árangurs af för sendimanns. Opinberlega veit maður svo ekki annað í þessu máli, og að maðurinn fór aldrei til Ameríku. Komst aðeins til Khafnar, þangað sem hæstv. atvrh. var þá staddur, og kom svo heim rjett fyrir jólin.

En það var á allra vitorði, að fulltrúi þessi lagðist í svo megna óreglu í Khöfn, að hann veiktist, og varð því að senda hann því sem nær ósjálfbjarga heim til Íslands. (**SigurjJ**: Hann hefir aldrei verið kallaður opinber lygari. **ÓTh**: Og ekki heldur opinber rógberi). Jeg vona, að þessir hv. þm. geymi Thórsblóm sín þangað til síðar, en ef þeir kalla söguna um æfintýri sendimanns þessa lýgi, þá öfunda jeg þá ekkert af þeim titlum, sem þjóðin gefur þeim.

Er svo skemst frá að segja, að þegar þetta var gert að blaðamáli, þá reyndu stjórnarblöðin af veikum mætti, eftir skipun frá einum oflætisfullum andlegum smælingja, sem heldur, að hann eigi peninga, að afsaka hneykslið. En niðurstaðan varð sú, að maður sá, sem hlut átti að máli, viðurkendi sjálfur að hafa skilað landssjóði ferðapeningunum aftur. Játaði hann þar með sekt sína til fulls. Ef sendimaðurinn hefði forfallast af eðlilegum ástæðum, t. d. veikst af lungnabólgu eða þesshátt, þá hefði hvorki þessi stjórn nje önnur getað verið svo kröfuhörð að heimta ferða-

peningana aftur. Nei, slíku var ekki heldur hjer um að kenna. Hæstv. stjórn var þegar orðið kunnugt, að þetta var vandræðamál, og hefði orðið meira vandræðamál, ef Íhaldsmenn hefðu ekki borgað peningana í landssjóð aftur.

Af því, sem jeg nú hefi sagt, ætti öllum að vera það fyllilega ljóst, að það er ekki frambærilegt hjá stjórninni að halda því fram, að hjer hafi um engar misfellur verið að ræða. Jeg held meira að segja, að engin dæmi sjeu til þess, að nokkur þjóð velji sjer slíka trúnaðarmenn. Og sökina tel jeg vera nær eingöngu á höndum stjórnarinnar, því að henni var vel kunnugt um, að enda þótt maður þessi væri að mörgu leyti vel gefinn, þá var a. m. k. þingi og stjórn vel kunnugt um, hve veikur hann var fyrir vínnautn.

Þetta verður því algerlega að teljast sök stjórnarinnar, og orð mín hjer lúta að því að krefja hana um skýrslu um málið, en jeg vil láta manninn, sem í óláninu lenti, sem mest hlutlausan.

Jeg hefi nú gefið stjórninni tækifæri til að skýra þetta einstaka hneykslismál sitt. Að jeg gerði það ekki strax í fyrri ræðu minni, var fyrir þá sök, að jeg vildi fá að vita, hvort aðstandendur stjórnarinnar væru í raun og veru svo brjóstheilir að vilja ekki kannast við sekt sína og þola rjettmætar aðfinslur. En nú lætur stjórnin sem ekki hafi í skorist, og hæstv. atvrh. (MG), sem á alla sökina á þessu, talar digurbarkalega um Gróusögur, meðan honum var hlíft við að nefna þær þungu sakir, sem hann aldrei að eilífu getur af sjer borið. Þegar hann og hans fylgifiskar tóku svona í málið, sá jeg enga ástæðu til að vægja lengur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 3. landsk. (JJ) nefndi enn á ný Gunnar Egilsson sem dæmi upp á óheyrilega sendimenn og sagði, að hann stæði í óbættum sökum við ríkissjóð. En nú hefir hann gert samning um skuldina, og meðan hann stendur við samninginn, er ekki hægt að segja, að hann standi í óbættum sökum.

Annars er vert að geta þess, að skuld þessi er þannig til komin, að maður þessi eyddi umfram laun sín, þá er hann var sendur til Ameríku í þágu landsins. Sje jeg svo ekki ástæðu til að tala frekar um þetta.

Háttv. 3. landsk. (JJ) beindi broddunum að mjer út af vali sendimannsins til Bandaríkjanna s. l. haust, og spurði, hvers vegna hann hefði hætt við förina. Þar til er því að svara, að hann, af ástæðum, sem jeg hirði ekki að greina, bað mig í Khöfn um að losa sig við þessa för, og gerði jeg það gegn því, að hann endurgreiddi áfallinn kostnað. Um ástæðurnar fyrir því, að maður þessi hætti við ferðina, má 3. landsk. (JJ) tala eins og hann vill og gera sjer enn meira til minkunar, ef unt er, en hann þegar hefir gert. Þegar jeg svo kom heim úr utanför, rjeði jeg Svein Björnsson til þess að fara þessa ferð til Ameríku. Hafði jeg farið fram á það við hann áður, en þá gat hann það ekki vegna starfs síns í bankamálanefndinni. Þegar svo að því kom, að hann átti að fara, kom fregn um, að líkur væru til, að úr ullartollsmálinu greiddist. Var förinni því frestað, og nú er komin fregn um happasæla lausn málsins.

Þó að hv. 3. landsk. (JJ) lasti mig fyrir valið á manninum, eins og honum er lagið, læt jeg mjer það í ljettu rúmi

liggja. Jeg er ánægður yfir því, að málið hefir fengið góð úrslit, og jeg sef rólega, þótt hv. 3. landsk. (JJ) álíti, að mjer sje það að engu leyti að þakka. Mjer er fyrir mestu góður endir ullartollsmálsins, og hv. 3. landsk. (JJ) má mín vegna naga um hryggjarliði þeirra, sem við málið hafa verið riðnir, ef hann hefir ekki annað þarflegra að sýsla eða sem betur á við hans skap.

Að öðru leyti hefi jeg ekki ástæðu til að gefa skýrslu um málið. En sje hv. 3. landsk. (JJ) ekki ánægður með þetta, getur hann komið fram með fyrirspurn á þinglegan hátt.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hjelt, að hv. 3. landsk. (JJ) hefði það til síns ágætis að vera dálítið fróður maður, að minsta kosti í sögu. En nú sje jeg, að hann hefir ekki einu sinni þann kost til að bera, því að hann ruglar svo mjög saman sambandinu milli Noregs og Svíþjóðar annarsvegar og sambandinu milli Íslands og Danmerkur hinsvegar. En hjer var ekkert sambærilegt. Noregur og Svíþjóð höfðu sín utanríkismál sameiginleg, og Svíar rjeðu alveg yfir þeim. Milli Íslands og Danmerkur er aftur ekkert sameiginlegt nema konungurinn, en Danir fara aðeins með utanríkismál vor í umboði okkar. Þetta hjelt jeg að hv. 3. landsk. (JJ) vissi. Allir, sem þekkja nokkuð samband Íslands og Danmerkur, viðurkenna Ísland fullvalda ríki. Þetta veit svo að segja hvert íslenskt barn, sem orðið er vel læst, enda þótt þessi hv. þm. virðist ekkert skyn bera á það.

Þórarinn Jónsson: Aðeins örfá orð, af því að jeg varð fyrir þeim heiðri, að hv. 3. landsk. (JJ) mintist mín í sambandi við þessa tillögu, út af tillögu, sem kom fram á þingmálafundi í Vestur-Húnavatnssýslu. Úr því að farið var að draga þetta inn í þessar umræður, finst mjer rjettast að geta þess, hvernig á stóð.

Það var nýkomin fregn hjeðan að sunnan um það, að ráðist hefði verið á sendimann stjórnarinnar í ullartollsmálinu af hv. 3. landsk. (JJ). Þetta var breitt mjög lævíslega út og komst víðar en nokkrum datt í hug, á örstuttum tíma. Orsökin mun hafa verið sú, að þingmálafundir stóðu fyrir dyrum, og því hefir þótt tryggilegast að koma þessu sem víðast.

Jeg hjelt því strax fram, þegar um þetta var deilt, að á fregn þessa mætti engan trúnað leggja, ekki eingöngu fyrir þá sök, að hún kom frá hv. 3. landsk. (JJ), heldur og sakir þess, að slíkum sögum er sjaldan trúandi, a. m. k. ekki fyr en að hafa heyrt þær frá báðum hliðum. Hvernig tillagan, sem fram kom á fundinum á Melstað út af þessum sendimanni, var orðuð fyrst, man jeg ekki fyrir víst, en mjer þótti hún óhæfilega harðorð. Annars reyndi jeg hvorki að verja stjórnina nje ásaka út af þessu máli, en jeg sagði aðeins þarna á fundinum, að hefði jeg átt að ráða manninum, myndi jeg hafa álitið annan mann hæfari til fararinnar, og það var Garðar Gíslason stórkaupmaður, þar sem hann hefir frekar en aðrir kynt sjer þetta mál. Að jeg taldi þennan mann heppilegri, var án þess að jeg tryði sögunum um þann, sem sendur var.

Annars held jeg, að á þessum fundi hafi verið tiltölulega fáir, sem trúðu sögunni eins og hún var sögð, enda

ýmsir farnir af fundi, þegar síðustu tillögurnar voru bornar upp, eins og fundarstjóri vottar á fundargerðina.

Hvort það hefir verið tilviljun eða ekki, þá voru á þessum Melstaðarfundi mættir miklu fleiri andstæðingar mínir en stuðningsmenn, og mjer var sagt, að margt af þeim væru fjelagar úr ungmennafjelagi, sem hv. 3. landsk. (JJ) hefði haldið fyrirlestur hjá s. l. sumar. En eigi að síður voru allar tillögur mínar samþyktar á fundi þessum, og enginn hreyfði sjerstökum mótmælum. Að vísu bar þarna á góma mál eins og t. d. ríkislögregluna. En þegar jeg spurði tillöguflytjanda, hvort hann hefði lesið þingtíðindin, kvað hann nei við. Sýndist mjer þá algert óráð að eiga orðastað við þennan mann um málið.

Hv. 3. landsk. (JJ) hefir margt misjafnt um mig talað og ritað. Sumt hefir hann orðið að jeta ofan í sig í fjölda manna viðurvist, svo jeg kippi mjer ekki upp við nýja áreitni og veit, að enn fer á sömu leið fyrir þm. (**JJ**: Eins og hvað?). T. d. þegar hann sagði, að taka hefði þurft enska lánið til þess að fullnægja eyðslukröfum Þórarins á Hjaltabakka. Þetta dró hann af því, að jeg hafði verið framsögumaður í launamálinu á þinginu 1919 og talaði þar fyrir munn allra flokka. Þegar hann svo talaði við bændur, sagði hann út af þessu, að jeg hossaði embættismönnunum, en við embættismenn, að þetta hefði verið sjálfsögð launahækkun.

Þegar maður nú hugsar um tilgang hv. 3. landsk. (JJ) með till. þessari, þá hlýtur maður að sjá, að hann er aðeins sá, að sverta einn ákveðinn mann, og kemur þar fram hin venjulega mannskemdalöngun hv. þm. Vitanlega má öllum standa á sama um slík ummæli þessa þm. (JJ), svo alþektur er hann orðinn hjá þjóðinni, og ekki síst eftir það, að hann hefir fengið þá nýju nafnbót í opinberu blaði. Hvað mig snertir hafa engin áhrif á mig ummæli þessa hv. þm. Jeg hefi kynst ósannindamönnum og veit um afdrif þeirra. Jeg hefi sjeð þá minka dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár, uns þeir hverfa af því sviði, sem nokkur maður tekur eftir þeim eða metur þá neins.

Jón Baldvinsson: Jeg skal ekki lengja umr. að þessu sinni, en vil aðeins í örfáum orðum gera grein fyrir atkv. mínu.

Jeg ætla að greiða þáltill. þeirri, er hjer liggur fyrir, atkvæði, og tel í raun inni óhugsandi annað en að hún verði samþykt, svo sjálfsögð er hún í mínum augum.

Og þó að jeg skrifi ekki undir alt, sem hv. flm. (JJ) sagði í framsöguræðu sinni, þá var því miður alt of mikið satt í því, er hann sagði um embættismenn og fulltrúa þjóðarinnar marga hverja, að þeir hafa ekki komið fram svo sem ætlast verður til af þeim mönnum, er þjóðin tyllir í virðingar- og trúnaðarstöður. Og þótt nokkrar ákúrur kunni að felast í ályktun þessari til stjórnarinnar, þá lít jeg aðeins á það sem þarflega áminningu, er sjálfsagt sje að samþykkja.

Flm. (Jónas Jónsson): Hæstv. stjórn hefir nú á sinn hátt viðurkent, að þáltill. sje ekki óþörf, og get jeg verið ánægður með það. Það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um, að sendimaðurinn hefði verið leystur af hólmi, var nokkuð í sama dúr og hin frjálslegu orð hans og stjettarbróður hans á fundinum í Borgar-

nesi. Þar töluðu þeir um þessa heppilegu sendiferð og röggsemi stjórnarinnar í því að sjá hag bænda borgið og fá ullartollinum í Bandaríkjunum af ljett.

Hið næsta, sem gerist í málinu, er svo það, að sendimaðurinn kemst aldrei lengra en til Khafnar, og fær þá lausn í náð og er sendur heim.

Síðan hefir verið látið reka á reiðanum, þangað til nú í apríl, að endanlegt svar Bandaríkjastjórnar kemur um lækkun á tollinum, og er það ekki hinni ísl. stjórn að þakka, að þannig fór.

Ekki batnaði fyrir hæstv. forsrh. (JM), er hann fór að útlista fullveldi okkar í annað sinn. Jeg hafði bent á það, að konsúlamálið norska varð að sambandsslitum milli Norðmanna og Svía, og sagði, að nokkuð svipað gæti komið fyrir okkur. Íslenska stjórnin gerði einu sinni út „legáta" eða sendiherra til Genúa, en þar settu Danir okkur stólinn fyrir dyrnar, og hann varð að hröklast heim aftur. Og þetta kom þá harðast niður á hæstv. forsrh. (JM), sem þá rak sig á, að Danir vildu ekki, að Íslendingar hefðu neina sendimenn í öðrum löndum. Jeg vísa því þess vegna heim til föðurhúsanna, sem hæstv. ráðh. sagði um fáfræði mína í þessum efnum. Hitt er verra fyrir hann, að þekkja ekki efni þess samnings, sem hann hefir sjálfur gert.

Það er altaf gaman að hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Hann er eins og stór ósannindaverksmiðja, eða eins og sagt hefir verið um hann af merkismanni í kjördæmi hans, að honum væri aldrei ljett um að tala, nema þegar hann segði ósatt.

Við skulum nú athuga þingmálafundargerðirnar, sem minnast á þetta mál, og þá getur hann ekki neitað því, að úr hans kjördæmi hafa komið einna skarpastar ávítur á stjórnina fyrir valið á sendimanni til Bandaríkjanna.

Hv. þm. (ÞórJ) ætlaði í fyrstu að vera með hæstv. fjrh. (JÞ) og fylgdi honum á fyrsta fundinum í gengismálinu, en eftir því sem vestar dró í sýsluna rann upp fyrir honum æðra ljós, og var það áberandi á seinustu fundunum. Þessu getur hann ekki neitað, því að það sjest á fundargerðunum.

Á einum fundinum sagðist hann heldur vilja, að sendur hefði verið stórkaupmaður nokkur hjer í Reykjavík til Bandaríkjanna heldur en sá maður, er hæstv. stjórn valdi til þess. Sjást á þessu brjóstheilindi hv. þm. (ÞórJ), að þrátt fyrir fylgi hans við stjórnina nú skorti hann kjark til þess að fylgja henni, þegar hann vissi hug kjósenda sinna á fundunum ganga í aðra átt, alveg eins og þegar hann ljet þá kúga sig í gengismálinu.

Hv. þm. (ÞórJ) vill afsaka sig með því, að engar ábyggilegar fregnir um sendiförina hefðu verið komnar norður í kjördæmi hans, þegar fyrsti þingmálafundurinn var haldinn. Það var þó komin grein um málið og blaðið komið norður um sveitir, og mun hann hafa sjeð það, en þorir ekki að kannast við það. En afleiðingin varð sú fyrir hann, að sjórnin beið ósigur í núverandi íhaldskjördæmi Vestur-Húnavatnssýslu.

Annars hefi jeg hlífst við því að lesa þessar fundarályktanir hjer, en jeg skora á hv. þm. sjálfan að gera það.

Af því að við tölum svo sjaldan saman, hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og jeg, langar mig til að tala svolítið við hann um framkomu hans í ríkislögreglumálinu. Hann hefir sagt, að kjósendur hafi

lítið kynt sjer það mál, en hingað hefir þó í vetur komið áskorun frá 270 kjósendum í einu íhaldskjördæminu, þar sem þeir skora á þingið að samþykkja ekki lög um ríkislögreglu. **(Forseti JóhJóh:** Það væri æskilegt, að hv. flm. (JJ) hjeldi sjer við efnið). Já, þótt þetta sje ekki til umr. hjer, gaf hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) tilefni til þessa.

Þá átti sami hv. þm. (ÞórJ) sinn þátt í því að koma enska láninu í lóg, með leynimakki sínu við starfsmenn landsins, er hann sat í launanefnd 1919, en af þeirri eyðslu leiddi aftur fjáraukalögin miklu.

Og þegar nú öll hans pólitíska saga er þannig, ætti hann síst að fara að lepja upp vísvitandi rógmælgi úr sorpblöðum. Hann hefir borið út þrotlausan róg um mig, þar sem jeg var hvergi nærri, en þorði svo ekki við neitt að kannast, er jeg kom til skjalanna norður þar. **(ÞórJ:** Er áframhald hjer af Sveinsstaðafundinum?). **(Forseti JóhJóh** (hringir): Jeg vil alvarlega biðja hv. flm. (JJ) að halda sjer við efnið). Jeg hefi ekki vikið frá efninu, nema að því leyti, sem ræða hv. þm. (ÞórJ) gaf tilefni til. Þar sem hv. þm. (ÞórJ) er að fetta fingur út í það, að í till. minni skuli ekki minst á neinn vissan mann, en segir þó, að jeg sje með þessu að áfella ákveðinn mann — þá er hann þar á öndverðum meið við yfirboðara sinn. Hæstv. forsrh. (JM) skildi það vel, hvers vegna jeg var svo kurteis að nefna ekki nein nöfn, og hann kvartaði einmitt um það, að jeg hefði ekki sagt nóg. Hann virðist hafa vitað um nógar sakir.

Þá var hv. flm. (ÞórJ) að minnast á grein eftir geðbilaðan mann, sem liggur undir einskonar kæru fyrir landráð, frá fyrverandi dómsmálaráðherra. Sú grein kom í blaði stjórnarinnar. Hv. þm. V.-Húnv. fann mjer það til foráttu, að hafa ekki farið í mál við þennan mann. En því hafa ekki forsætisráðherra og bæjarfógetinn í Rvík höfðað mál á þennan mann, sem hefir borið þá þungum sökum og reynt að rökstyðja brigsl sín? Er það af því að þeir vilji, eins og við aðrir Reykvíkingar, fremur útkljá slík mál fyrir dómi almennings heldur en fyrir einhverjum stauparjetti?

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. flm. (JJ) hefir gert að umtalsefni ummæli frá mjer á fundinum í Borgarnesi í haust. Vil jeg því endurtaka það hjer, sem jeg sagði þá, svo að það sjáist í Alþt. Jeg sagði, að steinolíusamningur ríkiseinkasölunnar mundi hafa orðið til þess, að ullartollurinn var hækkaður í Bandaríkjunum. **(JJ:** Hvers vegna þurfti þá að senda mann vestur?). Lækkunin á tollinum var ekki komin í kring, þegar sendiförin var ráðin, en málið var mjög mikilsvarðandi fyrir bændastjett landsins. Og ef um það á að ræða, hverjum beri að þakka það, að ullartollurinn fjekst lækkaður, þá er það þingið í fyrra, sem samþykti afnám einokunar á steinolíu. **(JBald:** Hvaðan hefir hæstv. ráðh. þetta?). Jeg hefi fullkomnar ástæður fyrir mínu máli, og þær geta komið fram, ef mjög fast er gengið eftir þeim.

Annars finst mjer, að allvel megi una við það, hvernig þessu máli er nú komið, og hvernig sem á það verður litið, hvaða rætur liggja að þáltill. þeirri, sem hjer liggur fyrir, þá fullyrði jeg, að stjórnin hefir haft fullan vilja á því að gera alt, sem unt var, til að kippa ullartollinum í lag.

Klemens Jónsson: Mjer datt það sannarlega ekki í hug, að jeg þyrfti að standa upp í þessu máli, til að bera af mjer gamlar sakir, sem löngu er búið að hrekja fullkomlega. Jeg hafði heyrt því fleygt, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi á fundi í Borgarnesi verið með hnútur til mín fyrir að hafa lítið gert til að fá afnuminn ullartollinn í Bandaríkjunum. Jeg trúði því nú trauðlega, að þetta væri rjett hermt, þar sem jeg var ekki á þeim fundi og átti ekki neinn kost á að verja hendur mínar. En nú hefir hæstv. fjrh. (JÞ) endurtekið þetta hjer í dag, svo að sögurnar hafa verið rjettar. Jeg verð því að fara um þetta mál nokkrum orðum, þótt það sje ekki á dagskrá. — Ástæðan til þess, að jeg gerði ekki meira til að fá ljett af tollinum, þegar jeg var ráðh., var sú, að Samband ísl. samvinnufjelaga, sem þetta mál varðaði mest, fjekk firma eitt í Bandaríkjunum til að fara í málssókn út af tollhækkuninni. Þetta mál byrjaði meðan jeg var ráðherra, og þótti mjer sjálfsagt að bíða átekta og sjá, hversu því lyktað, áður en frekar væri að gert. Mjer þætti ekki ósennilegt, þótt þakka mætti þessari málssókn endalok málsins, en veit það eigi enn með vissu. Það er ekki svo langt um liðið síðan málinu lauk, að nákvæmar fregnir sjeu komnar af gangi þess. En það kæmi mjer ekkert á óvart, þótt svo reyndist, að niðurstaðan í ullartollsmálinu væri að þakka aðgerðum S. Í. S. og mínum.

Þá kom hæstv. fjrh. (JÞ) með aðra staðhæfingu, sem einnig var hrakin gersamlega á þingi 1923, sem sje þá, að ullartollurinn hafi verið hækkaður vegna samningsins, sem gerður var við steinolíufjelagið, sem Landsverslunin skifti við. Þá hafði jeg skrifleg gögn um þetta mál, m. a. vottorð frá utanríkisráðherra Cold, sem bar það með sjer, að tollurinn var kominn á áður en samningurinn var gerður við steinolíufjelagið. Jeg hefi ekki þessi gögn í höndum núna, en þau á að vera að finna í stjórnarráðinu, og má einnig sjá eitthvað um þau í Alþt. það ár. En það er óneitanlega einkennilegt að fá á sig 3 til 4 ára gamlar kærur, sem löngu er búið að drepa, og án þess að maður sje neitt við því búinn að hafa gögn við hendina til að kveða á ný niður gamlar afturgöngur.

Jón Auðunn Jónsson: Það er ergilegt að hlýða á hv. 3. landsk. (JJ). Hann er altaf, við hverja átyllu, að staglast á gömlu og niður kveðnu rógsmáli um Gunnar Egilsson. Það er hverjum manni ljóst, að hann (GE) rak einarðlega og samviskusamlega erindi vort á Spáni. (JJ: Hann sigraði, eða var það ekki?). Viðskiftanefnd hjer á Alþingi 1922 rannsakaði rekstur þessa máls, og voru allir nefndarmenn, þar á meðal ýmsir merkustu bannmenn, á eitt sáttir um það, að hann hefði rekið erindi sitt með hinni mestu prýði. Þetta sýna þessi ummæli í áliti viðskiftanefndar, sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefir margsinnis rannsakað öll skjöl, sem fyrir liggja um samningana, og getur ekki sjeð annað en þeir hafi verið reknir með allri þeirri vandvirkni, sem unt er, bæði af hendi utanríkisráðuneytisins danska, sendimanns vors, Gunnars Egilssonar, sem nú er búsettur í Barcelóna, stjórnarinnar íslensku, og nú loks af hinum síðari sendimönnum".

Undir þetta hafa skrifað t. d. Þorsteinn M. Jónsson og fjöldi annara einlægra bannmanna. Það verður því ekki annað sjeð en að þessi hv. þm. (JJ) sje að ófrægja þennan mann, sem er í öðru landi, og getur því ekki borið hönd fyrir höfuð sjer, — það verður ekki annað sjeð en að það sje gert til þess eins að svala ódrenglyndi sínu og mannskemdafýsn. (**JJ**: Jeg rökstuddi alt, sem jeg sagði). — Hv. flm. (JJ) hefir ekki rökstutt þetta með öðru en því, að reyna að smeygja því inn hjá mönnum, að það sje dauðasynd að vera andvígur banni og að bragða vín. En hv. 3. landsk. (JJ) notar þessa helgislepju bindindisins aðeins til þess að villa fólki sýn, til þess að breiða yfir aðra lesti í eigin fari, sem eru verri en drykkjuskapur. (**JJ**: Eins og hverja?). Eins og hverja, spyr hv. þm. Eins og rógeðlið, baknagið, ósannindaástríðuna og Grósögulöngunina. (**JJ**: Jeg skora á hv. þm. að sanna orð sín). (Forseti hringir). Já, það er sannanlegt, og það veit allur þingheimur, að þessi hv. þm. hefir farið með stórkostleg ósannindi í kjöttollsmálinu frá lokuðum fundum í sameinuðu þingi. Er þetta karlmannleg drenglund hjá vínbannsmanninum? Sannanirnar fyrir því liggja t. d. þarna í töskunni minni, á borðinu fyrir framan hv. þm. (JJ). Jeg veit ekki, hvað lengi jeg á að láta þær liggja þar til að freista hans, en hann skal vita það, að jeg birti þau plögg einhverntíma.

Þórarinn Jónsson: Nú held jeg, að hv. 3. landsk. (JJ) þyki gaman að lifa, því að það er eins með hann eins og púkann á fjósbásnum forðum, að aldrei líður honum betur en í illindunum og erjunum. Það er bókstaflega eins og það svali hans insta eðli. — Hann var að líkja mjer við einhverja „ósannindaverksmiðju", og þótti sumum koma úr undarlegri átt. Því að það er svo með suma menn, að þeim finst alt vera ósannindi og blekkingar hjá öðrum, þegar þeir vita ekki lengur, hvað þeir sjálfir segja, hvort það er satt eða logið. Þótt leitt sje til þess að vita, þá er eins og sljóvgist hjá þeim skilningsvitin, en því æfari verða þeir gegn ímynduðum ósannindum annara.

Hv. þm. (JJ) talaði enn um þennan fund í Húnavatnssýslu, þar sem samþ. var till. út af sendimanni sjórnarinnar. Hann mótmælti því, að eintómar lausafregnir hafi verið komnar til hjeraðsins um sendiförina, því að þar hafi verið komin „ein prentuð grein". — En eftir hvern var þessi prentaða grein? Eftir hv. 3. landsk. (JJ). Og það er með mig eins og svo marga aðra, að mjer finst alt vera lausafregnir, sem þessi hv. þm. segir. Og jeg minnist ekki að hafa komið þar, sem orð hans eru talin áreiðanleg. (**JJ**: Hvers vegna samþ. þeir þá tillöguna á fundi, þar sem hv. þm.. þykist hafa ráðið öllu?). Jeg kem að því. — Jeg þykist víst hafa ráðið öllu á fundinum! Jeg tók það einmitt fram, að þar hafi meiri hlutinn verið pólitískir andstæðingar mínir, en samt hafi þeir samþykt allar þær till., sem jeg bar fram. Auðvitað samþ. þeir nokkrar till. aðrar. En það fer stundum svona fyrir þessum hv. þm., þegar hann vill niðra mjer, að þá gerir hann úr mjer miklu meiri mann heldur en jeg á skilið. T. d. vill hann núna halda fram, að jeg hafi ráðið öllu á fundi, þar sem var meiri hluti af hans fylgifiskum. Hvílíkur mun jeg þá á fundum, þar sem jeg hefi meiri hluta með mjer? Nei, það getur ekki

gengið fyrir hv. 3. landsk. (JJ) að gera mig altaf að meiri manni, þegar hann vill álasa mjer. — Það er rjett, að það var komin grein um málið eftir þennan háttv. þm.; og þótt þessi grein væri ekki geðsleg, þá varþó enn ljótara munnfleiprið hjá mönnum. Hvort það hefir komist gegnum símann frá hv. 3. landsk., skal jeg ekki ábyrgjast. En margt hefir fyrir komið, sem ólíklegra virðist.

Þessum hv. þm. (JJ) er altaf gjarnt að blanda öðru inn í umr., eins og núna, er hann fann hvöt hjá sjer til að fara að tala um þær samþyktir, sem gerðar hafa verið í gengismálinu á fundum í Vestur-Húnavatnssýslu. Þrátt fyrir þetta raus sitt ætti hv. þm. að vita, að allar till., sem samþ. voru, gengu í þá átt, að krónan skyldi hækka. Það er leiðinlegt að sjá þessi óheilindi í öllu, sem hv. 3. landsk. segir og gerir. Hann má spyrja alla, sem á fundunum voru, hvernig þeir hafi skilið mig. Svörin hljóta öll að verða þau, að framkoma mín hafi verið fyllilega samkvæm.

Hv. þm. (JJ) fór að tala um ríkislögreglu og áskoranir, sem fram hafi komið út af henni. En hvernig eru þessar áskoranir til komnar? Ætli hv. 3. landsk. (JJ) sje ekki kunnugt um faðernið að þeim? Það mál er eitthvert það allra vitlausasta, sem komist hefir af stað hjer á landi. (**JJ**: Var stjfrv. svo vitlaust?). Nei, það var ekki stjfrv., sem var vitlaust, heldur eru það lætin út af því og allar fundarsamþyktirnar, sem eru vitlausar. Því að hv. 3. landsk. og hans nótar hafa gert sig að sannkölluðum fíflum, til að fá þessar yfirlýsingar. Þeir hafa afbakað málið alt og snúið út úr því, svo að ósköp hafa verið að heyra. En mikið skal til mikils vinna. Það var einn af lærisveinum hv. 3. landsk., sem fór að tala um þetta mál á einum fundinum hjá mjer með miklum ofsa og rembingi. Hann vissi auðsæilega ekkert um málið, svo að jeg spurði hann aðeins, hvort hann hefði lesið um málið í Alþt. En það hafði hann ekki gert, svo að jeg sá ekki til neins að karpa um það við hann. Jeg held, að hv. 3. landsk. lifi ekki lengi á látunum út af því máli.

Þá fór hv. 3. landsk. enn að tala um „eyðsluloforð" mín, sem þingið hafi neyðst til að efna. Og hver voru nú þessi eyðsluloforð? Jú, hv. þm. (JJ) spurði, hvort jeg hafi ekki altaf verið að vitna í „samkomulag við starfsmannafjelag ríkisins" í framsöguræðu minni um launalögin. Það er svo sem ekki vafi á því, að jeg orsakaði allar launahækkanir með „samkomulagi mínu"(!) við starfsmannafjelag ríkisins. Því að menn verða að muna, að hv. 3. landsk. (JJ) er altaf sjálfum sjer samkvæmur um matið á mjer. Hann segir eitthvað á þessa leið: Það er aumi skaðræðismaðurinn þessi þm. V.-Húnv. Hann ræður bókstaflega öllu, bæði á þingi og utan þings. Það er aumi maðurinn! — En þó að hv. 3. landsk. (JJ) þyki gott að hampa þessu og þvílíku framan í bændur og aðra, sem lítt þekkja til, mundi hann þá vilja standa við það frammi fyrir starfsmönnum hins opinbera, að laun þeirra væru alment of há? — Nei, það er ekki nóg fyrir þennan hv. þm., þótt hann hafi góðan vilja á að ófrægja mig. Hann verður að gera það með einhverri skynsemi. Því að hann verður að líta á það, að það getur ekki verið neinn smáræðismaður, sem ræður alveg yfir

fjvn., stjórninni og öllum þingmönnum. — Hv. 3. landsk. (JJ) talaði allgleitt um það, að jeg hefði farið með þrotlausan róg um hann í kjördæmi mínu. En jeg get staðið við hvert orð, sem jeg hefi sagt um hann, og í kaupbæti vísað þessum orðum hans heim aftur, með þeim ummælum, að það, sem sjálfur hann hefir skrifað og sagt um mig, er endalaust rugl og klaufaleg illmælgi. — En það skal jeg játa, að jeg hefi haldið því fram á fundum, að hann væri kommúnisti. Og um þessa skoðun sannfærist jeg betur með hverjum degi, og jeg veit það, að eftir því, sem hv. 3. landsk. (JJ) lifir lengur, komast fleiri á þá skoðun.

Þá bar hv. þm. (JJ) mjer það á brýn, að jeg ætti eftir að botna grein til hans í Verði. Það er hárrjett athugað, að greinarnar eru óbotnaðar enn, en jeg gerði hlje á, til þess að hann fengi tækifæri til að hreinsa sig í tveim atriðum, þar sem hann var lýstur ósannindamaður. — Hv. þm. segir raunar, að það sje ekki siður hjer í bæ að reka það af sjer í málaferlum, þótt maður sje lýstur ósannindamaður. Jeg veit nú ekki, hvern greiða hann gerir Reykvíkingum með þessari yfirlýsingu. Ekki hafa þeir mikinn sóma af því, enda er það eflaust gert í sama góða tilgangi eins og talið um Grimsby-menninguna o. s. frv.

Jeg nefndi það víst í fyrri ræðu minni, að einn Reykvíkingur hafi lýst hv. 3. landsk. (JJ) ærulausan lygara og rógbera. Nú segir hv. þm., að þessi maður sje geðveikur. Jeg vil skora á hann að lýsa þessu yfir utan þings, svo að maðurinn fái færi á að verja sig. En raunar hefir það nú verið að heyra á blaði því, sem hv. 3. landsk. (JJ) er talinn við riðinn, og á ritstjóra þess, að það sje ekki svo lítið að marka, hvað þessi maður segir — þegar það „passar í kramið".

Í lok ræðu sinnar sagði hv. 3. landsk. (JJ), að jeg væri mesti ósannindamaður á Íslandi. — Jeg læt mjer nú fátt um finnast, og það því fremur, sem svo var að skilja rjett áður, að hann kvartaði undn því, hve lítill jeg væri í þeirri verksmiðju, þar sem hann er verksmiðjustjóri. En jeg skal engan heiður ásælast, sem honum ber, og fúslega viðurkenna, að þar sje hann ekki aðeins verksmiðjustjóri, heldur og ötulasti verkamaðurinn.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil aðeins skjóta inn örstuttri athugasemd, til að lýsa minni ákaflegu undrun á brjóstheilindum hæstv. fjrh. (JÞ), þegar hann vill halda því fram, að hann og hans stjórn hafi unnið afrek í að fá lækkaðan ullartollinn í Bandaríkjunum. Og þó keyrir ósvífnin úr hófi, þegar hann fer að senda fyrv. stjórn hnútur út af því máli. Jeg verð að segja, að það eru þau mestu brjóstheilindi, sem jeg hef vitað af þessum hæstv. ráðh. (JÞ). Jeg vil sjerstaklega staðfesta það, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði, sakir þess, að jeg er þessu máli mjög kunnugur. Jeg var talsvert við það riðinn, sem fór þá á milli hæstv. stjórnar og Samb. ísl. samvinnufjelaga. — Það er rjett, að þegar fengnar voru upplýsingar, var komist að þeirri niðurstöðu, að besta leiðin væri málssókn. Varð það úr, að firma, sem seldi íslenska ull í Bandaríkjunum, fór í málið og fjekk fyrir sig einn hinn merkasta lögfræðing, og var það álit hans, að þetta væri tvímælalaust fljótlegasta og vissasta leiðin. — Það kom einnig fram í Morgunblaðinu, að formaður Verslunarráðsins hafi gert

tilraun til að fá bætt úr þessu á sama grundvelli. — Og jeg vil bæta því við þær upplýsingar, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) gaf, að fregnin um tolllækkunina var komin til S. Í. S. hálfum mánuði áður en hún birtist hjer í blöðunum. (**MG:** Hálfum mánuði?). Jeg fullyrði ekki, að það hafi verið upp á dag hálfur mánuður, en það var nálægt því. Og fregnin kom einmitt frá þessu firma, sem fór í málið fyrir S. Í. S. — Það skyldi því engan undra, þótt það kæmi í ljós, að það væru aðgerðir fyrv. stjórnar, S. Í. S. og formanns Verslunarráðsins, sem hafi komið lagi á ullartollsmálið. Jeg verð því að endurtaka, að það er fádæma ósvífni og brjóstheilindi af hæstv. fjrh. að hrósa sjer af þessu máli.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil aðeins leiðrjetta það, að jeg hefi ekki ámælt hæstv. fyrv. stjórn fyrir að reyna ekki að fá leiðrjettingu á ullartollinum af þeirri ástæðu, að engin aðstaða var til að fá þetta leiðrjett fyr en nú um síðustu áramót, er steinolíueinkasalan var afnumin. Jeg vil benda hv. 2. þm. Rang. (KlJ) á það, að jeg hefi áður sýnt fram á, að hann fer ekki rjett með dagsetningar á skjölunum um þetta efni. (**KlJ:** Þingtíðindin sanna það best). Jeg vil nú halda fram, að skjölin sjálf sanni mest um það. (**KlJ:** Rjett).

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg ætla ekki að nota þessa stuttu aths. til að munnhöggvast við þá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Jeg býst við, að þessi mikla geðæsing þeirra stafi af því, að atkvgr. stendur nú fyrir dyrum, og að þeim sje nokkur uggur í brjósti yfir að vera skipað að nota atkvæði sín til að vinna á móti niðurstöðu, sem allur heilbrigður hluti þjóðarinnar veit að er sjálfsögð og rjett. Þetta mál hlýtur að marka spor í sjálfstæðissögu þjóðarinnar. Þetta eru heilbrigðar kröfur, og ef þeim er ekki hlýtt, þá er úti um sjálfstæði Íslendinga. Þetta mál er ekki borið fram af neinum persónulegum ástæðum, svo sem marka má af því, að í fyrstu ræðu minni mintist jeg alls ekki á hinn margbrotlega sendimann. Jeg bjóst við því, að hæstv. stjórn mundi samþ. þessa þáltill., en nú er það sjeð, að hún ætlar að fella hana, því að rökstudd dagskrá er aðeins önnur aðferð til að fella málið. En þeir hv. þm., sem greiða því atkv. að vísa þessu máli frá, hljóta jafnan, meðan þeirra er minst, að bera merki gerða sinna nú í dag.

Jakob Möller: Hv. flm. (JJ) sagði í fyrstu ræðu sinni, að með því að samþykkja rökstudda dagskrá í þessu máli væri brotinn á bak aftur þjóðarviljinn. Þetta hefir hann nú árjettað aftur. Jeg vil því benda hv. þm. á, hvað sú till. til dagskrár, sem hjer liggur fyrir, segir. Hún segir það berum orðum, að það sjeu óskráð lög, að vanda skuli sem best valið á sendimönnum ríkisins. Jeg fæ því ekki skilið, að með þessari rökstuddu dagskrá sje neinn þjóðarvilji brotinn á bak aftur, heldur sje hann enn frekar undirstrikaður en áður.

Jón Baldvinsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) má eiga það, að hann talar oft trúverðuglega, þó einhver veila sje í röksemdum þeim, er hann ber fram, þegar hann er hikandi í máli og fullyrðingum, þá hlýtur að verða meira en lítill þverbrestur í málstað hans. En svo var nú síð-

ast í ræðu hæstv. ráðh. (JÞ), er hann sagði, að orsök ullartollsins væri samþykt steinolíueinkasölunnar. Hvernig getur nú hæstv. ráðh. leyft sjer að bera þetta fram, án þess að nefna eina einustu ástæðu fyrir því? En sje nú samt svo, þá á Alþingi fulla heimtingu á að fá þær ástæður fram. — Það getur verið, að það sje óheppilegur tími fyrir hæstv. ráðh. (JÞ) að svara þessu strax. Hann þarf kanske að safna að sjer gögnum og upplýsingum. En hann má ekki sleppa við að gera grein fyrir þessu, og því vil jeg skora á hann að skýra frá því við 3. umr. fjárlaganna, hvaða ástæður hann hafi fyrir þeirri fullyrðingu, að ullartollurinn í Bandaríkjunum hafi verið lagður á íslensku ullina af því, að íslenska ríkið tók steinolíuverslunina í sínar hendur.

Jeg álít þetta svo merkilegt atriði, þegar það er borið fram úr ráðherrastóli, að ekki sje hægt að ganga fram hjá því þegjandi. Og þótt áður hafi þessu verið slegið fram, þá er það annað mál, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sagt um þetta sem þm., því að það mátti bara skoða sem mótspyrnu hans gegn steinolíuversluninni. Og móti henni hefur hann ætíð verið, sem og móti öllum öðrum bjargráðum þjóðarinnar í verslunarmálunum. En jeg álít, að ef hæstv. fjrh. (JÞ) leggur ekki fram fullnægjandi ástæður við 3. umr. fjárlaganna, er hann hefir athugað nánar rök sín eða gögn í þessu máli, þá hafi hann ekki haft neitt fyrir sjer í þessu. Og sje því hjer um blekking að ræða hjá honum. —

Örfá orð til hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann sagði, að í rökstuddu dagskránni felist alveg hið sama og í þáltill. sjálfri; það sje því jafngott, þó að dagskráin yrði samþ. En þetta er ekki rjett, því að þáltill., sem fyrir liggur, fellur við það, að dagskráin verður samþykt, enda þótt svipuð hugsun felist í henni. Það er alment talið svo, ef dagskrá kemur fram í einhverju máli og nær samþykki, að þá sje það mál þar með fallið. Þess vegna er rjett að samþ. till., en hafna dagskránni.

Forsætisráðherra (JM): Aðeins stutt leiðrjetting á því, sem hv. 3. landsk. (JJ) sagði viðvíkjandi konsúlnum í Genúa. Hann hjelt því fram, að ísl. konsúll hefði ekki getað verið þar, og þess vegna hefði Gunnar Egilsson komið heim. En þetta er ekki rjett. Það gat vel verið þar ísl. konsúll. Ekkert var því til fyrirstöðu. En Gunnar Egilsson var bara ekki sendur sem konsúll, heldur sem erindreki.

Jeg hefi nú reyndar áður um þetta rætt, en vildi þó ekki láta orð hv. 3. landsk. (JJ) standa ómótmælt. En það er nú svo um þennan hv. þm., að hann skilur hvorki upp nje niður í þessu máli, og svo mun og í mörgum öðrum málum, og er þetta þó það minsta, er um hann verður sagt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 3. þm. Reykv. (JakM) samþ. með 28:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSv, BK, BL, EP, GunnÓ, HStef, HSteins, HK, IHB, JakM, JJós, JAJ, JK, JM, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SigurjJ, ÞórJ, ÁH, ÁJ, ÁÁ, JóhJóh.

nei: BSt, EÁ, GuðmÓ, IngB, IP, JBald, JJ, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

Einn þm. (BJ) fjarverandi.

2. Málshöfðun gegn Sigurði Þórðarsyni.

Á 51. fundi í Ed., fimtudaginn 15. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um málshöfðun gegn Sigurði Þórðarsyni út af meiðandi ummælum um Alþingi, núverandi dómsmálaráðherra og hjeraðsdómarann í Reykjavík (A. 344).

Á 53. fundi í Ed., laugardaginn 17. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 30. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 344, 468).

Flm. (Jónas Jónsson): Um áramótin síðustu kom út bók hjer í bænum, sem vakti allmikla eftirtekt. Þessi bók er eftir gamlan mann, uppgjafaembættismann, sem mun hafa rækt allvel embætti sitt, en er að öðru leyti lítt kunnur utan síns hjeraðs, nema ef vera kynni af pjesa einum, sem hann ljet prenta árið 1916, og var það allskörp ádeila á þáverandi landsstjórn út af því, að hann þóttist hafa verið harðrjetti beittur af henni. — Í þessari bók, sem heitir „Nýi sáttmáli", eru tvö aðalefni. Í fyrsta lagi er þar rætt um stjórnfarslega stöðu Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum, með þeim hætti, að einn þektasti lögfræðingur hjer á Alþingi, sem þrisvar hefir verið ráðherra, hefir kallað bókina „landráðapjesa". Aðalefni þessa kafla bókarinnar, sem þetta nafn á við, er það, að höfundurinn ræður okkur til að ganga undir útlent vald og beinlínis ýtir undir eina erlenda þjóð að vinna að því að ná valdi yfir okkur, og mun jeg víkja að því síðar. Hinn hluti bókarinnar er óvenjulega harðorð „krítik" um Alþingi og landsstjórn síðustu ára, og allmikill kafli er „krítik" á dómsmálameðferð hjeraðsdómarans í Reykjavík. Auk þessa er í bókinni vikið að einstökum þm., svo sem þm. Dal. (BJ), og er þar um venjulega pólitíska ádeilu að ræða. Bók þessi vakti mjög mikla eftirtekt, og það er líklega eina bókin á síðari dögum, að undanteknum „Brjefum til Láru", sem hefir verið prentuð upp nærri strax. Það er eftirtektarvert, þar sem hjer er um ádeilurit að ræða, hve mikla athygli bókin vakti, og bendir það á, að íslenska þjóðin muni í verki unna friðnum minna en af er látið. Jeg hefi lýst því að nokkru, hvernig almenningur tók bók þessari, og skal jeg til viðbótar nefna eitt dæmi. Í Morgunblaðinu frá 8. jan. er sagt frá bæjarstjórnarfundi hjer í bænum, og segir þar svo, að bæjarfulltrúarnir muni aldrei hafa verið eins mælskir eins og þegar þeir ræddu um bók þessa. Af frásögninni má ráða, að rætt hafi verið um bókina bæði á fundinum og á undan fundi. Blöðin hafa líka látið til sín taka um bók þessa. Það blað, sem jeg skrifa dálítið í, skifti efni bókarinnar í tvent og fordæmdi algerlega þá hliðina, sem veit að málum vorum út á við, en ljet hinsvegar í ljós, að töluvert af hinni miklu gagnrýni á opinberu lífi heima fyrir mundi því miður hafa við rök að styðjast. Hinsvegar hefir bókinni verið tekið öðruvísi í stjórnarherbúðunum. Þar hefir henni verið tekið furðulega vel, þegar litið er á efnið.

Þannig segir annað aðalblað íhaldsflokksins, Morgunblaðið:

„. . . . Við því var ekki að búast, að dauðaþögn mundi hvíla yfir ádeiluriti Sigurðar Þórðarsonar, svo mörg voru kýlin sem hann stakk á, og svo margir merkir nútíðarmenn fengu þar sinn skerf óskarðan. Framtíð okkar unga ríkis veltur fyrst og fremst á því, hvort okkur tekst að sýna heiminum, að við sjeum færir um að gæta rjettarörygg-is okkar eigin þegna".

Krítik stjórnarblaðsins sýnist lúta meir að seinni lið málsins, sem sje meðferð dómsmálanna, og sýnist blaðið ganga að meira eða minna leyti inn á hugsunarleið höf.

Kaflinn um að afhenda landið erlendri þjóð var lofaður á þann hátt í blaði stjórnarinnar, að höf. var hælt beinlínis fyrir sterka ættjarðarást. En þó mun á síðari tímum fátt hafa verið sagt á prenti, sem brýtur jafngreinilega í bág við það, sem nefnt er föðurlandsást. Og það veit jeg, að í öllum nálægum löndum mundi vera hegnt harðlega fyrir slíkt. En það er ekki hægt að sjá, að þetta skraf blaðsins hafi vakið verulega óánægju í flokknum. Rjett er þó að geta þess, að einstöku maður, eins og t. d. hv. þm. Dal. (BJ), mun, þó veikur væri, hafa sagt blaðinu upp með eigin hendi, svo hefir honum ofboðið. Og það er sagt, að hæstv. forsrh. (JM) hafi gert eitthvað í þá átt að sýna vanþóknun, og er það ekki ólíklegt, að hann hafi fundið sig knúðan til þess stöðu sinnar vegna.

Eitt er einkennilegt við þessa bók Sigurðar Þórðarsonar, að þó þar sje tekin einstök atriði í stjórnarfari landsins og gagnrýnt, þá eru feld undan ýms alvarlegustu mál. Jeg geri ráð fyrir því, að þeir, sem vilja fordæma stjórnarráðskvistinn, sjeu ekki heldur neitt hrifnir af Krossanesi eða mótekjunni í Reykjavík. En það er eftirtektarvert, að höf. sveigir ekkert að hæstv. atvrh. og hæstv. fjrh. Og af ýmsum atriðum í bókinni virðist mega ráða það, að höf. hafi mikla trú á þessum mönnum og forgöngu þeirra fyrir flokknum. En aftur á móti minni mætur á hæstv. forsrh. og ýmsum þeim mönnum, sem staðið hafa nærri honum alllengi.

Þegar annað stjórnarblaðið var búið að hæla höf. fyrir ættjarðarást hans, sem fram kæmi í bókinni, skrifaði jeg dálitla krítík um þetta atriði í blað hjer í bænum. Jeg býst við því, að allir góðir Íslendingar finni, að það á ekki að þolast, að verið sje að ýta undir erlenda þjóð um afskifti hjer á landi, og krítik mín var eingöngu miðuð við þetta. En út af þessu skrifar svo höf. Nýja sáttmála grein í stjórnarblaðið, sem stingur mjög í stúf við fyrri skrif hans. Bók hans er skrifuð af mikilli natni og gerðar alvarlegar tilraunir til þess að rökstyðja, þó skiftar kunni að vera skoðanirnar um það, hvernig það hafi tekist. En þegar honum er bent á þetta mikla brot gagnvart þjóðinni, þá kemur sú truflun yfir geðsmuni hans, sem verður þess valdandi, að hann skrifar út af landráðunum með tómum gífuryrðum og fúkyrðum, nálega sem brjálaður maður væri. Jeg veit ekki, hvort þessi truflun er varanleg, en jeg hygg, að dómur Alþingis um þetta mál fari að miklu leyti eftir því, hvort truflun höf. er varanleg, svo að óviðurkvæmilegt þyki að láta hann bera ábyrgð orða sinna. En af „Nýja sáttmála" má sjá, að höf. var þá sæmi-

lega rólegur. Þar er að vísu ýmsu haldið fram, sem er rangt. En það er ekki um sýnilegan veikleika að ræða. Bókin er mjög lítið frábrugðin pjesanum frá 1916 um tvo eða þrjá ráðherra, sem skifti höfðu haft af dómsmáli nokkru, er hann var við riðinn.

Þegar hv. 1. landsk. (SE) hafði svarað allítarlega þeim kafla bókarinnar, sem snertir mál vor út á við, og sýnt hve alt var þar í alla staði fordæmanlegt, þá kom höf. ekki með neinar varnir. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) svaraði ofurlitlu gagnrýning þeirri á embættisrekstri hans sem bæjarfógeta í Rvík, sem í pjesanum stendur, og af svari höf. má ráða, að hann álítur, að bæjarfógeti hafi verið að ógna sjer með sakamálshöfðun. Jeg bið menn að athuga það, að þó einstöku maður hafi látið í veðri vaka, að óþarfi væri að hreyfa þessu hjer á þingi, þá hafa tveir þektir lögfræðingar, sem báðir eiga sæti í þessari hv. deild, látið í ljós, annar, að hjer sje um landráð að ræða, en hinn, að það sje í raun og veru skylda stjórnarinnar að höfða sakamál. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) bætir því við, að ástæðan til þess, að hann krefjist þess ekki af stjórninni, að hún láti höfða mál, sje sú, að maðurinn sje gamall og muni ekki þola þá hrakninga, er af því leiði. Og þó sú ástæða geti undir vissum kringumstæðum verið góð og gild, þá þarf þingið samt ekki að sætta sig við hana. Ef staðhæfing hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) er rjett, þá á þjóðin heimting á því, að gengið verði úr skugga um það, hvort dómsmálameðferðin hjer í Rvík er svo spilt eins og höf. lýsir henni. Blöð stjórnarinnar hafa krafist þess, að jeg færi í mál við höf. út af hinum fráleitu og órökstuddu gífuryrðum um mig, eftir það að jeg hafði bent á hættulegasta kafla bókarinnar. En árásin á stjórnina og Alþingi er gerð af ráðnum hug og að athuguðu máli. Jeg fæ því ekki skilið, hvers vegna blöð stjórnarinnar óskuðu, að jeg höfðaði mál út af rakalausum fúkyrðum, sem engin tilraun er gerð til að rökstyðja. Það kemur úr hörðustu átt, þar sem jafnframt er ekki ætlast til, að neitt sje gert að undirlagi stjórnarinnar til þess að hefja málaferli út af því, sem veruleg ástæða er til að hreyfa, sem er hin rökstudda árás höf. á Alþingi og bæjarfógetann í Rvík. Ummæli hans um hið íslenska ríki út á við eru alveg sjerstaklega athugaverð. En sú krítik á Alþingi, sem þar kemur fram, er þó einkum þess eðlis, að annaðhvort verður þingið að taka við öllu, sem að því er rjett, eða það verður að athuga alvarlega, hvernig það fái varið sóma sinn. Því ummælin eru þess eðlis, að slíks munu engin dæmi hjer á landi. Jeg get því sagt það, að það sje stjórnarblöðunum að þakka, að þessu máli er hreyft hjer.

Jeg gerði fyrst ráð fyrir því, að hægt mundi vera að útkljá það í þessari hv. deild. En jeg hefi orðið þess var frá nokkrum hv. þm. í Nd., að þeir telja þetta sameiginlegt mál alls þingsins, og þess vegna hefi jeg flutt brtt. um, að það verði útkljáð af öllu Alþingi. Sakarefni eru nóg, og ef Alþingi óskar, að forsetar fari í mál fyrir þess hönd, þá er enginn vafi á því, að höf. verður dæmdur fyrir ummæli sín. Og jeg geri fastlega ráð fyrir því, að ef hæstv. forsrh. (JM) og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) taka sín mál fyrir, þá muni fara á sömu leið, nema ef málstaður þeirra er svo miklu lakari en málstaður Alþingis.

Í sjálfu sjer getur höf. ekkert við því sagt, þó mál sje höfðað gegn honum, því hann hefir sjálfur 1916 heimtað málshöfðun út af mjög meinlausu símskeyti, er sent var af Akranesi til stjórnarráðsins 1914, þar sem með hóglátum orðum var lítillega vikið að embættisfærslu hans. Jeg nefni þetta til þess að sýna það, að höf. „Nýja sáttmála" hefir verið nokkuð fús til vígaferlanna, þegar hann ætlaðist til þess, að höfðað yrði mál út af slíku smáræði. Það getur borið vott um persónulega sáttfýsi hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), er hann vill sýna miskunnsemi gömlum manni. En slíkt nær ekki til þingsins, ef sómi þess er í veði.

Þar sem till. mín er í þremur liðum, þá má gera ráð fyrir því, þegar málið hefir verið rakið hjer í deildinni, einkum eftir að hæstv. forsrh. (JM) og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hafa sagt frá aðstöðu þeirra, að þá muni ef til vill þurfa að breyta orðalagi till. eitthvað, og mun jeg teygja mig langt til samkomulags um alt, sem snertir formsatriði málsins.

En áður en jeg byrja að rekja árásirnar á Alþingi, hæstv. forsrh. og hv. þm. Seyðf. vil jeg minna á það, að í slíkum efnum sem þessum eru í raun og veru tveir dómstólar. Annar er almannadómstóllinn eða almenningsálitið, en hitt eru þeir júridisku dómstólar. Í raun og veru er almenningsálitið miklu meira notað og miklu sterkara en hinir dómstólarnir, og fyrir dómstóli þess er úr miklu fleiri málum skorið. Af praktiskum ástæðum hefir sú venja skapast, að fyrir almannadómstóli eru sótt öll þau mál, sem hægt er að útkljá þar. En það geta auðvitað verið til þau mál fyrir utan bein fjármál, sem ekki er hægt að beita almannadómstólnum og vísa verður til júridiskra dómstóla. Þetta verða menn að gera sjer ljóst, því það gæti hugsast, að hv. deild kæmist að þeirri niðurstöðu, að eitthvað af þessu máli heyri undir almannadómstól, en ekki undir júridiskan dómstól. Til þess að gera mönnum ljósan þennan mun, skal jeg taka það fram, að flestir stjórnmálamenn og flestir blaðamenn nota eingöngu almannadómstól til þess að útkljá mál sín, og það er ákaflega sjaldgæft, að slíkir menn leiti lagarjettarins. Það var meir gert fyrrum hjer á landi, en er nú að mestu lagt niður, sem stafar af því, að það er álitið, að almenningsálitið sje í raun og veru hæstirjettur í þeim efnum. Jeg get sagt fyrir mig, að það væri auðvelt fyrir mig að stefna ritstjórum stjórnarblaðanna fyrir meiðandi ummæli, einni stefnu fyrir hvern af 365 dögum ársins, og vera viss um að fá þá dæmda í þeim öllum. En þó jeg gæti fundið efni í 20—30 meiðyrðamál í einu blaði, þá eru þau þess eðlis, að jeg sem stjórnmálamaður mundi telja mig litlu bættari, þótt jeg fengi dæmdar sektir og ómerking ummælanna. Jeg get skýrt þetta nokkuð með dæmum úr minni eigin reynslu. Á landsmálafundum þeim, sem jeg hjelt síðastliðið sumar, kom það fyrir á nokkrum stöðum, að einstakir menn gripu fram í fyrir mjer með orðbragði, sem var endurtekning á blaðadylgjum úr málgögnum stjórnarinnar. Jeg gerði mjer hægt um vik og óskaði, að þessir menn kæmu í ræðustólinn á eftir og rökstyddu stóryrði sín, en þeir gengu allir þegjandi út. Þeir höfðu lesið órökstuddar árásir í blöðum andstæðinganna og hlupu með þær, en lögðu niður skottið, þegar þeir áttu að standa við

orð sín, af því þeir höfðu hlaupið með staðlausa stafi. Og allir fundarmenn fundu, að þessar árásir fjellu máttlausar niður. Annað dæmi er síldarmálið svonefnda. Fyrir nokkrum árum keyptu þrír þingmenn síld, er þeir seldu síðan kjósendum sínum, en nokkuð dýrt. Að þessu var fundið í blaði einu, og a. m. k. einn þessara manna fór í mál við blaðið og fjekk það dæmt í sektir. En almannadómstóllinn leit þannig á, að hver svo sem yrði niðurstaðan fyrir dómstóli hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), þá væri það ekki heppilegt nje viðeigandi, að þingmenn notuðu stöðu sína á þann hátt, sem hjer var gert. Og niðurstaðan varð svo sú, að einn þessara manna, vinsæll maður og mjög vel hæfur að ýmsu leyti, fjell við kosningar fyrir ritstjóra þess blaðs, sem verið hafði dæmdur fyrir meiðyrði út af síldarkrítikinni. Annar þótti eftir þetta ekki hæfur á landskjörslista flokksins, en sá þriðji berst í bökkum að halda kjörfylgi sínu. Þetta sýnir, hvernig nú er litið á slík mál. Í síldarmálinu var nokkuð auðvelt að gera sjer grein fyrir því rjetta, eftir þeim gögnum, sem lágu fyrir hinum júridiska dómstóli. Almenningur var fullfær um að dæma um, hvað rjett var í því. Sá dómur, sem hv. þm. Seyðf. feldi, heldur áfram að standa í dómasafninu. En dómur almenningsálitsins gekk í aðra átt, og það er hann, sem gildir í hugum manna, þótt hvergi sje hann skrifaður. Nú er spurningin þessi: Fyrir hvorn þennan dómstól á að stefna þessu máli? Á því hygg jeg að byggist atkvgr. hjer.

En þar sem stjórnarblöðunum finst ástæða til, að jeg fari í mál við manninn, er ekki nema eðlilegt, að það komi fram fyrst, hvort stjórnarflokkurinn vill sætta sig við að nota í þessu tilefni hinn dómstólinn, almenningsálitið. Hvað snertir síðari lið till., mál núv. forsrh. og hjeraðsdómarans í Reykjavík, held jeg, að erfitt verði að stefna þeim fyrir hinn almenna dómstól. Enda hefir hjeraðsdómarinn gefið það í skyn í Morgunblaðinu, þar sem hann segist kenna í brjósti um manninn sakir aldurs hans, og muni því hlífa honum, en dylgjar þó um sakamálsrannsókn. Að sjálfsögðu þarf ekki að taka það fram, að ef árásir þessar hefðu verið gerðar á þá sem prívatmenn, þá hefði ekki komið til mála að hreyfa þessu í þinginu. En hjer er ráðist á þá sem starfsmenn þjóðarinnar, og horfir málið því öðruvísi við.

Ef Alþingi fellir þessa tillögu, getur það ekki verið nema af þremur ástæðum.

Í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, sem þm. Seyðf. tók fram í Morgunblaðinu, að það kendi í brjósti um manninn og sýndi honum því miskunn.

Í öðru lagi af því, að það teldi manninn svo lítilsverðan, að ekki tæki að gera veður út af þessu.

Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að jeg hafði hugsað mjer að hreyfa hjer líka þeirri hlið bókarinnar, sem veit út á við, en jeg sá ekki ástæðu til að gera það, fyr en jeg var búinn að ganga úr skugga um, hvort Alþingi vildi taka mark á orðum hans.

Þriðja ástæðan til að fella tillöguna getur þá ekki verið önnur en sú, að sakir höfundarins á hendur Alþingi og þessum mönnum væru sannar og þing-

ið kæmist að þeirri niðurstöðu, að best væri að gefa ekki höf. tækifæri til að sanna sakarefni sín fyrir dómi.

Annars býst jeg við, að höfundurinn hafi ritað bók þessa í þeirri trú, að ádeilur hans væru sannar og rjettmætar. En út í það ætla jeg ekki að fara. Skal aðeins taka fram viðvíkjandi dómunum um Alþingi, að mjer virðast þeir ósannir og ekki á rökum bygðir.

Þá kem jeg að fyrsta lið þessa máls, ummælum Sigurðar Þórðarsonar um Alþingi. Jeg hefi tekið þau í þeirri röð, sem þau standa í bókinni, og vil biðja hæstv. forseta leyfis um að mega lesa upp allmargar tilvitnanir.

Á bls. 4 segir hann, að það minsta, sem verði heimtað af stjórnendum landsins, sje, að þeir segi satt, og jafnframt segir hann, að Alþingi hafi valið „gyllingaraðferðina". Á sömu blaðsíðu stendur þessi klausa um þingið: „Það auglýsir, að fengnu samkomulagi við Dani, að landið sje óháð og fullvalda ríki". Og niðurstaðan verður sú hjá höf., að það sjeu ekki aðeins „meinlausar ýkjur, heldur skaðleg ósannindi". Hjer kemur því fram sú kenning, að ef Íslendingar segi, að þeir sjeu fullvalda ríki, þá sje það ekki satt, heldur hættuleg ósannindi. Hann áfellir því þingið út af sjálfstæðismálinu fyrir ósannindi og blekkingar.

Litlu síðar vill hann láta skrifa um meðferð fjárlaganna á Alþingi í útlend blöð, „því að það væri sama og að setja Alþingi og landsstjórnir þess í gapastokk". Í þessu liggur, að meðferð Alþingis á fjármálum sje glæpsamleg, og þeir, sem að þeim vinna, eru þá hálfgerðir glæpamenn.

Á bls. 9 kemur svo, að ráðherrarnir viti sig óhulta um skammarstrik sín, því að þeir vita „með óbifanlegri vissu, að þeir eiga jafnan þingið í heild sinni að bakhjalli. Þó að afbrotið sje augljóst og þó að hlutaðeigandi stjórnarherra beiti hjegóma einum og heimsku til varnar sjer, þá fer þingið ekki að gera honum neitt fyrir það. Verði hann að sleppa stjórnartaumunum, þá er ekki afglöpunum um að kenna, heldur því, að öll stjórnarskifti eru komin undir verslun þingmanna að tjaldabaki. Við næstu stjórnarskifti eru afglöpin því ekki til fyrirstöðu, að afglapasmiðurinn komist að aftur, ef verslunarhorfurnar hafa þá tekið einhverri breytingu". Og svo heldur hann áfram um þingið og segir, að það þegi í heild sinni. Um það farast honum þannig orð: „Og það er að vonum, því að hjá Alþingi hefir spillingin upptök sín, og þar þróast hún og magnast ár frá ári. En þaðan læsir hún sig einnig út í ystu æsar þessa litla þjóðlíkama".

Þetta eru stór orð. Ráðherrarnir vita sig óhulta fyrir hverskonar skammastrikum, sem þeir gera. Alt er komið undir verslun þingmanna að tjaldabaki. Og með verslun í þessu sambandi getur ekki verið átt við annað en mútur, þó að það sje ekki beint sagt. Hjer er því um þungar ásakanir að ræða.

Ráðherrarnir eru afbrotamenn; en hversu vondir sem þeir eru, þá er Alþingi þó verra, því að þar hefir spillingin upptök sín, og þaðan læsir hún sig út í ystu æsar þjóðarlíkamans.

Á bls. 10 segir hann, að þingmálafundirnir eigi „að krefja ábyrgðarlaust og spilt fulltrúaþing reikningsskapar fyrir gerðir sínar". Þetta er miklu drengilegra en láta skrifa um þingið í erlendum blöðum.

En svo batnar ekki, þegar kemur að

þingflokkunum sjálfum. Hann kallar þá „þingflokkanefnurnar“ og kemst svo að orði um þá, að þeir sjeu „samtaka um að þegja hver yfir annars misgerðum, því að það er það kaups kaups, sem þær byggja á tilveru sína“.

Hjer er þá búið að taka ráðherrana, þingið og þingflokkana, og alstaðar finnur höf. spillingu á háu stigi. En þá er eftir kýlið sjálft, þingræðið, „sem ætlar að reynast Íslendingum meira skaðræði en eldur og ís“. Eða með örfáum orðum, sjálfsforræðið á að vera okkur hættulegra en hinar hættulegustu og verstu plágur náttúrunnar, sem yfir okkar land hafa gengið. Á bls. 11 segir hann, að þingræðið hjer geti á skömmum tíma kaffært þjóðina svo, að hún eigi sjer ekki uppreisnar von. Og ennfremur segir hann á sömu bls., að dómur allra um stjórnarfarið sje sá, að það leiði „hraðfara til efnalegs og stjórnarlegs sjálfstæðistjóns og siðferðilegs niðurdreps“.

Á bls. 12 segir hann: „En um Alþingi er nú fullreynt, að hversu vel sem þingkosning þykir hafa tekist, hverfa þó nýir þingmenn án undantekningar inn undir þau álög sjerplægninnar, sem þingið er“.

Eftir þessu batnar ekki, þó að kosið sje og nýir menn bætist við. Þingið er svo rotin stofnun, að hver einasti nýr maður, sem kemur inn á það, lendir í sömu botnlausu spillingunni.

Á bls. 13 vill hann enn láta skrifa skammir um þingið í útlend blöð. Þar kemst hann svo að orði: „Það verður að gefa hinum mentaða heimi hlífðarlaust sanna lýsingu á stjórnarástandinu hjer“.

Jeg sje ekki, að hjer geti verið átt við annað en siga á okkur útlendu valdi, því að á bls. 14 segir hann: „þá er nú orðið eina ráðið að fara með það til annara þjóða og fá það gert að umræðuefni þar“. En honum finst, að Íslendingar ytra geti gert þetta, en þó muni þeir kinoka sjer við „að minnast á sálarmorðið, sem hjer er verið að fremja ár eftir ár“.

Á bls. 21—22 segir hann, að fegurstu sveitir landsins verði dvalarstaður hálfútlendra auðkýfinga, sem skemti sjer við: „að stafa sig fram úr . . . alþingistíðindunum, klappandi því riti, um leið og þeir legðu það frá sjer, með þakklátum hug til þeirra manna, sem með skammsýni sinni og eigingirni hefðu hjálpað til að búa svo í haginn fyrir þá“.

Alþingistíðindin eiga þá að vera aðeins þess verð, að þessi hálfútlendi óþjóðalýður geri gys að minningu þingsins með því að vera að klappa bókinni.

Á bls. 22 er hann auðsjáanlega að tala um þingið, þar sem hann segir: „í slíku ræningjabæli, sem Ísland er nú orðið, þar sem öll kepnin virðist miða að því að vera sem dýrseldastur og landsmálaáhuginn lýsir sjer í því einu að vilja bera sem mest úr býtum af hvalfjöru þeirri, sem nefnist landssjóður“.

Hjer getur enginn vafi leikið á, að þetta er um þingið, og að ræningjarnir sjeu þingmennirnir.

Á sömu bls. stendur: „Ásareið illra og óhreinna hvata, sem nú fer yfir landið með stjórnendur og þjóðfulltrúa í fararbroddi“. Hjer er höf. dálítið skáldlegur. Hann sjer í anda Ásuna ríða um himinhvelfingarnar. En hjer

eru það ráðherrarnir, sem eru riddararnir í broddi fylkingar, með alt þingið á eftir.

Þá segir hann um þingspillinguna, að önnur náttúra nútíðarþingmanna sje freistingin til að nota þingmenskuna í hagnaðarskyni fyrir sig.

Á bls. 26 segir hann um þingmennina: „líklega seinir til að lögleiða takmarkanir á því „frelsi", sem þeir, óhindraðir og ábyrgðarlausir, hafa til að láta greipar sópa um þann sjóð, sem þeim er trúað fyrir".

Hjer er hann beinlínis að tala um, að þm. steli úr sjálfs sín hendi af sjóði þeim, sem þeim er trúað fyrir, og að þeir muni ekki takmarka frelsi það, sem þeir hafi til að stela.

Á bls. 28 talar hann um vald þingsins og telur það vera það vopn, sem Íslendingar skaði sig á til óbóta. Og á bls. 29—30 segir hann um þingið: „því hneykslanlegra athæfi, sem hjer er framið ár eftir ár, að 42 menn . . . skuli mánuð eftir mánuð hanga yfir tjaldabaksreipdrætti um það, hvort sá maður eigi að heita Jón eða Sigurður, sem á að hafa forustuna á því ferðalagi niður á við, sem hvert einasta Alþingi hefir verið á nú í mörg ár, í öllu tilliti".

Það er enginn efi á, að hjer er átt við tímabilið, sem hæstv. núverandi forsrh. (JM) og hv. 1. landsk. (SE) hafa stjórnað þjóðarskútunni. Hann telur þm. vera að bræða það með sjer, hvorn þessara tveggja þeir eigi að láta stýra skútunni á ferðinni niður á við til almennrar eyðileggingar. Þessi glötun er svo ekki aðeins í einu tilliti, heldur öllu, því að á bls. 31 segir hann, að þingræðið sje orðið þinginu sú hneykslunarhella, sem það geti ekki undir risið. Um það farast honum þannig orð: „Fjárráðin hafa orðið þingfulltrúum nútíðarinnar sú hneykslunarhella, sem hefir komið þeim til að halda þvert úr leið".

Um hrossakaupin á þingi segir hann, að einhverjar prósentur af þeirri verslun væri alt það kaup, sem þingmenn tækju fyrir þingsetu sína. Honum finst sómasamlegt þó, að kaupið sje ekki nema dálítill hundraðshluti af versluninni. Hann hugsar sjer því þingmenn hjer eins og hótelþjóna, sem fá ekkert kaup, aðeins drykkjupeninga. Arðurinn af hrossakaupunum á að vera nóg þóknun.

Á bls. 38 talar hann um tilgang þingmanna að ganga í flokka og telur hann vera, að þeir viti, að enginn sje settur hjá í neinu. En hið sameiginlega markmið allra væri sjóður sá, sem hjeti landssjóður. Sama hugsunin kemur og fram í þeim orðum um þingið og landssjóðinn, að þeir legðust „á eitt um að gæða á því sjer og vandamönnum sínum, vinum og kunningjum". Ennfremur segir hann á bls. 38, að ef einhver heiðarlegur maður komi inn í þingið, þá geri hann sig þó samsekan hinum með því „að láta klæki þeirra óátalda". Enn þá segir hann á bls. 38: „eru þá nær eingöngu bófar á Alþingi?" Og niðurstaðan verður sú, að þar er varla nokkur undanskilinn (nema ef vera skyldi sá, sem fór til Krossaness, og sá, sem tók upp móinn fyrir Reykjavík forðum).

Á bls. 41 lýsir hann því, hvernig þingflokkarnir myndist. Um það kemst hann svo að orði: „Kepnin um fjárráðin, löngunin til að bragða á rjettunum, sem farið er með, þó að ekki megi það, síðan að nærast á þeim, þar

eftir að fylla sig á þeim, og síðast að fá aldrei nægju sína á þeim, hún er það, sem skapar íslenska þingflokka". Hjer er mjög átakanlega lýst, hvernig þingmenn eiga að ganga kringum landssjóðinn eins og hungraðir úlfar. Ennfremur segir hann um þingið á bls. 41: „En reynslan hefir sýnt nógsamlega, að þrír ráðherrar duga til þess að tryggja þingmönnum það, sem þeim er fyrir öllu: að hafa matfrið hver fyrir öðrum". Hjer fá þó ráðherrarnir sinn hlut. Þeir eru taldir yfirhúsbændur í klækjunum. En á bls. 42 telur hann þetta um að kenna „taumleysi því og kæruleysi, sem nú drotnar í þinginu".

Þá gerir hann, á bls. 43, samanburð á þinginu fyr og nú og kemst svo að orði m. a.: „Síður hefir það líklega komið fyrir framan af, að þingmenn hafi sóst eftir ávinningi beint fyrir sjálfa sig persónulega . . . . svo tekur það tíma fyrir þingin að spillast svo".

Á bls. 44 líkir hann þingmönnum við fugla, óseðjandi ránfugla, og kemst svo að orði: „heldur en „fuglum" (þ. e. ránfuglum) nútímans með græðgi þeirra, sem er óseðjandi". Og litlu síðar segir hann ennfremur: „fuglarnir" eru hættir að láta hrekja sig frá ætinu".

Hjer eru þingmenn orðnir hræfuglar, sem liggja við ætið, þ. e. landssjóðinn.

Á bls. 46 lýsir hann mjög vel, hvernig þm. kaupi hverjir aðra fram til stórræðanna og verði öllum þessum hneykslum valdandi.

Á bls. 48 talar hann um það atvik, sem hann hefir einna mesta ótrú á þinginu fyrir, en það er, að ungur þingmaður, sem dó um þingtímann, var jarðaður á ríkisins kostnað. Um það segir hann: „Hann var jarðaður á kostnað landssjóðs. Næsta sporið á þeirri braut verður, að þingmenn láta heygja eitthvað af landssjóðnum með sjer". Hjer held jeg, að hámarkinu sje náð. Í viðbót við rán og allskonar baktjaldaverslun enda þingmenn með því að taka landssjóðinn með sjer ofan í jörðina.

Á bls. 60 segir hann, að það megi ekki vera „ráð allra . . . að þegja að eilífu við hverri óhæfu, sem þjóðþingið fremur". Og ekki megi vera meiningin að draga þingið niður í „hrossakaupafenið".

Á bls. 61 segir hann, að fje það, sem Alþingi dregur saman með ótakmarkaðri heimild, sje í hers höndum, en ekki trúrra ráðsmanna.

Þetta er í samræmi við það, sem hann er áður búinn að segja, að landssjóðurinn sje í ræningjahöndum, þar sem þingið er.

Þá segir hann á bls. 84 um þingið: „Svo sem kunnugt er, eru stjórnarskifti hjer á landi nú orðið eingöngu komin undir verslun þingmanna að tjaldabaki".

Út af þessum síðustu orðum fyndist mjer æskilegt, ef hæstv. forsrh. (JM), sem lengst hefir verið forsrh. hjer af núlifandi mönnum, vildi upplýsa þetta, því sje þetta rjett, hefir hann sennilega orðið að láta úti allmikið fje í hvert sinn og hann hefir myndað stjórn.

Á bls. 91 segir hann: „þingið . . . er í reyndinni orðið að vátryggingarstofnun, sem tryggir ráðherrunum vítaleysi fyrir afbrot þeirra".

Það er enginn vafi á, hvaða skoðun höf. hefir á ráðherrunum.

Jeg hefi þá rakið gagnrýnina í áður-

nefndri bók um Alþingi og ætla að bíða með að draga eðlilega ályktun af henni þar til jeg hefi tekið hina liðina. Kem jeg nú að dómsmálastjórninni eða þeim lið, sem horfir að forsrh., og má geta nærri, að sá dómur er harður. Sumt sýnist vera miðað við landsstjórnina alla og ýmsa ráðh., sem verið hafa, en stundum er nafn hæstv. forsrh. (JM) beinlínis nefnt.

Á bls. 7 er sagt: „Þeir vita af fenginni reynslu, að því lengur sem einhver klappar steininn til óþurftar landi og lýð, hafi hann aðeins orðin ríki og föðurland á vörunum á hentugum stað og stundu, því vísari eru honum öll þau trúrra þjóna verðlaun, sem hjer eru fáanleg, landskjör, fálkakross, rífleg afkoma“ o. s. frv. Hjer getur ekki verið átt við neinn nema hæstv. ráðh. (JM). Um þessa menn er sagt, að því lengur, sem þeir klappi steininn til óþurftar, hafi orðin ríki og föðurland á vörunum, því betur vegni þeim fyrir sjálfa sig.

Á næstu bls. er sagt, hvernig hilmað sje yfir hneykslin með þögn: „Þessi friðaði reitur eru afglöpin í stjórnarfari og rjettarfari“.

Á bls. 28 er talað um stjórnarfarið nú á tímum sem „þann óskapnað, sem nú er að kæfa undir sjer alt rjettlæti og velsæmi í landinu“.

Hver er það, sem getur kæft undir sjer alt rjettlæti í landinu? Dómarar landsins og dómsmálaráðherra.

Á bls. 29 er talað um eiginleika ráðherra á þessa leið: „Á því er lítill vafi, að sumar af misfellum þeim í stjórnarfari, sem hjer hafa orðið á seinni árum og eiga rót sína í siðferðisleni hjá stjórnöndunum, algerðum skorti á nokkurri hugsjón . . . og sífeldri viðleitni þeirra á að reka sig ekki á neinn“.

Það eru að vísu ekki nefnd nein nöfn, en þetta er tekið í sambandi við dómsmálameðferðina, svo að það hlýtur að vera átt við dómsmálaráðherra. En á bls. 71 er talað um stjórnarráðskvistinn og skeytum beint allhvast að dómsmálaráðh. Segir þar, að þingið hafi leyft að brúka 28500 kr., en alls hafi farið 90 þús. til verksins. Hafi þá endurskoðunarmenn landsreikninganna rekist í þessu og þótt munurinn mikill. Hafi þá ráðherra, sem er núverandi dómsmálaráðh., svarað því til, að smiðurinn, sem umsjón hafði með verkinu, hafi verið trúnaðarmaður sinn og hafi hann borið ábyrgð á verkinu. Svo hafi iðnaðarmaður í Reykjavík heimtað rannsókn, en ekki stjórnin. Þá er sagt, að settur hafi verið dómari til að rannsaka málið og hafi sú rannsókn staðið yfir árum saman. Svo segir höf. á bls. 73: „Og þegar rannsókninni var um síðir lokið, tók dómsmálaráðherrann sjer það vald að gera út um málið með úrskurði“.

Það er auðsjeð á meðferð málsins í „Nýja sáttmála“, að höf. ætlast til þess, að stjórnin geri skilagrein fyrir þessum peningum. Það vita allir, hve kvisturinn og útihúsið eru lítilfjörlegar byggingar. Og það er hreinasta ráðgáta, hvernig stendur á því, að svona óheppilega er farið með fje landsins. Tugir þúsunda hafa farið í súginn fyrir hreinan klaufaskap. Og það er auðsætt af því, að stjórnin kallar yfirsmiðinn trúnaðarmann sinn. Af „Nýja sáttmála“ sjest, að enga rannsókn hefir átt að gera í málinu. En nú eru sögur komnar út til almennings um þetta, og

setur þá stjórnin dómara. Svo líður langur tími, sem hann hefir málið með höndum, og loks er hlutaðeigandi maður látinn borga 4000 kr. eftir úrskurði ráðh. Þetta er svo lítil upphæð, að lítið munar um hana, þar sem byggingin fer meira en 200% fram úr áætlun. Hjer getur ekki verið um annað en ótrúmensku og óráðvendni að ræða, því að þessi endurgreiðsla, 4000 kr., er sönnun þess, að hlutaðeigandi maður hafi farið illa að ráði sínu. Er þá tvent til: Því er þessum manni, sem tekið hefir 4000 kr. í heimildarleysi, ekki hegnt? Því er málið ekki rekið sem dómsmál og dómi svo fullnægt? Bætir höf. svo við á bls. 73, að úrskurðurinn hafi hvergi verið birtur og þingið enga skýrslu fengið. Endar svo höf. þannig, að ekki sjáist, „að á þetta illræmda mál hafi verið minst framar, hvorki af stjórn nje þingi". Í þessum orðum: „þetta illræmda mál", liggur þung ásökun til stjórnarinnar fyrir þessa óvenjulegu aðferð, sem hún hafi haft, með því að sættast við þennan mann með þessum úrskurði. Það geta eflaust verið einhverjar afsakanir hjá stjórninni, að hún hafi ekki getað varað sig á því að verða blekt af trúnaðarmönnum sínum. En þetta er hyrningarsteinninn í ásökunum höf. Svo bætir hann við: „stjórnin hefir ekki hrundið af sjer ámæli þingsins fyrir að hafa með eftirlitsleysi bakað landinu fjártjón". Jeg geri ráð fyrir því, að hæstv. dómsmálaráðh. (JM) geti gefið skýringar á þessu, og ef það er rjett, að aldrei hafi verið gefin skýrsla um þetta, þá er það greiði við hann að gefa honum færi á að bæta úr þeirri gleymsku.

Þá kemur kafli í bókinni um það, að dómsmálaráðh. hafi fundið upp nýja reglu viðvíkjandi því að flytja sýslumenn úr einu embætti í annað. Hann hafi flutt einn ákveðinn mann úr og í embætti, sjer til fjáröflunar, og sá maður, sem kom í hans stað í hitt embættið, hafi ekki verið á hans ábyrgð. Hafi umhyggja fyrir þessum sýslumanni ráðið setningu staðgengils. „En slíkt er vitanleg óhæfa". Segir höf. svo á bls. 75: „En hjer er embættismanni lofað úr sínu eigin embætti yfir í annað embætti til þess að græða fje fyrir sjálfan sig og þar á ofan brotið á móti öllum reglum". Ennfremur: „Einkarjettinn að þessari nýbreytni á Jón Magnússon".

Að dómi höf. er þetta óvenjuleg aðferð. Og ef hæstv. dómsmálaráðh. er hjer hafður fyrir rangri sök, þá gefst honum nú tækifæri til þess að skýra þetta nánar.

Þá kemur höf. að meðferð dómsmálaráðh. á sýslumannsembættinu í Árnessýslu. Á bls. 79 segir hann: „en alls telst til, að 15 eða 16 manns hafi þjónað Árnessýslu hið umrædda tímabil".

Nú vita allir, að þetta er ákaflega óþægilegt fyrir Árnesinga, og margt hefir ilt stafað af þessu fyrir þá, því að höf. vitnar í það, að á þingi 1919 hafi hæstv. núverandi forsrh. (JM) varið þessar setningar og mannaskifti með því, að hann hyggi embættisþjónustuna hafa verið forsvaranlega „nema ef vera skyldi frá því í september 1918 til 1. jan. 1919". Hann viðurkennir þó, að hún hafi ekki verið forsvaranleg heilan ársfjórðung. Út af fyrir sig verður maður að játa, að það er mjög óheppilegt fyrir sýslubúa, þegar dómsmálastjórnin skiftir 15—16 sinnum um sýslumenn þennan stutta tíma.

Síðan segir höf. á bls. 81 um mann, sem dómsmálastjórnin hafi gefið frí til

að hvíla sig: „embættismaður legði stjórnina svo fyrir fætur sjer. . . .“ Svo er sagt um stjórnina viðvíkjandi skýrslunni, sem hún gaf um þennan embættismann: „og gefur þar á ofan opinberlega ranga skýrslu um málavöxtu“.

Hjer er sagt um dómsmálaráðh., að undirmaður hans hafi lagt hann fyrir fætur sjer og að stjórnin hafi gefið ranga skýrslu, þ. e. falsaða. Þetta er þungur dómur, ef hann er rjettur.

Síðar, þar sem höf. minnist á Guðjónsmálið, segir hann: „Ef það skyldi t. d. koma fyrir, að sterkur grunur leiki á því, að maður hafi verið myrtur og að rannsóknardómari og dómsmálastjórn hafi ekki gert alt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að koma því upp, heldur látið rannsókn niður falla“. Af þjesanum er auðsjeð, að þetta á við Guðjónsmálið, og er í því fólgin dylgja um, að ekki sje alt gert til þess að láta hið sanna koma í ljós, heldur sje það þagað í hel. Hjer er þá örvum beint að núv. bæjarfógeta í Reykjavík (Jóh-Jóh) og núv. dómsmálaráðh. (JM), þótt engin ákveðin nöfn sjeu nefnd. Á næstu bls. segir svo: „að valdhafarnir skoði hegninguna sem leifar úreltrar mannfjelagsskipunar“.

Og á bls. 99, í sambandi við kvistinn: „hvort sakarefni er látið koma til dóms eða því er stútað uppi í stjórnarráði“.

Sakarefni heyra undir dómsmálaráðherra, og hjer er sagt, að þau sjeu vísvitandi drepin af æðstu dómsmálastjórn landsins, auðvitað til að hlynna að sökudólgunum. Höf. segir, að valdhafarnir skoði refsinguna sem leifar úreltrar mannfjelagsskipunar, og um konu, sem myrt hafi bróður sinn og verið náðuð, segir hann svo á bls. 99—100: „Þegar svo stórum óbótamanni er svo óvenjufljótt slept lausum“.

Síðan kemur niðurlagið á þessum kafla bókarinnar, um Guðjónsmálið, er bæjarfógeti sendir málið til stjórnarinnar. Höf. segir á bls. 119, að „því aðeins hafi bæjarfógetinn lagt upp að bjóða landsstjórninni svo ófullkomna rannsókn í slíku stórmáli og ætlast til, að hún ljeti sjer hana lynda, að hann hafi áður reynt stjórnina að lítilþægni um meðferð opinberra mála“. Þetta er ákveðið sagt um Guðjónsmálið. Hjer er átt við viðskifti bæjarfógeta og dómsmálaráðh. Á öðrum stöðum er talað um þessa rannsókn sem málamyndakák.

Á bls. 131, þar sem höf. minnist á kvistinn, segir hann, að dómsmálaráðh. hafi þá sest sjálfur í dómarasæti. En slíkt er óheimilt, því að dómsmálaráðh. er ekki dómari. En þetta bendir til þess, að ráðh. hafi farið út fyrir valdsvið sitt, því að á sömu bls. er sagt frá því, að um sama leyti og rannsókn fór fram, hafi hann náðað 3 innbrotsþjófa.

Á bls. 133 stendur: „Nú verður hver opinber starfsmaður á fætur öðrum sekur um sjóðþurð, sumir í allstórum stíl, einn að sögn um 70—80 þús. . . . án þess að landsstjórnin snerti hár á höfði hinna seku“.

Ef þetta er rjett, að svona miklar sjóðþurðir verði, og ef það er rjett, sem höf. segir, að stjórnin snerti ekki hár á höfði hinna seku, þá er vissulega eitthvað bogið við rjettarfarið. Í þessu eru fólgnar aðdróttanir um misfellur á hæsta stigi. Og þótt stjórnin geti ekki haft auga með því, að hver einstakur dómari felli ekki niður dómstarf sitt, þá hlýtur hún þó altaf að vita um það,

þegar almannafje hverfur svo, að um munar.

Á bls. 133 ráðleggur höf. íhaldsmönnum að losa sig við suma úr flokknum. Hann stendur áreiðanlega nærri honum eða nokkrum hluta hans, sem er með hæstv. fjrh. og atvrh., og gerir ráð fyrir að geta komið einhverju tauti við þá, en það sje þó komið undir því, „að hann (Íhaldsfl.) haldi ekki áfram að sigla með þá menn innanborðs, sem með atferli sínu eru að vinna að því að þurka út muninn á sekum og saklausum í þjóðfjelaginu".

Það er ekki sagt beinlínis, hverjir það sjeu, en ef rannsakað er niður í kjölinn, þá hlýtur að vera átt við hæstv. forsrh. (JM) og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Og þótt fleiri eigi sammerkt í þessu, þá er þetta harður dómur um þá, að þeir sjeu að þurka út muninn á sekum og saklausum. Er þá atferli þeirra í því fólgið að hlífa hinum seku, því að þeir saklausu verða ekki gerðir betri. Getur maður þá sjeð, hversu höf. hefir tekið þetta samviskusamlega, því að þegar hann svarar hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) í Morgunbl. 21. jan., segir hann: „Fanst mjer það stappa nærri fullu æruleysi að vera ár eftir ár sjónarvottur að ýmsri óreiðu og óhæfu og hafa grun um miklu fleira og sitja hjá".

Þar sem höf. svarar bæjarfógetanum út af Guðjónsmálinu, þá stendur þessi óreiða í sambandi við dómgæsluna og einkum framkomu hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) og hæstv. forsrh. (JM). Síðan segir hann í sambandi við sama málið, að verði það mál ekki tekið upp aftur, þá sje „tilgangslaust að vera að ljósta upp hneykslum í opinberu lífi". Enn fremur: „Þó að jeg hefði heyrt sitt af hverju um rannsókn opinberra mála hjer, hefði jeg þó að ósjeðu fortekið, að nokkur maður, kunnugur málavöxtum, gæti látið slíkt málamyndakák, sem þessi rannsókn var, verða síðasta orð í málinu".

Það er þá gefið, af þessari tilvitnun viðvíkjandi Guðjónsmálinu og kvistinum, að þetta eru þær tvær ásakanir, sem höf. leggur mikla vinnu í að rökstyðja. En þá er enginn vafi á, hverjir það eru, sem þessar ásakanir beinast að, því hann segir, að enginn, sem þekki málavexti, hefði átt að láta þetta málamyndakák verða síðasta orð í málinu. Á þetta ekki síður við hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) en æðsta valdsmanninn í landinu, dómsmálaráðherrann.

Jeg hefi þá lokið þeim þætti, sem snýr að því að gefa hv. deild hugmynd um, hvað sagt er um Alþingi og hæstv. forsrh. Er jeg þá kominn að síðasta þættinum, ásökunum þeim, sem beint er að hjeraðsdómaranum í Rvík. Jeg byrja á bls. 20, þar sem talað er um brask stríðsáranna, sem „í sambandi við niðurlægingu þá, sem rjettarástandið er komið í, hefir haft í för með sjer meiri og almennari sviksemi og kæruleysi í viðskiftum en dæmi voru til áður".

Hjer er að vísu ekki nefndur ákveðinn maður, en það hlýtur að vera átt við dómarana í landinu — og þá einnig hjeraðsdómarann í Rvík, því það er talað um, að rjettarfarið hafi haft í för með sjer sviksemi og kæruleysi. En á bls. 96 er ótvírætt átt við hjeraðsdómarann í Rvík, enda hefir hann tekið það að sjer, eins og sjá má af Morgunblaðinu. Þar stendur: „Það er faraldurinn

í opinberu málunum í Reykjavík. Það þykja verða vanhöld á þeim. Það þykir sem óvættur liggi úti á leið þeirra og grandi þeim".

Hjer er verið að tala um nútímaástandið í Rvík. Það er talað um faraldur, um óvætt, sem grandi málunum. Hver er þessi óvættur? Það hlýtur að vera meira en lítið bogið við starf dómarans í Rvík, ef hjer er ekki farið með herfileg ósannindi.

Á næstu bls. er farið nánar út í þetta og vikið að starfsmönnum hjeraðsdómarans. Þar stendur: „Um nokkurt árabil hefir rannsókn opinberra mála í Reykjavík verið nær eingöngu í höndunum á ungum kandidötum, fulltrúum bæjarfógetans".

Og ennfremur: „fyrir kemur það, að bæjarfógetinn tekur sig til og heldur sjálfur rannsókn í málum, og virðast það helst vera bannlagabrot, sem njóta þeirrar sjerlegu hylli hans".

Það kemur raunar ekki málinu við, en má þó benda á, að höf. talar með fyrirlitningu um, að bannlögunum sje framfylgt, og telur misráðið af bæjarfógetanum að skifta sjer af slíkum brotum.

Höf. tekur svo til orða, að um nokkurt árabil hafi rannsókn opinberra mála verið í höndum ungra manna. Það er ljóst af skjölum Guðjónsmálsins, að það hefir verið í höndum ungs manns, og þó ekki sje það tekið fram í bókinni, held jeg, að sá sami maður hafi þá verið ritstjóri eins stjórnarblaðsins. Þessi sami maður hefir skýrt frá því í blaði, sem hann nú gefur út, að hann hafi boðið vín útlendum manni, sem hann var nýbúinn að dæma, og er slík dómsmálameðferð síðan kölluð „stauparjettur". Það er ekki sagt frá þessu í bókinni, en mjer finst viðeigandi að bæjarfógetinn noti nú tækifærið um leið og hann skýrir frá sinni skoðun um, hversu þjóðin eigi að líta á þessa árás á hann, og segi frá því um leið, hvers vegna hann hafi ekki farið fram á, að önnur skipun væri gerð á embætti hans, honum fenginn fastur hjálparmaður eða á annan hátt sjeð fyrir því, að hann þyrfti ekki að nota viðvaninga við rannsókn stórmála.

Höf. segir, að það komi fyrir, að bæjarfógetinn taki sig til og haldi rannsókn. Ef þetta er rjett, verður að skilja það svo, að umsvif bæjarfógetans sjeu svo mikil að öðru leyti, að það bara „komi fyrir", að hann gegni aðalverki síns ákveðna starfs. Hjer eru þrennskonar ásakanir: Að opinber mál hverfi í Rvík, að unglingar, og þeir ekki ætíð sjerlega efnilegir, sjeu látnir fást við rannsókn opinberra mála og að aðaldómarinn dæmi helst um bannlagabrot. Þetta er ekki rökstutt í bókinni með öðru en Guðjónsmálinu, og er það því á ábyrgð höf., hve mikið er rjett í þessu.

Á bls. 107 er eitthvert leiðinlegasta dæmið í bókinni, sem minst er á. Það er um áflog í sprúttknæpu á Laugaveginum, þar sem aðalmaðurinn er fyrverandi sýslumaður úr Árnessýslu. Lögregluþjónn er kallaður til hjálpar, en þessi fyrv. sýslum. ræðst á hann „með ærumeiðandi illyrðum og móðgandi atferli. Kallaði hann þjóf og lygara og kvað sjer auðvelt að koma honum í tugthúsið, vísaði honum á dyr og hrækti framan í hann og áminti hann um að gæta þess að hafa ekkert á brott úr húsum sínum".

Það getur auðvitað altaf komið fyrir, að lögregluþjónn sje móðgaður af

þeim, sem hann á að halda í skefjum. En höf. segir, að ekki hafi verið farið í opinbert mál út af þessu. Tekur þó fram, að maðurinn hafi verið í einkennisbúningi, að hann hafi verið beðinn að koma og verið illa leikinn. Maðurinn varð sjálfur að fara í mál og fjekk sjer dæmdar 200 kr. Frá leikmannssjónarmiði virðist þetta lítil sekt, þegar tekið er til samanburðar, að blað eitt er af undirdómi dæmt í 1000 króna sekt fyrir að segja, að maður sje óhæfur til að starfa fyrir kaupfjelög, eftir að hann hefir á þrem stöðum fengist við slík störf og alstaðar orðið að hröklast frá þeim. Jeg vildi óska, að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) skýrði fyrir deildinni, hvort ekki varðar meiri hegningu en þetta að kalla lögreglúþjón þjóf, lygara, hrækja á hann og vísa honum á dyr.

Höf. bætir því við, að lögreglustjórinn hafi ráðið lögregluþjónunum til að fara þessa leið. Hann segir á bls. 108: „Lögreglustjórinn veit því allra manna best, hve mörg spor liggja inn til þessara samverkamanna (JM og JóhJóh), og hve mörg þau eru, sem liggja út frá þeim aftur. Og vilji menn komast hjá að áfellast lögreglustjóra fyrir framkomu hans gagnvart lögregluþjónunum, þá er ekki annars kostur en að leggja hana svo út, að sporin hafi hrætt hann og að hann hafi hugsað sem svo, að ef lögregluþjónninn ætti að vera v i s s um að fá einhverja sæmilega rjettingu sinna mála, þá yrði hann að fara í mál sjálfur, en að borin von væri á því, ef málið væri látið fara sakamálsleiðina".

Hvað þýðir nú þetta? Það er ekki sagt, að bæjarfógetinn hafi ráðið manninum frá þessu, heldur lögreglustjórinn. En höf. gefur í skyn, að það hafi varla getað verið hans vilji. Hvað liggur í þessu, að sporin hræði? Höf. segir, að lögreglustjórinn viti best, hve mörg spor liggja inn til dómarans og hve mörg út. Hann gefur í skyn, að málin stöðvist. Það er ljóst af sambandinu, hvað átt er við. Sporin hræða því aðeins, að færri liggi út en inn. Það er undirstrikað í bókinni, að ef lögregluþjónninn eigi að vera v i s s um að fá rjetting mála sinna, þá verði hann að fara í mál sjálfur.

Þá kem jeg að því, sem höf. virðist sjálfur álíta höfuðkjarnann í bók sinni. Það er Guðjónsmálið. Jeg fer ekki út í hinar löngu og ítarlegu lýsingar, heldur segi með sem fæstum orðum frá hvarfi Guðjóns. Guðjón Finnsson var maður um sjötugt. Hann hverfur að kvöldi þess 26. okt. 1923 og finst ekki fyr en löngu síðar, að líkið rekur, skaddað mjög. Hann hafði verið ölvaður og haft á sjer nokkuð af peningum. Höf. leiðir rök að því, að með honum hafi verið tveir menn um kvöldið, Aðalsteinn Jónsson og Tómas Skúlason, og ef til vill þriðji maður, Guðmundur nokkur. 30. okt. kemur Aðalsteinn fyrir dómarann, fulltrúa bæjarfógetans. Vitnaleiðslan gengur svo, að Aðalsteinn verður margsaga, og stundum þykist hann ekkert muna. Ásökun höf. á dómarann er sú, að hann hafi haft of lint tak á þessum manni; hann hafi vitað meira en hann ljet uppi. Höf. segir á bls. 118—119: Aðalsteinn „getur enga grein gert fyrir þessari breytingu á framburði sínum, aðra en þá, að það

hafi verið gert af hugsunarleysi!" — „Honum var nú slept úr varðhaldi".

Þetta virðist því skýring, sem dómarinn lætur sjer nægja. Á sömu bls. segir ennfremur: „Aðalsteinn Jónsson veit meira um afdrif Guðjóns Finnssonar en hann hefir látið uppi".

Í þessari undirstrikuðu setningu er fólgin ásökun til dómarans fyrir að hafa tekið of linlega á manninum. (**Jóh-Jóh:** Fyrir að hafa ekki pínt hann til sagna!). Jeg læt bókina tala.

Á sömu bls. stendur enn: „mánuði síðar lætur bæjarfógetinn málið frá sjer fara til stjórnarráðsins með þeim ummælum, að hann álíti tilgangslaust að eiga meira við það".

Hjer fær höf. ásökunarefni á dómarann fyrir að gefa málið frá sjer. Aftur á móti fær hæstv. dómsmálaráðh. nokkurt verðskuldað hrós, því hann tekur þetta ekki fyrir góða og gilda vöru, en fyrirskipar meiri rannsókn. Í þessu sambandi getur höf. þess, að bæjarfógeti mundi ekki hafa boðið upp á þessa rannsókn, ef hann hefði ekki vitað, að stjórnin væri lítilþæg um rjettarfarið. Nú segir höf. að líði þrír mánuðir, en þá finst líkið. Það mætti kanske segja, að bæjarfógeti hefði verið að bíða eftir því. En auðvitað var það hrein tilviljun, að líkið fanst.

Á bls. 121 segir Tómas, að árangursleysi málsins sje að kenna „hinum venjulega heigulskap dómstólanna".

Á bls. 123 segir: „Það liggur við, að ástæða sje til að dást að stillingu bæjarfógetans, að hann skyldi standa af sjer þá freistni að taka í taumana . . . og hlaupa undir bagga með fulltrúa sínum með því að yfirheyra Tómas sjálfur".

Þetta háð um stillingu bæjarfógetans getur ekki skilist öðruvísi en ásökun.

Nú verður Aðalsteinn allmjög margsaga við yfirheyrslurnar, og höf. dæmir hart, hvað dómarinn hafi tekið hann vægum tökum.

Á bls. 126—127 segir: „Óskiljanlegt má það virðast, að bæjarfógetinn skyldi ekki taka fram í þetta ósvífnisþvaður". — En bæjarfógeti ljet það ógert, og þetta síðasta próf yfir Aðalsteini endar svo með því, að hann „sver og sárt við leggur, að hann geti ekki gefið frekari upplýsingar í málinu en hann hefir þegar gefið". Að svo mæltu var honum slept úr varðhaldi í annað sinn.

Eftir gögnum þeim og skýrslum, sem fram eru færð í „Nýja sáttmála", er auðvitað óhugsandi fyrir mig og aðra leikmenn að dæma um það, sem þessum tveim svokölluðu sjerfræðingum í lögum ber á milli. Annar heldur því fram, að málið hafi verið slælega rannsakað, en hinn heldur því fram, að hann hafi gert skyldu sína. Niðurstaða höf. er á bls. 129: „Á þessu stigi stendur geta þeirra manna . . . . sem hafa það hlutverk á hendi að komast fyrir sannleikann í opinberum málum. Eitthvað í meira lagi hlýtur að vera bogið við rannsóknarvjel, sem verður að gefast upp við svona lagað verkefni. Bæjarfógetinn sjálfur, maður sem gefur sjer tíma til að sitja þrjá mánuði ársins á Alþingi, til þess að ferðast til útlanda í þarfir dansk-íslenskrar ráðgjafarnefndar . . . . þykist verða að meta annað meira en rannsókn í máli, sem frá upphafi hefir öll einkenni

morðmáls, og felur hana ungum og óreyndum manni, sem engu hefir vanist og ekkert sjeð fyrir sjer".

Hjer er bætt nýju ásökunarefni á bæjarfógetann, að hann taki að sjer annarleg störf, sem honum ber engin skylda til. Það er skiljanlegt, að á þetta sje minst, þegar verið er að leita að veikum hliðum í embættisfærslu hans, og átalið, að ungir og óreyndir menn skuli vera látnir rannsaka mál og kveða upp dóma. Jeg skal geta þess, að það er talið, að sami maður, sem rannsakaði Guðjónsmálið, hafi kveðið upp sýknudóminn í Kveldúlfsmálinu, sem hæstirjettur ónýtti. Þetta er auðvitað gert á ábyrgð bæjarfógeta, en það getur verið nokkuð erfitt fyrir hann að bera ábyrgð á dómum, sem aðrir dæma, og það e. t. v. í fjarveru hans.

Á bls. 129 talar höf. um rannsóknaraðferðina: „Og hún er eftir öðru. Í stað þess að láta manninn ekki hafa frið í því vígi, sem hann hafði hrúgað upp í kringum sig af augljósum, ósvífnum lygum, sögðum upp í opið geðið á dómaranum og fjölda vitna, af tvísögli, margsögli og fyrirslætti um minnisleysi . . . . eru haldin yfir honum strjál og stutt próf, og er ekki af því, sem bókað hefir verið, hægt að sjá, að annað hafi þar verið gert en að taka á móti afneitunum hans á vitnaskýrslunum og upptuggum hans á sömu fjarstæðunum".

Hjer er ásökununum áreiðanlega beint að dómaranum sjálfum, því hann framkvæmdi síðari rannsóknina sjálfur. Það er sagt, að sakborningur sje látinn hrúga upp lygum og margsögli og ekki gert annað en taka á móti afsökunum hans. Höf. segir, að honum hafi hlotið að finnast rannsóknin gerð til málamynda. En það er mjög alvarlegt, ef sakborningur heldur, að verið sje að leika sjer með málið.

Ennfremur segir höf. á bls. 130 um þá rannsókn, sem bæjarfógetinn gerði sjálfur, að því hafi farið fjarri, „að framhaldsrannsóknin tæki hinni fyrri fram, að bæjarfógetinn bókar mótmælalaust og án nokkurrar athugasemdar tvent í senn: ítrekaðar lygar hins yfirheyrða um, að hann hafi verið svo drukkinn, að hann muni ekkert, og fullyrðingar hans um, að hann muni þó sumt".

Með þessu þykist höf. sanna, hvað dómarinn hafi haldið lint á málinu, að hann hafi sjálfur í seinni rannsókninni, sem stjórnarráðið fyrirskipaði, bókað eða látið bóka mótmælalaust þessa tvísögu. Þetta verður svo undirbyggingin fyrir þeim lokadómi höf. um dómarann í Reykjavík, sem kemur fram á bls. 131: „Og þetta bókar bæjarfógetinn umyrðalaust, rjett eins og hann væri skrifari sakbornings og annað ekki".

Ef nokkuð er þung ákæra á nokkurn dómara og verð þess, ef röng er, að henni sje hrundið, þá er það þetta, að dómarinn sje svo lítilsigldur, að hann sje ekki nema skrifari hjá sakborningi. Mun jeg síðar víkja að því, hvað mikið liggur í þessari ásökun.

Nú segir höf. seinna það, sem mestri furðu gegnir: „samböndum manna sje hjer svo háttað, að rannsókn þessi öll saman fái að vera óafmáður blettur á íslensku rjettarfari".

Jeg býst við, að bæði dómsmálaráðh. og bæjarfóg. sje hjer gefin sneið sameiginlega. Höf. segir, að samböndum sje svo háttað. Hvaða samböndum? Er það vinátta þessara tveggja manna?

Jeg hefi lokið við síðasta hluta máls þessa. Þá er ekki annað eftir en að draga saman þetta efni í sem stystu máli og sýna fram á, hvað í þessu felst,

Höf. gefur allsherjarlýsingu á Alþingi, ráðherrum og bæjarfógetanum í Rvík, og tilfærir dæmi, sem þungar ákærur felast í. Jeg held, að það geti varla hafa farið hjá því, að áheyrendur hjer í hv. deild — og þeir eru óvanalega margir í dag — hafi orðið fyrir áhrifum, sterkari en þeir bjuggust við, af því, hvað ásakanir þessar eru þungar, því að um sumar af þeim a. m. k. er gerð alvarleg tilraun til rökstuðnings. Nú hefir þessu ekkert verið svarað fyrir Alþingis hönd, og ekki heldur af hæstv. dómsmálaráðh. (JM), en ofurlítið af bæjarfóg. í Rvík. En í þeim viðskiftum kom það í ljós, að hann telur, að legið gæti mjög nærri sakamálsrannsókn fyrir ummæli höf. Svipað hefir hæstv. dómsmálaráðh. (JM) sagt. En bæjarfógeti ljet svo um mælt, að ef hann væri eins skapi farinn og sá, sem skrifaði þjesann, væri enginn vafi á, að hann hefði heimtað sakamálsrannsókn eftir hegningarlögunum.

Jeg hefi áður tekið fram, að jeg leiddi það hjá mjer að þessu sinni, sem frá mínu sjónarmiði er langalvarlegasti parturinn af bókinni, en það eru tilraunirnar, sem gerðar eru þar til þess að koma þjóðinni á þá trú, að við eigum að ofurselja landið annari þjóð, og reynt að koma þeirri trú inn hjá annari þjóð, að hún eigi að sækjast eftir að ná valdi yfir Íslandi. En nú hafa blöð stjórnarinnar, sem standa henni mjög nærri, er óhætt að segja, þar sem meðal annars ritstjóri annars þeirra er stuðningsmaður hæstv. stjórnar á þingi, þau hafa talað um höf. þjesans sem sjerstakan föðurlandsvin og hælt honum í háum tónum. Og þessi blöð segja svo, að nauðsynlegt sje að hefja málaferli við þennan mann. Það er hægt að sjá á Morgunblaðinu, að þjóðin hefir tekið eftir þessum árásum. Nú verður Alþingi, stjórnin og dómarinn í Rvík að fara að afráða, hvað eigi að gera gagnvart þessum kröfum. Get jeg mint á það, sem jeg áður vitnaði til, að bæjarstjórnin í Rvík gat ekki, eftir því sem Morgunblaðið segir, um annað talað á bæjarstjórnarfundi. Margt ber vott um það, að þjóðin hefir fylgst vel með. Og þessu hefir ekki verið svarað einu orði, nema lítilfjörlega af bæjarfógeta. Af tilfærðu dæmi úr stjórnarblaðinu Morgunblaðinu, er hægt að sjá, að því hefir líkað vel við þjesann. Þar er tekin inn athugasemdalaust 21. jan. hörð ádeila, þar sem Sigurður Þórðarson svarar bæjarfógeta. Í dag skrifar gamall bóndi austan yfir heiði grein um járnbraut, þar sem hann heldur fram annari skoðun en blaðið, og blaðið tekur það skýrt fram, að ekki megi taka þetta sem sína skoðun. En þar sem blaðið hefir ekki viðvíkjandi þessari ádeilu á dómsmálaráðh. og bæjarfógeta tekið neitt slíkt fram, þá er í raun og veru ekki hægt annað að sjá en að blaðið hafi mikla samúð með efni þjesans. Annað stjórnarblaðið dáist að því, hve mikil föðurlandssást komi fram hjá þessum manni.

Jeg hefi nú lagt þetta mál fram. Jeg býst við, að engir af þeim, sem hafa hlustað á hjer í dag, hafi gert sjer grein fyrir því, hvað ásakanir höf. eru svartar og þungar, fyr en þeir heyrðu þær samandregnar. Nú kemur að því fyrir þessa hv. deild að afráða, hvern-

ig á að líta á þetta. Er málið þess eðlis, að því verði stefnt fyrir almenningsdómstól, eða sumir þættir þess þess eðlis, að þeir eigi að vera dómstólamál? Jeg efast ekki um, að a. m. k. ásakanirnar á Alþingi yrðu fyrir hvaða dómstóli sem er — líklega jafnvel staupa-rjetti — dæmdar dauðar og ómerkar. Um ásakanir til hinna aðiljanna, sem nefndir hafa verið, get jeg ekki sagt, því að þar vantar mig gögn til að geta felt endanlegan dóm.

Jeg hefi áður tekið fram, að hver einasti stjórnmálamaður og flestir blaðamenn hjer í Reykjavík nota altaf almenningsdómstólinn til þess að skera úr misklíð sín á milli, og hjer um bil aldrei „juridiskan" dómstól, nema ef úr einhverju verður ekki skorið öðru vísi. Jeg hefi því í öðru sambandi farið um þá stjórnmálamenn lítilsvirðingarorðum, sem fara í meiðyrðamál út af smáatriðum. Það er ógnarlítill sigur fyrir menn, sem hafa góðan málstað að öðru leyti, þó að þeir fái mann dæmdan í 50—100 kr. sekt fyrir orð, sem eru gleymd um leið og þau eru lesin.

Jeg geri ráð fyrir, að ýmsir álíti, að þessar þungu ásakanir og árásir, sem hjer er um að ræða, sjeu að mjög miklu leyti alveg órjettmætar. Og þá er auðvelt að fá manninn dæmdan til allþungrar hegningar. Er það þá viðunandi að láta sjer nægja hegningu almenningsálitsins og fara ekki lengra? Jeg verð að líta svo á, að eftir þeirri skilagrein, sem jeg hefi gert, þá geti þetta ekki náð til tveggja tilfellanna. Það verður aldrei skýrt fyrir almenningsdómstóli, hvort hæstv. dómsmálaráðh. er saklaus eða sekur í kvistmálinu, eða út af hrakningum lögreglunnar. Hvort hann hafi gert rjett í því að kveða upp þennan úrskurð um 4000 kr., verður í raun og veru aldrei sannað til fulls, nema með „juridiskri" rannsókn. Jeg býst við, að sama sje um Guðjónsmálið og afskifti bæjarfógeta af því. Mjer virðist það bera vott um mikinn sljóleika að láta óútkljáð þessi deilumál.

Jeg hefi tekið þá leiðina að gera ráð fyrir því, að menn kynnu að taka þetta alvarlega, að staðið hafi fullkomlega heilbrigður maður bak við pjesann. En það getur vel verið, að þingið komist að þeirri niðurstöðu, að eitthvað það sje að þessum manni, að hann verði ekki álitinn fullgildur maður, og þá geri jeg ráð fyrir, að samþ. verði hjer að láta alt þetta niður falla. Það, hvernig málið er tekið, fer alt eftir því, hvernig álit þingið hefir á þessum manni, sem ber kærurnar fram. Jeg er hinsvegar sannfærður um það, að svo framarlega sem á að taka þennan mann alvarlega, þá eru kæruatriði hans ákaflega þung. Og sannleikurinn er sá, að það gæti kanske verið ástæða til þess í eitt skifti á 20 árum, að Alþingi færi í mál. Allir menn og allar stofnanir verða fyrir misjöfnum dómum. Og það vita allir, að engin stofnun hjer á landi verður fyrir eins ómildum dómum og Alþingi. En jeg hygg, að á engum einum stað sje saman komið á prenti jafnmikið af ásökunum í garð starfsmanna í almannaþjónustu eins og jeg hefi nú lesið úr þessari bók viðvíkjandi Alþingi. Ef þingið á nokkurntíma að láta rannsaka árásir á virðing sína, þá er nú rjetta tækifærið. En jeg hefi áður tekið það fram, sem mælir með því, og það, sem mælir móti því, að þessi leið sje farin.

Að síðustu vil jeg benda á það, að jeg er nálega sá eini maður, að frátöldum hv. 1. landsk. (SE), sem hefir opinberlega gagnrýnt eftir verðleikum það, sem jeg hefi álitið hættulegast í bók þessari, og hefi sem afleiðing af því fengið nokkru opnari augu fyrir því, að það væri rjett að meta það, hvað mikið væri á dómum höf. að byggja, og þess vegna hefi jeg komið með þessa tillögu. Ætlast jeg til, að hún geti gengið gegnum báðar deildir. Hún er í þremur liðum. Er hugsanlegt að samþ. einn eða tvo og fella hina, eftir því sem málavextir eru til. Nú geta náttúrlega komið fram, sumpart frá hæstv. dómsmálaráðh. (JM) eða hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) eða öðrum hv. deildarmönnum, nýjar hliðar á málinu, nýjar tillögur um, hvernig eigi að taka á þessu einkennilega vandamáli. Þá hefi jeg hugsað mjer að laga mig eftir því eins og jeg gæti, því að þetta er ekki mitt mál sjerstaklega, nema að því leyti, sem jeg er einn af þeim 42, sem er ámælt fyrir spillingu, heldur mál alls Alþingis og allrar þjóðarinnar. Þess vegna mun jeg taka tíma til þess að athuga það, þegar jeg hefi heyrt ræður annara hv. deildarmanna og álit um það, á hvern hátt sje formlegast og best að taka á þessu máli, til þess að sæmd þings og stjórnar og áliti dómstólanna í landinu sje sem best borgið.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var framhaldið einni umr. um till. (A. 344, 468).

Forsætisráðherra (JM): Jeg býst við því, að a. m. k. hv. flm. (JJ) minnist samtals þeirra feðga Sturlu Sighvatssonar og Sighvats á Grund eftir orustuna í Bæ. Þá var uppgangur Sturlu sem mestur, og varð þeim feðgum tíðrætt um orustuna. Sighvatur sagði Sturlu, að nú þyrfti hann að búa sem best um sig, hafa stórt bú og marga þjónustumenn. Taldi hann upp þá, er þjóna skyldu til Sturlu, og voru það allir hinir helstu höfðingjar. Síðan berst saga þessi suður í Hítardal til Lofts biskupssonar. Líkaði honum hið besta og sagði, að þetta væri allkerskilega mælt, en þó vel til komið, og hverjum fengið það, er best henti. En er kom að honum sjálfum, en hann átti að vera hestasveinn Sturlu, hljóp hann upp og mælti: Djöfull hafi þeirra hróp ok þrífisk þeir aldrei!

Það virðist vera eitthvað líkt með hv. flm. (JJ). Þegar þessi pjesi kom út, var hann allgleiður og sá þá aðeins það, sem þar var ilt sagt um mótstöðumenn hans. Í Tímanum var hið ákafasta lof um pjesann, og vil jeg fara að dæmi hv. flm. og biðja hæstv. forseta í eitt skifti fyrir öll leyfis til að lesa upp nokkra kafla.

Fyrst talar blaðið um, hve „geysimikla athygli og umtal" ritið hafi vakið, og „verða kaflar úr því birtir hjer í blaðinu". Síðan er því jafnað við Aldarhátt Hallgríms Pjeturssonar. „Höf. er einn af helstu og merkustu lögfræðingum landsins, maður, sem ávalt hefir notið mikils trausts og virðingar". (Sbr. framsöguræðuna í gær). „Þess vegna mun mikið tillit verða tekið til þessarar ádeilu hans. Hefir rit hans marga og merka kosti, en um leið nokkra galla", — Nokkra galla! — „einkum ávantanir . . . En þakklæti alþjóðar á Sigurður Þórðarson skilið

fyrir að hafa gerst rödd hrópandans á gamals aldri, því að vitanlega hefði honum verið um alt þægilegra að „þegja þunnu hljóði". — Þetta er óttalega hátíðlegt. — „Mun enginn efa, að heilög vandlæting og rjettlætistilfinning valda því fyrst og fremst, að ritið er samið". Svona gengur dælan áfram. Þeir, sem vilja sannfærast um, að hjer sje rjett hermt, þurfa ekki annað en lesa Tímann frá 10. jan. 1926. Svo bætir höfundur ritsins úr einni „ávöntuninni", dómi um 3. landsk. sjálfan. En þá fer fyrir honum eins og Lofti biskupssyni. Höfundur „Nýja sáttmála", þessi stórmerki maður, rödd hrópandans á eyðimörku, hann er alt í einu orðinn að geðveikum manni. Jeg ætla að láta þetta nægja til þess að sýna, hvað veldur öllum þessum gauragangi í hv. 3. landsk. Hann sagði, að Tíminn hefði þegar í upphafi fordæmt þá hlið pjesans, sem sneri út á við. En það var ekki fyr en síðar. Í byrjun var það talið meinlaust. Yfirleitt var ekki hægt að lofa pjesann í hærri tónum en Tíminn gerði, og er óhætt að segja, að pjesanum var ekki ver tekið en í Verði og Morgunblaðinu. Hv. þm. talaði um ávantanir í ritinu. Honum var ekki nóg, að sú væri tekin með, er jeg nefndi áðan. Hann vildi líka hafa með mótökuna í Reykjavík og Krossanesmálið. Það er dálítið spaugilegt að vilja hafa mótökuna með. Jeg fæ ekki sjeð, hvað hún kemur stjórnmálum við. En um Krossanesmálið er það að segja, að hv. þm. mun eiga nokkuð erfitt með að vekja það upp. Það er búið að kveða það svo vandlega niður.

Hv. 3. landsk. sagði, að í ritinu væri aðallega ráðist á mig og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Þetta er fjarri öllu lagi. Það er ráðist svo að segja á alt og alla, á alla stjórnmálaflokkana, á háttv. 1. landsk. (SE) og enn marga fleiri nafngreinda menn, auk þess á þjóðina alment o. s. frv. En það er rjett, að sumu í bæklingnum er beint til mín og hv. þm. Seyðf. Jeg er ekki vanur því að svara, þótt á mig sje ráðist í blöðum eða flugritum eða þesskonar. Jeg minnist þess ekki, að jeg hafi nokkru svarað í blöðunum ásökunum á mig. Vinir mínir hafa að vísu sagt mjer, að jeg hafi hlotið tjón af því, að jeg hefi ekki tekið til andmæla. Jeg hefi samt ekki orðið þess svo mjög var, að svo hafi verið. Þegar jeg hefi leitað almenningsdóms um mig, svo sem stjórnmálamenn einatt gera, þá hefi jeg ekki orðið þess var, að sá dómur hafi verið mjer svo andstæður. Meðan jeg var dómari kom það fyrir, að jeg var sakaður um það opinberlega, að jeg jafnvel gegn betri vitund dæmdi ranga dóma. Jeg bar þetta alls ekkert af mjer, en æðri dómur svaraði fyrir mig.

Eitt af því, sem hv. 3. landsk. talaði um alveg fyrir utan efnið, var síldarmálið gamla. Það er ógeðslegt, hversu þessi hv. þm. er stöðugt að reyna að glefsa í andstæðinga sína, þótt hann viti, að þeir geti ekki svarað fyrir sig, og það snerti ekki það mál, sem um er að ræða. Það var mjög óvandað og átti ekki við að leiða það mál inn í umræðurnar hjer. Það mál var eingöngu rógsmál og hafði engin áhrif á mannorð þeirra manna, sem fyrir árásunum urðu eða álit almennings á þeim. Það var og er rógsmál.

Þá skal jeg að nokkru snúa mjer að ásökunum þeim á mig, sem hv. þm. las

upp úr ritinu, og hann gerði að sínum og verður að bera ábyrgð á, úr því að hann flutti þær hjer inn. Hann sagði — í annara orða stað — að stjórnarráðið hefði kæft undir sjer alt velsæmi og rjettlæti. Svona ummæli eru vitanlega einskis virði. Þetta eru stór orð, sem slegið er fram algerlega út í bláinn og alls ekki er hægt einusinni að rökstyðja. Ein af þeim fyrstu ásökunum, sem hv. þm. gerði að sínum með því að taka þær upp, voru sýslumannaskiftin í Árnessýslu. Jeg man nú ekki, hvað hann sagði um þetta, en jeg tók eftir, að hann sagði, að um tveggja ára skeið hefðu sýslumennirnir verið 15 eða 16. (JJ: Það stendur í bókinni). Hv. þm. ber ábyrgð á því eigi að síður. Þessu var svarað fyllilega á þinginu 1919, og um það átti hv. þm. að geta vitað. Þá voru þeir reyndar ekki heldur nema 13—14. Þá rak jeg þetta alt til baka og leiðrjetti þessa tölu. Jeg sýndi fram á, að lengst af þessum tíma hefðu þjónað sýslunni lögfræðingar, alls 3. Stuttan tíma þjónaði hreppstjóri embættinu, geðugur maður. Kom það til af því, að lögfræðingur sá, sem settur var til að þjóna embættinu, veiktist hjer í inflúensunni 1918 og ekki var hægt að fá lögfræðing í staðinn. Loks þjónaði einn maður um stuttan tíma. Það er þess vegna miður vandað, bæði af höfundi ritsins og hv. þm., að taka þetta þannig upp, þegar jeg leiðrjetti það á þinginu 1919, og því var ekki mótmælt. Þetta sýnir, á hve góðum rökum ásakanirnar eru bygðar. Það, sem sagt er að sjeu 14 eða 15, eru í raun og veru 3 lögfræðingar og 1 hreppstjóri, sem kemur í staðinn fyrir veikan lögfræðing, og enn einn maður. Hitt hefir komið fyrir, að sýslumennirnir hafa brugðið sjer í burtu 1—2 daga, og gegnir þá t. a. m. skrifari sýslumannsstörfunum. Hefir vitanlega ekki verið að því fundið. Jeg veit ekki til, að verið sje að skifta sjer af því, þótt nú hv. 1. þm. Árn. (MT) skreppi við og við til Reykjavíkur. Annars er það merkilegt, bæði af höf. og hv. flm., að taka upp þessa sögu, sem væri fyrnd, ef um sök væri að ræða.

Eitt atriði hafa höf. og hv. flm. fundið í sambandi við þetta, sem þeir eru mjög gleiðgosalegir yfir, en það er, að sýslumaður skuli hafa verið settur á eigin ábyrgð. Til þessa segja þeir, að aldrei hafi þekst dæmi fyr. Jeg hafi fundið það upp og eigi heiðurinn af.

Að þetta skuli vera sagt í svona hátíðlegri deilu, sýnir, hversu lítilfjörlegt það er, sem hægt er að tína til, og auðvitað er það ekki satt, að þetta sje eins dæmi. Jeg gæti nefnt ýms dæmi, en skal láta mjer nægja að nefna tvö nokkuð gömul:

Þegar Grímur amtmaður dó 1849, var settur dómari úr landsyfirdómnum til þess að þjóna amtmannsembættinu norðan og austan, og aftur annar embættismaður til þess að þjóna dómaraembættinu, að sjálfsögðu á eigin ábyrgð. Er Ólafur stiftamtmaður Stefánsson var nefndur með öðrum til þess að athuga embættaskipunina, var hann leystur frá stiftamtmannsembættinu um stund, og amtmaðurinn í Vesturamtinu, Vigfús Jónsson, Eiríkssonar, settur til að þjóna stiftamtmannsembættinu með sínu á eigin ábyrgð. Og það stendur beint í sjálfum launalögunum, að svona skuli að farið. Ef hv. þm. hefði vit á að lesa lög, þá gæti hann sannfært sig um það. Þar stendur, að ef maður er á þennan hátt tekinn úr embættinu, þá skuli hann láta af hendi laun þau, er fylgja

embætti hans sjálfs, auðvitað af því að hann á þá ekki að útvega mann í sinn stað.

Þá átti það að vera mikil sök að taka sýslumanninn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og setja hann í bæjarfógetaembættið í Reykjavík, er jeg varð ráðherra fyrst, en setja aftur annan í hans stað í sýsluna. Hjer ber enn að sama brunni. Það er merkilegt, að hv. þm. skuli detta í hug að bera fram slík smáatriði sem þessi. Jeg hefi annars ekki orðið var við neina óánægju hjá viðkomendum út af þessu. Enginn hefir kvartað um, að sýslumaðurinn, sem settur var í bæjarfógetaembættið, hafi gegnt því illa, og ekki hefir heyrst, að sá, sem settur var í sýsluna, hafi staðið illa í stöðu sinni. Hver hefir þá beðið skaða af þessu? Ekki ríkissjóður. Kostnaður var ekkert meiri fyrir hann.

Hv. þm. var eitthvað að tala um, að sýslumanninum muni hafa áskotnast meiri peningar með þessu móti. En það er ekki bent á, að nokkur hafi skaðast við þetta. Því þá alt þetta uppþot? Ja — þetta eru nú hinar miklu sakir.

Jeg er hræddur um, að jeg kunni að hlaupa yfir eitthvað af því, sem hv. þm. hefir tínt upp úr pjesanum og gert að sínum orðum. Jeg ætla ekki að orðlengja mikið um það, sem hann sagði um embættismanninn, sem leystur var frá embætti sínu um stundarsakir. Þetta er maður, sem hefir þjónað embætti sínu mjög lengi og með miklum dugnaði og int af hendi annars mjög margt til þjóðþrifa, það, er þjóðin á honum mikla þakklætisskuld fyrir að gjalda. Jeg ætla ekkert að afsaka þetta og held, að hv. flm. hefði verið sæmra að láta þessa afsökun liggja. En þar sem höfundur ritsins og háttv. flm. eru að tala um ranga skýrslu, sem jeg hafi gefið í þessu sambandi, þá eru það hrein og bein ósannindi hjá báðum. Jeg veit ekki, hvort hv. flm. veit einu sinni, hvað höfundur pjesans meinar með þessu. En það hefði verið innan handar fyrir báða að fá að vita hið sanna um þetta atriði í stjórnarráðinu. Jeg gæti einnig vísað til hv. 1. landsk. (SE) um það efni, og mundi hann staðfesta það, er jeg segi um þetta, ef þörf væri.

Þá talaði hv. flm. um, að komið hefði fyrir sjóðþurð hjá embættismönnum, ríkissjóður hefði skaðast og ekkert hefði verið tekið á þessu. Það er nú ekki nýtt, hvorki hjá höf. pjesans nje hv. flm. (JJ), að tala um linleika í þessu efni hjá stjórninni. Það hefir og verið talað um þetta í blöðum, og mjög svo hvatvíslega í einu, út af sjóðþurðinni í útsölu áfengissölunnar. En það vildi nú svo til, að það var einmitt tekið mjög svo hart á þeirri sjóðþurð. Það komu meira að segja fram raddir um, að þar væri farið alt of hart í sakirnar.

Þeir, sem fyrst og fremst áttu að bera ábyrgð á því, voru í upphafi rannsóknar settir í gæsluvarðhald, skipaður sjerstakur rannsóknardómari og gert alt, sem hægt var; en einmitt þetta dæmi nefnir höfundur „Nýja sáttmála“ og svo hv. þm. (JJ). (JJ. Jeg mintist ekki á þetta mál). Nei, ekki berum orðum, en hv. þm. (JJ) sveigði að því, og „Nýi sáttmáli“ nefnir einmitt þetta mál. En jeg skal segja hv. þm. (JJ) það, að eftir minni skoðun ber einmitt, eftir öllum atvikum, afarlítið á sjóðþurð hjá opinberum innheimtumönnum. Og þegar verið er að lofa hinar fyrri kynslóðir á kostnað hinnar núlifandi, þá má

ekki gleyma því, að sjóðþurð kom og áður fyrir hjá embættismönnum, t. a. m. seinast á 18. öld og á 19. öldinni, og var sannarlega ekki tekið harðara á því en nú. Embættismennirnir mistu ekki einu sinni altaf embættin fyrir það. En þegar það nú hefir komið fyrir, svo að nokkur brögð hafa að verið, hafa mennirnir orðið að láta af embættum sínum, jafnvel þótt þeir hafi bætt sjóðþurðina að fullu, og það er einmitt merki upp á það, hve vandaðir embættismenn landsins eru, hve lítið skuli bera á þessu, og svo er verið að ásaka embættismannastjettina fyrir bæði það og annað.

Hið sanna er, að menn, sem varla hafa nægileg laun sjer og sínum til framfæris, verða að standa skil á hundruðum þúsunda króna, enda skila hverjum eyri. Ásökun á embættismannastjettina er mjög ómakleg. Náttúrlega hlýtur altaf að koma fyrir eitthvað, er að má finna, en jeg staðhæfi, að embættisstjettin íslenska sje yfirleitt mjög góð og heiðarleg stjett.

Annars man jeg ekki í bili til, að það hafi verið tekið neitt verulega hart á nema einu einasta tilfelli sjóðþurðar, nema það, að á síðustu tímum hafa viðkomandi embættismenn svo að segja altaf orðið að láta af sínum embættum, og heldur hv. þm. (JJ), að það sje ekki nokkur hegning? Hegningarlögin líta að minsta kosti þannig á, að svo sje.

Jeg neita því afdráttarlaust, að stjórnin eigi nokkra ásökun skilið fyrir of mikinn linleik í þessu efni, og allra síst, að vægara sje tekið á þessu á síðustu tímum en áður.

Jeg veit ekki nema jeg geymi mjer það dálítið enn að tala um það svo kallaða „morðmál". Jeg veit það nú líka, að hvað sem jeg segði um það, mundi hv. flm. (JJ) alls ekki skilja mitt mál. En það var annað mál, sem hv. flm. (JJ) nefndi, sem hann kannske, og þó líklega ekki, skilur, því mjer dettur ekki í hug að halda, að alt þetta skilningsleysi, sem einmitt kemur hjer fram hjá hv. þm. (JJ), um almenn málefni, sem snerta lög, sje uppgerð. Jeg held, að það sje virkilega svo, að hv. þm. (JJ) skilji það ekki.[1]).

Málið, sem jeg vildi nefna og hv. þm. (JJ) taldi svo óskaplegt, það er málssókn lögregluþjónsins í Reykjavík. Ásökunin þar er mjög óvönduð, bæði hjá hv. flm. (JJ) og hjá höfundi ritsins. Dylgjurnar um það, að mál þetta sje sprottið af því, að hið opinbera hafi þurft að dylja eitthvað, eru rakalausar. Jeg hefi spurt lögreglustjórann í Rvík, hvernig standi á þessu, og hann sagði, að dylgjurnar um þetta væru gersamlegur uppspuni. Hann sagði einnig, að aldrei hefði komið til tals annað en meiðyrðamál, vegna þess, að hann áliti, að það, sem fram fór í því húsi, sem lögregluþjónninn kom í, væri þannig lagað, að það væri mjög óvíst, að mótgerðin gegn lögregluþjóninum yrði skoðuð brot gegn embættismanni við embættisverk. Það ráð var því tekið að höfða einkamál, heldur en að eiga það á hættu, að málinu yrði vísað frá, vegna þess, að það heyrði ekki undir opinbera málssókn, og þá væri kærurjetturinn í einkamálum burt fallinn, því að hann er svo stuttur.

Jeg sagði það áðan, að jeg gerði ekki ráð fyrir því að tala mikið um hið svo kallaða morðmál, en jeg ætla samt að

[1]) Ræðumaður hafði ekki yfirfarið þessa ræðu lengra en hingað, þegar hann fjell frá.

minnast ofurlítið á það. Jeg held, að hv. flm. (JJ) hafi sagt eitthvað á þá leið, að það mætti leggja nokkuð mikið upp úr dómi höfundarins um þetta mál, því að hann hefði haft svo mikla reynslu í slíkum málum, að óhætt væri að gera það. (JJ: Hann hefir lagt langmesta vinnu í þann kafla bókarinnar). Hv. þm. (JJ) sagði, að hann færði fram mest rök í þessu máli. Höfundur bókarinnar var að vísu nokkuð lengi sýslumaður, en hann hafði ósköp litla reynslu í þessum málum. Það er nefnilega svo, að reynsla í sakamálameðferð hefir enginn dómari verulega, nema dómarinn í Reykjavík. Jeg tala nú ekki um sýslumenn í sveitasýslum, svo að það er alls ekki leggjandi mikið upp úr dómi höfundar „Nýja sáttmála" þess vegna, og það er eitt merkilegt um þá menn, sem hafa litla reynslu í svona málum, að þeir halda, að þeir geti sjeð sekt eða sakleysi svona manna fyrirhafnarlítið, sjái það „út", bæði af gögnum og öðru. En það er álit þeirra manna, sem bestir eru taldir meðal dómara — og þar vil jeg sjerstaklega vitna til enskra dómara, sem kanske eru frægastir meðal allra dómara heimsins — að ekkert sje eins hættulegt og mat þeirra manna, sem ekki hafa reynslu í þessum efnum. Það er nú ekki einu sinni svo, að það, sem talið er líkur, sje það í augum manna, sem hafa haft nokkuð mikið með slík mál að gera. En setjum nú svo, að óreyndum manni sýnist vera býsna miklar líkur fyrir sekt. Þá er þó ekki eins mikið á því að byggja og því, sem rannsóknardómari, er með málið hefir farið, segir og veit um það. Hans þekking stendur ólíkt dýpra en þekking bæjarmanna, sem aðeins heyra um prófin úr blöðum og ýktum ummælum manna á milli.

Jeg minnist þess frá minni eigin reynslu, að jeg hafði einusinni með morðmál að gera. Þar voru tveir menn við riðnir. Annar þeirra játaði tiltölulega fljótt, en hinn, sem líkurnar bárust að, og meira að segja mjög miklar, játaði aldrei. Það var gengið nokkuð hart að þessum manni, af því að líkurnar voru, í augum mínum og annara, sem til þektu, svo afskaplega sterkar. Svo fór að bera á því, að maðurinn virtist vera eitthvað ruglaður. Jeg bar mig saman við geðveikralækninn, og vorum við báðir sammála um það, að þetta mundi vera uppgerð. Svo liðu tímar, og aldrei komst maður lengra en svo, að það voru aðeins líkur, og maðurinn neitaði stöðugt. Svo var loks ekki annað ráð en að setja manninn í geðveikrahælið á Kleppi. Þetta var árið 1914. Þar er maðurinn enn, annaðhvort vitskertur eða eitthvað minna ruglaður, og hefir aldrei nokkur skapaður hlutur frekar komið í ljós um það, að hann væri sekur, miklu fremur það, sem heldur fer í gagnstæða átt. Jeg hefi, síðan jeg hafði þetta mál til meðferðar, verið bæði ragari við að byggja á líkum, og sömuleiðis verið ragari við að heimta af öðrum, að þeir byggi á líkum. Ef maðurinn hefir verið saklaus, sem vel getur verið, þá á jeg að vísu enga sök á því, hvernig fór, enda veit jeg, að enginn, sem til þess morðmáls hefir þekt, hefir talið það, en það eru þá hegningarlögin og rannsóknaraðferðin, sem eiga sökina á því, að maðurinn hefir síðan verið vitskertur. Þeir, sem hafa vit á þessu, eða hafa reynslu í þeim efnum, þeir láta ekki hrífast af því, þó að líkur sjeu um það, að maður sje sekur, því að það getur verið svo, að það, sem rannsóknardómarinn hefir upplýst, sje ekki einu sinni

líkur. Jeg veit það ósköp vel, að það er ekki til neins að tala svona við hv. flm. (JJ). Hann annaðhvort tekur ekki eftir því eða skilur það ekki. En jeg vona, að margir, sem þetta heyra, muni skilja það, einkum og sjer í lagi, ef þeir hafa reynt og athugað sálarástand annara manna, reynt að skygnast undir yfirborðið í þesskonar sökum. Jafnvel höfundur ritsins sjálfur held jeg að mundi ekki skilja þetta, því að hann er auðsjáanlega svo bundinn við löngu yfirgefna hegningarmálaskoðun, að hann myndi ekki geta skilið það. Jeg veit það, að á meðan málið var á ferðinni, en jeg var þá ekki dómsmálaráðherra, fylgdist skrifstofustjórinn í stjórnarráðinu með um málið, og jeg get sagt það, að hann, eins og bæjarfógetinn, var sannfærður um það, að maðurinn væri ekki sekur, því að það er lítið að byggja á því, þótt maðurinn hafi orðið tvísaga, eða ekki munað rjett, því að það er ótrúlegt, hvað reynslan hefir sýnt, að vitni eða sakborningar muna lítið eða muna skakt. Það voru eitt sinn gerðar margar tilraunir með það, hve áreiðanlegt sje minni vitna, og það kemur í ljós, að það er ótrúlegt, hvað menn muna lítið, taka lítið eftir o. s. frv.

Svo leyfir hv. þm. (JJ) sjer (jeg man ekki, hvort nokkuð er um það í „Nýja sáttmála) að fara að finna að eða tala um merkilegan dóm í Kveldúlfsmálinu (landhelgisbroti). En þótt það mál færi öðruvísi í hæstarjetti en í undirrjetti, þá get jeg sagt hv. þm. (JJ) það, að þegar jeg ákvað að áfrýja því máli, var jeg alls ekki viss um, að annað yrði ofan á, en fanst málið svo vafasamt, að rjett væri að láta æðsta dómstól skera úr því. En það er oft örmjótt á milli, hvort dómari ákveður að áfella eða sýkna. Þess vegna er um þetta talað af manni, sem ekkert getur um það borið, þegar talað er um það, að þessir dómar sjeu undarlegir.

Jeg held, að þetta nægi í rauninni, sem jeg hefi sagt, til þess að sýna, að það er óvarlegt af hv. flm. (JJ) að vera að bera þetta mál fram hjer, eða vera að tala um slælega rannsókn. Það er einnig broslegur barnaskapur hjá höf. „Nýja sáttmála" og hv. flm. (JJ) að ásaka dómarann fyrir það að bóka rjett það, sem sakborningur hefir sagt. Þetta er ásökun um það, að dómarinn skuli vera svo lítilþægur, svo mikið vesalmenni að bóka rjett það, sem sakborningur hefir sagt. Nú get jeg sagt hv. þm. (JJ) það, sem hann ekki veit, að það er einmitt mjög nákvæmleg bókun á framburði sakborninga í stærri málum, sem hefir hina mestu þýðingu. Framburðurinn er oft ekki aðeins bókaður í einu lagi, heldur líka spurningarnar og svörin, því að það er oft mjög mikils virði að bóka þetta eins og sakborningur hefir sagt það, og svo á þetta að vera einhver óskapleg vesalmenska. Þó að þessu sje haldið fram í „Nýja sáttmála", ætti hver heilskygn maður að sjá, að það er hreinasta fásinna. Það er óráðvendni gagnvart sakborningi og embættislögum að breyta í nokkrum sköpuðum hlut því, sem hann hefir sagt.

Hv. flm. (JJ) ræddi nokkuð um, að hegningar vorar og hegningarfyrirkomulag og rannsóknaraðferðir væru orðnar úreltar. Hann mun nú ekki bera mikið skyn á það, en nokkuð mun þó hæft í þessu. En það get jeg fullyrt, að skoðanir manna hafa mjög breyst í þessum efnum, enda skal jeg játa, eftir að hafa fylgst vel með í þessu, að jeg hefi

fengið þá trú, að þær kenningar hafi meira gildi fyrir heiminn, sem miða að því, að farið sje betur með afbrotamenn. Jeg get ekki farið langt út í þessar kenningar, sem eru margvíslegar og menn ekki sammála um. En af því að talað hefir verið um, hvað linlega væri hjer á eftir fylgt um einstök atvik í framkvæmd þeirri að refsa afbrotamönnum, þá ætla jeg að tala ofurlítið um, hvað aðrar þjóðir hugsa og gera í þessu efni.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. flm. (JJ) og einnig höfundur pjesans byggi báðir á refsiskoðunum 19. aldar, sem komu fram hjá Napóleon og hjeldu svo áfram að þróast, þar sem það er aðalatriðið að meta glæpi til hegningar — meta verkið sjálft eftir einskonar verðlagsskrá. Menn sögðu aðeins: Nú er glæpur drýgður. Fyrir hann á að koma þessi hegning, án þess að taka nokkurt tillit til þess, sem glæpinn drýgði. Allir gleymdu sjálfum manninum, sem brotið framdi, eins og hann væri ekki til. Þannig litu menn á endur fyrir löngu.

En þessari skoðun hefir verið snúið við á seinni tíð, svo að fyrsta spurning þeirra manna, sem hinni nýju kenningu fylgja í þessu efni, er sú: Hvað er hægt að gera við manninn, sem brotið framdi, svo að ekki stafi hætta af honum framvegis, og hvernig verður búið við slíkan mann, svo að sem tryggast sje, að hann brjóti ekki aftur?

Fyrir þeim mönnum, sem þessari kenningu fylgja, vakir hið sama og læknunum. Þeir grafast fyrir sjúkdóminn, reyna að lækna hann og fyrirbyggja með ráðstöfunum sínum, að hann taki sig upp aftur. Þeir, sem trúa á mannúð og vægð gagnvart brotamönnum, treysta því, að hægt sje að lækna þá til fulls og fyrirbyggja, að þeir brjóti aftur. Þess vegna hafa margar ráðstafanir verið gerðar úti um allan heim í þessu efni og gefist vel, t. d. að taka tillit til brota ungra manna og geðbilaðra, og sleppa um stund brotum fullþroskaðra manna, með það fyrir augum, að þeir bæti ráð sitt.

Það er mikið rjett, sem haldið er fram, að hegningarlöggjöf okkar sje orðin á eftir tímanum. En þeir segja báðir, hv. flm. (JJ) og höfundur pjesans: Við höfum lög, og lög eru lög, sem fara verður eftir. Þetta, sem þeir bera fram, er nú kanske að ýmsu leyti rjett, en nú vill svo vel til, að brotið hefir verið stórt skarð í hegningarlögin, með lögunum um skilorðsbundna hegningu, og með ákvæði stjórnarskrárinnar um, að sleppa megi málssóknum, þegar sjerstaklega stendur á, að jeg ekki nefni náðunina, sem gefur brotamönnum upp allar sakir. Með þessum lögum er ákæruvaldið frjálst að því, hvernig fara eigi með afbrotamenn, hvort hegna eigi þeim eða sleppa í bili. En það er mikið vandameira að fara með ákæruvaldið, þegar greina á milli þeirra, sem þarf að hegna, og hinna, sem á að sleppa, því að sumir líta svo á, að iðrun og hugarangur sumra brotamanna sje þeim það þung hegning, að á hana sje ekki bætandi.

Annars ætla jeg ekki að fara út í það við hv. flm. (JJ), hvaða ráð skuli höfð við þá, sem altaf eru að brjóta upp aftur og aftur. Það er eflaust vandaminst fyrir ákæruvaldið að fylgja lögunum og segja við þann, sem kærður er: Þú hefir brotið. Þú skalt þess vegna í svartholið. Og það vantar síst, að sá dómarinn fær hrós, sem rekur brotamenn hópum saman í hegningarhúsið, en hinn,

sem fara vill samviskusamlega í sakirnar og lítur á þann, sem brotið framdi, eins og meðbróður sinn, hann fær harðari dóm og verri, þegar þessir tveir valdsmenn eru bornir saman. Það eldir svo sem eftir af þeirri gömlu skoðun enn, að það sje afar mikilsvert að hræða þá til meðkenningar, sem ákærðir eru, og hegna þeim, sem brjóta.

En sagan sýnir best, hvernig þetta hefir reynst. Á meðan harðast var farið með brotamenn og hegningarnar voru verstar, þá var virðingin minst fyrir lögum og rjetti.

Mjer skildist, að hv. flm. (JJ) vildi hafa mikla hegningu, þó að hann hins vegar nefndi ekki dæmi nein í því sambandi eða benti á, hve mikil og hörð hegning skyldi lögð við þessu og þessu broti. En jeg skal nefna eitt dæmi, sem oft er gripið til, þegar minst er á harða og mikla hegningu:

Manngarmur, sem talinn var geggjaður, gerði tilraun til að myrða Loðvík XV. Maðurinn var dæmdur af lífi og tekinn af að viðstöddu afarmiklu fjölmenni. Og eftir því, sem sagan segir frá, voru það ótrúlegustu kvalir og pyntingar, sem manninum voru sýndar. Þegar búið var að kvelja úr honum lífið, var líkaminn partaður í sundur og hestar látnir draga líkamshlutana um torgið til að þóknast æstum mannfjöldanum. En þess er sjerstaklega getið, sem dæmi upp á, hvað fólkið var orðið sljótt, að þegar aftakan var um garð gengin og búið að brenna líkamshluta mannsins til ösku, þá mælti ein heiðarfrúin, sem horft hafði á þennan sorgarleik, þessum orðum: Ó, Jesús minn! hvað jeg kendi í brjósti um vesalings hestana.

En hjer kemur eitt til athugunar, þegar verið er að tala um milda eða harða dóma, og það er, að taka verður tillit til almenningsálitsins. Og þá kemur spurningin: Er íslenska þjóðin nógu þroskuð til þess að bera þetta? Jeg veit ekki, hvað menn mundu alment segja, en benda vil jeg á það, að í sögum okkar er aldrei um langar pyntingar að ræða, heldur er þar um mildari hegningar að ræða en tíðkuðust annarsstaðar á sama tíma. Jafnvel á Sturlungaöldinni, sem oft er vitnað í, beittu menn ekki slíkri hegningu við brotamenn eins og dæmi annara þjóða sýna. Og sama var einnig á þeim tíma, þegar erlenda valdið rjeð hjer lögum og lofum, að minna bar á löngum og kvalafullum pyntingum hjer, á móts við það, sem tíðkaðist í nágrannalöndunum.

Jeg held virkilega, að þjóðin sje fær um að meta svona aðferðir um hegningu brotamanna, þó að hálfmentaðir menn í þessu efni geri sig að dómurum í þeim sökum, sem þeir auðsjáanlega bera ekki nokkurt skynbragð á.

Jeg veit líka, að hjer líta menn alt öðruvísi á brotamenn en hv. flm. (JJ) vill láta skína út úr því almenningsáliti, er hann heldur skildi fyrir. Mjer er kunnugt um stórþjóf, sem verið hefir hjer í hegningarhúsinu og unnið með fjölda manna, en aldrei orðið annars var en að skift væri við hann eins og aðra menn.

Þeir, sem eru að tala um, að enginn munur sje gerður á sekum og saklausum, eru hræsnarar. Þeir tala eins og Farisear, vegna þess að þeir vita sig ekki hætis hót betri en hina, sem uppvísir hafa orðið að því að brjóta í bága við lög og reglur þjóðfjelagsins. Það eru fáir jafnhreinskilnir eins og skáldið Göethe, sem haft er eftir, að það

væri ekkert það brot til, sem hann hefði ekki getað drýgt einhverntíma á æfinni.

Að jeg hefi talað svona lengi um þetta eina atriði, byggist á því, að jeg ætlast til, að framkvæmdir mínar á þessu sviði fyr skýri sem best, hverjar muni verða framkvæmdir mínar framvegis, þegar brotamenn eiga í hlut. Og jeg þykist ekki þurfa að skýra þetta betur til þess, að mönnum skiljist, hver afstaða mín sje, eins og t. d. til stjórnarráðskvistsins, náðun Júlíönu eða til hinna þriggja manna, sem gefnar voru upp sakir. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvað sagt er um afskifti mín af þessum þrem atriðum, en það, sem jeg gerði, var ekki gert til þess að breiða yfir brot þessara manna, heldur var það sprottið af þeirri skoðun minni, að það sje þjóðfjelaginu hollast að halda brotamönnum sem lengst frá fangelsunum, þar sem andrúmsloftið er slæmt og spillandi.

Hv. flm. (JJ) varð skrafdrjúgt um byggingu stjórnarráðskvistsins og fullyrti, að hann hefði orðið óhæfilega dýr. Jeg býst nú við, að hann hefði sparað sjer slíkar fullyrðingar, ef hann hefði gert sjer það ómak að grenslast eftir, hvað mikið var gert við húsið. Hefði hann gert það, þykir mjer sennilegt, að hann hefði komist að annari niðurstöðu og hagað þá orðum sínum öðruvísi. En í staðinn fyrir það að afla sjer nauðsynlegra gagna til þess að dæma um málið, nefnir hann aðeins nokkurn hluta byggingarinnar og miðar allan kostnaðinn við það. Það sanna í þessu máli er það, að þessu gamla húsi var gerbreytt, ekki aðeins hvað alla herbergjaskipun snertir, auk margs fleira í því sambandi, heldur var einnig komið upp sjerstöku húsi handa dyraverðinum og fjölskyldu hans. Og þeir, sem þekkja, hvað það kostar að breyta gömlum húsum og gera þau sem ný, þeir segja ekki, að þessi bygging hafi orðið óhæfilega dýr.

Þá gerði hv. flm. (JJ) sjer mikinn mat úr náðun Júlíönu og þótti henni slept úr haldi eftir alt of stuttan tíma, sem hann heldur að hafi verið 4 ár. Það er nú að vísu ekki rjett með farið, að tíminn væri svo stuttur, en því ætla jeg samt að sleppa. Það má kanske segja, að 6 ár sje líka stuttur tími, en þann tíma hafði hún verið í haldi, þegar hún var náðuð. En jeg ætla að nefna það, sem maður einn, sem jeg virði mikils, sagði um náðun þessa. Honum fórust orð á þá leið, að það hefði ekki aðeins verið rjett að náða þessa konu, heldur hefði það verið það eina, sem forsvaranlegt var að gera. Og fyrir þessu færi jeg ekki aðrar ástæður en þær, sem jeg hefi hjer fyrir mjer í brjefi hjeraðslæknisins í Reykjavík. Þessi kona var sett í fangelsi árið 1913, og ætla jeg að leyfa mjer að lesa upp úr brjefi hjeraðslæknisins, sem hann segir um heilsu konunnar:

„Í gæsluvarðhaldinu komu snemma í ljós miklar meltingartruflanir, taugaveiklun á háu stigi“ o. fl. o. fl. Henni fór versnandi, svo að í apríl var það ráð tekið, að hún var sett inn í sjúkrahús. Þar var hún um tíma og hrestist svo, að hún var aftur flutt í fangelsið. En þá sótti í sama horfið, henni hríðversnaði, hún gat ekki sofið sólarhringum saman og megraðist mikið. Þá var hún aftur flutt í sjúkrahúsið, og var líðanin slæm, enda varð að gera á henni holskurð, vegna krabbameins, sem læknarnir hjeldu að gengi að henni. Í

sjúkrahúsinu var hún alllengi við slæma heilsu, en smábatnaði þó svo, að hún fór að geta aðstoðað lítilsháttar við vinnu þar í sjúkrahúsinu. Læknirinn segir, að ef hún verði flutt í hegningarhúsið aftur, muni fara á sömu leið um heilsu hennar.

Þetta hefði vitanlega mátt gera, „en það væri sama og drepa hana", bætir læknirinn við. Því var það ráð tekið að veita heldur ófullkomna uppgjöf en að láta hana ganga gæslulausa í sjúkrahúsinu.

Ef jeg eða dómarinn hefði þá haft yfir að ráða deild fyrir sjúka fanga, eins og tíðkast í öðrum menningarlöndum, þá hefði verið alt öðru máli að gegna, en jeg býst ekki við, að Alþingi hefði veitt fje til að koma slíkri deild á stofn, þó jeg hefði farið fram á það. Slík deild gæti með öllu og öllu kostað um 100 þús. kr. eða svo. Jeg læt mjer nægja þetta, en þeir um það, sem vilja ásaka mig fyrir framkomu mína. Jeg gerði það, sem jeg áleit rjettast, og það eina, sem forsvaranlegt var að gera.

Þá er það uppgjöf á hegningu þriggja manna, sem dæmdir voru fyrir innbrot. Húsið var lítilfjörlegt, auðvelt að komast inn í það. Ákvæði hegningarlaganna um innbrot „gamaldags", en mennirnir allir ungir og höfðu sætt miklum tíma af hegningunni. Jeg taldi sjálfsagt, þegar á alt var litið, að draga úr hegningunni, og rjeðst í að gefa þeim dálítið eftir af tímanum. Og engum, sem þekkir nokkuð til, hefði dottið í hug að nefna þetta á nafn mjer til ásökunar, enda tíðkast þetta í öllum öðrum löndum. En jeg vil að endingu segja það, að svona dómar, sem sumpart eru fram komnir fyrir áhrif frá miður vandaðri blaðamensku, þeir eru ekki mikils virði. Enda verður hver dómari að sætta sig við nokkrar aðfinslur í þessum sökum, og má ekki kippa sjer mikið upp við það.

Þá kem jeg að sjálfri till. eins og hún liggur fyrir.

Jeg verð að taka það fram, að mjer finst ekki sjerstök ástæða til að orðlengja mikið um 1. lið hennar. Þó skal jeg taka fram, að mjer finst það næsta broslegt, ef Alþingi færi að höfða mál út af því, þó að sagt sje eitthvað misjafnt um það. Jeg er ekki heldur viss um, að Alþingi geti það. Jeg talaði um þetta nýlega við einn af okkar þektustu og skýrustu lögfræðingum, og hann var þeirrar skoðunar, að Alþingi gæti ekki farið í meiðyrðamál. Þetta virðist þeim mönnum ef til vill ólíklegt, sem ekkert þekkja til dómsúrskurða, en svona er það samt. Þessa læt jeg aðeins getið, en hvað um það, hvort það sje fært að fara dómstólaleiðina, skal jeg ekkert fullyrða um. En hitt verð jeg að segja, að lítið legðist fyrir Alþingi, ef það þolir ekki, þó að einhver maður segi því bituryrði. Nei, jeg held, að hv. flm. (JJ) hefði átt að skjóta þessum lið till. undir þennan örugga dóm almennings, sem honum varð svo skrafdrjúgt um. Það væri þá bágt ástand í landinu, ef Alþingi þyldi ekki önnur eins gífuryrði og þessi margumræddi pjesi hefir fram að bera. Annars vil jeg í þessu sambandi láta þess getið, að mig furðar það stórum, að menn skuli hafa gert svo mikið úr því, sem stendur í pjesanum. Spurningin er, hvort höf. hans sje fær um að bera vitni í þeim málum, sem þar eru tekin til meðferðar. Höf. er gamall maður, sem auðsjáanlega er haldinn mikilli bölsýni. En hann er ekki geggjaður, eins

og hv. flm. (JJ) heldur fram. Hitt er kunnugt, að bölsýni magnast hjá gömlum mönnum, og þjesinn er ekkert annað en upptugga eldri og yngri blaðaskamma, að viðbættu hrafli hjer og þar úr skammarræðum á þingi.

Annars er jeg ekki að tala um höf. þjesans sem gamlan mann vegna þess, að jeg telji mig mikið yngri, enda mætti segja við mig líkt og Gunnlaugur á Fróðá sagði við Kötlu: Jeg væri því aðeins ungur, að ekki þyrfti jeg að bregða Sigurði Þórðarsyni um elli. En bölsýni magnast með aldri hjá sumum mönnum, og hjer er það á háu stigi.

En svo jeg víki aftur að till. og forðist að nota um hana óþingleg orð, úr því að hv. flm. er farinn að temja sjer það, ja, þá verð jeg að minsta kosti að segja, að það sje mjög óviturlegt að bera fram slíka till. sem þessa, er fer fram á, að Alþingi geri svo lítið úr sjer að fara að höfða mál gegn gömlum manni. Jeg verð að segja það, að till. er hv. flm. til stórmikillar minkunar. Alþingi er aumt, ef það þolir ekki slíkt.

Þá skal jeg víkja að seinni hl. till. Það var sagt við mig í morgun af vitrum manni, sem þekti til þessara mála, að sjer hefði þótt rjettast, að forseti vísaði till. frá. Hygg jeg, að þetta hefði sjerstaklega getað átt við seinni hl. hennar, því að það, sem þar er farið fram á, er ekkert annað en l ö g l e y s a, svo augljós, sem frekast getur orðið. Það er sem sje farið fram á, að þingið skori á mig sem embættismann ríkisins og bæjarfógetann í Reykjavík að höfða mál gegn Sigurði Þórðarsyni. Það var sú tíð, að embættismenn voru látnir höfða meiðyrðamál, og það oft, en verst var þó, að þeir gátu eftir eigin beiðni látið skipa sjer að höfða mál. Enda höfðu þeir rjett til gjafsóknar. En fyrir aldamótin kom upp megn óánægja yfir þessum einkarjetti til gjafsóknar, og árið 1894 kom fram krafa um, að þessi rjettur fjelli burt. Þetta komst þó ekki lengra í það sinn. En jafnframt kom þá fram krafa um það, að rjettur hins opinbera til þess að skipa embættismönnum að höfða mál, fjelli og niður, því að þegar rjetturinn til gjafsóknar fjelli burt, yrði þetta einnig að fylgja. Öllum þeim, sem fremstir stóðu í þessari baráttu, sem stóð í 14 ár hjá þinginu, t. d. þeim Guðjóni á Ljúfustöðum og Skúla Thoroddsen, þótti og þessi krafa sjálfsögð. Var þetta þó felt í Ed., en vakti megna óánægju meðal almennings, því að mönnum þótti þetta „ódemokratiskt".

Árið 1907 kom svo fram frv. um þetta frá stjórninni, og varð það að lögum. Þar með var rjettur embættismanna til gjafsóknar af tekinn og einnig rjettur hins opinbera til að skipa mönnum að höfða mál, og numin úr gildi ákvæði í prentfrelsislögunum þessu viðkomandi.

Það sem nú hv. flm. (JJ) fer fram á með þáltill. er það, að þingið fari að samþ. það, sem er á móti lögunum, eða endurreisa lög með þál. Þetta er hreinasta fáviska hjá hv. flm. (JJ) og er alveg óboðlegt deildinni. Er ekki hægt að komast hjá því að víta það, að þm. skuli bera fram till., sem fer í bág við gildandi lög. Maður skyldi nú halda, að rjett væri að skipa embættismönnum að hreinsa sig af sökum. Um það skal jeg ekki segja neitt að svo stöddu. En í ástæðunum fyrir frv. frá 1907 stendur þetta: „Hjer veltur því alt á því,

hvort nokkuð verulegt sje því til fyrirstöðu, að umrædd ákvæði tilskipunar 27. sept. 1799 sjeu úr gildi numin. Það er að vísu nú sem fyrir áríðandi, að „mannorð embættismanna sje óflekkað", svo að bæði landsstjórn og almenningur geti borið fult traust til þeirra. En það er mjög efasamt oft og einatt, hvort meiðyrðamál hjálpar mikið til þess að halda mannorði manns óflekkuðu. Það getur sannast í meiðyrðamáli, að ærumeiðandi áburður, hvort er á embættismann eða annan mann, sje beint ósannur, og þá nær málið auðvitað tilgangi sínum, en hitt mun tíðara, eins og eðlilegt er með því rjettarfari, er hjer er í meiðyrðamálum, að hinn ærumeiðandi áburður er dæmdur ógildur, af því að eigi hafa verið færðar sönnur á hann. Það getur því vel farið svo, að þótt embættismaður vinni meiðyrðamál, þá dæmi almenningsálitið hann sekan eins fyrir það. Á hinn bóginn er yfirboðurum embættismanna hjer eða landsstjórninni ekki þörf á þeim rjetti, er tilsk. 27. septbr. 1799 veitir í þessu efni, enda er rjettur þessi fremur gagnslítið meðal til þess að hafa eftirlit með embættismönnum og sýslunarmönnum. Ef alvarlegar sakir eru bornar á embættismann, hvort er í riti eða ræðu, þá er landsstjórninni innan handar að láta rannsaka áburðinn, þyki hann annars þess verður, annaðhvort með sakamálarannsókn eða þá með því að heimta skýrslur og yfirlýsingar af viðkomandi embættismanni".

En ef sakir eru líklegar, svo að embættismaður getur ekki setið lengur í embætti, má auðvitað taka það af honum.

Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að það sje fáviska að ætla nú að fara að reisa við þessi gömlu lög. En ef menn endilega vilja, að embættismennirnir beri af sjer áburð, þá á að stofna sjerstaka dómstóla, er dæma í þeim málum einum. Eiga dómararnir þar fullan rjett á sjálfstæðri rannsókn, en þurfa ekki aðeins að hlýða á framburð beggja aðilja. Þetta yrði þá einskonar ærurjettur. En eins og fram kom í ástæðunum fyrir stjfrv. frá 1907, er gersamlega óleyfilegt og jafnframt m i n k u n fyrir þingið að þurfa að standa hjer dag eftir dag og ræða um annað eins ó f j e t i og þessi till. er.

Sigurður Eggerz: Jeg mun í fáum orðum skýra frá því, hvað jeg tel aðalatriðið í því máli, sem hjer liggur fyrir. En til þess að lýsa afstöðu minni verð jeg í höfuðdráttum að minnast á „Nýja sáttmála". Um sjálfan höf., sem ekki er hjer viðstaddur, mun jeg sem fáorðastur.

Í „Nýja sáttmála" er lýsing á þjóðinni, þinginu, sjálfstæðisbaráttu vorri og öllu menningarástandi voru o. s. frv. Þá er lýsing á þeim mönnum, sem framarlega hafa staðið í stjórnmálunum á seinni tímum, og sú lýsing, sem gefin er af þeim mönnum, sem framarlega hafa staðið í sjálfstæðisbaráttunni, er allmjög í samræmi við afstöðu höfundarins sjálfs til stjálfstæðismálanna. Reynist nú lýsingin á þjóðinni rjett, þá mætti einnig ætla, að ýmislegt rjett væri í lýsingunni á stjórnmálamönnunum. En ef lýsingin á þjóðinni væri með afbrigðum skökk, þá mætti ef til vill einnig efast um lýsinguna á stjórnmálamönnunum.

Jeg mun ekki þylja aftur upp allar þær tilvitnanir, sem lesnar hafa verið

upp úr „Nýja sáttmála", en aðeins láta mjer nægja að lesa fáeinar tilvitnanir upp, og mun jeg þá fara eins að og hæstv. forsrh. (JM) og hv. flm. (JJ) og biðja hæstv. forseta í eitt skifti fyrir öll um leyfi til þess að mega lesa upp þessar tilvitnanir, svo jeg þurfi ekki að þreyta hann með því að biðja um leyfi í hvert sinn.

Um íslensku þjóðina segir höf. á bls. 7: „Með henni er nú að gerast, ekki sköpunarverk, heldur verk tortímingar. Nú getur hún orðið öðrum þjóðum, ekki til fyrirmyndar, heldur til viðvörunar. En til þess að það geti orðið, verða þær að veita henni eftirtekt og atferli hennar".

Þetta er þá sýnishorn af ummælunum um þjóðina. Á öðrum stað er Ísland kallað ræningjabæli o. s. frv. Ef þessi ummæli væru rjett, þá væri lítill vegsauki að því að vera Íslendingur. En eru þá þessi ummæli rjett? Er það verk tortímingar, sem er að gerast hjá þjóðinni? Er það ekki einmitt sköpunarverk, sem er að gerast á öllum sviðum? Í hvaða átt sem litið er, alstaðar blasa framfarirnar við. Hver er svo blindur, að hann sjái ekki, hvernig sjávarútveginum hefir fleygt fram? Og ekki þurfum við að roðna fyrir sjómennina okkar. Ætli margar þjóðir eigi menn, sem ötulli eru til sjósókna en við? Ekki er það heiglum hent að draga fiskinn úr sjónum á veturna í skammdegishörkunum. Á örstuttum tíma hefir farmenska vorri fleygt áfram. Og farmenn vorir hafa á sjer bæði prúðmensku- og dugnaðarorð. Á sviði landbúnaðarins eigum við ýmsa framúrskarandi áhugamenn, sem vilja skapa landbúnaðinum betri vaxtakjör. Á sviði vísindanna eigum við mjög duglega menn, sem án vafa munu auka veg háskóla vors með hverju ári sem líður. Á sviði listanna eigum við menn, sem vakið hafa eftirtekt á oss hjá fínustu listamönnum heimsins.

Sú lýsing, sem höf. „Nýja sáttmála" gefur af íslensku þjóðinni, á ekki við hana, heldur á hún við þjóð, sem lifir inni í hinu sjúka ímyndunarafli höfundarins.

Þá er hjer eitt af sýnishornunum um Alþingi: „Vildu því t. d. helstu blöðin á Norðurlöndum í hvert sinn gera fjárlögin íslensku að umtalsefni, með nauðsynlegum skýringum fyrir þá, sem ekki þekkja hjer til, þá færi ekki hjá því, að það hefði gagnleg áhrif, því það væri sama sem að setja Alþingi og landsstjórnir þess í gapastokk".

Jeg er nú ekki í miklum vafa um, að Norðurlandablöðin mundu líta öðruvísi á fjárlögin íslensku heldur en Sigurður Þórðarson. Hann segir, að þau setji Alþingi og landsstjórnina í gapastokkinn. Hvaða atriði eru þannig vaxin? Varla eru það þeir liðir fjárlaganna, þar sem fje er veitt til atvinnubóta, samgöngubóta, strandvarna, verklegra framkvæmda yfir höfuð. Varla það fje, sem veitt er til fræðslumála, til dómgæslu, til heilbrigðismála o. s. frv. Ekki er það fje, sem veitt er til að efla listir og vísindi. Allar þessar fjárveitingar sýna, að hjer er menningarþjóð, sem er á óðfluga framsókn.

Ef Norðurlandablöðin, sem lesa bók Sigurðar Þórðarsonar, þektu ástandið hjer, þá væri það ekki Alþingi og landsstjórnin, sem færu í gapastokkinn, heldur mundi höf. „Nýja sáttmála" sitja þar fastur til eilífs nóns.

Um Alþingi er og sagt, að það sje undirrótin að allri spillingu í landinu.

Þau eru ekki mjúk ummælin um þessa veglegustu stofnun þjóðarinnar. Jeg hika mjer nú ekki við að fullyrða, að þetta háa Alþingi sje mjög heiðarlegt í alla staði. En hinsvegar eru gerðar hjer, eins og á öllum löggjafarþingum svo margar ráðstafanir, sem grípa svo djúpt inn í alt líf þjóðarinnar, að eðlilegt er, að dómarnir um þingið sjeu jafnan mjög mismunandi. En hvernig sem þeir dómar annars eru, þá er ekki hægt að komast fram hjá því, að í þinginu er falin spegilmynd af þjóðinni sjálfri. Og þó utan þingsins sjeu ef til vill ýmsir betri menn en á þinginu, þá er það þó svo að jafnaði, að í hverju löggjafarþingi sitja menn úr hópi bestu manna þjóðanna.

Ekki mundi jeg hræðast það, þó erlendar þjóðir fengju að horfa framan í þjóðarfulltrúa vora. Varla trúi jeg, að þeir í þeim andlitum sæju þá drætti spillingarinnar, sem Sigurður Þórðarson er að leitast við að festa í hugum lesenda sinna hjer og erlendis.

Er þetta ekki alt saman óráð hjá hv. höfundi? Sama óráðið og þegar hann var að tala um þjóðina sína.

Hjer koma þá næst nokkur sýnishorn af ummælunum um fullveldið og baráttuna fyrir því. Og þau ummæli eru ekki minna furðuleg en það, sem á undan er komið: „Meðan landið er að sökkva sem dýpst niður í óstjórnarendemið, er það leitt til sætis með óháðum og fullvalda ríkjum heimsins".

Enn segir hjer: „Barnaskapur er vægasta heitið, sem unt er að velja ólánlegasta og óviturlegasta sporinu, sem íslenskir fulltrúar hafa stigið í öllu þessu máli: uppsagnarákvæðinu á sambandinu við Dani. Það er tvent í senn: óþarft og skaðlegt. Komist Íslendingar einhverntíma það í veg, að þeir viti sig geta verið án sambandsins við Dani, munu þeir hafa ráð með að losa sig úr því, þótt ekki hafi verið samið um það fyrirfram. Ákvæðið var því óþarft. Og skaðsemi þess hefir verið í hælunum á því síðan það skreið úr egginu".

Þá segir höf. ennfremur: „Og þær afleiðingar getur sú pólitík enn haft, að í framtíðinni verði það talin söguleg vissa, að bein samvinna hafi verið milli sumra Norðmanna og sumra Íslendinga síðan 1907. Hvernig skyldi t. d. í framtíðinni verða dæmt um slíkan fyrirburð sem þann, að eftir að það hefir sýnt sig, að málalokin 1918 hafa fært norsku hreyfingunni nýtt fjör, heldur sjálfstæðismaðurinn Bjarni Jónsson frá Vogi því fram bæði á Alþingi og utan þess, að sambandinu við Dani skuli að sjálfsögðu lokið 1940 (þ. e. á næstu árum þar á eftir)? Hann minnist ekki á þá sjálfsögðu afleiðingu af sambandsslitum við Danmörku, að landið hverfur undir Noreg (ekki er að óttast stórveldin, því að þau eiga ekki með að ráðstafa landinu, þegar það er skilið við Danmörku!)".

Hvað á nú að segja um ummæli eins og þessi? Hjer er beinlínis gefið í skyn, að þetta land hverfi undir Noreg, ef uppsagnarákvæði sambandslaganna verði notuð. Ekki að tala um hina djúpu fyrirlitningu, sem kemur fram á allri sjálfstæðisbaráttu vorri, og hinn megna misskilning á kjarnaatriði sambandslaganna. Uppsagnaratriðið var skoðað sem aðalatriði sambandslaganna, og jafnframt sem hið ljósa og ótvíræða einkenni fullveldisins. En

þessu atriði vill Sigurður Þórðarson kippa burt úr sambandslögunum. Miklir menn erum við, Hrólfur minn!

Hjer stendur enn á bls. 152: „Nú eiga Íslendingar kost á baráttu, ef ekki á að láta reka á reiðanum, uns smáþjóð þessi verður tekin til hirðingar af öðrum þjóðum, sem óþrifakind í sauðahjörð".

Eru það ekki hugnæm orð að láta kalla þjóðina okkar óþrifakind í sauðahjörð. Og sjá ekki allir, hvað þessi bending um, að aðrar þjóðir eigi að taka hana til hirðingar, er þrungin af hinni heitu ættjarðarást höfundarins.

Á ummælum þessum, sem jeg hefi tilfært, sjá menn nú, hvers eðlis „Nýi sáttmáli" Sigurðar Þórðarsonar er. Þar er þjóð vor og þing smánað. Þar er gert lítið úr fullveldi voru og öllu, sem íslenskt er og okkur er kært.

Hvernig getur nú Sigurður Þórðarson fengið sig til að skrifa svona bók? Jeg hefi verið að reyna að finna einhverjar sálarfræðilegar skýringar á því.

Jeg sje fyrir mjer mynd úr skólasögunni. Það var einu sinni við morguntíðir í latínuskólanum. Kennarinn sat þá sem oftar á upphækkuðum palli. Stóllinn bilaði undir honum. Söngurinn hætti. En æskan hláturmilda hló í hverju horni. Kennarinn skildi ekki þennan græskulausa gáska. Hann varð reiður, tók brotin úr stólnum og kastaði þeim sínu í hverja áttina. Hann var að hefna sín fyrir hláturinn. Jeg sje nú Sigurð Þórðarson á öðrum stóli. Hann situr inni í hinum gamla tíma. Alstaðar er auðmýktin í kringum hann og gyltu hnappana. En svo bilar stóllinn. Hinn nýi tími grípur í strenginn. Og æskan, sem ber hinn nýja tíma á örmum sjer, hún fer að brosa yfir gömlu auðmýktinni, sem hjúfraði sig í kringum gyltu hnappana. En þetta þolir Sigurður Þórðarson ekki. Því fer honum eins og kennaranum. Hann tekur stólbrotin og kastar þeim á ringulreið sínu í hverja áttina. Þessi stólbrot eru hinar ranghugsuðu árásir á Ísland, sem er ættjörð Sigurðar Þórðarsonar, eins og okkar hinna. Með öðrum orðum: Sigurði Þórðarsyni finst sjer ofaukið í hinum nýja tíma. Hann saknar auðmýktarinnar, sem hjúfraði sig um líf hans inni í gamla tímanum, og svo fer hann að mála alt svo svart, eins og það væri einhver andskoti okkar þjóðar, sem vildi tylla ótal drísildjöflum upp á hvern snaga í hinu litla þjóðfjelagi voru.

Svona bók getur orðið til í hvaða þjóðfjelagi sem er, ef aðeins einn einasti maður er til, sem hugsar svona. En auðvitað væri það best, að enginn svona hugsandi maður væri til. En nú er það staðreynd. En aðalatriðið í málinu er þó, að þroskinn í þjóðfjelaginu væri svo mikill, að svona bók væri fædd með öllum ótvíræðum dauðamerkjum á sjer. En hvernig var þá bókinni tekið? Í móttökunni, sem bókin fjekk, finst mjer liggja verulega pólitíska atriðið í þessu máli. Og því er nú ver, að bókinni var í byrjun tekið vel, og sjerstaklega í þeirri átt, þar sem skyldugt var, að hún mætti sem mestum kulda.

Annars, áður en jeg vík nánara að þessu, þá skal jeg taka fram, að jeg mundi ekki finna til neinnar gleði, þó Sigurði Þórðarsyni, 70 ára gömlum, yrði hegnt með harðneskju fyrir þessi skrif. Jeg fylgi mannúðarstefnunni, sem hæstv. forsrh. (JM) rjettilega telur einkenni hins nýja tíma. Sig. Þórðar-

son virðist aftur vera talsmaður harðneskjustefnunnar, sem trúir á tugthúsin og vill láta hegna eftir strangasta bókstaf laganna. Jeg tel heppilegra, að 10 sekir sleppi við hegningu, heldur en einum saklausum sje hegnt. Á seinni tímum hefi jeg að minsta kosti í öðrum löndum heyrt fundið meira að of mikilli hörku hjá dómurunum en of mikilli vægð.

En nú sný jeg mjer aftur að aðalatriðinu í þessu máli. Jeg hefi lýst bókinni. Hún er árás á þjóðina, á Alþingi, á fullveldið, á svo að segja alt, sem íslenskt er. En hvað segir svo stjórnarblaðið „Vörður", sem gefið er út af miðstjórn Íhaldsflokksins, stjórnarflokksins? Hvað segir það um bókina? Þar kemur svartasti bletturinn í öllu málinu. Í „Verði" 27. febrúar — jeg held á honum hjer í hendinni, svo að enginn getur rengt mig — í „Verði" er lofsöngur um höfund „Nýja sáttmála". Að vísu eru einhverjar málamyndaafsakanir í þá átt, að kenningarnar um fullveldið sjeu órjettmætar. En þær afsakanir sýnast vera rjett til málmynda, er þær eru bornar saman við hið mikla lof um höfundinn.

Jeg vil leyfa mjer að sýna lítið sýnishorn af móttökunum, sem bókin og höfundurinn fær í stjórnarblaðinu, sem gefið er út af miðstjórn Íhaldsflokksins. Hjer eru tvö gullkorn: „Bók Sigurðar Þórðarsonar, „Nýi sáttmáli", varð útseld, og gat sjer landsfrægð á fáum vikum". — Og ennfremur: „Sigurður Eggerz bregður honum um landráð. Slíkt tal nær auðvitað engri átt, og þó því síður, sem alt ritið ber fagran vott um sterka ættjarðarást og alvöruþrungna tilfinningu fyrir sóma og heill Íslands, órólega og kröfuharða þrá eftir siðferðilegri og menningarlegri framför hins íslenska þjóðfjelags".

Hver skyldi nú trúa, að þessi ummæli stæðu í stjórnarblaðinu? En þau standa þar. Fyrir hvað á þessi bók að hafa getið sjer landsfrægð? Fyrir ummælin um þjóðina, þar sem henni er líkt við kláðakind? Fyrir ummælin um þingið, sem spillingin er talin stafa frá? Fyrir árásirnar á fullveldið?

Eða er það fyrir skilninginn á atvinnulífi voru? Höf. segir, að ekkert þurfi að gera fyrir sjávarútveginn. — Eða er það trúin á framtíð tugthúsanna og vantrúin á skólunum? Aldrei hefi jeg sjeð meira afturhald á einum stað en það, sem er í þessari vesölu bók. Stafar landsfrægðin af því? Hvernig getur stjórnarblað lofað svona rithöfund fyrir aðra eins skaðræðiskenningu og hann flytur? Úr stjórnarherbúðunum hefði þessi bók fyrst og fremst átt að mæta níðstandi kulda.

Þegar bókin nú verður þýdd á erlendar tungur og jafnframt þess getið, að stjórnarblaðið skipi höfundi ritsins í fremstu röð íslenskra stjórnmálamanna, þá verður auðvitað tekið mark á bókinni. Hún er búin að fá á sig opinberan stimpil. En hvaða mynd festist í hugum erlendra manna, sem lesa þessa bók með stjórnarstimpilinn? Hve „skrumlaus, fagurgalalaus og alvöruþrungin" er ekki tilfinning Sigurðar Þórðarsonar og „Varðar" fyrir sóma Íslands!

En hver er nú afstaða stjórnarinnar til þessa bæklings? Mjög eðlilegt er, að afstaða stjórnarblaðsins sje skoðuð sem afstaða stjórnarinnar. Jeg trúi nú samt ekki því, að afstaða núv. forsrh. sje sama og afstaða stjórnarblaðsins. Jeg vil sýna hæstv. forsrh. þá sanngirni að taka þetta fram. En auðvitað er enn

engin afneitun á kenningum „Nýja sáttmála“ komin fram af stjórnarinnar hálfu. En þessi afneitun verður að koma fram. Vegna afstöðu vorrar út á við er það nauðsynlegt, að af hálfu stjórnarinnar komi fram skýlaus afneitun á þessari kenningu, og þá ennfremur afneitun á stjórnarblaðinu „Verði“.

Jeg hefi nú gert hreint fyrir mínum dyrum og lýst afstöðu minni til þessa máls.

Jeg mun ekki á neinn hátt víkja að hinum persónulegu árásum, sem í þessari bók eru á mig og þá aðra, sem harðast hafa verið úti í sjálfstæðisbaráttunni. Jeg hefi í blaðagrein vikið að þessum árásum og sýnt fram á þar, að þær eru alveg af sama tæi og árásir þær eru, sem í andstöðublöðunum dynja á þeim, sem við stjórnmál fást. — Jeg hefi um dagana fengið of mikið af slíkum árásum til að kippa mjer upp við þær. Jeg hefi sagt það einusinni áður og mun segja það hjer enn: Þegar blaðaskammir dynja á mjer, þá hefir mjer að jafnaði virst, að jeg væri á rjettri braut, en þegar um hefir kyrst, hefi jeg farið að hugsa um, hvort jeg væri ekki að gera eitthvað vitlaust.

Jeg vil að lokum endurtaka þau tilmæli mín til hæstv. forsrh. (JM), að hann á algerlega ótvíræðan hátt afneiti kenningum Sigurðar Þórðarsonar í „Nýja sáttmála“, svo að það megi verða öllum ljóst, bæði með vorri þjóð og erlendum mönnum, að stjórnarblaðið sje í algerðri andstöðu við stjórnina í þessu máli. En enginn skuggi af vafa má vera yfir því atriði.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara örfáum orðum um tillögu þá, er hjer liggur fyrir, einungis að því leyti, sem hún snertir mig sjerstaklega sem hjeraðsdómara í Rvík, svo og um ræðu hv. flm. (JJ).

Árás Sigurðar Þórðarsonar fyrv. sýslumanns, í ritinu „Nýja sáttmála“, á mig, beindist, eins og kunnugt er, aðeins að embættisstarfsemi minni, og þó ekki nema að einum af mörgum þáttum hennar, nefnilega meðferð sakamála. Við hina aðra embættisstarfsemi mína virðist hann ekkert hafa að athuga og heldur eigi við manngildi mitt.

Árásinni mátti skifta í tvent, nefnilega algerlega órökstuddar dylgjur um það, að jeg styngi sakamálakærum undir stól og ljeti þær ekki koma fram, og „kritik“ á rannsókninni út af hvarfi Guðjóns sál. frá Melum, eða hinu svo nefnda Guðjónsmáli.

Af því að ómögulegt var að vita, við hvað var átt með dylgjunum, ljet jeg mjer nægja, að því er þær snerti, að lýsa þær opinberlega ósannar og vísa þeim heim til föðurhúsanna sem ómaklegum í garð minn og fulltrúa minna, og hefir höfundurinn orðið að kyngja þeim niður aftur með þögninni.

Um rannsóknina í Guðjónsmálinu skrifaði jeg hinsvegar allítarlega í brjefi, er jeg sendi höf. fáum dögum eftir útkomu pjesa hans, og þykist hafa leitt þar rök að því, að líkurnar fyrir því, að Aðalsteinn hefði myrt Guðjón sál. sjer til fjár, væru ekki aðrar en þær, sem bygðar væru á drykkjurausi „kroniskra alkoholista“ og bæjarþvaðri, er reyndist ekki annað en þvaður, þegar farið væri að rannsaka það. Þetta brjef mitt var síðar birt í Morgunblaðinu og víðar, svo að það er alkunnugt orðið. Ætla jeg mjer ekki að

fara að hafa upp innihald brjefsins hjer, til þess að önnur útgáfa komi af því í Alþingistíðindunum, eins og hv. flm. (JJ) hefir með upplestri sínum í gær gert það að verkum, að 3. útgáfa mests hluta af „Nýja sáttmála“ kemur þar.

Auk þess hefir þáverandi fulltrúi minn, sem með rannsóknina fór framan af af minni hálfu, ritað um málið allítarlega í blaði því, „Stormi“, er hann gefur nú út, og haldið um það fjölsótta, opinbera fyrirlestra, bæði hjer og í Hafnarfirði.

Jeg held, að mjer sje því óhætt að treysta því, að allur almenningur sje búinn að átta sig á því, hve rakalaus þessi árás á embættisfærslu mína var, og að jeg standi nokkurn veginn jafnrjettur eftir í almenningsálitinu; að minsta kosti hefi jeg ekki merkt annað.

Hv. flm. (JJ) gat þess, að fyrsta útgáfa „Nýja sáttmála“ væri nú útseld og önnur komin út, og fanst mjer hann vilja ráða þar af, að mikið mark væri tekið á ritinu.

Jeg get nú ekki verið honum sammála um, að svo þurfi að vera.

Íslendingar hafa, því miður, þann ókost, að þeim þykir gaman að hlusta á og lesa skammir um náungann. Sá, sem græða vill á útgáfu pjesa eða blaða, þarf því oft ekki annað, til þess að fá kaupendur, en að ráðast á og skamma menn — því fleiri og því gífurlegar, því betur gengur ritið út. Mjer er t. a. m. kunnugt um, að 2500 eintök hafa selst hjer í bænum á einni viku af „Harðjaxli“ Odds Sigurgeirssonar, „hins sterka af Skaganum“, og hefi jeg þó ekki heyrt, að mark sje tekið á því, sem í því blaði stendur.

Hv. flm. (JJ) er sjálfur riðinn við blað, sem sent er út í þúsundum eintaka vikulega, og get jeg hugsað mjer, að nokkuð af þeirri útbreiðslu, sem það blað hefir fengið, stafi meðfram af því, að í því eru oft skammir.

Þá virðist mjer hv. flm. (JJ) vilja bera saman árás þá, er jeg varð fyrir í „Nýja sáttmála“, og árás þá, er hann varð sjálfur fyrir af hálfu höfundar þessa pjesa, í grein í blaði einu hjer í bænum, og líta svo á, að gæti jeg látið vera að fara í mál út af árásinni á mig, þá gæti hann og látið vera að fara í mál út af árásinni á sig.

Hjer skjöplast hv. flm., sem oftar, mjög, að mínu áliti, því þessar tvær árásir eru að engu leyti sambærilegar.

Eins og jeg tók fram áðan, snertir árásin á mig, þótt á rökum væri bygð, ekki manngildi mitt eða mína borgaralegu æru. Hún snertir aðeins eina hlið embættisstarfsemi minnar, og þótt jeg væri óduglegur sakamáladómari, þá gæti jeg haldið óskertri embættisæru minni fyrir því, ef jeg væri duglegur embættismaður á öðrum sviðum.

Hv. flm. (JJ) hefir hinsvegar verið lýstur „ærulaus lygari og rógberi“, með öðrum orðum, því er lýst yfir, að hann sje búinn að ljúga og rægja svo mikið, að hann sje orðinn ærulaus. Þetta er sú gífurlegasta ásökun, sem jeg get hugsað mjer á nokkurn mann, og ef hún væri fyllilega á rökum bygð — en það getur hún ekki verið, því enginn maður getur verið ærulaus — þá skákaði hún hv. flm. (JJ) eiginlega út úr mannfjelaginu og skipaði honum í flokk með kvikindum, sem menn rökræða eigi mál við, heldur sveia eða sparka í, ef þau verða of nærgöngul — svona gífurleg er ásökunin í garð hv. flm. (JJ)

Flm. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh.

(JJ) hefir nú í dag flutt hjer í hv. deild allítarlegt erindi um meðferð sakamanna, sem jeg verð að segja um, að fremur hefði átt heima í tímaritsgrein heldur en í þingræðu, eins og mun verða athuguð á sínum tíma.

En fyrst ætla jeg að víkja að því, þar sem hann var að tala um ósamræmi milli ritdóms hv. flm. Str. (TrÞ), er birtist í Tímanum 9. jan., og till. þeirrar, er jeg hefi borið fram og er nú hjer til umr.

Í þessum ritdómi tekur ritstjórinn það fram, að þó að höf. „Nýja sáttmála" sje íhaldsmaður, þá fari hann ekki í neina launkofa með það, sem hann telur vera ókosti í stjórnarfari þeirra manna, er mestu ráða í flokki hans, og ritstjórinn bætir við, að sumt af því, sem Sigurður Þórðarson færi Íhaldsflokknum og stjórn hans til saka, sje það sama og blað hans, „Tíminn", hafi oft og margsinnis tekið fram, að væri vítavert í stjórnarframkvæmdum flokksins. En ritstjórinn víkur að ýmsu fleiru, sem Sigurði Þórðarsyni hafði skotist yfir að taka upp í bók sína, og nefnir þar til Krossanesmálið fræga, fjáraukalögin miklu, sem fræg eru orðin að endemum, og kvennaskólafrv., sællar minningar, er var hjer á ferðinni í fyrra og nú er risið upp að nýju, með þeim viðauka, er hæstv. mentamálaráðh. (JM) mátti hvorki sjá nje heyra nefndan í fyrra.

Annars virðist hæstv. forsrh. (JM) hafa gleymt niðurlagi „Nýja sáttmála" og ekki athugað það, sem ritstjórinn segir um hann, því að í ritdóminum stendur skýrum orðum, að látið verði bíða að rita um niðurlagskafla bókarinnar þar til tækifæri gefist. Og tækifærið, sem bíða átti eftir, var það, að láta stjórnarblöðin hlaupa á sig, eins og líka tókst og hv. 1. landsk. (SE) hefir rjettilega bent á. Fyrir ritstjóranum vakti ekkert annað en að bíða eftir framhleypni stjórnarblaðanna og að sjá þann vanda, sem slík gagnrýning skapaði stjórninni.

Hefði jeg verið í vafa um undirbúning þessa máls frá minni hendi, þá hefi jeg að minsta kosti nú sannfærst um rjettmæti till., eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. forsrh. (JM). Hann er ekki ræðumaður, eins og kunnugt er, enda tekist þetta bágast, því svo klaufalega hefir hann talað í dag, að undrum sætir. Það var eins og kenna mætti í ræðu hans einskonar innra klofnings í sálu hans, en af því leiðir, að rökin verða máttlaus og efni ræðunnar svo sundurleitt, að erfitt er að henda reiður á því.

Þar að auki ruglast hann svo í ríminu, að hann getur ekki greint rjett frá röngu. Hann segir t. d., að jeg hafi ekki skrifað gagnrýni á bókinni fyr en eftir það, að höf. hennar hafði ráðist að mjer með óbotnandi skömmum. Með því vill hann gefa í skyn, að persónuleg óvild mín til Sigurðar Þórðarsonar hafi ráðið penna mínum, er jeg reit um bókina. Sannleikurinn er sá, að Sigurður Þórðarson ræðst á mig fyrir þá „kritik", sem jeg skrifaði um bók hans, eftir að stjórnarblöðin höfðu hlaupið á sig og mælt með því, að landið afsalaði sjer rjetti í hendur erlends valds.

Afstaða mín til þessa rits er sú, að þar sem nafn mitt er hvergi nefnt í bókinni, þá get jeg ekki tekið fremur til mín það, sem þar er sagt, heldur en aðrir þm., og hefi því enga ástæðu til að

halda, að höf. hennar sje ver til mín en þm. yfir höfuð. En höf. nefnir þá sjerstaklega hæstv. forsrh. (JM) og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) og fer þeim orðum um báða, að stillingu þarf til að liggja undir þeim ásökunum, sem að þeim er beint. Það er fyrst eftir að jeg birti „kritik" mína, að þessi maður ræðst að mjer, og kann sjer þá ekkert hóf um orðbragð, svo ætla má, að hann sje yfir sig reiður, eða þá geggjaður, nema hvorttveggja sje.

Og svo dirfist hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) að leggja mikið upp úr orðum þessa gamla manns, sem svo er yfir sig reiður, að hann hefir enga stjórn á sjer. **(JóhJóh:** Jeg sagði ekkert um það). En alt, sem í ritinu stendur til áfellingar hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), er rökstutt og er ritað rólega og með köldu blóði. Þess vegna er ekki annað hægt en taka mark á því að einhverju leyti.

Annars verð jeg að segja það, að eigi jeg að fylgja þessum lausalopa af sundurtættu röksemdaþroti í ræðu hæstv. forsrh. (JM), þá verð jeg að gera mig sekan í því að verða nærri því eins óáheyrilegur ræðumaður eins og hann. **(Forsrh. JM:** Þm. er altaf jafnóáheyrilegur).

Það er auðsjeð, þó að hæstv. ráðh. (JM) þekki dálítið til laga og hafi lesið eitthvað af íslenskum bókum, þá er hann ekki betur að sjer í pólitík en svo, að hann heldur, að stjórnarafbrot fyrnist eins og skuldir. Nei, stjórnarráðskvisturinn fyrnist ekki, og ef trúa má almannadómnum, þá mun Guðjónsmálið ekki fyrnast heldur.

Þá vitnaði hæstv. forsrh. (JM) í það, sem jeg hafði áður tekið fram, að Englendingar gerðu strangar kröfur til embættismanna sinna, en gat þess þó, að einhver maður, sem sagt var um, að vakið hefði hneyksli með framkomu sinni, hefði orðið ráðherra. Jeg hefi nú bent á, að þetta er ekki rjett; en jeg held, að hæstv. ráðherra (JM) hafi flaskað á þessu tvennu, að í Englandi er tekið hart á því, ef embættismenn s a n n a n l e g a gera sig seka um hneykslanlegt athæfi; en það er ekki tekið hart á því, þó að hálfbrjáladur maður hreyti úr sjer stóryrðum og ósönnum dylgjum um þm. eða aðra opinbera starfsmenn.

Jeg mintist í ræðu minni á tvo dómstóla: dóm almennings og „juridiskan". Það er auðsjeð á öllu, að hæstv. ráðh. (JM) er illa við það, því að hann hopar undan í flæmingi og segir, að árásin á sig og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) sje þess eðlis, að ekki þurfi nema annan þessara dómstóla til að dæma þar um. Og það er almenningsálitið, sem hann ætlar að leita til. Hann reyndi að bera það fyrir sig, að hann væri viss um, að almenningsálitið mundi telja það lítilfjörlegar sakir, sem á hann væru bornar, en það eru undanbrögð, til þess að smeygja fram af sjer að ræða málið eins og það liggur fyrir. Þetta kom ljóst fram a. m. k. hvað Alþingi snertir, því að þar hjelt hann fram þeirri fáheyrðu fjarstæðu, að það gæti ekki náð neinni átt, að Alþingi færi í mál, hvað gífurlegar ásakanir sem á það væru bornar. En það kallar hann rógsmál, þegar blaðamaður einn nefndi þrjá þm., sem versluðu við kjósendur sína, sjálfum sjer til stórmikils hagnaðar, og fullyrti, að almannadómurinn hefði gengið á móti blaðinu. En hæstv. forsrh. (JM) getur ekki haldið þessu fram í alvöru. Hann veit sig fara þar með

blekkingar; því hvernig fór, þegar málið kom undir dóm almennings? Einhver gáfaðasti maðurinn í hópi síldarkaupmannanna og gamall þingskörungur varð að draga sig til baka við landskjör, eða kanske hann hafi þokað fyrir hæstv. forsrh. (JM), sem sagt var um að hefði úr fáum þingsætum að velja. Annaðhvort hefir það verið af því, að þessi gamli, þjóðkunni þm. treysti ekki almenningsálitinu, eða þá að hæstv. ráðh. (JM) hefir þótt æskilegra að vera ekki að flagga með honum á listanum.

En gleggra er þó hitt dæmið, að annar þm. í hópi þremenninganna, sem við síldarverslunina voru riðnir, og í mörg ár hafði verið kosinn í sama kjördæminu, fellur þar, og það fyrir ritstjóra þess blaðs, sem „kritiseraði" síldarbraskið. Allir vita, að hjer átti þó í hlut gáfaður læknir, gagnkunnugur í kjördæminu og vel látinn. Ástæðan fyrir því, að svona fór, var sú, að almannadómurinn hafði dæmt ritstjóranum í vil. Aðstöðumunur, ritstjóranum í óhag, var þó mikill, þar sem hann hafði aldrei í kjördæmið komið, var öllum ókunnur, en hinn hverjum einasta kjósenda kunnur. Ritstjórinn vann því mál sitt fyrir almannadómi, þótt hann tapaði því fyrir hinum „juridiska" dómstóli.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði eitthvað á þá leið, að þótt freklega væri að orði kveðið um hann í þjesanum, hefði hann þó ekki svarað því, af því að hann væri ekki vanur að standa í illdeilum út af því, sem um hann væri sagt í opinberu lífi. Eftir þeirri „logik", sem fram kom í ræðu hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að ef maður er sagður vera lygari, þá verður maður lygari — eftir því ætti þá öll sú „kritik", sem dunið hefir yfir höfuð hæstv. ráðh. (JM), bæði fyr og síðar, að vera rjett, af því að hann hefir aldrei sjeð ástæðu til að bera hönd fyrir höfuð sjer eða fara í mál.

En nú er þess að minnast, að hæstv. ráðh. (JM) hefir ekki staðið varnarlaus. Um það leyti, sem hann var ungur þm., stofnaði hann stórt blað, sem lifir enn, og var í ritnefnd þess um tíma, en nánustu flokksbræður stóðu að því. Og af þessu blaði var hann varinn, og það má benda á, að jafnvel enn skýtur blaðið skildi fyrir hann, og er það þó ópólitískt, sem kallað er. Að minsta kosti sást það í sumar, þegar birt var grein um þjóðjarðasölu í Húnaþingi og fundið var að við hæstv. ráðh., að þá tók blaðið vörnina upp fyrir hann af gömlum vana. Sem stendur held jeg, að hæstv. ráðh. (JM) styðjist meira eða minna við 7 eða 8 blöð, og stærst af þeim er „Morgunblaðið", svo hann getur tæplega talið sig standa varnarlausan uppi.

Hæstv. forsrh. (JM) segir, að stundum hafi verið bornar á sig þyngri sakir en gert er í „Nýja sáttmála". Það getur vel verið, en það liggur ekki fyrir, heldur hitt, hvað hann vilji segja sjálfur gagnvart þessum alvarlegu, og að flestra dómi nægilega þungu ásökunum. Hann segir það ósatt, að hjer sje verið að tefja alla rjettarrannsókn. Þetta getur vel verið. Höf. „Nýja sáttmála" álítur það rjett, og hann gerir sitt til þess að rökstyðja það. Hæstv. ráðh. neitar því, en gerir þó ekkert til þess að færa rök fyrir máli sínu. Hjer verður því að rannsakast frá rótum bæði Guðjónsmálið og stjórnarráðskvisturinn. Almenningur hefir engin tök á að athuga þessi mál. Ef hæstv. ráðh. er alvara um að fá sannaða sína sýknu, er engin önnur leið en að láta dómstólana gera það.

Þá gerði hæstv. ráðh. (JM) sig sekan í einni höfuðkórvillu, er hann gerði orð „Nýja sáttmála“ að mínum orðum. Jeg gerði hv. þdm. það ljóst í gær, að jeg hefði ekki komið fram með þessa till. í þessu formi, ef því hefði ekki verið haldið fram í stjórnarblöðunum, að það væri sjálfsögð skylda að fara í mál út af meiðyrðum. Ráðherrann má því kenna blöðum sínum um þetta, bæði þeim, sem hann viðurkennir opinberlega, og svo hinum, sem hann viðurkennir óbeinlínis, með því að stjórnmálaritstjóri þess er einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar hjer á Alþingi. Það er næsta furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sjer að segja, að jeg geri orð þjesans að mínum orðum, þótt jeg vitni til þeirra í sambandi við þessa till. Jeg hefi einmitt getið þess, að jeg gæti ekki gert hjer upp á milli. Annar ásakar, hinn reynir að verjast. Úr þessu verður ekki skorið, nema af dómstóli. Blöð stjórnarinnar heimta málssókn fyrir það, sem enginn maður lætur sjer detta í hug að skoða nema sem óvitahjal. En hvað á þá að segja um hinar þungu ásakanir, sem bornar eru á Alþingi, hæstv. forsrh. og hv. þm. Seyðf., og reynt að rökstyðja? Út af hinum gífurlegu ummælum um Alþingi áleit hæstv. forsrh. það minkun fyrir þingið að höfða mál. Það er þá sennilega af því, að hann álítur höf. „Nýja sáttmála“ svo ómerkan mann, að hann sje ekki þess verður.

Um sýslumannaskiftin í Árnessýslu hefi jeg ekki sagt annað en það, sem í bókinni stendur. Ef það er rangt hermt, þá er það eitt af því, sem kæmi í ljós við rannsókn, að hæstv. forsrh. sje saklaus í því efni, og er þá betur farið en heima setið. Eitt var það, sem hann reyndi ekki að verja. Hann var dómsmálaráðherra allan þennan tíma, sem sýslumannaskiftin áttu sjer stað. En hvers vegna voru þessi sífeldu skifti? Hann sagði, að það hefðu ekki nema 4 menn gegnt embættinu. En jeg hygg nú, að Árnesingar telji þá fleiri, ef sá maður er talinn með, sem barði lögregluþjóninn hjer í Reykjavík. — Í þingtíðindunum frá 1919 liggur fyrir játning hæstv. forsrh. um það, að um 3 mánaða skeið hafi meðferð embættisins ekki verið forsvaranleg. Hjer liggur því fyrir sektarjátning. En hvers vegna var Árnessýsla nokkurn tíma höfð í óforsvaranlegu ástandi? Fyrir því færði hann enga vörn. Alveg hið sama er að segja um fordæmið, að flytja embættismann burt úr embætti sínu og setja hinn setta á eigin ábyrgð. Einkarjettinn á þessu á Jón Magnússon, segir höf. sáttmálans. Ef þetta er rangt, þá er hægt að afsanna það með dómi.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort það er rjett, að hæstv. forsrh. hafi látið undirmann sinn leggja stjórnina fyrir fætur sjer, og í því sambandi hafi hann gefið ranga skýrslu. En þetta er sagt í bókinni. Ef það er rangt, þá mundi dómur verða höfundi til dómsfellis, en hæstv. forsrh. til dýrðar.

Sjóðþurðir eru tíðar, stendur í bókinni. Það er ekkert sagt um það, hver skaðast. Stundum er það ríkissjóður, en stundum aðrar stofnanir. Ein kom t. d. fyrir í Íslandsbanka ekki alls fyrir löngu. Það er sagt, að stjórnin hreyfi ekki við þeim mönnum, sem uppvísir verða. Ef þetta er rangt, þá er hjer líka tækifæri til þess að hreinsa sig með dómi.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri ekki til neins að fara út í morðmálið, jeg

mundi ekki skilja það. Jeg hefi nú rakið feril þess eftir bókinni og lýst niðurstöðu höfundarins. En hún er ærið þungorð í garð stjórnarinnar. Henni fylgja forsendur, sem eru þess eðlis, að jeg geri ráð fyrir því, að dómur almennings verði ekki einlitur. — Hæstv. ráðh. talaði um skilningsleysi mitt á lögum, en jeg get fullvissað hann um það, að jeg get ekki hugsað mjer meira ólán en að vera lögfræðingur, eftir þeim kynnum, sem jeg hefi haft af þeirri stjett yfirleitt. Að vísu þekki jeg gáfaða og mentaða menn í þeirri stjett. En kynni mín af hæstv. ráðh. benda til þess, að lagaþekkingin sje aldrei til nokkurs gagns. Í einu af alvarlegasta máli þingsins, sem kom til hans kasta sem lögfræðings, varð hann að leita til fjhn. með það og spyrja hana ráða. Þetta sýnir, að lítið var gagn að sjerþekkingu hans, fram yfir almenna mentun. Jeg býst nú samt við, að hann sje sæmilega góður lögfræðingur, en jeg hefi ekki mikla aðdáun á þeirri þekkingu hans, því að jeg veit, að hún er öll á kostnað annara yfirburða. Hann vantar alla aðra mentun og víðsýni.

Þá kem jeg að merkilegu atriði, lögregluþjóninum í Reykjavík. Hæstv. ráðh. ber ekki á móti því, að það sje rjett hermt. Lögregluþjónninn er í einkennisbúningi og kemur eftir beiðni á vettvang. Þá er ráðist á hann með ærumeiðingum og illyrðum; hann er kallaður þjófur og lygari, honum hótað tugthúsi, hrækt framan í hann, hann er ámintur um að stela ekki og rekinn á dyr. Alt þetta viðurkennir hæstv. ráðh. En samt kemst hann að þeirri afareinkennilegu niðurstöðu, að þessar mótgerðir sjeu einkamál milli lögregluþjónsins og hins fyrv. sýslumanns Árnesinga, sem framdi brotið. Jeg býst við því, að margur muni eiga erfitt með að skilja það, ef hæstv. ráðh. og hv. þm. Seyðf. væri sýndur slíkur mótgerningur sem ráðherra og dómara, að þá væri ekki farið í sakamál út af slíkum árásum.

Þá þótti hæstv. ráðh. það lýsa mikilli vanþekkingu hjá mjer, að jeg skyldi láta mjer detta í hug, að við þessu lægi þyngri hegning en 200 króna sekt. En ef það er leyfilegt að fremja slík ofbeldisverk án þyngri viðurlaga, þá finst mjer það bera vitni um sljóa dómsmálastjórn. Ef þetta er rjett, þá finst mjer, að hæstv. ráðh. ætti að bera fram stjfrv., er skapaði meiri rjettarvernd fyrir lögregluna, þegar hún er að embættisverkum.

Þá sagði hæstv. ráðh. út af Guðjónsmálinu, að sá lögfræðingur og stjettarbróðir hans að námi, sem skrifaði „Nýja sáttmála“, hefði litla þekkingu og reynslu í dómsmálum. Það væri lítið á því að græða, sem hann segði um slíkt. Þá kemur það upp úr kafinu, að það er ekki aðeins við, þeir ólöglærðu, sem ekki berum skyn á þetta, heldur líka gömlu lögfræðingarnir. Þetta á líklega að skilja svo, að það sje engum trúandi í slíkum efnum nema hæstv. ráðh. og hv. þm. Seyðf.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri ekkert að byggja á ummælunum um Guðjónsmálið. Þau væru tómt bæjarslúður. En þetta er nú ekki rjett. Prófin í því eru til sýnis, og það má því segja hæstv. ráðh. til lofs, að þegar hann fjekk skjölin í sínar hendur, þá sá hann, að hjer var ekki alt með feldu, og fyrirskipaði nýja rannsókn. Á þessu sjest, að hann var ekki að öllu leyti ánægður með bæjarfógetann í Reykjavík. Það eru tvö dæmi þess, að hann virðist

ekki hafa treyst á gerðir hans. Annað er morðmálið, sem hann rak í hann aftur, en hitt er Kveldúlfsmálið, sem hann áfrýjaði, þrátt fyrir óþægindi þau, sem það hafði í för með sjer fyrir hann, þegar togarinn var dæmdur í hæstarjetti. Hæstv. ráðh. fanst það undarlegt, að jeg skyldi kalla Kveldúlfsdóminn merkilegan dóm. En hann er merkilegur, þótt ekki væri fyrir annað en hvað hæstv. ráðh. varð að líða fyrir hann. Í grein, sem jeg skrifaði um þetta mál í fyrra, tók jeg svari hans, eins og jeg geri altaf þegar ráðh. hallast að rjettu máli og er vanþakkað það, sem að vísu er ekki oft, en kemur þó fyrir. En úr því að hann fór á annað borð að minnast á þennan dóm, þá hefði hann átt að geta um það, hvort það er satt, sem gengur manna á milli, að ungur maður hafi kveðið hann upp, sá hinn sami, sem rannsakaði morðmálið, núverandi ritstjóri „Storms“. En hann var þá ritstjóri að blaði, sem að nokkru leyti er gefið út af þeim manni, sem átti skipið, sem dæma átti. Mjer finst það merkilegt, ef hann hefir gert undirdóminn í þessu máli.

Þá hjelt hæstv. ráðh. nokkurskonar fræðslufyrirlestur, en það var langskársti hluti ræðu hans, þótt hann væri málinu algerlega óviðkomandi. Inn í þetta blandaði hann vissum atriðum, sem mjer hefði fundist viðkunnanlegast af honum að minnast sem minst á. Hann gat um fundinn við Þjórsárbrú. En þar hafði hann um sig nokkurskonar lífvörð drukkinna manna, sem lágu þar flatir í móunum og gáfu til kynna ánægju sína á málstað hæstv. ráðh. með allskonar ópum og óhljóðum. Jeg held, að hæstv. ráðh. hljóti að eiga betri endurminningar í fórum sínum en stuðning þessara aumingja.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um, hvað jeg væri fáfróður. Jeg hefi nú áður lýst aðdáun minni á lagaviti hans og hans nóta. En ræða hans um hegningarmálin er best vitni þess, hvað má með rjettu setja út á forustumenn rjettlætis og laga hjer á landi.

Hann sagði að erlendis hefðu komið fram nýir straumar í hegningarmálunum. En jeg verð að segja, að fram að þessu hefir okkar hegningarlöggjöf orðið fyrir litlum áhrifum af þessum nýju straumum Það hefir lítið verið skrifað um þá hjer. En á hverjum bitnar það? Á hæstv. ráðh. Hann er gamall lögfræðingur og hefir stundum haft góðan tíma. Ef hann veit um þessa nýju strauma, þá á hann að láta ljós sitt skína. En frá honum hefir ekki komið ein einasta fræðandi ritgerð. Hafi hann vitað eitthvað, þá hefir hann rækilega haldið þeirri visku heima. En honum er kanske ósýnt um að skrifa um það, sem hann veit. Þá gat hann gert annað. Hann hefir verið ráðherra síðan 1917, að undanteknum tveim árum. Hann hefir því oft orðið að leggja vilja sinn fyrir þingið. Það, sem hann gat ekki gert í þessu efni sem fræðimaður, gat hann gert sem löggjafi. En það hefir hann ekki heldur gert. Þessi þekking hans virðist helst hafa komið fram í náðunum. Hann hefir náðað Júlíönu og þrjá þjófa. Það kynni líka að vera, að meðferð hans á stjórnarráðskvistinum og lögregluþjóninum heyrði undir þessa nýju strauma. En jeg get ímyndað mjer, að þeir ágætu menn, sem stóðu að þessum straumum suður í löndum, yrðu ekki mjög hrifnir af meðferð hans á stjórnarráðskvistinum eða teldu hann í sínum anda. Jeg held, að það hafi verið í fyrra, að jeg mintist á þessa nýju

strauma í lögfræðiefnum, sem hæstv. ráðh. gat um áðan, og mintist á Lombroso, frægasta manninn innan hegningarfræðinnar. En jeg man ekki betur en hann gerði lítið úr þessu þá, teldi það umdeildar skoðanir. Jeg varð ekki var við annað þá en þetta væri alt óljóst og í þoku fyrir hæstv. ráðh., eins og líka kemur fram í athafnaleysi hans á þessu sviði. Hvað hefir hann gert? Ekki neitt. Ef hæstv. ráðh. væri búinn að koma hjer upp heimili fyrir dæmda menn, þar sem þeir gætu unnið úti við undir sviptuðum kringumstæðum og sumstaðar annarsstaðar, þá gæti hann talað breitt um þetta. En hann hefir hvorki gert það nje annað í anda þessara nýju strauma. Hann segir, að jeg haldi fram hörðum hegningum. Jeg hefi ekki sagt orð um það. Jeg held, af kynnum þeim, sem jeg hefi af þekkingu hæstv. ráðh., að jeg viti meira um þessa nýju strauma en hann. Hann spyr: Er íslenska þjóðin nógu þroskuð til þess að þola mildar hegningar? Hann er dómsmálaráðherra. Það er hans að svara þessu. Jeg held, að eðlilegra hefði verið, er það kom í ljós, að ekki var vel farið með peninga í sambandi við stjórnarráðskvistinn, að þeir menn, sem að því stóðu, væru skoðaðir sem sjúklingar, og hefði átt að fara með þá sem slíka. Annars ætla jeg síðar að koma að kvistmálinu og hleyp yfir það nú.

Þegar hæstv. ráðh. (JM) mintist á till., sagði hann, að það væri broslegt, að Alþingi færi í mál út af því, sem misjafnt er sagt um það. Þetta er nú hans skoðun. En því eru blöð hans altaf að tala um, að einstakir menn eigi að höfða mál út af ummælum, sem ekki er reynt að rökstyðja? Þá hafði hann það eftir lögfræðingi, að þingið mundi ekki geta farið í mál. Þetta er afar eftirtektarvert atriði. Hæstv. ráðh. er fyrst og fremst dómsmálaráðh. og auk þess lögfræðingur og gamall dómari. En er hann á sem þingmaður að greiða atkv. um það, hvort þingið eigi að höfða mál, þá minnist hann ekki á sinn skilning á því máli, heldur kveðst hann hafa heyrt það úti í bæ, að þingið geti ekki farið í mál. Þetta verður ekki skilið á annan hátt en hæstv. ráðh. sje það ljóst, að þingið geti farið í mál, eins og aðrar „korporationir". En ef því væri nú svo varið, að þingið gæti ekki höfðað mál, þá er hjer enn ný ásökun á hæstv. dómsmálaráðh. og hæstv. forseta Sþ., að þeir skuli ekki vera búnir að skapa rjettarvernd fyrir þingið, að þingið skuli ekki vera jafnrjetthátt og fjelag auðvirðilegra síldarspekúlanta. Jeg held, að hæstv. ráðh. hafi ætlað sjer að komast í kringum þetta. Hann hefir ekki viljað segja fjarstæðuna sjálfur, heldur kveðst hann hafa heyrt þetta úti í bæ. Þetta minnir á eitt þjóðskáldið, sem finnur kvæði sín sjórekin, þegar þau eru svo auðvirðileg, að hann vill ekki setja nafn sitt undir þau. Jeg vil nú nota tækifærið til að benda á, hverjar afleiðingar það getur haft, að hæstv. ráðh. hefir lýst þingið rjettlaust. Í sveitunum er reynslan sú, að þegar túnin eru ógirt, þá gerast gripirnir ásæknir. Jeg gæti trúað, að eftir þetta færu að tíðkast hin breiðu spjótin. Það hefir verið sagt, að þingmenn lifi af starfi sínu, versli með atkv. sitt, lifi af prósentunum af hrossakaupunum og fleiru þesshättar. En hæstv. ráðh. hefir frjett það úti í bæ, að þingið hafi enga rjettarvernd gegn slíkum ummælum. Þetta er ekki

álitlegt. Því hefir verið haldið fram af málaflm., að það mætti segja alt ilt um samvinnufjelögin. Þau hefðu enga rjettarvernd. Og það virðist vera, að dómarar sumir líti líkt á það mál. Nú vil jeg beina því til hæstv. ráðh., hvort ekki sjeu tiltök að tryggja samvinnufjelögin og Alþingi gegn slíkum ásökunum sem þessum.

Hæstv. ráðh. (JM) sagði, að Alþingi ætti að vera hafið yfir að skifta sjer af svona ásökunum. Það gæti látið almenna dómstólinn nægja. En í þessum orðum liggur þungur áfellisdómur um persónugildi þess manns, sem gífuryrðin notaði. En þá er það því óskiljanlegra, að stjórnin skuli hafa látið blöð sín hæla honum og hjálpa þannig til að villa almenningi sýn.

Þá kem jeg að því, sem hæstv. ráðh. (JM) gerði heldur vel, og miklu betur en hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem og vænta mátti, því að þar er dómgreindin og skilningurinn í enn aumara ástandi. Hann kveðst ekki beinlínis vera á þeirri skoðun, að höfundur „Nýja sáttmála" sje truflaður á geðsmununum. En jeg hafði gert mun á honum í því efni eftir fyrra og síðara skrifi hans. En hæstv. ráðh. segir, að höfundurinn sje gamall maður og haldinn af ákaflega mikilli bölsýni. Hann segir ennfremur, að bölsýnin magnist með aldrinum og sje hjer á mjög háu stigi. Nú er bölsýni viss tegund sálarlegrar veiklunar. Hæstv. ráðh. er því hjer kominn að sömu niðurstöðu og jeg. Jeg hefi sagt, að hjá höfundi pjesans kæmi fram óvenjulegt sálarlegt viðhorf, sem gerði það að verkum, að nú orðið væri ekki hægt að taka fullkomlega mark á honum. Að sumu leyti ber pjesinn merki þessarar veiklunar. En sumir kaflar hans eru þó bygðir mjög rökfast, og þá sjerstaklega kaflinn um Guðjónsmálið. Þar leiðir höf. mörg rök fram og byggir á þeim niðurstöðuna. En svo líða nokkrar vikur. Þá fara stjórnarblöðin að tala um hina sterku föðurlandsást, sem lýsi sjer hjá höfundi pjesans, líklega þá helst í því, er hann skorar á erlendar þjóðir að taka landið. En þegar jeg svo skýri frá árásunum á sjálfstæði landsins í rjettu ljósi, þá stekkur höf. upp á nef sjer og skrifar grein í eitt stjórnarblaðið, en sú grein ber öll einkenni geðbilunar. Þar er vísvitandi ósönnum ásökunum slöngvað út, en engin rök færð fyrir þeim. Það er eins og ef ekkert hefði verið tekið fram um Guðjónsmálið í „Nýja sáttmála", en því haldið fram svona út í loftið, að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) væri fúlmenni sem dómari. Jeg hygg, að það hefði ekki verið álitið vel heilbrigt. En hvernig á nú að skilja þessa breytingu, að maður, sem hugsar stundum kalt og rólega og á það til að færa allgóð rök fyrir máli sínu, fer alt í einu að hegða sjer algerlega gagnstætt þessu. Hefir ekki eitthvað komið fyrir hann, sem veldur þessari truflun á geðsmunum hans? Skýringar okkar standa hlið við hlið. Hæstv. ráðh. segir, að hann sje haldinn af bölsýni, sem magnist með aldrinum og sje hjer á mjög háu stigi. Þetta er mjög nálægt þeirri skoðun, sem jeg hjelt fram um hann. Eftir að jeg hafði bent á, hver hætta þjóðinni stafaði af undirlægjuskap hans, hefir bölsýnin og veiklunin magnast.

Þá hefi jeg lítillega farið yfir það, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði um fyrsta lið till. minnar. Hann þykist viss um, að það sje þinginu til skammar að fara í mál út af gífuryrðum, sem hafa verið höfð um það, en hitt hefir hann

frjett einhversstaðar úti í bæ, að þingið muni ekki geta gert það.

Þá kem jeg að næsta lið, að skora á dómsmálaráðh. að höfða mál. Viðvíkjandi þessum lið og næsta lið á eftir færði hæstv. forsrh. þá mótbáru, að þetta væri á móti lögunum. En jeg held, að hann hafi ekki skilið till. rjett. Orðalag till. er þannig, að það er skorað á dómsmálaráðh. að höfða mál, en honum er ekki skipað að gera það. Ef honum væri skipað, þá er um að ræða brot á lögunum. En hjer er um að ræða ráðleggingu, sem hann er ekki skyldur til að hlýða, en getur farið með eftir því sem innri maður hans býður. Jeg gat þess í gær, að jeg mundi taka mikið tillit til þess, sem hlutaðeigendur segðu um form þessarar till. Jeg er fús á að laga formið eftir kringumstæðunum. Jeg hefi að nokkru leyti gert það með brtt. minni, en það getur vel verið, að jeg sjái ástæðu til þess að taka till. hæstv. forsrh. til greina, svo hann álíti sjer á engan hátt misboðið með forminu. En nú vil jeg benda hæstv. forsrh. á eitt atriði í þessu máli. Það hafa gerst atvik hjá nágrannaþjóð vorri, Dönum, sem eru hliðstæð því, sem hjer hefir gerst. Stjettarbróðir hæstv. forsrh. í Danmörku komst árið 1924 í svipaða aðstöðu gagnvart undirmanni sínum þeirri, sem hæstv. forsrh. hefir nú gagnvart hv. þm. Seyðf. Einn frægasti dómari Dana hafði það hlutverk á stríðsárunum að halda í hemilinn á bröskurum, sem ætluðu sjer að nota hlutleysi Danmerkur til þess að græða á því, án tillits til þess, þótt þjóðinni væri stefnt í voða með því. Þessi dómari hjelt slíkum mönnum stranglega í skefjum, hafði gamla lagið, dæmdi þá í gífurlegar sektir, og eiga Danir honum mikið að þakka og viðurkenna það. Eftir stríðið skrifaði einn af þeim mönnum, sem höfðu orðið fyrir barðinu á dómara þessum, um hann bækling, ekki ósvipaðan því, sem „Nýi sáttmáli“ segir um bæjarfógetann í Reykjavík. Dómarinn vissi, að hann var saklaus, og almenningur í Danmörku vissi það líka, og dómarinn var of stoltur til þess að fara í mál. Niðurstaðan varð sú, að dómsmálaráðherrann skipaði honum að fara í mál, ekki af því, að hann teldi dómarann sekan, heldur af því, að hann taldi rjett að láta hann hreinsa sig með dómi. En dómarinn sinti að vísu ekki þessari fyrirskipun. Af því að jeg veit, að hæstv. ráðh. er mikill aðdáandi danskrar menningar, þá bendi jeg honum á þetta, svo honum vaxi lítillæti í sambandi við þetta mál. Jeg hugsa, að þar sem dómsmálaráðherrann í Danmörku hefir gert svona kröfu til þessa ágæta dómara, undirmanns síns, þá sje það engin goðgá, þótt hæstv. forsrh. færði slíkt hið sama í tal við bæjarfógetann í Rvík.

Jeg skal ekki fara neitt út í sögu þess, hvernig embættismenn hjer hafa verið leystir frá skyldunni um að hreinsa sig af áburði með dómi. Áður höfðu þeir rjett til þess að fara í mál á landsins kostnað. Breytingin bannar þeim auðvitað eigi að fara í mál á eigin kostnað. Gamla lagið var að mörgu leyti óheppilegt, ef í raun og veru sá, sem gagnrýndi, hefir haft á rjettu að standa, og lögin skapa þá herfilegu aðstöðu, að ríkið á ekki aðeins að kosta mál, sem hafið er, þegar embættismaðurinn er saklaus, heldur gæti það líka orðið að kosta mál, þar sem hann er sekur. Út af þessu dró svo hæstv. ráðh. (JM) þá algerlega

skökku ályktun, að þó embættismaðurinn geti ekki heimtað gjafsókn á Sigurð Þórðarson, þá geti hann vel farið í mál, og það er hægt að benda honum á það, svo að það á engan hátt komi í bága við formið, og sýna hæstv. ráðh. (JM) það og öðrum, sem líkt stendur á fyrir, hvað þeir eiga að gera. Hæstv. ráðh. las upp skýringar, sem, að því er mjer skildist, fylgdu lögum frá 1907, þar sem sagt er, að það sje nú sem fyr áríðandi, að embættismenn landsins hafi óflekkað mannorð. Það er alls ekki gefið í skyn þar, að þeir megi ekki fara í mál, eins og aðrir menn, ef það koma fyrir þær kringumstæður, að sakleysi þeirra verður ekki sannað fyrir almenningsdómstóli, svo að þeir verða að nota til þess þá „júridisku" dómstóla.

Jeg hefi nú gengið í gegnum ræðu hæstv. ráðh. (JM), og verð að segja það, að þótt ræða hans væri býsna löng, þá var samt ekki það mikið í henni eins og búast hefði mátt við eftir lengdinni að dæma. Jeg ætla þess vegna að minna hæstv. ráðh. á fáein atriði, sem nefnd eru í bókinni viðvíkjandi stjórn hans, sem hann sýnist ekki taka sjer nærri. Það er sagt, að menn, sem klappi steininn til óþurftar landinu, fái fálkakross og landskjör, og það er einmitt sagt um hæstv. ráðh. (JM), að afglapasmiðir komist í ráðherrastöðu, ef verslunin gangi vel. Hæstv. ráðh. (JM) hefir myndað þrjú ráðuneyti um sína daga, og þá er hjer óbeinlínis sagt, að hann hafi keypt og verslað í öll þessi skifti, og það er sagt, að það eigi að gefa hinum mentaða heimi hlífðarlausa lýsingu á ástandinu hjer á landi. Það er talað um „Ásareið illra hvata" hjá stjórnendum landsins. Það er sagt, að af stjórnendum landsins sje kæft alt velsæmi í landinu, sagt, að hæstv. ráðh. (JM) stýri eyðileggingu landsins niður á við. Það er sagt, að hæstv. ráðh. (JM) hafi fengið smiðnum, sem gerði kvistinn á stjórnarráðsbygginguna, 30 þús. kr. svo að segja í einu lagi, til eigin ráðstöfunar, og svo þegar hæstv. ráðh. er spurður um þetta, svarar hann því einu til, að þessi maður sje trúnaðarmaður sinn. Svo kemur það ennfremur í ljós, og er ekki mótmælt af hæstv. ráðh., þegar misfellurnar eru orðnar opinberar, að þá er það ekki hæstv. ráðh., sem finnur þær, þótt hann vinni sjálfur í húsinu daglega, heldur iðnaðarmaður úti í bæ. Það er svo ekki kveðinn neinn dómur upp í málinu, heldur sest hæstv. ráðh. sjálfur í dómarasætið, sem hann þó ekki hefir rjett til, og kveður upp þann úrskurð, að smiðurinn eigi að skila aftur 4000 kr. Úrskurðurinn bendir á það, að maðurinn sje sekur um að hafa dregið sjer fje, og það einkennilega er, að hæstv. forsrh. (JM) kveinkaði sjer við að tala um málið, reyndi ekki að útskýra það, sagði ekki heldur, með hvaða rjetti hann hefði komið þarna fram sem dómari, og svo ekki heldur, í hvaða úrskurði hann talar um þessa 4000 kr. „sekt". Í þessu kvistmáli stendur stjórnin enn þá algerlega varnarlaus, og líkurnar sýnast vera þær, eftir þeirri „kritik", sem hún hefir fengið hjá endurskoðunarmönnum landsreikninganna, að þar sje um mjög miklar misfellur að ræða, og hvaða ástæða var þá til að láta ekki ganga venjulegan dóm í þessu máli?

Þá kem jeg að ræðu hv. 1. landsk. (SE). Hann tók ákaflega ljóst og sterkt eitt atriði, sem ekki var upplýst áður og stjórnin hafði ekki svarað enn. Hvað gat komið stjórnarblöðunum til þess að

segja, að þessi hættulega bók bæri fagran vott um sterka ættjarðarást og óvenjulega kröfuharða þrá um meira siðferði? Það getur maður ekki skilið öðruvísi en sem greinilegt last um stjórnina, og hitt, að bókin beri „fagran vott um sterka ættjarðarást", eru hrein öfugmæli, því að það hefir engin bók verið skrifuð á íslensku, sem erfiðara væri að mæla svo um, því að það hefir aldrei, að minni vitund, verið skrifuð nein bók, þar sem landinu er beinlínis ráðlagt að fórna frelsi sínu.

Jeg ætla að gera það til ljettis fyrir hæstv. ráðh. (JM), sem ekki var við, að geta þess, að jeg hefi tekið til meðferðar, á meðan hann var burtu, stjórnarráðskvistinn, og vænti jeg skýringar á því, hvers vegna iðnaðarmaðurinn fann misfellurnar, hvers vegna dómarinn dæmdi aldrei í því máli, hvers vegna hæstv. forsrh. (JM) sjálfur gerðist dómari í málinu, og hvers vegna hann birti aldrei þann ólöglega dóm sinn. Ennfremur tek jeg undir þá ósk hv. 1. landsk. (SE), þegar hæstv. ráðh. svarar næst, að hann skýri frá því, hvernig hann samrýmir sína skoðun á „Nýja sáttmála" við kröfur stuðningsmanna sinna um málaferli á hendur honum út af staðlausum reiðiyrðum, sem vitaskuld eru ekki annað en vitleysa. Ennfremur hvernig það getur með vitund hæstv. ráðh. átt sjer stað, að manni, sem vill fá okkur til að afsala sjálfstæði okkar, er í stjórnarblaði hælt fyrir sterka ættjarðarást.

Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hefði alveg eins getað komið með einhverja ljelega blaðagrein eins og að halda þessa stuttu ræðu, lesið upp grein úr Mbl. í vetur, sem þá þótti ákaflega lítilfjörleg, og mundi eins þykja nú, þótt hún væri flutt í þinginu. Hv. þm. (JóhJóh) segir, að „kritikin" á sjer sje í tveimur atriðum, fyrst dylgjur um það, að hann stingi undir stól málum, og í öðru lagi „kritik" á Guðjónsmálinu, en svo gleymir hv. þm. því, að það er þar ekki svo lítið af „kritik", sem hann hefir ekki svarað, nefnilega um það, hvernig hann rekur hjeraðsdómarastarfið í Rvík. Í „Nýja sáttmála" er sagt, að dómarinn sje fjarska mikið í burtu frá dóminum, þrjá mánuði á Alþingi og annaðhvert ár í utanlandsferð, og hvorugt sje nauðsynlegt vegna embættis hans. Ennfremur er sagt, og hv. þm. Seyðf. hefir ekki mótmælt því, að hann hafi sjer til samstarfs ýmsa unga og óreynda menn, eins og í Guðjónsmálinu. Ekkert af þessu reyndi hv. þm. að afsaka, hvernig hann getur verið svona mikið í burtu, setið þrjá mánuði á Alþingi og haft svo viðvaninga til þess að dæma í málunum, úr því að hann hefir tekið að sjer þetta umsvifamikla embætti. Hv. þm. segir svo, að dylgjurnar í „Nýja sáttmála" um það sjeu úr blaði í Rvík, og því, að óvætturinn liggi á leið dómsmála í Reykjavík, sje vísað til föðurhúsanna og að það hafi ekki verið sannað. En jeg vil benda hv. þm. á það, að ef hann telur ekki ástæðu til að fara í mál við Sigurð Þórðarson, þá er sannarlega ekki ástæða til þess fyrir mig, sem gamalmennið hefir reiðst við út af „kritik" á innlimunarstarfi hans.

Viðvíkjandi sjálfu Guðjónsmálinu, þá afsakar hv. þm. (JóhJóh) sig með því, að hann hafi þegar skýrt þetta með grein sinni í Mbl., og svo hafi fulltrúi sinn, sem er ritstjóri hjer í bænum, haldið fyrirlestur um það og skrifað um það í blað sitt. Jeg hefði nú búist við, að hv. þm. hefði ekki nefnt

nema fyrri afsökunina. Þótt hún hafi verið hrakin aftur í sama blaði, þá var það þó viðleitni frá hans hendi, en þegar farið er að vitna í skrif í „Stormi", til þess að sanna sakleysi hv. þm., þá þykir mjer nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Mjer finst, að hv. þm. (JóhJóh) hefði átt að vera svo varkár að nefna það alls ekki, að hann hefði haft ritstjóra „Storms" fyrir aðstoðardómara. Jeg vil benda á það, að ritstjóri „Storms" er búinn að játa á sig svo herfileg afglöp, á meðan hann var undirmaður hv. þm. (JóhJóh), að þetta er mesta kjarkraun, sem jeg hefi heyrt um, að hv. þm. skuli telja sjer það til inntekta, að þessi maður í þessu blaði skuli hafa afsakað hann. Jeg verð að taka það upp aftur enn þá einu sinni, að Guðjónsmálið er þess eðlis, að það liggja fyrir í því miklu þyngri ásakanir, hvað sem annars má segja um „Nýja sáttmála", heldur en varnirnar frá dómsmálastjórninni hafa getað útskýrt og afsakað, svo að hvað sem ámæli dómarans líður, þá er ekki hægt að neita því, að hjer er full ástæða til þess að láta skríða til skarar og athuga, hvað rjett er. Síðan vildi hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) halda því fram, að þetta væri svo ofboð lítið og saklaust, sem sagt væri um hann, að það gerði ekki mikið til, jafnvel þótt það væri satt. Hv. þm. virðist ekki hafa gætt að því, að þessi ásökun á hann er gerð að yfirlögðu ráði, reynt að sanna hana með málsskjölum, sem verið hafa í hans hendi. Hv. þm. hefir það á móti sjer, að hæstv. forsrh. (JM) hefir ekki tekið verk hans gilt, og eftir að málið var sent til hans, ljet hann líða 3 mánuði, og í seinni rannsókninni, sem hv. þm. framkvæmdi sjálfur, fann hann ekki, að neitt væri að, þar sem hann segir, að sinn heiður sje fullkomlega í lagi, hvað sem sagt sje um þetta, en þar er þó sá mikli efi. Segjum nú, að einhver maður kæmi til hv. þm. (JóhJóh) úti á götu og segði við hann, eða að það stæði um hann í „Stormi", að hann væri lygari og óheflaður maður, þá gerði hann ekki neitt og afsakaði sitt aðgerðaleysi með því, að þetta væri staðlausu stafir, en þegar leidd hafa verið sterk rök að því, að hann starfi óheppilega sem embættismaður, að miklir formgallar sjeu á málinu frá hans hendi, þá er þar rökstudd ákæra á hv. þm., og það er því ekki nein afsökun fyrir hann, þó að hann haldi því fram, að hann vilji ekki fara í mál við gamlan mann, og að hann hafi engan rjett til þess gagnvart þjóðinni. En þjóðin hefir rjett til að fá að vita það, hvort dómarinn í Rvík lætur miður hæfa menn, t. d. ritstjóra „Storms", framkvæma vandasömustu hluti, hvort dómarinn er mikið af árinu í burtu og hvort stjórnarráðið verður að senda honum dóma aftur. Þetta eru hlutir, sem alþjóð koma við og ekki er hægt fyrir hv. þm. (JóhJóh) að komast hjá að svara, nema hann geti leitt rök að því, að þegar bókin var skrifuð, hafi höfundurinn verið ómerkur orða sinna. En nú láta íhaldsblöðin eins og höf. þjesans sje sjerstakur föðurlandsvinur, og þá er honum enn þá skyldara að láta það sjást, hvernig hann stendur að vígi.

Jeg hefi þá hrundið algerlega þeim atriðum, sem hæstv. dómsmálaráðh. (JM) kom fram með, og ennfremur sýnt fram á það, hve lítilfjörleg ræða hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) er, og er þó enn þá ekki komin fram sú dirfska, sem hv.

þm. eða flokksbræður hans hafa sýnt, en jeg endurtek það, að þeir hafa byrjað á þessum leik, þeir hafa talið höf. „Nýja sáttmála“ meðal mikilla föðurlandsvina, þeir hafa heimtað, að hann sje tekinn alvarlega, og nú verða þeir að ráða fram úr því, hvernig þeir vilja svara ákærum hans á starfsmenn þjóðfjelagsins, sem jeg benti á í gær. Það er ekki nema um tvo vegi að ræða: Að segja, að maðurinn sje veikur, og dæma ákærur hans eftir því, eða að viðurkenna það, að hann sje ekki veikur, og þá að taka mark á honum, og þá verða þessir tveir starfsmenn að taka afleiðingunum af kröfu blaðs flokksins og hefja mál á hann. En sje höf. pjesans aumingi og ekki mark á því tekið, sem hann hefir sagt, þá að láta öll þessi mál falla niður, og þá er fleipur stjórnarblaðanna staðlausu stafir.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skal stuttlega láta þess getið, að jeg er í mörgum atriðum um þetta, sem kallað er landráðakaflinn í „Nýja sáttmála“, samdóma hv. 1. landsk. (SE). Jeg álít, að það atriði sje vítavert, hvernig höf. „Nýja sáttmála“ skrifar um það mál, en jeg verð að segja það, að jeg tek það ekki alveg eins hátíðlega og hv. 1. landsk. (SE). Jeg býst við, að það sje, þó að það sje í sjálfu sjer vítavert, ekki mjög þýðingarmikið fyrir sjálfstæðismálið, hvað Sigurður Þórðarson segir í pjesa sínum, að þjóðin skoði það heldur ómerkilegt nöldur. En það verður að segjast, að væri þjóðin vel vakandi og gætandi rjetts þjóðarmetnaðar, þá hefðu kenningar S. Þ. um þetta atriði vakið alm. gremju. En þessu atriði var yfirleitt lítill gaumur gefinn. Það voru ádeilurnar á einstaka menn, skammirnar, sem hafa þótt svo ánægjulegar og vakið mesta eftirtekt. Jeg er auðvitað ekki sömu skoðunar eins og ritstjóri „Varðar“ um þessa bók, og þess ber að gæta, að dómur blaðsins um hana er ekki dómur Íhaldsflokksins, heldur persónulegt álit ritstjórans, sem hefir ritað nafn sitt undir ritdóminn, til þess að sýna, að við hann einan er um að eiga. Jeg sje ekki neina ástæðu til að fara að „dementera“ það, sem þessi maður hefir sagt, og vitanlega hefði jeg aldrei getað tekið undir dóminn yfirleitt, vegna árásar pjesans á sjálfan mig. Jeg get ekki látið vera að geta þess, að mjer þykir það furðu gegna, að einmitt hv. 3. landsk. (JJ) skuli verða til þess að áfellast S. Þ. fyrir þær kenningar, sem hv. 1. landsk. átelur einkum, vegna þess að jeg hefi orðið þess var, að hv. 3. landsk. hefir nokkuð svipaðar skoðanir um utanríkismál vor og kemur fram í „Nýja sáttmála“. Hv. þm. (JJ) hefir t. d. haldið því fram á fundi, sem við vorum báðir á, að Ísland væri ekki fullvalda, (**JJ:** En jeg hefi ekki ráðið þjóðinni til að afsala sjer því sjálfstæði, sem hún hefir), og hv. þm. (JJ) hefir haldið því fram, að önnur þjóð hefði ráðin yfir þeim málum, sem af mörgum eru talin mestu mál hverrar þjóðar, sem sje utanríkismálin, og hann er einn af þeim þingmönnum, sem berst harðast á móti því, að við reynum að gera það, sem hægt er að gera, til þess að sýna það, að vjer höfum yfirráð yfir þessum málum, með því að hafa sendiherra annarsstaðar. Þessi hv. þm. má því síst úr flokki tala.

Hv. þm. segir, að jeg sje mjög ljelegur ræðumaður. Það þurfti hv. þm. (JJ) ekki að segja mjer. Mun jeg manna fúsastur til að viðurkenna það,

því að jeg hefi alla mína daga átt örðugt með ræðuhöld og jafnan reynt að gera eins lítið að því og jeg hefi komist af með. Það hefir svo að segja verið ættarfylgja í okkar ætt að eiga örðugt um ræðuhöld. En hv. 3. landsk. (JJ) ferst ekki um að tala, því að eins og jeg hefi sagt hv. þm. (JJ) áður, þá held jeg varla, að nokkur þm. flytji eins óáheyrilegar ræður eins og hv. þm. sjálfur. (**JJ**: Nema þá hæstv. forsrh.). Já, það skyldi þá vera hæstv. forsrh., því að ræður hv. þm. (JJ) eru nefnilega svo að segja aldrei annað en óáheyrilegur og sundurlaus vaðall.

Ræða hv. 3. landsk. (JJ) var í raun inni lítið annað en upplestur á víð og dreif úr „Nýja sáttmála", og er hann talar um, að ræða mín hafi verið sundurlaus, dæmir hann sjálfan sig, því að jeg svaraði honum nokkurn veginn lið fyrir lið.

Þá fór hv. þm. (JJ) með rangt mál, er hann sagði, að jeg væri varnarlaus gagnvart því, sem stendur í „Nýja sáttmála", sem hann hefir nú lesið hjer upp að mestu leyti. Jeg hefi altaf haft nógar varnir þar fyrir mig að bera, enda þótt jeg hafi ekki hlaupið með þær í blöðin. En að halda því fram, eins og hv. þm. (JJ) gerði, að „Tíminn" hafi í fyrstu verið að bíða með dóm sinn eftir því, hvað stjórnarblöðin segðu, er blátt áfram hlægileg og óskamfeilin ósannindi.

Þá var hv. þm. (JJ) enn að tala um þjónustu sýslumannsembættisins í Árnessýslu og sagði, að ólöglærður maður hefði gegnt því í 3 mánuði. Hv. þm. veit, hvernig þá stóð á. Þetta var haustið og framan af vetri 1918, er spanska veikin geisaði hjer á landi. Hinn setti sýslumaður í Árnessýslu tók veikina og lá mjög þungt. Þurfti þá að skipa mann í hans stað, en það var ekki úr mörgum að velja þá,

Þá talaði hv. þm. (JJ) um lögregluþjón þann, er hann sagði að illa hefði verið farið með, er hann var í embættiserindum. Þetta mál hefir nú aldrei komið til minna kasta, og jeg viss: satt að segja ekkert um það fyr en jeg sá þess getið í „Nýja sáttmála". Og jeg veit ekki heldur til þess, að það hafi komið fyrir dómarann í Reykjavík. Því miður er víst þýðingarlaust að reyna að koma hv. flm. í skilning um þetta mál. Hann hælir sér af því, löggjafinn, að vita ekkert í lögum eða lögfræði.

Dylgjur höf. „Nýja sáttmála" og hv. flm. (JJ) eru á engum rökum bygðar. Lögregluþjónninn fór í einkamál eftir ráðum lögreglustjóra, sem taldi mjög efasamt, að skilyrði fyrir opinberri málssókn væru hjer fyrir hendi, sökum þess að efasamt þótti, að lögregluþjónninn hefði verið í lögmætu embættiserindi við umrætt tækifæri. Slíkar dylgjur eru afar mannskemmandi fyrir þá, sem með fara.

Jeg held, að jeg nenni þá ekki að eltast við fleiri atriði í seinni ræðu hv. þm. (JJ), því að, eins og jeg hefi áður sagt, var hún ekki annað en endurtekning á því, sem hann hafði sagt áður. En þar sem hann var að tala um straumana í skoðunum manna, og sagði mig bera mikið minna skynbragð á það en sjálfan sig, þá skal jeg ekki hæla mjer af þekking minni, en það verð jeg að segja, að af ræðu hans að dæma, þá er hans þekking á þessum hlutum ótrúlega ljeleg. T. d. var hann að tala um Lombroso og kenningar hans og að hann hefði læknað samtíð sína. Þetta er ekkert annað en hreinasta rugl. Rit og

kenningar Lombrosos vöktu eftirtekt um sinn, en nú eru menn að mestu horfnir frá þeim. Aftur eru aðrir, eins og t. d. v. Liszt, sem hafa haft svo feikimikil áhrif á hegningarlög og framkvæmd hegninga í nútíð.

Annars skal jeg geta þess, í þessu sambandi, að jeg vona, að öll okkar hegningarlöggjöf verði tekin til rækilegrar endurskoðunar og henni komið í mannúðlegra horf.

Þá kemur sú spurningin, er mest er verð að dómi hv. þm. (JJ), hvort Alþingi eigi að fara í mál við höfund bókarinnar. Jeg hefi talað við lögfræðing um þetta, mann, sem er alveg óhlutdrægur og talinn meðal allra færustu lögfræðinga landsins, og hann áleit, að Alþingi gæti ekki einu sinni farið í meiðyrðamál út af þessu.

En hvað sem öðru líður, þá er eitt víst, að hv. þm. (JJ) hefir náð þeim tilgangi sínum með þessari þáltill., að tefja tíma þingsins óforsvaranlega og til einskis gagns annars en þess að skemta sjálfum sjer.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er vanalega svo, að þegar við hæstv. forsrh. (JM) höfum verið að tala saman eftir langan aðskilnað, þá slær hann fyrst á skjöldinn, talar um ágæta þekkingu sína í lögfræði og lætur borginmannlega. Þá er ætíð nauðsynlegt að stinga á þessum vindbelg og losa hæstv. ráðh. við nokkuð af því lofti, sem hann er orðinn uppfullur af. Eftir þessa umbót verður hann ofboð umgengilegur maður.

Þessa aðferð hefi jeg haft í dag. Hæstv. ráðh. byrjaði nú með því að játa, að hann væri lítill ræðumaður, ljet lítið yfir lagaþekkingu sinni og hafði hitt fyrir sjer mann úti í bæ, er betur vissi en hann. Vindurinn er kominn úr belgnum.

Það gladdi mig að heyra, að hann er sammála okkur hv. 1. landsk. (SE) í því að fordæma föðurlandssást stjórnarblaðsins og að hann tók það fram, að hann vildi ekkert sálufjelag hafa við ritstjórann. Hlýtur öllum að þykja það gleðilegt landsins vegna.

Þá sagði hæstv. forsrh., að jeg væri ekkert harður í kröfunum í sjálfstæðismálum þjóðarinnar, og átti þar við sendiherrann. Hann veit þó, að það, sem þar ber á milli, er það, að jeg er ekki eins ánægður og hann með sambandssamninginn 1918. Jeg benti á, að það væri undarlegt við frelsi landsins, er við gætum ekki haft íslensk-danskan ræðismann í Genúa; þar yrði að vera danskur maður. Það, sem jeg hefi út á samninginn að setja, er það, hve lítið frelsið er út á við. En fyrst þjóðin hefir verið með samningnum og viðurkent hann, þá má hún ekki svíkja hann. En jeg er hræddur um, að hæstv. ráðh. sje þar öllu linari en jeg gagnvart því, hvernig eigi að nota uppsagnarákvæði hans. Hann hefir ekkert sagt um það, hvort við ættum aftur að verða fullkomlega sjálfstæð þjóð. Sendi jeg því ummæli hans heim aftur með fullri vissu um, að meiri þörf sje fyrir hann en mig að „reformera" sjálfstæðishug sinn.

Í dag reyndi hæstv. ráðh. að halda því fram, að hann hefði getað komist af án stuðningsblaða. En nú hefir hann játað að hafa átt í blöðum, verið í ritnefnd sjálfur. Og þar sem hann er að tala um hnútur í sinn garð í blöðum andstæðinganna, þá komu þó aldrei í nokkru íslensku blaði eins harðvítug-

ar árásir og í Lögrjettu um Björn Jónsson. Vil jeg því ekki láta hæstv. ráðh. hafa grið heldur í þessu rangfengna skjóli, að hann hafi setið á friðstóli eða blað hans verið fyrirmynd í rithætti. Ef hann man nokkuð fram í tímann, þá man hann eftir 60—70 meiðyrðamálum við blað, sem hann var í ritnefnd við. En það spor var rjett, þótt aðeins væri hálfstigið, þegar hæstv. ráðh. gekk úr ritnefnd blaðsins, hefði hann þá þegar hætt við pólitík um leið og hefði dómsmálaráðherra (JM) svo sett hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) það skilyrði, þegar honum var veitt bæjarfógetaembættið, að hann mætti ekki fást við pólitík, þá myndi það óneitanlega hafa styrkt aðstöðu hans sem dómara að vera ekki viðriðinn flokkadeilur. Og þó ekki væri annað en annríki af þingsetum, sem gert hefði þetta nauðsynlegt, þá var það alveg nægilegt.

Hæstv. forsrh. (JM) getur aldrei að eilífu afsakað skifti sín af sýslumannsembættinu í Árnessýslu. Hann veit, að embættisþjónustan var alls ekki sæmileg. Ein sönnunin er, að einn af þessum sýslumönnum gerðist afbrotamaður við lögregluþjóninn í Rvík. Því verður alls ekki haldið fram, að hann hafi verið forsvaranlegur dómari handa nokkru hjeraði.

Þá kom þessi gamli útúrdúr um það, hve mikið ráðh. vissi um hina nýju strauma. En hann hefir ekki kynt sjer frumheimildina um þetta mál. Þó ætti hann að vita, að endurbótamenn í hegningarlögum ætlast til, að dómarinn sje eins mikill læknir og hann er lögfræðingur. En þetta kemur alls ekki fram í neinu frv., sem hæstv. ráðh. (JM) hefir samið. Hann hefir ekkert skrifað um þetta, engan frætt um það. Hæstv. ráðh. hefir vitað jafnmikið um þetta eins og sá maður, sem færi að lesa um Darwin og kynna sjer hann eingöngu af ritum ljelegra lærisveina. Hæstv. ráðh. hefir náð í einhvern lausafróðleik um málið og bygt á því þetta eina frv., sem hann hefir þó ekki haldið til streitu.

Það gleður mig að koma nú að atriði, sem við erum samdóma um. Hann heldur því fram, að stjórnmálamennirnir geti fremur notað almannadómstólinn en hinn „júridiska“. En hjer er ekki hægt að nota almannadómstólinn. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hefir játað, að árás S. Þ. væri „krítik“ á embættisrekstri hans, og væri þá afleiðingin af henni, málssókn fyrir ummælin í „Nýja sáttmála“, eins eðlileg og þegar embættismenn í gamla daga voru að hreinsa sig og fengu gjafsókn. Jeg hefi skrifað hjá mjer nokkrar línur, þar sem kemur fram skoðun hæstv. ráðh. (JM) að því er snertir meiðyrðamál:

Það væri „broslegt, ef Alþingi færi að höfða mál, þótt sagt sje misjafnt um það“ og það væri „fremur lítilmannlegt, ef Alþingi gæti ekki þolað dóm, og því síður, sem þetta er gífurlegra“. Það væri „aumt þing, sem sinti slíkum gífuryrðum“. Enn fremur sagði hann: „Það er furðulítil vörn í meiðyrðamálum fyrir sóma einstaks manns eða fjelags“.

En því lætur hann þá blöð flokksins stöðugt vera að hamra á meiðyrðamálshöfðun? Þetta er þá bara skollaleikur, fyrst furðulítil vörn erí meiðyrðadómum fyrir þá, sem ofsóttir eru, en að það sje almannadómstóllinn, sem stjórnmálamennirnir eigi að snúa sjer til. Er þá hæstv. ráðh. kominn á þá skoðun mína, að meira virði hafi verið fyrir ritstjóra „Tímans“ að vinna síldarmálið fyrir al-

mannadómstóli en fyrir Magnús Pjetursson að vinna það fyrir „júridiskum“ dómstóli.

Viðvíkjandi því, hvort þingið gæti farið í mál, þá vil jeg ekki segja hið sama og einn góður maður úti í bæ, að það sje vafasamt. Verði till. samþ., rannsaka forsetar þingsins allar leiðir, hvað gera skuli.

Hæstv. ráðh. reyndi að sanna, að tilfellið með Thorup dómara væri sjer í vil, til þess að fara ekki í mál við höf. „Nýja sáttmála“. Það er áreiðanlega öðrum meira í vil, því að dómsmálaráðherra Dana áleit skylt að fara í mál, þótt Thorup væri vitanlega saklaus af ásökunum kaupsýslumannsins, en hann áleit það formlega rjettast, að farið yrði í mál, þar sem embættismaður átti í hlut. Eins og jeg hefi bent á, hefir hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) látið dólgslega um það, að ef hann hefði ekki vorkent S. Þ., þá gæti málssókn komið til greina. Það er því ekki til neins fyrir hæstv. ráðh. að tala um það sem einhverja vitleysu að fara í mál, síst þar sem blöð hans eru svo fús til málaferlanna. Jeg hefi aðeins dregið rjettar ályktanir af því, sem látið hefir verið í ljós í blöðum stjórnarinnar og því, sem hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hefir sjálfur sagt um þetta mál sem sakamál. Og svo er nýtt dæmi frá Danmörku, þar sem um er að ræða dómara, sem hefir meiri frægð en hv. þm. Seyðf. Þar sem hæstv. ráðh. (JM) segir, að það sje vítavert að hreyfa þessu máli á þingi, þá áfellist hann blöð sín og auglýsir, að hann viti ekki, hvað hliðstætt gerist hjá öðrum þjóðum. Það, sem liggur fyrir, er að fá skorið úr því, hvað Alþingi á að gera, þegar það verður fyrir órökstuddum dómum, og hvort stjórnin vill taka afleiðingunum af því, sem hún prjedikar öðrum.

Jeg held, að það verði ekki misskilið, hvað hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) er sagnafár, en það, sem hann segir, bendir til, að umræðurnar snerti hann mjög alvarlega. Hann segist hafa að engu, hvað jeg segi um fulltrúa hans. Jeg hefi alls ekki verið að dæma þá. Jeg hefi sýnt, að það, sem stendur prentað, á ekki við fulltrúana, en jeg hefi sagt, að einn af fulltrúunum hafi játað á sig að hafa dæmt „stauparjett“, og í því tilliti stendur hv. þm. Seyðf. varnarlaus, Og jeg held, að það sje enginn vinagreiði við þann mann að vera að flagga með nafni hans, eins og nú er komið.

Jeg held, að það sje orðið alveg ljóst af meðferð málsins í deildinni, að klofningur sje í lífsskoðun stjórnarflokksins í þessu efni. Aðalritstjóri flokksins segir, að bókin sje þrungin af föðurlandsást. Stjórnin telur hana áfellisdóm á sig og rjettarfarið og vill ekki una dómi ritstjórans. Hún afneitar blaðinu. Í öðru lagi hefir hæstv. forsrh. (JM) í orði og verki fordæmt meiðyrðamálsleiðina. Hann hefir lýst skoðun sinni og venju í þessu efni. Blöð stjórnarinnar halda fram gagnstæðri skoðun. Þau telja meiðyrðamálsleiðina nauðsynlega til þess að hreinsa sig af ásökunum, þótt um órökstuddar staðhæfingar sje að ræða. Sú atkvgr., sem hjer fer fram, sker úr um þennan grundvöll, sem stjórnarblöðin hafa bygt á. Eftir honum er enginn vafi á því, að Alþingi átti að fara í mál. Eftir sama grundvelli, sem stjórnin hefir raunar lagt með málgögnum sínum, er enginn vafi á, að tveir af trúnaðarmönnum

þjóðarinnar áttu, vegna embættisheiðurs síns, að fara í mál. Ef hv. deild afneitar þessum grundvelli, þá er um leið fenginn nýr grundvöllur til að byggja á. Þá vita þeir, sem skrifa um þingið líkt og Sigurður Þórðarson, að þeim verður ekki hegnt. Jeg segi ekkert um, hvort þessi grundvöllur sje rjettur eða rangur. En það liggur þá bara fyrir yfirlýstur vilji þingdeildarinnar um þetta efni. Það má þá líka gera ráð fyrir, að hjer eftir verði því aldrei haldið fram, að harðyrði pólitískra andstæðinga skuli útkljá fyrir „júridiskum" dómstóli. Ef hv. meiri hl. deildarinnar hallast að þeirri skoðun, sem hæstv. forsrh. hefir haldið hjer fram í dag og jeg í gær, þá hljóta það að vera gleðitíðindi fyrir hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), því að sjálfsögðu losnar hann þá við það ómak að fást við meiðyrðamál framvegis. Þau hljóta að detta úr sögunni, því það er óhugsandi, að hægt sje að segja meiri svívirðingar um nokkurn mann eða stofnun en Sigurður Þórðarson hefir gert í bók sinni. Ef hv. deild kemst að þeirri niðurstöðu, að ástæðulaust sje að taka þessar árásir til greina, þá höfum við stigið eitt spor áfram í praktiskri þróun, að því er snertir rjettarvenjur.

Af því jeg geri ráð fyrir, að þetta verði í síðasta sinn, sem jeg tala í málinu, vildi jeg benda hæstv. forsrh. á nokkuð, sem hann virðist ekki hafa skilið til fulls. Jeg bauðst til að breyta orðalagi till., ef annað orðalag þætti heppilegra og í meira samræmi við skoðun hæstv. forsrh., en ef þess verður óskað, verð jeg að biðja um, að málið sje tekið út af dagskrá í þetta sinn.

Það er alveg ljóst, að Alþingi getur ákvarðað að fara í mál. En viðvíkjandi hinu, sem hæstv. forsrh. hefir haldið fram, að ekki væri hægt að skipa honum að fara í mál út af stjórnarráðskvistinum og spilling ráðherravaldsins, þá er til glögt fordæmi í þessu efni. Hæstv. forsrh. sagði, að ef samþ. yrði till. um að skora á ráðherrann að fara í mál, þá lægi í því skipun. En í því liggur ekki skipun. Hjer var samþ. í fyrra þál. frá hv. 2. þm. S.-M. (IP) um að skora á stjórnina að hafa landhelgisvarnir fyrir Austurlandi árið sem leið. Þetta var samþ., en ekki framkvæmt. Í svona till. felst ekki skipun, heldur yfirlýstur þingvilji. Ráðh. getur svo gert það upp við sjálfan sig, hvort hann vill, eftir eðli málsins, láta skera úr því með „júridiskum" dómstóli. Að því er snertir bæjarfógetann, þá gæti stjórnin látið hann verða varan við, að það væri vilji þingsins, að hann færi í mál. Jeg hefi sannað með fordæmi, að þáltill. er bending til að sýna vilja þingsins.

Af þessum orðum mínum nú hygg jeg, að deildinni muni vera ljóst, að jeg álít talsvert hafa unnist með því að bera fram þessa till. Umræðurnar hafa orðið til þess að skýra það, hvernig þingið sjálft lítur á sig, hvað það þolir af mótgerðum og hvað æðstu embættismenn landsins telja fært að þola af rökstuddri gagnrýni. Hvernig sem farið verður með till., lít jeg svo á, að þessar umræður hafi orðið til eigi alllítils gagns. Jeg get sagt hæstv. forsrh., að fjöldi manna úti um land, sem óvanir eru hnútukasti, hafa alt aðra skoðun á rjettlæti meiðyrðamála en við. En jeg býst við, að þegar skyn-

samir menn hafa kynt sjer þær skoðanir, sem hjer hafa komið fram, þá líti þeir skynsamlegar á málið en áður.

Ef deildin kemst að þeirri niðurstöðu, að méðganir þær við Alþingi, sem hjer er um að ræða, verðskuldi ekki málaferli, finst mjer æskilegt, að stjórnin tilkynni þjónum sínum við málgögn þau, er hún ræður yfir, að þeir skuli ekki flíka mikið málssóknakröfum, ef þeir vilji ekki koma sjálfum forsrh. og stuðningsmönnum hans í töluverðan vanda.

Forsætisráðherra (JM): Mjer þykir ánægjulegt að fá loks að heyra hjá hv. flm. till. (JJ), hvað hann hefir meint með henni og öllum þessum löngu ræðum í 2 daga, öllum öðrum en honum sjálfum til leiðinda. Það er þá ekki annað en það, að hann vill fá úrskurð þingsins um, hvort það hafi ekki verið rjett af honum sjálfum að láta vera að fara í mál. Það sjest af niðurstöðu hans nú, að til þessa hefir verið stefnt. En mjer finst það til nokkuð mikils mælst af hv. flm. að taka svona langan tíma til svo einfaldrar spurningar.

Jeg hirði ekki að lengja umræðurnar um þetta mál. Aðeins vil jeg geta þess, að mjer finst undarlegt að heyra hv. flm. predika það, að hann viti svo miklu meira en jeg um breytingar á hegningarlöggjöf og framkvæmd hennar. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að þessi hreyfing væri komin frá náttúruvísindunum. Sjer er nú hver fáviskan! Jeg hefi sannfærst um, að hv. flm. veit ekkert um þær hreyfingar, sem jeg var að tala um, ekki minstu vitund.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara neitt frekar inn á málið. Jeg endurtek það, sem jeg sagði um þann kafla ritsins, sem snertir fullveldismálin, að þar er jeg að miklu leyti samdóma hv. 1. landsk. (SE). Dómurinn um bókina í blaðinu „Verði" stendur fyrir reikning þess manns, sem undir hann hefir ritað. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að taka aftur til máls. Jeg játa, að jeg hafði raunar enga ástæðu til að segja neitt, eftir að jeg hafði lokið minni fyrstu ræðu. Jeg færði þar góð rök gegn ræðu hv. flm. Að vísu var það sem að kasta perlum fyrir svín, en perlurnar eru jafngóðar fyrir því.

Gunnar Ólafsson: Það er ekki meining mín að lengja umræðurnar um þetta mál. Þær eru að mínu áliti orðnar óþarflega langar. Í þess stað leyfi jeg mjer að bera fram till. til rökstuddrar dagskrár, svohljóðandi:

Með því að ríkisstjórnin getur ekki skipað embættismönnum að fara í meiðyrðamál, og með því að flutningsmaður till. þessarar hefir í opinberu, víðlesnu blaði, verið lýstur ærulaus lygari og rógberi af hinum sama manni, sem hann nú vill láta lögsækja, án þess að hafa, svo vitanlegt sje, gert ráðstafanir til að hreinsa sig af þeim áburði, þá verður deildin að líta svo á, að henni sje með tillögu þessari lítilsvirðing sýnd af flutningsmanni hennar. Hún sjer því ekki ástæðu til að sinna till. að neinu leyti og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg skal játa, að þetta átti að segja strax, því það er rjetta svarið við till., úr því hún kom fram. Mjer var illa við, að till. kæmi fram, og jeg sagði það við hv. flm. hennar, að best væri fyrir hann að taka hana aftur. Þá hefðu sparast allar þessar löngu og óþörfu

ræður. En sá veldur mestu, sem upphafinu veldur, og jafnan er óvandari eftirleikurinn. Skal jeg svo ekki lengja þessar umræður.

Sigurður Eggerz: Jeg þakka hæstv. forsrh. (JM) þá yfirlýsingu, sem hann kom með í þá átt, að hann liti eins og jeg á ummæli þau, sem standa í „Nýja sáttmála“ um fullveldi landsins. Hann sagði tvisvar sinnum, að þau væru vítaverð. Fyrir mjer var það aðalatriðið, að kveðinn yrði upp dauðadómur yfir þessum ummælum. Jeg skal ekki fara að endurtaka það, sem jeg sagði í dag, aðeins gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg mun verða á móti þessari dagskrá, sem fram er komin. Jeg sje ekkert samband á milli þess máls, sem hjer er um að ræða, og viðskifta hv. flm. (JJ) við höf. „Nýja sáttmála“, svo að þingið þurfi að taka þau til samanburðar. En jeg mælist til þess við hæstv. forseta, ef dagskráin verður feld, að hann beri þá tillöguna upp í þrennu lagi. Mun jeg þá ekki sjá mjer annað fært en að greiða atkv. með 1. liðnum, vegna hinna þungu ásakana í garð Alþingis.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg er ánægður yfir því að hafa gefið hv. 5. landsk. (GunnÓ) tækifæri til að sýna þingmannshæfileika sína með þessari einkennilegu dagskrá, um leið og salir Alþingis lokast endanlega bak við hann. En þar sem með henni er játað, að deildin geti ekki sloppið úr þessum vanda, nema með því að skjóta sjer undir ranga lögskýringu, og þar sem búast má við, að hv. 5. landsk. (GunnÓ) hafi fylgi meiri hl. til að koma málinu inn á þennan skakka grundvöll, þá óska jeg eftir, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að tækifæri gefist til að breyta formi tillögunnar, svo að hún verði meir að skapi hæstv. landsstjórn og fylgifiskum hennar. Deildinni er þá jafnframt gert hægara fyrir að afgreiða málið sómasamlega. Jeg vona, að við getum orðið ásáttir um þann grundvöll, sem forðar hv. 5. landsk. (GunnÓ) frá að komast eins langt niður á við og hann stefnir nú, þar sem hann vill láta deildina löghelga föðurlandssvik, og með ósæmilegu formi á þingskjali brjóta helgustu siðareglur Alþingis og allra þinga hjá mentuðum þjóðum. En ef hæstv. forseti vill stefna sjer og sínum flokki út í varanlega hneisu, þá er það á þeirra ábyrgð. Og jeg ann hv. þm. (GunnÓ) vel sæmdarinnar af því að bera þessa dagskrá fram, þó hann hafi ekki búið hana til. Jeg óska honum að vísu engrar ógæfu, en ef hann vill niðri á grafarbakkanum breiða faðm sinn móti landráðastefnu, þá er honum það velkomið mín vegna.

Gunnar Ólafsson: Jeg hefi engu að svara. Jeg álít þessa dagskrártillögu mína hið rjetta svar við málinu, eins og það er borið upp og rekið hjer af hv. 3. landsk. (JJ). Jeg tel þinginu sýnda vansæmd með því að bera þar upp mál, sem ekki eiga þar heima. Um það, hvort jeg fæ sæmd af því eða vansæmd að bera þessa till. fram, vil jeg biðja hv. þm. að hafa sem minstar áhyggjur. Vitanlega er það jeg, sem verð að bera það, en ekki hann. Það ætti hann þó að vita.

Forseti (HSteins): Jeg get í fljótu bragði ekki sjeð mikla ástæðu til að taka málið út af dagskrá, þegar búið

er að ræða það svo lengi. Mjer heyrðist líka á ræðum þessara síðustu ræðumanna, að ekki geti orðið um samkomulag að ræða með nýja dagskrá. (**JJ:** Jeg geri formsbreytingu á aðaltill. Það kemur ekki dagskránni við í sjálfu sjer). Jeg gef 10 mínútna hlje, og að því loknu skal jeg gefa ákveðið svar um það, hvort málið verður tekið út af dagskrá.

Að loknu 10 mínútna fundarhljei mælti

forseti (HSteins): Úr því að þessi dagskrá er komin fram og jeg hefi heyrt á flm. hennar (GunnÓ), að afstaða hans breytist ekkert, eða hann hafi ekki í hyggju að láta breytingu á dagskránni fara fram, þrátt fyrir það, að 1. liðnum í till. yrði breytt, þá sje jeg ekki annað fært en að bera dagskrána upp. En ef hún verður feld, þá mun jeg taka málið út af dagskrá, til þess að flm. (JJ) gefist kostur á að breyta till. að einhverju leyti.

Flm. (Jónas Jónsson): Dagskráin lýtur ekki að fyrsta liðnum, eins og hæstv. forseti sjer, þannig, að þó að dagskráin verði samþ., þá er jafnskylt fyrir því að bera upp fyrsta liðinn.

Forseti (HSteins): Það er alls ekki skylda, ef dagskrá kemur fram í máli. Eftir þingsköpunum er það skylda að bera hana upp. (**JJ:** Hún nær ekki út yfir fyrsta liðinn). Því ber flutningsmaður dagskrárinnar ábyrgð á. Jeg verð sem forseti að bera dagskrána upp, úr því að hún er komin fram.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 5. landsk. (GunnÓ) samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins, BK, EP.

nei: EÁ, GuðmÓ, IP, SE.

JJ og ÁH greiddu ekki atkv.

E.
Vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Byggingarstill á Bergþórshvoli.

Á 52. fundi í Ed., föstudaginn 16. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um byggingarstíl prestssetursins á Bergþórshvoli (A. 351).

Á 53. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 19. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál var að vissu leyti til umr. hjer í deildinni í fyrra, þar sem samþ. var till. til þál. þess efnis, að hæstv. stjórn ljeti athuga, hvort ekki væri hægt að byggja upp á fornum sögustöðum, og með því átt við, að byggingarnar yrðu þá að einhverju leyti eða öllu gerðar í fornum stíl. Nú hefir komið í ljós, að á tveim þessum fornu sögustöðum, sem nefndir voru í fyrra, sem sje á Hlíðarenda og Bergþórshvoli, eru byggingar mjög slæmar og því sjerstaklega aðkallandi, að bæjarhúsin þar verði reist frá grunni. Þetta mál hefir á síðastliðnu sumri verið rannsakað af Þingvallanefndinni, og hefir áliti hennar verið útbýtt meðal hv. þm. Nefndin lítur svo á, að ekki verði hjá því komist að byggja nú þegar á þessu sumri á Bergþórshvoli, því svo slæm sjeu húsin þar, að varla megi búast við, að presturinn geti haldist við í þeim, þegar vetrar. Eigi að vera prestssetur þar áfram, þarf að hraða byggingunni. Og er þá ekki nema um tvent að gera, annaðhvort að prestssetrið yrði bygt sem önnur prestssetur, með styrk af opinberu fje og lánsfje, eða þá að þing og stjórn ljetu málið til sín taka og gerðu sjerstakar ráðstafanir í því efni.

Nú hefir presturinn á Bergþórshvoli gert sjer vonir um, að hæstv. stjórn tæki liðlega í þetta mál. En væri nú að þessu ráði horfið samkv. till. Þingvallanefndar, þá er ekki aðeins um það að ræða að byggja bæjarhúsin upp, heldur telur nefndin fulla þörf á að reisa öll peningshús frá grunni, svo öll þessi bygging mundi mun dýrari en tíðkast hefir yfirleitt áður á öðrum prestssetrum. Nú munu gerðar ráðstafanir um

að bæta úr byggingarþörf prestsins á Bergþórshvoli með því að byggja þar aðeins íbúðarhús, og þá um venjulegt hús að ræða. En Þingvallanefndin kann því illa, að á þessum fornhelga sögustað verði reist venjulegt kaupstaðarhús, eins og helst lítur út fyrir að verði gert. Enda sagði fornmenjavörður við mig áður en hann fór utan í vetur, að hann legði áherslu á, að ef mögulegt væri án mikils kostnaðar, þá yrði nýi bærinn reistur í þjóðlegri stíl en alment gerist nú um byggingar á öðrum prestssetrum. Hann mun líka hafa í huga að gera allmiklar rannsóknir í sambandi við bygginguna. Er því vitanlegt, að hann verður að hafa þar hönd í bagga og vera með í ráðum, hvar nýja húsið skuli standa. Því vegna rannsóknanna getur vel komið fyrir, að tryggara þyki að flytja bæinn þaðan, sem hann stendur nú. Því verður ekki neitað, að frá sögulegri hlið stendur sjerstaklega á með þennan stað, þegar miðað er við önnur prestssetur.

Eftir að hafa talað við prestinn á Bergþórshvoli og Þingvallanefndina hefi jeg ráðist í að bera fram þessa till. um byggingarstíl, án þess þó að gera frekari grein fyrir kostnaðarauka þeim, sem af því kann að leiða, að breytt verði frá þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið. Það er óhugsandi, að presturinn geti af eigin ramleik lagt fram fje sjerstaklega í þessu efni. Hinsvegar ekki beinlínis ástæða til að setja kostnaðinn svo mjög fyrir sig, enda er breytingin lítil í sjálfu sjer. Eins og húsameistari hugsar sjer þetta nýja hús, þá ætlast hann til, að það verði lægra og mjórra en hin nýju prestssetur, en aðalbreytingin verður þá tveir kvistir móti suðri. Breytingin kostar að líkindum dálítið, en að öðru leyti getur húsið orðið ódýrara, vegna þess að veggir eru lægri, og að sumu leyti þægilegra til íbúðar.

Þessi húsagerð á prestssetrum, sem landið hefir styrkt, hefir stundum verkölluð Skeggjastaðastíll, eftir prestssetri í Norður-Múlasýslu, sem bygt hefir verið samkvæmt till. húsameistara ríkisins, og kirkjustjórnin fallist á, að þessi byggingarstíll væri vel við eigandi. Jeg hefi sjálfur sjeð Skeggjastaðahúsið og þótt það fremur myndarlegt, enda ljet presturinn vel yfir því og var hinn ánægðasti. Þetta er eina steinhúsið í sveitinni, en það er líka til fyrirmyndar.

Þó að þessi till. yrði samþ., er alls ekki víst, að farið yrði eftir henni að öllu leyti, en jeg tel það æskilegt, að þessum sjerfræðingum, húsameistara og fornmenjaverði, sje gefið tækifæri til að leysa þetta byggingarmál á þjóðlegan hátt.

Forsætisráðherra (JM): Það hefir verið venja í flestum tilfellum, að prestar ráði sjálfir miklu um það, hvernig þær byggingar eru, sem þeir byggja á prestssetrunum, en þó á síðari tímum yfirleitt með ráði húsameistara. En jeg hefi heyrt, að presturinn á Bergþórshvoli vilji gjarnan haga húsum þar eins og Þingvallanefndin hefir lagt til, og ef svo er, þá mun stjórnin ekki setja sig upp á móti því.

Hinsvegar veit jeg ekki, hvort hægt verður að fá fje á þessu ári til að byggja prestssetrshús á Bergþórshvoli.

Eggert Pálsson: Af því að þetta prestssetur er í mínu prófastsdæmi, tel jeg mjer skylt að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Það mun víða vera þörf á því að byggja upp eða gera húsabætur á prestssetrum. En hjer stendur alveg sjerstaklega á, eins og jeg hefi getið um í brjefi til fjvn. Nd.

Eins og sakir standa nú með húsakynni á Bergþórshvoli, er alls ekki við þau unandi, því að þau eru í senn bæði lítil, ill og ljót, enda að falli komin.

Aðalatriðið fyrir mjer er því það, að fá bygt upp á Bergþórshvoli, og svo hitt, að það yrði sem hagkvæmast og kostnaðarminst fyrir prestinn. Presturinn er ekki fær um að taka á sig mikinn kostnað við byggingu á prestssetrinu, því að hann er bæði fátækur, ungur maður, sem er nýkominn frá prófborðinu, og sennilega, eins og flestir, með talsverðar skuldir á baki.

Í till. er ekkert getið um þetta, að sjá fyrir kostnaðarhliðinni eða gera prestinum auðveldara fyrir um þetta. Ef svo hefði verið, mundi jeg hafa verið tillögunni fylgjandi, en hún ræðir aðeins um stílinn á byggingunni, en gerir ekkert ráð fyrir, hvernig eigi að gera prestinum mögulegt að standa straum af þessu, og lægi það þó nærri, þegar setja á fastar reglur um fyrirkomulagið.

Það er sem sagt aðeins stíllinn, sem þessi hv. deild á að ákveða, en mjer sýnist ekki, að við höfum góð tök á því, þar sem hjer liggja engin gögn eða teikningar fyrir til að dæma og velja um.

Hjer er aðeins skorað á hæstv. stjórn að láta byggja upp á Bergþórshvoli í sveitabæjastíl, ef sú tilhögun yrði ekki dýrari. Ef nokkur veigur eða alvara ætti að vera í tillögunni, hefði átt að skora á stjórnina að láta byggja hjer upp hús í sveitabæjastíl, jafnvel þótt það yrði eitthvað dýrari bygging en á öðrum prestssetrum. En það hefir hv. flm. (JJ) ekki viljað eða þorað að fara fram á. Og þegar tillögumaður hefir þannig lýst því yfir, að bygging hjer skuli ekki verða dýrari eða kostnaðarsamari en á öðrum prestssetrum, þá finst mjer rjettast að láta hina rjettu aðilja dæma um það, hvaða stíll yrði á byggingunni. Og þar sem jeg sje ekki ástæðu til að taka ráðin af þeim í þessu efni, get jeg ekki greitt atkv. með þessari till.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins lítil aths., sem jeg ætla að gera. Mjer finst, að hjer sje aðalatriðið, hvort þingið vill leggja einhverja rækt við þennan stað, sem er einhver frægasti sögustaður á okkar landi, og jeg er viss um, að flestar aðrar þjóðir mundu gera það í okkar sporum. Ef það er meiningin með þessari till., sje jeg ekkert á móti því að samþ. hana.

Eins og prófasturinn, hv. 1. þm. Rang. (EP), rjettilega tók fram, getur presturinn vitanlega ekki lagt í sjerstakan aukakostnað af þeim ástæðum, að um frægan sögustað er að ræða. En ef þingið lítur svo á, að það sje þess vert, á það að gera ráðstafanir til þess, að hlynt verði að þessum stað með einhverju framlagi úr ríkissjóði.

Flm. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JM) hefir tekið mjög vel í þetta mál fyrir sitt leyti og sömuleiðis skýrt ýmislegt í sambandi við það. Hæstv. ráðh. benti t.d. á það, að smekk-

menn, eins og húsameistari og formenjavörður, eru óánægðir yfir að fá ekki stíl á byggingarnar á þessum merkisstöðum, og að þessi algengu hús í kaupstöðum, sem eru góð þar, geta farið illa í sveitum.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) benti á, að það ætti að vera samkomulagsatriði, hvernig stíllinn yrði hafður. Sennilega yrði þá um tvo stíla að velja, hinn svonefnda Skeggjastaðastíl, sem talinn er nú fyrirmynd um byggingar prestssetra í sveitum, og svo hugmyndina um Bergþórshvol, og ef hún yrði ofan á, mundi verða talað um Bergþórshvolsstíl.

Jeg vil nú benda hv. 1. þm. Rang. á það, að jeg held ekki, að þetta fyrirkomulag yrði neinum mun dýrara, en að ýmsu leyti hentugra en á Skeggjastöðum. Jeg gisti í sumar á Skeggjastöðum og hafði þá tækifæri til að skoða húsið, og að vísu leist mjer allvel á það. Húsið er rúmgott, og presturinn er ánægður með það. En þó eru töluverðir gallar á herbergjaskipun í húsinu, þannig, að íbúðarherbergin skiftast á 3 hæðir. Á Bergþórshvoli er hugmyndin sú, að íbúðin verði að öllu leyti á 2 hæðum, og er það miklu þægilegra. Auk þess mundi efnið úr hinum ljelega bæ, sem nú er þar, koma að betri notum með því fyrirkomulagi. Auk þessa álít jeg, að ef húsameistara tekst að leysa þessa þraut, þá mundi það verða mikill vinningur fyrir húsagerð í landinu.

Gunnar Ólafsson: Það er aðeins stutt aths. Hæstv. forsrh. (JM) hefir nú tekið þannig í þetta mál, að ætla má, að stjórnin láti byggja á Bergþórshvoli í líku sniði og till. fer fram á. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til hæstv. stjórnar, með því að jeg álít, að þessi deild, sem er aðeins $^1/_3$ alls þingsins, geti tæplega með nægilegum myndugleik skipað fyrir um þetta mál. Hinsvegar tel jeg, að því megi treysta fullkomlega, að hæstv. stjórn, í samráði við sóknarprestinn og húsameistara, sem mestu eiga að ráða um þetta, muni leiða þetta mál til lykta á sem bestan hátt.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg held, þó að jeg vantreysti ekki hæstv. stjórn sjerstaklega mikið í þessu máli, að ekki sje ástæða til að vísa því til hennar.

Það stendur alveg sjerstaklega á vegna þess, að þetta mál þolir enga bið, og byggingin þarf helst að komast upp í sumar. Og ef það á að verða, þarf presturinn nú þegar að panta efnivið og fá skip með hann austur að söndum. Það þarf þess vegna að ráða fram úr þessu sem allra fyrst og fremur í dag en á morgun.

Þessi till. á ekki heldur að skoðast sem skipun, heldur sem leiðbeining til húsameistara um þetta. Og þar sem Þingvallanefndin mælir með hugmyndinni, sje jeg ekki, hvaða ánægju hv. 5. landsk. (GunnÓ) getur haft af því, að till. sje feld með því að vísa málinu til stjórnarinnar, því að þó að hæstv. stjórn kunni að ráða þessu vel til lykta, verður sú leið altaf krókaleið að takmarkinu.

Forsætisráðherra (JM): Jeg held, að hv. 5. landsk. (GunnÓ) hafi lagt fullmikið upp úr ummælum mínum um

þetta mál. Þó að jeg fyrir mitt leyti hafi ekkert á móti því, að bygt verði á þennan hátt, ef aðiljar óska þess, þá get jeg, eins og jeg tók fram, ekkert sagt um það sem stendur, hvort hægt verður að leggja fram fjeð að svo stöddu. Hvað það snertir, að hægt verði að byggja í sumar, þá efast jeg um, að hægt verði að snúast svo fljótt við þessu, að hægt verði að panta efniviðinn strax. Erindi um það er ekki einu sinni komið til ráðuneytisins. (**JJ:** Fjvn. er búin að skrifa stjórninni. **EP:** Umsóknin er komin upp í stjórnarráð). Hún hefir þá komið þangað fyrst í morgun. Enda liggur engin fjárveiting fyrir um þetta. Annars skil jeg það ekki, að þetta beri svo brátt að, að það þoli ekki, að það sje athugað í nokkra daga.

Það er rjett hjá hv. þm. (JJ), að lág hús fara betur í sveitum en há. En jeg get ímyndað mjer, að ef húsið yrði haft í bæjarstíl, þá yrði það nokkru dýrara en í Skeggjastaðastíl, sem hv. þm. kallar svo. Annars er þetta í fyrsta sinn, sem jeg heyri þann stíl nefndan. Mjer skilst, að það væri best, að þetta væri athugað af prestinum og húsameistara í samráði við kirkjustjórnina og svo farið eftir þeirri niðurstöðu, sem þessir aðiljar kæmu sjer saman um.

SigurðurEggerz: Það, sem jeg hefði óskað að fá ákveðið fram við þessar umræður og jeg hefði viljað heyra frá hæstv. stjórn um, er það, hvort ekki þætti ástæða til að leggja fram meira fje til húsabóta á þessum stað, vegna þess, að þetta er einhver frægasti sögustaður hjer á landi. En jeg skil það, að til þess að veita slíkt fje þyrfti stjórnin sjerstaka heimild. Jeg hefði viljað, að það kæmi fram, hvort þingið vildi ekki meta þennan fræga sögustað svo mikils. Á þennan stað koma margir erlendir menn og munu koma í framtíðinni. (**EP:** Ef þeir komast yfir Þverá). Já, en það er nú líklegt, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að svo megi verða. Og það mundi verða til hins mesta sóma fyrir þetta land að leggja þá rækt við þennan fræga sögustað, að kosta einhverju til húsabóta á honum. Þetta vildi jeg, að hæstv. stjórn tæki til athugunar, og óska jeg, að hæstv. forsrh. segi álit sitt um það.

Forsætisráðherra (JM): Það er alveg rjett athugað hjá hv. þm. (SE), að ef um slíkt væri að ræða, þá þarf til þess sjerstaka heimild. En um þetta er nú ekki verið að ræða. Jeg er ekki heldur sammála hv. 1. landsk. (SE) um, að Bergþórshvoll sje neitt frægari sögustaður en margir aðrir. (**SE:** En þar þarf að byggja upp). Já, það er alveg rjett, en það þarf víðar að byggja upp á frægum sögustöðum.

Hvað ferðamenn snertir, þá munu færri koma að Bergþórshvoli en á marga aðra sögustaði, því að hann er afskektari en margir aðrir. Ef byggja ætti upp á sögustöðum, þá stæði Hlíðarendi nær, meðal annars af því, að þangað koma fleiri ferðamenn. Annars er ekki nein ástæða til að vera að tala um þetta hjer, því það liggur ekki fyrir.

Gunnar Ólafsson: Það er aðeins út af því, sem hv. 3. landsk. (JJ) sagði, að það mundi tefja fyrir málinu, ef því væri vísað til stjórnarinnar. Jeg get nú ekki sjeð, að ástæða sje til að óttast það. Því að mjer skilst, að þó að till. hv. þm. yrði samþ., mundi samt þurfa

nokkurn tíma til að rannsaka þetta mál, áður en til framkvæmda getur komið. Um hitt er það að segja, eins og jeg tók fram áðan, ef um það er að ræða, að skipa stjórninni að gera þetta eða hitt, að þá hefir þessi þingdeild ekki fullan myndugleika til þess. En hjer þarf enga skipun, enga ályktun. Hæstv. stjórn er því fylgjandi, að bætt verði húsakynnin á Bergþórshvoli, og jeg treysti henni vel til að láta gera það á viðunanlegan og hagkvæman hátt, þegar á þessu ári.

ATKVGR.

Till. frá 5. landsk. (GunnÓ) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, BK, EP, HSteins.

nei: IP, JJ, SE, ÁH, EÁ, GuðmÓ.

JM greiddi ekki atkv.

2. Lögræðissvifting ofdrykkjumanna.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 24. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um, að svifta megi ofdrykkjumenn lögræði og fjárræði (A. 410).

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 26. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 61. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Það stendur svo á þessari till., að mikilsmetinn læknir einn hjer í bænum, sem hefir talsverð afskifti af fátækramálum bæjarins, hefir beðið mig að flytja hana. Hann stakk fyrst upp á að bera þetta fram í frumvarpsformi, en jeg áleit rjettara, að slíkt frv. kæmi frá stjórninni, af því að þetta er dálítið flókið mál og lög til frá mismunandi tímum, sem mun þurfa að samræma. Ástæðan til þess, að till. er borin fram, er sú, að eins og kunnugt er, hefir víndrykkja magnast aftur, eftir að bannið hefir verið sama sem afnumið, og eins og menn vita, eru það ekki sjaldan fátækir fjölskyldufeður, sem drekka, en það kemur hart niður á nánustu vandamönnum, að fjárráðin á heimilinu skuli að lögum vera í höndum þess, sem síst kann með þau að fara. Það er rjettarvenja, að þegar maður er sviftur fjárforræði af þessum sökum, verður konan að beiðast þess, en það gerir hún venjulega í síðustu lög. Drykkjumaðurinn telur slíkar aðfarir móðgun við sig, og aðstaða konunnar gæti að sumu leyti versnað við að beita þannig rjetti sínum.

Tilætlunin er sú, að reyna að koma í veg fyrir, að drykkjumenn eyði því, sem þeir kunna að eiga, eða verði þyngri byrði á öðrum en þyrfti. Sveitarstjórn gæti þá tekið í taumana, ef svo stæði á, að maður vegna drykkjuskapar væri kominn að því að þiggja af sveit eða ef til vill kominn á sveitina. Sumum mun finnast erfitt að skera úr, hvenær þessu ráði skuli beita, en sjálfsagt er að grípa ekki til þess nema gegn langvarandi ofdrykkjumönnum, og yrði læknir sennilega að skera úr, hvenær þessi leið væri farin. Jeg vænti

þess, að hæstv. forsrh. láti í ljós álit sitt um þetta mál.

Forsætisráðherra (JM): Jeg held, að óhætt sje að fullyrða, að hv. flm. (JJ) hafi ekki athugað þetta mál vandlega. Það er talað um að svifta lögræði og fjárræði. Við eigum ný lög um þetta efni, þar sem ekki þekkist lögræði og fjárræði. Lögræði er tvennskonar, sjálfræði og fjárræði. Annars held jeg, að þessi tillaga sje óþörf. Í 5. gr. þessara laga, sem jeg nefndi, er ákveðið, hvenær megi svifta menn fjárræði og sjálfræði. Þar er að vísu ekki talinn drykkjuskapur. Það var gert í frv. eins og það kom frá stjórnarinnar hendi, en var felt úr í meðferð málsins. Jeg hefi ekki athugað, hvar það var felt úr, en jeg held, að það hafi verið gert með þeirri athugasemd, að ekki þyrfti að hafa það ákvæði, því heimilt væri að gera þetta eftir kröfu frá sveitarstjórn. Þetta, sem hv. flm. vill fá fram, er því í lögunum sjálfum; a. m. k. væri meira en nóg að setja aftur inn orðið „drykkjuskapur", þar sem það var í frv. frá stjórninni. Annan eða meiri undirbúning þarf ekki. Það hefir viðgengist, að sveitarstjórnir hafa fengið drykkjumenn svifta fjárforræði. Jeg skil því ekki, hvers vegna hv. flm. kemur fram með þessa till., nema ef það er af því, að honum þyki sveitarstjórnir ekki nota nægilega vald sitt í þessu efni. Að þær hafi þetta vald, er engum efa undirorpið.

Það er rjett hjá hv. flm., að hlíta verður úrskurði læknis, hvort svifta eigi mann fjárforræði, þó að við lögfræðingarnir sjeum ekki altaf ánægðir með það. En eins og jeg hefi tekið fram, þá eru til lög um þetta efni. Jeg held, að ákvæðin sjeu fullskýr, nema ef rjettara þætti að bæta inn í þessu eina orði, sem jeg mintist á. Annan undirbúning get jeg ekki sjeð að þurfi.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er ágætt, að hæstv. stjórn hefir látið í ljós álit sitt og gefið nokkrar skýringar. Jeg tek ekki nærri mjer, þó hæstv. forsrh. þætti jeg ekki fróður um lögræðislöggjöf. Jeg tók það einmitt fram, að jeg teldi sjálfsagt, að stjórnin undirbyggi breytingar, ef þær væru gerðar. Mjer virðist hæstv. ráðh. ekki hafa veitt till. nægilega athygli. Það vantar einmitt í lögin glögg ákvæði um drykkjumenn. Hugsast getur, að maður sje ekki frámunalega eyðslusamur, þó hann sje drykkfeldur, þó að vísu fari það oftast saman. Jeg held, að það hafi ekki verið tóm tilviljun, að orðið „drykkjumaður" var felt úr lögunum. Margur er breyskur í landinu, og drykkjumönnum er vitanlega mjög illa við þessa breytingu. Annars legg jeg ekki mikla áherslu á að fá till. samþykta, ef hæstv. forsrh. vill gefa vilyrði fyrir því að leggja fyrir næsta þing gleggri ákvæði viðvíkjandi drykkjumönnum. Það liggur í augum uppi, að betra er í þessu efni að hafa glöggan lagastaf heldur en veika lögskýringu.

Forsætisráðherra (JM): Það er auðvitað útlátalítið fyrir mig að lofa að athuga þetta mál. Hinu get jeg ekki lofað, að bera fram frv. um breytingu, er mjer virðist gersamlega óþörf. Umgetin lög eru samin af einhverjum fremsta lögfræðingi okkar, og þau eru í samræmi við lög nágrannalandanna um þetta efni.

Hvað snertir rjett sveitarstjórna til

að fara fram á að svifta menn fjárræði, sem verða að leita sveitarstyrks eða eru í þann veginn að gera það, þá er það efalaust, að þær hafa þann rjett. Það einasta, sem mætti orða, er það, hvort það er af atriði í þessu efni, að orðið „drykkjuskapur" fjell burt við meðferð málsins á þingi. Það má vel líta svo á að órannsökuðu máli, að það hafi haft þýðingu. En þegar betur er að gætt, er það ekki svo, eftir því sem mjer skilst. Í lögunum stendur: vegna vanheilsu eða vanþroska eða af öðrum ástæðum, svo sem vegna eyðslusemi.

Flm. (Jónas Jónsson): Þar sem hæstv. forsrh. (JM) er ekki alveg viss um, að hann vildi leggja til þessa breytingu, nema að fenginni þáltill., þá sýnist mjer rjettara að taka ekki tillöguna aftur. Jeg lít þannig á, að það sje öllu skynsamlegra og betra að þrengja að ofnautn áfengra drykkja. Og ef þessi breyting, sem orðið hefir á frv. í meðferðinni, stendur í nokkru sambandi við það, að það hafi átt að gera sjer tæpitungu við áfengisnautnina, þar sem hún er í öfgum, þá sýnist mjer það vera óþarfi, svo að jeg álít rjettara að láta hv. deild skera úr um það, hvort henni finnist ástæða til að samþ. þessa till. eða ekki.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 5. gr. laga nr. 69, frá 14. nóv. 1917, sem hljóðar svo: „Nú er sjálfráða maður eða fjárráða ófær til að ráða sjer eða fje sínu sjálfur, vegna vanheilsu eða vanþroska eða af öðrum ástæðum. . . .".

Þetta ákvæði: „eða af öðrum ástæðum" er svo vítt, að það blandast engum hugur um, að of mikill drykkjuskapur falli þar undir.

Í þeim ekki mjög mörgu tilfellum, sem jeg hefi haft með þetta að gera, hefir það ekki verið nema af tveimur orsökum, vanheilsu og drykkjuskap. Þess vegna álít jeg ekki þörf á þessari till., að það er þegar til í löggjöfinni, sem ætlast er til, að gert verði að lögum. Og jeg álít, að ástæðan til þess, að þessi till. er borin fram, sje sú, að viðkomandi læknir hefir ekki athugað löggjöf landsins um þetta efni nógu rækilega. Hinsvegar kann jeg ekki við, að þáltill. með þessu innihaldi sje feld hjer í hv. deild. En það er engin þörf á að samþ. hana, og þá tel jeg heppilegustu úrlausn málsins, að deildin vísi málinu til hæstv. stjórnar. Leyfi jeg mjer að gera það að tillögu minni.

Flm. (Jónas Jónsson): Þar sem málið hefir ekkert skýrst af ræðu hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), og þar sem þessi ósk er borin fram hreint og beint vegna manns, sem stendur framarlega í fátækramálefnum Reykjavíkur og hefir mikla reynslu í þeim efnum, þá get jeg ekki annað en litið svo á, að till. hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) — eins og hann skýrt tók fram — sje sama og að drepa málið. Jeg álít þess vegna rjett að skera úr því með nafnakalli, hverjir vilja á þennan hátt halda áfram að gera Bakkusi ljettari leiðina í þessu efni. Það virðist, að honum hafi verið hjálpað ríkulega yfir þröskuldinn í lagasmíðinni frá 1917.

Jeg get sannað það, að þetta er nauðsynjamál hjer í Rvík.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að gefa þá upplýsingu, að í þau 8 ár, sem jeg er búinn að vera bæjarfógeti, hefir aldrei verið synjað um lögræðissviftingu, sem um hefir verið beðið. Það getur þess vegna ekki verið svo brýn nauðsyn til þess að gera þessa lagabreytingu. (**JJ:** Það vantar skilyrðið um ofdrykkjuna). Nei. Hafi um drykkjuskaparóreglu verið að ræða, svo að læknir hefir treyst sjer til að gefa vottorð um, að viðkomandi maður sje vegna drykkjuskapar ófær til að stjórna sjálfum sjer eða fjármunum sínum, þá er mjer óhætt að fullyrða, að aldrei hefir verið synjað um lögræðissviftingu.

Jeg tek það enn fram, að þessi till. er fram komin af því, að ekki hefir verið athugað nógu rækilega, hvernig núgildandi löggjöf er „praktiseruð" í þessu efni.

ATKVGR.

Till. frá þm. Seyðf. (JóhJóh) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, EP, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, HSteins.

nei: EÁ, GuðmÓ, IP, JJ.

JM greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÁH og SE) fjarstaddir.

3. Mæling á siglingaleiðum.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 24. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um mælingu á siglingaleiðum meðfram norðurströnd Breiðafjarðar (A. 409).

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 26. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 61. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Fyrir nokkrum árum var samþ. till. á Alþingi, sem gekk í þá átt, að láta ekki eingöngu fara fram mælingar meðfram norðurströnd Breiðafjarðar, heldur einnig Strandasýslu. Mjer var ekki kunnugt um hina fyrri till., þegar jeg bar fram þáltill. mína. Og jeg held, að það sje mest nauðsyn að mæla leið meðfram norðurströnd Breiðafjarðar. Samt gæti vel komið til mála, ef till. verður samþ., að bæta síðari liðnum gamla við, mælingum meðfram Strandasýslu. Verður þá þessi till. mín endurvakning á máli, sem hefir sofið alllengi, og má búast við því, að hæstv. stjórn snúi sjer þá að framkvæmdum. Ástæðan til þess, að jeg hefi vakið þetta mál upp, er í sambandi við strandferðamál Barðstrendinga, því að á Breiðafirði norðanverðum er sumpart svo grunt víða, og sumpart eru skipagöngurnar háðar straumum, sem gera það að verkum, að skipin þora ógjarnan að fara þar inn. Afleiðingin er sú, að Barðstrendingar eru ver settir með samgöngur en nokkur annar landshluti. Nú liggur fyrir að bæta úr þessu með auknum skipakosti, og tillaga mín miðar að því, að þegar strandferðirnar sjeu komnar í lag, þá standi ekki á, að siglingaleiðirnar sjeu ómældar. Sá maður, sem kunnugastur er öllum leiðum þarna, Snæbjörn Krist-

jánsson, bóndi í Hergilsey, hefir skrifað um þetta mál. Segir hann, að komast megi á litlu skipi alstaðar meðfram ströndinni, ef leiðirnar eru nákvæmlega mældar. Þessar mælingar koma ef til vill til með að kosta talsvert fje, og eftir því, sem siglingafróðir menn hafa sagt mjer, myndi ef til vill þurfa útlenda menn til þess að framkvæma þetta.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. stjórn láti heyra álit sitt, og ef hún telur málið vert stuðnings, þá láti hún koma til framkvæmda sem fyrst, ef till. verður samþ.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg veit ekki betur en fyrir liggi frá eldri tíma áskorun til stjórnarinnar um mælingu á Gilsfirði. En þessi mæling er mjög dýr. Jeg hefi oft hugsað um, hvaða ráð ætti að hafa til þess að fá þetta verk unnið, án mjög mikils kostnaðar. Mjer hefir hugkvæmst, að ef til vill gæti strandvarnarskipið nýja sint þessu í frítímum sínum, án verulegs kostnaðar. Jeg hefi skrifað væntanlegum skipstjóra þess skips um þetta efni, en ekki fengið svar enn. Ef svo væri, að hann gæti sett sig inn í þetta starf, meðan hann bíður eftir skipinu, þá væri talsvert unnið. En þó að fá þyrfti útlendan sjerfræðing til að vera á skipinu eitt ár eða svo, væri það kleifur kostnaður, ef við gætum sjálfir lagt til skipið. Það hefir líka komið til orða að nota vitabátinn til þessa starfs, en það strandar á því, að þar er enginn maður, sem kann til starfsins.

Út af því, sem hv. þm. (JJ) nefndi Snæbjörn í Hergilsey, skal jeg minna á, að hann ræður ekki til að láta stór skip koma þarna, vegna þess að sjaldan sje lygnt og búast megi við töfum. Inn á Gilsfjörð eiga skip að geta komið, ef kunnugur maður er með. Það er víða nauðsyn á svona mælingum. Liggja fyrir gamlar áskoranir um það efni. Jeg hefði kunnað betur við, að hv. flm. hefði nefnt fleiri staði. Undan Ströndum, á innanverðum Húnaflóa og víðar eru svæði, sem nauðsynlega þarf að mæla upp.

Jeg vona, að hv. flm. kalli ekki, að þessu máli sje illa tekið, þó jeg segi, að jeg geti ekki ákveðið að svo stöddu, hvenær hægt verður að framkvæma þetta verk. Málinu verður haldið vakandi og byrjað á framkvæmdum svo fljótt sem fært þykir. Það er í mörg horn að líta, og ekki útlit fyrir, að afgreiðsla fjárlaganna verði þannig, að úr miklum afgangi verði að spila.

Flm. (Jónas Jónsson): Það væri ósanngjarnt að segja, að hæstv. atvrh. (MG) hafi tekið þessari till. illa. Hann hefir tekið skynsamlega í málið, og það er mikið gleðiefni, ef hægt verður að nota innlenda krafta til að framkvæma þetta verk. Eftir því, sem mjer hafa sagt siglingafróðir menn, er það ekki svo mjög mikið, sem vel mentaður skipstjóri þarf að nema í viðbót, til þess að geta leyst svona verk af hendi, og jeg vona, að skipstjóri nýja strandvarnarskipsins geti unnið þetta í tæka tíð. Að því er snertir skoðun Snæbjarnar frá Hergilsey, þá höfum við þar báðir á rjettu að standa. Hann mun líta svo á, að hægt sje að sigla um norðanverðan Breiðafjörð, en hyggur á hinn bóginn, að það muni verða dýrt og tafsamt.

Sumir halda, að hægt muni að koma

á 3—4 staði, en úr því verður auðvitað reynslan að skera. Jeg er ánægður með undirtektir hæstv. atvrh. og vona, að bráðum komist á innlend mæling.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 30. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hafði að vísu í huga þann möguleika að auka nokkuð við þessa till., heldur en að hafa hana óbreytta, en við nánari athugun hefi jeg ekki sjeð ástæðu til þess, þar sem það er nú upplýst, að framkvæmdir munu verða háðar auknum skipakosti við strandvarnirnar á næstu árum. Ef stjórninni tekst að láta strandvarnarskipin mæla þessa leið, þá þykist jeg vita, að málinu sje vel borgið. En jeg vil taka það fram, að á engum stað á landinu er þörfin eins brýn og við Barðastrandarsýslu.

ATKVGR.
Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 409).

Á 67. fundi í Nd., laugardaginn 1. maí, var till. tekin til meðferðar hverning ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 69. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi nú ekki margt að segja um þessa till. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er hún ekki flutt af mjer, heldur einum hv. þm. úr Ed., hinum mesta heiðursmanni. Jeg má því vera honum að nokkru leyti þakklátur fyrir flutninginn. Fyrir nokkrum árum flutti jeg till. um líkt efni, en það var af fjárhagslegum ástæðum, að hún náði ekki fram að ganga. En í fyrra átti jeg tal um þetta við hæstv. atvrh. (MG), og undirtektir hans voru á þann veg, að hann taldi sjer ljúft að gera það, sem hægt væri, svo fljótt sem föng væru á. Hæstv. atvrh. er hjer viðstaddur nú, og vænti jeg þess, að hann segi til, ef jeg fer ekki hjer með rjett mál. Þessi till. er nú fyllri en mín. Hún ætlast til, að mæld sje upp öll leiðin frá Hagabót inn að Gilsfirði. Jeg býst nú við, að hv. tillögumaður viti ekki, að það er búið að mæla upp nokkuð af Gilsfirði, svo það yrði þá núna mælt frá Siglunesi inn með Barðaströndinni.

Þegar skip kemur vestan að, er heppilegra að fara inn með ströndinni heldur en fyrst til Flateyjar, enda nægt dýpi fyrir skip til að sigla þar inn með, ef veður leyfir.

Jeg skal taka það fram, að jeg álít þetta nauðsynjamál, og vænti jeg, að hæstv. atvrh. (MG) ljái því sitt mikilsverða fylgi, og í sambandi við ræðu, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) flutti hjer nýlega í deildinni, viðvíkjandi byggingu fyrirhugaðs strandferðaskips, vil jeg segja, að þetta mál er þess eðlis, að svo fremi sem það er brýn nauðsyn að byggja það skip, þá hlýtur þetta atriði

að ganga á undan, því að jeg sem kunnugur maður á þessum slóðum fullyrði, að ekkert skip á stærð við „Esju“ myndi fást til að fara þarna um, nema því aðeins, að uppmæling á siglingaleiðinni hefði verið framkvæmd áður.

Jeg veit það vel, að það mun ekki vera hægt að sigla hverju skipi þarna inn, nema ef vera skyldi inn á Þorskafjörð, því að það mun naumast talin hæf siglingaleið, nema þá undir stjórn vel kunnugs manns, en um þessa leið inn með Barðaströndinni veit jeg, að ekki mun mikill farartálmi hvað dýpi snertir. Jeg skal benda á nauðsynina fyrir þessu, að meðal margs annars er einmitt á yfirstandandi sumri gert ráð fyrir, að fluttir verða símastaurar til hinnar svokölluðu Barðastrandarsímalínu, en einmitt af því, að þessi leið hefir ekki verið mæld upp, hafa ekki náðst samningar um, að skipið fari lengra með staurana en inn að Haga, og býst jeg við, að af því, hvernig á stendur, verði mjög mikill kostnaðarauki að landsetning þeirra í Flatey, sem ekki hefði fyrir komið, ef þessi leið hefði verið mæld.

Það mætti nú ætla, að sýslubúar mínir teldu, að einmitt framkoma þessarar till. mundi gera það að verkum, að uppmælingunni yrði hraðað, en jeg slæ því aftur föstu, að þrátt fyrir tilraun hv. flm. (JJ) til að styðja mig og sýslubúa mína, mundi þessi uppmæling komast jafnfljótt í framkvæmd án þess. En úr því að þessi till. er fram komin, vænti jeg þess, að hún verði látin ganga til síðari umr., en annars skiftir það mig engu máli, hvernig með hana verður farið, því að það, sem jeg læt mig skifta, eru undirtektir hæstv. atvrh. (MG), og jeg býst við, að það verði sömu hagstæðu undirtektirnar sem jeg hefi áður fengið að heyra frá hans hendi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er alveg rjett, sem hv. þm. Barð. (HK) hefir tekið fram, að hann hefir oft minst á mælingu á þessari siglingaleið, og jeg hefi sagt, að það mundi verða að því undið eins fljótt og ástæður leyfa, og skal jeg geta þess, að skipstjórinn á hinu væntanlega strandvarnarskipi hefir verið beðinn að setja sig inn í mælingar á siglingaleiðum. Jeg hefi ekki heyrt frá honum, hvort hann þykist geta sett sig nægilega inn í það, en jeg býst við, að hann geri hvað hann getur, en þótt við þyrftum að fá sjerfróðan mann til framkvæmdanna, er þó mesti munur, ef við getum sjálfir lagt til skipið, en þar höfum við yfir að ráða strandvarnarskipunum tveimur og vitabátnum. Það eru þau einu skip, sem við höfum yfir að ráða til þess, því að fara að leigja skip, yrði mjög dýrt.

Hvað það snertir, hvernig fara skuli með till., þá finst mjer sjálfsagt, að hún verði samþ., því að mjer finst engin ástæða til að fella hana, og ekki heldur ástæða til að vísa henni til nefndar. Þetta hefir áður verið samþ., eins og hv. þm. Barð. (HK) sagði, svo að þetta er þá aðeins árjetting á því, sem áður hefir verið flutt og samþ.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg stend hjer upp til þess að minna á, vegna þess kjördæmis, sem jeg er fulltrúi fyrir, að á Alþingi 1920 samþykti Nd. Alþingis

till. til þál., þar sem skorað var á landsstjórnina að láta rannsaka nokkurn hluta af þeirri siglingaleið, sem hjer er talað um, og svo innsiglingu á Bjarnarfjörð hinn syðra í Strandasýslu og hafnarstað við Kaldrananes. Þetta hefir nú enn ekki orðið, og ætla jeg ekki að áfellast stjórnina fyrir það, því að jeg býst við, að það sje satt, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, að hjer sje ekki um mikinn skipakost að ræða til þess, en jeg vil leggja áherslu á það, að það er alveg eins mikil þörf á þessu fyrir austan Vestfjörðu eins og fyrir vestan, og úr því að farið er að árjetta þetta, þá býst jeg við, að mjer þætti rjettast að taka það inn í þessa till., sem var í till. 1920. Jeg skal geta þess, að á tveim fundum þar vestra, sem jeg hefi verið á, hefir verið ýtt á mig með að halda þessu fram, og jeg hefi búist við, að þegar ríkið eignaðist nýtt strandvarnarskip, mundi hægt að sinna þessu máli meira. En jeg vil, um leið og jeg sem sagt tilkynni, að jeg muni koma með brtt. við þetta, beina því til hæstv. atvrh. (MG), að ef hæstv. stjórn lætur fara að rannsaka þessa leið, þá að hafa hina staðina í huga líka. Jeg get sagt frá því um leið, að þegar talað var um þessa staði, var líka minst á Kollafjörð og óskað eftir, að mæling færi þar fram.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ræddi nú aðeins um þessa uppmælingu, sem hjer er talað um í till., en auðvitað er, að það gildir alment það sama um aðrar till., sem samþ. hafa verið, og er að því leyti alveg sama, hvort hv. þm. Str. (TrÞ) kemur með brtt. við þessa till. eða ekki. Jeg get sagt hv. þm. (TrÞ), að það verður jafnskjótt frá minni hálfu undinn bráður bugur að því að framkvæma þessar mælingar, þegar hægt er, hvort sem brtt. kemur frá honum eða ekki.

Hákon Kristófersson: Jeg gleymdi að taka fram í sambandi við þessa till., að svo fremi að snúið verði að þessu verki, vil jeg benda á, að í till. þessari, sem nú liggur fyrir, er talað um rannsókn á siglingaleiðum meðfram norðurströnd Breiðafjarðar og um Gilsfjörð, í því skyni, að strandferðaskip geti hættulaust komið á nokkrar hafnir í Barðastrandarsýslu, frá Hagabót og inn að Króksfjarðarnesi, svo og að Salthólmavík, en í hinni till. er miðað við Flatey og Haga, og þá mætti það ekki gleymast, að það þyrfti jafnt að mæla upp leiðina frá Flatey og upp að Haga. Jeg hefi bent á það, að þegar skip kæmi vestan að, væri nauðsynlegt að mæla upp siglingaleiðina inn Breiðafjörð, sem mundi verða mjög fljótlegt, því að það þarf aðeins að miða leiðina, því að dýpið er nóg fyrir hvaða skip sem vera skal, og þó að það kanske hefði ekki mikla þýðingu, gæti jeg þó bent á nokkra menn þar vestra, sem eru sjerstaklega kunnugir þessari leið og gætu verið væntanlegum mælingamönnum til mikillar og góðrar aðstoðar, og vil jeg þar til nefna fyrstan Snæbjörn hreppstjóra í Hergilsey, sem er manna glegstur á þessu sviði.

Pjetur Ottesen: Jeg skildi hæstv. atvrh. (MG) þannig, að það væri meiningin að láta hið væntanlega strandvarnarskip taka að sjer þessar mælingar á Breiðafirði, og ef til vill víðar á landinu. Jeg minnist þess, að þegar mæld var leiðin inn að Skógar-

nesi, þá tók það víst 5 vikna tíma, og ef það er meiningin að fara að binda skipið við slíkar mælingar á mörgum stöðum, þá er jeg hræddur um, að þær vonir bregðist, sem allur almenningur hefir gert sjer um not þess og þýðingu fyrir fiskveiðarnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer er það fullkomlega ljóst, að ekki er hægt að binda skipið um langan tíma við slík störf, en það er þó til bóta, að skipstjórinn læri þetta, svo að skipið geti unnið að þessu, ef það þarf ekki að gæta strandvarna annarsstaðar, og svo er líka gott, að hann kunni þetta, til þess að geta kent öðrum, þótt hann geti ekki unnið að því sjálfur. En svo höfum við líka vitabátinn, sem gæti framkvæmt þetta verk. Auðvitað er ekki meiningin, að skipið framkvæmi þetta verk stöðugt, því að það á fyrst og fremst að vera strandvarnarskip, en það getur vitanlega fengist við það í hjáverkum.

Þórarinn Jónsson: Jeg hafði skrifað hjer upp brtt., vegna þess að jeg hjelt kanske, að það mundi gleymast, sem komið hafði til tals hjer áður, en þó að svo verði ekki, þá gerir ekkert til, þó að þessi brtt. mín komi hjer til umr. síðar.

Það kom til tals á þinginu 1922 að fá uppmælingu fyrir Hornströndum og kringum Þaralátursfjörð, og flutti jeg þá ásamt hæstv. fjrh. (JÞ) till. um að mæla upp siglingaleið meðfram Vatnsnesi vestanverðu og inn til Hvammstanga. Þessi brtt. komst ekki að fyrir það, að þáltill. sjálfri var vísað frá vegna formgalla. Hún var sem sje borin fram í Sþ., en átti að fara gegnum báðar deildir, með því að hún fór fram á útgjöld úr ríkissjóði. Nú vil jeg leyfa mjer, úr því að mál þetta er aftur komið hjer á dagskrá, að fara nokkrum orðum um þörfina á sjómælingu á þessum slóðum. Svo hagar til norður þar, að sjómenn telja þessa leið miklu skemri en hina venjulegu leið, og svo er það líka, að á þessari vestari leið er mjög sjaldan þoka, en getur aftur legið dögum saman á hinni venjulegu siglingaleið. Svo er annað atriði líka, sem þarna kemur til greina. Það hefir nýlega verið löggilt höfn á Hindisvík, en siglingaleiðin þangað hefir ekki verið mæld upp, en það er nauðsynlegt fyrir skip, sem koma þangað, því að þótt skipstjórarnir telji fært, að skipin fari þangað, þá þykir þó ekki rjett að leggja þau í það, og vátryggingarfjelögin neita að vátryggja þau þangað, nema því aðeins, að leiðin sje mæld. Jeg býst við að koma fram með brtt., sem fer í þá átt, að þessi leið verði mæld upp, og þarf jeg þá ekki að tala neitt fyrir henni þegar hún kemur til síðari umr., úr því að jeg hefi gripið tækifærið nú. Það kemur iðuglega fyrir, að skip verða að liggja dögum saman á Húnaflóa vegna þoku, en þessa þoku leggur mest vestan að, og er þá oft skemri leiðin fær, þótt hin leiðin sje ófær vegna þoku. Þannig hefir Goðafoss oft orðið að liggja þar, teptur af þoku, og hefir þá skipstjórinn talið þessa skemri leið færa.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni, en vona, að hæstv. stjórn taki þessa athugasemd mína til greina.

Jón Auðunn Jónsson: Úr því að farið er að tala um þingsályktanir, sem

samþ. hafa verið endur fyrir löngu, er sjálfsagt að minna hæstv. atvrh. (MG) á þál. um að mæla upp innsiglinguna á Þaralátursfjörð. Þessu hefir orðið að fresta vegna fjárskorts, en jeg verð líka að taka undir það með hv. þm. Borgf. (PO), að það er ekki hægt að binda landhelgisgæsluskipið við slíkar mælingar. Það mun vera talsverður vandi að mæla þessar sjóleiðir og þurfa kunnáttu til og æfingu, og óvíst, að við höfum mönnum á að skipa til slíkrar vinnu. Jeg hygg, að það, sem hefir verið mælt hjer, hafi að mestu leyti verið mælt af dönsku sjóliðsforingjunum á „Islands Falk“ og svo á „Heimdalli“ í gamla daga. Jeg vildi óska þess, að þegar fært þætti, væri siglingaleiðin inn á Þaralátursfjörð mæld upp, því að það væri sjerstaklega hentugt fyrir fiskiflotann okkar. Reyndar eru Ísfirðingar svo kunnugir þar, að þeir fara þessa leið fyrirhafnarlaust. Það er mjög fiskisælt þar við ströndina, og því jafnaðarlegast mikið af skipum þar, en ef óveður skellur á snögglega, er ekkert annað að leita en á tvær hafnir, aðra litla, en aðra ótrygga.

Benedikt Sveinsson: Jeg man ekki, hve margar hafnir Alþingi hefir löggilt í þetta sinn, en svo mikið er víst, að ein af þessum höfnum er í mínu kjördæmi. Það er Leirhöfn á Sljettu. Nafnið er mörgum kunnugt sakir þess atorkubúskapar, sem þar er rekinn í landi, og um kosti hafnarinnar sjálfrar ritaði kunnugur maður, Einar Sigfússon á Ærlæk, langa og skilmerkilega grein í blaðið „Ægi“ í fyrra. Ennfremur tók formaður Fiskifjelags Íslands sjer ferð á hendur þangað síðastliðið sumar til þess að skoða höfnina, og leist mjög vel á hana. Höfnin liggur vestanvert á Sljettu og er trygg þegar inn er komið, en sá er ljóður á, að leiðin hefir ekki verið mæld. Nú hefi jeg fengið áskorun um að taka í þann sama streng hjer á Alþingi, sem Fiskifjelagið gerði á síðasta þingi sínu, og veit jeg, að forseti Fiskifjelagsins er mjög hlyntur því, að höfnin verði mæld í sumar. Þar er aðdjúpt, en rif fyrir mynni hafnarinnar, og þarf því að mæla upp hafnarmynnið og setja greinileg merki, er vísi mönnum rjetta leið. Það er talið, að þetta þurfi ekki að kosta mikið, þar sem um örstutta leið er að gera, því að djúpleið liggur rjett fyrir framan, og er víst hægt að gera þetta á mjög stuttum tíma. Á hinn bóginn vil jeg benda á, að hver höfn, sem mæld er, svo að hún megi koma að notum, er viðbót við hafnirnar á landi hjer og því fundið fje fyrir sjómenn vora. Vona jeg því, að þessari brtt. verði vel tekið í þessari hv. deild.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það bæta sjálfsagt allir við þessa till., sem eiga kjördæmi, er liggja að sjó. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði um Leirhöfn, vil jeg geta þess, að jeg hefi von um það, að hægt muni verða að mæla upp höfnina þar í sumar, vegna þess, að það er tiltölulega lítið verk, en hitt sjá allir menn, að það er ekki til neins að hnýta svo miklu aftan í till. Það verður til þess að gera hana þýðingarlausa. En jeg skal auðvitað reyna að hafa áhrif á, hvort sem þess verður langt eða skamt að bíða, að byrjað verði á því, sem nauðsynlegast er, og þar verða þeir menn kvaddir til ráða, sem helst bera skyn á slíkt. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að

lengja umr. um þetta, vil aðeins geta þess, að jeg held, að það sje alveg eins góð leið að skrifa stjórninni um svona mál eins og að vera að samþykkja það í þáltill.

Klemens Jónsson: Úr því að farið er að tala um þessi mál, vil jeg leyfa mjer að rifja dálítið upp fyrir hv. þm. það, sem gerðist hjer á þinginu 1922. Þá kom fram í þinglok þingsályktunartillaga frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um uppmælingu fyrir Hornströndum og kringum Þaralátursfjörð. Jafnframt kom önnur tillaga frá hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ), sem fór í þá átt að mæla siglingaleið frá Vatnsnesi og inn að Hvammstanga. Þessar till. voru teknar aftur, vegna þess að jeg, sem þá var atvrh., lýsti yfir því, að jeg mundi taka þær til greina, hvort sem þær yrðu samþ. eða ekki. Og það er eins nú, að það er sama, hvort slíkar till. verða samþ. eða ekki, aðeins ef hæstv. atvrh. (MG) vill lofa að taka málið til greina. En um leið komu fram ýmsar aðrar till., þar á meðal till. frá þáv. þm. Rang., um að mæla upp innsiglingu til Hallgeirseyjar, og úr því að farið er að minnast á þessi mál, og margir hafa borið fram óskir sínar í þeim efnum, þá vil jeg biðja hæstv. atvrh. (MG) að hafa Hallgeirsey á bak við eyrað líka. Annars vil jeg geta þess, að það er ekki nóg, að hv. þm. standi upp og biðji um, að þetta og þetta sje gert; þeir verða líka að veita viðkomandi ráðh. peninga til framkvæmdanna.

Það var þá leitað til flotastjórnarinnar dönsku og spurt, hvað ýmsar þessar rannsóknir myndu kosta, og þeir gerðu kostnaðaráætlun um þetta. Upphæðin var eitthvað 60 þús. kr., og var þó ekki talið kaup þeirra manna, sem flotamálastjórnin lofaði að leggja til, svo að ef hv. þm. er nokkur alvara með að koma þessum mælingum í framkvæmd, þá verða þeir að veita upphæðir til þess í fjárlögunum.

Nú stendur einmitt fyrir dyrum ein umr. um fjárlögin, og þá er okkur hægt, ef áhugi er fyrir því, að koma því fram, og tel jeg ver farið, ef það verður ekki gert. En jeg geri ekki ráð fyrir, að hægt verði að nota strandvarnarskipið mikið til þessa starfa. Jeg geri ráð fyrir, að það verði að hafa annað fyrir stafni; en eins og hv. þm. Borgf. (PO) tók fram, var uppmælingin við Skógarnes framkvæmd á mótorbát, og þykir mjer líklegt, að við Barðaströnd, Strandir og á Húnaflóa, megi vel framkvæma mælingarnar á mótorbátum. En það verður að gefa atvrh. heimild til að nota fje til þess, og álít jeg ekki rjett, um leið og farið er fram á afgreiðslu þessara mála, að heimila í þál. svo og svo mikið fje, sem atvrh. svo getur notað eftir eigin vild. Held jeg, að rjettast væri að koma með brtt. við fjárlögin. En ef hæstv. atvrh. (MG) treystir sjer til að verða við öllum þessum beiðnum, án þess að hafa fjárlagaheimild að baki sjer, þá hefi jeg auðvitað ekkert við því að segja.

Atvinnumálaráðherra (MG): . . .*) Hins vegar skil jeg ekki í, að neinn geti búist við, að allar þessar uppmælingar verði framkvæmdar þegar á næsta ári eða næstu árum. Jeg verð að segja, eins og áður, að mjer virðist ekkert undarlegt við það, þótt „Þór" væri t. d. ætlað að mæla upp siglingaleiðina inn til Hallgeirseyjar, á meðan hann er til varna

*) Byrjunina á ræðunni vantar. — M.G.

þar með söndunum, eða að gæta neta fyrir Vestmannaeyinga. Jeg get líka hugsað mjer, að fá mætti mann frá útlöndum, sem hafður yrði svo á vitabátnum eða Þór og látinn annast mælingarnar. Því þó að skipið sje við strandvarnir, er það ekki altaf á ferðinni, heldur liggur stundum lengi inni á höfnum, og ætti það þá að geta sjeð um eitthvað af þessum mælingum. En sem sagt, jeg vil endurtaka þetta, sem jeg sagði áðan, að jeg vona, að hv. þdm. sjeu ekki svo ósanngjarnir að heimta, að allar þessar uppmælingar fari fram á næsta ári eða næstu árum.

Hákon Kristófersson: Viðvíkjandi kostnaðinum, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) var að tala um, þá vildi jeg taka það fram, að jeg tel það leiða af sjálfu sjer, eins og þáltill. felur í sjer, að það sje lagt í hendur stjórninni, hvernig hún hagar framkvæmdunum, og treysti jeg henni vel til þess, ef hún á annað borð telur hag ríkissjóðs það góðan, að hann geti borið kostnaðinn af mælingum þeim, sem ætlast er til að ráðist sje í að framkvæma.

Og þrátt fyrir þá brýnu nauðsyn, sem jeg tel vera á því, að mælingarnar á Breiðafirði verði framkvæmdar sem fyrst, þá mun jeg þó ekki koma með brtt. við fjárlögin, til þess að tryggja mjer, að þær mælingar, sem jeg ber sjerstaklega fyrir brjósti, fari fram á næsta ári.

Um það, að landhelgisgæsluskipin annist eitthvað af þessum mælingum, verð jeg að segja fyrir mitt leyti, að jeg er ekki á móti því, ef það verður ekki til þess að draga úr gæslunni, svo að mjer virðist engin fjarstæða eða goðgá að minnast á þetta. Næsta ár má líka búast við, að þau verði orðin þrjú strandvarnarskipin, svo að þá ætti að verða hægra um vik fyrir þau að skifta þessu á milli sín.

En hitt verð jeg að segja, að mjer finst helst til mikið alvöruleysi skjóta hjer upp hausnum á Alþingi, þegar hv. þm. höfuðstaðarins varpa fram í deildinni þeirri spurningu (þótt að vísu væri gert með innskoti í ræðu utanbæjarþingmanns), hvort ekki mundi tími til kominn, að tjörnin hjerna í borginni yrði mæld upp. Þetta á að sýna lítilsvirðingu þeirra fyrir kröfum manna utan af landi, að það sje ekki meiri ástæða til að fjölga þeim stöðum kringum land, sem skip geta hafnað sig á, heldur en að mæla upp þennan forarpoll höfuðstaðarins. Jeg verð nú að segja fyrir mitt leyti, að hv. 2. og 4. þm. Reykv. (JBald og MJ) sjeu lítið þakkarverðir fyrir slíkt. **(Fjrh. JÞ:** Þeir eiga ekki allir óskilið mál þar). Það er satt. Hæstv. ráðh. (JÞ) undanskil jeg, en tveir þingmenn Reykv. hafa þó ymprað á þessu.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. atvrh, (MG) hefir nú gert öllum þeim hv. þm., sem að beiðnum þessum standa, góð skil, að svo miklu leyti sem hægt er, og þess vegna hygg jeg, að allir mættu því vel una að vísa þessu máli til stjórnarinnar með því fororði, að jafnt gangi yfir alla og að þeir fái þessar siglingaleiðir mældar svo fljótt sem kostur er.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. atvrh. fyrir góðar undirtektir um mína málaleitun. Hann gaf bestu vonir um, að hann mundi á sumri komanda geta látið mæla upp Leirhöfn. Treysti jeg þar fullum efndum. Jeg er því sammála hv. þm.

N.-Ísf. (JAJ) um, að besta lausnin á þessu máli sje sú að vísa því til stjórnarinnar.

Þórarinn Jónsson: Ef jeg á að geta greitt því atkv. að vísa málinu til stjórnarinnar, verð jeg fyrst að vita, hvort þessar mælingar verði látnar ganga jafnt yfir alla, og fá einhverja vissu eða loforð um, að mitt kjördæmi verði ekki út undan. Hindisvík er nú löggiltur verslunarstaður, en aðeins örfá skip fást til þess að koma þar við, vegna þess, að innsiglingarleiðin hefir ekki verið mæld upp. Hitt má vel vera, að Leirhöfn á Sljettu hafi eitthvað meira til síns ágætis, þar sem svo greið loforð hafa verið gefin um uppmæling hennar, en þó vil jeg vita, hvort Hindisvík verði sett hjá, vegna þess að jeg á þar hlut að máli.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg segi alveg það sama fyrir Strandasýslu og sá hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, sagði um Vestur-Húnavatnssýslu. Jeg vil fá að heyra skýr svör um það, áður en jeg greiði atkv. um að vísa málinu til stjórnarinnar, hvort jeg megi reiða mig á, að þessar mælingar á Ströndum verði ekki látnar sitja á hakanum. Hitt skil jeg vel, þó að hv. þm. N.-Þ. (BSv) greiði atkv. með því að vísa málinu til stjórnarinnar, þegar hæstv. atvrh. (MG) hefir gefið honum loforð um, að Leirhöfn verði mæld upp þegar í sumar.

Atvinnumálaráðherra (MG). Jeg hefi ekki beðið um, að málinu sje vísað til stjórnarinnar. Hv. þdm. um það. Og mjer stendur alveg á sama, hvort sú till. verður samþ. eða ekki. Það verður ekki gert meira en hægt er í þessu efni. Það er því ekki hægt að knýja fram nein loforð frá mjer með dulbúnum hótunum um að greiða atkv. gegn því að vísa málinu til stjórnarinnar. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvað samþ. verður. Um Leirhöfn er það að segja, að þar eru mælingar lengra á veg komnar en annarsstaðar og kosta minna en aðrar uppmælingar. Hinsvegar sje jeg ekki ástæðu til að gefa loforð í eina nje neina átt. Að framkvæmdum þessum verður unnið svo skjótt sem kostur er, og í þeirri röð, sem stjórninni og trúnaðarmönnum hennar kemur saman um. Þess vegna er mjer sama, hvort till. verður vísað til stjórnarinnar eða ekki.

ATKVGR.

Till. frá þm. N.-Ísf. (JAJ) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 13:2 atkv.

4. Lánveitingar úr Fiskiveiðasjóði.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 9. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um lánveitingar úr Fiskiveiðasjóði (A. 292).

Á 50. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 66. og 67. fundi í Nd., dagana 30. apríl og 1. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var till. enn tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Það er eiginlega til þess að gefa hæstv. atvrh. (MG) stuðning, að jeg flyt þessa till. Mjer hefir verið tjáð, og er það rjett, að í ráði sje að lána því nær alla peninga Fiskiveiðasjóðsins til hafnarbóta í Reykjavík og Akureyri. En jeg tel, að verði í þetta ráðist, þá fari það í bága við tilgang sjóðsins, og að ekki megi nota hann til annars en tekið er fram í skipulagsskrá hans og lögum. Jeg veit að vísu, að áður hefir verið lánuð allhá upphæð úr sjóðnum til hafnargerðar í Reykjavík, en jeg álít það hafa farið í bága við tilgang sjóðsins, og að ekki sje rjett eða sæmandi að brúka fje hans á þennan hátt.

Það er tekið fram í skipulagsskrá sjóðsins, að lán skuli veitt úr honum til þess að kaupa skip og veiðarfæri, til þess að efla framfarir á sviði sjávarútvegsins og veita verðlaun fyrir þær, til þess að gera betri aðstöðu þeirra, sem veiðar stunda og verka afla, til þess að styrkja fiskverkunartilraunir, byggja íshús, til þess að gera lendingarbætur fyrir fiskiflotann og svo loks til þess að koma upp „Slipp“ eða viðgerðastöð Til annars á ekki að lána fje úr sjóðnum. Og ef hv. sjútvn. hefir mælt með því að lána starfsfje sjóðsins til þeirra framkvæmda, sem jeg gat um áðan, þá vil jeg leyfa mjer að fullyrða, að það sje þvert á móti tilgangi sjóðsins.

Jeg veit til þess, að hæstv. atvrh. (MG) hefir látið sjer ant um þennan sjóð og að hann hefir ekki viljað veita þessi lán. Var þá farin hin leiðin, að fá samþykki sjútvn. til þess, og það tel jeg alls ekki nægilegt. Jeg tel með þessu vera gengið út fyrir þann ramma, sem settur er. Jeg tel, að til þess, sem hjer er farið fram á, þurfi ákvæði löggjafarvaldsins, nema atvrh. eða sá maður, sem fer með stjórn sjóðsins, taki á sig ábyrgð á því. Það eru að vísu til fordæmi fyrir því, að lánað hafi verið úr sjóðnum í svipuðum tilgangi og hjer er farið fram á, eins og t. d. þegar lánað var til hafnargerðarinnar í Reykjavík. En mjer er kunnugt um, að víða er þörf fyrir að fá lán úr þessum sjóði. Fjölyrði jeg svo ekki meira um þessa till., en vænti þess, að hv. deild samþ. hana.

Ólafur Thors: Mjer þykir skylt sem form. sjútvn. að svara hv. flm. þessa máls nokkrum orðum. Gangur málsins er sá, að hæstv. atvrh. (MG) sendi sjútvn. Nd. til umsagnar 3 lánbeiðnir úr Fiskiveiðasjóði til hafnarbóta á þrem stöðum og óskaði eftir því, að hún athugaði þær svo fljótt, sem auðið væri, en sendi síðan stjórninni álit sitt. Sjútvn. Nd. áleit rjett að senda málið til samvinnunefndar sjútvn. beggja deilda, og þar voru þessar lánbeiðnir samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

Það er rjett, að samkvæmt reglugerð sjóðsins virðist það ekki vera tilætlunin, að slík lán sjeu veitt sem þessi. En hinsvegar er aðstaðan breytt frá því er reglugerðin var samin. Sjútvn. óskaði eftir að fá upplýst, hve mikið hefði verið lánað úr sjóðnum á undanförnum árum í samræmi við tilgang hans. Kom þá í ljós, að þótt umbeðin lán til hafnarbóta yrðu veitt, þá mundu afborganirnar á næstu árum

nema verulega hærri upphæð en þeirri, sem vant er að lána úr sjóðnum til bátabygginga og annara framkvæmda, sem reglugerð sjóðsins gerir ráð fyrir. Sjútvn. sýndist því, samkv. reynslu undanfarinna ára, áhættulaust að leggja til, að lánin væru veitt. Og nefndin er sammála um, að mjög sje það til hagsbóta fyrir útgerðina að bæta lendingar og hafnir hjer á landi. Geri jeg ráð fyrir, að hv. þdm. þyki það eðlilegt, að nefndin leggi til, að þegar ekki er spurt eftir lánveitingum í samræmi við höfuðtilgang sjóðsins, þá sjeu úr sjóðnum veitt lán til framkvæmda, sem heita mega hliðstæðar höfuðtilgangi hans, en þannig stendur einmitt á um þessar 3 lánbeiðnir, þar eð fjeð er ætlað til hafnarbóta.

Að því er snertir lán til hafnarbóta hjer í Rvík, bið jeg hv. þdm. að hafa það hugfast, að í þær er ekki ráðist til hagsbóta fyrir Reykvíkinga eina. Reykjavíkurhöfn er bækistöð fiskiskipa og annara skipa hvaðanæva af landinu, og mætti hv. flm. (JAJ) muna alla vestfirsku bátana, sem gerðir eru út hjeðan alla vetrarvertíðina.

Um lánið til hafnarbóta á Akureyri er það að segja, að komist þær hafnarbætur í framkvæmd, verður það mjög til þess að tryggja minni báta að vetrarlagi.

3. lánið, til Akraneshrepps, er líka í þágu minni bátanna.

Þetta voru rök sjútvn., þegar hún taldi ekki aðeins fært, heldur skylt, að mæla með þessum lánum. Vona jeg, að hv. flm. (JAJ) sjái þetta. Hinsvegar tel jeg ekkert undarlegt, þótt slík fyrirspurn sem þessi kæmi fram, enda voru margir í sjútvn. á þeirri skoðun upphaflega, að þessum lánbeiðnum bæri að synja. En að athuguðu máli áleit nefndin rjett að mæla með þeim.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð að segja það, að mjer hefði fundist rjettara af hv. flm. (JAJ) að láta till. koma fram í því formi að skora á stjórnina að breyta ekki reglunum um lán úr Fikiveiðasjóðnum, í stað þess að skora á þingið, því að stjórnin og konungur eru þeir aðiljar, sem ákveða, hvernig farið er með sjóðinn, og geta breytt lánskjörum hans, upphæð lána o. fl., en ekki löggjafarvaldið, a. m. k. ekki með þál. Og þótt þetta mál hafi verið borið undir hv. sjútvn., þá var það aðeins gert til þess að vita um hug þeirra, sem að sjávarútveginum standa. Mjer leist orðalag till. vera hálfeinkennilegt, er jeg fyrst las hana, en eftir því, sem hv. flm. (JAJ) hefir nú mælt fyrir henni, hefi jeg ekki athugasemdir að gera við orðalagið.

Lánin úr sjóði þessum eru flest litlar fjárhæðir, og þótt ekki hafi, mjer vitanlega, verið neitað um neitt lán, sem um hefir verið beðið, ef sæmileg trygging hefir verið boðin, þá hefir þó safnast fyrir í sjóðinn um 200 þús. kr. Þetta virðist mjer sýna, að lánafyrirkomulagið í sjóðnum er orðið úrelt. Það eru of lágar upphæðir, sem heimilt er að lána, eftir núverandi gildi peninga.

Hafnarstjóri Reykjavíkur kom til stjórnar sjóðsins í haust og bað um að fá á annað hundr. þús. kr. lán úr sjóðnum til hafnarbóta í Rvík. Var því til svarað, að það væri ekki hægt samkv. reglugerðinni, en ef hv. sjútvn. Alþingis mælti með því, skyldi það gert, eins og fordæmi var fyrir frá 1922. Hefir

hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) skýrt frá því, hvern endi þetta fjekk í sjútvn. Eftir þetta komu tvær beiðnir, frá Akureyri og Akranesi. Beiðninni frá Akranesi er hægt að sinna samkvæmt reglugerðinni, og þarf ekki að ræða um hana. Er þá um 2 lán að ræða, Reykjavíkur og Akureyrar. Um Akureyri er það að segja, að vetrarlega á höfninni þar er orðin of lítil, að því er mjer er sagt, og þarf því að stækka hana. Til þess þarf að fá lán, því að þótt hafnarsjóður sje vel stæður, getur hann ekki lagt fram fúlguna á einu ári, en jeg tel víst, að sjóðurinn geti, eftir tekjum sínum að dæma, endurgreitt lánið á 5 árum eða ef til vill skemri tíma. Hinsvegar er farið fram á lengri tíma með Reykjavíkurlánið.

Annars vil jeg benda á, að jeg verð að álíta, að heimilt sje, samkvæmt 3. gr. í auglýsingu um skipulag sjóðsins, að veita lán til bryggjugerðar og til að byggja skipalægi. Í auglýsingunni stendur sem sje svo, að lán megi veita „til hverskyns annara atvinnubóta við fiskveiðar og fiskverkun, og telst þar til . . . lendingabætur og byggingar og áhöld til að draga upp, varðveita og gera við skip".

Jeg held því þess vegna fram, að hjer sje ekki um annað að ræða en að veita hærri lán en gert er ráð fyrir í reglugerð sjóðsins. Það er ekki farið fram á að veita lán til annara fyrirtækja en þar er gert ráð fyrir. Það er ekkert undarlegt, þó veita þurfi hærri upphæðir nú en gert var ráð fyrir í upphafi, þar sem gildi peninganna hefir breyst svo mjög. Það er ekki heldur undarlegt, þó hægt sje að veita hærri lán nú, þar sem sjóðurinn er orðinn miklu stærri. Eftir þeim fyrirspurnum, sem komið hafa um lán, sýnist ekki ástæða til að ætla, að ekki verði hægt að fullnægja lánum til fiskiskipakaupa, þó að þessi lán verði veitt. Þessi hræðsla hjá þeim, sem bera fyrir brjósti hag smáútgerðarinnar, er því, að jeg held, óþörf og ástæðulaus. Það er líka nauðsynlegt að fá hjer í bænum fleiri bryggjur, meiri kyrð í höfnina, svo að skip sjeu óhultari. Á það ber líka að líta, að boðnir eru góðir vextir. Við það eflist sjóðurinn og verður færari til að gegna skyldustörfum sínum framvegis. Jeg verð að líta svo á, að ekki sje rjettmætt að halda peningunum í sjóðnum og rjettara sje að veita þessi umbeðnu lán. Þau eru öll í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins og lama ekki lán til fiskiútgerðar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg skal taka það fram, að með till. minni átti jeg ekki við lánið til Akraness, því það er til lendingarbóta og því í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins. Hinu held jeg fram, að það sje ekki samkv. tilgangi sjóðsins að veita lán til hafnarbóta, eins og hjer er farið fram á, til að gera uppskipun greiðari og kostnaðarminni. Það, sem átt er við með lendingarbótum, er það, að gert sje fært að lenda, leggja aflann á land. Hitt er sjálfsagt, að gera uppskipun auðvelda, vegna íbúa bæjarins og til þess að fá meiri tekjur af höfninni. Það hefði kanske verið ástæða til að veita lán meðan verið var að byggja ytri höfnina, því það gat skoðast lendingarbót.

Viðvíkjandi láni til Akureyrar vildi jeg segja það, að jeg er algerlega á móti slíku láni þangað, til að gera smábátahöfn, sem notuð væri fyrir vetrar-

lægi. Mjer er ekki kunnugt um, að frá Akureyri sjeu stundaðar neinar veiðar að vetrinum. Jeg veit ekki betur en að smábátar sjeu dregnir þar á land og standi á landi mánuðum saman. **(Atvrh. MG:** Það er sjerstök höfn fyrir smábáta þar). Jeg hefi sjeð báta dregna þar upp, sömuleiðis á Hjalteyri og Svalbarðseyri.

Jeg veit vel, að það er á valdi stjórnarinnar að breyta skipulagsskrá sjóðsins, og jeg kynni þá betur við, að það yrði gert, heldur en að veita lán, sem ekki eru í samræmi við skipulagsskrá þá, sem nú gildir. Jeg felst ekki á, að rjett sje að veita Reykjavíkurhöfn lán fyrir það eitt, að góðir vextir sjeu í boði. Jeg vil, að sjóðurinn sje notaður til að styrkja fiskiveiðarnar, en ekki hugsað mest um að afla honum tekna.

Þó lítið hafi verið um lánbeiðnir síðustu árin, af því að lánskjörunum hefir verið breytt og fasteignir heimtaðar að veði auk skipsins, þá mun ekki lengi standa svo. Mjer er kunnugt um, að koma muni lánbeiðnir úr mínu kjördæmi, bæði til íshúsbyggingar og e. t. v. til kaupa á gufuskipum, sem tveir útgerðarmenn hafa útvegað sjer. Það má vel vera, að lán til Akureyrar borgist á skömmum tíma. En hæstv. atvrh. (MG) upplýsti, að lánið til Reykjavíkurhafnar ætti að standa lengi, og það er meiri hl. af því, sem hjer er um að ræða. Annars býst jeg við, að hv. þdm. sje ljóst, hvað hjer er um að ræða, og fer jeg því ekki frekar út í þetta.

Ólafur Thors: Ræða hv. flm. (JAJ) gaf ekki sjerstakt tilefni til andsvara.

Jeg skal upplýsa, að sjútvn. var ekki kunnugt um, að von væri á lánbeiðnum úr kjördæmi hv. flm., lánbeiðnum, sem hv. flm. sýnist bera svo mjög fyrir brjósti. Jeg geri ekki ráð fyrir, að vitneskjan um þessar lánbeiðnir mundi hafa ráðið stefnu nefndarinnar í þessu máli. En hinsvegar geri jeg mjer vonir um, að það breyti afstöðu hv. þm., að jeg hefi þegar upplýst, að þótt fullnægt verði þeim lánbeiðnum til hafnabóta, sem hjer er rætt um, þá muni samt verða hægt að veita lán eins og þau, er hv. flm. telur von á frá kjördæmi sínu.

Jeg leyfi mjer svo að gera það að minni uppástungu, að málinu verði vísað til hæstv. stjórnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þrátt fyrir orð hv. flm. (JAJ) held jeg því fram, að lán eins og þetta til Rvíkurhafnar falli undir reglugerð sjóðsins. Jeg sný ekki aftur með það, að hjer er aðeins að ræða um lánsupphæðina. Hún er hærri en núgildandi reglugerð heimilar, en því ákvæði má breyta hvenær sem er, eins og vaxtaupphæðinni hefir verið breytt. Við þetta er því ekkert varhugavert. Flm. (JAJ) sagði, að hjer væri lokuð höfn. Það er þó svo, að í vissum áttum geta skip ekki farið inn á höfnina til að leggjast. Er því mesta þörf á fleiri bryggjum til að eyða sjávargangi og gera skipin óhult á höfninni. Það er ekki hægt að segja, að höfnin sje trygg fyr en skip geta lagst þar í hvaða veðri sem er. Það er rjett, að hafnarnefnd býst við auknum tekjum, ef bryggjum er fjölgað, en það sýnir, að þörf er fyrir fleiri bryggjur. Það er þörf, sem þarf að uppfylla fyr eða síðar. Jeg hefi það eftir bæjarstjóranum á Akureyri, að þar sje sjerstök höfn fyrir fiskiskip, sem þurfi að stækka, og til þess eigi að nota þetta lán. Sje jeg enga ástæðu til að rengja

þetta. Það er áreiðanlegt, að hafnarsjóður Akureyrar getur borgað þetta lán á 5 árum.

Jeg get ekkert sagt um þessi lán, sem von er á úr Norður-Ísafjarðarsýslu. Jeg geri ráð fyrir, að þau fái áheyrn. Verði samþ. till. hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) um að vísa málinu til stjórnarinnar, þá verður það á valdi hennar, hvernig fjenu er varið.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg vil benda á, að þessi leið kollvarpar alveg aðaltilgangi sjóðsins. Ef verja á fjenu til bryggjugerða og hafnarbóta í kaupstöðum, verður litlu eða engu varið til að efla fiskiveiðar og nýjungar í fiskverkun. Jeg vil ekki, að það fari fram hjá deildinni, um hvað greitt er atkv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil benda á, að nú er a. m. k. helmingur af fje sjóðsins í útlánum til hafnarbóta hjer í Reykjavík. Því er hjer ekki um neina nýja braut að ræða.

ATKVGR.

Till. frá 2. þm. G.-K. (ÓTh) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 13:3 atkv.

5. Vínsala á Siglufirði.

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um niðurlagning vínsölu ríkisins á Siglufirði (A. 162).

Á 31. fundi í Ed., fimtudaginn 18. mars, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 32., 35. og 38. fundi í Ed., dagana 19., 23. og 26. mars, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 8. maí, var till. enn tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Einar Árnason): Það hefir orðið alllangur dráttur á, að till. þessi kæmi til umr., og er sá dráttur mjer einum að kenna. Liggja til þess ástæður, sem jeg hirði ekki að nefna, enda hafa þær engin áhrif á málið.

Jeg þarf ekki að tala hjer langt mál, vegna þess, að efni þessarar till. er kunnugt í deildinni frá tveim undanförnum þingum. Þarf líka engum að koma það á óvart, þó að jeg flytji það nú, þar sem legið hefir frammi í lestrarsal þingsins áskorun frá yfir 500 kjósendum á Siglufirði um að leggja niður vínsölu ríkisins þar.

Þegar jeg flutti samskonar till. og þessa fyrir tveim árum, lýsti jeg að nokkru vandræðum þeim og siðspillingu, sem vínsölunni hefði orðið samferða. Jeg ætla ekki að endurtaka það nú og sje heldur enga ástæðu til þess, þar sem jeg er fyrirfram fullviss um, að allir hv. þdm. skilja og viðurkenna, að það er ekki aðeins full ástæða, heldur og brýn nauðsyn, að afnema áfengissöluna þar. Þegar svo þar við bætist, að flestallir alþingiskjósendur á Siglufirði óska eindregið eftir að losna við þessa plágu, þá er ekki að undra, þó spurt verði og það í alvöru, hvers

vegna ekki sje búið að leggja niður vínsöluna á Siglufirði.

Þeir menn eru margir meðal þjóðarinnar, sem líta svo á, að þegar þessar tvær ástæður eru fyrir hendi, siðspillandi áhrif vínsölunnar og eindregin ósk hlutaðeigandi íbúa að losna við hana, þá sje ekki snefill af ástæðu eftir til að halda henni áfram.

Það er einkum tvent, sem ætíð hefir verið borið fram sem ástæður gegn niðurlagning þessarar vínsölu. Í fyrsta lagi það, að ríkissjóður hafi svo miklar tekjur af vínsölunni á Siglufirði, að hann megi ekki við að missa þær, og af þeirri ástæðu verði að halda í hana. Í öðru lagi, að það sje brot á verslunarsamningi við Spán, ef fækkað sje útsölustöðum í landinu frá því, sem nú er.

Um fyrra atriðið er það að segja, að jeg er persónulega sannfærður um, að engin stjórn, hvorki sú, er nú situr, nje nokkur önnur, láti slíkt hafa áhrif á gerðir sínar í þessu efni. Get jeg því slept að minnast á það. Þá kem jeg að síðara atriðinu. Verð jeg að játa, að sje sú ástæða á rökum bygð, þá er hún svo veigamikil, að fram hjá henni verður ekki gengið. En nú er það svo, að margir líta svo á, og er jeg einn í þeirra tölu, að niðurlagning vínsölu á Siglufirði sje alls ekki brot á þeim samningi, sem gerður hefir verið við Spánverja. Og jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að alment er því ekki trúað, að það væri neitt brot á samningnum, þó ekki væri útsala annarsstaðar en í Reykjavík.

Þegar þetta Spánarmál var til meðferðar hjer í þinginu fyrir 3—4 árum, var því haldið fram af þeim, sem voru hlyntir því að láta að óskum Spánverja, að það væri þeim aukaatriði, hvort hjer seldist mikið eða lítið af þessum umræddu vínum. Spánverjar sjálfir mundu líta svo á, að það skifti engu fyrir vínframleiðslu þeirra eða vínmarkað, hvort við, þessar fáu hræður hjer uppi á Íslandi, drykkjum meira eða minna af því. Hitt mun hafa verið aðalatriðið fyrir þeim, að brjóta á bak aftur bannstefnuna hjer á landi. Að þetta hafi verið svo, má ótvírætt sjá á orðalagi undanþágulaganna sjálfra og einnig á ummælum nefndar þeirrar, er hafði málið til meðferðar á þinginu 1922. Í 2. gr. laganna frá 4. apríl 1922 segir svo: „Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingu þessara vína. Þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannslaganna".

Kröfur Spánverja hafa aldrei gengið lengra en það, að ekki yrðu gerðar þær ráðstafanir hjer, sem koma í veg fyrir það, að menn ættu aðgang að því að fá þessi vín keypt í landinu. Aldrei munu þeir, svo að mjer sje kunnugt, hafa sett fram neinar kröfur um ákveðna útsölustaði. Það virðist því óhugsandi, að það yrði talið brot á samningnum, þó ekki sje útsala á Siglufirði.

Til frekari árjettingar vil jeg skírskota til ummæla Einars H. Kvarans, sem var annar þeirra tveggja manna, sem sendir voru fyrir landsins hönd til þess að semja við Spánverja.

Í opinberri skýrslu, er hann gaf, er hann kom úr sendiförinni, segir hann m. a.: „Vjer verðum altaf að hafa það hugfast, að Spánverjar krefjast ekki neinna vínkaupa af sjer, heldur aðeins þess, að mönnum

sje ekki hjer á landi bannað að afla sjer vínanna með einhverjum hætti. Ef Íslendingar fengjust til að neita sjer um vínin, þyrftum vjer engin vín að kaupa. Svo að samtök í þá átt eru engin samningsrof við Spánverja. Slík samtök eru eitt hið drengilegasta þjóðræknismerki, sem jeg get hugsað mjer á þessum tímum. En hvað sem því líður, verðum vjer líka að muna eftir því, að Spánverjar skifta sjer ekkert af þeim hömlum, sem vjer kunnum að leggja á áfengissöluna, ef ekki verður sagt, að breytingin frá bannlögunum sje engin í raun og veru. Ekki skifta þeir sjer af því, hvort útsölustaðir eru margir eða fáir, eða hverjum reglum salan er bundin".

Þessi ummæli trúnaðarmanns landsins í þessu máli eru eftirtektarverð. Hann segir hiklaust, að Spánverjar skifti sjer ekkert af því, hvort útsölustaðir eru margir eða fáir. Svipuð ummæli koma fram í nál. þingnefndar þeirrar, er um málið fjallaði. Sú nefnd var skipuð 12 mönnum úr báðum deildum, og rannsakaði hún öll skjöl, er að málinu lutu. Í áliti nefndarinnar segir svo: „En nú er oss það fullkomlega heimilt að beita þeim ráðstöfunum til hóflegs innflutnings og umsjónar með sölunni, sem oss líst, svo framarlega sem það gerir ekki undanþáguna frá bannlögunum að engu".

Þegar kunnugt er, að slík ummæli eru fyrir hendi frá þeim mönnum, er hafa kynt sjer mál þetta, er ekki undarlegt, þó að menn láti sjer ekki skiljast, að það sje brot á samningnum, ef útsala ríkisins á Siglufirði verði lögð niður. Og af því að jeg álít, að hjer verði ekki um brot að ræða, þá flyt jeg þessa till. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara lengra út í málið. Vænti jeg, að deildin vilji viðurkenna rjett Siglfirðinga í máli þessu og samþ. till.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get sagt eins og hv. flm. (EÁ), að jeg þarf ekki mikið að segja um þetta mál, enda mun svar mitt vera kunnugt frá tveim undanförnum þingum. Það er satt, að það mun vera nokkuð meiri þörf fyrir Siglfirðinga að losna við vínsöluna en fyrir suma aðra kaupstaðina. Mjer virðist samt ekki unt að sinna þessari beiðni Siglfirðinga, en neita samskonar erindum frá t. a. m. Vestmannaeyingum, enda mun nokkuð líkt með þeim kaupstöðum að þessu leyti.

En það er nú svo, að allir kaupstaðirnir, og Rvík einnig, hafa mótmælt áfengisútsölunni. Allir vilja kaupstaðirnir vera lausir við útsölu vínanna, einnig Rvík. Útsölu Spánarvínanna hefir verið neytt upp á kaupstaðina. Að vísu sáu Vestmanneyingar það vel, að vjer urðum að vinna það til fyrir markaðinn á Spáni að leyfa innflutning vína, og ljetu það álit sitt í ljós hreint og beint í fyrstu, en engu að síður vildu þeir gjarnan nú vera lausir við vínsöluna, ef unt væri. Jeg vildi gjarnan af þjóðhagslegri þörf, að unt væri að taka upp algert áfengisbann aftur, en jeg sje þess engan kost að gera neina verulega breytingu í því efni, eins og nú stendur. Jeg get því ekki tekið þetta erindi til greina nú, fremur en á undanförnum þingum. Hv. þm. (EÁ) veit vel um ástæðurnar fyrir þessu, og get jeg því ekki gefið önnur svör en jeg hefi áður gert.

Jeg vil ekki ámæla fyrverandi stjórn fyrir ákvarðanir hennar í þessu máli. Hún hefir gert það minsta, sem hún áleit fært.

Hv. flm. (EÁ) telur sig eflaust skyldan til að flytja málið fyrir kjósendur, en hann hefir jafnan gert það hóflega. Hann sagði og rjettilega, að tekjuspurningin væri ekkert aðalatriði, enda er ekki um miklar tekjur að ræða fyrir ríkissjóð af vínsölunni á Siglufirði.

Jeg skal svo láta hjer staðar numið og vísa að öðru leyti til fyrri svara minna um þetta mál.

Flm. (Einar Árnason): Jeg skil þá ummæli hæstv. forsrh. (JM) svo, að hann sjái sjer ekki fært að sinna þessu máli. Jeg gat þó ekki fengið það út úr orðum hans, að það væri af því, að fleiri kaupstaðir mundu á eftir koma. En jeg tel vel forsvaranlegt að leggja niður vínsöluna á Siglufirði, þó það væri ekki gert annarsstaðar. Mjer finst vel hugsanlegt að gera upp á milli kaupstaðanna. Það kemur auðvitað ekki til mála að leggja niður alla sölu vínanna alstaðar á landinu. Það væri vitanlega brot á samningnum. En eftir opinberum skjölum, sem fyrir liggja, er ómögulegt að sjá, að nauðsyn hafi verið til að hafa svona marga útsölustaði. Þó má vel vera, að erfiðara sje að fækka þeim til muna, eins og nú er komið, en að hafa þá færri upphaflega. En jeg get ekki skilið, að nauðsyn beri til að halda í allar þær útsölur, sem nú eru starfandi.

Það verður því að fara um till. eins og deildinni sýnist. En jeg býst ekki við, þó að hún verði feld, að það sannfæri þá menn, sem álíta útsölustaðina óþarflega marga.

Sigurður Eggerz: Hart er að þurfa á hverju þingi að endurtaka sömu skýrsluna um fyrirkomulag vínsölunnar. Það var alvarleg ósk mín, að hægt væri að sneiða hjá því að hafa útsölustaði annarsstaðar en í Rvík. Og með þeim hug fór jeg utan, er reglugerðin var staðfest.

Þessi afstaða mín var í fullu samræmi við alla afstöðu mína til bannmálsins. Jeg held, að jeg geti öruggur vísað til þess, að jeg hafi staðið fast með bannmálinu. Jeg barðist áður gegn öllum undanþágum frá bannlögunum. Og er jeg var bæjarfógeti í Rvík, held jeg, að jeg hafi greinilega sýnt það, að jeg lagði minn skerf til þess að koma framkvæmd bannlaganna í sem best horf. En svo kom hinn örlagaþrungni tími, er velja skyldi um, hvort við vildum heldur veikja hina fjárhagslegu aðstöðu þjóðarinnar eða slaka til á bannlögunum. Við urðum að velja milli tveggja hugsjóna, verndunar hins fjárhagslega sjálfstæðis þjóðar vorrar og bannmálsins. Þeir, sem ábyrgðina höfðu, treystust ekki til þess að kippa aðalstoðunum undan fjárhag vorum og kusu því heldur hina leiðina, að láta undan síga í bannmálinu.

Jeg vík að því aftur, er jeg fór utan og endanlega skyldi gengið frá málinu, að þá fór jeg í þeim hug að hafa takmarkanirnar sem allra mestar, eða eina útsölu, í Rvík. En er jeg hafði ráðfært mig við formann nefndar þeirrar, er fór til Spánar fyrir vora hönd, en hann

var einnig bannmaður, þá sá jeg mjer ekki annað fært en að haga málinu eins og nú er orðið.

Takmarkanir þær, sem gerðar eru, eru einnig, ef að er gáð, æði miklar, því enginn hreppur, ekkert kauptún á landinu þarf að hafa vínsölu. Það eru aðeins kaupstaðirnir. Og veitingar eru aðeins á einum stað, í Rvík. Úr því svo miklu var fórnað í þessu máli, þá mátti ekki með þessum reglugerðarráðstöfunum koma í veg fyrir það, að þessi fórn kæmi að fullum notum.

Það kom hjer ekki fyrir löngu síðan fram till. á þingi um að hækka tollinn á vínunum. Jeg rjeð þá eindregið frá því, að þetta væri gert, enda kom það á daginn síðar, að það var mjög heppilegt, að tollurinn var ekki hækkaður. Mjer er næst að halda, að ef hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefði staðið með sömu ábyrgð og jeg, þá mundi hann hafa hagað sjer eins í málinu.

Ef nú þessi till. hv. þm. yrði samþ., þá mundu auðvitað samskonar tillögur koma úr hinum öðrum kaupstöðum. Mundi nú hv. þm. í alvöru þora að mæla með því við landsstjórnina, að þessar tillögur yrðu allar teknar til greina?

Jeg býst við því, að enn fari svo, að þeir, sem ábyrgðina bera, líti á hinar fjárhagslegu þrengingar, sem mundu stafa af því, ef þessar ráðstafanir yrðu gerðar, sem væru varhugaverðar fyrir samninginn.

Um hitt get jeg verið sammála hv. þm., að það var þungt að þurfa að beygja sig í þessu máli. En úr því að nauðsynin heimtaði það, þá er að taka afleiðingunum. Ekki greiðist úr málinu, þó ósanngjörnum árásum sje beint að einstökum mönnum, fyrir aðgerðir, sem bygðar eru á þekkingu þeirra manna, sem best voru inni í málinu.

Flm. (Einar Árnason): Jeg viðurkenni fyllilega, að hv. 1. landsk. (SE) er bannstefnunni trúr, enda er hann sjálfur bindindismaður. Hitt er annað mál, hvort honum hefir tekist að rata hinn rjetta meðalveg í þessu efni. Hann hefir aldrei sannað það, enda verður það tæplega sannað, þar sem reynsla er ekki til á öðru skipulagi þessa máls en því, sem nú er. Jeg veit, að hv. þm. hefir reynt að koma öðrum í skilning um, að honum hafi tekist að rata hinn rjetta veg í þessu máli, en mjer hefir ekki skilist, að honum hafi tekist að sannfæra áheyrendur sína um þetta.

Hv. 1. landsk. (SE) spyr mig, hvort jeg mundi greiða atkvæði með því, að aðrir kaupstaðir en Siglufjörður fengju að losna við vínsölustaðina. Jeg hefi tekið það fram áður, að jeg hefi þessa afstöðu til Siglufjarðarkaupstaðar vegna þess, að þar stendur alveg sjerstaklega á. Það er ekki aðeins hinn mikli fólksfjöldi, sem þar er saman kominn um aðalveiðitímann, heldur er einnig nálægð Siglufjarðar við Akureyri ein næg ástæða til að samþ. þetta. Jeg mundi og telja það nokkra bót, ef einhverjar takmarkanir væru settar á vínútsöluna á Siglufirði, t. d. ef þar aðeins væri leyft að selja vínin fyrri hluta dagsins. Þetta teldi jeg þó a. m. k. óhætt gagnvart Spánverjum og samningnum við þá. Jeg efast yfir höfuð um, að það sje rjett að gera jafnmikið úr áhættunni við takmarkanir á vínsölunni hjer á landi og hv. 1. landsk. (SE) og hæstv. forsrh. (JM) gera. En svo að jeg svari spurningu hv. 1.

landsk., tel jeg mig alls ekki bundinn með atkv. mínu um þessa till. til þess að greiða atkv. með því að losa Akureyri við vínútsölu, þó það kæmi til orða.

Sigurður Eggerz: Jeg hygg, að þessi sjerstaða hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) til Siglufjarðar geti verið sprottin af því, að þessi bær er í hans kjördæmi. Jeg vil t. d. leyfa mjer að benda á Vestmannaeyjar. Það er bær, sem er alveg hliðstæður Siglufirði í þessu tilliti, eða t. d. Hafnarfjörður.

Jeg skil svo sem vel, að kaupstaðirnir vilja losna við vínsöluna, en þeir verða að beygja sig fyrir nauðsyninni.

Því hefir verið haldið fram, að gera mætti eina tilraun, um t. d. einn kaupstaðinn. En sú tilraun gæti orðið of dýr. Hún gæti gefið tilefni til, að samningnum yrði sagt upp.

Jeg tel þýðingarlaust að deila um þetta frekar, enda munu þeir reynast fáir, sem vilja breyta því, eða rjettara sagt treystast til að breyta því, sem jeg hefi gert í málinu,

Hæstv. forsrh. hefir bæði í fyrra og einnig við þessar umræður látið í ljós, að hann hefði ekkert að athuga við aðgerðir mínar í þessu máli, og er jeg honum þakklátur fyrir það.

Ingvar Pálmason: Viðvíkjandi ræðu hæstv. forsrh. (JM) hefi jeg ekki neitt sjerlegt að athuga. Hann svaraði því sama núna eins og hann svaraði þessu máli á síðasta þingi, þ. e. að hann gæti engu á orkað. Þetta er í fullu samræmi við fyrri afstöðu hans til þessa máls, og er í rauninni ekkert við það að athuga. Jeg er þess fullviss, að hæstv. forsrh. er banninu ekki óvinveittur, þrátt fyrir þetta. Jeg sje sömuleiðis litlar ástæður til að deila við hann um afskifti hans af þessu máli. Hann játar það, að hann sje fús til að draga eitthvað úr eða minka söluna á þessum stöðum. Gallinn er bara sá, að jeg veit ekki til, að hann hafi gert eða einu sinni reynt til þess að gera nokkuð í þá átt.

Jeg er sammála hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) í flestum atriðum þessa máls, en þó ekki öllum. Hann sagði, að Siglufjörður hefði sjerstöðu meðal kaupstaðanna á landinu, og er það satt. Það er mjög óeðlilegt að hafa tvo vínsölustaði innan sömu sýslu, og það liggur því beint við, að ef breyta á til í þessu einhversstaðar, þá er það þarna. **(Forsrh. JM:** Hvað er um Hafnarfjörð?). Þetta er dagsanna. Það ætti að bera niður á öðrum hvorum þessara staða eða báðum. Jeg efast um, að Spánverjar viti af því, að þessir bæir eru til hjer, og því síður þyrftu þeir að vita um það, þó þessi tilbreytni yrði gerð með þá. Nema Spánverjum hafi formlega verið tilkynt, hverjir útsölustaðirnir væru hjer á landi?

Hitt er eðlilegt, þó að fleiri kaupstaðir kæmu á eftir og vildu fá sömu hlunnindi og Siglufjörður, ef hann yrði losaður við vínið, og jeg er ekkert hræddur við afleiðingarnar af því. Jeg hefi heyrt þessa grýlu nefnda æði oft, að Spánverjar mundu neyta þess sem átyllu til að segja upp verslunarsamningnum við okkur. Jeg efast um, að þeir yfir höfuð mundu spyrja það, þó útsölustöðum yrði fækkað að mun hjer á landi. Jeg ímynda mjer og, að þó við legðum niður allar vínveitingar, sem að vísu munu ekki vera leyfðar nema hjer í Reykjavík, mundu Spánverjar litla

hugmynd hafa um það. Vínveitingarnar hjer í Rvík eru tæplega leyfðar vegna þess, að Spánverjar hafi krafist þess.

Hv. 1. landsk. (SE) byrjaði ræðu sína með því að lýsa því yfir, að hann væri bannmaður, og skal jeg ekki efa, að svo sje, enda hefir hann lýst þessu áður. Hann sagði og frá því, að þegar hann hjer um árið fór utan til þess að binda enda á samningana við Spánverja, hafi það verið hans fasti ásetningur að hafa aðeins einn útsölustað á öllu landinu, þ. e. í Rvík. En þegar hann var búinn að ráðfæra sig ytra við sína menn, bilaði þessi góði ásetningur hans, og þá sveik hann hugsjónir bannsins, sem hann var svo mjög fylgjandi, að sjálfs sín sögn. Hann sagði, að tvær hugsæisstefnur hefðu borist í huga sínum, að vernda bannið og að vernda fjárhagslegt sjálfstæði landsins. Jeg veit, að þetta er satt, að þetta tvent fylgist mjög að. Bannið eflir fjárhagslegt sjálfstæði landsmanna. En jeg veit líka hitt, að í utanferð sinni skifti þessi hv. þm. (SE), sem þá var forsrh., um stefnu í þessu máli. Hann kveðst hafa farið mjög eftir tillögum sendimanna þeirra, sem við sendum suður til Spánar til samningaumleitana. Um þetta skal jeg ekkert segja með vissu, því það verður ekki vitað, hvað þeir hafa ráðlagt honum. En nýlega las hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) upp hjer í deildinni kafla úr yfirlýsingu frá hr. Einari Kvaran, þar sem hann tekur alveg af skarið um það, að Spánverjar hafa aldrei gert kröfur til ákveðinna útsölustaða. Jeg efast ekki um, að hr. E. Kvaran hafi farið rjett með þetta. Þess vegna tel jeg ósannað, að Spánverjar skifti sjer af því, þó breytt verði til um útsölustaðina hjer á landi. Jeg verð því að krefjast frekari sönnunargagna af hv. 1. landsk. (SE) í þessu máli. Geti hann ekki lagt fram sannanir fyrir þessum kröfum Spánverja, getur hann ekki losað sig við þann grun, sem á hann er fallinn, að hann sje farinn að verða linur bannmaður. Hann linaðist talsvert mikið í utanförinni. Hafi Spánverjar gert kröfur í þá átt að hlutast til um, hve margir útsölustaðir vína yrðu ákveðnir, ætti að vera auðvelt að sanna þær. En jeg efast um, að hv. 1. landsk. (SE) geti fært nokkrar sannanir fram. Jeg hygg, að hann sanni þetta aldrei, vegna þess, að Spánverjar hafi alls ekki krafist þessa.

Því hefir áður verið haldið fram, að niðurlagning útsölunnar á Siglufirði mundi verða orsök til samningsslita við Spánverja. Um þetta skal jeg ekkert fullyrða, en ósennilegt tel jeg það þó. Jeg tel það æði ósennilegt, að Spánverjar fari að hlutast til um innanlandsmál okkar. Ef þeir hefðu ætlað sjer að gera það, hefðu þeir þegar í upphafi krafist útsölustaða í hverjum bæ á landinu, en þeir hafa mjer vitanlega aldrei gert það.

Hv. 1. landsk. (SE) gat þess í síðari ræðu sinni áðan, að úr því, sem komið væri, mundi vera ráðlegast að falla frá kröfunum um niðurlagning útsölunnar á Siglufirði. Þetta kann að vera, en um leið og þetta er gert, er fallið frá öllum aðalhugsjónum bannmanna, og þá er betra að kannast hreinskilnislega við það og játa, að við sjeum algerlega fallnir frá bannstefnunni. Nei, það er áreiðanlega ekki á hans valdi að skipa fyrir um þetta. Jeg er líka sannfærður um, að kröfunum um þetta verður

haldið áfram, þangað til allar útsölur og veitingar hafa verið lagðar niður og algert bann kemst á aftur. Þetta ætti hv. 1. landsk. (SE) að vita. Það getur að sjálfsögðu farið svo, að langan tíma þurfi til að ná þessu marki, en fráfall hans hefir enga þýðingu í þessu máli.

Áður en jeg sest niður vil jeg nota tækifærið til að leggja áherslu á það, að jeg tel sjálfsagt að leggja niður þessa vínútsölu á Siglufirði, og reynist það svo, er frá líður, að það hafi engin óþægindi haft í för með sjer, þá á hiklaust að leggja þær alstaðar niður. Mjer þykir mjög undarlegt, hversu harðvítuglega því er haldið fram, að ekki hafi verið hægt að komast hjá því að ákveða þessa útsölustaði svo marga, en þó er ekki færð fram ein einasta sönnun þess, að Spánverjar hafi krafist þeirra. Hitt gæti verið skiljanlegt, ef danskir vínsalar hefðu talið sjer hagstæðara að fá sem flesta útsölustaði hjer á landi. Þeir hafa auðvitað ekkert haft á móti því, að útsölustaður væri í hverjum kaupstað landsins. Það er og eitthvað undarlegt við það, að tveir útsölustaðir skyldu vera ákveðnir í einni og sömu sýslu á Norðurlandi. Á öllu Austurlandi er aðeins einn einasti útsölustaður, og ekki hefir heyrst annað en að Spánverjar gerðu sig ánægða með það. Þá gegnir og sama um Hafnarfjörð. Það var engin þörf á útsölu þar, svona nálægt Rvík. Nei, hjer hafa einhverjir annarlegir og huldir kraftar verið að verki, þegar þessu var ráðið til lykta. Það verður aldrei hrakið, að það hafa verið aðrir en Spánverjar, sem hafa ráðið úrslitum þessa máls, og er það ásökunarvert, að það virðist að óþörfu gert. Jeg hefði getað skilið það, að Spánverjar hefðu krafist t. d. eins útsölustaðar í hverjum landsfjórðungi, en þessu hefir aldrei verið haldið fram, að svo hafi verið. Þvert á móti hefir einn samningsnefndarmanna lýst því yfir, að Spánverjar hafi engrar íhlutunar krafist um útsölustaði.

Hvað sem verður um þessa þáltill. að þessu sinni, þá hætti jeg ekki við að hreyfa þessu máli meðan jeg á sæti á Alþingi. Jeg vænti þess, að slík till. sem þessi komi aftur fram, enda er áður margyfirlýstur þjóðarvilji til um þessa stefnu. Nú hefir og stjórnin lýst því yfir, að hún vilji styðja bannstefnuna, en ef stuðningurinn á ekki að verða meiri en það, að játa aðeins trúna í orði, en sýna hana ekki í verkinu, ef engu má hagga í því, sem þegar hefir gert verið í þessu máli, þá efast jeg um, að kjósendur verði hrifnir af slíkum stuðningi við bannið. Jeg vildi aðeins koma þessum aths. að í umr. um þetta mál — að hv. 1. landsk. (SE) hefir, þegar hann var ráðherra, farið lengra en þörf var á, er hann veitti undanþáguna frá bannlögunum í fyrstu. Jeg veit, að hann misvirðir þetta ekki við mig. (**SE:** Jú það geri jeg sannarlega). Því mjer skilst, að hann og aðrir góðir menn hjer vilji þó heldur halda banninu við. Því miður hefir hann misstigið sig í þessu máli, og mjer finst, að hann ætti að kannast við það.

Sigurður Eggerz: Það er nú svo í þessum stjórnmálum, að það koma fyrir undarlegir hlutir. Þannig byrjar hv. 2. þm. S.-M. (IP) nú á eldhúsdegi gagnvart mjer, 2—3 árum eftir að jeg læt af stjórn. Hv. þm. (IP) talaði mikið um, að jeg hefði breytt stefnu minni í þessu máli í utanför minni. Þetta er

ekki rjett. Það lá í hlutarins eðli, að jeg vildi gera alt, sem í mínu valdi stóð, til þess að takmarka vínsölu í landinu. Jeg hafði hugsað mjer, að það mætti komast af með einn útsölustað, en eftir að jeg hafði aflað mjer frekari upplýsinga, sá jeg, að þau takmörk voru of þröng. Þá var það, að jeg ákvað útsölustaði í öllum kaupstöðum landsins, en jeg skal játa, að jeg var ekki að reikna út landfræðilega legu þessara staða. Hv. þm. (IP) sagði, að jeg gæti aldrei sannað, að ekki hefði mátt sleppa kaupstöðunum. Þetta er alveg satt, en hitt getur hv. 2. þm. S.-M. (IP) ekki heldur sannað, að það hafi ekki verið nauðsynlegt að taka einmitt kaupstaðina. Það er einmitt vegna þess, að hv. þm. (IP) veit, að jeg get aldrei sannað þetta, að hann er svo drengilegur að reyna á mjög óviðeigandi hátt að gera mig tortryggilegan, með því að gefa í skyn, að danskir vínkaupmenn hefðu haft áhrif á gerðir mínar! **(IP:** Jeg sagði ekki annað en það, að þeir hefðu haft hagsmuna að gæta). Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (IP) þorir að standa við þessar dylgjur. Ef hann gerir það, skal jeg koma með slíka yfirlýsingu, að hv. þm. (IP) þurfi að fara í mál við mig. Jeg mun lýsa hann hinn svartasta ósannindamann, og jafnvel nota enn sterkari orð. Það er ósvífni á svo háu stigi, að þess eru einsdæmi, að voga sjer að drótta því að einum stjórnmálamanni, að hann láti danska vínkaupmenn hafa áhrif á sig í stórmálum þjóðarinnar.

Hv. þm. (IP) talaði um, að engin krafa hefði komið frá Spánverjum um útsölustaðina. Eftir að búið var að gera ráðstafanir hjer á Alþingi, var auðvitað, að jeg fór ekki að hefja nýjan samning við Spánverja um þetta, eða spyrja þá um það. Ef jeg hefði gert það, hefði alt málið verið tekið upp að nýju. Hv. þm. (IP) gerir sjer ekki ljóst, hvað það er erfitt að koma á slíkum milliríkjasamningum. T. d. átti sambandsþjóðin, Danir, mjög erfitt með að ná samskonar samningum fyrir sig og Færeyinga. Ríkissjóðurinn danski verður svo að greiða Færeyingum mismuninn á því og hinum bestu kjörum, en það er allmikið fje. Þetta bendi jeg á, til þess að sýna, hvað mikið er í það varið að ná góðum kjörum. Þegar búið var að gera samning, varð að taka afleiðingunum af því.

Jeg sje, að hæstv. forseti (HSteins) vill ekki leyfa mjer að tala lengur. Jeg hefði annars kunnað því betur, að hæstv. forseti hefði, þegar jeg hefi orðið fyrir svo hörðum árásum, leyft mjer að tala svolítið lengur.

Hv. þm. (IP) fór að tala um landskjörið. Þarna átti að búa til kjölfestu fyrir hans lista, svo að alt er þetta eintóm kosningabrella. En er það nú heppilegt fyrir þá menn, sem trúa á bannið og vilja leiða bannmálið fram til sigurs, að óvirða þá menn, sem vitanlegt er að hafa ærlega staðið með því? Bendir ekki sú pólitík á, að hv. þm. (IP) sje alveg sama um málið, en vilji búa til úr því kosningabrellu. Hv. þm. (IP) hefir aldrei mótmælt því, að jeg hafi staðið með bannmálinu. En jeg býst ekki við, að hv. þm. (IP) takist að gera mig tortryggilegan, þegar jeg er búinn að sýna þjóðinni, hvernig aðdróttanir hans eru. Þær munu þá liggja á honum eins og þungt farg.

Ingvar Pálmason: Jeg skal ekki vera harðorður í garð hv. 1. landsk. (SE),

þar sem hann er nú dauður, en jeg verð að segja, að þessi síðasta ræða hans bar meiri keim af hita en röksemdum. En hv. þm. mótmælti engu af því, sem jeg sagði. (SE: Jeg mótmælti því öllu, og illgirninni líka).

Hv. þm. sagði, að jeg hefði tekið upp eldhúsdag gagnvart sjer. Jeg er nú svo ókunnugur eldhúsdögum, en þetta mál er þannig vaxið, að í sambandi við það er ekki hægt að komast hjá því að fella dóm yfir hv. 1. landsk. (SE). Hann sagði, að hann hefði ekki breytt stefnu í ákvörðuninni um útsölustaðina. Jeg hafði þar bara fyrir mjer hans eigin orð. Hann sagði, að hann hefði farið að heiman með þeim ásetningi að hafa aðeins einn útsölustað. En niðurstöðuna þekkja allir. Hann sagði, að eftir að hafa ráðfært sig við menn í útlöndum, hefði hann sannfærst um, að nauðsynlegt væri að hafa útsölustaðina fleiri en einn. Jeg sagði, að danskir vínsalar hefðu haft „interessu" fyrir, að útsölustaðirnir væru sem flestir. Þetta kallar hv. 1. landsk. (SE) svo óheiðarleg orð, að hann hótar mjer ærumeiðingum, ef jeg ætli að standa við þau. Hv. 1. landsk. má lýsa mig svo ljelegan sem hann vill. En jeg býst ekki við, að jeg noti nokkurn tíma þau orð við hv. 1. landsk., að hann hafi ástæðu til að fara í mál við mig.

Sem sagt, það kendi í ræðu hv. þm. (SE) meiri hita en röksemda. Það, sem jeg sagði um stefnubreytingu hans, var eftir hans eigin orðum. Hafi þau verið röng, verður hann sjálfur að bera ábyrgð á því.

Hv. þm. (SE) sagði, að hann hefði ekkert verið að horfa á það sjerstaklega, hvort útsölustaðirnir væru 1 eða 2 í sömu sýslunni. Mjer hefði fundist eðlilegra að ákveða 1 útsölustað í hverjum fjórðungi, og mjer finst vera hægt að ætlast til þess af jafnkunnugum manni og hv. 1. landsk. er, að hann hefði tekið þá stefnu. Hefði hann viljað vinna fyrir bannið, sem jeg hygg að hann hafi viljað gera, var ólíkt nær að gera það.

Þá segir hv. þm. (SE), að það verði aldrei sannað, hvort krafa Spánverjanna hafi verið sú, að hafa útsölustaðina fleiri en einn. Þessu hjelt jeg fram, og hv. þm. segir, að í skjóli þess arna noti jeg þetta. En ef þessi tillaga verður samþ., þá er það þó einn vegurinn til þess að benda á líkur fyrir því, að Spánverjar hefðu viljað hafa staðina fleiri. Hvað mundi hv. 1. landsk. segja, ef tillagan yrði samþ. og Spánverjar segðu ekki neitt? Fer þá ekki dómurinn að verða honum í óhag? Hann tók fram, að nú, þegar búið væri að ákveða þetta, yrði að taka afleiðingunum af þeirri ákvörðun. Það er alveg rjett, og þess vegna er það, að jeg hefi orðið þungorður í garð hv. þm. (SE). Ef ekki hefði verið ákveðinn nema einn útsölustaður, þá hefði ekki nú þurft að deila um að leggja hann niður. Jeg get ekki skilið, að hver og einn geti verið fullkominn bannmaður, þegar hann sættir sig við svo og svo marga útsölustaði. En ef hvorki má hreyfa hönd nje fót af ótta við Spánverja, hvenær tekur þá samningurinn enda? Jeg býst við, að ef við aldrei þorum að hreyfa við þessu, verði Spánarsamningurinn seint upphafinn. Jeg vil benda hv. 1. landsk. (SE) á það, af því að það snertir aðra hugsjón hans, að ekki er óhugsandi, ef við höldum áfram þessu voli og víli við

Spánverja, að þeir komi og segi: Við viljum hafa fleiri útsölustaði. Hvað gerum við þá?

Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um niðurlagið á ræðu hv. þm. (SE). Hann sagði, að jeg væri hjer að útbúa kosningabrellu, sem ætti að vera kjölfesta fyrir sigur míns lista. Þetta er sagt alveg út í bláinn og að ástæðulausu. Ef jeg einhvern tíma losna af þingi, býst jeg við, að jeg hafi annað að gera en að útbúa kosningabrellur.

Hv. þm. (SE) tók það fram, að hann væri vissulega sami bannmaðurinn og hann hefði verið. Það getur vel verið, en honum sem bannmanni hefir yfirsjest, og jeg hefi ekki farið fram á annað en að hann viðurkenni það.

Skal jeg svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Jeg býst við, að mesti hitinn sje rokinn úr hv. 1. landsk., enda er öll ástæða til þess. Hvernig sem fer um þessa till., tel jeg sjálfagt, að hún skeri úr því, hvort Alþingi vill gera tilraun til þess að fækka útsölustöðunum. Þjóðin krefst þess. Undanfarið hafa verið höfð góð orð um að gera alt, sem hægt væri, en enginn árangur hefir sjest. Það er miklu betra, að Alþingi segi hreint og beint: Við viljum ekkert gera. Þá veit þjóðin, að hverju hún gengur, enda mun það koma fram við þessa atkvgr.

Jeg held, að það sje alveg nýtt í sögu áfengisverslunarinnar hjer á landi, að útsölustöðum hafi verið þröngvað upp á kaupstaðina. Jeg er viss um, að það hefði hvergi mælst illa fyrir, þótt heimtað hefði verið samþykki viðkomandi kaupstaðar með meiri hl. atkv. Jeg held, að Spánverjar hefðu aldrei gerst svo djarfir að heimta, að sá rjettur borgaranna væri fyrir borð borinn, sem þeir hafa haft í fjöldamörg ár, að mega ákveða, hvort þeir vildu hafa hjá sjer vínsölu eða ekki. Jeg býst við, að við hefðum getað vitnað í gamlar venjur, sem hjer hafa gilt um þessi efni. Jeg held, að ef Spánverjar hefðu ekki virt þessa gömlu reglu, þá hefði það mælst mjög illa fyrir. Hefði þá verið fengin full vissa fyrir, að þeir hefðu blandað sjer inn í frelsi einstakra borgara landsins. Hv. 1. landsk. (SE) getur varla mótmælt þessu. Það er margt, sem til greina kemur í þessu máli, en jeg mun nú ekki segja meira um þetta í bili, því að hv. 1. landsk. er nú dauður, svo að hann getur ekki borið hönd fyrir höfuð sjer. En hann ber mesta ábyrgð á þeim skyssum, sem gerðar hafa verið í þessum efnum. En jeg vil aðeins undirstrika það, að í þessu mátti fara þá leið að ákveða útsölustaðinn aðeins einn, svo lengi Spánverjar ekki kröfðust þess að hlutast til um, hvernig útsölu vínanna væri hagað innanlands. Ætla jeg þá ekki að tefja hv. deild með lengra máli í þetta sinn.

Forsætisráðherra (JM): Mjer skilst, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) sje hjer að taka upp þær umræður, sem voru um þetta mál 1921 og 1922, þegar rætt var um, hvort leyfður skyldi innflutningur Spánarvína. Það, sem hv. þm. vildi að gert hefði verið í upphafi, er sama sem við hefðum sagt við Spánverja: Við skulum leyfa að selja Spánarvín, en þá verður að samþykkja það á hverjum stað, að þar megi hafa vínsölu.

Ef enginn kaupstaður — svo sem líklegt er — hefði viljað hafa vínsölu, heldur þá hv. 2. þm. S.-M. (IP), að Spánverjar hefðu gert sig ánægða? Nei, það,

sem Spánverjar sögðu, var aðeins þetta: Ef þið leyfið ekki innflutning og sölu á Spánarvínum, þá tökum við hærri toll af ísl. fiski. Það er hrein vitleysa hjá hv. þm. (IP), að við hefðum átt að spyrja Spánverja, hvernig útsölu vínanna skyldi háttað. Þá varðaði ekkert um það, og þeir fóru ekki fram á nein afskifti af því, aðeins að samningurinn væri haldinn. En hefðu þeir álitið samninga svikna á sjer, var ekki um annað að gera en að þeir hækkuðu tollinn. Árás hv. þm. á hv. 1. landsk. (SE) er því á engum rökum bygð. Hv. þm. hugsar sem svo, að best sje að reyna, hvað við megum leyfa okkur, þangað til Spánverjar segi upp samningnum. En jeg held, að það gæti orðið dýrt spaug. Hv. þm. sagði, að ekki væri ómögulegt, að Spánverjar heimtuðu fleiri útsölustaði. Það má vel vera, að svo fari — ef við gefum tilefni til. Og það get jeg sagt hv. þm. (IP), að ekki eru allir Spánverjar ánægðir með samninginn heldur.

Sigurður Eggerz: Hv. 2. þm. S.-M. (IP) ljet í veðri vaka, að jeg hefði ekki rætt þetta mál nægilega við aðra menn, áður en jeg ákvað útsölustaðina. En þetta er gripið úr lausu lofti. Því að jeg ræddi málið einmitt mjög vandlega við formann sendifararinnar til Spánar, Svein Björnsson, og einnig við Jón Krabbe. Vildi jeg fyrst ekki hafa nema einn útsölustað, en ljet þó af því, til þess að eiga ekki á hættu, að Spánverjar segðu samningnum upp þegar í stað. Yfirleitt hefir þessi hv. þm. talað með svo miklu ábyrgðarleysi, að undrum sætir. Hann segir, að við getum reynt, hvort Spánverjar segi upp samningnum, ef við fækkum útsölustöðum vínanna. En er þarna ekkert í hættu? Það getur kostað miljónir króna. Nú stendur hv. deild í sömu sporum og jeg stóð, þegar jeg átti að gera ákvarðanir um fjölda útsölustaðanna. Vill hv. deild, að útsölustaðirnir sjeu lagðir niður, og vill hún taka á sig ábyrgðina á afleiðingunum? Mig langar ekki til þess.

Jóhann Jósefsson: Á síðasta þingi flutti jeg fyrirspurn til hæstv. stjórnar um það, hvort hún sæi sjer fært að leggja niður útsölu Spánarvínanna í Vestmannaeyjum. Var það gert eftir eindreginni áskorun þingmálafundar þar. Hefir sjálfsagt verið ætlast til þess, að jeg flytti þáltill. eins og þá, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir hjer fram borið. En jeg vissi, hver hætta var á ferðum og hve afdrifaríkt það gæti orðið fyrir þjóðina og fjárhag hennar, ef ógætilegt spor væri stigið í þessu máli. Kaus jeg því að fara hina leiðina.

Nú eru liðin nokkur ár síðan árekstur inn varð milli Spánverja og Íslendinga. Frá okkar hálfu var þarna um lífsskilyrði að ræða fyrir annan helsta atvinnuveginn. Frá Spánverja sjónarmiði hefir það líklega litið svo út, að hjer væri ekki um Ísland eitt að ræða, heldur um grundvallarreglu, sem þeir beittu gegn öllum bannlöndum. Var því ekki við því að búast, að við gætum komist hjá hættulegu tollstríði við Spánverja, ef annað hefði verið gert en úr varð. Því var það, að nær allir þáverandi hv. þm. greiddu atkv. með undanþágunni frá bannlögunum. Mjer kemur ekki til hugar, að nokkur mað-

ur, jafnvel stækur bannmaður, muni ásaka þáverandi Alþingi og stjórn fyrir gerðir þeirra í þessu máli.

Hjer hefir í dag verið allhörð kappræða milli tveggja hv. þdm., hv. 1. landsk. (SE) og hv. 2. þm. S.-M. (IP). Báðir eru þeir einlægir bannmenn, en sá er munurinn, að annar hefir komist í að taka ákvörðun á stórhættulegum tíma um það, hvort meira bæri að meta, aðflutningsbann á ljettum vínum eða fjárhag landsmanna. Hinn hefir óneitanlega þægilegri aðstöðu, að standa ábyrgðarlaus utan við og gera athugasemdir frá sínu sjónarmiði eftir á. Jeg ætla ekki að fara að leggja neinn heildardóm á þá stjórn, sem þá sat hjer á landi, er samkomulagið fekst við Spánverja. En enginn, sem þekkir hug hv. 1. landsk. (SE) til bannmálsins, efast um, að hann hafi gert það, sem úr varð, til knúinn af hættunni, sem vofði yfir atvinnuvegum landsmanna.

Hv. 2. þm. S.-M. (IP) sagði, að nú þegar væri sjálfsagt, að úr skæri um þetta mál. En jeg verð að kannast við, að jeg er ekki við búinn að stíga það spor, sem gæti fengið Spánverja til að kippa að sjer hendinni. Mjer finst ástandið hvorki leyfa það nje rjettlæta. — Jeg skal þó játa, að þeir, sem mest hafa barist fyrir að losna við útsölur vínanna, hafa mikið til síns máls, þar sem þeir vilja útrýma drykkjuskaparbölinu. En menn verða að kannast við, að það voru knýjandi ástæður, sem ollu því, að undanþágan var gerð, og þær sömu ástæður eru enn fyrir hendi. Má því ekki rasa fyrir ráð fram, og heilladrýgra getur verið fyrir framtíðina, að farið sje gætilega í sakirnar.

Hv. 1. landsk. (SE) sagði í einni af sínum ræðum, að flm. þessarar till. hlyti að vera ljóst, að hið háa Alþingi gæti ekki samþykt hana. Jeg veit nú ekki, hvort hv. flm. en það ljóst, en mjer er það fyllilega ljóst, að verði vínsalan lögð niður á einum stað, þá eiga aðrir kaupstaðir sömu kröfu um það. Jeg mundi þegar sjá mig til knúinn að bera fram samskonar till. fyrir mitt kjördæmi, og eins hygg jeg að yrði um ýmsa aðra. Hitt er annað mál, hvort jeg álíti það hyggilega gert að fækka útsölunum. Hæstv. forsrh. (JM) hefir ekki talið það óhætt, en hins vegar veit jeg, að stjórnin er fús á að athuga, hvað hægt er að gera í málinu, og fara svo langt sem hún sjer sjer fært. Það er vel hugsanlegt, að því hafi ekki verið nægur gaumur gefinn, hvort ekki væri hægt að gera einhverjar ráðstafanir í kaupstöðunum til að draga úr vínnautn. — Jeg á við ráðstafanir af hálfu hins opinbera, en ekki bindindisstarfsemi templara. — Jeg held því, að það rjettasta, sem hægt er að gera í þessu máli, eins og atvik liggja til, sje að vísa því til hæstv. stjórnar, í því trausti, að hún geri það, sem hægt er á hóflegan hátt, til að takmarka útsölu vínanna. Jeg þori ekki að heimta, að útsölurnar sjeu skilyrðislaust lagðar niður. En jeg álít, að verði till. hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) samþ., þá sje þar með sama sem komin samþykt um alla hina kaupstaðina. — Það er því tillaga mín, að málinu sje vísað til hæstv. stjórnar.

Flm. (Einar Árnason): Jeg vil aðeins gera grein fyrir því, að jeg get ekki fylgt því að vísa þessu máli til stjórnarinnar. — Þegar jeg flutti samskonar till. á þingi fyrir 2 árum, tók jeg hana aftur, af því að hæstv. forsrh. (JM) lofaði að gera það, sem unt væri, og jeg

vildi sjá, hvort hæstv. stjórn sæi sjer ekki fært að gera eitthvað í málinu án þess að deildin skæri úr. En nú hefir enginn árangur orðið af því, og neyðist jeg því til að halda till. minni fram.

Ingvar Pálmason: Jeg skal nú vera ákaflega stuttorður, en ætla aðeins að gera örlitla aths. við orð hæstv. forsrh. (JM). Hann sagði, að jeg tæki upp aftur þær umræður, sem hefðu orðið, þegar talað var um, hvort látið skyldi undan Spánverjum eða ekki. Það má vel vera, að svo sje. Jeg var þá ekki á þingi og get ekki sagt um, hvaða orð þá fjellu. Jeg geri ekki heldur ráð fyrir, að jeg hafi sagt nokkuð, sem ekki var búið að segja áður.

Hæstv. ráðh. (JM) sagði, að Spánverjar hafi ekki gert neinar kröfur um útsölustaði. Þetta var einmitt það, sem jeg hjelt fram. En auðvitað var engin deila um það, að einhver útsölustaður skyldi hafður, heldur aðeins um það, hvort þeir skyldu vera einn eða fleiri.

Hv. þm. Vestm. (JJós) hefir lýst yfir því, að hann væri ekki viðbúinn að greiða atkv. með því að leggja útsölustaði Spánarvína niður. Það má vera, en hitt sýnist tilgangslaust, að vísa þessu máli nú til stjórnarinnar, þar sem hún hefir nú lýst yfir því, að hún sæi sjer ekki fært að gera neitt. Hitt er skylt, að þingið lýsi yfir, hvaða afstöðu það hefir í málinu.

Jóhann Jósefsson: Þetta mál horfir ekki alveg eins við og hv. þm. (IP) vill láta líta út fyrir. Honum er e. t. v. af einhverjum ástæðum fróun að geta sagt frá því, að hann hafi ekki trú á að vísa málinu til hæstv. stjórnar. En hv. 2. þm. S.-M. (IP) er alt of gamall og reyndur maður til að tala svo ljettúðlega sem hann gerir. Ef hv. Ed. leggur fyrir hæstv. stjórn að leggja niður útsölurnar, þá er það yfirlýstur þingvilji, og mundi hæstv. stjórn sennilega haga sjer eftir því. En það jeg veit hefir ekkert nýtt komið fram frá Spánverjum, sem rjettlæti það, að þetta sje gert. Og þar sem fyrverandi stjórn mun hafa gengið svo langt í þessu máli sem fært var, nálgast þetta, að gengið sje á samninga við Spánverja. Hins gengur enginn dulinn, að kröfurnar um að losna við vínið munu halda áfram, og stjórnin verður að taka til vandlegrar athugunar, hvort það er ekki hægt að takmarka útsöluna án þess að lenda í deilum við Spánverja.

Það eru líka fleiri leiðir til þess að draga úr áfengissölunni en að leggja vínsöluna niður og flytja birgðirnar burt. Jeg held, að sú leið sje hyggilegri, að draga smátt og smátt úr vínsölunni, þó að takmarkið, að losna við vínið, náist seinna með því móti, heldur en leggja niður umræðu- og umhugsunarlítið vínsöluna í einum kaupstað landsins, sem mundi þá gilda fyrir þá alla. Jeg held, að í þessu máli sje betri krókur en kelda. Þó hv. 2. þm. S.-M. (IP) vilji spranga yfir kelduna, þá get jeg ekki fylgt honum þá leið, en legg til, að þessu verði vísað til stjórnarinnar, í trausti þess, að hún og viðkomandi bæjarstjórnir athugi, hvað hyggilegast er að gera í því að takmarka vínsöluna í kaupstöðum landsins.

ATKVGR.

Till. frá þm. Vestm. (JJós) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, SE, ÁH, BK, EP, HSteins.
nei: EÁ, GuðmÓ, IP, JJ.
Einn þm. (JM) fjarstaddur.

6. Aðstaða málfærslumanna við undirrjett.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. maí, var útbýtt:

Till til þál. um aðstöðu málfærslumanna við undirrjett (A. 481).

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 7. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (HSteins): Mjer hefir borist svolátandi krafa:

„Við undirritaðir leyfum oss að krefjast þess, að till. til þál. um aðstöðu málfærslumanna við undirrjett verði tekin á dagskrá á morgun.

Alþingi, 7. maí 1926.

Jónas Jónsson, Guðm. Ólafsson, Einar Árnason".

Fer því fram atkvgr. í byrjun næsta fundar, svo sem þingsköp mæla fyrir, um það, hvort mál þetta skuli tekið til einnar umr. þá.

Á 70. fundi í Ed., næsta dag, áður gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (HSteins): Áður en gengið verður til dagskrár fer fram atkvgr. um kröfu þá, er fram kom í fundarlok í gær, um að till. til þál. um aðstöðu málfærslumanna við undirrjett yrði tekin á dagskrá þessa fundar. Þar sem það er nú í fyrsta sinni hjer í deildinni í minni forsetatíð, að þessari óvenjulegu aðferð hefir verið beitt til að knýja mál á dagskrá, mætti ætla, að ekki sje nema um tvær ástæður að ræða. Önnur er sú, að hjer sje svo mikilsvert mál á ferðinni, að það ætti að sitja fyrir öðrum og þyldi enga bið, eða þá hitt, að jeg sem forseti hafi dregið málið óhæfilega lengi. En nú er það svo, að þessari till. var útbýtt 4. þ. m., síðastl. þriðjudag, tekin á dagskrá daginn eftir, og svo 7. þ. m. kemur þessi krafa fram. **(JJ:** Hve mikið er eftir af þinginu?). Það er a. m. k. svo langur tími, að engin ástæða er til að ætla, að þetta mál komist ekki að. Annars er það samkv. þingsköpum, að hv. deild sker úr, hve sanngjörn þessi krafa er, og skal jeg í þessu sambandi geta þess, að jeg hafði ætlað mjer, áður en þessi krafa kom fram, að taka málið á dagskrá á mánudaginn. **(JJ:** Þá get jeg fallið frá kröfunni). Já, það hafði jeg ætlað mjer, og hv. flm. (JJ) hefði auðvitað getað fengið að vita það, ef hann hefði minst á málið við mig.

Jónas Jónsson: Að fenginni þessari yfirlýsingu hæstv. forseta, um að málið komi á dagskrá næsta fundar, getum við hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) fallið frá kröfunni.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þessi þáltill. er, eins og tekið hefir verið fram, ekki mjög gömul, en af vissum ástæðum þótti mjer geta skeð, að ekki mundu allir í deildinni óska þess, að hún kæmi á dagskrá. Jeg hefi orðið þess var, að maður einn utan þingsins, sem þetta mál snertir, hefir látið nokkuð ófriðlega, og eftir öðrum sólarmerkjum að dæma hefir mjer þótt borin von um, að till. yrði tekin til umræðu.

Hv. 1. landsk. (SE) kom fram með frv. hjer í deildinni um breytingu á hæstarjetti og rökstuddi það með því, að rjettaröryggið væri betur trygt, ef 5 væru þar lögskipaðir dómarar, heldur en ef 3 væru. Jeg sagði þá, og endurtek hjer, að ef það kæmi í ljós, að rjettaröryggið í hæstarjetti sýndi sig að vera ekki nógu trygt með 3 mönnum, þá væri líklegt, að ýmsir skiftu um skoðun. En ef knýjandi nauðsyn ber til að endurbæta hæstarjett, þá munu margir líta svo á, að undirdómaskipulag okkar, sem lítið hefir breyst í langan tíma, þurfi ekki síður athugunar við. Þessi till. er ein af fleirum, sem jeg hefi hugsað mjer að bera fram, þó líklega vinnist ekki tími til þess á þessu þingi, og lúta að því að hefja umræður um undirdómaskipulag landsins og hefja umbætur á því sviði. Slíkar umbætur geta verið á marga vegu, og tekur nokkurn tíma að koma þeim í framkvæmd. Þó að í þessari till. sje aðeins talað um undirdóminn í Rvík, af því að hjer sýnast hafa komið fram sjerstakir annmarkar á fyrirkomulaginu, þá mun víðar þurfa endurbóta við, og kem jeg kanske að því síðar.

Þessi till. er í þremur liðum. Fyrst er ósk til dómsmálaráðherrans um að skýra frá, hve oft núverandi bæjarfógeti í Rvík hafi orðið að víkja sæti af því, að sonur hans starfar sem málfærslumaður við rjettinn, og hve mikið landssjóður hafi orðið að greiða þessum settu dómurum. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. dómsmálaráðh. sje ljúft að svara þessari spurningu, enda hlýtur það að vera auðvelt fyrir hann, og því fremur, sem einn af undirmönnum hans í stjórnarráðinu mun oft hafa verið kvaddur til þess að vera aðstoðardómari. Sumir munu nú líta svo á, að ekkert sje við því að segja, þó að svo standi á, að vegna vensla þurfi að kveðja til nýjan dómara. Þessu fylgir þó kostnaður, og jeg hefði gaman af að heyra rök hæstv. dómsmálaráðh. og bæjarfógetans í Rvík fyrir því, að þetta væri góð búmenska fyrir landið. Það má segja, að hart sje fyrir venslamenn dómarans að mega ekki starfa við rjettinn, en það er líka hart fyrir ríkissjóðinn, ef hann þarf oft að leggja fram fje fyrir þessar sakir. Ef allir hæstarjettardómararnir ættu uppkomna syni, sem væru starfandi málfærslumenn við hæstarjett — og það gæti komið fyrir — yrðu þeir æði oft að víkja úr sæti og nýir dómarar að koma í staðinn. Þetta getur haft sjerstaka þýðingu, því gera verður ráð fyrir, að aðaldómarinn sje yfirleitt hæfari til starfsins en óvanur maður, sem settur er í hans stað. Þetta getur haft talsverða þýðingu, ef t. d. menn, sem ekki treysta málstað sínum, geta fengið son dómarans til þess að flytja málið, vitandi það, að annar dómari dæmir.

Málfærslumaður verður að taka á móti málum, sem til hans koma — eða menn gera það yfirleitt — og þess vegna geta þeir, sem eru sjertaklega hræddir um sinn málstað, trygt sjer, að

dómarinn sje kvaddur úr dómnum, með þessari aðferð. Jeg lít þess vegna þannig á, að þetta sje ekki eingöngu kostnaðaratriði, heldur líka að ýmsu leyti mjög dragandi úr öryggi rjettarins, ef aðiljar geta — svo að segja þegar þeir vilja — krafist, að aðaldómarinn víki sæti.

Þetta er fyrsti liðurinn, og jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. (JM) muni geta gefið einfaldar skýrslur, a. m. k. hvað fjárhagsatriðið snertir.

2. liðurinn lýtur að því, að hæstv. stjórn leiti álits málfærslumannafjelagsins í Rvík um þetta skipulag og leggi skýrslu um það fyrir næsta þing. Jeg býst við, að hæstv. ráðh. sje ekki ókunnugt um það, undir niðri að minsta kosti, að það hefir orðið talsverð óánægja út af þessu atriði hjer í bænum. Jeg geri ráð fyrir, að málfærslumenn hafi ekki kvartað opinberlega. Er meðal annars sú ástæða til þess, að þeir eiga töluvert undir dómaranum í Rvík um ýmsa aðstoð, svo að það er ekki víst, að þeir kæri sig um að hengja bjölluna á köttinn ótilneyddir. Jeg held, að hæstv. ráðh. væri auðvelt að sannfæra sig um það, að margir óska eftir breytingu á þessu, þó að ekki hafi verið rætt opinberlega. En ef það t. d. kæmi í ljós, að málfærslumannafjelagið sæi ekkert athugavert við þetta, þá myndi það ekki einungis hafa þýðingu fyrir þetta einstaka tilfelli, sem jeg skoða í sjálfu sjer lítils virði, heldur gæti það líka orðið til þess, að þá væri kanske engin ástæða að amast við því annarsstaðar á landinu, þar sem líkt getur komið fyrir. Gæti þá máske komið í ljós, að hægt yrði að breyta reglum fyrir skipun hæstarjettar, nefnilega að þar mættu vera bræður, feðgar og tengdafeðgar o. s. frv., sem ekki er leyfilegt nú, einmitt af því að menn gera ráð fyrir öruggari dómstóli, ef menn eru þar óskyldir og óvenslaðir.

3. liður till. er ennfremur áskorun til hæstv. stjórnar um það, að þegar hún hefir kynt sjer þetta og athugað, leggi hún fyrir næsta þing reglur um það, að ekki sjeu leyfð meiri vensl milli þeirra, sem starfa við undirrjett, heldur en leyft er við hæstarjett.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. (JM) skýri þetta frá sínu sjónarmiði. Eins og jeg tók fram, þá er þetta kanske ekki þýðingarmikið atriði, hvort einn maður, skyldur dómaranum, starfar í undirrjetti á einum stað á landinu. En það, sem líður á einum stað, líður á öðrum. Og þar sem fyrir mjer vakir að hreyfa endurbótum á ýmsu viðvíkjandi dómaskipun landsins, þá hefi jeg álitið rjett að taka á ýmsum þeim atriðum, sem geta orkað tvímælis, og fá skýringar hlutaðeigenda, t. d. stjórnarinnar, og þegar svo ber undir, eins og hjer, að hlutaðeigandi dómari á sæti í deildinni. Umbót eins og hjer á að gera hlýtur að taka nokkuð langan tíma, og getur þess vegna hver lítill þáttur verið einskonar byrjunarrannsókn í því efni. Jeg þykist þess vegna vita, að hv. þm. Seyðf. geti að einhverju leyti upplýst málið; og ef til vill hefir hann og hæstv. ráðh. þegar gögn fyrir því, að það leiði engan aukakostnað af þessu skipulagi og að hver málfærslumaður sje harðánægður með það. Þá hefir maður fengið einn þátt í upplýsingunum, a. m. k. frá vissri hlið. Annars ætla jeg ekki að orðlengja frekar að sinni, en bíða eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi aðiljum.

Forsætisráðherra (JM): Hv. þm. hef-

ir tekið fram ýmislegt frá almennu sjónarmiði um þetta atriði, og jeg hefi ekkert við það að athuga. Jeg hefði vel getað hugsað mjer aðra skipun á hjeraðsdómnum en nú er; og hv. flm. (JJ) er kanske kunnugt um, að jeg ásamt fleirum hefi lagt til, að þetta væri öðruvísi. Get jeg því vel tekið í það, að það er athugavert, hvort ekki væri heppilegt að skilja dómsvaldið frá umboðsvaldinu hjer líka. En það yrði of langt mál að fara að tala um það nú, enda þykist jeg vita, að hv. flm. ætlist ekki til þess. En hvað snertir till. sjálfa, þá er það um hana að segja, að hún er áskorun á landsstjórnina að gefa skýrslur. Fullnæging á því er eiginlega ekki möguleg fyr en búið er að samþ. till. Og mjer finst í raun og veru, að ef hv. flm. hefir ætlast til svars, hefði hann átt að koma með þetta í fyrirspurnarformi. En jeg hefi ekki búið mig undir að svara þessu í dag, af því að um þáltill. var að ræða. Það er nokkuð mikil fyrirhöfn að svara þessu, því að það þarf að ganga í gegnum nokkuð mikið til þess. Setudómarar eru skipaðir ekki einungis í Reykjavík, heldur hingað og þangað. Upplýsingar um fjárhæðir þessar liggja miklu fremur á reiðum höndum í fjármálaráðuneytinu heldur en dómsmálaráðuneytinu, og þar er að ganga fyrst og fremst fyrir endurskoðendur og svo fjárhagsnefnd. Er því óþarfi að spyrja stjórnina um þetta. Jeg hefi sem sagt ekki athugað þetta. Nokkurn kostnað leiðir af þessu, en hvað oft og hvað mikið, veit jeg ekki og get ekki sagt nema með nokkurri fyrirhöfn. — En eftir því, sem hv. flm. segir, þá er þetta í raun og veru aukaatriði, því að mjer skildist hv. þm. leggja mesta áhersluna á, hvort þetta væri yfirleitt heppilegt að öðru leyti. Jeg veit, að hv. þm. lætur sjer þó ekki detta það í hug, að eins og nú er ástatt, sje mögulegt að banna nokkrum heiðarlegum manni, hvort sem hann er skyldur eða óskyldur, að færa mál fyrir undirrjetti, og það því síður, sem ekki eru nein ákvæði um það, hverjir megi flytja mál við undirjett. Það eru ekki til neinir möguleikar, hvorki fyrir stjórn nje þing, að hindra, að hver og einn sem vill flytji mál fyrir undirrjetti, aðeins að hann hafi þau almennu skilyrði að hafa ekki orðið fyrir þungri almennri hegningu. En það er rjett, ef svo stendur á, eins og í Reykjavík, að sonur dómarans fæst við málaflutning, einkum ef hann hefir mikið að gera, að þá getur það verið nokkur kostnaður fyrir ríkissjóð. En jeg skal ekki fara frekara út í þetta einstaka tilfelli, því fremur, sem hv. flm. (JJ) virtist þó viðurkenna það, að þetta einstaka tilfelli væri í rauninni aukaatriði.

En svo kemur önnur hlið, álit málfærslumanna Rvíkur. Hv. þm. sagði, að þeir væru óánægðir með þetta mál. Jeg segi það eins og það er, að jeg hefi alls ekki orðið var við það. Þeir hafa alls ekki komið til mín, og jeg hefi ekkert heyrt um það. Og jeg sje satt að segja ekki, hvernig á því mætti standa, og get ekki látið mjer skiljast, að þeir hafi neina ástæðu til að vera óánægðir. Þeir hafa verið spurðir um það alveg nýlega, hvort þessi þáltill. væri nokkuð frá þeirra rótum runnin. Hafa þeir neitað því brjeflega, að þetta væri frá þeirra fjelagi runnið, enda alls ekki verið rætt neitt um þetta hjá þeim. Þykist jeg alveg sannfærður um, að þótt þeir

yrðu spurðir um þetta, myndu þeir svara, að þeir hefðu ekki neina ástæðu til að finna neitt að því.

Hvað 3. liðinn snertir, skal jeg láta þess getið, að jeg skil ekki, hvað hv. flm. (JJ) meinar með honum. Það eru nefnilega að þessu leyti nákvæmlega sömu reglur um hæstarjett og undirrjett, hvenær dómarar eiga að víkja dómarasæti vegna skyldleika. Syni dómara er ekki bannað að flytja mál við hæstarjett. Afleiðingin er aðeins sú, að dómarinn verður að víkja sæti. Svo að það myndi ekkert bæta úr að taka upp ákvæði hæstarjettar um þetta.

Það er að vísu rjett hjá hv. flm. (JJ), að höfuðdómarinn sje sennilega vissari og betri dómari en setudómarinn. En jeg get ekki hugsað, að það hafi nein áhrif á þann mann, sem vill fara í mál. Jeg er alveg viss um, að sá, sem yfir höfuð fer í mál, hann vill fá sem bestan dómara. Jeg get ekki skilið, að nokkur fari í mál treystandi því, að málið dæmdi óæfður dómari, og þess vegna ynni hann það heldur, sjerstaklega þar sem viðkomandi aðili getur ekki vitað með vissu, hver fer með málið.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í ummæli hv. flm. (JJ), vegna þess að hann talaði um þetta meira frá almennu sjónarmiði, því sjónarmiði, að það gæti verið eitthvað, sem þyfti að athuga um dómaskipun við undirrjett. Þetta er ákaflega stórt mál, sem verður sjálfsagt ekki hægt að ræða mikið á þeim tíma, sem eftir er þings, Jeg skal drepa á viðvíkjandi því, að hv. þm. óttaðist, að till. kæmi ekki á dagskrá, að jeg hefi ekki orðið annars var en að hæstv. forseti hafi jafnan óhlutdrægt látið málin koma þegar í stað að undirbúningi þeirra loknum, ef kostur var á. Tel jeg því, að ástæðulaust hafi verið að óttast, að þetta mál yrði látið dragast úr hömlu.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg skal byrja á því, sem hæstv. ráðh. (JM) endaði á, tilefninu til þess, að jeg óskaði eftir, að mál þetta yrði tekið á dagskrá. Mjer var sem sje kunnugt um það, að þetta hafi eitthvað dregist, vegna þess að hæstv. stjórn taldi nauðsynlegt að útvega einhverjar upplýsingar. Og það hefir nú komið fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann hefir leitað sjer upplýsinga hjá málfærsumannafjelagi Reykjavíkur. Það er síður nú í Nd. að óska eftir málum á dagskrá, og hefir hvað eftir annað komið fyrir hjer líka, þegar svo mörgum málum er að sinna. Tel jeg þess vegna óþarfa viðkvæmni hjá hæstv. forseta og ekki síður hjá hæstv. ráðh. að firtast við þetta.

Jú, mjer er kunnugt um þær tillögur, sem hæstv. ráðh. (JM) stóð að fyrir nokkru, að skilja umboðsvaldið frá dómsvaldinu. En mjer finst mega telja það vanrækslu hjá honum, þar sem hann svo lengi hefir farið með dómsvaldið síðan, að hann hefir ekki gert neina tilraun áberandi til að koma þessu kerfi í framkvæmd, sem hann var búinn að vinna að. En af því að hann hefir ekki gert það, sem honum var skylt, þá verða aðrir að taka þetta mál til meðferðar.

En jeg geri ráð fyrir, að þessar umræður verði til þess að skýra málið, svo að það verði tekið upp á nægilega breiðum grundvelli. Jeg geri ráð fyrir að verða honum sammála um, að það beri að losa dómendur sem allra mest við annarlegt vafstur, og ekki síst

pólitískt vafstur. Ef til vill er það höfuðgallinn á núverandi skipulagi, að undirdómarar verða að vera í öllum mögulegum snúningum. Þeir verða oft að kveða upp dóma, þar sem pólitískir vinir þeirra eiga hlut að máli eða nákomnir aðiljar, eða þá pólitískir andstæðingar. Koma þá vitaskuld þeir erfiðleikar til greina fyrir sýslumenn og bæjarfógeta að skifta um og gleyma baráttunni úr stjórnmálalífinu og komast í þá ró og næði, sem dómarastarfið heimtar.

Hæstv. ráðherra (JM) hafði það út á þetta að setja, að það sje fyrirspurn, en ekki í fyrirspurnarformi. Væri hann þess vegna ekki viðbúinn að svara, og telur það töluvert erfitt. **(Forsrh. JM:** Nei, fyrirhöfn). Það sýnir þá, að töluverð brögð hafa verið að þessu, að þurft hefir að kaupa setudómara. Því að ef það hefði komið fyrir mjög sjaldan, þá hlyti það að vera mjög svo auðvelt að gefa skýrsluna. Auðvitað er það dómsmálaráðh. en ekki fjrh., sem skipar setudómara, svo að það hlýtur að vera skjallega bókfest í deild þess ráðherra í hvert skifti, beiðni um útnefningu o. s. frv. En viðvíkjandi því, að þetta sje að vissu leyti bæði fyrirspurn og þál., er því til að svara, að jeg hugði, að þetta væri eftir atvikum mjög auðvelt fyrir mann, sem hefir þá aðstöðu, sem hæstv. forsrh. (JM) hefir, ekki síst þegar hann gæti stuðst við hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), þar sem hann á sæti hjer í hv. deild. Fanst mjer því rjett að taka þetta í einu lagi. Það getur ekki verið nema örsjaldan, að setja þurfi dómara t. d. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og jafnvel Hafnarfirði. Það er langoftast, að slíkt kemur fyrir hjer. Og það er af því, að bæjarfógetinn er oft fjarverandi, í siglingum á lögjafnaðarnefndarfundi, á þingi o. s. frv. Nú hefi jeg heyrt, að sonur hans sje að einhverju leyti skipaður dómari, og fljettast þá þetta þannig saman, að hann er stundum dómari við rjettinn og stundum málfærslumaður.

Hæstv. forsrh. (JM) hefir nú viðurkent, að það sje mikill kostnaður við þessa setudómara, og fyrir lausn málsins væri gott, að almenningur fengi að vita, hvort svo er, þá er hinn reglulegi dómari situr á þingi, að landið greiði þá líka laun setudómara, eða þá hvort dómarinn kostar hann sjálfur.

Það hefði verið hægðarleikur fyrir hæstv. forsrh. (JM) að svara því, hve oft hefði þurft að kveðja til setudómara hjer í Rvík vegna vensla. Þetta hlýtur að vera bókað hjá honum, og nægir þar ekki að vísa til Stjórnartíðindanna. Það ætti að vera ofurauðvelt fyrir hvaða stjórn sem er að gefa svona einfaldar upplýsingar. Í Englandi svara ráðherrar slíkum fyrirspurnum fljótt, og oft mörgum í senn.

Nú sem stendur er ekki hægt að banna neinum manni að starfa við undirrjettinn. Þetta er eitt af því, sem breytingar þarf á. Úr því svo strangar skorður eru settar um vensl starfsmanna í hæstarjetti eins og raun ber vitni um, þá leiðir það af sjálfu sjer, að útilokað verði líka í undirrjetti, að skyldleiki geti komið oft til greina, svo að dómari verði að víkja sæti.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að ekki væri hægt að banna venslamönnum dómarastörf við rjettinn. En þá er það a. m. k. velsæmiskrafa til dómarans, að hann auki ekki ríkinu kostnað vegna

atvinnu náinna vandamanna sinna við rjettinn. Þó getur þetta ekki leyst aðalvandann. Það verður að koma ný löggjöf um þetta atriði, eins og hæstv. forsrh. (JM) játaði.

Verði gerðar rjettarbætur í þessa átt, þá sparar það fje og gerir dóminn betri. Þessu hefi jeg haldið fram, en því hefir hæstv. forsrh. (JM) engu svarað. Ef hæstv. forsrh. (JM) getur svarað 1. lið till. nú áður en þingi er slitið, þá mun jeg samþ., að málið verði tekið af dagskrá. En vilji hæstv. forsrh. ekki gefa upplýsingar um kostnaðaratriðið á þessu þingi, sýnist mjer, að till. geti gengið áfram nú og verði þá annaðhvort samþ. eða feld.

Forsætisráðherra (JM): Hv. flm. var að tala um, að það væri velsæmiskrafa til dómara eða sonar að láta það ekki koma fyrir, að setudómara þurfi vegna skyldleika þeirra. Jeg álít það fráleitt að krefjast þess, að menn láti vera að nota þann rjett, sem þeir hafa að lögum. Nú er einhver maður, sem vill gera lögfræðisstarf að lífsstarfi sínu, og þá ætti stjórnin að koma og segja: Nei, góði minn, vegna þess að faðir þinn er dómari, þá máttu ekki flytja mál. — Þetta finst mjer svo fráleitt, að ekki sje orðum eyðandi að. Og að vera að tala um velsæmiskröfu í því efni, er ekki svaravert.

Jeg get ekki ímyndað mjer, að málflutningsmenn fari að skifta sjer af þessu máli. Sje jeg ekki, hvaða ástæðu þeir gætu haft til þess, eins og jeg hefi áður sagt.

Það er misskilningur eða röng frjett, að jeg hafi reynt að koma í veg fyrir, að till. yrði tekin fyr á dagskrá.

Á þeim grundvelli, er hv. flm. (JJ) flutti till., fanst mjer nóg að svara því, að það hefði nokkuð oft komið fyrir, að skipaður hefði verið setudómari, og að það hefði kostað nokkurt fje. Um þetta var samt óþarfi að spyrja, því að það stendur í landsreikningunum. Hitt er auðvitað alveg rjett, að það er kostnaður fyrir ríkissjóð, að sonur dómarans er málfærslumaður og flytur mál fyrir bæjarrjetti. Vitanlega kemur þetta og fyrir annarsstaðar, og það dettur engum í hug að reyna að leyna neinu um það.

Eins og jeg sagði áður, þá er fyrst ástæða til þess fyrir mig að svara hv. flm. (JJ) eftir að till. er samþ. Hann hlýtur að sjá, að það er óþarfi að skora á mig að svara, eftir að jeg hefi gert það. Mjer datt því ekki í hug, að jeg þyrfti að telja það alt upp á þessum fundi, sem um er spurt.

Jóhann Jósefsson: Það er sýnilegt, að umr. um till. gætu teygst nokkuð lengi án þess að nokkur árangur yrði að hjer í hv. deild. Jeg skal ekki gera neitt upp á milli hæstv. forsrh. (JM) og hv. flm. (JJ) í því, sem þeir hafa sagt um form fyrirspurnarinnar, en þegar litið er á hitt, að mörg og merk mál bíða nú afgreiðslu, þá finst mjer ekki rjett að fara út í langar umr. um till., enda virðist nóg, að henni sje vísað til stjórnarinnar — og geri jeg það hjer með að till. minni.

Flm. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JM) virðist hafa misskilið það, sem jeg sagði um velsæmiskröfu. Virðist hann hafa skilið það svo, sem jeg hjeldi, að það væri lagakrafa, að eigi starfi svo náskyldur maður dómara við rjettinn, að dómari verði oft að víkja.

Jeg hjelt aðeins því fram, að það mætti gera þá sanngirniskröfu til þessara manna, að þeir færu eigi þannig að.

Hæstv. forsrh. (JM) viðurkennir, að skipulag það, sem nú er, baki landinu mikinn kostnað, en segist ekki geta svarað, hve mikinn, og vísar um það til landsreikninganna. Það er fjarstæða, því að þar stendur ekkert um það, hvers vegna dómari víki í hvert skifti.

Um till. hv. þm. Vestm. (JJós), um að vísa málinu til stjórnarinnar, er það að segja,, að hún er fram komin til að hindra það, að hjer fáist svar. Jeg býst nú við því, að hún sje runnin undan rifjum hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), og skil jeg það svo, sem hvorki stjórnin nje fógetinn vilji gefa neinar upplýsingar í málinu. Till. hv. þm. Vestm. er tilraun til að fella þáltill. Þeir greiða henni atkv., sem það vilja, en það er ekki leyst úr málinu að heldur.

ATKVGR.

Till. frá þm. Vestm. (JJós) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JóhJóh, JM, SE, ÁH, BK, EP, GunnÓ, IHB, JJós, HSteins.

nei: JJ, EÁ, GuðmÓ, IP.

7. Færsla póstafgreiðslustaðar.

Á 72. fundi í Nd., fimtudaginn 6. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um færslu póstafgreiðslustaðar í Þingeyjarsýslu (A. 517).

Á 73. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 74. fundi í Nd., laugardaginn 8. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., næsta dag, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Bjarnarson): Þessi till. er flutt samkvæmt samþykt þingmálafundar á Breiðumýri og erindi frá oddvita sýslunefndar, ásamt 2 fylgiskjölum.

Þetta er ekki nýtt mál; það hefir verið uppi æði lengi. Það kom fyrst fram þá er vegaskipun í Suður-Þingeyjarsýslu var breytt og akvegurinn var gerður frá Húsavík upp eftir hjeraðinu. Við það breyttist straumur ferðamanna og flutninga. Frá því að liggja áður að austanverðu, um Grenjaðarstað, og yfir brúna á Laxá, fluttist hann vestur yfir Laxá, eftir akbrautinni. Við þá breytingu varð Breiðumýri miðstöð vegakerfis þessa hjeraðshluta. Þjóðvegurinn milli Akureyrar og Húsavíkur liggur þar um. Einnig liggur akbrautin upp Reykjadal þaðan, áleiðis til Mývatns, og vegur fram Seljadal, er liggur vestan fram með Reykjadalnum, svo og gamli þjóðvegurinn yfir í Laxárdal og upp að Reykjahlíð. — Breiðumýri er þannig á verulegum krossgötum, og vegirnir, sem að liggja, tíðfarnir mjög.

Fyrir skömmu varð sú breyting á, að reist var sláturhús á Breiðumýri fyrir

framsveitirnar: Mývatnssveit, Bárðardal, Fram-Reykjadal og Mývatnsheiði. Komst þá sú venja á, að framsveitirnar fengu allar nauðsynjar sínar fluttar frá Húsavík til Breiðumýrar á vögnum og nú síðast á bifreiðum, og svo skiluðu þær afurðum sínum á Breiðumýri, sem þannig varð í raun rjettri viðskiftastöð þessara sveita, og þar stöðugur straumur ferðamanna. Þetta varð til þess, að smám saman fundu menn nauðsyn þess, að póstafgreiðslan kæmi þar. Þess má og geta, að á Breiðumýri er einnig læknissetur og þinghús, og þar hafa allir fjölmennustu fundir í hjeraðinu verið haldnir upp á síðkastið. Og enn má nefna, að fjölmennur alþýðuskóli er þarna mjög nærlendis.

Jeg hefi með þessu viljað benda á þá sjerstöku aðstöðu, sem Breiðumýri hefir sem afarfjölsótt samgangnamiðstöð, og að hún er þess vegna sjálfvalin sem póstafgreiðslustaður, enda hafa óskir um það beint komið fram vegna þæginda fyrir almenning. Á sumrin eru svo að segja daglega bifreiðaferðir milli Húsavíkur og Breiðumýrar, og þess vegna er mjög þægilegt að koma póstflutningum þar í milli. Hins vegar má geta þess, að Grenjaðarstaður er þvert úr leið, 2—3 km. frá þjóðveginum.

Árið 1917 samþ. sýslunefndin ósk um það, að póstafgreiðslan yrði flutt að Einarsstöðum (eða Breiðumýri, sem er alveg hið sama, því að ekki er steinsnar á milli), og var sú samþykt bygð á eindreginni ósk hjeraðsbúa og póstafgreiðslumannsins í Húsavík. Þessi samþykt var send til stjórnarráðsins, en um málið fengust þó engin úrslit, og veit jeg ekki, hvað því hefir valdið.

Í fyrra skrifuðu svo oddvitar þriggja hreppa, Skútustaða-, Reykdæla- og Aðaldælahreppa, erindi til póststjórnarinnar um, að færslu póstafgreiðslunnar til Breiðumýrar yrði komið í framkvæmd. Þeir skýrðu af nýju rjettmæti málsins og þægindi almennings við þessa breytingu. Fjelst aðalpóstmeistari á, að rjett mundi að færa póstafgreiðsluna, og tjáði mjer með brjefi 14. apríl f. á., að fyrirhugað væri að flytja hana um næstu áramót að Breiðumýri eða Einarsstöðum. En af þeirri færslu varð samt ekki, er til kom, og var því barið við, að ráðherrann hefði ekki viljað samþykkja færsluna.

Á þingmálafundi á Breiðumýri í s. l. janúar var svo enn af nýju samþ. áskorun þess efnis, að þingið hlutaðist til um, að margnefnd póstafgreiðsla væri flutt að Einarsstöðum eða Breiðumýri. Og á nýlega afstöðnum sýslufundi var málið flutt fram og þar samþ. yfirlýsing um, að á Breiðumýri væri póstafgreiðsla best sett vegna vegakerfis sýslunnar. En fundurinn fjelst á, að breytingin yrði ekki gerð fyr en Reykjadalsbrautin er komin á sveitarenda, eða upp að Másstöðum.

Hefi jeg svo reynt að samræma þessa till. við gerðir sýslufundarins, því að jeg þykist sjá, að um ákvörðun fundarins hafi orðið samkomulag þeirra, er öndverðir hafa staðið til þessa um flutning póstafgreiðslunnar. — Er þess ekki að dyljast, að þeir, sem búa í nágrenni við Grenjaðarstað, hafa, með póstafgreiðslumanninn þar í fararbroddi, mjög ákveðið mótmælt færslu póstafgreiðslunnar þaðan frá því fyrsta. Hafa margskonar mótmæla- og undirskriftaskjöl borist frá þessum mönnum til póststjórnarinnar, án þess þau hafi verið nokkuð lögð fyrir eða kynt heima í hjeraði. Er það vel skiljanlegt og eðli-

legt, að nágrenni Grenjaðarstaðar vilji hafa póstafgreiðsluna þar kyrra. Mun þeim mönnum, er þar eiga hlut að, m. a. þykja það rýrð á þessu forna og fræga höfuðbóli, að póstafgreiðslan flytjist þaðan burtu. En það er veigalítil ástæða og fremur barnaleg. Jeg hefi ekki kynt mjer þessi mótmælaskjöl neitt að ráði, þó póstmeistari hafi að vísu gefið mjer þess kost, en það er heil syrpa. Ætla jeg ekki að ganga nánar inn á þetta. En jeg ætla aðeins að benda á, að hjer er ekki nema um mjög lítinn hluta manna að ræða, af þeim, er málið snertir, saman borið við alla hina, er færslunnar krefjast og telja hana til hagsmuna fyrir sig.

Geta allir sennilega fallist á, að endurteknar yfirlýsingar og tillögur sýslunefndar um málið megi taka fullgildar og sæmilega ábyggilegar.

Af færslu póstafgreiðslunnar leiðir að sjálfsögðu breyting á póstleiðum og brjefhirðingastöðum, sem póststjórnin vitanlega ákveður, þegar til kemur, eftir nánari athugun þess máls og tillögum viðkomandi hreppa.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um till. Vona jeg, að hv. þdm. skiljist, að efni till. sje svo sanngjarnt, að þeir treysti sjer til að samþykkja hana.

Atvinnumálaráðherra (MG): Strax þegar þessi þáltill. kom fram, sendi jeg hana til aðalpóstmeistara og bað hann að gefa mjer upplýsingar um málið, því að jeg er því tiltölulega ókunnugur. Jeg hefi aldrei í þessa sýslu komið og get því eigi dæmt um, hvað heppilegast er fyrir hjeraðsbúa. Jeg hefi nú fengið erindi frá aðalpóstmeistara um þetta. Skilst mjer, að hann leggi ekki til, að póstafgreiðslan á Grenjaðarstað verði lögð niður, heldur verði bætt við póstafgreiðslu t. d. á Einarsstöðum. Tekur hann það fram, að lítill munur sje nú orðið á póstafgreiðslu og brjefhirðing hvað kostnað snertir.

Að svo vöxnu máli get jeg ekki lagt til, að till. verði samþykt, en sökum naums tíma hefi jeg ekki haft tækifæri til að setja mig inn í þetta mál sem skyldi.

Jeg vil geta þess, að aðalpóstmeistari hefir sent mjer mótmælaskjöl þau, er hv. flm. (IngB) mun eiga við. Eru þau frá í febrúar þ. á. Tilefni þeirra er ályktun þingmálafundar á Breiðumýri í vetur. Þessi mótmæli eru á einu skjali frá 72 mönnum, á öðru frá 20 mönnum og í þriðja lagi frá hreppsnefnd Aðaldælahrepps. Þó eru undirskrifuð aðeins fjögur nöfn hreppsnefndarmanna, og sýnist mjer það muni vera oddviti, sem vantar. Ennfremur hafa allir póstar, sem hlut eiga að máli, tekið undir þessi mótmæli. Vona jeg, að hv. flm. telji ekki undarlegt, þótt jeg sje ekki við því búinn að taka afstöðu. En jeg er fús til að athuga málið, útvega þau gögn, sem hægt er, og afla mjer sjálfstæðrar skoðunar á því.

Það getur ekki verið neitt sjerstakt áhugamál að flytja póstafgreiðsluna frá Grenjaðarstað, ef póstafgreiðsla kemur líka á Breiðumýri eða Einarsstöðum. Menn munu ekki hafa búist við að geta fengið póstafgreiðslu á báðum stöðunum. En aðalpóstmeistari upplýsir, að af því stafi lítill kostnaðarauki, gerir lítinn mun á störfum póstafgreiðslu og brjefhirðingar.

Jeg vil annars segja það, að mál eins og þetta heyrir í rauninni ekki undir Alþingi, og er það dálítið varhugaverð

braut, sem hjer er farið inn á, að það ákveði póstafgreiðslustaði og póstleiðir. En hv. þm. (IngB) vil jeg segja það, að þó svo fari, að till. verði feld, mun það ekki hafa nein áhrif á athugun mína á þessu máli og afstöðu mína til þess.

Það er vitaskuld aðalpóstmeistari, sem mest hefir að segja um svona atriði. Geti hann fært til gild rök og góð, tel jeg mjer erfitt að leggjast þar á móti. En til þess að vita, hvort rök eru rjett eða ekki, verður maður að þekkja staðhætti og aðstæður allar. **(IngB:** Hefir hæstv. ráðh. kynt sjer brjef til póststjórnarinnar frá því í fyrravetur?). Nei, ekki önnur erindi en þessi, dagsett í febrúar þ. á. Minnist jeg ekki, að mjer hafi fyr verið gefin ástæða til þess frá hv. þm. (IngB) að taka afstöðu til þessa máls.

Aðalpóstmeistari stakk upp á því við mig, að tveir yrðu póstafgreiðslustaðir, annar á Grenjaðarstað, en hinn á Einarsstöðum eða Breiðumýri. Er jeg leit svo á, að það væri dýrara, og var því ekki um það gefið. Fjell það svo niður.

En nú, er póstmeistari hefir skýrt frá, að ekki sje um kostnaðarauka að ræða, mundi jeg varla hafa á móti því, ef hann telur það heppilegt, eins og mjer skilst á brjefi hans.

Benedikt Sveinsson: Þetta mál varðar hvorki mig nje kjördæmi mitt. En jeg er nokkuð kunnugur norður þar. Get jeg tekið í sama streng og hv. flm. (IngB). Breytt atvik valda því, að heldur skuli vera póstafgreiðsla á Breiðumýri en á Grenjaðarstöðum. Síðan braut kom milli Breiðumýrar og Húsavíkur eru Grenjaðarstaðir úr leið.

Það er á hinn bóginn skiljanlegt, að óskir komi fram um það frá þeim, sem búa í nágrenni við Grenjaðarstaði, að póstafgreiðslan verði ekki flutt. Er þeim það bæði metnaðarsök og hagræði nokkurt, enda eru allir því sammála, að eftir sem áður verði þar póstafgreiðsla fyrir þá sveitarhluta. Pósti vestan yfir Fljótsheiði yrði þá skift á Breiðumýri og hjeldi áfram til Grenjaðarstaða það, sem þangað á að fara, en hitt beint eftir akveginum til Húsavíkur. **(Atvrh. MG:** Till. fer fram á að flytja póstafgreiðsluna burtu). Já, en mjer skilst á flm., að brjefhirðing yrði áfram á Grenjaðarstöðum. Það er svo sem sjálfsagður hlutur, og sýnist mjer, að þá sje einskis hlutur fyrir borð borinn.

Um póstafgreiðslu á báðum stöðunum er það eitt athugandi, að örskamt er á milli, svo sem hálfs annars tíma ferð. Þætti því sumum e. t. v. óþarft að hafa þar tvær póstafgreiðslur. En nú er upplýst, að enginn sje kostnaðarmunur, hvort heitir póstafgreiðsla eða brjefhirðing, og þá skiftir engu, þótt afgreiðslan á Grenjaðarstöðum haldi sínu nafni. Býst jeg varla við, að slíkt mundi verða gert að kappsmáli. En vegna nýja vegarins til Húsavíkur sýnist mjer hagkvæmara, að póstafgreiðsla sje á Breiðumýri eða Einarsstöðum.

Björn Líndal: Skoðanir manna heima í hjeraði á þessu máli eru svo skiftar, að það er óverjandi, að Alþingi fari að blanda sjer í það, eins og nú standa sakir.

Út af fundarsamþyktinni á Breiðumýri í vetur vil jeg geta þess, að til þess fundar var ekki boðað á þann hátt, að mikið sje á henni að byggja. Var aðeins boðað til hans á litlu svæði kring-

um Breiðumýri, án þess að kjósendur lengra frá vissu um. Þykir mjer ólíklegt, að hv. þm. S.-Þ. (IngB) rengi þetta, enda er mjer auðvelt að sanna mál mitt, er heim kemur í hjerað. Fundurinn var aldrei opinberlega auglýstur. En jeg ætla ekki að ásaka hv. þm. fyrir þingmálafundaleysi, heldur aðeins vekja athygli á því, að ekki er að marka samþykt svo fámenns fundar, sem þar á ofan er haldinn af nágrönnum Breiðumýrar.

Jeg skal játa, að jeg er ekki persónulega kunnugur staðháttum. En fróðir menn og kunnugir hafa sagt mjer, að hin nýja, fyrirhugaða póstleið muni reynast erfiðari og snjóþyngri en sú, er nú er farin, og megi ganga út frá því sem gefnu, að póstur verði iðulega á vetrum að fara gömlu leiðina til Grímsstaða. Get jeg nefnt góða heimildarmenn þessa, þótt ekki þekki jeg til af eigin reynslu.

Jeg sje því ekki, að rjett sje að samþykkja till. eða skora á póststjórnina að breyta til. Hins vegar get jeg fallist á, að ríkisstjórn og póststjórn athugi málið og kynni sjer málavöxtu. Geri jeg því að till. minni, að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

Flm. (Ingólfur Bjarnarson): Mjer þykir leitt, að hæstv. atvrh. (MG) þykist ekki geta gengið inn á, að þáltill. sje samþ. Færði hann þau rök fyrir því, að hann væri þessu ókunnugur og hefði ekki haft tækifæri til nægilegrar athugunar.

Þetta er dálítið undarlegt, því að í fyrra voru send ítarleg erindi um flutning póstafgreiðslu frá Grenjaðarstað að Breiðumýri eða Einarsstöðum, þar sem greinilega og ljóst var sýnt fram á rjettmæti þessarar færslu. Erindi þessi voru frá hreppsnefndaroddvitum 3 hreppa: Skútustaða-, Reykdæla- og Aðaldælahreppa. Þessi erindi voru send til póststjórnarinnar og jafnframt skírskotað til fyrri aðgerða um málið, frá 1917. Fjelst aðalpóstmeistari á rjettmæti erinda þessara í brjefi, er hann skrifar mjer 14. apríl f. á. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp lítinn kafla úr því:

„Eftir að jeg hafði móttekið brjef yðar, herra alþingismaður, dags. 13. f. m., hef jeg með brjefi 23. s. m. sagt póstafgreiðslumanninum á Grenjaðarstað upp sýslaninni frá næsta nýári að telja, með því að það væri í ráði, að póstafgreiðslan yrði þá flutt, annaðhvort að Breiðumýri eða Einarsstöðum".

Eftir að þessar undirtektir póstmeistara um málið urðu kunnar, var talið sjálfsagt, að póstafgreiðslan yrði flutt frá nýári '26, en í stað þess fæ jeg brjef 8. okt. 1925 frá póstmeistara, sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, vil lesa upp: „Jeg læt eigi hjá líða að tjá yður, hr. alþingismaður, í sambandi við brjef mitt til yðar, dags. 14. apr. þ. á., að ráðherrann hefir eigi viljað samþykkja flutning póstafgreiðslunnar frá Grenjaðarstað, svo að hún verður þar kyr næsta ár, ef sjera P. Helgi Hjálmarsson vill taka að sjer að annast hana.

S. Briem".

Mig furðaði mjög á þessum lyktum málsins, en datt hins vegar ekki í hug annað en að beiðnin um færsluna hefði verið lögð fyrir ráðherrann, áður en hann neitaði um samþykki sitt til hennar. Og vegna þessara úrslita málsins er það nú lagt fyrir Alþingi.

Þykir hlutaðeigandi hjeraðsbúum afgreiðsla málsins einkennileg. Barst mjer

brjef frá oddvita sýslunefndar S.-Þ. ásamt erindum frá oddvitum tveggja viðkomandi hreppa, er krefjast, að málinu sje skotið til Alþingis.

Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp, til skýringar málinu, brjefið frá oddvita Skútustaðahrepps:

„Gautlöndum, 18. des. 1925.

Í tilefni af erindum þriggja sveitarstjórna hjer í sýslunni, sem póststjórninni yfir Íslandi voru send í fyrravetur og fjölluðu um breytingar á póstgöngum innan hjeraðs, sagði póstmeistari póstafgreiðslumanninum á Grenjaðarstað upp starfi hans frá n. k. nýári, með það fyrir augum, að aðalpóststöðin yrði flutt fram að Einarsstöðum eða Breiðumýri. En í síðastl. októbermánuði afturkallaði hann þessa ráðstöfun og skipaði prestinn á Grenjaðarstað til að gegna starfinu áfram. Þar eð ókunnugt er, að nokkrar sjerstakar, almennar ástæður standi á bak við þessa afturköllun, er hjer með skorað á oddvita sýslunefndarinnar hjer í sýslu að taka þetta mál upp til að leggja fyrir næsta Alþingi, á þeim grundvelli, sem sýslunefnd lagði fyrir þessu máli á aðalfundi sínum 1917. — Að öðru leyti vísast til meðferðar málsins þá og meðfylgjandi skilríkja, er upplýsa málavexti nánar en hjer er gert.

D. u. s.

F. h. sveitarstj. Skútustaðahrepps.

Jón Gauti Pjetursson".

Af þessu má glögt sjá, að aðiljar þessa máls gera sjer ekki að góðu, að því sje eytt með drætti og undanfærslu. Og tel jeg eðlilegt og rjettmætt í alla staði, að það komi fyrir Alþingi, með tilliti til þess, er á undan er gengið. Og verð jeg að halda fast við till., að hún verði lögð fyrir hv. deild, og mælast til, að hún verði samþykt. Það þýðir annars ekki hjer að tala nánar eða frekar um fyrirkomulag færslunnar. Aðalatriðið er, að póstafgreiðslan verði flutt að Breiðumýri. Sjálfsagt yrði í sambandi við það breytt póstleiðinni, af því að það er mikill krókur út að Grenjaðarstað. En það geta komið fleiri leiðir til greina en ein. En um þetta mundi póststjórnin á sínum tíma taka ákvarðanir, og eins um brjefhirðingar og breyttar aukapóstleiðir.

Hæstv. atvrh. (MG) talaði um, að þetta væri varasöm braut, að leggja málið undir úrskurð Alþingis, en með því að fara hina leiðina, að leita til póststjórnarinnar, hefir málinu verið eytt og það dregið á langinn, sbr. síðustu meðferðina, er hæstv. atvrh. hefir ekki fengið öll gögn málsins í hendur, en þó borið við, að hæstv. ráðh. vilji ekki samþykkja færslu póstafgr. að Breiðumýri.

Hv. þm. Ak. (BL) talaði um, að þingmálafundurinn á Breiðumýri hafi verið illa boðaður. Hann var boðaður um hreppana austan Ljósavatnsskarðs, en í þeirri ótíð og ófærð, sem var á þeim tíma, taldi jeg þýðingarlaust að senda fundarboð um instu hreppa sýslunnar, en í öllum hinum hreppunum var hann boðaður símleiðis. En jeg get sagt hv. þm., að á fundinum var mættur talsmaður póstafgreiðslunnar á Grenjaðarstað, svo hennar málstaður var fyllilega dreginn þar fram.

Jeg man nú ekki, hvort það er fleira, sem jeg þarf að taka fram. Sem sagt, um póstleiðirnar ætla jeg ekki að ræða, því að það liggur ekki fyrir hjer.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer sýnist hv. flm. (IngB) með till. þessari

skjóta yfir markið, þar sem hann vill umfram alt láta flytja póstafgreiðsluna frá Grenjaðarstað. Honum ætti vissulega að vera nóg, að póstafgreiðsla sje sett á Breiðumýri eða Einarsstöðum. Og mjer finst honum fara undarlega við kjósendur sína, er hann vill ekki hafa póstafgreiðslu á Grenjaðarstað líka. Undirskriftaskjölin, sem jeg nefndi, sýna þó, að fjöldi manna um þessar slóðir vill hafa póstafgreiðslu áfram á Grenjaðarstað. Þar sem nú svo stendur á, að sýslunefndin vill ekki breyta þessu strax, sje jeg ekki, að ástæða sje til að samþ. þessa till. nú. Það ætti að vera nóg að gera einhverja slíka ákvörðun á næsta þingi. Og einmitt ákvörðun sýslunefndar S.-Þ. sýnir, að jeg hafði rjett fyrir mjer, að vilja ekki flytja póstafgreiðsluna frá Grenjaðarstað strax. Út af því, sem hv. flm. sagði um mín afskifti af þessu máli, tók jeg það fram í fyrri ræðu minni, að jeg man ekki betur en að aðalpóstmeistari ætti tal við mig um þetta í fyrravor, og stakk hann þá upp á því að hafa 2 póstafgreiðslur. Hinsvegar minnist jeg ekki að hafa lesið þau mörgu skjöl, sem hv. flm. segir að hafi verið send póststjórninni, en aðalpóstmeistari mun hafa lagt málið fyrir mig munnlega. Jeg leit þá svo á, að stofnun nýrrar póstafgreiðslu mundi verða talsverður kostnaðarauki, og hann vildi jeg forðast, en athugaði ekki þá, að kostnaðarmunurinn á brjefhirðingum og póstafgreiðslum er ekki mjög mikill síðan sú breyting var gerð nýlega, að brjefhirðingar afgreiða bæði ávísanir og póstkröfur. Nú hefir sýslunefnd tekið þá afstöðu til málsins, að hún vill, að þessi breyting komi ekki til framkvæmda fyr en vegur er kominn að Máskoti, og finst mjer því ekki ástæða til að samþ. þessa till. nú. Jeg vil því skjóta því til hv. flm. (IngB), hvort hann geti ekki sætt sig við að bíða með að fá ákvörðun um þetta, með því að mjer skilst, að honum geti ekki verið það kappsmál að fá póstafgreiðsluna tekna burtu frá Grenjaðarstað, ef einnig kemur póstafgreiðsla á Einarsstöðum eða Breiðumýri.

Flm. (Ingólfur Bjarnarson): Viðvíkjandi þeirri spurningu hæstv. atvrh. (MG), hvort jeg geti ekki fallist á að geyma þetta mál til næsta þings, verð jeg að segja það, að jeg sje ekki ástæðu til þess. Það er að vísu orðað svo, að afgreiðslan skuli flutt frá Grenjaðarstað til Breiðumýrar, en aðalatriðið er vitanlega að fá póstafgreiðslu á Einarsstöðum eða Breiðumýri. En jeg hefi nú sýnt fram á í fyrri ræðu minni, að þetta hefir ekki viljað ganga greiðlega, þrátt fyrir það, að tekið hefir verið vel í málið og í raun og veru búið að fá samþykki aðalpóstmeistara til þessa. Ennfremur lít jeg svo á, að líkur sjeu til þess, að skilyrði sýslunefndar um, að Reykjadalsbrautin komist alla leið upp að Máskoti, geti orðið uppfylt nú í sumar, og gæti þá breytingin komið til framkvæmda um næstu áramót. Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að hann hefði ekki sjeð nein skjöl um þetta mál frá viðkomandi hreppum. Er það mjög furðulegt, þar sem erindi komu fram í fyrra að nýju frá 3 hlutaðeigandi hreppum og voru send aðalpóstmeistara, eins og jeg hefi tekið fram fyr. Var nauðsyn málsins ítarlega skýrð og rökstudd í erindum þess-

um. Og sýnist sem þau hefðu átt að leggjast fyrir hæstv. atvrh., um leið og aðalpóstmeistari leitaði samþykkis hans til færslu póstafgreiðslunnar. Þykir mjer sennilegt meira að segja, að hæstv. atvrh. hefði þá máske treyst sjer til að samþ. færsluna. Með tilliti til meðferðar máls þessa í fyrra tel jeg rjett og nauðsynlegt, að hv. deild taki nú ákvörðun um málið, svo sem hjer er farið fram á. Get jeg því ekki orðið við tilmælum hæstv. ráðh. um að taka þessa till. aftur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. flm. (IngB) mintist aftur á þessi skjöl. Jeg segi það alveg eins og er, að jeg minnist ekki að hafa lesið þau. Það kann að vera, að aðalpóstmeistari hafi haft þau við, þegar hann talaði við mig, en jeg get ekki munað eftir, að jeg hafi lesið þau. Aðalpóstmeistari hefir venjulegast ráðið slíkum málum sem þessu, en hinsvegar ræðir hann málin oft við atvrh., því að eins og hv. flm. veit, heyrir aðalpóstm. beint undir atvrh., en ekki undir ráðuneytið. Hv. flm. kvartar yfir drætti á þessu, en jeg veit ekki, hvort ástæða er til þess, því að mjer skilst, að sýslunefndin geri ráð fyrir enn lengri drætti. Mjer finst ekki hægt að saka mig um drátt, þar sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn leggur til að draga málið enn meira.

ATKVGR.

Till. frá þm. Ak. (BL) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ.

nei: IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt.

Þrír þm. (BSv, BJ, HStef) fjarstaddir.

8. Sjúkratryggingar.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun nefndar til að semja frumvarp til laga um almennar sjúkratryggingar (A. 491).

Á 72. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 73. fundi í Nd., föstudaginn 7. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg leyfi mjer að vænta þess, að þessari till. verði nú vísað til síðari umr. Jeg skal geta þess til leiðbeiningar þeim, sem kynnu að halda, að hjer sje um eitthvert milliþinganefndarbákn að ræða, að kostnaðurinn er miðaður við 200 kr. til hvers þeirra þriggja manna, er nefndina eiga að skipa.

Ólafur Thors: Jeg vil leyfa mjer að gera það að till. minni, að þessu máli verði vísað til stjórnarinnar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg sje enga ástæðu til þess, að þessu máli verði vísað til stjórnarinnar á þessu stigi. Till. felur það í sjer, að þetta mál kemur til kasta stjórnarinnar, þegar nefndin leggur fram frv. sitt, og því ekki ástæða til þess að vísa till. til stjórnarinnar. Ef aðiljar verða á eitt sáttir, þá er líklegt, að þetta mikla vandamál verði leyst. Jeg held, að þetta sje heppileg leið til þess að ná árangri.

ATKVGR.

Till. frá 2. þm. G.-K. (ÓTh) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 12:10 atkv.

Tillgr. samþ. með 12:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., föstudaginn 14. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 491).

Flm. (Jón Baldvinsson): Till. á þskj. 491 hefir áður verið hjer til fyrri umræðu. Var lítið um hana rætt þá. Ef vel á að vera, þarf till. að afgreiðast nú í snatri til Ed., svo hún geti gengið þar í gegn. Hinsvegar gæti hæstv. ráðh., sem hlut á að máli, bjargað þessu við, með því að lýsa því yfir, að hann muni fara þá leið, sem till. segir. En ef ekki, þá verður till. að ganga sinn gang gegnum þingið.

Till. fer fram á, að skipuð sje nefnd til að setja lög um sjúkratryggingar. Skal Búnaðarfjelag Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa sinn manninn hvort og atvinnumálaráðuneytið þann þriðja. Ef þessir 3 aðiljar verða sammála um að afgreiða málið á ákveðnum grundvelli, eru líkur til, að það komist í framkvæmd.

Brýna nauðsyn ber til að koma á sjúkratryggingum, og neitar því enginn, að þörf sje að leysa það vandamál sem fyrst. Fyrir sveitarsjóðina er það mikill ljettir, að jeg ekki tali um hagræði fyrir þá, er fyrir veikindum verða. Jeg legg áherslu á þetta, að hver maður, sem er í sjúkratrygging, hafi sinn fulla rjett, og ekki sje lagt undir úrskurð fátækrastjórnar, hvenær hann skuli fá styrk og hvenær ekki. Það verður jafnan handahófsúthlutun.

Þetta á hin væntanlega nefnd að taka til athugunar. Það er ekki ætlast til, að hún verði nein venjuleg milliþinganefnd. Hún á aðeins að fá 600 kr. fyrir samning þessa frumvarps. En það er svo lítill kostnaður og skiftir svo litlu máli fyrir ríkissjóð, að ekki ættu menn að fælast frá till. hans vegna. Milliþinganefndir, eins og t. d. bankanefndin, hafa oft kostað stórfje og jafnan undir hælinn lagt, hversu mikil útgjöld verða við þær. En slíku er ekki til að dreifa hjer.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get ekki aðhylst till. eins og hún liggur fyrir. Er undarlegt, að settur skuli sá tími, að ómögulegt verði fyrir stjórnina að athuga frv., er það kemur frá nefndinni. En jeg þykist skilja, að það sje gert til að fyrirbyggja, að það geti orðið stjórnarfrv.

Jeg lít svo á, án tillits til þess, hvaða stjórn situr að völdum, að stjórnarfrv. sjeu að jafnaði betur undirbúin en einstakra þm., og það þó nefndir hafi um fjallað. Hjer er heldur engin trygging fyrir, að þeir menn, er kosnir verða í nefndina, sjeu æfðir í lagasmíð, nema þá kanske einn þeirra.

Jeg skoða till. sem olnbogaskot í stjórnina, til þess að bægja henni frá að hafa afskifti af þessu máli. Jeg hafði hugsað mjer að gera eitthvað í þessu máli fyrir næsta þing, en það fer eftir atvikum, hvort hægt verður, og gef jeg því ekkert loforð. Till. herðir ekkert á um það, því að jeg skoða hana sem olnbogaskot. Þó að það sje kanske meinlaust, vildi jeg þó láta hv. flm. (JBald) vita, að jeg hefi tekið eftir því.

Flm. (Jón Baldvinsson): Mjer þykir leitt, hafi jeg óvart gefið hæstv. stjórn olnbogaskot með orðalagi till. En að það hafi verið óviljandi, skal jeg sanna í verki með því að lofa hæstv. atvrh. að gera þá breyting, að í staðinn fyrir miðjan febr. 1927 komi árslok 1926, svo að hæstv. stjórn fái tíma til athugunar. Gæti það þá orðið stjórnarfrv. og hæstv. ráðh. haft þau tök á málinu, er hann vill, áður en það kæmi fyrir þing. Að jeg setti þetta tímatakmark, var aðeins til þess, að nefndin hefði sem bestan tíma til starfa.

Vil jeg nú heyra undirtektir hæstv. ráðh. (MG), ef þessi breyting mætti verða til þess, að till. kæmist í gegnum þingið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skil, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill vera góða barnið í þetta sinn. En það er orðið of seint til þess, að till. komist gegnum Ed.

Jeg get endurtekið það, sem jeg sagði áðan. Jeg hafði hugsað mjer að gera eitthvað fyrir næsta þing og koma með till. þá. Jeg hafði þó ekki hugsað mjer þessa leið, að velja endilega eftir stjettum þá menn, sem ættu að undirbúa þessa löggjöf. Jeg lít svo á, að þegar um þessar tryggingar er að ræða, og yfirleitt öll almenn mál, þá eigi ekki einungis að hafa fyrir augum hagsmuni einnar stjettar, heldur líta á hagsmuni allra stjetta.

Flm. (Jón Baldvinsson): Mjer skildist á hæstv. atvrh. (MG), að hann óskaði ekki eftir því, að jeg breytti till. minni í þá átt, sem jeg gat um áðan, og mun jeg þá heldur ekki breyta, þar sem mitt boð var gert aðeins til samkomulags.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) þarf ekki að halda, að jeg sje svo einfaldur, að jeg trúi því, að olnbogaskotið, sem í till. felst, hafi verið óviljandi.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JBald, JörB, MT, PÞ, TrÞ, ÁJ, ÁÁ.

nei: JAJ, JK, JS, JÞ, MG, ÓTh, SigurjJ,

BSv greiddi ekki atkv.

Þrettán þm. (BSv, BJ, BL, HStef, HK, IngB, KlJ, MJ, PO, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., föstudaginn 14. maí, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 491).

Á 77. fundi í Ed., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var till. tekin til fyrri umr.

Of skamt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg á erfitt með að sætta mig við till. eins og hún liggur fyrir. Í henni er svo fyrir mælt, að nefndin, sem skipa á, skuli hafa lokið starfi sínu fyrir miðjan febrúarmánuð næsta ár. Þá er komið að næsta þingi, eða það er þá þegar sett, og þess vegna hefir stjórnin engan tíma til að athuga frv. Með þessu fyrirkomulagi getur frv. um þetta efni ekki orðið stjfrv. á næsta þingi og ekki komið til meðferðar á því, nema það sje þá flutt af einhverjum hv. þm. og þingið sjálft lagi svo þá ágalla, er á því kynnu að verða. En þetta er ekki tryggilegur undirbúningur undir svo stórt mál sem þetta er, enda hlýtur það að vera bót fyrir málið, ef stjórnin hefir tækifæri til þess að athuga það, þótt það sje komið frá nefnd.

Mjer finst eðlilegast, að stjórnin taki þetta mál að sjer, og jeg vona, að jeg geti komið með frv. um þetta efni fyrir næsta þing, enda þótt jeg vilji ekki lofa því. En það mega menn vita, að það þarf mikla vinnu, og margra upplýsinga þarf að leita, áður en hægt sje að leggja slíkt frv. sem þetta fram fyrir þingið. T. d. var í fyrra borið fram frv. hjer, er ekki fann náð fyrir augum Alþingis. Það var síðan lagt undir sýslunefndir og sætti þar mjög misjöfnum dómum. Er því sennilegt, að hjer þurfi að finna nýjan grundvöll til þess að byggja á.

Jeg er fús til þess, sem sagt, að taka þetta mál til rækilegrar íhugunar, en jeg á bágt með það að sætta mig við þá tilhögun, er þáltill. fer fram á.

Einar Árnason: Þessi till. mun hafa verið afgr. frá hv. Nd. í dag. Þess vegna hefir þessari hv. deild ekki gefist neinn kostur á að athuga till. En þar sem nú er svo komið, að við erum á seinustu mínútum þessa þings, og því ekki einu inni kostur þess að ræða málið í deildinni, þá verður naumast til þess ætlast, að þessi deild geti samþ. till. eins og hún er. Hinsvegar er máli þessu þann veg farið, að sjálfsagt er, að því sje sint, og þar sem hæstv. atvrh. (MG) hefir nú lofað að taka það til rækilegrar íhugunar og vonar að geta lagt fyrir næsta þing frv. um þetta efni, þá geri jeg það að till. minni, að málinu verði vísað til hæstv. stjórnar.

Jónas Jónsson: Jeg skal taka það fram, að landlæknir hefir lagt mikla áherslu á það, að þessi till. næði fram að ganga. Í því efni hefir honum ekki gengið annað til en áhugi fyrir málefninu. Það getur nú verið, að hann sætti sig við það, að hæstv. stjórn geri þetta, sem hjer er fram á farið. Og að vísu er það svo, að hjer er ekki farið

fram á fjárútlát svo að heitið geti, aðeins 600 krónur, og að því leyti er þetta ekki frágangssök. En mig langar til þess að segja, þótt jeg ætli mjer alls ekki að erta hæstv. atvrh. (MG), að þess eru dæmi, að jafnvel stjfrv. ganga seint og treglega í gegnum þingið. Jeg skal t. d. minnast á útsvarsfrv., sem nær hafði strandað í hv.Nd. Þess vegna tel jeg ekki alveg víst, að hæstv. stjórn takist svo höndulega við þetta frv., að það renni í gegnum næsta þing, síst fremur en ef nefnd gerði það.

Sigurður Eggerz: Frá mínu sjónarmiði er mál þetta mjög merkilegt, og því er eðlilegt, að alþýða fylgi því með mestu eftirtekt. Mjer finst, að með þáltill. sje um svo lítinn kostnað að ræða, að jeg mun með mínu atkv. stuðla að því, að málið nái fram að ganga.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð að segja hv. 3. landsk. (JJ), að jeg er alls ekki óánægður með þær undirtektir, er útsvarsmálið fjekk hjer í þinginu. Jeg get ekki hugsað mjer, að erfiðara sje að gefa löggjöf á neinu sviði en því. En í þessu máli, er hjer liggur fyrir, er spurningin sú, hvort við sjeum nokkru bættari með því að skipa nefnd í málið. Jeg segi þetta ekki vegna þess kostnaðar, sem af till. leiðir, því að hann er ekki mikill, heldur af því að jeg efast um, að unt sje að fá svo áhugasama og ósjerplægna menn, að þeir vilji leggja þetta starf á sig fyrir þessa litlu borgun.

Það er líklegt, að landlæknir hafi áhuga fyrir málinu, og þá er rjett, að stjórnin leiti til hans um samning frv.

Slysatryggingarfrv., sem er nokkuð skylt þessu frv., var undirbúið af nefnd manna og varð að lögum um síðustu áramót. Það er því svo að segja nýkomið til framkvæmda. En ekki höfðu liðið 2 mánuðir frá því, er þau lög gengu í gildi, þangað til kvartanir fóru að koma út af þeim. Og vilji hv. 3. landsk. (JJ) vita, hvaðan kvartanir komu fyrst, þá vísa jeg honum um upplýsingar í því efni til flokksbróður síns, hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Þetta er nægilegt til þess að sýna, að ekki er alt fengið með því, að nefnd undirbúi frv.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Eyf. (EÁ) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 7:4 atkv.

F.
Ekki útræddar

1. Milliþinganefnd um síldveiðilöggjöf.

Á 3. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. febr. var útbýtt:

Till. til þál. um skipun milliþinganefndar um síldveiðilöggjöf (A. 19).

Á 4. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hverrig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 12. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., næsta dag, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það mun vera talið ekki hvað síst verkefni löggjafarvaldsins að skapa þjóðinni góða atvinnulöggjöf. Við erum vafalaust í því eftirbátar ýmsra þjóða. Og eiginlega er það ekki tiltökumál, því í ýmsum greinum hafa hjá okkur á síðustu árum orðið svo miklar breytingar í atvinnuháttum þjóðarinnar, að það er tæplega von til þess, að við höfum getað áttað okkur til fulls á því, til að setja lög um þær atvinnugreinar, sem sýslað er við. Má jafnvel segja, að til sje ýmislegt í atvinnuvegunum, sem við höfum ekki fengið nægа reynslu fyrir enn þá til þess að geta gert lög þar um, sem við ættum víst að stæðu til langframa.

Hinsvegar býst jeg við, að flestir líti svo á, að þannig muni ástatt um þetta mál, að einhverra ráða þurfi að leita til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem komið hafa í ljós í þessum atvinnurekstri á undanförnum árum. Síldveiðin hefir á síðustu árum verið stunduð í stórum stíl hjer við land, og miklu meira af útlendum mönnum en innlendum. Því miður er þannig ástatt, að þótt við vildum hlutast til um veiðiskap þeirra hjer við land, þá getum við ekki nú náð til fulls til þeirra með löggjöf okkar. Hinsvegar finst mjer — og jeg hygg, að flestir muni vera mjer þar sammála — að við ættum að reyna að ná til þeirra með löggjöf okkar, eftir því sem við frekast getum. Sú starfsemi, sem þeir hafa rekið hjer alllanga stund, hefir orðið þjóðinni til ákaflega mikils meins. Ekki eingöngu þeim innlendu mönnum, sem stundað hafa þenn-

an atvinnurekstur, heldur líka öðrum atvinnugreinum, og verkafólki yfirleitt á landi hjer. Jeg hygg því, að það sje ekki úr vegi, að við reynum að hafa áhrif á þetta mál, eftir því sem við getum. Það hefir verið haft á orði, á síðustu 2 árum að minsta kosti, að kapp hinna útlendu manna á þessum atvinnuvegi hjer á landi hafi mjög aukist. Á síðastl. sumri mun það hafa komið í ljós, að útlendingar, sem hafa rjettindi á við landsmenn, sem sje Danir, hafi notað sjer aðstöðu sína til þess að hleypa annara þjóða mönnum hingað. Jeg á hjer við þá leppmensku, sem uppvís varð á síðasta sumri. Danskir menn hafa sent hingað skip til útgerðar, en skipin voru eign manna úr öðrum ríkjum.

Það, sem sjerstaklega gerir innlendum mönnum þennan atvinnurekstur mjög svo hæpinn og jafnvel skaðlegan, er það, að menn vita ekki fyrirfram, hvað mikið kann að seljast af síldinni í það og það skiftið. Þegar vel veiðist og mætti ætla vinningsvon einna mesta, þá hefir það oft snúist svo, að enn meira tap hefir orðið en þegar lítið veiddist. Þessi ágalli hefir verið það tilfinnanlegur, að þeir, sem síldveiði reka, hafa oft orðið fyrir svo þungum búsifjum, að þeir hafa ekki megnað að stunda þennan atvinnurekstur áfram. Á þessum og þvílíkum agnúum þyrfti að ráða bót, eins og mögulegt er. En þegar lítið veiðist, hefir fólkið, sem leitar til þessara verstöðva, mjög lítið í aðra hönd. Hinsvegar er það alkunnugt, að á þessum stöðum hefir safnast sú mergð af fólki, að þótt sæmilega veiðist, hefir það ekki haft nóga vinnu. Býst jeg ekki við, að hægt sje að saka þá, sem atvinnuna reka, um það, að fólkið flykkist til verstöðvanna. Það virðist ekki hirða svo mikið um, hvort það beri nokkuð úr býtum að starfstímanum loknum eða ekki. Af þessu hefir orðið hið mesta þjóðartjón. Mjer er sagt af kunnugum mönnum, sem stundað hafa þennan atvinnurekstur nú um skeið, að fólkið sje í sumum verstöðvunum svo margt, að þótt veiðiskapur sje mikill, þá sje vinnan ekki meiri en sem svaraði annan eða þriðja hvern dag. Tjónið, sem þjóðinni er að slíku framferði, verður varla tölum talið. Fyrst og fremst tap starfseminnar, hið mikla vinnuafl þess fólks, sem dvelur þarna við lítið starf, vinnuafl, sem tekið er frá öðrum atvinnugreinum, sem arðsamari eru. Í annan stað segir það sig sjálft, að þar sem margt fólk er safnað saman og hefir ekkert að sýsla, þá grípur það til ýmsra hluta til þess að eyða tímanum, sem verður til að spilla fólkinu sjálfu. Að þessu öllu er þjóðinni í heild sinni hið mesta mein. En úr þessum og þvílíkum agnúum býst jeg ekki við að unt verði að ráða bót, nema með einhverju því skipulagi, sem trygði það, að fleiri leituðu ekki til þessara staða en öll von er til að geti haft viðunandi atvinnu. Nú á síðastliðnum árum hefir brytt talsvert á því, að vantað hefir fólk til ýmsra starfa, þeirra sem miklu arðvænlegri eru en síldarvinna, þegar á alt er litið. Til landbúnaðarstarfa hefir fólk vantað tilfinnanlega að sumrinu til, og einnig hefir jafnvel komið fyrir, að útgerðarmenn, sem fisk hafa haft til verkunar að sumarlagi, höfðu tæplega nógu margt fólk. Hygg jeg, að þetta stafi mjög af því, að alt of margir hópast til síldarstöðva.

Með þessari till., sem jeg hefi leyft

mjer að bera fram, hefði jeg gjarnan viljað, að stigið yrði það spor, að unt verði að koma einhverju betra skipulagi á þennan atvinnurekstur, og að til þess að athuga þetta mál yrðu valdir kunnugir og vel hæfir menn. Og þó að jeg tiltaki þennan mannafjölda í till., er fjarri því, að jeg ætlist til, að sú tala verði frekar látin ráða en önnur, ef heppilegra þykir. Jeg ætlast ekki til, að till. þessi komist óbreytt gegnum þingið. Aðalatriðið er, að málefninu verði sint og reynt að greiða úr á einhvern hátt. Jeg geri ráð fyrir, af því að þessi till. er það umfangsmikil og grípur inn á allmikilsvarðandi svið, að þá yrði þessari umræðu frestað, en till. vísað til sjútvn., og mönnum gefist kostur að ræða málið ítarlega, þegar frá nefndinni kemur. Annars ber jeg fult traust til sjútvn., að hún geri till. úr garði eftir því, sem best má verða.

Það er mín persónulega skoðun, að líklegasta leiðin til umbóta á þessu sviði sje sú, að takmarkað yrði, hve mikið megi salta af síld til útflutnings.

Í annan stað get jeg vel búist við, að frekari áherslu þurfi að leggja á það, að innlendir menn komi upp síldarverksmiðjum og eignuðust þær síldarverksmiðjur, sem fyrir eru í landinu.

Viðvíkjandi takmörkun veiðinnar hefi jeg hugsað mjer, að hún yrði að nokkru leyti gerð með löggjöf. En svo hefði í öðru lagi nefnd manna þann starfa með höndum — fyrst og fremst innan þess vissa ramma, sem löggjöfin setti — að ákveða, hversu mikið mætti salta á hverju sumri, og jafnframt ráða sölu síldarinnar til útlanda.

Um útlendingana, sem eiga síldarverksmiðjur hjer á landi og hafa haft mikla starfrækslu í mörg ár, vildi jeg segja það, að jeg teldi hina mestu nauðsyn á, að við legðum eins mikið kapp á að bægja þeim frá þessari starfsemi eins og frekast er unt. Þeirra starfsemi hefir verið, eftir því sem jeg þekki til í þessu efni, landinu í heild sinni til hins mesta meins. Hygg jeg, að það væri mjög vel farið, ef við gætum sem allra fyrst bægt þeim frá þessari starfsemi hjer á landi að fullu og öllu. Jeg sje auðvitað þann agnúa á, að þrátt fyrir það geta þeir stundað veiðiskap þennan utan landhelginnar. En þó hygg jeg, að ef okkur lánaðist að hefta starfsemi þeirra að öllu leyti innan landhelginnar og á landi, þá stæðum við mun betur að vígi.

Jeg hefi ekki hitt fyrir einn einasta útgerðarmann, sem ekki telur hina brýnustu nauðsyn á bættu skipulagi. Og jeg held, að það sje bein skylda löggjafarvaldsins að stuðla að því, eftir því sem það sjer frekast fært að hlutast til um málið.

Jón Baldvinsson: Jeg get ekki annað en glaðst yfir því, að þessi till. er komin fram, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) flytur að þessu sinni. Það hafa á hverju þingi komið fram till. um síldarmálið, en fengið misjafnar undirtektir. Þær hafa sem sje fengið undirtektir eftir því, hvernig síldveiðin hefir gengið næsta ár á undan. Árið 1921 fengu slíkar till. í þinginu allgóðan byr, af því að síldarsalan hafði gengið illa árið áður. Þá voru samin lög í þinginu, sem miðuðu að því að koma skipulagi á þennan útveg, þar sem útgerðarmenn voru skyldaðir til að mynda fjelags-

skap. Jafnframt því voru ríkinu heimiluð talsverð yfirráð, ef útgerðarmenn ljetu undir höfuð leggjast að mynda þennan fjelagsskap. Þessi lög voru nú þannig gerð, að þau þóttu ekki nothæf, þegar til stjórnarinnar kom, og komust víst aldrei til neinna framkvæmda. En málinu hefir verið haldið vakandi í þinginu. Sú leið, sem jeg hefi bent á, er sú, að ríkið hafi einkasölu á allri síld, sem flutt er út.

Það hafa altaf legið á síðustu árum frv. fyrir þinginu, sem þó hafa ekki náð fram að ganga. Það gleður mig, að hv. þm. virðast nú vilja gera eitthvað í þessu máli, en jeg geri ráð fyrir, að ástæðan sje sú, að síldarsalan gekk ákaflega illa á síðasta ári. Og þeir, sem liggja með síld, tapa mjög miklu. En landið í heild sinni tapar líka á því og ekki eingöngu útgerðarmenn, heldur einnig verkafólkið.

Viðvíkjandi þessari till. þarf jeg ekki að segja mörg orð, af því að jeg býst við henni til sjútvn., þar sem jeg á sæti. En till. er ákaflega óákveðin, og hinsvegar græddist lítið á flutningsræðu hv. 2. þm. Árn. (JörB), af því að hann benti ekki á neitt verulegt, sem unt er að framkvæma. Mjer virðist t. d. ákaflega erfitt að takmarka síldveiðina. Það verður þá að vera þannig, að menn sæki um leyfi til stjórnarinnar til þess að mega veiða síld. Er jeg hræddur um, að það þætti mönnum þröngt. Væri nú hinsvegar sú leið farin, að ríkið hefði allan útflutning, þá yrði þar með tekið fyrir það, að útlendingar gætu haft málið í sínum höndum, eins og nú. Það, sem líka þarf að gera, er að afla síldinni markaðs. En það virðist einmitt ganga ákaflega stirt hjá þeim mönnum, sem atvinnuna stunda.

Það er skiljanlegt, að ýmsir þeirra sjeu tregir til að kosta til slíks ef til vill mörgum tugum þúsunda, ef þeir standa höllum fæti sjálfir, eins og oft vill verða í slíkum atvinnurekstri. Jeg skil vel, að þeir útgerðarmenn, sem sáu fram á gjaldþrot í ár, geti ekki lagt stórfje í markaðstilraunir.

Að öllu þessu athuguðu hygg jeg, að það sje eina ráðið að fara þá leið, sem jeg hefi bent á áður hjer í hv. Alþingi, sem sje að ríkið taki málið í sínar hendur að því er snertir söluna. Þá held jeg líka, að uppræta mætti að miklu leyti þá leppmensku, sem mjer skilst að eigi sjer stað í þessari atvinnugrein. Auðvitað eiga Danir sama rjett til síldveiða og við, og við höfum ekkert yfir því að segja, þótt þeir setji sig hjer niður og reki þennan útveg.

Að síðustu vil jeg lýsa ánægju minni yfir því, að till. þessi kom fram, enda þótt jeg sje ekki ánægður með orðalag hennar, því till. virðist benda á vilja hjá þingmönnum til þess að taka þetta mál nú til alvarlegrar yfirvegunar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Aðeins stutt athugasemd út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg skal strax taka það fram, að í till. minni er engin upptalning á því verkefni, sem nefndinni er ætlað að vinna að. Mjer kom fyrst til hugar að tiltaka nánar starfssvið hennar, en við betri athugun sá jeg, að svo margt var þar, sem athuga þurfti, að jeg hvarf frá því. Þesskonar upptalning hefði hvort sem er vafalaust ekki orðið nema lítið eitt af því, sem nefndin þarf að vinna. En nú vill svo vel til, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) er einmitt í sjútvn. og getur því lagfært till., eftir því sem honum finst best við

eiga. Annars misskildi hann mig, þegar hann fór að tala um takmörkun á síldarútflutningi. Jeg sagði aðeins, að fyrir mjer vekti takmörkun á síldveiði til söltunar og útflutnings. Líka gæti komið til orða sjerstakt fyrirkomulag á síldveiði, t. d. hvenær byrjað yrði að veiða síld til söltunar o. s. frv. Þetta og fleira ætti að vera verkefni nefndarinnar.

Um takmörkun á síldveiði alment talaði jeg ekki, því að mjer hefir aldrei komið til hugar takmörkun á síldveiði, sem rekin er fyrir verksmiðjurnar, síst á meðan þær eru ekki fleiri.

Þá drap þessi hv. þm. á frv. um einkasölu á síld, sem hann hefir flutt á undanförnum þingum. Inn á það mál ætla jeg ekki að fara nú, því að jeg lít svo á, að einkasölulöggjöf bæti ekkert úr þessum ágöllum. Að menn verði ekki fyrir fjártjóni af síldarsölu, ef slíkt fyrirkomulag kemst á (einkasala), held jeg ekkert hægt að fullyrða um, því að jeg held, að síld geti fallið jafnt fyrir því.

Þá mintist hann á veiði útlendinga hjer og gat þess, að við gætum ekki meinað Dönum að veiða hjer. Þetta er satt. En mjer finst við geta hagað löggjöf okkar þannig, að sett verði skilyrði um, að til þess að öðlast þessi rjettindi þurfi að vera búið að eiga hjer heima nokkuð lengi áður.

Björn Líndal: Mjer er ljúft að þakka hv. flm. till. (JörB) fyrir áhuga hans á þessu máli.

En jafnframt vil jeg taka það fram, að jeg held, að hv. þm. hafi fæstir kynt sjer þetta mál til hlítar og geti því ekki gert sjer í hugarlund, hversu erfitt það er viðfangs, þegar alls er gætt. Það er mín skoðun, að eina ráðið til þess að bæta úr þeim stóru misfellum, sem nú eru á síldarversluninni, sje það að auka markaðinn fyrir síldina, og það er mín sannfæring, að það megi vel takast, ef unnið er að því með einbeitni og áhuga, og þó jafnframt með forsjá og fyrirhyggju. En það efast jeg mjög um, að ríkiseinkasala sje líklegasta leiðin til þess að bjarga úr þeim ógöngum, sem í er komið.

Hitt er rjett, að of seint er hafist handa til þess að bæta markaðinn, og það er mín skoðun, að þing og stjórn eigi nú þegar að hefjast alvarlega handa og leggja fram bæði fje og krafta, svo um muni, til þess að gera alvarlegar tilraunir til markaðsleitar og jafnframt rannsókna á því, hvernig verka skuli síldina til þess að gera hana sem útgengilegasta meðal þjóða, sem hingað til hafa lítil eða engin kynni af henni haft.

ATKVGR.

Till. vísað til sjávarútvegsnefndar með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Milliþinganefnd um landbúnaðarlöggjöf.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins (A. 123).

Á 29. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 30 mars, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi, laugardaginn 17. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þess er getið í Landnámabók, að með Hrafna-Flóka, er hingað kom næstfyrstur manna til lands, hafi bóndi nokkur verið, er Þórólfur hjet. Þegar heim kom til Noregs, sagði hann, að hjer drypi smjör af hverju strái, og var hann fyrir því kallaður Þórólfur smjör.

Menn skyldu nú ætla, að ef þessi ummæli Þórólfs hefðu haft við rök að styðjast, þá stæði landbúnaður þessa lands með miklum blóma. Jeg hygg nú, að ekki láti fjarri, að Þórólfur hafi haft rjett fyrir sjer í ummælum sínum um landkosti hjer, því að þeir eru áreiðanlega miklir og góðir og landið mjög kjarngott. Hinsvegar bendir það ekki á þessi landgæði, hvernig landbúnaðinum hjá okkur nú er komið, því að áreiðanlegt er, að við stöndum nágrannaþjóðum okkar langt að baki í öllu, er lýtur að framförum í landbúnaði. Það er fyrst nú á síðustu árum, að kominn er nokkur skriður á það mál. Má það því merkilegra heita, sem þessi þjóð hefir til síðustu ára að mestu leyti lifað á landbúnaði einum saman. Sjávarútvegurinn hefir fram til síðustu aldamóta aldrei verið öðruvísi atvinnugrein en aðeins til styrktar aðalframfærslu-atvinnuvegi þjóðarinnar, sem landbúnaðurinn hefir verið.

Nú fyrst á þessari öld hefir komist alvarlegur skriður á sjávarútveginn, og það í svo stórum stíl, að borið saman við efni og fólksfjölda landsins má hann teljast mjög þýðingarmikill atvinnuvegur fyrir þjóðina. Honum hefir fleygt fram á síðustu árum, enda eigum við sennilega langbestu fiskimið í heimi, og oft og einatt hefir arður sá, sem þessi atvinnuvegur hefir fært oss, verið geysimikill, en peningum þeim, sem hann hefir skapað oss, hefir auðvitað verið beitt honum til eflingar, og er í sjálfu sjer ekkert við það að athuga, á meðan ætla má, að atvinnuskifting þjóðarinnar milli þessara atvinnugreina, landbúnaðar og sjávarútvegs, sje á þá lund, að örugt megi telja um afkomu þeirra; og það er heldur ekkert um það að segja, þó að sjávarútvegurinn vaxi mun hraðar en landbúnaðurinn, ef afkoma þjóðarinnar er með því móti vel trygð. En þó hygg jeg, að nú sje svo komið, að ekki megi teljast hyggilegt, ef sjávarútvegurinn á að vaxa mikið fram úr því, sem nú er um langa stund, því að það er öldungis víst, að þótt landbúnaðurinn sje tekjurýrari, eða seinteknari tekjur af þeirri atvinnugrein, þá verður hann öruggara bjargræði fyrir þjóðarafkomuna, og því meiri röskun sem verður á því, hve mikill hluti þjóðarinnar vinnur að sjávarútvegi, og hve mikill að landbúnaði, því meiri hætta er á því, þegar illa árar, að þjóðin eigi erfitt með að bjargast.

Það má sjálfsagt með nokkrum rjetti segja, að sjávarútvegurinn hafi mjög unnið sig upp sjálfur; en því er þó ekki hægt að neita, að honum hefir verið

látið mikið í tje af því fje, sem skapast hefir af atorku manna við önnur störf. Hinsvegar verður tæplega sagt um landbúnaðinn, að mikið hafi til hans gengið af fjármunum. Því hefir m. a. valdið, að landbúnaðurinn getur ekki borgað eins háa vexti og sjávarútvegurinn, þegar vel gengur, en þar sem veltufje og peningasöfnun í landinu er nær engin, segir það sig sjálft, að á meðan ekki ræður annað um útlán til þessara atvinnuvega en eftirspurn og það, að geta borgað háa vexti, þá fær sjávarútvegurinn miklu meira fje til umráða en landbúnaðurinn. — Nú mætti segja, að það væri sök sjer, ef landbúnaðurinn hefði haldið í horfinu, en það verður þó tæpast sagt, að svo sje. Á seinni árum hefir kveðið mjög mikið að því, að fólki fækki í sveitunum. Það hefir stefnt til sjávarins, og veldur því mest hraðfara aukning sjávarútvegsins á seinustu árum. En það veldur líka nokkru þar um, að fólki í sveitum hefir ekki vegnað eins vel og fólki við sjóinn, og því meira sem fækkað hefir í sveitunum, því erfiðara hefir alt orðið fyrir þeim, sem haldið hafa kyrru fyrir upp til sveitanna.

Þetta, sem hjer hefir átt sjer stað á síðari árum, bendir á, að hjer muni halda áfram að fækka fólki í sveitum, svo framarlega sem velgengni sjávarútvegsins heldur áfram eins og verið hefir síðustu árin, og svo framarlega sem Alþingi með löggjöf sinni gerir ekki eitthvað verulegt til að ljetta undir með starfsemi manna í sveitum. Jeg hefi ekki hitt neinn hugsandi mann fyrir, sem ekki viðurkenni, að það sje oss lífsnauðsyn að hugsa svo um landbúnaðinn, að hann gangi ekki saman frá því sem nú er, og hygg jeg, að menn, bæði til sjávar og sveita, sem eitthvað láta sig þessi mál skifta, telji, að oss beri að gera eitthvað í þessu efni, sjerstaklega til þess að auka ræktun landsins.

Ennfremur er það öldungis víst, að ef landbúnaðurinn á að standast líka samkepni og verið hefir á síðustu árum, þá verður að gera eitthvað meira fyrir hann en gert hefir verið, því að við höfum enn sama búskaparlag og getið er um að verið hafi á landi hjer stuttu eftir að það bygðist, og máske í einstökum tilfellum breytt til hins verra. Það er t. d. ekki nema stutt síðan bændur fóru að leggja stund á ræktun landsins, og það er aðeins á sárfáum stöðum, að hægt er að nota vjelar, svo að nokkru nemi. Það er sannfæring mín, að svo framarlega sem landbúnaðurinn á ekki að komast í kaldakol á allstórum svæðum, verði eitthvað að gera honum til ljettis og viðreisnar, og þó að hver einstaklingur verði að sjálfsögðu að leggja fram krafta sína til liðsinnis þessari atvinnugrein, má þó ekki gleyma því, að löggjafarvaldið getur gert mjög mikið landbúnaðinum til eflingar með starfsemi sinni og íhlutun, og það er meining mín, að til þessa beri okkur skylda, sem nú höfum með höndum löggjafarstarfsemi þjóðarinnar, og ekki síst nú fyrst og fremst að sinna þessu máli.

Jeg hefi leyft mjer að bera fram þessa till., er fer fram á það, að skipuð verði þriggja manna nefnd til að íhuga landbúnaðarlöggjöf vora, sem nú er, en jafnframt til að koma með þau nýmæli, er henni kann að þykja að orðið geti til styrktar þessari atvinnugrein. Jeg drap á það áður, að á síðustu árum hefði verið gert nokkuð til styrktar landbúnaðinum, frá því að Búnaðarfjelag Íslands varð til og fram til þessa tíma. Það hefir m. a. verið talsvert að því

unnið að vekja áhuga manna fyrir ræktun landsins, en það getur líka naumast heitið, að fram til síðustu ára hafi verið gert neitt verulegt annað, því að það er aðeins á síðustu árum, sem farið er að gera frekari ráðstafanir. Sú stofnun, sem hefir látið sig mestu skifta um þetta mál, er Búnaðarfjelag Íslands. Það hefir nú ýmsar framkvæmdir og ýms málefni landbúnaðarins með höndum og veitir þeim forsjá. Á frv. því til fjárlaga, er nú liggur fyrir, er Búnaðarfjelaginu veitt, beint og óbeint til þeirrar starfsemi, á fjórða hundrað þús. kr., og má heita, að það ráði mestu um það, hvernig þessu fje er varið. Þetta er líka öldungis eðlilegt, þar sem þetta er stofnun, sem á að hafa aðalforsjá í ræktunarmálum; en svo vill þó til um þessa stofnun, að hún starfar ekki samkvæmt neinum lögum, er Alþingi hefir sett. Búnaðarfjelagið hefir að vísu sínar samþyktir að styðjast við, sem Búnaðarþingið hefir gert, en landslög eru engin til um starfsemi þess. Þetta tel jeg óheppilegt, og það því athugaverðara, sem fjelagið fær meira og meira verkefni til meðferðar, og þar sem vænta má, að það komi máske til með að ráða yfir miklu meira fje en það hefir nú, þá hygg jeg, að það sje í alla staði nauðsynlegt að setja lög um Búnaðarfjelagið sjálft, hvernig það skuli starfa. Þetta finst mjer að ekki geti verið neitt ágreiningsatriði á milli manna, því að það er í alla staði sjálfsagt, að Alþingi, sem veitir þessari stofnun afarmikið fje, ráði einnig yfir meðferð fjárins, eða að það búi svo um hnútana, að nokkurn veginn sje sjeð fyrir því, að ekki hendi veruleg mistök um ræktunarmálin. Jeg hygg, að atburður einn, sem gerst hefir fyrir stuttu, bendi í þá áttina, að þetta sje rjett, en annars skal jeg ekki fara út í það nú. Jeg get drepið á nokkur þau mál, sem Búnaðarfjelagið hefir nú með höndum. Þar er m. a. jarðræktarlögin, sem það hefir annast allar framkvæmdir á, sömuleiðis um sandgræðslu, svo og umsjá með öllum búnaðarfjelögum landsins.

Þegar hins vegar er litið á löggjöfina um landbúnaðinn, sjer maður fljótlega, að ekki er hægt að segja, að hún sje í sem heppilegustu samræmi. En sitthvað af því, sem ber á milli, mætti betur fara, ef hún væri endurskoðuð í heild. Þannig er um ýms lagafyrirmæli, er snerta ýmsar stofnanir, er Búnaðarfjelag Íslands á að sjá um, og auk þess ýmislegt fleira, er samkvæmt eðli sínu ætti að heyra undir Búnaðarfjelagið. Skal jeg þar t. d. nefna búnaðarskólana, sem nú eru undir eftirliti atvinnumálaráðuneytisins, en ættu að sjálfsögðu að vera undir umsjá Búnaðarfjelagsins, sem er undir eftirliti þess ráðuneytis. Svo er og um skóggræðslu og þjóðjarðir, að þau mál heyra nú undir atvinnumálaráðuneytið, en ættu að mínum dómi að heyra undir Búnaðarfjel., því að jeg lít svo á, að þeirri stofnun sje nauðsynlegt að vita sem glöggust skil á öllu því, sem landbúnað varðar. Ræktunarsjóðurinn er undir umsjá fjármálaráðuneytisins, og má ef til vill með sanni segja, að ekki sje ástæða til þess að breyta þar um, vegna þess að það er fjármál, en samkvæmt eðli sínu væri þó rjett, að Búnaðarfjelagið hefði umsjá hans á hendi. Þó legg jeg ekki mikið upp úr því, að þessu sje breytt. Aftur á móti ætti umsjá með kirkjujörðum, sem nú heyrir undir dómsmálaráðuneytið, að vera undir um-

sjá Búnaðarfjelagsins, a. m. k. umsjá þeirra kirkjujarða, sem prestar hafa ekki til ábúðar.

Þá ætla jeg að víkja að nokkrum atriðum, sem drepið er á frekar í þáltill., en jeg skal fara þar fljótt yfir sögu og lengja ekki umræður meir en þörf er á. Skal jeg þá fyrst minnast á 3. liðinn, um skifting jarða og stofnun nýbýla. Löggjöf um þetta efni er gömul og fyrirmælin þar um ekki fullnægjandi. Þau lúta að því eingöngu, ef teknar eru eyðijarðir eða óræktað land í afrjettum eða almenningum til nýbýla, en engin fyrirmæli eru til um það, hvernig eigi að skifta jörð, sem er í ábúð. Það er að vísu rjett, að mestur hluti landsins kemur ekki til greina í þessu efni, að jörðum verði skift vegna nýbýla, eins og nú er ástatt. Það á aðeins við um sjerstakar sveitir, þar sem stórfeldar jarðabætur, svo sem áveitur, hafa verið gerðar, eins og er í Árnessýslu. Jeg geri fyllilega ráð fyrir því, að ef þau áveitufyrirtæki hepnast vel, þá geti býlum fjölgað þar að miklum mun, en til þess að það geti orðið þarf löggjöf um heppilega skiftingu jarðanna, því að annars verður skiftingin af handahófi og ekki sem heppilegust upp á ræktun landsins eða afkomu þeirra, sem nýbýlin stofna. Einnig gæti farið svo, að of mjög yrði gengið á hluta þeirra, sem gæfu kost á skiftingu jarða sinna í þessu skyni.

Jeg hljóp yfir 2. lið till., enda ætla jeg mjer ekki að fjölyrða um hann. En jeg skal þó geta þess, að lagafyrirmæli um þetta efni, not á erfðafestulöndum og leigulóðum, eru mjög á reiki og mismunandi, eftir því hvar á landinu er. Stundum ræður mat óvilhallra manna, en stundum aðeins samkomulag aðilja. En þetta verður oft og einatt til þess að tefja fyrir ræktun landsins, og er því nauðsynlegt að setja föst ákvæði um það efni.

Þá kem jeg að 4. lið till., um það, hvort ekki muni rjett að breyta lögum um búnaðarskólana í þá átt, að nemendur sjeu skyldugir til þess að stunda þar verklegt nám, eða í sambandi við þá. Það var stuttu eftir aldamótin, að búnaðarskólunum var breytt í það horf, sem nú er. Áður var þar bæði bókleg og verkleg kensla. Árið 1905 voru sett ný lög um það, að nemendur væru ekki skyldir til þess að stunda þar verklegt nám. Þetta verð jeg að telja mjög óheppilega breytingu. En það tjáir ekki að sakast um orðinn hlut. Hitt væri nær, úr því að breytingin var til hins verra, að breyta aftur í gamla horfið. Það er sannfæring mín, að þótt gott og gagnlegt sje fyrir bændaefni að stunda bóknám, þá sje þeim ekki síður nauðsynlegt að fá verklega þekkingu. Og það hefir við mikil rök að styðjast, sem sagt hefir verið, að ræktun landsins sje skamt á veg komin vegna þess, að verkleg kunnátta okkar sje enn í bernsku. Þess vegna er í alla staði nauðsynlegt að skylda búnaðarskólanemendur til ekki minna verklegs náms en áður var.

Það er áreiðanlegt, að sveitamenn skortir ekki fyrst og fremst bókþekkingu. Sveitirnar skortir menn, sem kunna að vinna af dugnaði og hagsýni. Jeg skal þó játa það, að bókfræði er bændum til styrktar í starfi sínu, en án verklegrar þekkingar nægir hún alls ekki.

Jeg hefi með vilja orðað þennan lið till. eins og hjer stendur, vegna þess, að svo getur staðið á, að í skólunum

sjálfum sje ekki hægt að koma við ýmsum búnaðarframkvæmdum, en þó svo nærri, að nemendur geti tekið þátt í þeim störfum, og það er rjett, að þeir eigi kost á þesskonar lærdómi, enda þótt ekki sje hægt að koma honum við á skólasetrunum sjálfum.

Jeg hygg, að menn geti ekki deilt um það, að þessar breytingar sjeu nauðsynlegar og að þessu þurfi að kippa sem fyrst í lag.

Þá er 5. liður till., um endurskoðun jarðræktarlaganna. Jeg tók þetta atriði með, vegna þess, að þessi endurskoðun liggur við borð hvort sem er. Mjer þætti eðlilegt, að þeim lögum væri breytt á þann hátt, að fleira væri tekið upp í þau, en jeg skal þó ekki fjölyrða um það nú.

6. liðurinn er um endurskoðun laga um bygging, ábúð og úttekt jarða. Þessi lög voru góð á sínum tíma og sennilega með bestu lögum, enda má sjálfsagt megnið af þeim standa. En þó eru þar ýms atriði, er betur mættu fara á annan veg, t. d. ákvæðin um ábúð og jarðrjettindi leiguliða. Jeg held, að það væri heppilegt að hafa í lögunum ákvæði um erfðaábúð, þ. e. a. s. að afkomendum ábúanda sje trygður forgöngurjettur að jarðarábúð, að öðru jöfnu. Með því móti hafa menn meiri hvöt til þess að stunda jarðabætur, ef þeir eiga þess von, að þeir eða afkomendur þeirra njóti uppskerunnar af starfinu og kostnaðinum. En nú eru ákvæði laganna þau, að niðjar hafa ekki meiri rjett til ábúðar en hver annar maður, sem sækir um jörðina til ábúðar. Ýms önnur ákvæði mættu og betur fara, en þetta finst mjer mestu máli skifta.

Þá er síðasti liður till., er lýtur að því, að nefndin komi fram með þær umbætur aðrar, er hún kynni að koma auga á, nýmæli eða annað. Þetta tel jeg nauðsynlegt og býst við, að fleiri sjeu þar á sama máli, að við verðum í náinni framtíð að láta okkur ræktun landsins meira máli skifta en verið hefir.

Jeg skal ekki fara að tína alt til, sem fyrir mjer vakir í þessu sambandi. Vænti jeg þess, að þeir, sem álíta, að till. hafi rjett á sjer, geti ekki verið á móti henni af þeirri ástæðu, að eitthvað sje ekki tekið þar sjerstaklega fram.

Að lokum skal jeg geta þess, að mjer er ekki neitt kappsmál, hver á að skipa nefndina. Þegar jeg hugsaði till., var jeg að velta því fyrir mjer, hvort betra mundi, að þingið skipaði nefndina eða stjórnin, en mjer liggur í ljettu rúmi, hvort ofan á verður, því að jeg treysti því, að valið á mönnunum megi takast svo, að sitthvað gott og gagnlegt geti leitt af starfi nefndarinnar. Erlendar þjóðir láta sig þetta mál miklu skifta, og með löggjöf er sjerstökum mönnum þar falið að starfa að því. Þetta er mikið verkefni og vandasamt og hlýtur að taka langan tíma. Og þótt einhverju verði ábótavant, þótt ekki næðist hinn ákjósanlegasti árangur af starfi nefndarinnar, þá er jeg þess þó fullviss, að mikið gott og gagnlegt muni af því leiða fyrir landbúnaðinn. Og þá er tilgangi mínum með þáltill. náð.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla að geyma mjer það til síðari umræðu að ræða um þessa þáltill.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 15 shlj. atkv.

Á 76., 77. og 78. fundi í Nd., dagana 11., 12. og 14. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 123, n. 482 og 550).

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Kaup á Hlíðarenda í Fljótshlíð.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um kaup á jörðinni Hlíðarenda í Fljótshlíð (A. 387).

Á 59. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., mánudaginn 26. apríl, var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 64. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Klemens Jónsson): Greinargerðin fyrir þessari till. er að vísu mjög stutt, en í rauninni segir hún þó alt. Jörðin Hlíðarendi í Fljótshlíð er í útlöndum, einkum í Danmörku og Noregi, vafalaust langfrægasta og kunnasta jörð hjer á landi. Allir mentamenn þar hafa miklar mætur á Njálu og meta hana mest allra okkar fornsagna, og engin fornhetja er að minni vitund eins kunn og Gunnar. Marga mentamenn hefi jeg heyrt tala um það, að engum þeirra dáist þeir að eins og Gunnari. Menn dást að honum fyrir drengskap hans og hreysti. Skarphjeðin kunna þeir ekki að meta eins mikils og vjer gerum, og ekki Njál heldur. Það er líka staðreynd, að fáir útlendingar leggja leið sína út að Bergþórshvoli, en allir velja þeir Hlíðina, til þess að sjá heimkynni Gunnars og þá náttúruprýði, sem varð þess valdandi, að hann sneri aftur og beið bana fyrir, og jeg hefi heyrt um Norðmann einn, sem fór út til Íslands í því einu skyni að sjá Hlíðarenda.

Jeg kom að þessum bæ fyrir 20 árum, og voru híbýli þar þá mjög ljeleg. Nú er sagt, að þau sjeu skárri, en þó tæplega hýsandi margir menn, og alls ekki útlendingar. Þetta finst mjer, að ekki geti gengið vanvirðulaust, að okkar frægustu sögustaðir sjeu svo illa hýstir, að útlendingum ofbjóði. Þingvallanefndin hefir rannsakað s. l. sumar ýmsa sögustaði og þar á meðal Hlíðarenda, og er hún því frekar meðmælt, að jörðin verði keypt, jafnvel þótt hún þykist ekki geta ráðið til þess að sinni, vegna getuleysis sennilega, að jörðin verði keypt, hafandi það fyrir augum, að það er ekki nóg að kaupa jörðina, heldur verður að hýsa hana líka.

Okkur þm. Rang. hefir borist beiðni um að útvega hæfilegan byggingar-

styrk til þess að hýsa með þessa jörð, og nú hefir í hv. Ed. verið samþ. 2000 kr. tillag til húsabyggingar á jörðinni, en þetta er ekki því til fyrirstöðu, að þessi till. verði samþ., því að það er tekið fram í nál., að svo framarlega sem þessi jörð verði keypt á sínum tíma, skuli þessi upphæð dregin frá kaupverðinu. Mjer þótti þessi upphæð, sem farið er fram á, 2500 kr., ekki einhlít. Mjer þótti styrkurinn alt of lítill, því að það er ekkert hægt að byggja fyrir þá upphæð. Þess vegna sendi jeg eigandanum símskeyti með fyrirspurn um það, hvort hann vildi selja jörðina og þá fyrir hve mikið. Þessi maður, eigandi og ábúandi jarðarinnar, Árni Erlendsson, kom sjálfur hingað fyrir nokkrum dögum, og átti jeg tal við hann um þetta. Hann er fús til að selja jörðina fyrir 14000 krónur, en að mínu áliti er 12—14000 kr. hæfilegt verð fyrir hana. Fasteignabók sýnir, að hún hefir verið metin þannig, að landverðið er 3100 kr., en hús 700 krónur, alls 3800 krónur. Þingvallanefndin hefir getið þess í sínu áliti, að húsin sjeu mjög hrörleg, nema íbúðarhúsið, sem er nýsmíðað og varla fullgert enn. Þess vegna er jörðin miklu verðmeiri en eftir fasteignamatinu. Þessi till., sem jeg ber fram, fer aðeins fram á heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina, og hún ræður því alveg, hvort hún vill nota heimildina eða ekki, en ef till. verður samþykt, er það fremur aðhald fyrir stjórnina til þess að kaupa heldur en hitt. Um kaupverðið skal jeg bæta því við, að eigandinn hefir nýlega keypt hálflenduna fyrir 3000 kr., en það voru tækifæriskaup, því að hann keypti af bróður sínum. Jeg vil ekki neita því, að ef jörðin verður keypt á 12000 krónur, þá kunni eigandinn að græða eitthvað ofurlítið á þeim kaupum, og jeg sje ekkert á móti því, þó að hann græði ofurlítið. Hann ætlast sömuleiðis til að fá að halda lífstíðarábúð á jörðinni, og hann setti það líka sem skilyrði, en auðvitað er það, að því hærra sem verðið er, því hærra verður þá eftirgjaldið, svo að hallinn fyrir ríkissjóð ætti ekki að verða neinn. Þess er getið í áliti Þingvallanefndarinnar, að jörðin liggi sem stendur undir skemdum af Þverá, og jeg hefi getið þess í öðru máli hjer í deildinni, þar sem rætt var um Þverá, að margar jarðir í Fljótshlíð lægju undir skemdum af henni. Jeg spurði þá bræður, þegar þeir voru hjer á ferð, hvort skemdunum hjeldi áfram, og kváðu þeir nei við því. Þeir sögðu, að Þverá væri búin að skemma það, sem hægt væri, og eftir að till. kom fram hefi jeg átt tal um það við bónda einn úr Fljótshlíðinni, sem er fæddur þar og uppalinn, og sagði hann hið sama og þeir, að þar lægju engar skemdir fyrir nú sem stæði, og meira að segja, það væri kominn upp, beint á móti, fyrir handan ána, talsverður grasvöllur, sem heyrði undir Hlíðarenda. Þessa gat eigandinn ekki við mig, og þykir mjer það vottur um það, að hann hafi ekki viljað gylla jörðina um of fyrir mjer.

Jeg hefi heyrt því fleygt, eftir að till. kom fram, að þetta gæti orðið fordæmi og að fleiri gætu komið á eftir og boðið ríkinu gömul höfuðból til kaups. Jeg sje satt að segja ekkert á móti því, þó að ríkið eignaðist fleiri af þeim gömlu höfuðbólum, en jeg held, að menn þurfi ekki að óttast það. Mörg þeirra eru beneficia, t. a. m. Oddi, og mörg þeirra eru bændaeign, t. d. Reyni-

staður, Þingeyrar,Grund o. s. frv. Hygg jeg, að mörg þeirra liggi ekki laus fyrir, og enda engin knýjandi nauðsyn til að kaupa þau, saman borið við þessa jörð. Jeg hefi ekki heldur heyrt þess getið, að menn hafi gert sjer ferðir til þess að skoða þau. Það eru aðeins tvær jarðir, tvö gömul hefðar- og höfuðból fornrar frægðar og menningar, sem komið gætu til mála við fljótt yfirlit. Það er Skálholt og Haukadalur. Það fyrra er hið forna biskupssetur um sjö alda skeið. Það var gefið til þess að vera ævarandi biskupssetur, og það var því hneyksli, er jörðin var á sínum tíma seld í „prívat"eigu. Þá jörð ætti ríkið að kaupa aftur og dubba upp hinn forna Skálholtsstað og byggja þar veglega kirkju og láta prestinn búa þar, en ekki á Torfastöðum.

Hefi jeg nú lokið máli mínu. Vænti jeg vinsamlegra undirtekta í deildinni, og verði till. samþ. hjer, vona jeg, að ríkisstjórnin noti þessa heimild, eftir því sem hún sjer fært.

Með því að þessi till. fer ekki fram á útgjöld að þessu sinni, virðist mjer ekki þörf á að vísa henni til nefndar, en jeg hefi hinsvegar ekkert á móti því, að málinu verði vísað til nefndar.

Hákon Kristófersson: Því skal ekki mótmælt af mjer, að jörð þessi sje frægur sögustaður, en hinu mun ekki heldur hægt að neita, að margar jarðir megi finna á landi voru, sem geta talist það líka. En það, sem mjer virðist einkennilegast við till. þessa, er það, að eftir henni sýnist mjer, að stjórninni væri ekki heimilt að kaupa jörð þessa fyrir neðan 12 þús. kr. Þó jeg geti búist við, að þingið eigi ef til vill eftir að bæta því við sitt frægðarorð að ganga inn á þessa, að mínu áliti, vanhugsuðu till., þá vil jeg fyrir mitt leyti ekki eiga þar hlut að máli. Mjer kemur það allundarlega fyrir sjónir, að jörðin skuli eiga að vera svona dýr, þegar ekki eru einu sinni svo góð húsakynni þar, að hægt sje að hýsa 6 menn, eins og á aumustu kotbæjum. Jeg vil því leyfa mjer að leggja til, að till. þessari verði vísað til nefndar, t. d. fjhn. eða landbn. En í hvaða nefnd sem hún verður sett, þá treysti jeg því, ef hún á að ganga fram, að kaupverð jarðarinnar verði ekki bundið við neina ákveðna tölu, því jeg er viss um, að verð það, sem nefnt er í till., er helmingi of hátt, því að hv. flm. (KlJ) hefir sjálfur lýst því yfir, að helmingur jarðarinnar hafi nýlega verið keyptur fyrir 3000 kr. **(KlJ:** Það hefir verið bygt hús á jörðinni síðan). Það getur vel verið. En það hús getur varla verið merkilegt eða mikils virði, úr því ekki er hægt að skjóta þar inn 6—7 mönnum yfir eina nótt eða svo. Það sanna í þessu máli er, að jeg hygg, að jörðin sje ekki í sem bestri ábúð, auk þess sem hún, eins og áður hefir verið upplýst í sambandi við annað mál, liggur undir afarmiklum skemdum af vatnaágangi. Það mun því sanni næst, að eiganda jarðarinnar muni mest þökk í sölunni. Enda slíkt ekki ósennilegt, þegar þess er gætt, hve ógurlegt söluverðið á að vera. Nái till. fram að ganga, mun stofnað til þess fordæmis, sem ekki er gott að vita, hver eftirköst hefir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg held, að þessi frægi sögustaður taki litlum um-

bótum, þó að hann verði keyptur og settur í leiguábúð þess sama fólks, sem býr þar nú. Alt öðru máli væri að gegna, ef jörðin væri keypt í einhverju sjerstöku augnamiði fyrir ríkissjóð og notuð til einhvers sjerstaks, sem þörf væri á, en að því hefir ekki verið vikið.

Jeg vil svo gera það að tillögu minni, að till. þessari verði vísað til landbn., ef henni verður vísað til nefndar á annað borð.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Tillaga um að vísa till. til allsherjarnefndar feld með 12:4 atkv.

Till. vísað til fjárhagsnefndar með 11:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Eftirgjöf á skuldum og ábyrgðum.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 27. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um eftirgjöf á skuldum og ábyrgðum (A. 241).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til einnar umr.

Forseti (HSteins): Samkv. ósk flm. (JJ) tek jeg mál þetta af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Húsmæðraskóli að Hallormsstað.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 1. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um húsmæðraskóla að Hallormsstað (A. 464).

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 3. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 66. og 67. fundi í Ed., dagana 4. og 5. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 6. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg heyrði talað um það í dag undir umr. áðan, að ekki væri mikið gert fyrir kvenþjóðina, ekki mikið um ríkisskólana handa henni. Tek jeg því þessi orð frá hæstv. atvrh. (MG) sem vott um það, að eitthvað þurfi að gera fyrir raunverulega sjermentun kvenna. Jeg vil svo skýra þetta mál í fáum orðum og ætla að fara til þess aftur í tímann.

Það stendur svo á á Austurlandi, að

þar er einn staður, sem allir líta til sem einskonar helgistaðar fyrir alt Austurland, þótt þar sjeu til aðrir staðir, sem betur liggja við samgöngum. Jeg býst við því, að allir viti, að þessi staður, Hallormsstaður, liggur í Fljótsdal, einni af fegurstu sveitum landsins. Það þykir öllum Austfirðingum vænt um þennan stað. Þar er skógurinn mestur og náttúran yndisleg. Þegar verið var að endurbæta Eiðaskólann, vaknaði sú spurning, hvort ekki ætti að flytja skólann á þetta náttúrlega höfuðsetur Austurlands. Hefði það áreiðanlega verið gert, ef ekki hefðu verið til dýrar byggingar á Eiðum, því að á Hallormsstað leggur náttúran til nægan eldivið, og hefði ekki sjeð á skóginum. En það verður ekki snúið aftur með Eiða. Byggingar eru komnar þar, og Eiðaskóli heldur áfram að vera almennur skóli fyrir Austurland. En nú er vöknuð hreyfing þar eystra um að koma upp húsmæðraskóla. Á Hjeraði er merk kona, Sigrún Pálsdóttir Blöndal, kona Benedikts Blöndals kennara, og vill hún beitast fyrir þessu máli. Þau Blöndalshjón búa nú í Mjóanesi, næsta bæ við Hallormsstað, og er frúin systir skógvarðarins, sem þar er búsettur.

Það, sem þeim hefir dottið í hug, sem vilja fá húsmæðraskóla á Hallormsstað, er að stofna þar húsmæðraskóla, er væri einkafyrirtæki, en hefði ríkisstyrk. Jeg hefi orðað till. svo, að í henni liggur ekki annað en að stjórninni er falið að undirbúa málið fyrir næsta þing. Það má gera ráð fyrir, að landið kaupi einhvern tíma síðar þær byggingar, sem Sigrún Blöndal kann að láta reisa þarna, og því verður að búa svo um, að landið geti fengið þær með sanngjörnu mati. Það vill svo vel til, að bróðir Sigrúnar, skógarvörðurinn á Hallormsstað, er staddur hjer í bænum núna, og hefi jeg spurt hann, hvort þessi skólahugmynd væri ekki fram komin með hans vilja og vitund. Sagði hann, að ekkert væri þessu til fyrirstöðu af sinni hálfu. Að því er viðvíkur stærð skólans, þá býst jeg við, að hann verði að miðast við hæfilegar þarfir hjeraðsins. Jeg geri ráð fyrir, að tveir þingmenn að minsta kosti í þessari deild styðji þetta mál. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) þekkir víst vel til þessarar konu. Hann er gamall sýslumaður þessa hjeraðs og kunnugur staðháttum og mönnum. Jeg geri að sjálfsögðu ráð fyrir, að hv. 4. landsk. (IHB) veiti þessu máli eindreginn stuðning. Jeg þarf ekki að rökstyðja þetta frekar. Málið er hjer á fyrsta stigi, og getur vel verið, að við rannsókn komi einhverjir meinbugir í ljós, t. d. að samningar takist ekki milli þessarar merku konu og stjórnarinnar. En jeg hefi fulla sönnun fyrir því frá áhugasömum mönnum, að þessu máli muni verða vel tekið þar eystra. Hallormsstaður skipar það rúm í hugum manna þar, að engin afbrýðissemi kemst að um staðarvalið. Jeg tek þessu máli til inntekta orð hæstv. atvrh. (MG) í dag, að sjermentun kvenna hafi verið vanrækt og nauðsyn sje á að bæta úr því. Tel jeg ekki til of mikils mælst, þó 2—3 húsmæðraskólar væru starfandi á öllu landinu. Ef tekið er tillit til fólksfjölda í Múlasýslum, væri ekki of mikið, þó 10—12 stúlkur útskrifuðust þaðan á ári að minsta kosti.

Það er nauðsynlegt að hafa vel bygt á Hallormsstað, því að ekki er ólíklegt, að hann verði síðar einn af þeim stöðum, sem notaðir verða til að taka móti

gestum, ekki síst útlendum. Jeg vona ennfremur, að hv. deild átti sig á, að hjer er ekki ætlast til, að tekin sje ákvörðun um annað en að rannsaka málið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. flm. segist hafa tekið til inntekta í þessu máli ummæli mín í dag um kvennaskólana. En hann má þá ekki leggja meira upp úr þeim en í þeim lá. Jeg tel miklu rjettara að hlynna að þeim skólum, sem fyrir eru, heldur en að setja nýja á stofn. Annars vil jeg um þessa till. segja það, að þó hún verði samþ., er ekki veitt neitt fje til umráða landsstjórninni. Það má búast við því, að konan, sem um er að ræða, telji sig gabbaða með till., ef ekkert má borga henni, því það er ómögulegt fyrir hana að svara þeim fyrirspurnum, sem gera þarf, án þess að leggja töluvert í kostnað. Frá þessu sjónarmiði gæti verið varhugavert að spyrja, ef ætlast væri til að fá bindandi svar. Annars finst mjer ekki viðkunnanlegt, að á eign ríkissjóðs sje bygt hús einstaks manns. Um þetta má ekki hafa nein undirmál við konuna, sem setur skólann á stofn. Vjer verðum að gera oss ljóst, að vjer getum ekki, sóma vors vegna, ef kona þessi reisir skólann að tilhlutun Alþingis, neitað um nægilegan styrk til skólans síðar, nema vjer kaupum húsið fyrir það verð, sem hún er skaðlaus af. Vjer verðum að gæta þess að gera henni ekki fjártjón.

Jeg skal í þessu sambandi minna á, að til eru lög um húsmæðraskóla á Norðurlandi, sem ekki hefir verið framfylgt. Jeg hygg, að Norðlendingar myndu ekki taka því með neinum þökkum, ef farið væri að stofna skóla á Austurlandi og ekki framfylgt lögunum frá 1917. Annars hafa ekki verið þær ástæður hjá okkur undanfarið, að hægt hafi verið að leggja mikið fje í nýja skóla. Mjer finst liggja næst að taka fyrst þá skóla, sem Alþingi er búið að samþ. fyrir löngu. Það yrði þá a. m. k. að taka þessa tvo í einu. Annars skal jeg ekki blanda mjer inn í það, hvort hv. deild vill samþ. þessa till. En það má ekki á nokkurn hátt gabba þessa ágætu konu. Hún verður að eiga víst að fá greiddan kostnað, sem hún hlýtur að leggja í við að svara þeim spurningum, sem fyrir hana yrði að leggja, en till. felur ekki í sjer heimild til neinnar slíkrar fjárveitingar.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi áður sýnt, að jeg hefi viljað greiða fyrir skólum eins og þessum. Nægir að minna á Staðarfellsskólann. Mjer skilst af orðum hæstv. atvrh. (MG), að veita þurfi athygli skólanum fyrir norðan jafnframt þessum, og sting jeg því upp á, að málinu sje vísað til mentmn. Þó tími sje orðinn naumur, geri jeg ráð fyrir, að hún hafi tóm til að athuga málið, og svo geti það komið aftur fyrir deildina.

Ingvar Pálmason: Mjer kemur það einkennilega fyrir, að hæstv. atvrh. (MG) leggur heldur á móti þessari till. og telur ýms vandkvæði á að sinna málinu. Jeg get búist við, að það stafi að einhverju leyti af því, að stjórnin álíti, að þessi hugmynd sje ný, að hún hafi sprottið upp núna hjer í þinginu. En hugmyndin er a. m. k. 30 ára gömul, og getur hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) staðfest það. Til er sjóður þar eystra, sem heitir kvennaskólasjóður. Jeg er

honum að vísu ekki kunnugur, en aðalstuðningsmenn þess sjóðs munu hafa verið þeir Ari Brynjólfsson frá Þverhamri og Jónas Eiríksson á Eiðum. Um eitt skeið lögðu báðar Múlasýslur fje í þennan sjóð. Mjer finst, að viðeigandi hefði verið af stjórninni að taka vel í málið, kynna sjer það og athuga aðstöðu frú Sigrúnar Blöndal til málsins, afla sjer upplýsinga um sjóðinn o. s. frv.

Jeg veit, að það eru engar ýkjur hjá hv. 3. landsk. (JJ), að Austfirðingar horfi til Hallormsstaðar sem fegursta bletts á Austfjörðum og beri þá þrá í brjósti, að þar megi rísa upp mentasetur fyrir Austurland. Mjer finst sanngjarnt að ætlast til þess af stjórninni, að hún tjái sig fúsa til þess að vinna fyrir þetta mál. Þessi kona, sem um er að ræða að reyna að leita samkomulags við, heldur nú uppi einkaskóla í Mjóanesi ásamt manni sínum, og hafa þau hjón bæði sýnt mikinn áhuga á að breiða út þekkingu meðal ungmenna umhverfis bústað sinn. Þingið hefir áður veitt og veitir enn þessari konu styrk til að halda uppi kenslu í handavinnu, og hafa legið fyrir þinginu skýrslur um, hvernig því fje hefir verið varið.

Jeg vænti þess, að deildin taki þessari þáltill. vinsamlega, og stjórnin sjái sjer fært að verða við þeim tilmælum, sem í henni felast, en þar er ekki farið fram á annað en að hún kynni sjer horfurnar fyrir því, að komið verði upp einkaskóla á Hallormsstað. Jeg er samþ. till. hv. 1. landsk. (SE) um að vísa þessu máli til mentmn. Ætti að vera nægur tími til að athuga það þar. Jeg hefi svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Vildi aðeins gefa þessar upplýsingar, af því að mjer fanst kenna nokkurs ókunnugleika til þessa kvennaskólamáls hjá hæstv. atvrh. (MG).

Ingibjörg H. Bjarnason: Af því hv. 2. þm. S.-M. (IP) nefndi kvennaskóla, vildi jeg aðeins leyfa mjer að biðja um úrskurð á því, hvort hjer er að ræða um kvennaskóla eða húsmæðraskóla.

Jeg skal nota tækifærið, fyrst jeg stóð upp, til þess að lýsa því yfir, að kona sú, sem hjer er um að ræða, frú Sigrún Blöndal, er mjer kunn að öllu góðu, og hefi jeg ekki meira álit á öðrum konum í þessu efni en henni. Jeg tel rjett, að málið fari í nefnd.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er að nokkru leyti búið að skýra sumt, sem jeg hefði þurft að taka fram. Hæstv. atvrh. (MG) tók málinu að sumu leyti heldur treglega. Það er alveg óþarfi að kvíða fyrir skaðabótamáli. Hæstv. ráðh. hlýtur að sjá, að slíkt getur ekki komið til greina. Það er alt öðru máli að gegna, þó samþ. væri í Nd. að veita konu nokkrar bætur vegna Staðarfells, því þar var um samning að ræða og mjög ólík aðstaða.

Jeg býst við, að hjer geti verið um ýmsa erfiðleika að ræða, en ef þing og stjórn vildi styðja málið á þann hátt, að frú Sigrún sæi sjer fært að ráðast í framkvæmdir, þá væri grundvöllurinn fenginn. Það ætti ekki að þurfa margbrotna samninga til þess að koma í veg fyrir ágreining, þó vegir skildu síðar. En jeg geri ráð fyrir, að þó þetta væri einkaskóli í byrjun, yrði hann með tímanum ríkisskóli. Hæstv. atvrh. mintist á lög frá 1917 um húsmæðraskóla á Akureyri. Því máli hefir ekki verið

haldið mikið vakandi, hvorki af konum á Akureyri nje af Alþingi. Jeg gerði tilraun til að lífga það hjer á dögunum, en sú till. var drepin. Sú skólahreyfing virðist stönsuð í bili og getur því varla talist öðrum skólum til fyrirstöðu, meðan hún er ekki vakin upp aftur.

Jeg held, að enginn meiningamunur sje á milli hv. 4. landsk. (IHB) og hv. 2. þm. S.-M. (IP) á þessu stigi málsins, sem geri neitt til. Jeg hugsa mjer þennan skóla sem húsmæðraskóla, er sje miðaður við þarfir þær, er konur hafa til sjermentunar. Auðvitað verður altaf að fylgja einhver almenn fræðsla, og hjer vill svo vel til, að maður frú Sigrúnar er ágætur kennari og gæti vafalaust styrkt skólann með því að kenna þar almennar fræðigreinir, og jafnvel sjergreinir, svo sem efnafræði. Það hefir verið tekið fram af öðrum, að þau hjón reka nú skóla í Mjóanesi, og er aðsókn að þeim skóla mikil, enda eru hjónin í miklu áliti. Það sýnir áhuga þeirra hjóna, að þau halda þessum skóla uppi án nokkurs styrks, og er sú fórnfýsi nálega einsdæmi hjer á landi. Það er áreiðanlegt, að hæstv. atvrh. þarf ekki að óttast skaðabótakröfur frá þessum hjónum. Verk þeirra sýna það.

Jeg hefði getað felt mig við till. hv. 1. landsk. (SE), um að vísa málinu til nefndar, ef það hefði verið fyr á ferð. En jeg held, að ekki sje veruleg ástæða til þess, enda höfum við tveir úr mentmn., hv. 4. landsk. (IHB) og jeg, haft ástæðu til að lýsa góðu áliti á væntanlegri forstöðukonu, og það er full ástæða til að halda, að þriðji maðurinn í nefndinni (Jóh. Jóh) sje á sama máli.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg sagði ekkert um það, að jeg væri hræddur við skaðabótamál. Jeg sagði, að jeg væri hræddur við að gabba þessa konu á þann veg, að láta hana leggja í kostnað við að útvega upplýsingar til þess að geta svarað þessari spurningu, svo að nokkuð sje á að byggja. Það er auðsætt, að hún getur ekki svarað nema að leggja í kostnað og gera sjer töluvert ómak. Og þótt jeg óttist ekki skaðabótamál, þá er mjer það ljóst, að þing og stjórn getur ekki heimtað af þessari konu að leggja á sig talsvert erfiði og kostnað, án þess að fá það bætt. En till. gerir ekki ráð fyrir því. Það hlýtur þá að byggjast á því, að gengið sje út frá því sem gefnu, að það verði að samkomulagi síðar. Það þori jeg fyrir mitt leyti ekki að telja víst. Annars finst mjer ekkert undarlegt að detta í hug bætur einmitt út af því, sem gerst hefir á þessu þingi. Það þótti nauðsynlegt að bæta upp þeirri konu, sem hafði fengið fyrirheit um Staðarfellsskólann, í fjárlögum fyrir næsta ár. Hjer er ekki næsta mikill munur. Það var aldrei tekin ábyrgð á, að Staðarfell yrði laust í næstu fardögum. Hún samdi sjálf við ábúandann á Staðarfelli, að hann skyldi halda ábúðinni til fardaga 1927, án þess að stjórnin væri þar til kvödd. Svo að það reyndi aldrei á það, hvort Staðarfell gæti ekki fengist laust í fardögum næstk. En af því að það kemur ekki þessu máli við, kæri jeg mig ekki um að fara út í það.

Hv. þm. (JJ) sagði, að húsmæðraskólinn á Norðurlandi væri dauður. Það er ekki satt. Hann sefur reyndar, en hann er ekki dauður. Það er áreiðanlegt, að hann vaknar upp fyr eða síð-

ar. Og jeg er viss um, að Norðlendingar taka því ekki með neinum þökkum að verða að geyma þessi 9 eða 10 ára gömlu lög um skólann, meðan nýir skólar, sem engin lög eru til um, verða settir á stofn annarsstaðar. Það er auðvitað, að þeir geta ekki sætt sig við, að hjer sje stofnaður nýr skóli, ef þeirra er ekki stofnaður a. m. k. samtímis. Það er þess vegna alveg víst, að ef setja á þennan skóla á stofn þar fyrir austan, þá verður að stofna Norðurlandsskólann um leið. Það verða menn að gera sjer alveg ljóst.

En fyrst þessi kona hefir nú skóla í Mjóanesi, sem er næsti bær við Hallormsstað, eftir því sem mjer er sagt, þá sýnist mjer vegur að halda áfram skólanum þar og veita einhvern styrk til hans. Jeg þekki reyndar ekki þá jörð, en geri þó ráð fyrir, að hún sje miklu minni en Hallormsstaður. Jeg veit ekki heldur, hvort ábúandinn á Hallormsstað vill sjá af landsnytjum. En ef setja á skóla þar, þá verður hann að sjá af talsvert miklu. Það er því ekki einungis Sigrún Blöndal, sem þarf að spyrja, heldur líka ábúandinn á Hallormsstað. En ef þessa fyrirspurn, sem hjer er um að ræða, á að gera, eins og mjer skildist á hv. 3. landsk. (JJ), þá getur hver og einn spurt, og hv. 3. landsk. líka, ef spurningin er gerð með þeim formála, að ekki megi gera sjer von um endurgjald á neinum kostnaði, sem gangi til þess að afla upplýsinga til þess að fá ábyggilegt svar.

Jeg held í raun og veru, að ekki sje hægt að gefa neinar vonir um, hvenær þessi skóli verði settur á stofn. Og þá er það ekki meira virði að fá fyrirspurn frá stjórninni en hverjum öðrum.

ATKVGR.

Till. vísað til mentamálanefndar með 8 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Verndun Þingvalla og hátíðahöldin 1930.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um verndun Þingvalla og um undirbúning hátíðahaldanna 1930 (A. 554).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg vil aðeins geta þess, að sennilega tek jeg till. aftur, ef till. um sama efni, sem fram er komin í Sþ., fæst þar samþ. Þessi er til vara, ef hin till. nær ekki samþykki.

Á 73. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti (HSteins): Eftir ósk hv. flm. (JJ) tek jeg mál þetta af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

7. Dansk-íslensk ráðgjafarnefnd.

Á 7. fundi í Sþ., föstudaginn 14. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að fjölga mönnum í hinni dansk-íslensku ráðgjafarnefnd (A. 595).

Till. var aldrei á dagskrá tekin. (Sbr. umræður um kosning í ráðgjafarnefndina, aftast í B. deild).

Fyrirspurnir.

1. Eftirgjöf á skuld.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um eftirgjöf á skuld (A. 234).

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 29. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 15 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., laugardaginn 17. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr., með því að fjármálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66., 67., 74., 76. og 77. fundi í Nd., dagana 30. apríl og 1., 8., 11. og 12. maí, var fyrirspurnin enn tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., föstudaginn 14. maí, var fyrirspurnin enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Auðunn Jónsson): Mjer hefir borist fyrirspurn um það frá þrem kjósendum mínum, hvort sá orðrómur væri rjettur, sem gengið hefir víða um Vesturland og líklega víðar, að fjármálaráðherra hafi gefið Kaupfjelagi Reykjavíkur upp skuld við Landsverslun, jafnvel gegn tillögum forstjóra Landsverslunar. Jeg taldi þetta mjög ólíklegt, en sagði, að jeg skyldi bera fram fyrirspurn um þetta til hæstv. fjrh. (JÞ). Þar sem orðrómur þessi hefir flogið mjög víða, þá þótti mjer rjett að gefa hæstv. fjrh. (JÞ) ástæðu og tækifæri til þess að svara þessu hjer í deildinni.

Það mætti í sambandi við þetta minnast á margt annað, en þó mun jeg sleppa því að sinni, til þess að tefja ekki tímann. En benda vil jeg þó á það, að mjer og öðrum þdm., sem flutt höfum hjer till. um að gefa fátækum hreppsfjelögum upp hluta af skuldum þeirra við ríkið, hefir verið legið á hálsi fyrir slíkt og till. okkar taldar nærri því ósæmilegar. Því fróðlegra er að fá upplýsingar um þetta mál. Því jeg hygg, að í þessum verslunarrekstri ríkisins hafi verið látið af hendi á ýmsan hátt meira fje en svaraði því, þótt þessum hreppum hefðu verið gefin upp nokkur þús. kr. Annars skal jeg ekki fara lengra út í málið, þar sem svo er liðið á fundartímann og komið að þinglokum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg verð að svara fyrirspurninni á þskj. 234 þannig, að stjórnin hefir ekki haft nein afskifti af þessari eftirgjöf, sem hjer ræðir um. Það hefir verið svo um tóbakseinkasöluna, að framkvæmdarstjóri hennar hefir að öllu leyti staðið fyrir rekstri hennar, án þess að það kæmi til stjórnarinnar, nema hvað ráðherra hefir samkv. reglugerð lagt samþykki sitt á verðlag, þegar verðbreyting hefir orðið á vörunni.

Jeg vissi því ekkert um þetta, þegar fyrirspurn þessi kom fram. En í tilefni af henni fjekk jeg upplýsingar hjá forstjóra Landsverslunar, sem jeg er nú reiðubúinn að leggja fram, enda skilst mjer, að það sje tilætlunin með fyrirspurn þessari að fá þær upplýsingar, sem hjer eru fyrir hendi.

Kaupfjelag Reykjavíkur skuldaði Landsverslun í ársbyrjun 1923 rúmlega 8 þús. kr. Svo á árinu 1923 fóru fram aukin viðskifti milli K. R. og tóbakseinkasölunnar, með þeim árangri, að í árslokin er K. R. komið í alt að 30 þús. kr. skuld. En umsetningin var þó meiri, eða að meðtalinni skuldinni frá í ársbyrjun um 50 þús. kr. Af þessu sjest, að fengist hefir greiðsla á um 20 þús. kr. á árinu.

Í brjefi um þetta frá forstjóra tóbakseinkasölunnar segir svo:

„Þegar farið var að gera gangskör að innheimtu skulda hjá fjelaginu, kom það í ljós, að það var komið í megnustu fjárþröng. Það varð þá að ráði með hinum stærri stofnunum, sem við fjelagið höfðu skift, að taka sameiginlega ákvörðun um það, hvað gera skyldi".

Og forstjórinn telur upp þrjár stofnanir, sem auk tóbakseinkasölunnar tóku það ráð að gefa upp nokkurn hluta skuldanna, með því að það þótti hyggilegra en gera fjelagið gjaldþrota, eins og þá var ástatt. Meðal þessara stofnana var Landsbankinn, sem gekk inn á að gefa upp helminginn af skuld fjelagsins við hann, og ennfremur eitt útlent firma með hærri eftirgjöf og eitt innlent með ámóta eftirgjöf og Landsbankinn.

„Þótt jeg í fyrstu væri tregur til þess að ganga að þessu samkomulagi, þá hefi jeg síðan sannfærst um, að það hafi verið rjett og hyggilega ráðið að ganga að þessum nauðasamningi, ef svo mætti að orði komast, því ella mundi skuldin hafa tapast að mestu. Síðan þessi samningur var gerður hefir fjelagið staðið í skilum með afborgun og vexti".

Þetta segir forstjórinn. Jeg hefi nú 9. apríl beiðst dálítið nánari upplýsinga um þetta og fengið hjer meðal annars afrit af samningi tóbaksverslunarinnar og K. R. hjer að lútandi. Þessi samningur er gerður 14. febr. 1925 og inniheldur ekki annað en það, að K. R. eða stjórn þess viðurkennir þessa skuld, 15 þús. kr., sem er sá hluti skuldar fjelagsins við tóbakseinkasöluna, sem ekki var eftir gefinn, og skuldbindur fjelagsstjórnin fjelagið til þess að greiða hana með 2 þús. kr. á ári fyrir 1. júlí ár hvert, auk 6% vaxta, uns hún er að fullu greidd. Trygging er engin fyrir skuldinni. Þar að auki inniheldur samningurinn venjuleg ákvæði um það, að ef umsamin afborgun sje ekki greidd í rjettan gjalddaga, þá sje skuldin öll fallin í gjalddaga fyrirvaralaust.

Loks hefi jeg spurt forstjórann, á hverju hann bygði heimild sína til þess

að gefa upp slíkar skuldir, og svaraði hann því, að hann hafi litið svo á, að það fælist í umboði því, sem hann hefði til þess að annast þennan verslunarrekstur fyrir hönd ríkisins, enda hefðu ekki verið gefnar upp aðrar skuldir en þær, sem reynst hefðu ófáanlegar.

Fyrirspyrjandi (Jón Auðunn Jónsson): Eins og menn hafa nú heyrt, þá er þetta á alt annan veg farið en sagt hefir verið, og farin venjuleg leið. Og fyrst það hefir þótt rjett að veita eftirgjöf á þessari skuld, þá er í sjálfu sjer ekki út á það að setja, nema það er a. m. k. óvenjulegt, þegar gefnar eru upp skuldir, að þá sje ekkert borgað um leið af eftirstöðvunum og engin trygging sett. Það er því auðsjeð, að Landsverslun er engu betur sett eftir en áður, en fjelagið sleppur við að borga um helming skuldarinnar og fær samning um mjög þægilegar afborganir á hinu. Jeg hygg nú, að mörgum öðrum, sem líkt hefði verið ástatt um, hefði verið gert að skyldu að greiða strax þá afborgun, sem um var samið, og ekki gefinn neinn frestur.

Út af þessu vil jeg svo beina því til hæstv. stjórnar, að þegar eftirleiðis verða teknar ákvarðanir um stórar eftirgjafir skulda af hálfu opinberra stofnana, þá hafi stjórnin einhverja hönd í bagga með slíku. Það er óviðkunnanlegt, sjerstaklega þegar um er að ræða svona stórar upphæðir af ríkisfje, að stjórnin skuli ekki hafa neitt um slíkt að segja. En eins og kom fram hjer nýlega, þá þykir ekki nægilegt, þegar beðið er um einhverja linun á skuldum við ríkissjóð, þótt fáist yfirlýstur jákvæður vilji meiri hl. hv. þm. í annari þingdeildinni, heldur má jafnvel koma slíkri málaleitun fyrir kattarnef í Ed., og þarf ekki einu sinni meira hl. þdm. til slíks. Það sjest ennfremur á svari hæstv. ráðh. (JÞ), að þessi eini skuldunautur, Kaupfjel. Rvíkur, hefir farið með fjórða hlutann af varasjóði verslunarinnar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg man ekki, hvort jeg nefndi þá upphæð, sem eftir var gefin, en hún er kr. 14444,50.

Jeg viðurkenni það, að það er dálítið óvenjulegt undir svona kringumstæðum að veita greiðslufrest á þeim hluta skuldar, sem ekki er eftir gefinn, og það án tryggingar fyrir þeirri greiðslu. En jeg veit ekki, hvort unt muni hafa verið að fá slíka tryggingu, og á það verður nokkuð að líta.

En hvað snertir uppgjöf á lánum til einstakra hreppa, þá vil jeg taka það fram, að það fer að mínum dómi ekki vel á því, að það opinbera fylgi sömu reglum í viðskiftum sínum við landsmenn eins og eigandi einkafyrirtækis getur leyft sjer að gera í sínum viðskiftum. Hann getur gert samning, sem hann telur í alla staði rjettmætan, án þess þó að geta sýnt fram á, að svo sje. En maður verður að heimta það af hinu opinbera, t. d. þegar um eftirgjöf á skuld er að ræða, að málið liggi þannig fyrir, að hægt sje að sýna öllum fram á það, að eftirgjöfin sje rjettmæt eftir ástæðum. Því frekari kröfur verður hjer að gera, sem menn verða yfirleitt að gera strangari kröfur um skýr reikningsskil af hálfu hins opinbera heldur en um það, hvað einstakir menn kunna að gera fyrir sjálfa sig á sína eigin ábyrgð. Jeg játa, að það er ekki heppilegt, að það opinbera sje að gefa einkafyrirtækjum hluta af

skuldum þeirra við sig, en slíkt er óhjákvæmileg afleiðing af því, þegar það opinbera fer að reka slík fyrirtæki sem þessa verslun, og það er einmitt eitt af því, sem mælir á móti því, að það opinbera sje að reka verslun. En þótt hjer sje um eftirgjöf að ræða, sem orðið hefir að byggja á áliti forstjóra Landsverslunar, hvort rjettmæt væri, og ekki sjeu fyrir hendi frekari gögn um rjettmæti hennar, þá leiðir það ekki af því, að beita eigi sömu reglu hvað snertir uppgjöf á skuldum sveitarfjelaga, að heimta þar ekki skýrslu, sem standist gagnvart hlutlausum dómum almennings. Þær kröfur verður hjer að gera. Og þar sem hv. þm. N.-Ísf. (J-AJ) hefir dregið hjer inn í umræðuna eftirgjöf til Grunnavíkurhrepps, þá verð jeg að segja það, að mjer virðist ekki hægt annað en slá slíku á frest þangað til þau gögn koma fram, sem gætu talist ótvíræð sönnun fyrir því, að uppgjöf sje rjettmæt. Dómur þingmanns fyrir hlutaðeigandi kjördæmi er ekki nægur til þess að skera úr um rjettmæti slíkrar uppgjafar. Hann getur ekki skoðast sem óviðriðinn það mál.

2. Atkvæðagreiðsla um útsölu áfengis.

Á 72. fundi í Nd., fimtudaginn 6. maí, var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um almenna atkvæðagreiðslu um útsölu áfengis (A. 509).

Á 73. fundi í Nd., næsta dag, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 15 shlj. atkv.

Á 76. og 77. fundi í Nd., dagana 11. og 12. maí, var fyrirspurnin tekin til umr., með því að dóms- og kirkjumálaráðh. hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., föstudaginn 14. maí, var fyrirspurnin enn tekin til umr.

Forseti (BSv): Að ósk fyrirspyrjanda (TrÞ) er mál þetta tekið af dagskrá.

Fyrirspurnin var ekki á dagskrá tekin framar.

3. Landsbankaútibú í Stykkishólmi.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 1. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um útibú í Stykkishólmi frá Landsbankanum (A. 69).

Á 17. fundi í Ed., næsta dag, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj. með 14 atkv.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr., með því að fjármálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Halldór Steinsson): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, til að rjettlæta það, að þessi fyrirspurn er fram komin.

Á þinginu 1919 flutti jeg í þessari hv. deild svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að útibú frá Landsbanka Íslands verði sett á stofn í Stykkishólmi".

Þessari till. var mjög vel tekið í þessari hv. deild, fjhn. mælti með henni og till. var samþ. með 10 shlj. atkv.

Í Nd. fekk till. sömu góðu viðtökurnar, og fjhn. þeirrar hv. deildar, sem þá var skipuð núv. hæstv. atvrh. (M-G), hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og tveim öðrum hv. þm., lagði til, að till. yrði samþ., og gat þess í nál., að hún hefði leitað álits stjórnar Landsbankans, og hefði hún látið uppi það álit sitt, að útibú gæti mætavel — hún notar það orð — þrifist á þessum stað. Sem sagt, nefndin lagði eindregið til, að till. yrði samþ. Hún mætti heldur ekki neinni mótspyrnu og var samþ. með 15 shlj. atkv.

Þetta mál fjekk þannig ágæta meðferð í þinginu 1919, og einn af stuðningsmönnum þess þá, hæstv. forsrh. (JM), sagði þá um það meðal annars: „Mjer er kunnugt um, að margir, sem til þekkja og hafa hugsað málið, telja, að meiri ástæða sje til að setja þarna útibú en sumstaðar annarsstaðar, sem þó hefir gengið á undan".

Þetta gerðist árið 1919, og síðan eru nú liðin 7 ár, og mjer er ekki kunnugt um, að þær stjórnir, sem setið hafa að völdum síðan, hafi gert nokkuð til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, að menn í suðurhluta Vestfirðingafjórðungs eru orðnir óþolinmóðir að bíða eftir framkvæmdum í þessu máli, og þá ekki heldur að ófyrirsynju, að þessi fyrirspurn er fram komin.

Svo framarlega sem þörf var fyrir þetta 1919, og það er viðurkent, þá hefir sú þörf aukist, en ekki minkað síðan.

Það var talið 1919, að um 8 þús. manna mundu hafa hag af útibúi á þessum stað, fremur en að sækja viðskifti sín annað, og síðan hefir þessum mönnum fjölgað og peningaþörfin aukist. Auðvitað eru sparisjóðirnir til nokkurra bóta, en þeir fullnægja alls ekki viðskiftaþörfinni, enda reka þeir ekki almenna bankastarfsemi. Af því leiðir, að menn á þessu svæði verða að leita til bankanna hjer í Rvík, og er það miklum erfiðleikum bundið, bæði sakir fjarlægðarinnar og vegna ókunnugleika bankastjórnanna hjer á högum manna úti um land. Jeg hefi á undanförnum árum átt tal við stjórn Landsbankans um þetta og altaf orðið að láta mjer nægja sama svarið, að bankinn sæi sjer ekki fært að stofna útibúið, vegna fjárskorts. En jeg hefi þó ekki getað varist þeirri hugsun, að sumum hinna stóru lána, sem veitt hafa verið undanfarin ár í Rvík og öðrum stærri kaupstöðum, gegn miður góðum tryggingum, hefði verið betur varið, ef þeim hefði verið jafnara skift milli hinna ýmsu landshluta. Þó að ýmsir færi þær ástæður gegn stofnun nýrra útibúa, að sum smærri útibú hafi ekki þrifist, þá hverfur þar fyrir ekki þörfin fyrir slíka stofnun, og hafa slíkar mótbárur því ekki við rök að styðjast.

Jeg þarf svo ekki að fjölyrða meira um þessa fyrirspurn. Mjer finst hæstv. stjórn hafa verið aðgerðalítil í þessu máli, en jeg vil nú leyfa mjer að skora á hana að gera sitt ítrasta til að

hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi ekki getað fundið, að stjórnin hafi gert annað til framkvæmda í þessu máli en það, að 2. sept. 1919 afgreiddi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, sem bankamálin heyrðu þá undir, þingsályktunina frá því ári til Landsbankans. Það er ekki hægt að sjá, að svar hafi komið frá bankanum um þetta, en á þinginu 1919 hafði stjórn Landsbankans látið fjhn. Nd. í tje umsögn um málið, eins og hv. fyrirspyrjandi (H. Steins) gat um, og ljet hún þar svo um mælt, að útibú mundi geta mætavel þrifist í Stykkishólmi, og lofaði jafnframt, ef till. yrði samþ., að gera sitt til að koma útibúinu á stofn, þegar ástæður leyfðu. Þegar fyrirspurnin kom fram, skrifaði jeg bankastjórninni og inti hana eftir svari við brjefi stjórnarinnar frá 2. sept. 1919. Þessu brjefi mínu hefir bankastjórnin nú svarað, og vísar hún þar aðeins til fyrra álits síns, að hún telji það ókleift að stofna útibúið, eins og sakir standa, en telur sjálfsagt að taka málið til athugunar, ef kringumstæður leyfa.

Jeg verð að játa það, að jeg hafði ekki orðið var við þessa þál. frá 1919 fyr en fyrirspurnin kom fram, og hefi þess vegna ekkert gert til framkvæmda þessu máli. Enda held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að kringumstæðurnar hafi ekki leyft það í minni stjórnartíð, að Landsbankinn setti upp ný útibú, en jeg get sagt það, að stjórnin hefir allan vilja á því að stuðla að framkvæmdum í þessu máli svo fljótt sem ástæður leyfa.

Fyrirspyrjandi (Halldór Steinsson): Jeg þakka hæstv. stjórn þetta svar, sem var reyndar ekki á annan veg en jeg bjóst við. Jeg vil aðeins ítreka þá áskorun mína til hæstv. stjórnar, að hún hrindi þessu máli í framkvæmd sem fyrst, og jeg hefi fylstu von um, að svo verði, eftir ummælum hæstv. fjrh. (JÞ) að dæma.

VIÐBÆTIR

Yfirlit um alþingiskostnað

frá 1. janúar til 31. desember 1925.

I. Þingfararkaup alþingismanna *(fylgiskjal I.)* . . . . . kr. 101072.28

II. Goldið starfsmönnum:

A. Föst laun . . . . . kr. 7120.00

B. Lausum starfsmönnum [skrifst. og prófarkal. (þar í aðstoð við útgáfu á umræðum) kr. 12315.08, skjalavarsla og afgreiðsla kr. 1515.00, lestrarsalsgæsla kr. 1584.00, innanþingsskriftir kr. 16427.00, dyra- og pallavarsla kr. 3366.00, þingsveinsstörf kr. 1792.00] — 36999.08

— 44119.08

III. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:

1. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda:

A. Skjalapartur og þingskjöl [Samningur 25. febr.: Arkarverð með sjerprentunum kr. 192.00, kápuverð kr. 16.00]:

a. Samkvæmt munnlegum samningi: 23 arkir A-deildar án sjerprentana, 1 kápa . . kr. 3537.02

b. Samkvæmt samningi 25. febr.: 116½ örk A-deildar með sjerprentunum, 6 kápur . — 22464.00

c. Uppprentun þingskj., viðbótarprentun o.fl. — 157.00

kr. 26158.02

B. Umræðupartur [Samningar 25. febr.: Arkarverð kr. 134.00, í aðalefnisyfirliti kr. 210.00, kápuverð kr. 16.00]: B-deild (210½ örk, 11 kápur) kr. 28383.00; C-deild (83½ örk, 4 kápur) kr. 11253.00; D-deild (48 arkir, 3 kápur) kr. 6480.00; Aðalefnisyfirlit (5½ örk, 1 kápa) kr. 1171.00; Viðbætir (yfirlit um alþ.kostn. 1924, 1 örk, munnl. samn.) kr. 182.00 — 47469.00

C. Pappír í skjalapart og umræður o. fl., keyptur í heildsölu erlendis (916 rís) *(fylgiskjal II)* . . . . . — 13591.54

D. Útsending (burðareyrir kr. 2106.77, vinna við umbúnað, afgreiðslu og útburð kr. 425.90, umbúðir kr. 124.00) . .	— 2656.67			
		kr. 89875.23		
2. Útgáfukostnaður Landsreikninga ásamt launum yfirskoðunarmanna:				
A. Til yfirskoðunarmanna (þriggja), 1000 kr. til hvers + verðstuðulsuppbót (78%)	kr. 5340.00			
B. Prentkostnaður og heftingar	— 3838.25			
		— 9178.25		
3. Önnur prentun (lagaprentun o. fl. kr. 1408.25, eyðublaða, aðgöngumiða o. fl. kr. 137.85, fjölritun á dagskrám o. m. fl. kr. 1236.00).		— 2782.10		
			kr.	101835.58
VI. Bókband (kr. 437.85), bækur (kr. 205.55), ritföng (kr. 1278.78)			—	1922.18
V. Ljós, hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:				
1. Ljós (kr. 878.35) og ljósfæri (kr. 35.05)		kr. 913.40		
2. Hiti		— 3030.25		
3. Ræsting (ræstingarvinna kr. 2264.70, ræstingarvörur kr. 292.95)		— 2557.65		
4. Viðhald á húsi (kr. 235.20) og munum (kr. 480.14)		— 715.34		
			—	7216.64
VI. Önnur gjöld:				
1. Aðstoð og aukavinna		kr. 94.00		
2. Kostnaður við einstakar nefndir (þóknun til skrifara nefndanna kr. 515.00, ferð fjárveitinganefndar Ed. til Grindavíkur kr. 100.00, þýðingarvinna fyrir fjárhagsnefnd Ed. kr. 300.00)		— 915.00		
3. Símagjöld Alþingis (talsímaleiga o. fl.)		— 593.40		
4. Símanot þingmanna (símtöl og símskeyti kr. 4180.90 *(fylgiskjal I)*, forsetaskeyti og nefnda o. fl. kr. 33.15, símavarsla kr. 1164.00)		— 5378.05		
5. Þinghúsgarðurinn		— 250.85		
6. Opinber gjöld		— 2309.30		
Yfir um kr.		9540.60	kr.	256165.76

		Handan að kr.	9540.60 kr.	256165.76
7. Ýms gjöld:				
A. Minning látins þingmanns (Hjartar Snorrasonar) og fyrverandi þingmanna (Ólafs Briems, Stefáns Stefánssonar, Jóns Jakobssonar og Jóns Jónatanssonar), blómsveigar og minningargjafir	kr.	245.00		
B. Ferðastyrkur til tveggja þingmanna, Ingibjargar H. Bjarnason og Ásgeirs Ásgeirssonar, á norrænt þingaþing í Helsingfors sumarið 1925, 800 kr. til hvors	—	1600.00		
C. Risnukostnaður forseta	—	1078.00		
D. Kostnaður af þingskrifaraprófi	—	166.00		
E. Auglýsingar og frímerki	—	135.55		
		—	3219.55	
			—	12760.15
			Samtals kr.	268925.91

Skrifstofu Alþingis, 5. febr. 1926.

Jón Sigurðsson.

Skilagrein

um greiðslur í ríkissjóð frá skrifstofu Alþingis á árinu 1925.

1.	Fyrir seld Alþingistíðindi	kr. 520.00
2.	Fyrir selda Landsreikninga	— 7.00
3.	Fyrir selda gaslampahluta og tóma kassa	— 72.00
		Samtals kr. 599.00

Skrifstofu Alþingis, 5. febr. 1926.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna 1925

og símanot á kostnað Alþingis s. á.

Nöfn	Dagpeningar og verðstuðulsuppbót			Ferðakostnaður	Þingfararkaup alls	Símanot á kostnað Alþingis
	Dagpeningar	Uppbót 78%	Dagpeningar og uppbót alls			
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Ágúst Flygenring, 1. þm. G.-K., í Hafnarfirði	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	48.70
Árni Jónsson, 2. þm. N.-M., í Reykjavík	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	7.05
Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., í Reykjavík	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	88.85
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., í Reykjavík	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	226.30
Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf., á Þverá	1464.00	1141.92	2605.92	315.00	2920.92	72.35
Bjarni Jónsson, þm. Dal., í Reykjavík	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	10.80
Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K., í Reykjavík	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	10.55
Björn Lindal, þm. Ak., á Svalbarði	1296.00	1010.88	2306.88	138.00	2444.88	68.35
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang., á Breiðabólsstað	1296.00	1010.88	2306.88	370.00	2676.88	31.75
Einar Árnason, 1. þm. Eyf., á Eyrarlandi	1464.00	1141.92	2605.92	314.00	2919.92	119.75
Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., í Ási	1368.00	1067.04	2435.04	295.00	2730.04	242.80
Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M., á Torfastöðum	1524.00	1188.72	2712.72	258.00	2970.72	49.15
Halldór Steinsson, þm. Snæf., í Ólafsvík	1248.00	973.44	2221.44	105.00	2326.44	64.55
Hákon Kristófersson, þm. Barð., í Haga	1380.00	1076.40	2456.40	116.00	2572.40	114.30
Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm., í Arnarholti	1296.00	1010.88	2306.88	144.40	2451.28	35.15
Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm., í Reykjavík	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	2.75
Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., í Fjósatungu	1488.00	1160.64	2648.64	392.00	3040.64	264.30
Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., á Norðfirði	1440.00	1123.20	2563.20	112.00	2675.20	39.80
Jakob Möller, 3. þm. Reykv., í Reykjavík	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	
Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., í Vestmannaeyjum	1332.00	1038.96	2370.96	60.00	2430.96	476.00
Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., í Reykjavík	1188.00	926.64	2114.64		2114.64	

Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., á Ísafirði	
Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv., í Reykjavík	
Jón Kjartansson, þm. V.-Sk., í Reykjavík	
Jón Magnússon, 4. landsk. þm., í Reykjavík	
Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., á Reynistað	
Jón Þorláksson, 1. þm. Reykv., í Reykjavík	
Jónas Jónsson, 5. landsk. þm., í Reykjavík	
Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn., í Skálholti	
Klemens Jónsson, 2. þm. Rang., í Reykjavík	
Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., í Reykjavík	
Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv., í Reykjavík	
Magnús Torfason, 1. þm. Árn., á Eyrarbakka	
Pjetur Ottesen, þm. Borgf., á Ytrahólmi	
Pjetur Þórðarson, þm. Mýr., í Hjörsey	
Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm., í Reykjavík	
Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm., á Ystafelli	
Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf., á Ísafirði	
Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., í Firði	
Tryggvi Þórhallsson, þm. Str., í Reykjavík	
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., í Hólum	
Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv., á Hjaltabakka	

Samtals

1308.00	1020.24	2328.24	65.00	2393.24	310.40
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	. . .
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	58.65
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	. . .
1380.00	1076.40	2456.40	230.00	2686.40	203.55
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	0.50
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	659.90
1296.00	1010.88	2306.88	250.00	2556.88	41.45
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	5.20
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	. . .
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	4.25
1260.00	982.80	2242.80	180.00	2422.80	40.85
1236.00	964.08	2200.08	15.00	2215.08	155.35
1320.00	1029.60	2349.60	210.00	2559.60	20.00
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	1.20
1524.00	1188.72	2712.72	306.00	3018.72	74.30
1308.00	1020.24	2328.24	65.00	2393.24	83.40
1440.00	1123.20	2563.20	104.00	2667.20	79.35
1188.00	926.64	2114.64	. . . .	2114.64	46.50
1524.00	1188.72	2712.72	517.00	3229.72	111.90
1332.00	1038.96	2370.96	220.00	2590.96	310.90
54096.00	42194.88	96290.88	4781.40	101072.28	4180.90

Fylgiskjal II.

Skilagrein

fyrir prentpappír í Alþingistíðindi 1925.

I. Pappírsleifar frá f. á. samkvæmt síðasta þingreikningi	$18^{7}/_{10}$ ris,	kr.	304.19
II. Pappír, keyptur erlendis á árinu	916 —	—	13591.54
Alls	$934^{7}/_{10}$ ris,	kr.	13895.73

Jafnaðarverð ca. kr. 14.87 rísið.

Af pappír þessum hefir farið:

1. Í *skjalapart og þingskjöl* . .	$165^{1}/_{4}$ ris,	kr.	2457.27
2. Í *umræðupart*	$286^{1}/_{5}$ —	—	4255.79
3. Til *fjölritunar á dagskrám* o. fl.	3 —	—	44.61
	$454^{9}/_{20}$ ris,	kr.	6757.67
En eftir er óeytt	$480^{1}/_{4}$ ris,	kr.	7138.06